Stjórnartíðindi
1996 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 2.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Meiriháttar gallar á bls. 828, 840, og 1156.
Gallar á bls. 555, 561, 601, 610, 618, 624, 642, 715, 721, 729, 731, 740-741, 743, 746-747, 756, 769, 780, 844, 857, 887-888. 897, 938, 970, 994, 1006, 1058, 1078, 1080, 1101, 1108, 1124, og 1158.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI B 37 – 1996

20. maí 1996 549 Nr. 271

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á svína- og fuglakjöti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer:	***Svínakjöt, beinlaust, fryst:***		38.000		
0203.2903	Hakkað	20.05.-31.08.		0	403
0203.2904	Lundir	20.05.-31.08.		0	403
0203.2905	Hryggvöðvar	20.05.-31.08.		0	403
0203.2906	Vöðvar af læri	20.05.-31.08.		0	403
0203.2909	Annað	20.05.-31.08.		0	403
	Kjöt og ætir hlutar af hænsnum, fryst:		33.000		
0207.1200	Ekki skorið í hluta, fryst	20.05.-31.08.		0	148
0207.1401	Beinlaust	20.05.-31.08.		0	148
0207.1402	Lifur	20.05.-31.08.		0	203
0207.1409	Annað	20.05.-31.08.		0	148
	Af kalkúnum:		3.000		
0207.2500	Ekki skorið í hluta, fryst	20.05.-31.08.		0	203
0207.2701	Beinlaust	20.05.-31.08.		0	203
0207.2702	Lifur	20.05.-31.08.		0	203
0207.2709	Annað	20.05.-31.08.		0	203

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

B 39
Gutenberg

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta.

Verði sótt um minna magn en auglýst er í hverjum tollkvóta, skal því magni sem umfram er bætt hlutfallslega við aðra tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 263/1996.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. september 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. maí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 272 20. maí 1996

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 149/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Verð- og magntollar sem tilgreindir eru í 2. gr. reglugerðarinnar vegna innflutnings á sveppum (0709.5100) breytast þannig að verðtollur verður 7,5% í stað 15% og magntollur 100 kr./kg í stað 200 kr./kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi og gildir til 10. júní 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 20. maí 1996.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Ólafur Friðriksson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 38 – 1996

20. maí 1996 551 Nr. 273

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 150/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. gr. reglugerðarinnar:

Við 3. mgr. bætist nýr málsliður er orðast svo: Uppgjörsskýrslu skal skila eigi síðar en 20. dag næsta mánaðar eftir að lágmarksfjárhæð er náð.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. reglugerðarinnar:

a. 1. mgr. orðast svo:
Uppfylli aðili síðar skilyrði fyrir skráningu skv. 2. eða 4. gr., eða leggi fram tryggingu skv. 6. gr., er skattstjóra heimilt að skrá aðila afturvirkt til þess dags er tilkynning skv. 1. mgr. 1. gr. barst skattstjóra. Skilyrði fyrir afturvirkri skráningu er að um sömu starfsemi sé að ræða og að beiðni um afturvirka skráningu ásamt viðeigandi gögnum sé send skattstjóra í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Afturvirk skráning getur tekið til allt að tveggja ára.

b. Við bætist ný málsgrein er verður 3. mgr.:
Aðili skal skráður á virðisaukaskattsskrá fyrsta dag þarnæsta uppgjörstímabils eftir að skilyrði fyrir afturvirkri skráningu eru uppfyllt. Uppgjörstímabil vegna afturvirkrar skráningar nær frá tilkynningu skv. 1. mgr. 1. gr. til þess tímabils sem aðili er skráður skv. 1. málsl., en þó ekki lengra en tvö ár aftur í tímann. Skattuppgjör vegna afturvirkrar skráningar skal fara fram á reglulegum gjalddaga síðasta almenns uppgjörstímabils áður en aðili er skráður á virðisaukaskattsskrá. Sé um endurgreiðslu að ræða og skattstjóri getur ekki vegna aðstæðna skattaðila gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skattuppgjör eða afturvirk skráning byggist á frestast hún til næsta reglulegs gjalddaga.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 8. gr. reglugerðarinnar:

Orðin „samkvæmt lögum nr. 32/1991, um héraðsskóga," falla brott.

Gutenberg

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 5. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 20. maí 1996.

F. h. r.
Hermann Jónasson.

Bergþór Magnússon.

Nr. 274 13. maí 1996

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 554/1993, um virðisaukaskattsskylda sölu á vörum til manneldis o.fl., með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 5. gr. reglugerðarinnar:

Við 5. gr. bætist nýr málsliður er verður svohljóðandi: Endurgreiðslutímabil fyrir rekstraraðila sem fengið hafa tilkynningu skattstjóra um breytt uppgjörstímabil skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 667/1995, um framtal og skil í virðisaukaskatti, skal þó vera almanaksárið.

2. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 7. gr. reglugerðarinnar:

Í stað orðanna „greinargerð næsta tímabils" í 3. málsl. 2. mgr. kemur: greinargerðum næsta tveggja mánaða tímabils.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 13. maí 1996.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 194/1990, um virðisaukaskatt af þjónustu fyrir erlenda aðila og af aðkeyptri þjónustu erlendis frá, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðast svo:

Þjónusta sem felst í endurgreiðslu á virðisaukaskatti til erlendra ferðamanna skal ætíð undanþegin skattskyldri veltu, enda þótt skilyrðum 1. mgr. sé ekki fullnægt.

2. gr.

6. gr. orðast svo:

Sá sem greiða skal virðisaukaskatt skv. 4. gr. skal ótilkvaddur gera grein fyrir kaupum á þjónustu skv. 2. eða 3. gr. á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Gjalddagi er fimmti dagur annars mánaðar frá lokum þess almenna uppgjörstímabils sem viðskiptin falla undir. Greiðslu ásamt greinargerð skv. 1. mgr. skal skila til innheimtumanns ríkissjóðs eigi síðar en á gjalddaga.

3. gr.

Við 8. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Hafi erlendur aðili sem selur hér á landi skattskylda þjónustu ekki fasta starfsstöð hérlendis ber honum að fela umboðsmanni með heimilisfesti hér á landi að vera í fyrirsvari fyrir sig, þ.m.t. að tilkynna um starfsemina til skattstjóra, innheimta virðisaukaskatt af skattskyldri þjónustu og skila í ríkissjóð.

Hafi erlendur aðili skv. 2. mgr. ekki umboðsmann eða fyrirsvarsmann hér á landi og vanrækir að tilkynna til skattstjóra um starfsemi sína ber kaupandi þjónustunnar ábyrgð á virðisaukaskattsskilum hins erlenda aðila vegna þeirrar þjónustu sem hann er kaupandi að. Um skattskil í slíkum tilvikum gilda ákvæði 4. og 6. gr.

4. gr.

Við 9. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:

Komi í ljós að aðili hafi vanrækt að greiða virðisaukaskatt skv. 4. eða 7. gr. eða ekki greitt skattinn á tilskildum tíma skv. 6. gr. skal hann auk hins vangreidda skatts sæta álagi skv. 27. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Ákvæði 1. gr. gildir frá 1. apríl 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 17. maí 1996.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

um breytingu á starfsreglum fyrir Staðlaráð Íslands nr. 319/1993.

1. gr.

1. málsgrein 2. greinar orðist svo:

„Aðild að Staðlaráði geta þeir átt sem áhuga hafa á og telja sig eiga hagsmuna að gæta af starfi þess. Fagráð, sem starfa á vegum ráðsins, eiga sjálfkrafa aðild að Staðlaráði."

2. gr.

a. í 5. grein bætist við ný 2. málsgrein er orðist svo:
„Fagráð, sem starfa á vegum ráðsins, eru undanþegin greiðslu aðildargjalda."

b. 2. málsgrein verði 3. málsgrein.

3. gr.

c. liður 13. greinar orðist svo:

„c. formenn fagstjórna og framkvæmdastjóri ráðsins með málfrelsi og tillögurétt."

4.gr.

Breytingar þessar á starfsreglum fyrir Staðlaráð Íslands eru gerðar skv. ákvæðum laga um staðla nr. 97/1992, og öðlast gildi að fenginni staðfestingu iðnaðarráðherra.

Reykjavík, 21. nóvember 1995.

Reglur þessar eru hér með staðfestar.

Iðnaðarráðuneytinu, 12. apríl 1996.

Finnur Ingólfsson.

Þorkell Helgason.

STJÓRNARTÍÐINDI B 39 – 1996

17. maí 1996 555 Nr. 277

REGLUGERÐ

um niðurfellingu reglugerðar nr. 176/1996, um birtingu, útgáfu og aðra meðferð upplýsinga úr álagningarskrá, skattskrá og virðisaukaskattsskrá.

1. gr.

Reglugerð nr. 176/1996, um birtingu, útgáfu og aðra meðferð upplýsinga úr álagningarskrá, skattskrá og virðisaukaskattsskrá er felld úr gildi.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 17. maí 1996.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

Stjórnartíðindi B 39, nr. 277. Útgáfudagur 24. maí 1996.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 40 – 1996

Nr. 278 556 24. maí 1996

GJALDSKRÁ OG REGLUR

fyrir símaþjónustu í einkarétti.

(Virðisaukaskattur, 24,5%, er innifalinn).

Gildir frá 1. júní 1996.

I. KAFLI
Talsími.
1. Stofngjald.

1.1. Fyrir hvert númer í símstöð og línu ..... kr. 10 645,00

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð og greiðist við pöntun. Aukagjald greiðist, þegar sími er tengdur í hús, sem er meira en 50 metra frá aðaljarðsímum.

Utan þeirra marka greiðist aukagjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Aukagjald er ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

Ekki greiðist aukagjald vegna eins síma á hverja ábýlisjörð sem er í ábúð allt árið. Póst- og símamálastofnunin setur reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

2. Afnotagjald.

Fast afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Verði almenn breyting á afnotagjaldi frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram fá leiðréttingu með síðari afnotagjaldsreikningi.

Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í símstöð og línu er kr. 1 382,00 fyrir heimili og kr. 2 764,00 fyrir verslunar- eða atvinnusíma.

Þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar er greitt fyrir viðhald sérlagnarinnar skv. reikningi. Þetta gildir ekki þegar um er að ræða ábýlisjörð sem er í ábúð allt árið.

Í ársfjórðungsgjaldinu er innifalin sjálfvirk notkun fyrir kr. 1 328,00 (400 skref), nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama gjaldsvæði, þar er notkun fyrir kr. 664,00 (200 skref) innifalinn í fastagjaldinu. Fyrir umframnotkun greiðist samkvæmt II. kafla eða sérstökum ákvæðum um aðrar þjónustugreinar. Þegar fleiri en ein lína eru tengdar sama uppkallsnúmeri (PBX-tenging) miðast innifalin notkun við þann línufjölda sem greitt er fyrir.

3. Einkasímstöðvar og sérbúnaður.

Eigendur einkasímstöðva geta fengið úthlutað númerum úr almenna talsímanetinu fyrir notendur einkasímstöðvanna og fá jafnframt möguleika á beinu innvali inn í þær.

Einkasímstöð getur verið tengd við almenna símakerfið annað hvort með einum eða fleiri 2 Mb/s straumum eða venjulegum tallínum.

Gutenberg

3.1. Innval.

3.1.1. Stofngjald fyrir innvalið er kr. 163 499,00 fyrir hverja einkasímstöð, sem tengist við almenna talsímanetið.
Ef margar einkasímstöðvar eru samtengdar í einkaneti greiðist stofngjaldið fyrir hverja stöð, sem tengist beint við almenna kerfið.

3.1.2. Ársfjórðungsgjald fyrir innvalið er kr. 82,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð, sem verður að vera heilt margfeldi af 100.

3.1.3. Ef einkasímstöð tengist við almenna símakerfið með venjulegum tallínum er greitt fyrir þær línur stofngjald og afnotagjald eins og fyrir atvinnusíma samkvæmt 1. og 2. grein, en fjöldi lína skal vera heilt margfeldi af 10. Ef einkasímstöð tengist hins vegar við almenna símakerfið með 2 Mb/s sambandi greiðist fyrir hvert samband stofngjald og afnotagjald eins og fyrir 20 tallínur, þ.e. stofngjald kr. 212 840,00 og ársfjórðungsgjald kr. 55 200,00. Þeir notendur, sem ekki vilja nýta allar 30 rásirnar í 2 Mb/s sambandinu geta fengið færri rásir virkar þó að lágmarki 12 rásir. Fyrir hverja rás greiðist þá venjuleg afnotagjöld fyrir atvinnusíma en stofngjaldið verður kr. 212 840,00. Línurnar má nota hvort sem er fyrir innval eða útval.
Í afnotagjaldinu er innifalin sjálfvirk notkun samkvæmt (I.2.) og er hún reiknuð í hlutfalli við þann fjölda afnotagjalda sem greitt er fyrir, þ.e. þegar greitt er fyrir 2 Mb/s samband er innifalin notkun miðað við 20 línur.

3.2. PBX-tenging.
Þegar fleiri en ein lína eru tengdar sama uppkallsnúmeri (PBX-tenging) skal greiða stofngjald fyrir slíka tengingu kr. 6 225,00 og að auki kr. 747,00 fyrir hverja línu í hópnum. Ef síðar er bætt við línum í hópinn greiðast kr. 747,00 fyrir hverja línu sem bætist við.
Gjald fyrir PBX-tengingu greiðist ekki af línum í beinu innvali. Ekkert afnotagjald er greitt fyrir þessa þjónustu.

3.3. Talningar til notenda.
Fyrir búnað í símstöð til að senda talningar til notenda greiðist kr. 629,00 á ársfjórðungi.

4. Línur tengdar einkasímstöðvum.

	Stofngjald kr.	Afnotagjald á ársfj. kr.
4.1. Línur frá einkasímstöð.		
4.1.1. Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið, afnotagjald sjá VII. kafla	8 927,00	
4.1.2. Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	8 927,00	8 491,00
4.1.3. Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið	8 927,00	12 139,00
4.2. Þverlínusambönd.		
4.2.1. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi	8 927,00	7 370,00
4.2.2. Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	8 927,00	9 219,00
4.2.3. Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi	8 927,00	11 056,00
4.2.4. Fyrir 2 Mb/s þverlínusamband milli einkasímstöðva greiðist 18 falt gjald sbr. 4.2.1.-4.2.3. Gildir aðeins þegar 2 Mb/s straumur tengist einkasímstöð beint.		

5. Flutningsgjald.

Flutningsgjald fyrir hvert númer kr. 5 322,00
Flutningsgjald greiðist að fullu, þó sími sé fyrir í húsi sem flutt er í.
Flutningsgjöld fyrir annan búnað eru samkvæmt kostnaði. Sé sími fluttur innan eins árs má lækka flutningsgjaldið í allt að kr. 3 393,00.

6. Viðtökugjald, gjald fyrir númeraskipti og geymslugjald.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símaréttindum eldri rétthafa, sem afsalar sér réttindum til hans eða hættir að vera rétthafi, án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 5 976,00. Viðtökugjald lækkar í kr. 1 064,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra.
Þegar nýr lögaðili tekur við fleiri en einu númeri er gjaldið kr 5 976,00 fyrir fyrsta númer en kr. 249,00 fyrir hvert númer umfram eitt. 2 Mbit/s tenging skoðast í þessu tilfelli sem 30 númer.
Ekki greiðist viðtökugjald þegar ábúendaskipti verða á ábýlisjörðum sem eru í ábúð allt árið.
Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 2 129,00.
Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 5. hér að framan.
Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sæki um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda.
Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.
Hægt er að fá símanúmer geymt í allt að tvö ár gegn greiðslu eins ársfjórðungsgjalds viðkomandi númers sem greiðist í upphafi geymslutímans.
Stofnunin getur ákveðið við slit símaréttinda að viðkomandi símanúmer séu ekki til ráðstöfunar nema viðtaka símaréttindanna fari fram. Í því tilviki tekur nýi rétthafinn á sig óþægindi, sem kunna að vera því samfara að eldri rétthafinn er skráður í símaskrá.

7. Græn símanúmer.

Rétthafi grænsímanúmers greiðir fyrir öll innkomandi staðarsímtöl kr. 3,32 við svar og kr. 1,66 á mínútu frá kl 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 0,83 á mínútu á öðrum tímum. Fyrir innkomandi langlínusímtöl greiðir rétthafi kr. 3,32 við svar og kr. 4,98 á mínútu frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags en kr. 2,49 á mínútu á öðrum tímum. Ef grænu númeri er vísað til útlanda greiðir rétthafi samkvæmt gjaldskrá viðkomandi lands fyrir umferð til Íslands.
Notandi sem hringir úr almenna talsímakerfinu í grænt númer greiðir ekkert.

		Kr.
7.1.	Stofngjald fyrir þjónustuna	34 505,00
7.2.	Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi	13 801,00

Innhringingum í græna númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem rétthafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

8. Sérþjónusta í talsímakerfinu.

Í boði eru ýmsir möguleikar fyrir notendur í talsímakerfinu og eru þeir án stofngjalds.
8.1. Allir notendur hafa aðgang að eftirtöldum þjónustum og eru þær án afnotagjalds.

8.1.1. Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símstöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er kr. 16,60 í hvert sinn.
8.1.2. Endurval. Síðast valda númerið er endurvalið.
8.1.3. Símtalspöntun. Hægt er að leggja inn pöntun ef hringt er í númer sem er á tali og verður þá sambandið sett upp þegar síminn sem hringt var í losnar.
Notkunargjald er kr. 9,96 í hvert sinn sem þjónustan er notuð.
8.2. Um eftirtaldar þjónustur þarf að sækja sérstaklega og eru þær án afnotagjalds.
8.2.1. Símtalsflutningur (hringiflutningur).
a) Öll símtöl flutt.
b) Þegar númerið er upptekið.
c) Þegar ekki er svarað.
Sá sem flytur símtalið greiðir fyrir það notkunargjöld samkvæmt gjaldskrá við það númer sem flutt er í.
8.2.2. Símtal bíður. Tónn gefur til kynna að verið sé að reyna að ná í viðkomandi númer. Hægt er að geyma fyrra símtal meðan öðru símtali er svarað.
8.2.3. Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta milli þeirra. Notkunargjöld reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.
8.2.4. Þriggja manna tal. Þrír geta talast við í einu. Notkunargjöld reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.
8.3. Um eftirtaldar þjónustur þarf að sækja sérstaklega og greiða afnotagjald.
8.3.1. Skammval. Afnotagjald fyrir hver 10 númer er kr. 190,00 á ársfjórðungi.
8.3.2. Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft er af. Afnotagjald er kr. 190,00 á ársfjórðungi.
a) Hringing samstundis.
b) Hringing eftir 6 sekúndur.
8.3.3. Læsing. Hægt er að velja milli margra mismunandi möguleika. Afnotagjald er kr. 190,00 á ársfjórðungi nema fyrir læsingu í Símatorg sem er gjaldfrjáls. Hægt er að vali notanda að læsa í stöð eða með lykilorði.
8.3.4. Númerabirting. Fyrir að sjá númer þess sem hringir er greitt ársfjórðungsgjald kr. 190,00. Númerið sést ekki ef hringt er frá útlöndum.
8.3.5. Númeraleynd. Fyrir að hindra að símanúmerið sjáist ef hringt er úr símanum er greitt ársfjórðungsgjald kr. 190,00.

9. Símatorg.

Símsvarabúnaður og annar búnaður tengdur upplýsingaveitunni er í eigu rekstraraðilans (SP).
9.1. Greitt er fyrir tengingu við almenna símakerfið á sama hátt og fyrir tengingu einkasímstöðvar þ.e. stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 2 764,00. Greitt er fyrir hverja línu.
9.2. Fyrir hvert uppkallsnúmer er greitt stofngjald kr. 10 645,00 og fast afnotagjald á ársfjórðungi kr. 5 528,00.
9.3. Notkunargjald er samkvæmt fimm mismunandi flokkum þar sem bil milli skrefatalninga er 16 sek., 12 sek., 8 sek., 5 sek. og 3 sek. Mínútugjald og skipting er eftirfarandi:

Flokkur	Mínútu-gjald kr.	Hlutur P&S kr.	Hlutur SP kr.	Hlutur SP í %
I	12,45	6,22	6,23	50,0
II	16,60	8,30	8,30	50,0
III	24,90	11,20	13,70	55,0
IV	39,84	15,30	24,54	61,6
V	66,38	21,17	45,21	68,1

Auk þessa er tekið kr. 3,32 við svar sem alltaf kemur í hlut Pósts og síma.

10. Sundurliðun símtala í talsímakerfinu.

Rétthafa í talsímakerfinu er gefinn kostur á að fá símtöl sundurliðuð á eftirfarandi hátt:

a) Öll símtöl

b) Öll símtöl önnur en staðarsímtöl

c) Utanlandssímtöl

Í sundurliðuninni kemur fram í hvaða númer var hringt að undanskildum tveimur síðustu stöfum, hvenær var hringt, hve lengi símtalið stóð og verð þess. Ekki er greitt stofngjald fyrir þessa þjónustu.

10.1. Ársfjórðungsgjald ..... kr. 187,00

10.2. Gjald pr. símtal ..... kr. 1,25

11. Lánssímar.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir annað gjald en venjulegt stofngjald og fast afnotagjald. Gjaldið skal vera sem hér segir:

Lánssímagjald í allt að 3 mánuði:

Heimilissímar ..... kr. 4 930,00

Atvinnusímar ..... kr. 6 312,00

Lánssímagjald í allt að 6 mánuði:

Heimilissímar ..... kr. 9 860,00

Atvinnusímar ..... kr. 12 624,00

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.

Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða fullt stofngjald auk afnotagjalda. Greitt er fyrir alla notkun, þ.e. engin notkun innifalin í afnotagjaldi, og skal lánssímagjald greitt við úthlutun.

Ef lánssímanotandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með lánssíma í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með lánssíma í 6 mánuði.

Ef lánssíma er breytt í almennan síma þá reiknast afnotagjald frá tengingardegi lánssímans en menn eiga hinsvegar aðeins rétt á innifalinni notkun frá þeim degi sem lánssíma er breytt í almennan síma.

II. KAFLI
Símtalagjald.

1. Sjálfvirk símtöl innanlands.

Fyrir símtöl sem valin eru sjálfvirkt er greitt samkvæmt tímamælingu. Við svar greiðast venjulega kr. 3,32 en áframhaldandi gjaldtaka fer eftir gjaldflokki og tíma sólarhrings þegar hringt er.

Ef gjaldtakan er í skrefum er verð á hverju skrefi kr. 3,32. Fyrsta talning kemur við svar en næsta talning kemur einhvern tíma á tímabili þar á eftir hvers lengd ákvarðast af gjaldflokki og tíma sólarhrings þegar hringt er. Eftir það ákvarðar gjaldflokkurinn nákvæmlega tímann milli talninga.

1.1. Staðarsímtöl.

Byrjunargjald	kr.	3,32 á símtal.
Dagtaxti	kr.	0,83 á mínútu (240 sek. í skrefi).
Kvöld-, nætur- og helgartaxti	kr.	0,41 á mínútu (480 sek. í skrefi).

1.2. Langlínusímtöl.

Byrjunargjald	kr.	3,32 á símtal.
Dagtaxti	kr.	4,15 á mínútu (48 sek. í skrefi).
Kvöld-, nætur- og helgartaxti	kr.	2,07 á mínútu (96 sek. í skrefi).

Dagtaxti gildir frá kl. 08:00 til kl. 19:00 frá mánudegi til föstudags.
Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 19:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 19:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag.

1.3. Símtöl í NMT-farsímakerfið.

Byrjunargjald	kr.	3,32 á símtal.
Tímagjald	kr.	16,60 á mínútu (12 sek. í skrefi).

1.4. Símtöl í GSM-farsímakerfið.

Byrjunargjald	kr.	3,32 á símtal.
Dagtaxti	kr.	24,89 á mínútu (8 sek. í skrefi).
Kvöld-, nætur- og helgartaxti	kr.	16,60 á mínútu (12 sek. í skrefi).

Dagtaxti gildir frá 08:00 til kl. 18:00 frá mánudegi til föstudags.
Kvöld-, nætur- og helgartaxti gildir frá kl. 18:00 til 08:00 virka daga og frá kl. 18:00 á föstudegi til kl. 08:00 næsta mánudag.

1.5. Uppköll í boðtæki.

1.5.1. Almenn boðtæki	kr.	9,96 hvert boðkall (3 skref).
1.5.2. Einkaboðtæki	kr.	39,83 hvert boðkall (12 skref).
1.5.3. Stafaboðtæki.		
Byrjunargjald	kr.	3,32 hvert uppkall.
Tímagjald	kr.	66,38 á mínútu (3. sek. í skrefi).

1.6. Þjónustunúmer Pósts og síma.

1.6.1. Upplýsingaþjónustan í 114 og 118.

Byrjunargjald	kr.	3,32 á símtal.
Tímagjald	kr.	24,89 á mínútu (8 sek. í skrefi).

1.6.2. Klukkan 155.
Fyrir hvert uppkall ..... kr. 9,96 (3 skref).

1.6.3. Fyrir hringingar í önnur þriggja stafa þjónustunúmer er greitt samkvæmt staðartaxta en þá er greitt fyrir þjónustuna með öðrum hætti. Hér er t.d. um að ræða talsamband innanlands og við útlönd, skeytaþjónustu, bilanir og aðgang að gagnanetinu.

2. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur og er þá 30% álag á venjulegt notkunargjald fyrir sjálfvirka þjónustu. Afgreiðslugjald er kr. 34,00.

3. Símtöl afgreidd um handvirkar afgreiðslur.

		Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
3.1.	Innan sama gjaldsvæðis	26,00	9,00
	Milli gjaldsvæða	45,00	15,00
	Við farsíma	75,00	25,00

3.2. Kvaðning kr. 34,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

3.3. Afgreiðslugjald: kr. 73,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala. Kvaðning er ekki innifalin.

3.4. Boðun í síma: kr. 103,00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 52,00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Símaboðunargjald greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

3.5. Handvirk vakning kr. 71,00. Föst vakning pr. mánuð kr. 1 195,00.

4. Símtöl um strandarstöðvar.

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar.

4.1. Radíósímtöl við skip og bíla. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.

Tíðnisvið	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
Metrabylgja (VHF)	112,00	37,00
Millibylgja (MF)	138,00	46,00
Stuttbylgja (HF)	190,00	64,00

4.2. Afgreiðsla við farsíma í skipi eða bíl. Minnsta gjald er fyrir 3 mínútur og umframgjald fyrir hverja byrjaða mínútu þar fram yfir.

Tíðnisvið	Minnsta gjald kr.	Umframgjald pr. mín. kr.
Metrabylgja (VHF)	128,00	43,00
Millibylgja (MF)	154,00	51,00
Stuttbylgja (HF)	207,00	69,00

4.3. Fyrir aukaþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt 3. grein.

4.4. Fyrir radíósímtöl við skip til og frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:
a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Afgreiðslugjald samkvæmt 4.1. og 4.2. í þessari grein.
c. Fyrir aukaþjónustu að ósk símtalsbeiðanda greiðist samkvæmt 3 grein.

5. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma.

III. KAFLI
Samnet (ISDN).

Notendur geta valið um tvenns konar aðgang að samnetinu:
Með grunnaðgangi (2B+D) fá notendur tvær 64 kbit/s rásir og eina gagnarás 16 kbit/s, en með stofnaðgangi (30B+D) fá þeir þrjátíu 64 kbit/s rásir og að auki eina gagnarás 64 kbit/s.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir hverja grunntengingu ..... kr. 26 612,00
Ef notandi breytir áskrift að almenna talsímanetinu í áskrift að samnetinu skal þó draga frá stofngjald fyrir almennan síma eins og það er hverju sinni. Ekki skal draga nema eitt stofngjald fyrir almennan síma frá fyrir hverja grunntengingu.

1.2. Fyrir hverja stofntengingu ..... kr. 266 119,00
Þeir notendur sem áður hafa fengið beint innval, sem 2Mbit/s tengingu greiða hálft stofngjald fyrir hverja tengingu sem breytt er í stofntengingu við samnetið.
Ef grunntengingu er breytt í stofntengingu innan árs frá fyrstu tengingu ganga áður greidd stofngjöld upp í stofngjald fyrir stofntengingu.

1.3. Stofngjald fyrir ferjald sem er innbyggt í netendabúnaði er kr. 15 563,00.

Ef beðið er um samnetsþjónustu utan samfelldrar þéttrar byggðar þar sem jarðsímakerfi er ekki fyrir hendi gilda sömu reglur um aukastofngjald og tilgreindar eru í I. kafla 1.1.

2. Afnotagjald.

2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja grunntengingu ..... kr. 6 910,00

2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir hverja stofntengingu ..... kr. 69 098,00
Þeir notendur sem ekki vilja nýta allar 30 rásirnar í stofntengingunni geta fengið færri virkar rásir, þó að lágmarki 12. Fyrir hverjar tvær rásir greiðist þá sama fasta afnotagjaldið og fyrir grunntengingu.

2.3. Notkunargjöld fyrir hverja B-rás eru þau sömu og fyrir samsvarandi notkun í almenna símakerfinu. Fast gjald fyrir hvert símtal er kr. 3,32 eins og í talsímanetinu og síðan kemur tímamæling sem miðast við viðkomandi gjaldflokk samkvæmt II. kafla. Fyrir hvert uppkall sem ekki heppnast milli tveggja samnetsnotenda greiðist uppkallsgjald kr. 1,66.
Ekki er nein notkun innifalin í föstu afnotagjaldi fyrir samnetið.
Ef rásin tengist við aðrar þjónustur eða net greiðast gjöld samkvæmt gjaldskrá fyrir þá þjónustu.
Notkunargjöld fyrir gagnaflutning á D-rás verða birt síðar en ekki er boðið upp á þá þjónustu í upphafi.

3. Flutningsgjald, viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

3.1. Flutningsgjald fyrir aðgang að samnetinu er jafnt hálfu stofngjaldi fyrir samsvarandi tengingu.

3.2. Viðtökugjald án númeraskipta er kr. 5 976,00 fyrir fyrsta númer en kr. 249,00 fyrir hvert númer umfram eitt. Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sæki um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.
Stofntenging skoðast í þessu tilfelli sem 30 númer.

3.3. Óski rétthafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir númeraskipti kr. 2 129,00.

4. Sérþjónusta á samnetinu.

Eftirtaldar tegundir sérþjónustu, sem boðnar eru notendum í almenna talsímanetinu, standa samnetsnotendum til boða á sömu kjörum og þar:
Símtal bíður, Viðmælandi „geymdur", Símtalavíxl, Símtalsflutningur (öll símtöl), Vakning, Endurval, Skammval, Bein lína, Læsing og Sundurliðun símtala.

Auk þess hafa notendur samnetsins möguleika á eftirtöldum tegundum sérþjónustu til viðbótar.

4.1. Allir samnetsnotendur hafa aðgang að eftirfarandi möguleikum án gjalds:

4.1.1. Númerabirting (CLIP).

4.1.2. Flutningur tækja innanhúss eða skipt milli tækja innanhúss.

4.2. Eftirtaldar þjónustur þarf að sækja um og greiða fyrir:

4.2.1. Númeraleynd (CLIR). Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.

4.2.2. Undirnúmer. Ekkert stofngjald, en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.

4.2.3. Aukanúmer. Ekkert stofngjald en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00 fyrir hvert aukanúmer. Ef notandi vill sundurliðun notkunar á aukanúmer greiðist fyrir það eins og fyrir sundurliðun á aðalnúmeri.

4.2.4. Beint innval. Fyrir þessa þjónustu greiða notendur stofngjald kr. 163 499,00. Þeir notendur sem hafa greitt stofngjald fyrir innval í almenna talsímanetinu greiða þó ekki nýtt stofngjald. Ársfjórðungsgjald fyrir beint innval er kr. 82,00 fyrir hvert númer í frátekinni númeraröð.

4.2.5. Afmarkaður notendahópur.
Stofngjald fyrir hvern hóp kr. 7 470,00.
Ársfjórðungsgjald fyrir hvern hóp kr. 1 587,00.
Skráningargjald er kr. 778,00 sem greiðist í hvert sinn sem nýtt númer tengist inn í hópinn eða önnur breyting er gerð á tengingum við hann.

4.2.6. Merkjasending milli notenda.
Ekkert stofngjald er tekið en ársfjórðungsgjald er kr. 190,00.

5. Skammtímatenging.

Tenging í allt að 3 mánuði:

Grunntenging	kr. 15 780,00
Stofntenging	kr. 157 800,00
Tenging með beinu innvali	kr. 180 743,00

Tenging í allt að 6 mánuði:

Grunntenging	kr. 31 561,00
Stofntenging	kr. 315 610,00
Tenging með beinu innvali	kr. 361 486,00

Uppsetningarkostnaður er ekki innifalinn.

Fyrir allt umfram 6 mánuði skal greiða 1/1 stofngjald kr. 21 375,00 fyrir grunntengingu og kr. 213 750,00 fyrir stofntengingu auk afnotagjalda.

Tengingargjald skal greitt við úthlutun. Þegar um er að ræða tengingu með beinu innvali eru engin skref innifalin.

Ef skammtímanotandi gerist fastur notandi þá skal hann greiða 2/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 3 mánuði en 1/3 af stofngjaldi ef hann var með tengingu í 6 mánuði. Þetta gildir þó aðeins á þeim stöðum sem samnetsmöguleiki er fyrir hendi. Annars greiðist fullt stofngjald.

IV. KAFLI
Talhólf, faxhólf.

Talhólf er geymsla fyrir töluð skilaboð og faxhólf er geymsla fyrir faxsendingar. Hólfinu fylgir sérstakt símanúmer, með því að hringja beint í hólfið er hægt að leggja inn skilaboð eða fax og einnig er hægt að vísa farsíma og síma í stafræna símakerfinu yfir í hólfið og koma þannig sendingu í hólfið. Kerfið getur hringt í fyrirfram ákveðið símanúmer eða boðtækisnúmer og látið vita af innkomnum skilaboðum eða faxi.

1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir talhólf er kr. 623,00.
1.2. Stofngjald fyrir faxhólf er kr. 1 494,00.
1.3. Ef talhólfsnotandi gerist notandi að faxhólfi greiðist mismunur á stofngjaldi.

2. Afnotagjald.

2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir talhólf er kr. 374,00.
2.2. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir faxhólf er kr. 996,00.
2.3. Fyrir hringingu í tal- eða faxhólf úr almenna símakerfinu greiðir sá sem hringir kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu. Ef hringt er í hólf úr farsíma greiðist notkunargjald frá viðkomandi farsíma. Sama gjald greiðist hvort sem verið er að lesa inn skilaboð eða hlusta á þau.
Þegar kerfið hringir í fyrirfram ákveðið símanúmer til að láta vita af skilaboðum greiðir rétthafi hólfsins samsvarandi gjald, þ.e. kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu ef hringt er í númer í almenna símakerfinu. GSM-notkunargjald ef hringt er í GSM-farsímakerfið og NMT-notkunargjald ef hringt er í NMT-farsímakerfið.
Ef notandi í almenna símakerfinu vísar innkomnu símtali eða faxsendingu yfir í hólf greiðir rétthafi símans kr. 3,32 við svar og síðan kr. 3,32 á mínútu fyrir öll skilaboð. Notandi farsíma í GSM-farsímakerfinu eða NMT-farsímakerfinu greiðir ekkert gjald fyrir skilaboð sem vísað er í hólf.

V. KAFLI
Telexþjónusta.

1. Stofngjald.

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en tengt er, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma.

		Kr.
1.1.	Númer í telexstöð	19 036,00
1.2.	Bæjarlína	4 756,00
1.3.	Viðtökugjald fyrir telexnúmer	4 600,00
1.4.	Flutningsgjald fyrir telexnúmer	9 518,00
1.5.	Breyting á telexheiti	2 446,00

2. Afnotagjald á ársfjórðungi.

		Kr.
2.1.	Númer í telexstöð	2 646,00
2.2.	Bæjarlína	797,00

3. Gjald fyrir telexritanir.

3.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 3,22 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 8,07 á mínútu.
3.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

VI. KAFLI

Símskeyta- og símatelexgjöld.

1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 82,00 og kr. 4,48 fyrir hvert orð: Lágmarksorðafjöldi 7 orð.

1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald auk hraðboðagjalds kr. 311,00 og gjald fyrir afhendingarkvittun kr. 30,00.

1.3. Veðurskeyti: Kr. 36,00 fyrir hvert skeyti.

1.4. Heillaskeyti: Venjulegt skeytagjald auk kr. 96,00 fyrir heillaskeytiseyðublaðið og hálft hraðboðagjald kr. 156,00.

1.5. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 82,00 og hálft hraðboðagjald kr. 156,00. Sendanda er í sjálfsvald sett hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert í Landspítalasjóð.

1.6. Afhending símskeyta.

1.6.1. Venjulegt símskeyti. Hringt er í viðtakanda og texti skeytisins lesinn. Skeytið er síðan póstlagt. Viðtakandi getur sótt skeytið til ákvörðunarsímstöðvar ef hann óskar þess.

1.6.2. Hraðskeyti: Texti skeytis sendur símleiðis til viðtakanda samstundis eða samkvæmt forgangsrétti. Leitast skal við að hafa upp á viðtakanda sem fyrst til afhendingar skeytisins.

1.6.3. Heillaskeyti: Heillaskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.

1.6.4. Samúðarskeyti. Samúðarskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.

1.7. Hraðafhending símskeyta. Óski sendandi eða viðtakandi venjulegs skeytis afhendingar samdægurs, mun það verða sent gegn hraðboðagjaldi, kr. 311,00. Óski sendandi, að skeyti sé afhent gegn kvittun, er gjald fyrir það kr. 30,00 að auki.

1.8. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.

2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjöld fyrir símskeyti til útlanda eru ákveðin af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.

3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknuð:

a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 82,00.
b. Línugjald kr. 4,48 á hvert orð.
c. Strandargjald kr. 5,04 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.

Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. Sérstök loftskeyti.

3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 36,00 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 25,21.

3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

4. Símatelex.

4.1. Gjald fyrir sendingu.
4.1.1. Grunngjald fyrir hvert sent telex kr. 187,00.
4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8:00 til 21:00 er kr. 93,38.
4.1.3. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
4.2. Gjald fyrir móttöku.
4.2.1. Símnefni á ári kr. 822,00.
4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 791,00.
4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 187,00.

5. Skrásetning símnefna.

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 822,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 187,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir og er hann gagnkvæmur.

VII. KAFLI
Sambönd.

Póst- og símamálastofnun starfrækir almenna fjarskiptaþjónustu um land allt. Stofnunin leigir út línur til þess að auðvelda notendum aðgang að hinu almenna fjarskiptaneti, en að auki línur til að mæta sérþörfum: Gerður er greinarmunur á langlínum og notendalínum. Langlínur teljast þær línur, sem tengja saman símstöðvar eða notendur, sem venjulega mundu tengjast mismunandi símstöðvum. Notendalínur tengja notendur við næstu símstöð eða við langlínu. Á gjaldsvæði Reykjavíkur og nágrennis eru línur milli stöðva, sem leigðar eru út, gjaldfærðar sem notendalínur. Ef völ er á bæði langlínu og notendalínu fyrir tiltekið leigusamband ákveður Póst- og símamálastofnun hvora tegundina skuli nota. Hliðrænar leigulínur má ekki nota án sérstakrar heimildar fyrir hærri tíðni en 4 Khz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnaflutningur með grunnbandsmótöldum fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s. en slík sambönd skulu takmarkast við svæði einnar sjálfvirkrar símstöðvar.

Gjaldafyrirkomulag fyrir leigulínur.

Gjaldið skiptist í stofngjald og afnotagjald. Það er reiknað milli endapunkta í samræmi við þá leið, sem línan fer um í fjarskiptakerfinu og er heildargjaldið summa langlínugjalds og notendagjalds eftir því sem við á. Skemmstur leigutími er almennt 6 mánuðir, en að öðru leyti gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir talið frá næstu mánaðamótum eftir uppsögn. Gjald fyrir línu, sem leigð er til skemmri tíma en 6 mánaða, er reiknað samkvæmt 3. grein.
Mismunandi gjald er tekið fyrir leigulínur eftir því hver flutningsgeta þeirra er. Línur fyrir tal greinast í línur milli einkabúnaðar sama notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð og línur, sem tengja einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.
Línur milli einkasímstöðva, sem tengjast hinu almenna símakerfi, reiknast sem þverlínur. Dagskrárlínur eru leigðar ýmist sem grunnlínur, þegar um mjög stuttar

fjarlægðir er að ræða eða sem stafrænar flutningslínur. Fyrir stafrænar línur í notendakerfum er reiknað fast gjald auk km-gjalds.

1. Stofngjald.

1.1. Fyrir notendalínur greiðist stofngjald, sem er áttfalt ársfjórðungsgjald fyrir línuna samkvæmt þeirri gjaldskrá sem gildir þegar línan er tekin á leigu, að frádregnum þeim hluta gjaldsins, sem er óháður línulengd í liðum 2.1.3. til 2.1.7. og 2.1.9. til 2.1.11.

1.2. Fyrir langlínur ákveðst stofngjald af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

2. Afnotagjald.

2.1. Fast afnotagjald á ársfjórðungi fyrir notendalínur er sem hér segir. Línulengdir reiknast í hálfs km þrepum, en lágmarksgjald línu eða línuhluta er 2 km, nema annað sé tekið fram.

		Gjald fyrir hvern km	
		2ja víra kr.	4ra víra kr.
2.1.1.	Tallína	928,00	1 482,00
2.1.2.	Lína fyrir gagnasendingar. Mesti hraði 19,2 Kb/s.	1 164,00	1 868,00
2.1.3.	Lína fyrir gagnasendingar. Hraði 48-64 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		11 000,00
	Gjald fyrir hvern km.		2 054,00
2.1.4.	Lína fyrir gagnasendingar. Hraði 128 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		13 204,00
	Gjald fyrir hvern km.		2 474,00
2.1.5.	Lína fyrir gagnasendingar. Hraði 256 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		16 500,00
	Gjald fyrir hvern km.		3 390,00
2.1.6.	Lína fyrir gagnasendingar. Hraði 512 Kb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda, mótald innifalið		19 799,00
	Gjald fyrir hvern km		4 109,00
2.1.7.	Lína fyrir gagnasendingar. Hraði 2 Mb/s.		
	Gjald fyrir hvern enda		38 499,00
	Gjald fyrir hvern km.		8 217,00
	Gjald fyrir X.21 mótald (ef notað) pr. enda		14 915,00
2.1.8.	Dagskrárlína fyrir hljóðvarp á stuttri grunnlínu	3 816,00	4 277,00
2.1.9.	Stafræn dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp. Óháð lengd kr. 63 694,00		
	og að auki fyrir hvern km.		1 276,00
2.1.10.	Stafræn dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp. Óháð lengd kr. 106 149,00		
	og að auki fyrir hvern km.		2 123,00

2.1.11. Lína fyrir sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin):

Gjald fyrir hvern enda, 140 Mb/s.	.....	103 528,00
Gjald fyrir hvern enda, 70 Mb/s.	.....	62 113,00
Gjald fyrir hvern km.	.....	4 803,00
Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp:		
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	.....	4 498,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	.....	1 795,00
Gjald fyrir hvern km.	.....	351,00
Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp:		
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	.....	6 027,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	.....	2 993,00
Gjald fyrir hvern km.	.....	410,00

Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

2.1.12. Fjarstýringarlína 928,00 1 482,00

2.1.13. Ritsímalína í tónritsíma 479,00

2.1.14. Gjald fyrir fjarstýringu eða fjarvísun á línu, sem einnig er notuð fyrir tal, skal vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.1.12. Þegar um er að ræða kerfi með mörgum línum innan sama stöðvarsvæðis skal reikna gjaldið eftir meðallínulengd sem telst vera 2 km.

2.1.15. Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.

2.2. Langlínukerfi. Ársfjórðungsgjald fyrir langlínur er sem hér segir:

2.2.1. Tallína milli einkabúnaðar notanda á milli svæða, án tengingar við miðstöð. Fjarlægðin er reiknuð eins og leið liggur í símkerfinu milli endapunkta á viðkomandi símstöð. Auk þess er tekið gjald fyrir línur í símakerfinu milli endapunkta á viðkomandi símstöð. Auk þess er tekið gjald fyrir línur í einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

		Kr.
Gjald fyrir hvern enda, eða úttak	.....	28 100,00
Gjald fyrir hvern km.	.....	293,00

2.2.2. Gjald fyrir línu, sem tengir einkasímabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði, er reiknað samkvæmt 2.2.1. en að auki reiknast langlínugjald, sem samvarar 7500 mínútum á ársfjórðungi á því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val að degi til milli viðkomandi gjaldsvæða eða innan gjaldsvæðis. Þetta er til viðbótar afnotagjaldi, sem greiða skal fyrir síma skv. I. kafla.

2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull
A1	0-4800	1,10
A2	4801-9600	1,21
A3	9601-19200	1,43
A4	48000-64000	1,76
A5	128 kb/s	2,64
A6	256 kb/s	4,93
A7	512 kb/s	7,04
A8	1024 kb/s	8,80
A9	2048 kb/s	10,56

2.2.4. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (Baud)	Stuðull
B1	50	0,22
B2	75	0,22
B3	100	0,24
B4	300	0,33

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi tallínu til afnota og er þá reiknað með margfeldisstuðli jafnt og 1.

2.2.5. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.1.

2.2.6. Gjald fyrir dagskrárlínur fyrir hljóðvarp er reiknað eins og í 2.2.1. en með margföldunarstuðli eftir bandbreidd:

Flokkur	Bandbreidd (KHz)	Stuðull
C1	3	1,0
C2	15	1,4
C3	2x15	2,8

2.2.7. Lína fyrir sjónvarp, 70 Mb/s, (ein mónó hljóðrás innifalin):

	Kr.
Gjald fyrir hvern enda	62 113,00
Gjald pr. km.	4 803,00
Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	4 498,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	1 795,00
Gjald fyrir hvern km	351,00
Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	6 027,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	2 993,00
Gjald fyrir hvern km	410,00

Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

2.2.8. Lína fyrir sjónvarp, 140 Mb/s, (ein mónó hljóðrás innifalin):

	Kr.
Gjald fyrir hvern enda	103 528,00
Gjald pr. km.	4 803,00
Viðbótargjald fyrir mónó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	14 290,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	9 697,00
Gjald fyrir hvern km	351,00
Viðbótargjald fyrir stereó hljóðvarp:	
Gjald fyrir hvern enda, sendiendi	28 146,00
Gjald fyrir hvern enda, móttökuendi	14 412,00
Gjald fyrir hvern km	410,00

Ofangreind viðbótargjöld fyrir hljóðvarp gilda aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

2.3. Gjald fyrir línur til annarrar notkunar en getið er hér að framan ákvarðast af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

3. Leigur í stuttan tíma.

3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ.e.a.s. í minna en 6 mánuði. Leigutími skal tilgreindur við pöntun. Stofngjald er ekki tekið fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.

3.1.1. Fyrir línur eða línuhluta í notendakerfi er tekið gjald, sem er eitt ársfjórðungsgjald skv. 2.1. nema fyrir línur skv. 2.1.9., 2.1.10. og 2.1.11. Lágmarksgjaldið innifelur allt að 5 sólarhringa notkun. Fyrir línur skv. 2.1.9. og 2.1.10. greiðist fyrir fyrstu 5 sólarhringa 1/10 af ársfjórðungsgjaldi, þ.m.t. gjald óháð línulengd. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar í allt að 10 sólarhringa greiðist fyrir allar línur nema skv. 2.1.11. 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring umfram 10 sólarhringa.

Fyrir línur skv. 2.1.11. greiðist eftirfarandi:	Kr.
Tengigjald fyrir sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin)	16 478,00
Gjald pr. mínútu, 140 Mb/s.	271,00
Gjald pr. mínútu, 70 Mb/s.	162,00
Gjald pr. mínútu/10 km.	28,64
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	14,32
Viðbótargjald fyrir mónó eða stereó hljóðvarp:	
Tengigjald fyrir hljóðrás	2 490,00
Gjald pr. mínútu	16,19
Gjald pr. mínútu/10 km.	2,86
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	1,43

Ofangreint viðbótargjald fyrir hljóðvarp gildir aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

3.1.2. Fyrir línur eða línuhluta í langlínukerfum er tekið lágmarksgjald, sem er 1/6 af ársfjórðungsgjaldi skv. 2.2., og innifelur fimm sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar, allt að 10 sólarhringum, greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en umfram 10 sólarhringa greiðist 1/60 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring.

Fyrir línur skv. 2.2.7. greiðist eftirfarandi:	Kr.
Tengigjald fyrir 70 Mb/s sjónvarp, (ein mónó hljóðrás innifalin)	16 478,00
Gjald pr. mínútu	162,00
Gjald pr. mínútu/10 km	28,64
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	14,32
Viðbótargjald fyrir mónó eða stereó hljóðvarp:	
Tengigjald fyrir hljóðrás	2 490,00
Gjald pr. mínútu	16,19
Gjald pr. mínútu/10 km.	2,86
Gjald pr. mínútu/10 km, umfram 30 mínútur	1,43

Ofangreint viðbótargjald fyrir hljóðvarp gildir aðeins ef það er sent með sjónvarpsrás, með sömu enda- og úttaksstöðum, og pantað er á sama tíma af sama aðila.

VIII. KAFLI
Símaskráin.

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.
Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum.

1. Skrásetning í símaskrána.

Hver talsíma-, fax-, farsíma- eða boðtækisnotandi fær nafn sitt eða heiti, starfstitil og heimilisfang skráð án sérstaks gjalds í einni línu í símaskránni fyrir hvert númer. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma ber að greiða kr. 436,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotandi getur ekki öðlast sama rétt og aðalsímnotandi, t.d. rétt til að fá símann fluttan eða breyta skráningu án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald. Breytir engu þótt aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt viðkomandi aukagjald.
Póst- og símamálastofnun ákveður tilhögun símaskrárinnar og áskilur sér rétt til að synja um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.
Skrá má aukanöfn á númer annað hvort í réttri stafrófsröð eða sem aukalínu undir aðalsímnotanda.
Aukalínur undir fyrirtækjaheitum með eftirfarandi upplýsingum gjaldfærast samkvæmt lið 1.3.

a) opnunartími fyrirtækis, ein lína
b) tilkynning um að samband sé frá skiptiborði við deildir, ein lína
c) tilkynning um beint innval
d) sérgrein fyrirtækis í einni línu
e) heimilisnúmer starfsmanna
f) tilvísun í aðra skráningu í einni línu
g) eftirlokun skiptiborðs, ein lína

Fyrir aðrar aukalínur greiðist samkvæmt lið 1.4.

		Kr.
1.1.	Breytt letur í skrá, hver lína	436,00
1.2.	Aukanafn í skrá, hver sjálfstæð lína eða aukalína og aukaheiti fyrirtækis í stafrófsröð eða sem aukalína, hver lína	436,00
1.3.	Aukalínur undir nöfnum einstaklinga og aukalínur undir nöfnum fyrirtækja í samræmi við liði a-g að framan, hver lína	255,00
1.4.	Aukalínur undir nöfnum fyrirtækja sem ekki samræmist liðum a-g að framan og línur umfram eina í þeim tilfellum þar sem einnar línu hámark er sett í liðum a-g, hver lína	872,00

2. Skráning í gulu síðurnar.

Hver símnotandi, sem greiðir atvinnu- eða verslunarsímagjald, á rétt á að fá án endurgjalds eina skráningu í einn vöru- eða þjónustuflokk í gulu síðunum. Ef símnotandi vill skrá sig í fleiri en einn flokk greiðast kr. 224,00 fyrir hvern flokk umfram hinn fyrsta. Sama gjald gildir fyrir fleiri en eina skráningu í sama flokk.

3. Auglýsingar í símaskrá.

Póst- og símamálastofnun er heimilt að birta auglýsingar í símaskránni samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni.

IX. KAFLI
Þjónusta um radíóstöðvar.
1. Viðskiptagjöld.

1.1. Símtöl við skip og báta.
Sjá kafla II. 4. hér að framan.

1.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla VI. 3. hér að framan.

1.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva í verstöðvum. Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi gjöld.

	Kr.
Fyrir 1-5 báta	193,00
Fyrir 6-15 báta	355,00
Fyrir 16-30 báta	504,00
Fyrir 31 bát og fleiri	672,00

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

1.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 355,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.

1.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

1.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 672,00.

1.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 96,00.

2. Skyldutilkynningar skipa.

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.
Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

	Kr.
Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó	355,00
Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó	529,00
Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó	703,00
Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir	965,00

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega.
Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

X. KAFLI
1. Almennir skilmálar.

1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða breytingar á þjónustu, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn. Þar til gerð eyðublöð eru í símaskránni og á afgreiðslustöðum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, kennitölu og heimilisfang.

1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir strengjum og öðrum símabúnaði í húsi og á lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt.

1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar nema með heimild hennar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Óheimilt er að tengja notendabúnað við kerfi Póst- og símamálastofnunarinnar nema að hann sé samþykktur af Fjarskiptaeftirliti ríkisins.

1.6. Verði bilun í símakerfinu ber notanda þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum föst afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar.

1.9. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirka símkerfisins, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.10. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnunarinnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.11. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.

2.2. Gjalddagi fyrir síma-, radíó- og önnur fjarskiptagjöld er fyrsti hvers mánaðar. Póst- og símamálastofnun skal sjá svo um að reikningar séu sendir notendum með góðum

fyrirvara.

2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjalddagann. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögtaksréttur sbr. 9. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984 og 1. grein 3. töluliðar lögtakslaga nr. 29/1885.

2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjalddagann, er heimilt að beita útilokun símasambanda gagnvart þeim notendum, sem skulda vangreidd gjöld, krónur 1 000,00 eða meira, þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald, krónur 212,00, fyrir enduropnun símasambands.

2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

3. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem önnur ákvæði gilda, og skal uppsögn verða skrifleg.

XI. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti með áorðnum breytingum samkvæmt 5. gr. laga nr. 32 frá 1993 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. júní 1996. Reiknast nýju gjöldin fyrir notkun, sem fram fer 1. júní 1996 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrár og reglur nr. 430 25. júlí 1995 ásamt auglýsingum nr. 530 12. september 1995, 615 20. nóvember 1995 og 663 22. desember 1995.

Samgönguráðuneytinu, 24. maí 1996.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

22. maí 1996 Nr. 279

GJALDSKRÁ

Veitustofnana Hveragerðis.

B-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Veitustofnana Hveragerðis (VSH). Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns, heits vatns og jarðgufu sbr. reglugerð fyrir VSH nr. 276/1994.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-HLUTA sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu raforku, heits vatns og jarðgufu á veitusvæði VSH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitaveitutöxtum, heimtauga- og heimæðagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-HLUTA sem sýnir gildandi verð fyrir raforku, heitt vatn eða jarðgufu og önnur gjöld á hverjum tíma.

2. gr.

Raforkugjöld.

2.1 Almenn notkun

A.1 Almenn notkun:

Orkugjald	6,40	kr/kWh
Fast gjald 1-fasa	2.650,00	kr/ár
Fast gjald 3-fasa	5.250,00	kr/ár

A.2 Skammtímanotkun (mannvirkjagerð):

Orkugjald	8,19	kr/kWh
Fast gjald	5.250,00	kr/ár

A.3 Heimilisnotkun:

Orkugjald	6,40	kr/kWh
Fast gjald 1-fasa	2.650,00	kr/ár
Fast gjald 3-fasa	5.300,00	kr/ár

2.2 Afl- og orkunotkun

B.1 Afl- og orkumæling:

Orkugjald	2,35	kr/kWh
Aflgjald	8.400,00	kr/kW/ár
Fast gjald	45.000,00	kr/ár

B.2 Götulýsing:

Aflgjald	11.000,00	kr/kW/ár
Viðhaldsgjald	14.700,00	kr/kW/ár
Samtals	25.700,00	kr/kW/ár

2.3 Notkun til hitunar

C.1 Órofin hitun:

Orkugjald	4,60	kr/kWh
Fast gjald	12.400,00	kr/ár

C.2 Rofin hitun:

Orkugjald	2,80	kr/kWh
Fast gjald	3.000,00	kr/ár

C.3 Næturorkunotkun:

Orkugjald	2,50	kr/kWh
Fast gjald	3.000,00	kr/ár

2.4 Aðrir raforkutaxtar

D.1 Sumarnotkun apríl-október lágmark 75 kW:

Orkugjald	2,00	kr/kWh
Aflgjald	400,00	kr/kW/ár

D.2 Garðyrkjulýsing:

Vetrarorkugjald, (okt-apríl)	2,98	kr/kWh
Sumarorkugjald, (maí-sept)	1,49	kr/kWh
Fast gjald	35.000,00	kr/ár
Aflgjald	0,00	kr/kW/ár
Aflgjald lágmark	0,00	kr/kW/ár

2.5 Heimtaugagjöld

E.1 Aðalheimtaugar:

1X63A	45.000	kr.
3X63A	50.000	kr.
3X100A	82.000	kr.
3X200A	171.000	kr.
3X315A	276.000	kr.
3X400A	349.000	kr.
3X630A	549.000	kr.
3X710A	620.000	kr.
3X1200A	1.040.000	kr.

E.2 Bráðabirgðaheimtaugar:

1X63A Stofngjald	11.000	kr.
yfirlengdargjald jarðstrengur	1.350	kr/m
yfirlengdargjald loftlína	17.000	kr/stólpi
3X63A Stofngjald	15.000	kr.
yfirlengdargjald jarðstrengur	1.350	kr/m
yfirlengdargjald loftlína	21.000	kr/stólpi
3X100A Stofngjald	17.000	kr.
yfirlengdargjald jarðstrengur	1.750	kr/m
yfirlengdargjald loftlína	26.000	kr/stólpi

2.6 Mælaleiga

Leigugjöld fyrir önnur mælitæki en sölumæla:

Orkumælir einfasa	656	kr/ár
Orkumælir þrífasa	2.625	kr/ár
Orkumælir þrífasa m.straumsp.	5.250	kr/ár
Orkumælir þrífasa m.klukkur.	5.250	kr/ár
Aflmælir	5.250	kr/ár
Aflmælir m. straumspennum	7.875	kr/ár

2.7 Álestrargjald

Fyrir aukaálestur á orkusölumæli	500	kr/skipti

2.8 Innheimtugjald

Innheimtugjald rafveitu	450	kr.

2.9 Lokunargjald

Lokunargjald rafveitu	1.500	kr.

3. gr.

Gjöld fyrir heitt vatn og jarðgufu.

3.1 Notkun á heitu vatni og jarðgufu

H.1 Almenn notkun:

Vatnsgjald	225	kr/m2húss/ár
Fast gjald	5.340	kr/ár

H.2 Garðyrkjunotkun:

Vatnsgjald	225	kr/m2húss/ár
Fast gjald	13.356	kr/ár

Vatnsgjald er reiknað af nýtanlegu flatarmáli húss sbr. reiknireglur FMR.

3.2 Heimæðagjöld

I.1 Hús minni en 2.000 m3:

Fast gjald	90.000	kr.
Rúmmetrar umfram 600 m 3	60	kr/m3

(Umframrúmmetragjald reiknast ekki á einbýlis-, rað- og parhús)

I.2 Hús stærri en 2.000 m3:

Fast gjald	174.000	kr.
Rúmmetrar umfram 600 m3	40	kr/m3

3.3 Innheimtugjald

Innheimtugjald hitaveitu	450	kr.

3.4 Lokunargjald

Lokunargjald hitaveitu	1.500	kr.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

Skammstafanir:

Tákn	*Eining*	*Skýring*
A	amper	straumur
kW	kílówatt	afl
kWh	kílówattstund	orka
ML	mínútulítrar	rennsli

4. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, B hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. júní 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli, jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Veitustofnana Hveragerðis B-hluti með áorðnum breytingum nr. 279, 19. maí 1994.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. maí 1996.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

Nr. 280 17. maí 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins nr. 410/1989.

1. gr.

8. gr. orðast svo:

1. mgr. Ættleiðandi móðir, uppeldis- eða fósturmóðir, sbr. 5. gr. laga um fæðingarorlof nr. 57/1987, á rétt á 6 mánaða leyfi með þeim dagvinnulaunum, sem stöðu hennar fylgja vegna töku barns yngra en 5 ára.

2. mgr. Sé um fleiri en eitt barn yngri en 5 ára að ræða í sömu fósturráðstöfun eða ættleiðingu, framlengist leyfið um 1 mánuð fyrir hvert barn umfram eitt.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 17. maí 1996.

Friðrik Sophusson.

Birgir Guðjónsson.

15. maí 1996 Nr. 281

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð hjartveikra barna.

1. gr.

Neistinn, aðstandendafélag hjartveikra barna, stofnar hér með sjóð, sem heitir Styrktarsjóður hjartveikra barna. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Neistans, aðstandendafélags hjartveikra barna, að fjárhæð kr. 500.000 og skal það haldast óskert. Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir sjóðsins. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt, þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

A) Vextir og arður af eignum sjóðsins.
B) Gjafir og áheit sem sjóðnum kunna að berast.
C) Fé og annað verðmæti, sem safnast hefur og mun safnast í nafni sjóðsins.
D) Annað fé sem sjóðnum hlotnast.

4. gr.

Markmið sjóðsins:

A) Að styrkja fjárhagslega hjartveik börn og aðstandendur þeirra.
B) Að stuðla að framförum í málefnum hjartveikra barna á Íslandi.
C) Að styrkja fjárhagslega önnur veik börn og aðstandendur þeirra, ef ekki eru önnur félög eða sjóðir þeim til styrktar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn.

Yfirlæknir barnadeildar Landspítalans tilnefnir einn ásamt varamanni hans.

Stjórn Neistans skal tilnefna tvo ásamt tveimur varamönnum, annar aðalmanna skal vera stjórnarmaður í Neistanum. Tilnefningar skulu gilda í 2 ár í senn, í fyrsta sinn skal stjórnarmaður Neistans þó aðeins vera eitt ár í stjórn sjóðsins.

Fyrsta tilnefningin gildir frá stofnun sjóðsins.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Gjaldkeri hennar skal hafa á hendi vörslu fjármuna sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum og metur þörf umsækjenda. Stjórnin skal vera sammála um mat á þörf og úthlutun úr sjóðnum. Stjórnin skal afgreiða umsóknir er henni berast eigi síðar en 4 vikum eftir að þær berast henni.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera, ef það telst nauðsynlegt, eða málefnum hjartveikra barna til hagsbóta. Breytingartillögur skulu hljóta einróma samþykki stjórnar sjóðsins.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til þeirrar sjúkrastofnunar á Íslandi sem sinnir hjartaaðgerðum á börnum. Einróma samþykki stjórnar sjóðsins þarf til að leggja hann niður.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. maí 1996.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 282 21. maí 1996

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, Laufrimi, staðgreinireitur 2.541.0.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. maí 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, frá 20. febrúar 1992 með síðari breytingum.

Breytingin er fólgin í því að 5000 m^2 stofnanalóð við Laufrima verður svæði fyrir íbúðabyggð.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 21. maí 1996.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. nóvember 1993, með síðari breytingum.

1. gr.

9. gr. breytist þannig:
Liður 09.11 (5), sbr. reglug. nr. 242/1994, orðist svo:
Búnaður til þess að hreinsa framrúðu fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef hann uppfyllir ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/318 með breytingum í tilskipun nr. 94/68.

2. gr.

12. gr. breytist þannig:
Nýr liður, 12.20 (3), orðist svo:
(3) Mæliaðferðir sem lagðar eru til grundvallar flokkun á bifhjólum með tilliti til hámarkshraða, hámarkssnúningsvægis og hámarksafls teljast vera fullnægjandi ef þær uppfylla ákvæði EB tilskipunar nr. 95/1.

3. gr.

17. gr. breytist þannig:
Liður 17.11 (3), sbr. reglug. nr. 242/1994, orðist svo:
Skermun hjóla fólksbifreiðar telst vera fullnægjandi ef ákvæði EBE tilskipunar nr. 78/549 með breytingum í tilskipun nr. 94/78 eru uppfyllt.

4. gr.

18. gr. breytist þannig:
Liður 18.11 (2), sbr. reglug. nr. 401/1994, orðist svo:
Fólksbifreið skal uppfylla ákvæði um takmörkun mengandi efna í útblæstri skv. EBE tilskipun nr. 70/220 með áorðnum breytingum, síðast með tilskipunum nr. 93/59 og 94/12, eða sambærilegar reglur.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, svo og með hliðsjón af I. og II. kafla II. viðauka EES samningsins, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. maí 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

20. maí 1996 Nr. 284

REGLUGERÐ

um þinglýsingar.

I. KAFLI
Færsla dagbókar og móttaka þinglýsingarskjala.

1. gr.

Við hvert embætti þar sem þinglýsing fer fram skal halda dagbók. Skal hún vera lausblaðabók í þríriti eða í tölvufærðu formi.

Í dagbók skal færa eftirtalin atriði varðandi þinglýsingarskjöl:
1. Hvaða dag skjal er móttekið til þinglýsingar,
2. nafn og kennitölu útgefanda skjals,
3. nafn og kennitölu rétthafa eða viðtakanda skjals,
4. tegund skjals,
5. hvaða eign skjal varði,
6. fjárhæð sem tilgreind er í skjali og ræður gjaldtöku,
7. hvort skjal er verðtryggt,
8. þinglýsingarnúmer skjals í óslitinni töluröð fyrir hvert ár.

Í þinglýsingardagbók skal eingöngu skrá þinglýsingarnúmer veðleyfa og/eða umboða fylgi þau aðalskjali.

2. gr.

Hvert skjal skal fært í dagbók sama dag og það berst þinglýsingarstjóra. Skjöl sem berast eftir afgreiðslutíma teljast afhent næsta dag. Hvern dag að lokinni færslu í dagbók skal þinglýsingarstjóri eða fulltrúi hans staðfesta með undirskrift sinni í dagbók að tilgreind skjöl hafi borist til þinglýsingar.

3. gr.

Endurrit dagbókar er skrá er þinglýsingarstjóri skal gera vikulega skv. 3. mgr. 9. gr. þinglýsingalaga.

4. gr.

Eitt samrit dagbókar skal senda ríkisendurskoðun. Á það eintak skal tilgreina gjald er þinglýsingarbeiðandi greiðir og númer kvittunar, er gefin er út fyrir gjaldinu.

5. gr.

Við móttöku þinglýsingarskjals skal frumrit skjals ásamt samriti, er þinglýsingarstjóri heldur eftir, áritað af þinglýsingarstjóra eða starfsmanni hans. Áritun skal fela í sér viðurkenningu um viðtöku skjals og móttökudag.

Þá er skjal hefur verið fært í þinglýsingabók, ritar þinglýsingarstjóri vottorð um þinglýsinguna á bæði eintök skjalsins. Sé skjali þinglýst með athugasemd skal hún skráð á bæði eintök skjalsins.

Ef þinglýsingarbeiðandi óskar eftir kvittun fyrir móttöku skjals, skal þinglýsingarstjóri gefa hana.

6. gr.

Bifreiðabækur skulu varðveittar í tölvuvæddri skrá fyrir landið í heild. Hver færsla í skrána skal auðkennd embætti því þar sem skjal var móttekið til þinglýsingar. Í þinglýsingarvottorði vegna bifreiðar skal greina efni skjala sem móttekin hafa verið. Ef skjal var móttekið við annað embætti en gefur út vottorðið skal þess getið í athugasemd og þá við hvaða embætti það var móttekið. Skrá þessa skal tengja ökutækjaskrá þannig að við notkun hennar megi fá upplýsingar úr bifreiðabókum þinglýsingarstjóra um það hvort þar sé skráð skjal vegna bifreiðar.

Þinglýsingarstjóra er heimilt að gefa út þinglýsingarvottorð óháð heimilisfangi eiganda bifreiðar.

II. KAFLI
Varsla þinglýsingarskjala, þinglýsingarpappír og þinglýsingabækur.

7. gr.

Þinglýsingarskjöl skal leggja í töluröð í skjalahylki eða möppur og varðveita í læstum skjalaskápum. Varðveita skal þinglýsingarskjöl og þinglýsingabækur í eldtraustri geymslu þar sem þess er kostur.

Þegar skjali er aflýst, skal nema það úr skjalahylkinu og leggja það í skjalasafn þinglýsingarstjóra og geymast í töluröð. Heimilt er að geyma aflýst skjal áfram í skjalahylki, enda beri það skýrlega með sér að því hafi verið aflýst.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða að þinglýsingarskjöl verði varðveitt á tölvutæku formi.

8. gr.

Eintak skjals er þinglýsingarstjóri varðveitir skal vera á löggiltum skjalapappír í stærðinni A 4.

III. KAFLI
Aðgangur að þinglýsingabókum og skjalahylkjum.

9. gr.

Almenningur skal hafa aðgang að þinglýsingabókum og skjalahylkjum þeim eða möppum, sem geyma eintök þinglýstra skjala, í þeim tilgangi að kynna sér efni þeirra, eftir nánari ákvörðun viðkomandi þinglýsingarstjóra.

Skoðun þinglýsingabóka í tölvu skal einungis heimil með þeim hætti að númer viðkomandi bifreiðar eða heiti og númer fasteignar eða skips sé notað. Þegar um skoðun í lausafjárbók er að ræða, skal aðgangur þó heimill eftir nafni og kennitölu eiganda lausafjár.

10. gr.

Starfsmenn þinglýsingarstjóra skulu vera almenningi til aðstoðar við skoðun þinglýsingabóka og skjalahylkja, en gæta þess jafnframt, að skjöl séu hvorki fjarlægð úr skjalahylkjum né heldur að á skjölum eða þinglýsingabókum séu gerðar breytingar.

Óheimilt er að lána þinglýsingabækur, skjalahylki eða skjöl til nota utan skrifstofu þinglýsingarstjóra.

Þinglýsingarstjóri getur, ef nauðsyn krefur, sett nánari fyrirmæli um aðgang almennings að þinglýsingabókum og skjalahylkjum við embætti hans.

11. gr.

Þinglýsingarstjóri getur tekið ákvörðun um að fyrirspurnum, sem berast embætti hans símleiðis um efni þinglýsingabóka, sé einungis svarað ákveðinn tíma dags eða hluta úr degi.

Ljósrit (endurrit) skulu afgreidd til þess, er óskar að fá slíkt endurrit, innan viku frá því beiðni barst.

12. gr.

Gegn greiðslu endurritskostnaðar getur sérhver fengið staðfest ljósrit (endurrit) af því, sem greinir í þinglýsingabókum, og ljósrit af þinglýstum skjölum.

Ljósrit (endurrit) úr þinglýsingabók skal þannig úr garði gert, að það sé auðlæsilegt. Áður en það er afhent, skal gengið úr skugga um, að það sé ekki haldið neinum ágöllum, sem rekja má til tæknilegra atvika við ljósritunina.

Ef blað í þinglýsingabók er mjög ógreinilegt eða óskipulegt, skal skrifa það á nýjan leik, áður en ljósrit er tekið.

13. gr.

Veita má eftirtöldum aðilum vegna starfsemi sinnar heimild til að skoða tölvufærðar þinglýsingabækur með beinlínutengingu:

1. Opinberum stofnunum,
2. héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum,
3. löggiltum fasteigna- og skipasölum,
4. bifreiðasölum, sem leyfi hafa samkvæmt lögum um sölu notaðra ökutækja,
5. bönkum, sparisjóðum og opinberum lánastofnunum,
6. fjármögnunar- og fjárfestingarfyrirtækjum,
7. vátryggingafélögum,
8. öðrum aðilum, enda hafi tölvunefnd áður veitt samþykki sitt fyrir aðgangi slíks aðila.

Sá er heimild hefur til að skoða þinglýsingabók með beinlínutengingu má prenta út úr henni veðbandayfirlit. Er honum óheimilt að veita óviðkomandi aðila upplýsingar úr þinglýsingabók sem hann fær með beinlínutengingu eða afhenda slíkum aðila veðbandayfirlit.

14. gr.

Dómsmálaráðherra, eða sá sem hann felur það, veitir heimild til aðgangs að tölvufærðum þinglýsingabókum með beinlínutenginu í samræmi við nánari reglur er hann setur.

Útprentun á veðbandayfirliti skv. 2. mgr. 13. gr. kemur ekki í stað vottorðs þinglýsingarstjóra um efni þinglýsingabóka samkvæmt þinglýsingalögum.

IV. KAFLI

Gildistaka o.fl.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 53. gr. þinglýsingalaga nr. 39 frá 10. maí 1978, öðlast gildi 1. júní 1996. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð um þinglýsingar nr. 438/1978 með síðari breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. maí 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Högni S. Kristjánsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 41 – 1996

31. maí 1996 585 Nr. 285

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu hönnunar, nr. 178/1994.

1. gr.

9. gr. orðast svo:

Forgangsrétt skv. 7. gr. laganna má byggja á umsókn um vernd sem lögð hefur verið inn í ríki sem er aðili að samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO). Einnig er heimilt að byggja forgangsrétt á umsókn um vernd sem lögð er inn í ríki sem ekki er aðili að samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina ef íslenskar umsóknir um hönnun njóta sambærilegra réttinda í því ríki og löggjöf þar er í aðalatriðum í samræmi við Parísarsamþykktina.

2. gr.

10. gr. orðast svo:

Til að njóta forgangsréttar skv. 7. gr. laganna þarf umsækjandi að krefjast þess í umsókn sinni og tilgreina hvar umsókn, sem forgangsréttarkrafa er byggð á, var lögð inn, umsóknardag hennar og umsóknarnúmer.

Skráningaryfirvöld geta krafist þess innan ákveðins frests að forgangsréttur sé staðfestur með vottorði frá skráningaryfirvöldum, sem tóku á móti umsókn þeirri, er umsækjandi byggir forgangsrétt sinn á. Í vottorðinu skal tilgreina umsóknardag og nafn umsækjanda. Skráningaryfirvöld geta ennfremur krafist afrits af umsókninni ásamt myndum af hönnuninni.

Berist fyrrnefnd skjöl ekki á tilskildum tíma fellur niður réttur til að krefjast forgangsréttar.

Ef fallið er frá kröfu um forgangsrétt skal það tilkynnt skriflega.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 40. og 7. gr. laga nr. 48/1993 um hönnunarvernd, sbr. lög nr. 36/1996, og öðlast gildi 1. júní 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 31. maí 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Steinunn Bjarman.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., nr. 574/1991, með síðari breytingum og um breytingu á auglýsingu um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir, nr. 575/1991, með síðari breytingum.

I. KAFLI
Breytingar á reglugerð varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., nr. 574/1991.

1. gr.

Í stað orðanna „í 45.– 50. gr.“ í 2. ml. 2. mgr. 1. gr. kemur: í 50.– 55. gr.

2. gr.

1. mgr. 3. gr. orðast svo:

Umsóknargögn skulu vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Ef lýsing, einkaleyfiskröfur og ágrip eru ekki á íslensku skulu ágrip og einkaleyfiskröfur liggja fyrir í íslenskri þýðingu áður en umsókn er gerð aðgengileg, en lýsing skal liggja fyrir í íslenskri þýðingu innan fjögurra mánaða frá því að umsækjanda var tilkynnt um að unnt væri að veita einkaleyfi.

3. gr.

Orðin „eða þeim degi er umsóknin telst lögð inn,“ í 1. ml. 1. mgr. 5. gr. falla niður.

4. gr.

16. tl. 3. mgr. 7. gr. fellur niður. Núverandi 17. tl. verður 16. tl.

5. gr.

8. gr. orðast svo:

Einkaleyfastofan útbýr mánaðarlega eða í tengslum við útgáfu rits skv. 49. gr. yfirlit yfir umsóknir, sbr. 7. gr., þar sem fram koma þær upplýsingar sem um getur í 1., 3., 6.– 11. og 14. lið 3. mgr. 7. gr. auk nafns uppfinningamanns.

Slíkt yfirlit skal fást hjá Einkaleyfastofunni gegn ákveðnu gjaldi ef um sérprent er að ræða.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr.:

a) Orðin „eða frá þeim degi sem umsóknin telst lögð inn (gildisdagur),“ í 1. mgr. falla niður.

b) Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Forgangsrétt skv. 6. gr. einkaleyfalaganna má byggja á umsókn um vernd sem lögð hefur verið inn í ríki sem er aðili að samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO). Einnig má byggja forgangsrétt á umsókn um vernd sem lögð er inn í ríki sem ekki er aðili að samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina ef íslenskar umsóknir um einkaleyfi njóta sambærilegra réttinda í því ríki og löggjöf þar er í aðalatriðum í samræmi við Parísarsáttmálann.

7. gr.

7. ml. 1. mgr. 11. gr. verður 2. mgr. 11. gr.
2. mgr. verður 3. mgr.
3. mgr. verður 4. mgr.

8. gr.

3. mgr. 12. gr. fellur niður.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr.:

a) Orðin „eða á þeim degi sem telst umsóknardagur, sbr. 14. gr. einkaleyfalaga“ í 1. mgr. falla niður.
b) 2. ml. 2. mgr. fellur niður.
c) Í stað orðanna „að leggja hana fram“ í 3. ml. 2. mgr. kemur: að veita einkaleyfi á grundvelli hennar.

10. gr.

2. mgr. 22. gr. fellur niður.

11. gr.

Í stað orðanna „hún hefur verið samþykkt til framlagningar“ í 1. mgr. 25. gr. kemur: einkaleyfi hefur verið veitt.

12. gr.

Í stað orðanna „Í samræmi við 44. gr.“ í 2. ml. 2. mgr. 25. gr. b kemur: Í samræmi við 49. gr.

13. gr.

2. mgr. 26. gr. orðast svo:

Nýnæmisrannsókn skal gera á grundvelli einkaleyfa, framlagðra einkaleyfisumsókna eða birtra einkaleyfisumsókna frá Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Noregi, Þýskalandi (áður Vestur-Þýskaland), hinu fyrra Þýska ríki, Stóra-Bretlandi, Frakklandi, Bandaríkjunum og Evrópueinkaleyfastofnuninni, eða útdrátta úr þeim, birtra alþjóðlegra einkaleyfisumsókna eða útdrátta úr þeim og hérlendra einkaleyfisumsókna sem gerðar hafa verið aðgengilegar almenningi. Rannsóknina skal ennfremur gera á grundvelli annarra tiltækra rita ef það telst nauðsynlegt.

14. gr.

30. gr. orðast svo:

Einkaleyfayfirvöld setja nánari reglur um fresti og framlengingu þeirra við meðhöndlun einkaleyfisumsókna. Því aðeins má þó veita frest á veitingu einkaleyfis að ákvörðun um veitinguna hafi verið tekin áður en viðkomandi umsókn er gerð aðgengileg almenningi í samræmi við 2. og 3. mgr. 22. gr. einkaleyfalaganna. Má þá, að beiðni umsækjanda, fresta veitingu einkaleyfisins þar til umsóknin er gerð almenningi aðgengileg í samræmi við áðurnefndar reglur.

15. gr.

Í stað kaflaheitisins **„Framlagning einkaleyfisumsókna.“** á undan 31. gr. kemur: **Veiting einkaleyfa o.fl.**

16. gr.

1.– 2. ml., 1. mgr. 31. gr. orðast svo:

Lýsingu, ásamt teikningum, einkaleyfiskröfum og ágripi, skv. 20. gr. einkaleyfalaganna (einkaleyfisskjal) skal útbúa til útgáfu að tilhlutan einkaleyfafyrirvalda eins fljótt og auðið er eftir að samþykkt hefur verið að veita einkaleyfi og, ef við á, þegar nothæf gögn liggja fyrir í íslenskri þýðingu, skv. 3. gr. þessarar reglugerðar og 38. og 90. gr. augl. ell. Í einkaleyfisskjali skal tilgreina útgáfudag og eftirfarandi atriði:

17. gr.

32. gr. orðast svo:

Í auglýsingu um veitingu skv. 20. gr. einkaleyfalaga skal koma fram heiti uppfinningar ásamt þeim upplýsingum sem getið skal í einkaleyfisskjali skv. 31. gr. að undanskildum heimildargögnum sem dregin hafa verið fram.

18. gr.

Í stað 33.–36. gr. kemur nýr kafli (33.–41. gr.) með heitinu: **Andmæli.**

19. gr.

33. gr. orðast svo:

Andmæli skulu vera skrifleg og í þeim skal koma fram:

1) nafn og heimilisfang andmælanda,
2) skráningarnúmer þess einkaleyfis (einkaleyfisnúmer) sem andmælt er, nafn einkaleyfishafa og heiti uppfinningar,
3) umfang andmæla og þær forsendur sem andmælin byggjast á og jafnframt skal gera á tæmandi hátt grein fyrir staðreyndum, sönnunargögnum og málsatvikum er málið varða,
4) nafn og heimilisfang umboðsmanns, sé hann fyrir hendi.

Andmæli og síðari athugasemdir ásamt tilheyrandi fylgigögnum frá andmælanda og einkaleyfishafa skulu lögð inn í tveimur eintökum, nema einkaleyfafyrirvöld ákveði annað í einstökum tilvikum. Ef einkaleyfishafi er andmælandi skulu andmælin og síðari athugasemdir þó aðeins lögð inn í einu eintaki.

Hafi andmælandi umboðsmann skal leggja fram umboð.

20. gr.

34. gr. orðast svo:

Uppfylli andmæli ekki skilyrði 3. tl. 1. mgr. 33. gr. innan andmælafrestsins skal vísa andmælunum frá. Hið sama á við ef einkaleyfi, sem er andmælt, er ekki tilgreint í andmælunum eða ef ekki er unnt að sannreyna frá hverjum andmælin eru.

Ef andmælin eru, að liðnum andmælafresti, að öðru leyti ekki í samræmi við ákvæði 1.-2. tl. og 4. tl. 1. mgr. 33. gr., beina einkaleyfafyrirvöld þeim tilmælum til andmælanda að bæta úr þeim ágalla innan eins mánaðar. Verði andmælandi ekki við þeim tilmælum innan þessa frests skal vísa þeim frá.

Andmæla skal getið í einkaleyfaskrá. Um auglýsingu á framkomnum andmælum fer eftir ákvæðum 40. gr. að liðnum andmælafresti ef andmælum hefur ekki verið vísað frá.

21. gr.

35. gr. orðast svo:

Að liðnum andmælafresti er eintak af andmælum og tilheyrandi fylgigögnum sent einkaleyfishafa og honum gefinn kostur á að koma fram með athugasemdir og ef við á leggja fram breytta lýsingu, kröfur og teikningar.

Svari einkaleyfishafi andmælum ákveða einkaleyfayfirvöld hvort frekari bréfaskipti milli aðila séu nauðsynleg.

22. gr.

36. gr. orðast svo:

Ákveði einkaleyfayfirvöld að einkaleyfi skuli lýst ógilt er það tilkynnt til aðila. Það sama á við ef einkaleyfayfirvöld ákveða að einkaleyfi skuli standa óbreytt.

23. gr.

37. gr. orðast svo:

Telji einkaleyfayfirvöld að einkaleyfi geti staðið í breyttri mynd er aðilum málsins tilkynnt um það. Þá er einkaleyfishafa gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum, innan 2 mánaða, geti hann ekki fallist á breytingar á texta einkaleyfisins eins og ætlunin er að hann verði.

Fallist einkaleyfishafi á breytingarnar, ákveða einkaleyfayfirvöld að einkaleyfið skuli standa í þeirri mynd. Andmælanda er tilkynnt um þessa ákvörðun.

Fallist einkaleyfishafi ekki á breytingarnar, getur meðferð andmælamálsins haldið áfram ef einkaleyfayfirvöld telja ástæðu til. Ef ekki er talin ástæða til að halda meðferðinni áfram, er ákveðið að einkaleyfið skuli standa í hinni breyttu mynd. Málsaðilum er tilkynnt um þessa ákvörðun.

Þegar endanleg ákvörðun hefur verið tekin um að einkaleyfi skuli standa í breyttri mynd, er þeim tilmælum beint til einkaleyfishafans að greiða tilskilið gjald fyrir útgáfu á nýju einkaleyfisskjali og, ef þörf er á, skila inn gögnum sem eru hæf til fjölföldunar. Gögnin skulu vera í fullkomnu samræmi við þau gögn sem einkaleyfayfirvöld hafa samþykkt og skal einkaleyfishafi afhenda yfirlýsingu þess efnis. Greiði einkaleyfishafi tilskilið útgáfugjald er litið svo á undir öllum kringumstæðum að hann fallist á að einkaleyfið skuli standa í breyttri mynd. Ef hann greiðir ekki tilskilið útgáfugjald, er einkaleyfið lýst ógilt.

Í úrskurði um að einkaleyfi skuli standa í breyttri mynd skal hinn breytti texti einkaleyfisins koma fram.

24. gr.

38. gr. orðast svo:

Útgáfa á nýju einkaleyfisskjali, sem hefur að geyma lýsingu, einkaleyfiskröfur og teikningar í breyttri mynd, skv. 23. gr. einkaleyfalaga, skal gerð að tilhlutan einkaleyfayfirvalda og hefjast eins fljótt og auðið er eftir að útgáfugjaldið hefur verið greitt. Einkaleyfisskjalið skal að öðru leyti hafa að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í 31. gr.

25. gr.

39. gr. orðast svo:

Auglýsa skal úrskurð í andmælamáli skv. 5. mgr. 23. gr. einkaleyfalaga þegar andmælin eru endanlega til lykta leidd. Jafnframt skal geta um úrskurðinn í einkaleyfaskrá.

26. gr.

40. gr. orðast svo:

Í auglýsingu um framkomin andmæli og um úrskurð í málinu skal tilgreina nafn einkaleyfishafa, umsóknardag og umsóknarnúmer, skráningarnúmer einkaleyfis og alþjóðaflokka, heiti uppfinningar og útgáfudag einkaleyfisins. Í auglýsingu um framkomin andmæli skal einnig tilgreina nafn andmælanda.

27. gr.

41. gr. orðast svo:

Berist einkaleyfayfirvöldum, á meðan einkaleyfisumsókn er til meðferðar, skrifleg ábending sem þýðingu hefur fyrir mat á umsókninni skal gera umsækjanda aðvart þar um. Þeim sem sent hefur slíka ábendingu skal bent á að unnt sé að andmæla einkaleyfinu ef til veitingar þess kemur. Þetta á þó ekki við ef ábendingin varðar betri rétt til uppfinningarinnar.

28. gr.

37. gr. verður 42. gr.
38. gr. verður 43. gr.

29. gr.

39. gr. verður 44. gr. og eftirfarandi breytingar verða á greininni:

a) d. liður 5. tl. fellur niður.
b) e. liður verður d. liður.

30. gr.

40. gr. verður 45. gr. og orðast svo:

Í auglýsingu um veitingu einkaleyfis skv. 20. gr. einkaleyfalaga skal koma fram nafn einkaleyfishafa, númer umsóknar og einkaleyfis ásamt alþjóðaflokkum, heiti uppfinningar og útgáfudegi.

31. gr.

41. gr. verður 46. gr.
42. gr. verður 47. gr.

32. gr.

43. gr. verður 48. gr. og við bætist ný mgr., 4. mgr., og orðast svo:

Beiðnir, skv. 1. og 2. mgr., um innritun í skrá skulu vera skriflegar og þeim skal fylgja tilheyrandi skjal varðandi breytinguna.

33. gr.

44. gr. verður 49. gr.
45. gr. verður 50. gr.
46. gr. verður 51. gr.
47. gr. verður 52. gr.
48. gr. verður 53. gr.
49. gr. verður 54. gr.
50. gr. verður 55. gr.
51. gr. verður 56. gr.

34. gr.

52. gr. verður 57. gr. og orðast svo:

Ef alþjóðleg umsókn er ekki á dönsku, norsku, sænsku eða ensku skal þýðing á eitthvert þessara tungumála lögð inn við yfirfærslu umsóknarinnar í samræmi við 31. gr. einkaleyfalaga eða við endurskoðun ákvörðunar skv. 1. mgr. 38. gr. laganna. Ennfremur skal afhenda þýðingu á íslensku af ágripi og einkaleyfiskröfum, sbr. ákvæði 1. mgr. 3. gr., ef umsókn er yfirfærð eftir 18 mánuði frá alþjóðlegum umsóknardegi eða forgangsréttardegi. Ákvæði 3. gr. gilda að öðru leyti varðandi þýðingar á umsóknargögnum.

Einkaleyfayfirvöld geta sett reglur til að takmarka skyldu til að afhenda þýðingu ef aðeins hluti alþjóðlegrar umsóknar er yfirfærður til landsins.

35. gr.

53. gr. verður 58. gr.
54. gr. verður 59. gr.
55. gr. verður 60. gr.
56. gr. verður 61. gr.
57. gr. verður 62. gr.

36. gr.

58. gr. verður 63. gr. og 4. mgr. fellur niður.

37. gr.

Á eftir 58. gr. kemur ný grein, 64. gr., svohljóðandi:

Umsókn um einkaleyfi fyrir sérstakri aðferð við tilreiðslu lækningalyfja, sem lögð hefur verið inn eftir 1. janúar 1995, er heimilt að breyta þannig að hún nái einnig til afurðarinnar sem slíkrar, sbr. 2. mgr. 75. gr. einkaleyfalaga. Breytingin má þó ekki ná til einhvers sem ekki á sér stoð í grunngögnum, sbr. 19. gr.

Beiðni um breytingu skv. 1. mgr. skal lögð inn hjá einkaleyfayfirvöldum fyrir 1. janúar 1997.

II. KAFLI
Breytingar á auglýsingu um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir, nr. 575/1991, með síðari breytingum.

38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

a) Í stað orðanna „ákvæði í 45.-50. gr. rg. ell." í 1. mgr. kemur: ákvæði í 50.-55. gr. rg. ell.

b) 2. mgr. orðast svo:

Sænska einkaleyfastofnunin (PRV) eða evrópska einkaleyfastofnunin (EPO) eru, að vali umsækjanda, alþjóðlegar nýnæmisrannsóknar- og forathugunarstofnanir fyrir alþjóðlegar umsóknir sem Einkaleyfastofan veitir viðtöku. Þegar þess er óskað að sænska einkaleyfastofnunin framkvæmi nýnæmisrannsókn eða forathugun á alþjóðlegri umsókn skal hún lögð inn á dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Þegar þess er óskað að evrópska einkaleyfastofnunin annist þessar rannsóknir á alþjóðlegri umsókn skal hún lögð inn á ensku.

39. gr.

3. mgr. 4. gr. orðast svo:

Staðfesta skal umsókn, sem berst með bréfasíma (fax) eða hliðstæðum búnaði, með því að senda inn frumritin undirrituð af umsækjanda eða umboðsmanni hans innan 14 daga frá móttöku símabréfsins.

40. gr.

Á eftir orðunum „til lækningalyfja" í 14. gr. kemur: og lagðar voru inn fyrir 1. janúar 1995.)

41. gr.

Í stað orðanna „á tilteknu eintaki lýsingar sem ætlað er til framlagningar“ í 4. mgr. 26. gr. kemur: á tilteknu eintaki lýsingar, ásamt kröfum og teikningum, sem ætlað er til veitingar einkaleyfis.

42. gr.

2. mgr. 37. gr. orðast svo:

Ef einkaleyfisumsókn er ekki á tungumáli sem viðurkennt er af alþjóðlegri stofnun sem annast nýnæmisrannsókn (þ.e. sænsku einkaleyfastofnuninni eða evrópsku einkaleyfastofnuninni) skal þýðing á tilskilið tungumál fylgja kröfu um alþjóðlega nýnæmisrannsókn, sbr. 3. gr.

43. gr.

1. mgr. 38. gr. orðast svo:

Umsóknargögn skulu vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Ef lýsing, einkaleyfiskröfur og ágrip eru ekki á íslensku skulu ágrip og einkaleyfiskröfur liggja fyrir í íslenskri þýðingu áður en umsókn er gerð aðgengileg. Ef umsókn leiðir til veitingar einkaleyfis skal samþykkt gerð lýsingar, einkaleyfiskrafna, ágrips og texta á teikningum, ef við á, liggja fyrir í íslenskri þýðingu innan 4 mánaða frá því að umsækjanda var tilkynnt um að unnt væri að veita einkaleyfi skv. 1. mgr. 19. gr. ell.

44. gr.

43. gr. orðast svo:

(Engin ákvæði eru undir þessu númeri.)

45. gr.

56. gr. orðast svo:

(Engin ákvæði eru undir þessu númeri.)

46. gr.

57. gr. orðast svo:

(Engin ákvæði eru undir þessu númeri.)

47. gr.

61. gr. orðast svo:

(Engin ákvæði eru undir þessu númeri.)

48. gr.

1. ml. 66. gr. orðast svo:

Leyndartíminn 18 mánuðir, skv. 2. mgr. 22. gr. ell., hefst á umsóknar- eða gildisdegi, ef hann er ekki sá sami og umsóknardagur (þ.e. við hlutun eða úrfellingu), eða á forgangsréttardegi þegar forgangsréttar er krafist að fullu eða að hluta.

49. gr.

Orðin „og 14. gr. ell.“ í 70. gr. fellur niður.

50. gr.

Í stað kaflaheitisins **„Athugun á lýsingu áður en umsókn er samþykkt til framlagningar“** á undan 78. gr. kemur: **Athugun á lýsingu umsóknar áður en samþykkt er að veita einkaleyfi.**

51. gr.

Í stað orðanna „áður en umsókn er lögð fram“ í 1. ml. 78. gr. kemur: áður en tilkynnt er að unnt sé að veita einkaleyfi.

52. gr.

Í stað orðanna „frá og með 1. janúar 1990 er þannig: „Alþj.fl.[5]“ („Int. Cl.[5]“)“ í 3. ml. 79. gr. kemur: frá og með 1. janúar 1995 er þannig: „Alþj.fl.[6]“ („Int. Cl.[6]“).

53. gr.

Í stað orðanna „Áður en framlagning á sér stað“ í 1. ml. 1. mgr. 84. gr. kemur: Áður en veiting einkaleyfis á sér stað.

54. gr.

1. mgr. 87. gr. orðast svo:

Þegar einkaleyfi er veitt skal fyrrnefndur listi vera á einkaleyfisskjalinu undir yfirskriftinni „Framdregin gögn“. Ef ný mótgögn eru dregin fram vegna andmæla, eftir veitingu, skal þeim bætt á listann ef einkaleyfi skal standa í breyttri eða óbreyttri mynd.

55. gr.

Í stað kaflaheitisins **„Framlagning umsóknar“** á undan 88. gr. kemur: **Veiting einkaleyfis.**

56. gr.

88. gr. orðast svo:

Þegar samþykkt hefur verið að veita einkaleyfi má ekki breyta gögnum sem tilheyra umsókn, án þess að umsækjanda hafi áður verið gert viðvart, nema um sé að ræða augljósar leiðréttingar að því er varðar formsatriði í lýsingu, kröfum eða teikningum eða upplýsing sé bersýnilega óþörf að öðru leyti.

57. gr.

89. gr. orðast svo:

Telji einkaleyfayfirvöld að unnt sé að veita einkaleyfi en ekki hefur enn verið staðfest að umsækjandi fallist á texta væntanlegs einkaleyfis eiga ákvæði 2. mgr. og 3. mgr. við.

Einkaleyfayfirvöld skulu gefa umsækjanda kost á að tjá sig, innan 2 mánaða, um texta væntanlegs einkaleyfis. Fallist umsækjandi á textann eiga ákvæði 19. gr. einkaleyfalaganna við.

Fallist umsækjandi ekki á textann getur meðferð umsóknarinnar haldið áfram. Telji einkaleyfayfirvöld ekki ástæðu til að halda meðferðinni áfram er umsóknin afskrifuð. Í tilkynningu, sbr. 1. og 2. mgr., skal koma fram að unnt sé að afskrifa umsókn fallist umsækjandi ekki á textann.

58. gr.

90. gr. orðast svo:

Liggi ekki fyrir skjöl sem nothæf eru til fjölföldunar þegar tilkynning skv. 1. mgr. 19. gr. einkaleyfalaga er send, ber umsækjanda að leggja slík skjöl fram innan tveggja mánaða frá tilkynningunni. Ef þýða þarf samþykktan texta þessara skjala á íslensku gildir fjögurra mánaða frestur frá tilkynningunni, sbr. 38. gr.

59. gr.

91. gr. orðast svo:

Andmæli skulu strax færð í einkaleyfaskrá, þar skal tilgreina:

1) nafn og heimilisfang andmælanda,
2) nafn og heimilisfang umboðsmanns, sé hann fyrir hendi,
3) móttökudag andmæla.

Úrskurðar í andmælamáli skal getið í einkaleyfaskrá, sbr. 39. gr. rg. ell. Þar skal koma fram niðurstaða ásamt deginum þegar úrskurðurinn var birtur.

60. gr.

92. gr. orðast svo:

Hafi öll andmæli gegn einkaleyfi, með óyggjandi hætti, verið dregin til baka ber einkaleyfayfirvöldum að rannsaka hvort tilefni sé til þess að taka andmælamál til meðferðar, sbr. 2. mgr. 23. gr. einkaleyfalaga. Telji einkaleyfayfirvöld að tilefni sé til að taka andmæli til efnislegrar meðferðar, skal einkaleyfishafa tilkynnt um þá ákvörðun og hún rökstudd. Berist einkaleyfishafa ekki slík tilkynning innan tveggja mánaða eftir að síðustu andmælin voru dregin til baka telst ákvörðunin um veitingu einkaleyfis standa óbreytt.

61. gr.

93. gr. orðast svo:

(Engin ákvæði eru undir þessu númeri.)

62. gr.

Í stað orðsins „umsækjanda“ í 1., 2. og 3. mgr. 94. gr. kemur: einkaleyfishafa.

63. gr.

Í stað orðsins „umsækjanda“ í 95. gr. kemur: einkaleyfishafa.

64. gr.

96. gr. orðast svo:

(Engin ákvæði eru undir þessu númeri.)

65. gr.

97. gr. orðast svo:

Hafi andmælandi með óyggjandi hætti dregið andmæli sín til baka eða lýst því yfir skriflega að hann hafi ekki lengur neitt við það að athuga að einkaleyfi standi óbreytt telst andmælandi hafa endanlega afsalað sér rétti til að áfrýja ákvörðun um að einkaleyfi standi óbreytt.

66. gr.

Í stað orðanna „skv. 36. gr. rg. ell.“ í 1. mgr. 98. gr. kemur: skv. 41. gr. rg. ell.

67. gr.

Í stað orðanna „Fyrir framlagningu umsóknar“ í 1. mgr. 100. gr. kemur: Áður en tilkynnt er að unnt sé að veita einkaleyfi.

68. gr.

1. tl. 101. gr. fellur niður, 2. tl. verður 1. tl., 3. tl. verður 2. tl. og 4. tl. verður 3. tl.

69. gr.

1. mgr. 2. reglu í viðauka I. orðast svo:

Um framkvæmd rannsóknar skulu gilda ákvæði 26. gr. rg. ell., 68. og 71.-73. gr. augl. ell. og leiðbeiningar sem Einkaleyfastofan lætur dönsku einkaleyfastofnuninni í té.

70. gr.

2. mgr. 3. reglu í viðauka I. fellur niður.

71. gr.

Í stað kaflaheitisins *„Tímabundin ákvæði varðandi meðferð einkaleyfisumsókna er taka til lækningalyfja."* í viðauka II. kemur: *Sérákvæði um meðferð einkaleyfisumsókna sem lagðar voru inn, eða teljast hafa verið lagðar inn, fyrir 1. janúar 1995 og taka til lækningalyfja.*

72. gr.

1. regla í viðauka II. orðast svo:

Skv. 2. mgr. 75. gr. ell., fyrir breytingu þeirra með lögum nr. 36/1996, er aðeins unnt að veita einkaleyfi fyrir sérstakri aðferð við framleiðslu lyfja en ekki afurðinni sem slíkri.

III. KAFLI
Gildistaka.

73. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 17/1991, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júní 1996.

74. gr.

Reglugerð þessi á við um einkaleyfisumsóknir sem lög nr. 17/1991, með síðari breytingum taka til og eru til meðferðar hjá einkaleyfayfirvöldum við gildistöku hennar, með eftirfarandi undantekningum:

1) Hafi verið send tilkynning um að fallist sé á framlagningu umsóknar fyrir gildistöku reglugerðar þessarar fer um meðferð þeirrar umsóknar eftir ákvæðum rg. ell. og augl. ell. eins og þau voru fyrir 1. júní 1996.
2) Ákvæði, er varða tilfærslu gildisdags og frest til að leggja inn hlutaða umsókn, í rg. ell. og augl. ell. eins og þau voru fyrir 1. júní 1996 skulu eiga við umsóknir sem lagðar voru inn fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

75. gr.

Um umsóknir, er taka til lækningalyfja og lagðar voru inn, eða teljast hafa verið lagðar inn, fyrir 1. janúar 1995, gilda áfram ákvæði í viðauka II. í auglýsingu nr. 575/1991.

Iðnaðarráðuneytinu, 31. maí 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um forgangsrétt til tilkynninga um skráningu á vörumerkjum, nr. 436/1990.

1. gr.

Á eftir orðunum „frá 20. mars 1983," í 1. mgr. 1. gr. kemur:
eða samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO).

2. gr.

Á eftir orðunum „frá 20. mars 1983," í 1. ml. 1. mgr. 2. gr. kemur:
eða samningnum um Alþjóðaviðskiptastofnunina (WTO).

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 46. gr., sbr. 18. og 30. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júní 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 31. maí 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., nr. 632/1995 og um breytingu á auglýsingu um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna, nr. 639/1995.

I. KAFLI
Breytingar á reglugerð um gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki, hönnun o.fl., nr. 632/1995.

1. gr.

Orðin „eða afrit" í 5. tl. 1. mgr. 1. gr. falla niður.

2. gr.

Í stað orðanna „eða 1. mgr. 20. gr. ell." í 6. tl. 1. mgr. 1. gr. kemur: eða 3. mgr. 19. gr. ell.

3. gr.

7. tl. 1. mgr. 1. gr. orðast svo:

7) Útgáfugjald skv. 1. mgr. 19. gr. ell.:

a) grunngjald fyrir fyrstu 40 blaðsíður lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi	6.000
b) viðbótargjald fyrir hverja blaðsíðu sem byrjar umfram 40	550
c) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við þær sem greitt var fyrir við innlagningu umsóknar	1.300

4. gr.

4. mgr. 1. gr. orðast svo:

Þegar umsækjanda er tilkynnt um að unnt sé að veita einkaleyfi sbr. 1. mgr. 19. gr. ell. skal jafnframt geta um upphæð útgáfugjalds. Fjöldi síðna skv. 7. tl. 1. mgr. miðast við þá lýsingu ásamt einkaleyfiskröfum og teikningum sem fyrir liggja þegar tilkynningin er send.

5. gr.

Við 1. gr. bætast tvær nýjar mgr., sem verða 5. og 6. mgr.

a) 5. mgr. orðast svo:

Fyrir umsóknir sem voru samþykktar til framlagningar og umsækjanda tilkynnt þar um fyrir 1. júní 1996, skal í stað útgáfugjalds greiða framlagningargjald skv. 1. mgr. 20. gr. ell. fyrir breytingu þeirra skv. lögum nr. 36/1996:

a) grunngjald fyrir fyrstu 40 blaðsíður lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi 6.000
b) viðbótargjald fyrir hverja blaðsíðu sem byrjar umfram 40 550
c) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við þær sem greitt var fyrir við innlagningu umsóknar 1.300

b) 6. mgr. orðast svo:

Þar, sem kveðið er á um útgáfugjald í 4. mgr., er átt við framlagningargjald að því er varðar þær umsóknir, sem höfðu verið samþykktar til framlagningar og umsækjanda tilkynnt þar um, fyrir 1. júní 1996.

6. gr.

Í stað orðanna „43. gr. rg. ell." í 1. tl. 1. mgr. 4. gr. kemur: 48. gr. rg. ell.

7. gr.

Á eftir orðunum „Gjöld skv. 1. mgr." í 2. mgr. 17. gr. kemur: og 5. mgr.

II. KAFLI
Breytingar á auglýsingu um gjöld vegna alþjóðlegra einkaleyfisumsókna, nr. 639/1995.

8. gr.

Í stað „46. gr." í 1., 3., 6. og 7. tl. 1. mgr. og í 5. mgr. 1. gr. kemur: 51. gr.

9. gr.

1. mgr. 2. gr. orðast svo:

Fyrir rannsókn á alþjóðlegri umsókn og rannsókn skv. 9. gr. einkaleyfalaga nr. 17/1991 (ell.), með síðari breytingum greiðast eftirtalin gjöld:

1) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá sænsku einkaleyfastofnuninni (PRV), skv. 3. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT:

a) Ef skýrsla vegna nýnæmisrannsóknar hefur verið gerð og látin í té af sænsku einkaleyfastofnuninni vegna eldri umsóknar sem forgangsréttarkrafa er byggð á 64.000
b) Ef skýrsla vegna nýnæmisrannsóknar hefur verið gerð og látin í té af dönsku, finnsku, norsku eða íslensku einkaleyfastofnuninni vegna eldri umsóknar sem forgangsréttarkrafa er byggð á (afrit af skýrslunni verður að afhenda PRV) 64.000

c) í öllum öðrum tilvikum	70.000
2) Viðbótargjald vegna rannsóknar skv. 1. tl., ef umsókn tekur til fleiri en einnar uppfinningar sem eru óháðar hver annarri	70.000
3) Nýnæmisrannsókn á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO), skv. 3. tl. 2. mgr. 51. gr. rg. ell., sbr. b-lið 1. mgr. 16. reglu PCT	108.100
4) Gjöld fyrir alþjóðlega nýnæmisrannsókn („International Type Search") á íslenskri einkaleyfisumsókn, skv. 9. gr. ell., sbr. 5. gr. rg. ell.:	
a) Grunngjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni	64.000
b) Viðbótargjald hjá sænsku einkaleyfastofnuninni fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram 10	1.300
c) Grunngjald hjá evrópsku einkaleyfastofnuninni (EPO)	108.100

10. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 17/1991 með síðari breytingum og öðlast gildi 1. júní 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 31. maí 1996.

Halldór Ásgrímsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 289 31. maí 1996

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 254/1993, um vörugjald af ökutækjum, sbr. reglugerð nr. 169/1995, um breyting á henni.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Á fólksbifreiðar og önnur vélknúin ökutæki, sem ekki eru sérstaklega tilgreind í 4. gr., skal lagt vörugjald í eftirfarandi þremur gjaldflokkum miðað við sprengirými aflvélar, mælt í rúmsentimetrum:

	Sprengirými aflvélar		
Flokkur	Bensínvélar	Dísilvélar	Gjald í %
I	0 - 1.600	0 - 2.100	30
II	1.601 - 2.500	2.101 - 3.000	40
III	Yfir 2.500	Yfir 3.000	65

2. gr.

Við 1. tölul. 22. gr. reglugerðarinnar bætist nýr stafliður, e-liður, er orðist svo:

e. Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög.

3. gr.

4. tölul. 23. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

4. Af leigubifreiðum til fólksflutninga skal vörugjald lækka um 3/4 hluta þess sem gjaldið er umfram 30%. Að teknu tilliti til eftirgjafar verður því gjald sem hér segir, sbr. 3. gr.:

Flokkur	Sprengirými aflvélar		
	Bensínvélar	Dísilvélar	Gjald í %
I	0 - 1.600	0 - 2.100	30,00
II	1.601 - 2.500	2.101 - 3.000	32,50
III	Yfir 2.500	Yfir 3.000	38,75

4. gr.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 28. gr. laga nr. 29 13. apríl 1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 31. maí 1996.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Nr. 290 600 31. maí 1996

AUGLÝSING

um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 19. desember síðastliðinn, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Almenn bílastæði við vestari götukant Þverholts frá Stórholti og suður að syðri lóðarmörkum Þverholts 14 verði gjaldskyld með leyfilegum hámarkstíma 2 klst.

Notaðir verða stöðumælar fyrir 50 króna mynt með tímagjaldinu 50 krónur á klukkustund.

Ákvörðunin tekur gildi nú þegar.

Reykjavík, 31. maí 1996.

Borgarstjórinn í Reykjavík,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Nr. 291 23. maí 1996

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Varmahlíðar, Seyluhreppi 1995-2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 23. maí 1996 staðfest aðalskipulag Varmahlíðar, Seyluhreppi 1995-2015. Jafnframt er fellt úr gildi aðalskipulag Varmahlíðar frá 10. október 1983 með síðari breytingum.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Seyluhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 23. maí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Hrafn Hallgrímsson.

Gutenberg

TILKYNNING

nr. 1/1996 um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Samkeppnisstofnun hefur á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara ákveðið eftirfarandi flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum frá og með 4. júní 1996 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	1,10 kr. á lítra
gasolía	0,90 kr. á lítra
aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,60 kr. á kg
flugvélabensín	0,05 kr. á lítra
flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,05 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 193/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutingsjöfnunarsjóðs olíuvara.

Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 31. maí 1996.

Georg Ólafsson.

Gunnar G. Þorsteinsson.

24. maí 1996 Nr. 293

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Laugarás í Reykjavík.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 24. apríl 1996 staðfest breytingu á staðfestu deiliskipulagi í Laugarási í Reykjavík, staðgreinireit 1.381.6, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að heimiluð verður 25 m^2 viðbygging við hús nr. 12 við Austurbrún.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 24. maí 1996.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 – 1996

Nr. 294 602 20. maí 1996

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á svæði heilbrigðiseftirlits Austurlands.

1. gr.

Gildissvið.

Gjaldskrá þessi fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit gildir á svæði heilbrigðiseftirlits Austurlands samkvæmt 6. mgr. 6. gr. laga nr. 81/1988. Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæðinu er sveitarstjórnum heimilt, samkvæmt 5. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit að innheimta árleg eftirlitsgjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit í samræmi við heilbrigðisreglugerð og mengunarvarnareglugerð.

2. gr.

Flokkun.

Eftirlitsskyldum aðilum skv. heilbrigðisreglugerð sem taldir eru upp í 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tölulið 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, skal skipt í þrjá flokka eftir eðli og áhættu starfseminnar í samræmi við fylgiskjal 1.

Eftirlitsskyldum aðilum skv. mengunarvarnareglugerð, sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988, skal skipt í fimm flokka eftir eðli og áhættu starfseminnar í samræmi við fylgiskjal nr. 2 og viðauka 8 og 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum.

Í fylgiskjölum númer 1 og 2 er hverjum flokki skipt í fimm þrep eftir umfangi starfseminnar.

3. gr.

Eftirlitsgjöld.

Eftirlitsgjald hvers aðila er reiknað út frá grunngjaldinu kr 1.200. Upphæð eftirlitsgjalds miðast við að það standi undir kostnaði sem heilbrigðiseftirlitið hefur af reglubundnu eftirliti hjá viðkomandi aðila. Eftirlitsgjald er ávallt tiltekið margfeldi af grunngjaldi samkvæmt reglum í fylgiskjölum nr. 1 og 2 og er sem hér segir:

Fyrirtæki flokkuð samkvæmt fylgiskjali 1:

Umfang /Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Flokkur 1	6.000	18.000	36.000	54.000	90.000
Flokkur 2	6.000	12.000	18.000	36.000	54.000
Flokkur 3	6.000	12.000	18.000	24.000	30.000

Fyrirtæki flokkuð samkvæmt fylgiskjali 2:

Umfang /Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Flokkur 1	24.000	48.000	72.000	96.000	120.000
Flokkur 2	12.000	24.000	36.000	48.000	60.000
Flokkur 3	12.000	24.000	36.000	48.000	60.000
Flokkur 4	6.000	18.000	30.000	42.000	54.000
Flokkur 5	6.000	12.000	18.000	24.000	30.000

Gutenberg

Heimilt er að lækka eftirlitsgjöld sé um að ræða starfsemi sem hefur sérstakt innra eftirlit og hlotið hefur samþykki heilbrigðiseftirlitsins.

Aðilar sem hefja rekstur fyrir 1. júlí greiða fullt eftirlitsgjald á því ári. Aðilar sem hefja rekstur síðar á árinu greiða hálft gjald á því ári.

Sé um að ræða fjölþætta starfsemi sama aðila skal einungis innheimt eitt gjald, það hæsta í viðkomandi tilviki, enda fari starfsemin fram á sömu starfsstöð eða lögbýli og um náskylda starfsemi sé að ræða.

4. gr.

Starfsleyfisgjöld.

Þegar gefin eru út ný starfsleyfi vegna eftirlitsskyldra fyrirtækja er heimilt að taka gjald sem nemur hálfu eftirlitsgjaldi, sbr. fylgiskjöl nr. 1 og 2.

Sé um endurnýjun leyfis að ræða og/eða breytingar á rekstri eða húsakynnum, er heimilt að innheimta hálft starfsleyfisgjald. Ef heilbrigðisfulltrúi metur breytingarnar smávægilegar er heimilt að fella gjaldið niður.

5. gr.

Gjöld fyrir vottorð.

Fyrir hvert umbeðið vottorð sem heilbrigðisfulltrúi gefur út samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eða skoðun er heimilt að innheimta kr. 5.000.

6. gr.

Útseld þjónusta.

Ef verkefni eru umfram reglubundið eftirlit er heimilt að gera sérstakan reikning vegna þeirra. Sama gildir um önnur þjónustuverkefni og útselda vinnu. Tímakaup í útseldri vinnu er kr. 3.500.

7. gr.

Innheimta gjalda.

Heilbrigðisfulltrúar semja fyrir hönd svæðisnefndar skrá yfir eftirlitsskylda aðila á starfssvæðum sínum, samkvæmt fyrrgreindum fylgiskjölum. Listi með nöfnum aðila ásamt flokkun þeirra samkvæmt ofangreindu skal afhentur hlutaðeigandi sveitarfélögum fyrir 1. febrúar ár hvert.

Sveitarfélög innheimta eftirlitsgjöld á eigin ábyrgð og kostnað. Gjöld þessi skulu ganga til greiðslu á kostnaði vegna heilbrigðiseftirlits. Heimilt er að fela starfsfólki heilbrigðiseftirlitsins að innheimta gjöld fyrir vottorð og útselda vinnu, sbr. 4. og 5. gr.

8. gr.

Gjalddagi.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert. Um innheimtu gjalda fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

9. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af sveitarfélögum á svæði heilbrigðiseftirlits Austurlands, sbr. 5. gr., 6. mgr. 6. gr. og 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 484/1989 fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit á Austurlandssvæði.

Umhverfisráðuneytinu, 20. maí 1996.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Fylgiskjal 1

Flokkun fyrirtækja, sem eru eftirlitsskyld skv. heilbrigðisreglugerð eftir eðli, áhættu og umfangi

Flokkur 1
Fyrirtæki, einnig baðstaðir, sem selja, geyma, dreifa, framleiða eða meðhöndla kælivöru eða aðra óvarða neysluvöru.

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	15x	30x	45x	75x

A Þjónusta
1. Gististaðir með matsölu
2. Veitingahús
3. Fangageymslur / gæsluvarðhald / afplánun
4. Mötuneyti
5. Dvalarheimili
6. Hjúkrunarheimili
7. Sumarbúðir

B Framleiðsla
1. Fiskvinnsluhús, fyrir innanlandsmarkað
2. Smurbrauðsstofur
3. Kjötvinnslur
4. Ísgerðir
5. Mjólkurstöðvar
6. Smjörlíkisgerðir
7. Salatgerð
8. Reykhús og reykkofar
9. Veitingaverslun
10. Pizzugerð

C Verslun
1. Neysluvörusala
2. Matsöluvagnar
3. Skíðaskálar með matsölu

Þó ekki lægra en 10 grunngjöld ef seldur er ís úr vél.

D Líkams- og heilsurækt
1. Sundlaugar

Við eftirlitsgjald skv. flokkun bætist sexfalt grunngjald við fyrir hverja laug og hvern heitan pott.

E Annar sambærilegur rekstur

Flokkur 2

Fyrirtæki sem geyma, selja, framleiða eða dreifa hráefnum og pakkaðri vöru, annarri en kælivöru

Umfang /Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	10x	15x	30x	45x

A Sölustarfsemi
1. Torgsala
2. Neysluvörusala, einföld
3. Sala efna til matargerðar
4. Heildverslun
5. Apótek

B Geymsla o.fl.
1. Vörugeymslur, allar nema kæligeymslur
2. Frystigeymslur
3. Flutningsaðilar og -tæki

C Framleiðsla, ýmis
1. Neysluvöruiðnaður
2. Kaffibrennsla
3. Sælgætisiðnaður
4. Sultu- og efnagerð
5. Brauðgerð
6. Gos- og drykkjavöruframleiðsla
7. Kartöfluframleiðsla
8. Kryddgerð
9. Vinnsla náttúruafurða
10. Áfengisframleiðsla
11. Vinnsla, flokkun, pökkun og geymsla garðávaxta

D Annar rekstur sambærilegur

Flokkur 3

Fyrirtæki sem bjóða dvöl eða persónulega þjónustu og annar sambærilegur rekstur sem ekki fellur í aðra gjaldflokka

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	10x	15x	20x	25x

A Snyrti- og læknastofur
1. Læknastofur
2. Tannlæknastofur
3. Sjúkraþjálfun
4. Ljósastofur
5. Hársnyrting
6. Ýmsar snyrtistofur og- verslun
7. Nuddstofur
8. Heilsugæsla / sjúkrahús

B Líkams- og heilsuræktarstöðvar
1. Gufubaðstofur
2. Heilsuræktarstöðvar
3. Íþróttasalir / íþróttahús
4. Íþróttavellir með búningsaðstöðu

C Tjald- ,útivistar- og gistiþjónusta
1. Tjaldsvæði, með hreinlætisaðstöðu
2. Skíðasvæði, með aðstöðu fyrir almenning
3. Skíðaskálar
4. Fjallaskálar
5. Sumarhús, án matsölu
6. Vegahótel, án matsölu
7. Útivistarsvæði
8. Orlofsheimili

D Skólar, dagheimili, leiksvæði, kirkjur og samkomuhús
1. Skólar, án mötuneyta
2. Dagheimili, án mötuneyta
3. Kvikmyndahús
4. Samkomusalir
5. Kirkjur og safnaðarheimili
6. Biðstöðvar
7. Fangageymslur, án mötuneyta
8. Félagsheimili, sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur

E Tómstundastarfsemi
1. Leiktækjasalir
2. Knattborðsstofur
3. Tómstundamiðstöðvar

F Ýmislegt
1. Bensínstöðvar, án neysluvara, með eitur- og hættuleg efni
2. Blómaverslanir
3. Leikfangaverslanir
4. Framleiðsla hreinlætisvara
5. Sala á hjúkrunarvörum
6. Almenn samgöngutæki
7. Véla- og varahlutaverslanir
8. Málningar- og byggingavöruverslanir
9. Búsáhaldaverslanir

G Annar sambærilegur rekstur

Fylgiskjal 2

Flokkun fyrirtækja sem eru undir eftirliti heilbrigðisnefndar skv. mengunarvarnareglugerð eftir eðli, áhættu og umfangi

Flokkur 1

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	20x	40x	60x	80x	100x

Flokkur 2

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	10x	20x	30x	40x	50x

1. Skólphreinsistöðvar
2. Annar sambærilegur rekstur

Flokkur 3

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	10x	20x	30x	40x	50x

A *Vinnsla úr járni og öðrum málmum*
1. Yfirborðsmeðhöndlun á járni, stáli og öðrum málmum

B *Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu*
1. Ullarþvottastöðvar
2. Fituherslur
3. Lifrarbræðslur
4. Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi

C *Búfjár- og dýrahald*
1. Seiðaeldisstöðvar með meira en 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn

D *Starfsemi sem snertir vélknúin farartæki*
1. Gasbirgðastöðvar með meira en 100 m^3 geymslurými (STP)
2. Bensínstöðvar

E *Ýmislegt*
1. Saltvinnsla úr sjó

F *Annar sambærilegur rekstur*

Flokkur 4

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	15x	25x	35x	45x

A *Vinnsla úr járni og öðrum málmum*
1. Stálsmíði og stálskipagerð
2. Málmsteypur

B *Efnaiðnaður*
1. Hreinlætisvöruverksmiðjur
2. Plastframleiðsla
3. Efnalaugar
4. Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum
5. Prentiðnaður

C *Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu*
1. Litun og bleiking

D *Matvælavinnsla*
1. Sláturhús
2. Reykhús og reykofnar
3. Mjólkurstöðvar
4. Heitloftsþurrkun fiskafurða

E *Starfsemi er snertir vélknúin ökutæki*
1. Olíumalar- og malbikunarstöðvar með breytilega staðsetningu
2. Flugvellir og flugbrautir
3. Ryðvarnarverkstæði og smurstöðvar
4. Bílaþvottastöðvar

F *Ýmislegt*
1. Seiðaeldisstöðvar með minna en 150 þús. seiði og afrennsli í ferskvatn
2. Fiskeldisstöðvar með ársframleiðslu undir 200 tonnum og fráveitu til sjávar eða þar sem ársframleiðsla er undir 20 tonnum og fráveita í ferskvatn.

G *Annar sambærilegur rekstur*

Flokkur 5

Umfang/Störf:	<1	<3	<5	<20	>20
Gjald:	5x	10x	15x	20x	25x

A *Vinnsla úr járni og öðrum málmum*
1. Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur
2. Nagla- og skrúfuframleiðsla
3. Vélaframleiðsla
4. Blikksmiðjur
5. Vinnsla á málmum í raftækniiðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði

B *Vinnsla og úrvinnsla á kalki, leir, steinum og sambærilegum jarðefnum*
1. Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum
2. Steinsmíði
3. Steypustöðvar og steypueiningarverksmiðjur
4. Leirmunaverkstæði

C Efnaiðnaður

1. Fyrirtæki sem geyma klórgas
2. Lakksprautun
3. Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla
4. Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda
5. Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum í matvælaiðnaði

D Vinnsla og úrvinnsla á efnum úr jurta- og dýraríkinu

1. Fóðurstöðvar
2. Fóðurblöndun
3. Gúmmívinnsla
4. Trésmíðaverkstæði
5. Sögunarmyllur
6. Fúavörn á timbri
7. Framleiðsla á spónaplötum og þess háttar
8. Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla
9. Leðurvinnsla
10. Vefnaðar- og spunaverksmiðjur

E Matvælavinnsla

1. Kjötvinnsla
2. Niðursuðuverksmiðjur
3. Vinnsla fisks og annarra sjávarafurða
4. Framleiðsla tilbúinna rétta
5. Framleiðsla mjólkurdufts
6. Öl-, gos- og svaladrykkjagerðir
7. Kaffibrennsla
8. Smjörlíkisgerðir
9. Kartöfluvinnsla
10. Framleiðsla á kartöflumjöli og sterkju
11. Lauksteikingarverksmiðjur
12. Mörbræðsla og tólgarframleiðsla
13. Meðhöndlun, blöndun og mölun á korni
14. Kæli- og frystigeymslur

F Búfjár- og dýrahald

1. Minkabú
2. Refabú
3. Hænsna- og kjúklingabú
4. Svínabú
5. Kanínurækt og kanínuhald
6. Hestahald
7. Dýraspítalar
8. Hunda- og kattageymslur
9. Gæludýraverslanir

G Starfsemi er snertir vélknúin farartæki

1. Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir
2. Bifreiða- og vélaverkstæði
3. Smurstöðvar
4. Völuflutningamiðstöðvar
5. Biðstöðvar leigubifreiða
6. Bið- og endastöðvar strætisvagna

H Ýmislegt

1. Stórar spennistöðvar
2. Stórar vörugeymslur
3. Líkbrennslur

4. Skotvellir
5. Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
6. Æfingasvæði slökkviliðs
7. Þvottahús
8. Gámastaðir, gámaflutningsaðilar og aðilar sem flytja spilliefni
9. Endurvinnsla úrgangs
10. Gasbirgðastöðvar
11. Kyndistöðvar

1 Annar sambærilegur rekstur.

23. maí 1996 Nr. 295

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Lis og Ingvard Thorsen nr. 244/1978, sem staðfest var skipulagsskrá fyrir 29. maí 1978.

Stjórn Námssjóðs Lis og Ingvard Thorsen hefur hinn 4. júlí 1995 samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 29. maí 1978:

1. gr.

6. gr. orðist svo: Í stjórn sjóðsins skulu vera 3 menn tilnefndir til 2ja ára. Einn tilnefndur af stjórn Upplýsingaþjónustu landbúnaðarins og skal hann vera formaður sjóðsstjórnar, annar tilnefndur af skólastjórum Bændaskólans á Hólum, Bændaskólans á Hvanneyri og Garðyrkjuskóla ríkisins og þriðji tilnefndur af stjórn Búnaðar- og garðyrkjukennarafélags Íslands.

2. gr.

8. gr. orðist svo: Upplýsingaþjónusta landbúnaðarins annast ritara- og skrifstofustörf sjóðsins endurgjaldslaust samkvæmt nánara samkomulagi milli UÞL og sjóðsstjórnar.

3. gr.

9. gr. orðist svo: Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum UÞL.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Námssjóð Lis og Ingvard Thorsen staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. maí 1996.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Bárðdælahrepps.

I. KAFLI

Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Bárðdælahrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Bárðdælahrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Bárðdælahrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, aðrar nefndir og ráð skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra ef hreppsnefnd ákveður svo og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI

Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI

Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur fundi eftir þörfum. Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 13. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Fundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

14. gr.

Oddviti hreppsnefndar, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Oddviti hreppsnefndar semur dagskrá hreppsnefndarfundar.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og oddviti ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmanna óskar, að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem oddviti telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Oddviti skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðað hreppsnefndarmenn símleiðis á hreppsnefndarfund og kynnt þeim í meginatriðum dagskrá fundarins.

17. gr.

Oddviti skal boða hreppsnefndarmenn símleiðis til aukafundar í hreppsnefnd a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið skrifara og varaskrifara úr hópi hreppsnefndarmanna til eins árs í senn á sama fundi og oddvitakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Hreppsnefndarfund skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til oddvita (sveitarstjóra) sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga. Hreppsnefndarmanni, sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða, hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða (sveitarstjóra eða) hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. (Sveitarstjóri eða) flutningsmaður tillögu mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður í hreppsnefnd nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður, í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar eða oddvita. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera hlutfallskosningar skv. d´Hondts reglu sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusiða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd. Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun, eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög, að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr, hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður, sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar, skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosn-

ingar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður, hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa ritara nefndar. Hreppsnefnd kýs formenn nefnda, nema lög kveði á um annað. Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir, skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar. Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í maí eða júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

2. *Kjörstjórn.* Kjörstjórn hefur það hlutverk að vera undirkjörstjórn við alþingiskosningar og kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar. Tveir aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:
1. *Héraðsnefnd.* Einn aðalmaður og einn til vara í héraðsnefnd S-Þing.
2. *Barnaverndarnefnd* skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
3. *Byggingarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978.
4. *Félagsmálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmálanefnd fer einnig með áfengisvarnarmál, öldrunarmál og málefni leikskóla.
5. *Heilbrigðisnefnd.* Fulltrúi í nefndina skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
6. *Bókasafnsnefnd.* Þrír aðalmenn og þrír til vara.
7. *Skólanefnd* Bárðdælahrepps. Þrír aðalmenn og þrír til vara við Barnaskóla Bárðdæla og einn aðalmaður og einn til vara við grunn- og tónlistarskóla á Stórutjörnum.
8. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
9. *Stjórn dvalarheimilis aldraðra.* Fulltrúi kosinn í samvinnu við samstarfsaðila.
10. Tveir *búfjáreftirlitsmenn* og einn til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald. Saman skipa þeir riðunefnd.
11. Einn *úttektarmaður* og annar til vara skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976.
12. Einn fulltrúi í *almannavarnanefnd* Háls-, Ljósavatns- og Bárðdælahrepps.
13. *Atvinnumálanefnd.* Þrír aðalmenn og þrír til vara.
14. Tveir *fjallskilastjórar.* Fjallskilastjóri austur Bárðdæla og fjallskilastjóri vestur Bárðdæla. Þeir annast stjórn fjallskilamála í umboði sveitarstjórnar.

C. Hreppsnefnd hefur falið héraðsnefnd eða byggðasamlagi að fara með málefni barnaverndarnefndar, heilbrigðisnefndar, dvalarheimilis fyrir aldraða, stjórn heilsugæslustöðvar og sorpsamlags.

57. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn hreppsins.

58. gr.

Oddviti hreppsnefndar hefur með höndum daglega stjórn hreppsins, undirbýr fundi hreppsnefndar og stjórnar þeim, annast framkvæmd ákvarðana hennar og annarra málefna hreppsins, s.s. bréfaskriftir, gjaldheimtu og reikningshald. Oddviti hefur prókúruumboð fyrir hreppinn.

59. gr.

Hreppsnefnd ákveður laun oddvita með hliðsjón af ákvæðum 68. gr. sveitarstjórnarlaga.

60. gr.

Ráði hreppsnefnd starfsmenn til starfa á vegum hreppsins skal gera við þá ráðningarsamning og fer um kaup og kjör þeirra samkvæmt þeim samningi.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Bárðdælahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. maí 1996.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 297 23. maí 1996

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingum á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Þorgerðar S. Eiríksdóttur nr. 408/1973, sem staðfest var skipulagsskrá fyrir 19. desember 1973.

Stjórn Minningarsjóðs Þorgerðar S. Eiríksdóttur hefur hinn 18. maí 1995 samþykkt eftirfarandi breytingar á skipulagsskrá sjóðsins sem staðfest var 19. desember 1973:

1. gr.

3. gr. orðist svo: Höfuðstól sjóðsins, stofnframlag og það sem við hann bætist má aldrei skerða.

Tekjur sjóðsins eru gjafir, áheit og hvers konar framlög, svo sem af sölu minningarkorta, auk tekna af tónleikum sem haldnir eru árlega á vegum Tónlistarskólans á Akureyri. Ennfremur hefur sjóðurinn tekjur af vöxtum af bankainnistæðum og verðbótum á þær.

Úthluta má árlega 4/5 hlutum af hreinum tekjum sjóðsins á árinu á undan í því skyni að þjóna markmiði sjóðsins skv. 4. gr.

Ofangreindar breytingar á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Þorgerðar S. Eiríksdóttur staðfestast hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 23. maí 1996.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Hafnarfjarðar.
B - hluti.

1. Raforka og aðrir gjaldskrárliðir

Nánari skýringar á gjaldskrárliðum er að finna í A - hluta gjaldskrár.

A1.	Almenn notkun, minni en 200.000 kWh á ári.		
	Orkugjald	5,89	kr/kWh
	Fast gjald	2.554,00	kr/ár
B1.	Heimilisnotkun. Sama verð og skilmálar og gilda fyrir taxta A1.		
C1.	Afl- og orkumæld notkun, sem er 200.000 kWh á ári eða meiri.		
	Vetrarorkugjald, okt. til apríl	3,67	kr/kWh
	Sumarorkugjald, maí til sept.	1,69	kr/kWh
	Fast gjald	43.980,00	kr/ár
	Aflgjald	7.440,00	kr/kW/ár
C2.	Götu- og útilýsing.		
	Aflgjald	20.390,00	kr/kW/ár
	Viðhaldsgjald	22.250,00	kr/kW/ár
D1.	Órofin hitun.		
	Orkugjald	5,89	kr/kWh
	Fast gjald	2.554,00	kr/ár
D3.	Rofin hitun, 3 klst á dag, óreglulegt rof.		
	Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.		
	Orkugjald	2,82	kr/kWh
	Fast gjald	7.310,00	kr/ár
D5.	Rofin hitun, 2 x 2 klst. á dag,		
	kl. 10.30 - 13.30 og 17.15 - 19.15.		
	Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.		
	Orkugjald	3,06	kr/kWh
	Fast gjald	7.310,00	kr/ár
D7.	Næturhitun, rofin allt að 12 klst. á dag.		
	Orkunotkun minni en 200.000 kWh á ári.		
	Orkugjald	2,31	kr/kWh
	Fast gjald	7.310,00	kr/ár
D8.	Rofin hitun, allt að 2 x 2 klst. á dag.		
	Orkunotkun 200.000 kWh á ári eða meiri.		
	Vetrarorkugjald	3,53	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,74	kr/kWh
	Fast gjald	7.310,00	kr/ár
D9.	Rofin hitun, allt að 12 klst. á dag, næturnotkun.		
	Orkunotkun 200.000 kWh á ári eða meiri.		
	Vetrarorkugjald	2,76	kr/kWh
	Sumarorkugjald	1,42	kr/kWh
	Fast gjald	7.310,00	kr/ár
G.	Mælaleiga		
G1.	Orkumælir, einfasa	64,30	kr/mán
G2.	Orkumælir, þrífasa	254,00	kr/mán

G3.	Orkumælir, þrífasa með straumspennum	429,00 kr/mán
G4.	Afl- og orkumælir með straumspennum	643,00 kr/mán
G5.	Tvígjaldsorkumælir	414,00 kr/mán
G6.	Tvígjaldsorkumælir með straumspennum	631,00 kr/mán
G7.	Móttökuliði	428,00 kr/mán

2. Heimtaugar

Aðalheimtaugar

Málstraumur stofnvara	Jarðstrengur Heimtaugargjald kr.	Loftlínuheimtaug breytt í jarð-strengsheimtaug kr.	Einfasaheim-taug 63 A aukin í 3 x 63 A kr.
	230 V kerfi		
63 A 1- fasa	55.110	17.750	
63 A 3- fasa	60.980	20.090	10.740
100 A 3- fasa	97.540	84.950	
200 A 3- fasa	123.610		
300 A 3- fasa	204.230		
	400 V kerfi		
63 A 1- fasa	55.110	17.750	
63 A 3- fasa	60.980	20.090	21.400
100 A 3- fasa	97.540	47.560	
200 A 3- fasa	192.610		
300 A 3- fasa	289.430		
400 A 3- fasa	393.460		
600 A 3- fasa	580.920		
900 A 3- fasa	871.380		
1.200 A 3- fasa	1.163.900		

Bráðabirgaheimtaugar

Málstraumur stofnvara	Stofngjald kr.	Lengdargjald	
		Jarðstrengur kr/m	Loftlína kr/stólpa
63 A 1- fasa	11.020	1.627	20.700
63 A 3- fasa	15.240	1.627	23.900
100 A 3- fasa	16.270	2.132	27.710
200 A 3- fasa	61.490	2.132	30.800

Tengigjald

Tengigjald vegna skammtímanotkunar, unnið á dagvinnutíma	5.418 kr.
Ef tengt er utan dagvinnutíma reiknast álag 55 %	8.398 kr.

Innheimtugjald

Vegna undirbúnings að stöðvun á orkuafhendingu vegna vanskila notanda	823 kr.

Enduropnunargjald

Opnað á dagvinnutíma	1.240 kr.
Opnað utan dagvinnutíma	2.480 kr.

Álestrargjald

Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda ..... 1.080 kr.

Gjaldskrárbreytingar

Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum í B-hluta gjaldskrár þessarar um allt að 60% af þeirri breytingu.

Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. apríl 1996, hvort heldur er vegna breytinga á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta gjaldskrárliðum gjaldskrár þessarar til samræmis um allt að 4/5 af þeirri breytingu.

Ávallt skal miða við að tekjur standi undir rekstri, aukningu veitukerfis og að Rafveitan skili arði.

Gjaldskrá þessi, B-hluti, raforka og aðrir gjaldskrárliðir, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. apríl 1996. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá nr. 545/1994 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 23. maí 1996.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

21. maí 1996 Nr. 299

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 174/1991 um Stýrimannaskólann í Reykjavík með síðari breytingu.

1. gr.

1. tl. 1. mgr. 4. gr. orðist svo:

1. Til þess að fá inngöngu í 1. bekk þarf umsækjandi að leggja fram vottorð um 6 mánaða hásetatíma eftir 15 ára aldur á skipi yfir 12 rúmlestir. Til þess að fá inngöngu í deild þá, er býr menn undir próf skipstjóraefna á varðskipum ríkisins, skal umsækjandi hafa lokið 3. stigs prófi með eigi lægri en fyrstu meðaleinkunn.
   Skólastjóra er þó heimilt að veita efnilegum nemendum undanþágu frá þessu skilyrði, ef sérstaklega stendur á, svo sem langur reynslutími sem stýrimaður á varðskipum ríkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 22/1972 um Stýrimannaskólann í Reykjavík, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 21. maí 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um gestagjöld á Þingvöllum.

1. gr.

Þingvallanefnd er heimilt að taka eftirtalin gjöld:

a. Fyrir tjaldstæði sem hér segir:
   1. Af einstaklingi á aldrinum 16 til 66 ára kr. 500 fyrir hverja nótt.
   2. Af einstaklingi á aldrinum 67 ára og eldri kr. 250 fyrir hverja nótt.

b. Fyrir köfun kr. 1.000 á mann fyrir hvern dag eða kr. 5.000 á mann fyrir eitt ár.

c. Fyrir veiðileyfi samkvæmt samþykktum veiðifélags Þingvallavatns.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga um friðun Þingvalla, nr. 59/1928, til að öðlast gildi við birtingu. Um leið er úr gildi felld reglugerð nr. 255 26. apríl 1995, með sama nafni.

Forsætisráðuneytinu, 31. maí 1996.

Davíð Oddsson.

Kristján Andri Stefánsson.

Nr. 301 23. maí 1996

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Stykkishólms hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. maí 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stykkishólms 1985-2005 frá 22. apríl 1988, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að hluti iðnaðarsvæðis verður íbúðarlóð.

Bæjarstjórn Stykkishólms hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 23. maí 1996.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

REGLUGERÐ

um innkaup ríkisins.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til allra innkaupa á vegum ríkisins.

Ákvæði 33. gr. og XII. kafla reglugerðar þessarar taka einnig til innkaupa á vegum sveitarstjórna, samtaka þeirra og stofnana. Sama gildir um innkaup annarra aðila sem reknir eru að mestu leyti á kostnað ríkis og sveitarstjórna eða annarra opinberra aðila eða lúta yfirstjórn þessara aðila eða ef rekstur þeirra er undir yfirstjórn eða eftirliti stjórnar þar sem meiri hluti stjórnarmanna er skipaður af ríki eða sveitarstjórn eða öðrum opinberum aðilum. Ákvæði 33. gr. og XII. kafla gilda einnig þegar aðilar samkvæmt 2. málslið greiða meira en helming kostnaðar við innkaup sem annar aðili býður út og semur um. Þá gilda ákvæði 33. gr. og XII. kafla um innkaup fyrirtækja sem sinna vatnsveitu, orkuveitu, fjarskiptum eða flutningum með almenningsvögnum á grundvelli sérleyfa eða annars konar einkaréttar sem veittur er af opinberum aðilum.

2. gr.

Öllum stofnunum og fyrirtækjum sem ríkið á 50% eða stærri eignarhlut í eða leggur meira en 50% til framkvæmda eða reksturs, er skylt að fylgja þessari reglugerð. Sama á við um sameiginlegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga.

Opinber félög og sjálfseignarstofnanir eru háð þessum reglum ef um þau gildir eitthvert eftirfarandi atriða:

1. Opinber styrkur sem þau njóta nemur meira en 50% af rekstrarkostnaði.
2. Rekstur þeirra er undir yfirstjórn eða eftirliti hins opinbera skv. lögum, reglugerðum eða með öðrum hætti.
3. Meirihluti stjórnar er skipaður af ríki eða öðrum opinberum aðilum.
4. Stofnun eða fyrirtæki er í eigu ríkisins og nýtur einkaréttar, einkasölu eða verndar á framleiðslu og sölu á afurðum.

Auk þessa er eftirtöldum aðilum skylt að fylgja þessum reglum:

1. Ef ríkið kostar eða felur viðkomandi aðila rannsóknarstarf eða framkvæmdir.
2. Ef ríkið felur einkafyrirtæki að framkvæma eitthvað eða kaupa vöru skal tilgreint í samningi að viðkomandi einkafyrirtæki skuli virða þessar reglur.
3. Ef ríkið styrkir framkvæmdir um 50% eða meira.

3. gr.

Orðskýringar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér greinir:

Opinber innkaup: Kaup ríkisins á vörum, þjónustu og framkvæmdum þegar meira en helmingur andvirðis kaupanna er fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði.

Útboð: Þegar kaupandi leitar skriflegra, bindandi tilboða í verk, vöru eða þjónustu frá fleiri en einum aðila, samkvæmt sömu upplýsingum og innan sama frests.

Almennt útboð: Útboð þar sem ótilteknum fjölda er með auglýsingu gefinn kostur á að gera tilboð.
Lokað útboð: Útboð þar sem tilteknum aðilum er einum gefinn kostur á að gera tilboð.
Kaupandi: Með kaupanda er átt við þann sem er kaupandi þess verks, vöru eða þjónustu sem boðin er út.
Bjóðandi: Með bjóðanda er átt við þann sem býður í það verk, vöru eða þjónustu sem boðin er út.
Forval: Val kaupanda á þeim sem fá að taka þátt í lokuðu útboði.
Samstarfsútboð: Útboð þar sem kaupandi leitar samstarfs við einn eða fleiri aðila að eigin vali um skilmála samnings.
Rammasamningur: Samningar sem mynda ramma utan um væntanleg eða hugsanleg kaup þeirra stofnana sem eru áskrifendur að samningunum. Samið er við einn eða fleiri seljendur um að áskrifendur samninganna geti keypt af þeim miðað við þá skilmála sem samningarnir kveða á um. Hvorki magn né umfang samnings er þekkt fyrirfram en byggist á þörfum kaupenda hverju sinni.
Tilboðstími: Sá tími sem bjóðandi hefur til að vinna tilboðið, þ.e. frá birtingu auglýsingar og fram að opnun tilboða.

II. KAFLI
Yfirstjórn opinberra innkaupa og starfsemi innkaupastofnunar.

4. gr.
Stjórn opinberra innkaupa.

Fjármálaráðherra skipar stjórn opinberra innkaupa til tveggja ára í senn. Stjórnin skal skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara.

5. gr.
Verksvið stjórnar opinberra innkaupa.

Stjórnin skal gæta þess að opinberum innkaupum sé hagað á sem hagkvæmastan hátt og í samræmi við tilgang laga um opinber innkaup.

Stjórnin fylgist með framkvæmd útboða á vegum ríkisins, svo og innkaupum á vörum og þjónustu og samræmir starfsaðferðir. Í því skyni gefur stjórnin út leiðbeiningar um útboð og skyld málefni.

Stjórn opinberra innkaupa er jafnframt stjórn Ríkiskaupa.

Stjórnin skal skera úr um vafaatriði sem koma upp, eins og nánar er vikið að í reglugerð þessari.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti ef rædd eru eða afgreidd viðskipti við fyrirtæki eða stofnanir sem þeir eiga hlutdeild í eða gæta hagsmuna fyrir. Stjórnin getur ákveðið um kaup á vörum og þjónustu samkvæmt tilboðum á grundvelli útboða að fenginni umsögn forstjóra og forstjóra hlutaðeigandi stofnunar. Ef ástæða þykir til skýtur stjórnin málefni til úrskurðar ráðherra.

6. gr.
Rekstur innkaupastofnunar.

Á vegum ríkisins skal rekin innkaupastofnun er heiti Ríkiskaup.

Ríkiskaup annast innkaup fyrir stofnanir sem reknar eru fyrir reikning ríkissjóðs að öllu eða einhverju leyti. Ber stofnunum þessum að láta Ríkiskaup annast innkaup sín.

Fjármálaráðherra getur þó að fenginni umsögn stjórnar opinberra innkaupa veitt einstökum ríkisstofnunum eða ríkisfyrirtækjum heimild til að annast eigin innkaup enda sé þeim hagað í samræmi við reglugerð þessa.

7. gr.

Forstjóri og starfslið.

Fjármálaráðherra skipar forstjóra Ríkiskaupa til fjögurra ára í senn að fenginni umsögn stjórnar opinberra innkaupa.

Forstjóri má hvorki hafa á hendi önnur störf, er snerta verslun og viðskipti, né vera í stjórn verslunarfyrirtækja. Hann skal hafa alhliða þekkingu og reynslu í viðskiptum.

Forstjóri annast daglegan rekstur Ríkiskaupa og ber ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar og reikningshaldi. Forstjóri gerir tillögur um fjárhagsáætlun stofnunarinnar og leggur áætlunina fyrir stjórn til meðferðar. Á sama hátt skal gengið frá ársskýrslu.

Forstjóri ræður starfslið í samráði við stjórn stofnunarinnar. Enginn starfsmaður stofnunarinnar má annast viðskipti f. h. stofnunarinnar við fyrirtæki þar sem hann hefur hagsmuna að gæta.

Forstjóri undirbýr fundi stjórnar opinberra innkaupa, situr fundi hennar og sér um framkvæmd á samþykktum, sem stjórnin gerir, eftir því sem stjórnin ákveður hverju sinni. Hann gerir tillögur til stjórnar um ákvarðanatöku í sambandi við útboð, tilboð og kaup á vörum og þjónustu. Forstjóri tekur ákvarðanir um almenn útboð og vörukaup eftir nánari ákvörðun stjórnar.

8. gr.

Starfssvið Ríkiskaupa.

Ríkiskaup annast innkaup á innlendum og erlendum markaði á vörum og þjónustu fyrir opinberar stofnanir og fyrirtæki, rannsakar sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beitir sér fyrir samræmdum innkaupum. Einnig skal stofnunin láta í té viðskiptalega aðstoð og leiðbeiningu um einstök innkaup eftir því sem þörf gerist.

Stofnunin ráðstafar eignum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir. Fjármálaráðherra getur ákveðið aðra málsmeðferð við sölu eigna ríkisins, þar á meðal fasteigna og skipa.

Ríkiskaup skulu viðhafa þá meginreglu að kaupa ekki inn aðrar vörur en þær, sem fyrirfram er vitað að ríkisstofnanir þarfnist, eða þær hafa pantað hjá stofnuninni.

Stofnuninni er eigi heimilt að binda fjármuni umfram fjárútvegun einstakra stofnana í kaupum á vöru og þjónustu, nema til komi heimild fjármálaráðuneytis.

9. gr.

Ríkiskaup selja eða útvega ríkisstofnunum og fyrirtækjum allar vörur á kostnaðarverði að viðbættri þóknun.

Fjármálaráðherra setur Ríkiskaupum gjaldskrá. Gjaldskráin skal miðast við að þóknun standi undir rekstri stofnunarinnar.

10. gr.

Ríkisstofnunum er skylt að veita Ríkiskaupum upplýsingar um innkaup á vörum og þjónustu, þegar óskað er, og ennfremur að tilkynna stofnuninni ef gæðakröfur og aðrir skilmálar af hendi seljanda eru ekki uppfylltir.

11. gr.

Reikningar Ríkiskaupa skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í ríkisreikningi.

III. KAFLI
Það sem bjóða skal út.

12. gr.

Öll vörukaup og aðkeypta þjónustu yfir 3.000.000 kr. og framkvæmdir yfir 5.000.000 kr. skal bjóða út. Fjárhæðirnar miðast við verð án virðisaukaskatts.

Um viðmiðunarfjárhæðir vegna innkaupa sem skylt er að auglýsa á Evrópska efnahagssvæðinu gilda ákvæði 2. mgr. 50. gr. tl. 1-6.

Eftir því sem við á skal þeirri meginreglu fylgt að nota útboðsformið til verðákvörðunar við innkaup eða framkvæmdir undir þeim mörkum sem getið er í 1. mgr. Í öllum tilfellum skal gera verðsamanburð vegna innkaupa.

13. gr.

Allt sem verkkaupi leggur verktaka til fellur undir reglugerð þessa. Það sem verktaki þarf sjálfur að útvega og nota í verkið fellur ekki undir reglugerð þessa nema verktaki falli undir 2. gr. reglugerðar þessarar.

Samningur telst vera samningur um vörukaup, jafnvel þótt hann feli í sér flutning á ákvörðunarstað og uppsetningu. Ef vöruhlutinn er stærri en uppsetning eða önnur slík vinna er um vörukaup að ræða. Ef aftur á móti uppsetning eða önnur slík vinna er dýrari en sjálf varan þá er um verkkaup að ræða.

Flutningur á vöru er talinn með verði hennar.

14. gr.

Áætlun kostnaðar.

Við mat á áætluðu verði skal telja allan kostnað með nema virðisaukaskatt. Ef vörusali tekur notaðan hlut upp í kaupverð skal það ekki dregið frá verði. Ekki skiptir máli hvernig greitt er fyrir vöruna.

Sé fyrirhugað að kaupa sömu vöru í áföngum skal heildarverð allra áfanga samanlagt notað til viðmiðunar.

Ef um er að ræða vörukaup sem gerð eru reglulega yfir allt árið skal miðað við heildarverð í a.m.k. eitt ár og skal þá miðað við raunverulegt verð s.l. 12 mánuði eða áætlað verð næstu 12 mánuði.

Sé rammasamningur eða vörukaupasamningur gerður til lengri tíma en eins árs skal miðað við áætlað heildarverð allt samningstímabilið.

Ef samningur nær til lengri tíma en 12 mánaða og enginn ákveðinn lokadagur er tiltekinn skal áætla verð miðað við áætlaðan samningstíma, 4 ár.

Að jafnaði skal reikna flutning vöru með í vöruverði en ef vara er keypt FOB í erlendri höfn skal ekki telja flutning með í vöruverði. Vöru skal bjóða út ef FOB-verð hennar er yfir viðmiðunarverði og frakt skal bjóða út ef flutningsgjöld eru hærri en viðmiðunarverð.

Við leigu, fjármögnunarleigu og kaupleigu skal áætla verð með eftirfarandi hætti:

1. Ef samningstími er 12 mánuðir eða styttri skal miðað við heildarverð þess sem greitt er fyrir að viðbættu áætluðu afgangsvirði þegar samningurinn rennur út.

2. Ef samningstími er lengri en 12 mánuðir og ákveðinn lokadagur er í samningi (tímabundinn samningur) skal miðað við heildargreiðslur alls samningstímans að viðbættu áætluðu afgangsvirði þegar samningstími rennur út.
3. Ef samningstími er ótímabundinn eða óljóst hver samningstími verður skal margfalda meðalmánaðargreiðslu með 48.
4. Þegar valfrjáls ákvæði eru fyrirhuguð í kaupum skal reikna með hæstu mögulegri heildarupphæð kaupa, skammtímaleigu, langtímaleigu eða kaupleigu að meðtöldum valfrjálsum ákvæðum.

Óheimilt er að skipta innkaupum í þeim tilgangi að komast hjá útboði.

IV. KAFLI
Útboðsaðferðir.

15. gr.

Að jafnaði skal viðhafa almennt útboð.

Þegar verk eða þjónusta er flókin og vandasöm eða vara er sérhæfð er heimilt að viðhafa lokað útboð. Ávallt skal viðhafa forval fyrir lokuð útboð.

Samstarfsútboð skal aðeins nota þegar nothæf tilboð berast ekki eða að sannanlega er ekki til staðar nema einn seljandi á markaði.

16. gr.
Lokað útboð.

Allir sem áhuga hafa til þátttöku geta lagt fram ósk um að fá að taka þátt og eiga rétt á rökstuðningi verði þeir ekki valdir til þátttöku. Forval skal notað til að velja bjóðendur. Við val á fyrirtækjum sem gefinn er kostur á að bjóða skal gilda hlutlægt mat.

Með því að velja aðila til þátttöku í útboði, er því lýst yfir að viðkomandi aðili teljist hæfur til að vinna verkið eða bjóða ásættanlega vöru og verði ekki hafnað á öðrum forsendum en þeim að annað boð sé hagstæðara eða að öllum tilboðum sé hafnað.

Skylt er að geta allra þátttakenda í lokuðu útboði í útboðsgögnum.

17. gr.
Lokað hraðútboð.

Ef hraða þarf innkaupum má í sérstökum undantekningartilvikum nota lokað hraðútboð. Gera þarf stjórn opinberra innkaupa sérstaka grein fyrir þörf á slíku útboði. Sein vinnubrögð hjá viðkomandi stofnun geta ekki réttlætt að viðhafa lokað hraðútboð.

18. gr.
Samstarfsútboð.

Eingöngu er heimilt að efna til samstarfsútboðs ef önnur form útboða eru ekki nothæf.

Þegar samstarfsútboð er viðhaft skal gera sérstaka greinargerð um útboðið og aðdraganda þess. Skal hún send fjármálaráðuneytinu.

Heimilt er að viðhafa samstarfsútboð án undanfarandi útboðsauglýsingar í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar engin tilboð berast í tengslum við almennt eða lokað útboð.
2. Þegar vörur, sem um ræðir, eru eingöngu framleiddar vegna rannsókna, tilrauna, athugana eða þróunar. Þetta nær þó ekki til fjöldaframleiðslu sem ætlað er að skila hagnaði eða endurheimta rannsóknar- og þróunarkostnað.

3. Þegar aðeins ákveðinn seljandi getur framleitt eða afgreitt vöruna af tæknilegum eða listrænum ástæðum eða sökum þess að um vernd einkaréttar er að ræða.
4. Þegar ekki er hægt að standa við tiltekinn skilafrest í almennu eða lokuðu útboði af brýnni nauðsyn sem stafar af knýjandi þörf vegna atburða sem kaupandi gat ekki séð fyrir.
5. Þegar um er að ræða viðbótarafgreiðslu frá upphaflegum seljanda, sem ætlað er annaðhvort að koma að hluta til í stað venjulegra birgða eða búnaðar eða sem aukning á venjulegum birgðum eða búnaði og val á nýjum seljanda myndi skuldbinda kaupanda til að kaupa efni sem hefðu önnur tæknileg einkenni er samræmdust illa eldri tæknibúnaði eða leiddu til óeðlilega mikilla tæknilegra erfiðleika við rekstur og viðhald. Slíkir samningar svo og endurnýjaðir samningar skulu að jafnaði ekki gilda lengur en þrjú ár.

19. gr.

Fyrirspurn.

Fyrirspurn skal notuð þegar ljóst er að upphæð innkaupanna svarar ekki kostnaði við formlegt útboð sbr. 16. gr. Eftir sem áður skal standa að innkaupum með formlegum hætti og gefa sem flestum seljendum færi á að gefa sig fram.

Við fyrirspurn skal þess gætt að þeim seljendum sem taka þátt, sé ekki mismunað og farið sé eftir þeim reglum sem annars gilda í útboðum, eftir því sem við á.

20. gr.

Rammasamningar.

Ríkiskaup skulu gera rammasamninga, við einstaka viðskiptaaðila og láta ríkisstofnunum í té skrá yfir slíka viðsemjendur gegn hæfilegu gjaldi. Ber ríkisstofnunum að beina viðskiptum sínum til þeirra aðila. Til rammasamninga skal stofnað að undangengnu útboði.

V. KAFLI
Val á bjóðendum.

21. gr.

Bjóðendum skal ekki mismunað og allir skulu eiga jafnan rétt. Við almennt útboð skal öllum gefinn kostur á að leggja fram tilboð og jafnræðis skal gætt.

22. gr.

Forval.

Forval skal ávallt notað við val á bjóðendum í lokuðu útboði. Við lokað útboð ber að vanda val á bjóðendum og skal skilgreint vel í forvalsgögnum hvaða skilyrði væntanlegir bjóðendur skuli uppfylla. Val á milli bjóðenda skal vera hlutlægt og standa eingöngu milli þeirra sem hafa lagt fram ósk um slíkt innan þess frests sem gefinn var í útboðstilkynningu og forvalsgögnum.

Sjálft valið skal byggjast á þeim gögnum sem kaupandi hefur óskað eftir að bjóðendur leggi fram í forvalsgögnum. Þar er um að ræða upplýsingar um bjóðanda sem nauðsynlegar eru fyrir kaupanda við mat á fjárhagslegri og tæknilegri getu viðkomandi og hæfni hans til þess að uppfylla lágmarkskröfur sem gerðar eru til bjóðanda sem hugsanlegs seljanda.

23. gr.

Fjárhagsstaða.

Fjárhagsstaða bjóðanda skal vera það traust að hann geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart kaupanda.

Telji kaupandi nauðsynlegt að gera sér grein fyrir fjárhagsstöðu bjóðanda getur hann krafist að hann leggi fram upplýsingar um fjárhagsstöðu, staðfestar af banka, endurskoðaða reikninga fyrri ára, veltu síðustu ára og hlutdeild viðkomandi vöru, þjónustu eða framkvæmda í þeirri veltu. Einnig aðrar upplýsingar sem kaupandi telur nauðsynlegar.

Við val milli bjóðenda skal vísa bjóðanda frá ef eitthvert af eftirtöldum atriðum á við:

1. bjóðandi er gjaldþrota,
2. bjóðandi hefur gefið rangar upplýsingar, sýnt óheiðarleika í viðskiptum eða orðið á alvarleg fagleg mistök,
3. óskað hafi verið eftir því að bú bjóðanda verði tekið til gjaldþrotaskipta eða gert hafi verið árangurslaust fjárnám,
4. bjóðandi sé í nauðasamningum.

Kaupandi getur óskað eftir að bjóðandi sanni að ekki gildi um hann neitt af ofangreindu, ef um rökstuddan grun er að ræða. Kaupandi getur þó sjálfur orðið að sanna að bjóðandi hafi sýnt alvarleg fagleg mistök eða hann hafi gefið rangar upplýsingar.

Kaupandi getur óskað eftir að bjóðandi sanni að hann sé skráður samkvæmt lögum er gilda um viðkomandi starfsemi.

Vísa skal bjóðanda frá sé hann í vanskilum með opinber gjöld eða lífeyrissjóðsiðgjald starfsmanna.

24. gr.

Tæknileg geta.

Kaupandi getur óskað eftir að fá upplýsingar um tæknilega getu bjóðanda. Í útboðsgögnum skal þá tilgreina hvers konar tæknilegum upplýsingum kaupandi óskar eftir. Kaupanda er óheimilt að fara fram á meiri upplýsingar en nauðsynlegt er talið vegna kaupa á viðkomandi vöru.

Taka skal sanngjarnt tillit til rökstuddra óska bjóðanda um verndun upplýsinga um framleiðslu vegna samkeppnissjónarmiða.

Ef gæðaeftirlit er í höndum aðila utan fyrirtækis skal gefa samsvarandi upplýsingar um það fyrirtæki, t.d. opinberar eða viðurkenndar löggildingarstofur og eftirlitsstofnanir eða viðurkenndar rannsóknarstofnanir.

VI. KAFLI
Útboðsgögn.

25. gr.

Almennir skilmálar.

Eftirfarandi atriði eiga að koma fram í útboðsgögnum:

a. Lýsing á útboðinu þar sem kveðið er á um magn og annað sem máli skiptir.
b. Nafn kaupanda og allar upplýsingar um samskipti við umsjónaraðila útboðsins.
c. Upptalning á útboðsgögnum.
d. Tilboðstími og hvar og hvenær tilboð verða opnuð.
e. Afhendingar-/framkvæmdatími.
f. Gildistími tilboða.
g. Greiðslur/tryggingar.
h. Afhendingarskilmálar.

i. Á hvaða tungumáli skal skila tilboðum.
j. Forsendur fyrir vali tilboða.
k. Hvort leyfilegt sé að bjóða í hluta af útboðinu.
l. Frestur kaupanda til að taka tilboði.
m. Ekki má vísa til vörumerkja, einkaleyfa, gerða eða sérstaks uppruna eða framleiðslu, nema engin önnur leið sé til að lýsa efni útboðs með tækniforskriftum sem eru nógu nákvæmar eða skilmerkilegar fyrir alla viðkomandi aðila, enda fylgi slíkri tilvitnun orðalagið „eða jafngildur".

26. gr.

Tæknilegar útskýringar.

Verkinu eða vörunni skal lýsa eins nákvæmlega og þörf er á og mögulegt er. Teikningar fylgi þar sem við á. Einnig skal vísa í viðeigandi staðla.

Við framkvæmd útboða og samningagerð skal nota staðalinn IST 30 „Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir", þar sem það á við.

27. gr.

Tilboðsblað.

Tilboðsblað skal vera hluti útboðsgagna. Tilgangur tilboðsblaðsins er annars vegar að tryggja að tilboð séu sett fram á sama hátt þannig að þau séu samanburðarhæf og hins vegar að tilboðum sé skipt upp í þær einingar sem nýtast kaupandanum best við framkvæmd útboðs, t.d. ef bæta þarf við tilboðið eftir á eða fella út einhverja hluta þess. Á umslagi sem tilboði er skilað í skal greina frá hverjum tilboðið er.

Framsetning á tilboðsblaði skal vera skýr, en þar skal koma fram magn í þeim einingum sem óskað er eftir að boðið sé í. Einnig er nauðsynlegt að gefa upp reiknigrundvöll sem notaður verður til að bera saman tilboðin.

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir eftirfarandi upplýsingum frá bjóðendum á tilboðsblaði:

a. gjaldmiðli
b. afhendingarstað
c. greiðsluskilmálum
d. flutningaskilmálum
e. þyngd og rúmmáli
f. dagsetningu
g. nafni bjóðanda
h. undirskrift
i. heimilisfangi
j. kennitölu
k. gildistíma.
l. upprunavottorði/framleiðslulandi
m frávikstilboði/aðaltilboði.

VII. KAFLI

Útboð.

28. gr.

Tilboðstími.

Tilboðstími skal vera nægjanlega langur til að bjóðendur geti undirbúið tilboð sín en þó ekki skemmri en kveðið er á um í 29.- 32. gr.

Um innkaup á Evrópska efnahgssvæðinu gilda ákvæði XII. kafla um tilboðstíma og aðra tímafresti, sbr. þó 33. gr.

29. gr.

Tilboðstími í almennu útboði.

Frestur til að skila tilboðum skal vera minnst 15 almanaksdagar. Frestur reiknast frá deginum eftir að útboð er auglýst til og með opnunardegi. Allir almanaksdagar eru taldir með. Stjórn opinberra innkaupa getur í sérstökum tilfellum heimilað styttan skilafrest. Umsókn um slíkt skal vera skrifleg og henni þarf að fylgja ítarleg greinargerð þar sem fram kemur rökstuðningur.

30. gr.

Tilboðstími í lokuðu útboði.

Í forvali skal gefa minnst 15 almanaksdaga frá því að auglýsing er birt og aðilum er gefin kostur á að senda inn þátttökubeiðni. Þegar þeir sem gefinn verður kostur á að bjóða hafa verið valdir skal gefa minnst 10 almanaksdaga eftir að útboðsgögn hafa verið send út. Um útreikning á skilafresti gilda sömu reglur og um almenn útboð.

31. gr.

Tilboðstími í lokuðu hraðútboði.

Skilafrestur við lokað hraðútboð er minnst 10 almanaksdagar frá birtingu auglýsingar í forvali, en síðan 10 almanaksdagar eftir að gögn hafa verið send til þeirra sem valdir hafa verið til að bjóða.

32. gr.

Tilboðstími í samstarfsútboði.

Tilboðstími í samstarfsútboði fer eftir því sem þarf hverju sinni.

33. gr.

Afhending gagna.

Útboðsgögn skulu vera tilbúin til afhendingar innan þriggja daga frá birtingu auglýsingar ef útboð er eingöngu auglýst innanlands en fjórtán dögum frá birtingu auglýsingar ef útboðið er auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

34. gr.

Vettvangsskoðun.

Ef ekki er unnt að gera tilboð án þess að bjóðendur fari í vettvangsskoðun, eða ef boðið er upp á vettvangsskoðun, verður að lengja fyrrnefndan tilboðsfrest sem nemur eðlilegum tíma til vettvangsskoðunar ef þess er óskað af bjóðendum.

35. gr.

Auglýsing útboða.

Skylt er að auglýsa útboð þeirra aðila sem tilgreindir eru í 2. gr., með áberandi hætti.

Til þess að tryggja árangursríka samkeppni um opinber kaup er nauðsynlegt að útboðsauglýsingar séu birtar þannig að allir þeir seljendur sem áhuga hafa eigi kost á að bjóða.

Upplýsingar sem gefnar eru í þessum auglýsingum eiga að gera seljendum kleift að gera upp við sig hvort þeir hafi áhuga á þeim kaupum sem verið er að bjóða út. Í þessu skyni ber að gefa nauðsynlegar upplýsingar um það sem ætlað er að kaupa.

Þegar um er að ræða lokuð útboð skal gæta þess að með auglýsingu sé seljendum gert kleift að láta í ljós áhuga sinn á samningi um kaup með því að fara fram á það við kaupanda að þeim verði boðið að gera tilboð að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Samtímis því, eða eftir að auglýst er, getur stofnun hvatt einstök fyrirtæki til þátttöku í forvali eða útboði. Í hvatningu mega ekki koma fram aðrar upplýsingar en eru í útboðstilkynningu.

36. gr.

Fyrirspurnir og athugasemdir á tilboðstíma.

Ef óskað er eftir ítarlegri gögnum eða nánari skilgreiningu á útboðsgögnum skal það gert skriflega eigi síðar en 7 almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út. Skal þá verða við þeirri ósk a.m.k. 4 almanaksdögum áður en tilboðsfrestur rennur út. Frestur reiknast á sama hátt og getið er um í 29. gr.

Ef senda þarf ný gögn eða svar við fyrirspurn til einhvers sem hefur óskað þess skal senda gögnin, fyrirspurnina og svörin til allra sem hafa óskað eftir og fengið send útboðsgögn.

Allar athugasemdir við útboð og framkvæmd þeirra, skulu vera skriflegar.

37. gr.

Frávikstilboð.

Sé um frávikstilboð að ræða skal þess getið á tilboðsblaði og með því skal fylgja skýr og greinargóð lýsing.

38. gr.

Tilboð afturkölluð.

Bjóðandi má afturkalla tilboð áður en opnun þeirra hefst og skal það gert skriflega.

39. gr.

Opnun tilboða frestað.

Þurfi að fresta opnun tilboða skal það gerast með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara. Séu færri en fjórir dagar fram að opnun er óheimilt að boða frestun, heldur skal haldinn opnunarfundur og skráð hverjir skila inn tilboði án þess að opna tilboðin. Þeim sem skiluðu tilboði er einum boðin áframhaldandi þátttaka.

40. gr.

Afhending tilboða.

Tilboðum skal skilað í lokuðu umslagi og þarf nafn og aðsetur bjóðanda að koma fram á umslaginu.

Séu tilboð send með pósti eða í símbréfi er bjóðandi ábyrgur fyrir því að þau komist í réttar hendur fyrir opnun tilboða.

Leyfilegt er að skila eingöngu inn heildartilboðsupphæð ef einingarverð og önnur tilskilin gögn fylgja í lokuðu umslagi eða eru sannanlega komin í póst degi áður en tilboð eru opnuð. Bjóðandi getur síðan óskað eftir því að einingarverð verði ekki tekið til skoðunar nema tilboð hans komi til álita.

41. gr.

Opnun tilboða.

Bjóðendum skal vera heimilt að vera við opnun tilboða og eiga rétt á að eftirfarandi upplýsingar verði lesnar upp:

1. heildartilboðsupphæð,
2. greiðsluskilmálar,
3. afhendingarskilmálar,
4. gildistími tilboðs og skilyrði fyrir honum,
5. eðli frávikstilboðs.

Heimilt er að víkja frá upplestri ofangreindra upplýsinga þegar boðnir eru út rammasamningar enda liggur þá ekki fyrir hver möguleg innkaup frá hverjum seljanda verða mikil og við hversu marga seljendur verður samið.

Tilboð sem berast of seint skulu send bjóðendum óopnuð ásamt skýringu á því hvers vegna þau eru endursend.

VIII. KAFLI
Samanburður tilboða.

42. gr.

Gjaldmiðill.

Heimilt er að gera tilboð í hvaða gjaldmiðli sem er og þá stendur tilboðið út gildistímann miðað við þá mynt.

Við samanburð tilboða er miðað við sölugengi gjaldmiðla á opnunardegi tilboða eins og Seðlabanki Íslands skráir þá, og er sá samanburður birtur bjóðendum.

Hafi gengi breyst frá opnun fram að kaupum ráða hagsmunir kaupanda því hvaða tilboði er tekið.

43. gr.

Ábyrgðir, þjónusta, tæknilegir möguleikar og gæði.

Í sérstökum tilvikum geta ábyrgðir, þjónusta, tæknilegir möguleikar og gæði haft áhrif á val tilboða en þá ber kaupanda að gera grein fyrir vægi þeirra í útboðsgögnum.

Forsendur kaupanda skulu skilgreindar eins vel og hægt er í útboðsgögnum svo að bjóðendur geti sem best reynt að fara eftir þeim. Þetta skal gert með því að þess sé getið í útboðsgögnum hvernig samanburður tilboða muni fara fram.

44. gr.

Hagstæðasta tilboð.

Hagstæðasta tilboð er það tilboð sem uppfyllir óskir kaupandans sem best fyrir sem lægst verð. Kaupandinn skal meta hvaða tilboð er hagstæðast en hann skal tilgreina í útboðsgögnum hvað ráði mati hans.

IX. KAFLI
Val á tilboði.

45. gr.

Við val á seljanda skal eingöngu valið á milli þeirra bjóðenda sem skiluðu tilboðum fyrir opnun.

Velja skal einn seljanda en heimilt er þó að velja fleiri en einn sé skipting kaupanna skilgreind í útboðsgögnum.

Við val á seljanda skal gengið út frá hagstæðasta tilboði.

46. gr.

Hagstæðasta tilboð.

Kaupandi velur sjálfur og tilgreinir í útboðstilkynningu eða útboðsgögnum forsendur sem hann hyggst nota við val á vörusala og þá í réttri röð eftir mikilvægi ef því verður við komið. Aðrar forsendur en þær sem tilgreindar eru má kaupandi ekki nota við val á vörusala.

Þegar tilboð virðast óeðlilega lág miðað við verðmæti þess varnings sem á að kaupa inn skal kaupandi kanna tilboðin í smáatriðum áður en ákveðið er hvaða samningsaðili verði valinn. Í þeim tilgangi getur kaupandi krafið bjóðanda um nauðsynlegar skýringar á efnisverði, vinnulaunum og álagningu. Eftir niðurstöðum þessarar könnunar getur kaupandi tekið ákvörðun um val á vörusala. Ef kaupandi hafnar bjóðanda á fyrrgreindum forsendum skal hann tilkynna honum um þau atriði sem hann getur ekki fallist á.

Þegar kveðið er á um í útboðsgögnum að lægsta tilboði skuli tekið ber kaupanda að rökstyðja þá ákvörðun að hafna tilboðum sem álitin eru of lág. Greinargerð skal send til stjórnar opinberra innkaupa áður en ákvörðun er tekin.

Upplýsingar sem kaupandi fær skal fara með sem trúnaðarmál.

47. gr.

Gerviverktaka.

Verktaka og undirverktaka er óheimilt að gera samning um undirverktöku við einstaka starfsmenn eða starfshópa í þeim tilvikum þar sem um ráðningarsamband er að ræða og það á við samkvæmt venju og eðli máls.

X. KAFLI
Tilboðum hafnað.

48. gr.

Kaupandi telst hafa hafnað tilboði ef hann er búinn að semja við annan aðila, gildistími tilboðs er liðinn án þess að óskað hafi verið eftir framlengingu eða öllum tilboðum hefur verið hafnað formlega.

Bjóðandi á alltaf rétt á rökstuðningi fyrir því að tilboði hans er hafnað.

Eftir að kaupandi hefur hafnað tilboði getur bjóðandi óskað eftir að hann endursendi tilboðið og öll gögn sem því fylgdu.

Kaupanda er óheimilt að nýta hugmyndir eða tilboð bjóðanda á nokkurn hátt eftir að því hefur verið hafnað.

XI. KAFLI
Tilboð samþykkt.

49. gr.

Tilboð skal samþykkjast skriflega innan gildistíma þess og er þá kominn á bindandi samningur á grunni útboðsgagna og tilboðs bjóðanda, en gera skal sérstaka pöntun eða samning um kaup á vöru, þjónustu eða framkvæmdum þegar við á eða óski annar aðilinn þess.

Þegar gerð hefur verið pöntun eða samningur, hvort sem það hefur verið eftir almennt útboð, lokað útboð eða samstarfsútboð, skal það tilkynnt viðkomandi aðilum.

Tilkynningu skal senda til stjórnar opinberra innkaupa eigi síðar en 21 almanaksdegi eftir að samningur hefur verið undirritaður.

XII. KAFLI
Opinber innkaup á Evrópska efnahagssvæðinu.

50. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 2.-6. tölul. XVI. viðauka skulu öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, XVI. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

Eftirtaldar EBE-gerðir öðlast því gildi:

1. Tilskipun ráðsins 93/37/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga.
   Þó skal ekki öðlast gildi I. viðauki við tilskipun þessa.
2. Tilskipun ráðsins 93/36/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup.
   Þó skal ekki öðlast gildi I. viðauki við tilskipun þessa.
3. Tilskipun ráðsins 93/38/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.
   Þó skal ekki öðlast gildi I.-X. viðauki við tilskipun þessa.
4. Tilskipun ráðsins 89/665/EBE frá 21. desember 1989 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna á reglum um meðferð kæru vegna útboðs og gerð opinberra vörukaupa- og verksamninga.
5. Tilskipun ráðsins 92/13/EBE frá 25. febrúar 1992 um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla um beitingu á reglum bandalagsins um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og fjarskipti.
6. Tilskipun ráðsins 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu.
7. Reglugerð (EBE/KBE) nr. 1182 frá 3. júní 1971 sem setur reglur um hvernig reikna beri tímabil, dagsetningar og fresti.

Gerðir sem vísað er til hér að ofan eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstakri útgáfubók 5, bls. 37-205.

51. gr.

Við útreikning samningsfjárhæða skv. reglugerð þessari skal miðað við það gengi á evrópsku mynteiningunni (ECU) sem auglýst er af eftirlitsstofnun EFTA.

52. gr.

Ríkiskaup skulu annast útboð á Evrópsku efnahagssvæði fyrir þau sveitarfélög sem þess óska. Jafnframt skal stofnunin vera sveitarfélögum og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um framkvæmd útboða á Evrópsku efnahagssvæði.

XIII. KAFLI
Meðferð kærumála.

53. gr.

Kærunefnd útboðsmála.

Fjármálaráðherra skal skipa kærunefnd útboðsmála. Hlutverk nefndarinnar er að taka til meðferðar formlegar kærur sem beint er til stjórnvalda vegna innkaupa ríkisins á vörum, þjónustu og framkvæmdum. Jafnframt er nefndinni ætlað að fjalla um kærur er varða brot á reglum Evrópska efnahagssvæðisins um opinber innkaup og getið er í XII. kafla reglugerðar þessarar.

54. gr.

Málsmeðferð.

Þegar formleg kæra vegna útboðsmála berst stjórnvöldum, skal kærunefnd útboðsmála þegar í stað send hún til meðferðar. Nefndin skal rannsaka málið og skila niðurstöðu sinni til fjármálaráðherra eins fljótt og mögulegt er. Líði meira en einn mánuður frá því að kæra berst nefndinni og hún ekki afgreidd, skal nefndin gera fjármálaráðuneyti og kæranda grein fyrir töfinni.

Telji nefndin ástæðu til, skal hún leggja til við fjármálaráðherra að útboð sem hefur verið kært og er í gangi, skuli stöðvað, þar til að niðurstaða liggur fyrir í kærumálinu.

Nefndin skal leita upplýsinga og gagna hjá þeim er málið varðar hverju sinni. Málflutningur fyrir nefndinni skal vera skriflegur.

Fjármálaráðherra setur nefndinni nánari starfsreglur.

55. gr.

Skipun kærunefndar.

Kærunefnd útboðsmála skal skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara. Skulu þeir hafa góða þekkingu á útboðum almennt, opinberum innkaupum og viðskiptum. Þeir skulu vera óháðir hagsmunum ríkisins og seljenda. Fjármálaráðherra setur nefndinni erindisbréf.

Skipunartími nefndarinnar skal vera 4 ár.

XIV. KAFLI

Gildistaka.

56. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda með síðari breytingum og lögum nr. 52/1987, um opinber innkaup með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er reglugerð nr. 189/1988 um opinber innkaup og starfsemi Innkaupastofnunar ríkisins með síðari breytingum og reglugerð nr. 591/1993 um opinber innkaup og opinberar framkvæmdir á Evrópska efnahagssvæðinu með síðari breytingum, felldar úr gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 1. júní 1996.

F. h. r.

Þórhallur Arason.

Skarphéðinn Steinarsson.

Nr. 303 20. maí 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 388/1995 um Kvikmyndaskoðun.

1. gr.

6. gr. reglugerðar nr. 388/1995 orðist svo:

Fyrir skoðun kvikmynda á myndböndum skulu skoðunarbeiðendur greiða gjald í ríkissjóð vegna kostnaðar við skoðun kvikmynda. Gjald þetta skal miðast við lengd hverrar kvikmyndar þannig að fast gjald, kr. 1.800, greiðist fyrir hverja skoðun auk kr. 60 fyrir

hverja mínútu kvikmyndarinnar og merkingu allt að 150 eintaka af hverri kvikmynd. Gjaldið hækkar sem nemur kr. 2,50 fyrir hvern merkimiða umfram þann fjölda.

Fyrir skoðun kvikmynda í kvikmyndahúsi skal sá er skoðunar beiðist greiða gjald í ríkissjóð, kr. 5.800. Fari skoðun fram utan venjulegs dagvinnutíma skal greiða eitt og hálft gjald fyrir skoðun og tvöfalt gjald fari skoðun fram að nóttu til eða um helgi.

Fjárhæðir skv. 1. og 2. mgr. eru miðaðar við vísitölu neysluverðs 175.5 stig og taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölunni í janúar, apríl, júlí og október ár hvert.

Nú hefur kvikmynd, sem dreifa skal til almennings á myndbandi, verið áður skoðuð í kvikmyndahúsi og skal þá skoðunarbeiðandi einvörðungu greiða mínútugjald, kr. 60, fyrir hverja mínútu myndarinnar skv. 1. mgr. vegna skoðunar og skráningar kvikmyndarinnar. Ekki er áskilið að tveir skoðunarmenn skoði kvikmynd þegar svo stendur á ef forstöðumaður metur það svo.

Fyrir endurmat á sýningarhæfni kvikmyndar skv. 3. mgr. 2. gr. skal ekki greiða skoðunargjald.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 4. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 47/1995, um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 20. maí 1996.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

23. maí 1996 Nr. 304

AUGLÝSING

um úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1996-1997.

Menntamálaráðherra hefur hinn 23. maí 1996 staðfest svohljóðandi úthlutunarreglur Lánasjóðs íslenskra námsmanna fyrir námsárið 1996-1997, sbr. fylgiskjal. Úthlutunarreglurnar voru samþykktar á fundi stjórnar sjóðsins 14. maí 1996, sbr. 16. gr. laga nr. 21/1992.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 23. maí 1996.

F. h. r.
Guðríður Sigurðardóttir.

Þórunn J. Hafstein.

Fylgiskjal

I. Kafli - Lánshæft nám

1.1. Almennt.

Sjóðurinn veitir námslán til framhaldsnáms við skóla, sem gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Sjóðnum er heimilt að veita námslán til sérnáms.

Lán er ekki veitt til náms sem er liður í launuðu starfi samkvæmt ráðningarsamningi. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að lána til slíks náms í samræmi við mat á samningsbundnum ákvæðum um námið og á þeim launum sem greidd eru.

Lán er ekki veitt til undirbúningsnáms né heldur til náms að loknu doktorsprófi eða sambærilegu prófi.

Nám við fjarskóla er ekki lánshæft nema boðið sé upp á a.m.k. 75% af því sem telst fullt nám í reglulegu skólanámi. Sama gildir um hlutanám.

Gestanám er að öllu jöfnu ekki lánshæft. Nám við bréfaskóla er ekki lánshæft.

Skilyrði til aðstoðar frá sjóðnum er að viðkomandi hafi átt lögheimili á Íslandi í eitt ár áður en lánshæft nám hefst. Íslenskur ríkisborgari heldur þó rétti sínum í tvö ár eftir að hann flytur lögheimili sitt hér af landi. Réttur til námsaðstoðar frá sjóðnum helst þó að einstaklingur flytji lögheimili sitt til annars lands vegna náms, starfa fyrir hönd Íslands á vegum sendiráða og alþjóðlegra stofnana og í sambærilegum tilfellum.

Hafi námsmaður fullnýtt svigrúm sitt til lána á ákveðinni námsbraut eða ákveðnu skólastigi, sbr. gr. 2.2.1., telst frekara nám á viðkomandi námsbraut/skólastigi ekki lánshæft.

1.2. Lánshæft nám á Íslandi.

1.2.1. Á háskólastigi.

Nám á háskólastigi er lánshæft og það nám annað sem gerir sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar og nám á háskólastigi. Nám á háskólastigi í eftirtöldum skólum er lánshæft:

Bændaskólinn á Hvanneyri, búvísindadeild
Háskóli Íslands
Háskólinn á Akureyri
Kennaraháskóli Íslands
Samvinnuháskólinn, rekstrarfræðideild
Tónlistarskólinn í Reykjavík, tónmennta- og tónfræðideild
Tækniskóli Íslands, tæknifræði- og heilbrigðisdeild
Tölvuháskóli Verzlunarskóla Íslands

1.2.2. Sérnám.

Nám í fjölbrautaskólum og öðrum skólum, sem að meginstofni er liður í undirbúningi til stúdentsprófs eða sambærilegs prófs er að jafnaði ekki lánshæft skv. þessari grein. Nám í eftirtöldum sérskólum er lánshæft:

ATS skóli flugmálastjórnar
Bændaskólar, bændadeildir
Dalvíkurskóli, fiskiðn, skipstjórnarbraut
Fiskvinnsluskólinn

Fjölbrauta- og iðnskólar: Iðnnám í allt að 6 misseri, læknaritaranám (bóknám), aðst. tannlækna (verklegi hlutinn), lyfjatæknanám að undanskildu aðfararnámi, matarfræðingsnám (bóknám), sjúkraliðanám (verklegi hlutinn), tækniteiknun, snyrtifræði (þrjú síðustu misserin)

Flugskóli Íslands (bóknám)
Fósturskóli Íslands
Garðyrkjuskóli ríkisins
Hótel- og veitingaskóli Íslands, í allt að 6 misseri
Íþróttakennaraskóli Íslands
Kirkjubæjarskóli, fiskeldi
Leiklistarskóli Íslands
Meistaraskóli iðnaðarins að undanskildu almennu námi

Myndlista- og handíðaskóli Íslands að undanskildu fornámi
Myndlistaskólinn á Akureyri að undanskildu fornámi
Samvinnuháskólinn
Stýrimannaskólar
Tannsmíðaskóli Íslands, í allt að 6 misseri
Tónlistarskólar, kennaradeildir og tónlistarnám á 7. stigi og ofar skv. námsskrá menntamálaráðuneytis
Tækniskóli Íslands
Vélskólar
Þroskaþjálfaskóli Íslands

1.2.4. Réttindi erlendra námsmanna.

Námsmenn frá Norðurlöndum, sem heimilisfastir eru á Íslandi og stunda lánshæft nám hérlendis, njóta námsaðstoðar til jafns við íslenska námsmenn enda hljóti þeir ekki námsaðstoð frá heimalandi sínu sbr. samkomulag milli Norðurlanda um þessi efni eins og það er á hverjum tíma. Heimilt er að láta þetta ákvæði taka til einstakra annarra erlendra ríkisborgara njóti íslenskir námsmenn sambærilegra réttinda í heimalandi þeirra.

Erlendir ríkisborgarar teljast fá lánsrétt á þeirri önn sem Alþingi samþykkir að veita þeim ríkisborgararétt.

Farandlaunþegi, þ.e. launþegi sem starfað hefur á hinu Evrópska efnahagssvæði í a.m.k. fimm ár á rétt á aðstoð til starfstengds náms hafi hann komið hingað til lands vegna starfs síns og átt hér lögheimili í eitt ár. Hið sama gildir um maka hans og börn þeirra sem eru yngri en 21 árs eða eru á framfæri þeirra hér á landi sbr. 4.2.

1.3. Lánshæft nám í útlöndum.

1.3.1. Háskólanám.

Lánað er til framhaldsnáms við viðurkenndar stofnanir erlendis, sem gera sambærilegar kröfur til nemenda og gerðar eru í háskólanámi hérlendis, sjá þó ákvæði gr. 4.6. og 4.8. um lán vegna skólagjalda.

1.3.2. Sérnám.

Heimilt er að veita lán til sérnáms erlendis. Lánshæfi er háð því að um sé að ræða a.m.k. eins árs skipulagt nám sem talist getur nægilega veigamikið að því er varðar eðli þess, uppbyggingu og starfsréttindi að mati stjórnar sjóðsins.

1.3.3. Einkanám í tónlist.

Skilyrði fyrir veitingu láns til einkanáms í tónlist er að umsækjandi hafi lokið 8. stigi tónlistarnáms á Íslandi eða viðurkenndu háskólaprófi í tónlist erlendis, t.d. B.A. prófi í Bandaríkjunum eða sambærilegu prófi.

Hámarksnámstími sem lánað er til einkanáms er allt að þrem námsárum eða tuttugu og sjö mánuðum, sbr. þó gr. 2.4.4.

Umsækjandi þarf að leggja fram upplýsingar um nafn og stöðu kennara, viðfangsefni, námsfyrirkomulag, tónleika ásamt efnisskrám og staðfestingu kennara.

1.3.4. Tungumálanám sem undirbúningsnám.

Heimilt er að veita lán til tungumálanáms við útlendingadeildir háskóla ef það er undirbúningur undir nám erlendis sem fer fram á öðrum tungumálum en ensku og Norðurlandamálum öðrum en finnsku. Einungis er lánað fyrir skólagjöldum hafi námsmaður lokið grunnháskólanámi og hyggist stunda framhaldsháskólanám í sömu grein.

Ef námsmaður hefur áður fengið lán til að stunda nám í viðkomandi tungumáli er ekki veitt lán til undirbúningsmálanáms.

Hámarksnámstími sem veitt er lán til skv. þessari grein er eitt misseri í eftirtöldum tungumálum: Þýsku, frönsku, spænsku og ítölsku. Í námi þar sem námsári er skipt í fjórðunga jafngilda tveir fjórðungar einu misseri.

Hámarkstími sem veitt er lán til skv. þessari grein eru tvö misseri eða þrír fjórðungar í eftirtöldum tungumálum: Kínversku, japönsku, finnsku, grísku, tékknesku, ungversku, hollensku o.s.frv.

Ef lánþegi skiptir um námsland að loknu málanáminu er honum synjað um aðstoð jafn lengi og hann naut aðstoðar í málanáminu.

Einungis er veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.

1.3.5. Upplýsingar um lánshæft nám erlendis.

Hjá sjóðnum liggja fyrir upplýsingar um skóla og námsbrautir sem lánað er til. Ef sótt er um skóla eða námsbraut sem ekki hefur verið lánað til þarf stjórn sjóðsins að fjalla um málið. Námsmaður þarf þá að útvega ítarlegar upplýsingar um námið. Gera verður ráð fyrir að slík málsmeðferð geti tekið einhvern tíma.

II. Kafli - Námsframvinda

2.1. Námstími.

2.1.1. Almennt.

Sjóðurinn veitir aðstoð þann tíma ársins sem eiginlegt skólahald eða skyldunámskeið standa yfir og að jafnaði í 9 mánuði fyrir fullt nám á skólaári. Ef námsmaður sækir sérstaklega um það og fyrir liggur staðfesting skóla á því hvenær nám hófst að hausti og hvenær viðkomandi námsmaður lauk síðasta prófi að vori er heimilt að lána í allt að einn mánuð til viðbótar. Ef fullt nám á skólaári stendur skemur en 8 mánuði skal skerða reiknaðan námstíma um það sem upp á 8 mánuðina vantar.

Ef námsmanni er veitt aðstoð hluta úr námsári er heimilt að veita lán í fjóra og hálfan mánuð fyrir hvert misseri og þrjá mánuði fyrir hverja önn eða fjórðung.

2.1.2. Sumartími.

Eftirfarandi reglur gilda um veitingu sumarlána 1997, enda hafi menn ekki fullnýtt svigrúm sitt áður en til aðstoðar sjóðsins kemur:

1. Þeir námsmenn, sem ljúka námi á sumarönn í byrjun haustmisseris eiga rétt á að fá afgreitt sumarlán eftir að þeir hafa skilað lokaprófskírteini til sjóðsins.
2. Áformi námsmaður að ljúka námi sínu á almanaksárinu 1997 og stunda nám að sumrinu í því skyni er heimilt að veita honum sumarlán, enda greiðast honum þá sumar- og haustlán, þegar vottorð um lokapróf liggur fyrir. Ljúki viðkomandi ekki námi á almanaksárinu fellur niður réttur hans til sumarláns.
3. Námsmaður sem skilar á sumarönn árangri sem nemur 75% árangri á venjulegri önn getur fengið lán vegna sumarannar 1997, sem greiðist eftir að árangur á sumarönn liggur fyrir.
4. Sama gildir um þá sem þurfa að sækja skyldunámskeið að sumrinu enda leggi þeir fram gögn um að þeir hafi tekið þátt í slíku námskeiði áður en lánið er greitt til þeirra.
5. Geri skóli kröfu um að doktorsnemar stundi nám yfir sumartímann er heimilt að veita lán til þess.
6. Stundi námsmenn launað starfsnám að sumri er ekki heimilt að veita þeim lán.
7. Aðstoð á sumarönn reiknast sem eitt misseri í heildarsvigrúmi námsmanns.
8. Lán á sumarmisseri eru reiknuð frá fyrsta degi til síðasta dags misserisins.
9. Aðstoð er ekki veitt til þess að taka þátt í sumarnámskeiðum sem eru ekki eiginlegur hluti þess náms sem viðkomandi stundar.

10. Lán vegna skólagjalda á sumarönn eru greidd út eftir á, um leið og lán vegna framfærslu á önninni.

2.2. *Framvinda náms.*

2.2.1. Fullnægjandi námsframvinda.

Námsframvinda er metin á þeim misserum eða árum sem námsmaður nýtur aðstoðar. Skal námsmaður að jafnaði ljúka 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla. Námsmaður verður að fullnægja kröfum um afköst og lágmarkseinkunnir. Tekið er tillit til skipulags náms og nánari reglur settar um framvindu á einstökum námsbrautum. Miða skal fullt nám við stystan eðlilegan námstíma skv. formlegum upplýsingum um skipulag viðkomandi skóla. Einungis er tekið tillit til námskeiða sem nýtast til lokaprófs, fái námsmaður lán út á misseri eða hluta þess þarf hann að uppfylla kröfur um námsafköst á því misseri.

Heildarsvigrúm til þess að ljúka námi ákveðst af reglum sjóðsins um framvindu náms, sbr. 1. mgr., og leyfilega hámarksnámslengd, sbr. gr. 2.4. Þegar heildarsvigrúm í grunnháskólanámi í bandarískum háskólum er metið er fyrsta árið ekki meðtalið. Námsmaður telst hafa fullnýtt svigrúm sitt þegar hann hefur fengið lán, frestun á námslokum eða frest á endurgreiðslu vegna náms í þann annafjölda sem heildarsvigrúm gerir ráð fyrir.

2.2.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Námsmaður þarf að ljúka í það minnsta 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla til þess að fá námslán. Geri skóli kröfur um meira en 75% árangur í námi til þess að námsmaður fái að halda áfram námi eða flytjast milli ára teljast kröfur skólans lágmarksárangur.

Námseftirlit er framkvæmt eftir hvert misseri. Uppfylli námsmaður ekki kröfur um námsframvindu skv. gr. 2.2.1., skulu námslán til hans skerðast hlutfallslega. Lán til námsmanns sem til dæmis lýkur 75% af fullu námi skv. skipulagi skóla skal þannig skerðast um 25%. Þetta á þó ekki við um lán vegna skólagjalda og ferðalán.

Nú skuldar námsmaður árangur frá fyrri misserum eða námsferlum og er skuld hans þá dregin frá þeim einingum sem hann lýkur áður en námsframvinda er metin í prósentum. Missi námsmaður rétt til eininga sem hann hafði áður áunnið sér og fengið lán til að ljúka er lán á fyrri námsárum ekki tekið til endurskoðunar. Námsmaðurinn telst hins vegar skulda þann einingafjölda sem hann missti rétt til.

Hafi námsmaður fullnýtt heimild sína til láns á tiltekinni námsbraut á hann ekki rétt á lánum fyrr en hann hefur unnið upp tafir eða lokið fyrrgreindri námsbraut.

2.3. *Aukið svigrúm í námi.*

2.3.1. Almennt.

Námsmaður sem lýkur yfir 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla á þar með rétt á auknu svigrúmi í námi síðar á námsferli sínum. Ljúki hann t.d. 110% af fullu námi á einu misseri nægir honum 90% árangur á síðara misseri til þess að eiga rétt á óskertu námsláni.

Að loknu skólaári skal árangur ársins gerður upp. Skili námsmaður þá samanlagt a.m.k. 75% árangri á námsárinu í heild, á hann rétt á láni í hlutfalli við árangur á einstökum önnum námsársins.

Reglur þessarar greinar gilda frá og með skólaárinu 1992-93.

2.3.2. Veikindi og barnsburður.

Heimilt er að víkja frá reglu 2.2.2. um að námsframvinda á hverju misseri skuli að lágmarki vera 75% af fullu námi, ef námsmaður, maki hans eða börn veikjast eða námsmaður eignast barn. Heildarsvigrúm til að ljúka hverjum námsferli skal þó að jafnaði ekki aukið í þessum tilfellum.

Skilyrði fyrir því að námsmaður eigi rétt á auknu svigrúmi skv. þessari grein er að hann hafi áður skilað fullnægjandi árangri í lánshæfu námi.

Ef um veruleg veikindi námsmanns, maka hans eða barna er að ræða á námstíma er heimilt að bæta allt að 25% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Skilyrði fyrir þessu er að námsmaður framvísi læknisvottorði þar sem greinilega komi fram á hvaða tíma hann vitjaði læknis eða læknir vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati læknis.

Veikist námsmaður seinni hluta annar eða í prófum og skili vegna þess minna en 50% árangri á þeirri önn er heimilt að veita honum 75% lán fyrir önnina. Skilyrði er að fyrir liggi læknisvottorð þar sem greinilega kemur fram á hvaða tíma námsmaður vitjaði læknis eða læknir vitjaði hans, og á hvaða tímabili hann var óvinnufær að mati læknis. Ennfremur þarf að liggja fyrir að viðkomandi námsmanni hafi verið synjað um að taka upptökupróf og ástæður skóla fyrir þeirri synjun. Námsmaður sem fær lán skv. ákvæðum þessarar greinar þarf að vinna upp án lána á næstu önnum það sem á vantaði að hann næði 50% árangri. Í því tilviki á viðkomandi námsmaður kost á 75% hámarksláni þar til hann hefur unnið upp það sem á vantaði. Þessi regla gildir einungis innan sama námsferils.

Námsmaður sem hefur fengið lán vegna veikinda, skv. læknisvottorði en engum árangri skilað eða minni en 50% á önn á ekki rétt á að tekið sé tillit til veikinda að nýju fyrr en hann hefur skilað námsárangri sem hann vantaði til að ljúka 50% af fullu námi á önninni. Námsmaður sem hefur skilað 50% árangri og fengið veikindasvigrúm, þ.e. 75% lán skv. læknisvottorði í tvö misseri í röð getur átt rétt á að tekið sé tillit til veikinda hans síðar í náminu þannig að honum verði veitt lán í hlutfalli við einingaskil.

Eignist námsmaður barn á námstíma er heimilt að bæta allt að 50% við árangur hans þegar lán til hans er reiknað, en með viðbótinni skal lánið þó ekki vera hærra en 75% í þessum tilfellum. Hámarkssvigrúm eykst ekki að jafnaði vegna þessa. Fæðingarvottorð liggi fyrir í þessu tilviki.

2.3.3. Örorka.

Geti námsmaður vegna örorku sinnar að mati lækna ekki skilað lágmarksárangri, skv. reglum sjóðsins er heimilt að veita honum 75% lán ef hann lýkur a.m.k. 50% árangri á hverju misseri. Ef hann lýkur innan við 50% árangri er heimilt að veita honum lán í hlutfalli við einingaskil. Skilyrði fyrir undanþágu skv. þessari grein er að örorka viðkomandi sé metin a.m.k. 75%. Sækja þarf sérstaklega um fyrrnefnda undanþágu til stjórnar sjóðsins. Umsókn þarf að fylgja staðfest námsáætlun og læknisvottorð.

2.3.4. Fyrsta árs nemi erlendis.

Á fyrsta misseri í nýju námi erlendis er veitt aukið svigrúm. Þannig er heimilt að veita mönnum lán sem nemur að lágmarki 60% á því misseri. Heildarsvigrúm í náminu eykst þó ekki vegna þessa.

2.3.5. Einingaskil við sérstakar aðstæður og námslok.

Ef námsmaður á eftir minna en sem nemur 75% af einni önn á síðasta misseri í námi þá fær hann lán í réttu hlutfalli við það sem ólokið er.

Námsmaður sem ekki getur lokið 75% árangri á misseri vegna skipulags skóla eða vegna mats á fyrra námi, getur fengið lán í réttu hlutfalli við þann einingafjölda sem hann lýkur, enda ljúki hann öllum einingum sem í boði eru og einingaskil séu ekki undir 50% af fullu námi.

2.3.6. Mat á ástundun.

Heimilt er að veita lán að fengnu ástundunarvottorði ef námsmenn taka einungis próf einu sinni á ári eða eftir lengri tíma. Lán er þá veitt í samræmi við árangur ef

námsframvinda er metin í vottorðinu, þannig er heimilt að veita 100% lán ef skýrt kemur fram í vottorði að menn hafi stundað fullt nám. Þegar vorpróf liggja fyrir hjá námsmönnum í heilsársnámskeiðum er lánið endurmetið. Komi þá í ljós að einingar sem tilheyra haustönn duga ekki fyrir því láni sem veitt var fyrir önnina þá ber námsmanni að endurgreiða ofgreitt lán.

2.3.7. Ástundun í framhaldsháskólanámi.

Ástundunarvottorð manna í framhaldsháskólanámi eða námi þar sem próf eru tekin sjaldnar en einu sinni á ári er einungis tekið til greina ef í því kemur fram áætlun skóla og námsmanns um námslok.

Heimilt er í þeim tilvikum að veita allt að 100% lán fyrir hvert misseri eða önn.

Ástundunarvottorð eru ekki tekin gild við afgreiðslu lána á þeirri önn eða misseri sem viðkomandi námsmaður á að ljúka námi skv. skipulagi skóla.

2.3.8. Viðamikið verkefni í framhaldsháskólanámi.

Ef framhaldsháskólanámi lýkur með viðamiklu verkefni er heimilt að veita lán í eitt misseri til viðbótar við þá námslengd sem fyrri reglur kváðu á um.

2.3.9. Lágmarkseinkunn.

Ljúki námsmaður tilskildum einingafjölda en aðaleinkunn hans er ekki fullnægjandi skv. reglum skóla, er heimilt að veita honum lán vegna þess misseris, ef hann skilar þeirri einkunn, sem skóli gerir kröfur til eftir næstu önn. Ef honum tekst það ekki fellur réttur hans til láns niður vegna þeirrar annar þegar hann náði ekki tilskildri einkunn.

2.4. Námslengd.

2.4.1. Hvað telst aðstoðarár?

Námsmaður telst hafa fengið lán í eitt aðstoðarár hafi hann fengið lán fyrir venjulegt skólaár, sbr. gr. 2.1.1., enda þótt lán hafi skerst vegna reglna um viðmiðun við námsárangur eða tekjur. Venjulegt skólaár er að jafnaði tvö misseri.

2.4.2. Fimm ára reglan.

Að uppfylltum skilyrðum um námsframvindu getur námsmaður að hámarki fengið lán í allt að fimm ár samanlagt.

2.4.3. Tíu ára reglan.

Leggi námsmaður stund á framhaldsnám að loknu háskólaprófi er heimilt að veita honum lán umfram það hámark sem tilgreint er í 2.4.2. Samanlagður tími sem námsmaður getur fengið lán er að hámarki 10 ár. Með framhaldsnámi er átt við meistara, doktors eða licentiatnám eða sambærilegt nám. Auk þess er átt við háskólanám eftir þrjú ár skv. skipulagi skóla, á námsbrautum sem eru skipulagðar sem lengra nám en þrjú ár. Í bandarískum háskólum er þó miðað við nám eftir 4 ár. Stutt starfstengt viðbótarháskólanám sem ekki lýkur með æðri prófgráðu, t.d. uppeldis- og kennslufræði, félagsráðgjöf og námsráðgjöf, telst vera framhaldsháskólanám, ef krafist er B.A./B.S. prófs, eða sambærilegs prófs, fyrir inngöngu.

Ef námsmaður sem fær lán skv. eldri reglu (7 ára og 12 ára regla) gerir meira en eins árs hlé á námi sínu telst hann falla undir 5 og 10 ára reglu.

2.4.4. Einkanám.

Einkanám, t.d. í söng eða tónlist telst til náms á grunnháskólastigi.

2.5. Námslok.

2.5.1. Almennt.

Námslok teljast við lok þess misseris þegar námsmaður hættir að fá lán, nema námsmaður sýni fram á áframhaldandi lánshæft nám án hlés, sbr. grein 2.5.4. Frestun á útborgun námsláns hefur ekki í för með sér frestun á skilgreindum námslokum.

2.5.2. Skilyrðum til útskriftar lokið.

Stundi námsmaður lánshæft nám án þess að gera hlé á námi sínu, skulu námslok teljast á síðasta degi þess misseris sem námsmaður lýkur öllum skilyrðum til að útskrifast.

2.5.3. Síðasta aðstoðartímabil.

Eigi námsmaður ekki rétt á frekari lánum þar sem hann hefur fullnýtt svigrúm, skulu námslok miðast við lok síðasta aðstoðartímabils.

2.5.4. Námshlé.

Heimilt er að fresta námslokum hefji námsmaður að nýju lánshæft nám að loknu stuttu námshléi. Ef námsmaður gerir á hinn bóginn hlé á námi sínu lengur en eitt skólaár, skulu námslok miðast við síðasta aðstoðartímabil fyrir námshlé.

2.5.5. Nám hafið að nýju að loknu námshléi.

Hefji námsmaður nám aftur að loknu námshléi, sem er lengra en eitt skólaár, skal líta á það sem nýtt nám.

2.5.6. Vafi um námslok.

Sjóðsstjórn ákveður námslok í vafatilfellum.

III. Kafli - Framfærsla og tekjur

3.1. Grunnframfærsla.

3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi.

Öll aðstoð til framfærslu á námstíma frá 1. júní 1996 - 31. maí 1997 miðast við grunnframfærslu á Íslandi, sem skilgreind er af sjóðnum. Sú fjárhæð er kr. 54.600.

3.1.2. Grunnframfærsla í útlöndum.

Grunnframfærsla í útlöndum, sem getur verið mismunandi eftir löndum og borgum, er ákveðið hlutfall af grunnframfærslu á Íslandi. Hlutfallið er endurskoðað tvisvar á ári (júní og desember) með hliðsjón af þróun verðlags og gengis.

3.2. Framfærsla námsmanns.

Auk búsetu hafa þær aðstæður sem tilgreindar eru undir greinum 4.1.- 4.5. áhrif á framfærslu námsmanns. Framfærsla námsmanns hækkar vegna barna sem eru 18 ára eða yngri og á framfæri hans.

3.3. Tekjur.

3.3.1. Tekjur.

Tekjur námsmanns og maka á árinu 1996 eins og þær eru skilgreindar af stjórn sjóðsins, geta haft áhrif á veitta aðstoð á námstíma. Stundi námsmaður nám erlendis, eru tekjur hans yfirfærðar í mynt námslands miðað við gengi þann 2. ágúst 1996. Ef gengi er ekki skráð fyrir viðkomandi mynt þann dag, er notað gengi eins og það var á síðasta skráningardegi á undan.

Áhrifum tekna skal dreift á einstakar annir skólaársins í hlutfalli við dagafjölda þeirra.

3.3.2. Komið úr námshléi.

Heimilt er að leggja þriggja mánaða jafnaðartekjur, að frádregnum sköttum, til grundvallar við útreikning á lánsupphæð hjá námsmanni sem kemur úr námshléi, enda liggi fyrir staðfesting á að hann hafi verið í fullri vinnu lengur en 6 mánuði á árinu.

Hefjist nám á haustmisseri skal finna þriggja mánaða jafnaðartekjur með því að deila í tekjur að frádregnum sköttum með dagafjölda frá upphafi vinnutímabils á árinu 1996 til upphafs námsárs og margfalda með 92.

Hefjist nám eftir áramót, þ.e. stundi námsmaður ekki nám á haustmisseri, skal finna þriggja mánaða jafnaðartekjur með því að deila í tekjur að frádregnum sköttum með dagafjölda frá upphafi vinnutímabils á árinu 1996 til 31. desember 1996 og margfalda með 92.

3.3.3. Lækkun tekna maka.

Ef maki námsmanns erlendis hættir í vinnu eða tekjur hans skerðast verulega á aðstoðarárinu er heimilt að taka tillit til þess og leggja þriggja mánaða jafnaðartekjur til grundvallar útreikningnum sbr. grein 3.3.2.

Auk þess er heimilt að reikna niður tekjur maka ef námsmaður og maki hefja sambúð/slíta sambúð á námstíma. Leggja skal allar tekjur maka á árinu 1996 til grundvallar við útreikning lánsins, og áhrifum teknanna dreift yfir skólaárið skv. grein 3.3.1. Sá hluti umframtekna maka sem koma á til frádráttar á tímabilinu áður en sambúð hófst eða eftir að henni lýkur, er felldur niður.

3.3.4. Tekjuáætlun.

Áður en til þess kemur að veita lán vegna náms á haustmisseri skal námsmaður gera grein fyrir áætluðum tekjum á árinu 1996.

3.3.5. Endanlegt tekjutillit.

Endanlegt tekjutillit á sér stað 1. júní 1996 og er þá lánsfjárhæð leiðrétt með tilliti til mögulegs fráviks á raunverulegum og áætluðum tekjum.

3.3.6. Ófullnægjandi tekjuáætlun.

Sjóðstjórn getur breytt ófullnægjandi tekjuáætlun.

3.4. Hvað telst til tekna.

3.4.1. Tekjur á árinu 1996.

Allar tekjur sem mynda skattstofn á árinu 1996 teljast til tekna við útreikning á námslánum.

3.4.2. Námsstyrkir.

Náms- og rannsóknarstyrkir og kennslulaun, t.d. „teaching assistantship“ og „utbildningsbidrag“ á námstíma umfram skólagjöld reiknast sem tekjur sbr. grein 4.8.1. Óheimilt er að beita ákvæðum greinar 3.3.2. á styrki.

3.4.3. Sérstakir námsstyrkir.

Framfærslustyrkir á námstíma frá Rannsóknarsjóði námsmanna og Vísindasjóði skulu dragast að fullu frá láni námsmanns. Styrkir sem veittir eru á vegum NORDPLUS og ERASMUS hafa engin áhrif á lán, enda sæki námsmaður ekki um viðbótarlán vegna þess kostnaðar, sem hann verður fyrir vegna námsins erlendis. Sæki námsmaður um viðbótarlán skal reikna NORDPLUS/ERASMUS styrki sem tekjur sbr. gr. 4.8.1.

3.4.4. Frádráttur frá tekjum.

Til frádráttar koma skattar vegna tekna á árinu 1996 eins og þeir eru reiknaðir m.v. reglur skattayfirvalda, skólagjöld umfram þá upphæð sem námsmaður fær lánað fyrir að frádregnum kr. 17.000, önnur skólagjöld og rannsóknarkostnaður, sem námsmaður greiðir með andvirði styrkja sbr. gr. 3.4.2.

3.5. Upplýsingaskylda námsmanns og maka vegna tekna.

Með undirritun umsóknar veita námsmaður og maki sjóðnum heimild til að kanna skattframtöl þeirra á þeim tíma sem lán eru veitt eða endurgreiðsla lána stendur yfir. Tekjuupplýsingar skulu gefnar upp skv. beiðni sjóðsins.

IV. Kafli - Lánaflokkar

4.1. Lán til námsmanns sem býr í leiguhúsnæði.

Framfærsla einhleyps námsmanns er grunnframfærsla. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 180.000 koma til frádráttar.

Einhleypur námsmaður sem býr í leiguhúsnæði, barnlaus hjón eða sambýlisfólk, sanni eðlilegar leigugreiðslur með því að leggja fram afrit greiðsluseðils til skattyfirvalda.

4.2. Lán til einstaklings í foreldrahúsum.

4.2.1. Framfærsla.

Framfærsla námsmanns sem býr hjá foreldrum er 70% af grunnframfærslu. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 140.000 koma til frádráttar.

4.2.2. Námsmenn sem búa hjá einstæðu foreldri.

Heimilt er að hækka framfærslu hjá námsmönnum, sem búa hjá einstæðu foreldri upp í 100% ef tekjur foreldris eru undir viðmiðunarmörkum hverju sinni. Viðmiðunarmörk í þessu sambandi svara til einfaldrar framfærslu einstæðs foreldris. Framfærsla einstæðs foreldris miðast við barnafjölda á framfæri þess undir 21 árs aldri að meðtöldum námsmanni.

4.3. Lán til einstæðs foreldris.

Framfærsla er grunnframfærsla sem hækkar um 45% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 180.000 koma til frádráttar.

4.4. Lán til námsmanns í hjónabandi/sambúð.

Framfærsla námsmanns í hjónabandi eða sambúð er grunnframfærsla sem hækkar um 25% fyrir hvert barn. Lánað er fyrir framfærslu á námstíma en 50% tekna umfram 180.000 koma til frádráttar. Til frádráttar á láni námsmanns koma 50% af tekjum maka umfram tólf mánaða framfærslu, að teknu tilliti til barnafjölda. Umframtekjum er dreift samanber grein 3.3.1. Lán vegna maka er aðeins veitt í vissum undantekningartilvikum (Sjá gr. 4.5.).

Séu hjón bæði í lánshæfu námi ákvarðast lán til hvors um sig sérstaklega, enda reiknist báðum framfærslulán. Hafi þau barn á framfæri geta þau farið fram á að samanlagðar tekjur þeirra skiptist jafnt á milli þeirra við ákvörðun námsláns.

Óvígð sambúð er lögð að jöfnu við hjúskap.

4.5. Lán vegna maka.

4.5.1. Lán vegna maka.

Eftirfarandi aðstæður geta leitt til þess að framfærsla námsmanns (skv. gr. 4.4.) á misseri hækkar um 50% vegna maka:

a) Veikindi eða örorka skv. læknisvottorði.
b) Námsmaður og maki hafa barn á framfæri sínu og maki kýs að vinna heimilisstörf að mestu eða öllu leyti.

Ef veitt er lán vegna maka koma 50% tekna námsmanns og maka umfram 270.000 til frádráttar. Umframtekjum er dreift samanber grein 3.3.1. Ef námsmaður á rétt á láni vegna maka, er lánið reiknað út á tvo vegu; með og án makaláns. Niðurstöður eru síðan bornar saman og sá útreikningur valinn, sem leiðir til hærra láns.

4.5.2. Ófullnægjandi námsframvinda.

Óheimilt er að veita makalán vegna námsmanns sem synjað hefur verið um námslán vegna ófullnægjandi námsframvindu. Hafi námsmaður notað hámarkssvigrúm til náms en ekki lokið námi þá telst hann með ófullnægjandi námsframvindu sbr. gr. 2.2.2.

4.6. Lán á markaðskjörum vegna skólagjalda.

Stjórn LÍN er heimilt að veita námslán til allt að 10 ára með venjulegum meðalvöxtum banka. Lánið endurgreiðist með jöfnum afborgunum óháð öðrum námslánum, enda sé endurgreiðsla þeirra lána sérstaklega tryggð. Endurgreiðsla hefjist tveimur árum eftir námslok. Lán þessi er heimilt að veita vegna skólagjalda í grunnháskólanámi og sérnámi erlendis, sem ekki verður stundað á Íslandi.

Hámarkslán sem veitt er skv. þessum reglum er samtals 5.800 USD á námsári, eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi eins og það var 2. ágúst 1994.

Lánin eru verðtryggð og með breytilegum vöxtum skv. auglýsingum frá Seðlabanka Íslands um meðalvexti banka og sparisjóða á hverjum tíma. Vextir reiknast frá útborgunardegi. Lánin greiðast óháð öðrum námslánum. Þau eru ekki háð skerðingu vegna námsframvindu eða öðrum útreikningi námslána.

Óheimilt er að veita námsmanni sem fær venjulegt námslán vegna skólagjalda markaðskjaralán.

4.7. Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa.

Heimilt er að veita mönnum lán vegna bókakaupa. Lán þessi skulu að jafnaði nema 50% af grunnframfærslu í einn mánuð á hverju skólaári.

4.8. Almenn lán vegna skólagjalda.

4.8.1. Skólagjöld.

Lán vegna skólagjalda erlendis umfram fenginn styrk eru aðeins veitt til framhaldsháskólanáms. Ef árleg skólagjöld við viðurkennda skóla á Íslandi eru hærri en kr. 17.000 er veitt lán fyrir umframfjárhæðinni. Samanlögð lán til námsmanns vegna skólagjalda skulu aldrei verða hærri en 31.000 USD eða jafngildi í annarri mynt miðað við gengi eins og það var 2. ágúst 1994. Þeir sem fyrir útgáfu úthlutunarreglna 1991 fengu hærri skólagjaldalán, munu fá skólagjaldalán afgreidd eftir fyrri reglu til að ljúka núverandi námi.

4.8.2. Skólagjöld skv. fyrri reglum.

Þeir námsmenn sem nutu lána vegna skólagjalda á námsárinu 1991-92 eða fyrr eiga rétt á lánum skv. fyrri reglum þar til þeir ljúka námi að næstu prófgráðu. Geri námsmaður lengra hlé á námi sínu en 1 ár missir hann þennan rétt. Hámarkslán vegna skólagjalda umfram fenginn styrk hjá þeim námsmönnum sem eiga rétt á láni skv. fyrri reglum skulu hækka í 5.800 USD á námsári og 31.000 USD sbr. gr. 4.8.1 á skólaárinu 1996-97.

4.8.3. Hámarksupphæð.

Við ákvörðun hámarksupphæðar skólagjalda (USD 5.800 og USD 31.000) í einstökum gjaldmiðlum öðrum en Bandaríkjadölum er miðað við gengi eins og það var 2. ágúst 1994.

4.8.4. Skipt um skóla.

Skipti námsmenn um skóla á miðju ári sem eiga rétt á lánum vegna skólagjalda í grunnháskólanámi eða sérnámi erlendis miðast hámark skólagjalda við USD 2.900 á hvoru misseri.

4.9. Lán vegna ýmissa atvika og röskunar á stöðu og högum námsmanns.

4.9.1. Röskun á stöðu og högum námsmanns.

Nú verður ófyrirsjáanleg röskun á stöðu og högum námsmanns og reglur þessar ná ekki til hennar að öðru leyti, t.d. verður námsmanni vegna örorku sinnar, framfærslu barna sinna eða maka eða af öðrum ástæðum illmögulegt að stunda nám sitt að fullnýttri lánsheimild. Má þá veita honum aukalán úr sjóðnum enda verði höfð hliðsjón af þeim bótum sem hann fær samkvæmt gildandi tryggingalöggjöf.

Heimilt er skv. þessari grein að veita námsmanni sérstakt lán vegna aukaferðar ef hann þarf skyndilega að fara heim vegna alvarlegra veikinda eða andláts í nánustu fjölskyldu. Nauðsynlegt er að leggja fram nákvæmar upplýsingar um ástæður ferðar ásamt viðeigandi læknisvottorði eða dánarvottorði. Til nánustu fjölskyldu skv. þessari reglu skulu teljast foreldrar námsmanns og maka, afar og ömmur námsmanns og maka og systkini og börn.

4.9.2. Hámarkslán.

Hámarkslán á misseri vegna röskunar á stöðu og högum námsmanns miðast við mánaðarframfærslu eins og hún er reiknuð af sjóðnum að teknu tilliti til fjölskyldustærðar.

4.10. Lán vegna sjúkratrygginga.

Námsmenn sem greiða háar sjúkratryggingar geta sótt um að þeim kostnaði sé mætt. Við mat á hæfilegum kostnaði vegna sjúkratrygginga er höfð hliðsjón af upplýsingum frá íslensku tryggingarfélögunum. Ef veitt er lán vegna sjúkratrygginga er það einungis fyrir þeim hluta sem er umfram 5% af framfærslukostnaði. Heimilt er að veita aukalán vegna sjúkrakostnaðar erlendis sem námsmaður hefur að hluta til fengið endurgreiddan hjá Tryggingastofnun ríkisins. Við afgreiðslu slíkrar umsóknar skal tekið tillit til þess hvort námsmaður hafi keypt eðlilegar sjúkratryggingar. Heimilt er að veita lán til greiðslu hæfilegs kostnaðar vegna mæðraskoðunar og ungbarnaeftirlits erlendis ef ljóst er að hvorki tryggingaraðili námsmannsins né viðkomandi sveitarfélag á Íslandi taki þátt í greiðslu kostnaðar. Einnig er heimilt á námstíma að veita lán til greiðslu ferðakostnaðar ef barnshafandi námsmaður eða maki námsmanns erlendis kýs, vegna óhóflegs kostnaðar erlendis, að fæða barn á Íslandi. Óheimilt er að taka tillit til sjúkrakostnaðar sem Tryggingastofnun ríkisins hefur synjað að greiða.

4.11. Lán vegna vaxtakostnaðar.

Fyrir útborgun námslána, sem greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, skal reikna hlutfallslega vaxtaábót sem skal miða við að tekið sé fullt tillit til vaxtakostnaðar vegna munar útborgunartíma á skólaárinu 1996-97 og þeim sem gilti á skólaárinu 1991-92. Þessi hlutfallslega ábót bætist við útreiknuð námslán viðkomandi námsmanns og nefnist vaxtaábót.

4.12. Lán vegna ferðakostnaðar.

4.12.1. Ferðakostnaður námsmanns, maka og barna.

Námsmanni er heimilt að sækja um lán til þess að greiða hluta eigin ferðakostnaðar, maka og barna sem eru á framfæri námsmanns. Umsóknarfrestur til að sækja um þessi lán er hinn sami og um almenn námslán. Lánin miðast við ákveðna upphæð, sem er mismunandi eftir námslandi og námssvæði.

4.12.2. Lán vegna ferða til námsstaðar erlendis.

Námsmenn erlendis eiga kost á láni vegna einnar ferðar milli heimilis og námsstaðar skólaárið 1996-97, sem ákvarðast þannig: Vegna hvers einstaklings er ferðalán til námsmanna og maka á Norðurlöndum 30.000 krónur á mann, en 35.000 krónur á einstakling vegna námsmanna og maka annars staðar í Evrópu, 45.000 krónur í Norður Ameríku og 80.000 krónur á einstakling vegna námsmanns og maka annarsstaðar. Lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindum upphæðum ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára.

4.12.3. Lán vegna ferða til námsstaðar á Íslandi.

Ferðalán sem námsmenn á Íslandi eiga kost á skólaárið 1996-97 skulu ákvarðast þannig: Vegna einstaklings og maka 12.000 krónur, en lán vegna ferða barna miðast við 10% af ofangreindri upphæð ef barn er yngra en tveggja ára, 50% vegna barna á aldrinum tveggja ára til tólf ára og 100% vegna barna sem eru eldri en tólf ára. Skilyrði þess að námsmenn á Íslandi eigi kost á ferðaláni er að þeir eigi lögheimili a.m.k. 100 km frá höfuðborgarsvæðinu eða öðru skólasvæði. Vegna ferða innanlands er ekki skilyrði að menn framvísi gögnum vegna ferðar.

4.12.4. Hvenær þarf ferð að eiga sér stað?

Heimilt er að taka tillit til ferðar, sem farin er til námsstaðar allt að einu misseri fyrir upphaf námstímabils og heim allt að einu misseri eftir lok skólaárs.

4.12.5. Greiðslutími ferðalána.

Ferðalán greiðast þegar sótt hefur verið um þau og afriti af farseðli framvísað sem sýni að ferð hefur verið farin. Lánin greiðast strax að hausti fyrir bæði misseri skólaársins, hjá öðrum en fyrsta árs nemum, ef námsmaður leggur fram afrit af farmiða að og frá námsstað. Ferðalán vegna námsmanna á Íslandi greiðast með framfærslulánum vegna haust- og vorannar.

4.13. Lán vegna meðlagsgreiðslna.

Námsmaður getur sótt sérstaklega um lán vegna meðlags, sem hann greiðir svo sannanlegt sé. Þegar veitt er lán vegna meðlags, greiðir sjóðurinn meðlag beint til Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

V. Kafli - Umsóknir og útborgun lána

5.1. Umsóknir um námslán.

5.1.1. Umsóknareyðublöð.

Sótt er um námslán á sérstökum eyðublöðum sem sjóðurinn lætur í té. Umsóknareyðublöðin fást að jafnaði einnig í lánshæfum skólum hérlendis, skrifstofum námsmannasamtaka og sendiráðum Íslands erlendis.

5.1.2. Umsóknir og gildistími.

Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarár. Hver umsókn gildir til loka misseris. Umsókn verður að hafa borist fyrir:

1. ágúst vegna aðstoðar á haustmisseri;
1. desember vegna aðstoðar á vormisseri;
1. mars ef nám hefst eftir 1. apríl;
15. maí 1997 vegna sumarlána.

Umsókn verður að hafa borist fjórum vikum áður en lánshæfur námstími hefst.

Hafi námsmaður ekki átt gilda umsókn hjá sjóðnum á vormisseri 1997 er umsóknarfrestur um sumarlán í því tilviki 1. mars.

5.1.3. Fylgiskjöl og skilafrestur.

Tilkynna ber námsmanni tímanlega um gögn, sem honum ber að skila, þannig að honum gefist nægur tími til að senda þau til sjóðsins. Fylgiskjöl vegna umsóknar eiga að berast sjóðnum eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að þeirra var óskað. Að öðrum kosti er litið svo á að námsmaður sé fallinn frá umsókn. Hið sama gildir um prófvottorð, þeim skal skilað eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að próftímabili lýkur, að öðrum kosti er litið svo á að námsmaður hafi fallið frá umsókn um lán á viðkomandi önn.

5.1.4. Synjun um námslán.

Tilkynna skal námsmanni ef honum er synjað um námslán. Þegar synjun er tilkynnt skulu fylgja með upplýsingar um: a) heimild námsmanns til að fá synjunina rökstudda og b) hvert beina skuli kæru, ef um slíkt er að ræða.

5.1.5. Málskot til stjórnar LÍN

Umsóknum um námslán er svarað af starfsmönnum sjóðsins sem samþykkja lán eða synja í samræmi við gildandi reglur. Vilji námsmaður skjóta slíkum úrskurði til meðferðar stjórnar skal hann gera það með rökstuddu erindi. Úrskurður stjórnar er endanlegur, en unnt er að óska álits umboðsmanns Alþingis eða skjóta úrskurði til dómstóla.

5.1.6. Náms- og lánsfjáráætlun.

Á grundvelli upplýsinga námsmanns m.a. um tekjur og fjölskylduhagi getur hann fengið útfyllta náms- og lánsfjáráætlun frá sjóðnum. Hún gefur kost á tímabundinni fyrirgreiðslu hjá viðskiptabanka sbr. reglu 5.2.3.

5.2. Útborgun námslána.

5.2.1. Útborgun námslána.

Lán greiðast eftir hverja önn, misseri eða skólaár, þegar námsmaður hefur lagt fram gögn um námsárangur sinn, lokatekjuáætlun og aðrar upplýsingar sem máli skipta. Lán greiðast inn á reikning í viðskiptabanka eða sparisjóði sem skal vera á nafni námsmanns. Skal við það miðað að greiðsludagar séu sem næst 15. janúar og 15. júní. Heimilt er að greiða út lán á öðrum tímum enda liggi fyrir að námsmaður hafi uppfyllt kröfur sjóðsins um afköst og árangur í námi áður en sjóðurinn innir af hendi greiðslu láns vegna viðkomandi annar, misseris eða skyldunámskeiða. Lánveitingum vegna námsársins 1996-1997 skal þó lokið fyrir 1. febrúar 1998, eftir það eru ekki afgreidd lán vegna námsársins.

Heimilt er að greiða lán vegna skólagjalda og ferðalán skv. grein 4.8.1 og kafla 4.12 á þeirri önn sem námsmaður greiðir slíkan kostnað. Skili námsmaður ekki tilskildum lágmarksárangri eftir viðkomandi skólaár eru þessi lán endurkræf skv. reglum um ofgreidd lán.

5.2.2. Staðfesting á tekjum.

Námsmenn skulu skila staðfestingu eða breytingu á fyrri áætlun vegna tekna á árinu 1996 áður en lán er greitt út. Ef verulegur munur reynist vera á þeirri áætlun og tekjum námsmanns og maka er heimilt að gjaldfella lánið.

5.2.3. Fyrirgreiðsla banka og sparisjóða.

Stjórn sjóðsins hefur gert samkomulag við viðskiptabanka og sparisjóði um að þeir veiti námsmönnum tímabundna fyrirgreiðslu innan misseris eða skólaárs, ef þess er óskað, að uppfylltum venjulegum skilyrðum viðkomandi peningastofnunar og að fenginni náms- og lánsfjáráætlun námsmanns.

5.2.4. Bóka- og aukalán.

Bóka- og aukalán greiðast í einu lagi þegar framfærslulán viðkomandi kemur til útborgunar.

5.2.5. Hlutalán.

Nú óskar námsmaður eftir því að fá einungis greiddan hluta af því láni sem honum reiknast og skal honum það þá heimilt.

5.2.6. Skuldabréf og bankareikningur.

Útborgun lána er háð því skilyrði að lánþegi hafi undirritað skuldabréf og tryggt lánið með sjálfskuldarábyrgðarmönnum eða veði. Lánið greiðist inn á reikning viðkomandi lánþega sem skal vera á hans eigin nafni í banka eða sparisjóði.

5.3. Umboðsmaður, ábyrgðarmaður og skilyrði sem námsmenn þurfa að uppfylla.

5.3.1. Umboðsmaður.

Námsmaður erlendis verður að hafa umboðsmann á Íslandi sem m.a. skrifar undir skuldabréf fyrir hans hönd.

5.3.2. Ábyrgðarmenn.

1. Einn ábyrgðarmaður skal að lágmarki ganga í sjálfskuldarábyrgð fyrir lánþega, en flestir geta ábyrgðarmenn orðið 10. Þeir skulu vera fjárráða og að jafnaði íslenskir ríkisborgarar með lögheimili á Íslandi. Ábyrgðarmenn þurfa að fullnægja sömu skilyrðum og lánþegar sjóðsins, sbr. gr. 5.3.3. Hámarksábyrgð einstaks ábyrgðarmanns skal vera 5 milljónir króna en lágmarksábyrgð 100.000 kr. Breytist staða ábyrgðarmanns, þannig að hann telst ekki lengur uppfylla þau skilyrði sem sett eru í grein 5.3.3., skal námsmaður útvega nýjan ábyrgðarmann fyrir láni sínu áður en hann fær frekari lán afgreidd frá sjóðnum.
2. Óheimilt er að samþykkja þá menn sem ábyrgðarmenn fyrir námsláni, sem eru á dómaskrá vegna gjaldþrots eða annarra fjárhagslegra ástæðna.
3. Óski námsmaður að setja fasteign að veði til tryggingar námsláni þarf hann að leggja fram eftirfarandi gögn: veðbókarvottorð, afrit síðustu greiðsluseðla vegna áhvílandi lána, fasteigna- og brunabótamatsvottorð. Sjóðurinn metur veðhæfni eignarinnar.

5.3.3. Skilyrði sem lánþegar þurfa að uppfylla.

Skilyrði, sem lánþegar þurfa m.a. að uppfylla, eru að þeir séu ekki í vanskilum við sjóðinn, þegar sótt er um nýtt lán og bú þeirra sé ekki til gjaldþrotameðferðar eða að þeir teljist af öðrum ástæðum bersýnilega ótryggir lántakendur. Teljist námsmaður ótryggur lántakandi skv. ofangreindu getur hann sótt um undanþágu frá þessari grein enda sýni hann fram á annað, eða að hann leggi fram aðrar ábyrgðir sem sjóðurinn telur viðunandi.

5.4. Greiðsla félagsgjalda.

Óski námsmaður þess annast sjóðurinn greiðslu félagsgjalda til Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE) og Bandalags íslenskra sérskólanema (BÍSN). Sjóðurinn dregur félagsgjöldin af námslánum og greiðir til réttra aðila.

Umsókn um námslán skal jafnframt vera umsókn um félagsaðild nema námsmaður óski eftir öðru á umsókn eða bréflega.

Upphæð félagsgjalda skal koma fram á útreikningi námslána.

5.5. Breytingar á aðstoð.

5.5.1. Tilkynningaskylda námsmanns.

Umsækjanda ber að tilkynna allar breytingar á högum sínum er haft geta áhrif á veitingu námsaðstoðar, svo sem breyttar fjölskylduaðstæður, breytingar á fjárhag, heimilisfangi og námsáætlun, eða veikindi er valdið geta töfum í námi. M.a. ber að tilkynna sjóðnum þegar námsmaður stofnar til hjúskapar eða sambúðar. Námsmanni ber auk þess að senda sjóðnum öll þau gögn sem hann kann að verða beðinn um.

5.5.2. Leiðrétting á útreikningi.

Ef í ljós kemur að sjóðurinn hefur veitt námsaðstoð eða reiknað út upphæð láns á röngum forsendum er það leiðrétt við fyrsta hentugleika, skv. nánari ákvæðum í þessum kafla. Er þá tekið tillit til þess hvort námsmaður hefur vísvitandi gefið villandi eða rangar upplýsingar, hvort um vanrækslu hefur verið að ræða af hans hálfu ellegar um mistök frá hendi sjóðsins. Að jafnaði er mögulegt að semja um fyrirkomulag endurgreiðslna.

5.6. Vísvitandi villandi upplýsingar.

Ef námsmaður hefur vísvitandi veitt sjóðnum rangar eða villandi upplýsingar fellur öll námsaðstoð við hann niður og aðstoð sem hann kann að hafa fengið vegna slíkra upplýsinga verður þegar í stað endurkræf með áfallinni verðtryggingu og kostnaði sem af hlýst. Þetta á m.a. við ef sannað þykir að námsmaður hafi gefið upp rangar tekjur skv. skilgreiningu sjóðsins um tekjur, þegar viðkomandi skattári er lokið.

5.7. Ofgreidd lán.

5.7.1. Ofgreidd lán.

Ef námsmaður fær ofgreitt lán, t.d. vegna vanáætlaðra tekna, vanskila á námsárangri eða öðrum ástæðum, skal gefa honum kost á að greiða lánið á sérstöku skuldabréfi og skal greiðslutíminn að jafnaði ekki vera lengri en 10 mánuðir.

Ofgreidd lán námsmanna erlendis, eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur miðað við gengi 2. ágúst 1996. Ef gengi er ekki skráð fyrir viðkomandi mynt þann dag, er notað gengi eins og það var á síðasta skráningardegi á undan.

5.7.2. Skuldabréf.

Skuldabréf vegna ofgreiddra lána bera almenna meðalvexti banka og sparisjóða og leggjast vextirnar á þá upphæð sem námsmanni ber að endurgreiða frá útborgunardegi hins ofgreidda láns.

5.7.3. Vextir.

Fyrsti vaxtadagur er skilgreindur í skuldabréfi.

5.7.4. Innheimta.

Ofgreitt lán kemur til innheimtu við lok námsárs. Lok námsárs í þessum skilningi er þegar námsárangur og önnur gögn hafa borist vegna allra anna, sem sótt er um aðstoð fyrir á námsárinu.

5.8. Eftirlit með tekjum vegna síðasta láns.

5.8.1. Námsmenn á Íslandi.

Sjóðurinn fær upplýsingar frá ríkisskattstjóra um tekjur skv. skattframtali þess tekjuárs sem lagt var til grundvallar síðustu lánveitingu.

5.8.2. Námsmenn á Norðurlöndum.

Námsmenn annars staðar á Norðurlöndum þurfa að skila vottorði um tekjur s.l. árs. Í Danmörku „årsopgørelse“, í Noregi „bruttoinntekt“ og í Svíþjóð „terminalbild 44“.

5.8.3. Námsmenn í öðrum löndum.

Sjóðurinn getur krafist skattavottorðs frá námsmönnum í öðrum löndum.

5.8.4. Endurgreiðsla.

Komi í ljós að tekjur skv. vottorði skattstjóra eru hærri en gefið var upp af námsmanni, ber honum að endurgreiða ofgreitt lán með verðtryggingu.

5.9. Mistök sjóðsins.

Verði mistök við veitingu námsláns, námsmanni í óhag, ber að leiðrétta þau strax og upp kemst. Námsmönnum er eindregið bent á að kynna sér vandlega þau ákvæði í þessum úthlutunarreglum sem eiga við hverju sinni og stuðla að því að slík mistök leiðréttist sem fyrst. Námsmanni skal tilkynnt um slík mistök og síðan ákveðið í hverju einstöku tilviki hvernig endurgreiðslu skuli hagað.

VI. Kafli - Samnorrænar reglur um lán á Norðurlöndum

Umsækjandi við nám á Norðurlöndum utan heimalandsins getur að uppfylltum sérstökum skilyrðum fengið námslán frá námslandinu. Skilyrði fyrir námsaðstoð er að umsækjandi fái ekki námsaðstoð frá öðru landi. Hér á eftir fara tvö dæmi um þetta:

A. Umsækjandi hefur verið búsettur og unnið samfellt tvö ár í námslandinu. Umsjón með eigin barni undir 16 ára aldri jafngildir vinnu. Tekið er tillit til vinnuhlés ef um herskyldu eða veikindi hefur verið að ræða.

B. Umsækjandi er undir 20 ára aldri og hefur fylgt foreldrum sínum sem eru heimilisföst í námslandinu og hafa þar fasta vinnu.

Nánari upplýsingar fást hjá lánasjóðum í hverju landi.

DANMÖRK

Styrelsen for Statens Uddannelsesstøtte
Danasvej 30
DK-1910 Fredriksberg C
Sími: 00-45-31214666

NOREGUR

Statens lånekasse for utdanning
P. boks 195, Østre Aker vei 20
N-0510 Oslo 5
Sími: 00-47-22726700

FINNLAND

Folkpensionsanstaltens
Studiestödscentral
P.O. Box 228
FIN-40 101 Jyvaskyla 10
Sími: 00-358-41-698611

SVÍÞJÓÐ

Centrala studiestödsnämnden
S-851 82 Sundsvall
Sími: 00-46-60-186000

VII. Kafli - Lánskjör

7.1. Vextir R-lána og verðtrygging.

7.1.1. Lánskjör.

Lán skv. lögum nr. 21/1992 eru verðtryggð og bera allt að 3% vexti frá námslokum. Verðtryggingin miðast við breytingar á vísitölu neysluverðs Seðlabanka Íslands.

7.1.2. Verðtrygging.

Grunnvísitala skuldabréfs miðast við vísitölu neysluverðs eins og hún er á dagsetningu námsloka.

7.1.3. Námslok.

Þegar skírteini um lokapróf berst sjóðnum er hafinn undirbúningur að því að ganga frá skuldabréfi námsmanns. Lántaka skal þá sent bréf með sundurliðuðum upplýsingum um greiðslur sem tilheyra skuldabréfinu. Honum er jafnframt tilkynnt um hvenær hann er talinn hafa lokið námi og vextir fara að reiknast af skuldabréfinu. Hálfs mánaðar frestur skal gefinn til að gera athugasemdir. Að þeim tíma liðnum er skuldabréfið fyllt út.

7.1.4. Fullnýtt svigrúm.

Nú hefur námsmaður fullnýtt svigrúm sitt og skal þá líta svo á að námi hans sé lokið og fylla út skuldabréf eftir aðgerðir sbr. 7.1.2.

7.1.5. Gengið frá skuldabréfi.

Þegar gengið er frá skuldabréfi er öllum ábyrgðarmönnum send tilkynning um upphæð bréfsins og þá fjárhæð sem hver og einn telst ábyrgur fyrir.

7.1.6. Námshlé o.fl.

Nú sækir lántaki ekki um lán á nýju námsári fyrir tilskilinn umsóknarfrest en hefur þó ekki lokið námi og skal þá tilkynna honum að gengið verði frá skuldabréfi hans innan hálfs mánaðar og hvenær sjóðurinn telur námslok hans hafa verið. Honum skal jafnframt sent yfirlit um greiðslur til hans sem verða færðar uppreiknaðar á skuldabréfið. Í slíkum tilfellum er ekki veittur frestur á því að ganga frá skuldabréfinu. Tilkynni námsmaður að hann hafi tekið sér námshlé sem er ekki lengra en eitt ár er frágangi á skuldabréfi frestað í samræmi við reglur um skilgreiningu á námslokum.

7.2. Endurgreiðslutími.

7.2.1. Lán er afborgunarlaust í tvö ár.

Endurgreiðsla hefst aldrei fyrr en tveimur árum eftir námslok sbr. gr. 2.5. Ef námslok eru á fyrri hluta árs, þ.e. fyrir 1. júlí, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu tveimur árum eftir námslok. Séu námslok á síðari hluta árs, 1. júlí eða síðar, er gjalddagi fyrstu föstu greiðslu 1. mars á þriðja ári frá námslokum. Seinni ársgreiðslan er alltaf 1. september.

7.2.2. Vextir.

Vextir reiknast frá námslokum. Fái námsmaður greitt út lán eftir námslok eins og þau eru skilgreind af sjóðnum, þá reiknast vextir á þá greiðslu frá deginum eftir útborgun.

7.3. Árleg endurgreiðsla.

Árleg endurgreiðsla er í tvennu lagi. Annars vegar er föst greiðsla sem innheimtist 1. mars, þó getur fyrsti gjalddagi verið breytilegur eftir námslokadegi. Hins vegar er viðbótargreiðsla sem innheimtist 1. sept. og er háð tekjum fyrra árs. Föst ársgreiðsla er 48.000 kr. og miðast við lánskjaravísitölu 3.198. Þessi upphæð breytist á hverju ári til samræmis við lánskjaravísitölu 1. janúar hvers árs. Viðbótargreiðslan miðast við ákveðinn hundraðshluta af útsvarsstofni næsta árs á undan endurgreiðsluári. Hundraðshluti þessi er 5 við afborganir af láninu fyrstu fimm árin. Eftir það skal hundraðshlutinn vera 7. Sú fjárhæð sem þannig fæst skal margfölduð skv. hlutfallslegri breytingu á lánskjaravísitölu frá 1. júlí á tekjuöflunarári til 1. júlí á endurgreiðsluári. Samkvæmt framansögðu dregst áðurnefnd föst ársgreiðsla frá viðbótargreiðslunni.

Lánþega ber að greiða lántökugjald 1,2% í hvert sinn sem lán er tekið og kostnað af innheimtu á hverjum gjalddaga.

7.4. Undanþágur.

7.4.1. Undanþága frá árlegri endurgreiðslu.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita undanþágu frá árlegri endurgreiðslu verði skyndilegar breytingar á högum lánþega, t.d. vegna veikinda eða slyss, sem skerða ráðstöfunarfé hans og möguleika til að afla tekna. Stjórn er ennfremur heimilt að veita undanþágu frá fastri ársgreiðslu ef lánshæft nám, atvinnuleysi, veikindi, þungun, umönnun barna eða aðrar sambærilegar ástæður valda verulegum og ófyrirséðum fjárhagsörðugleikum hjá lánþega eða fjölskyldu hans.

7.4.2. Sótt um frest.

Lánþegar sem óska eftir frestun eða niðurfellingu á endurgreiðslu námsláns skulu sækja um það á þar til gerðum eyðublöðum og láta fylgja umsókn nákvæmar upplýsingar, sem þar er óskað eftir, á fylgiskjölum.

7.4.3. Nám hafið að nýju.

Nú hefur lánþegi sem hefur lánshæft nám að nýju svo háar tekjur að honum reiknast tekjutengd afborgun af fyrri lánum og er þá að jafnaði ekki heimilt að veita viðkomandi frest á afborgun.

7.5. Lán sem sjóðurinn hefur veitt.

Lán sem sjóðurinn hefur veitt eru:

Heiti	Veitt	Vextir	Endurgr. hefst m.v. námslok	Endurgr. tími	Gjalddagar
M	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1952-61	3,5%	3 ár	10 ár	1. feb. og 1. júní
M	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. maí og 1. nóv.
N	1961-67	3,5%	3 ár	15 ár	1. feb. og 1. júní
L	1967-75	5%	5 ár	15 ár	1. júní
K	1975	13%	1 ár	4 ár	1. apr. og 1. nóv.
X •	1976-82	verðtryggt	3 ár	20 ár	1. júlí og 1. nóv.
T ••	1982-92	verðtryggt	3 ár	40 ár	1. mars og 1. sept.
R	1992	allt að 3% +verðtr.	2 ár	óákv.	1. mars og 1. sept.

• nefnast V-lán eftir sameiningu

•• nefnast S-lán þegar endurgreiðsla hefst.

7.6. Sé greitt eftir fleiri kerfum.

Þeir námsmenn, sem taka lán skv. lögum nr. 21 frá 1992 (R- lán) greiða fyrst afborganir og vexti af þeim lánum, en skuldi þeir eldri lán frestast afborganir þeirra þar til fyrrnefnd R-lán eru að fullu greidd. Eldri lán greiðast síðan eftir reglum sem áður giltu. Hlutfallsstuðull fyrir aukaafborgun T- láns hjá þeim sem hafa fengið meira en helming raunvirðis námslána sinna árin 1976-85 er 3,5% í stað 3,75%. Ef lánþegi greiðir bæði af lánum sem tekin voru á árunum 1976-82 og af lánum sem tekin voru 1982-92, þá dragast afborganir eldri lána frá afborgunum hinna nýju. Enginn afsláttur er veittur af afborgunum lána, sem tekin voru 1982-92, þótt einnig sé verið að greiða af L-lánum.

7.7. Vanskil.

Ef lánþegi greiðir ekki afborgun á réttum tíma og hefur ekki samið við sjóðinn um greiðslu, sendir sjóðurinn hana til lögfræðings í innheimtu. Ef lánþegi gerir enn ekki skil, er sjóðnum heimilt að gjaldfella alla skuldina og innheimta hana með hæstu leyfilegu dráttarvöxtum.

Staðfesti hér með framangreindar reglur, sem samþykktar hafa verið samhljóða af stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Reykjavík, 23. maí 1996.

Björn Bjarnason,
menntamálaráðherra.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 470/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. gr. reglugerðarinnar:

Við 3. mgr. bætast tveir nýir málsliðir er orðast svo: Jafnframt skal endurgreiða virðisaukaskatt af leigugjaldi sem greitt er fyrir notkun á húsnæði sem er embættisbústaður sendiherra eða skrifstofuhúsnæði sendiráðs. Þó skal ekki endurgreiða virðisaukaskatt vegna þjónustu sem tengist rekstri húseignarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 30. maí 1996.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.

Nr. 306 30. maí 1996

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 625 22. desember 1987.

1. gr.

6. mgr. 19. gr. breytist þannig:

Innan borgarmarkanna má ekki í heimildarleysi aka, stöðva eða leggja vélknúnu ökutæki utan vega á svæði sem ekki er ætlað fyrir umferð vélknúinna ökutækja. Allur akstur torfærutækja s.s. torfæruhjóla og vélsleða er bannaður innan borgarlandsins. Borgarráð getur þó heimilað undanþágu frá þessu ákvæði á afmörkuðum svæðum og skal sú ákvörðun tilkynnt lögreglustjóra.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 36 18. maí 1988 um lögreglusamþykktir, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 30. maí 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Símon Sigvaldason.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur, og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 49,20.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1 mæli) er greitt fast mánaðargjald, sem fer eftir stærð sem hér segir:

a)	fyrir mæli allt að 20 mm	kr.	492,00
b)	fyrir mæli 25 - 50 mm	kr.	1.028,00
c)	fyrir mæli 75 mm og stærri	kr.	2.085,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælisálestur ef selt er eftir vatnsmæli, en miðast við mánaðamót ef um hemil er að ræða. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 1.315,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum, sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil, ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 10 daga frá útsendingardegi reiknings.

7. gr.

Stofngjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss: (utanmál)	m^3	Stofngjald							
Allt að	400	39.728,00							
400 -	2000	39.728,00	fyrir	400 m^3	+	32,24	kr/m^3	þar	yfir
2000 -	6000	91.312,00	"	2000 m^3	+	27,56	"	"	"
6000 -	10000	201.552,00	"	6000 m^3	+	24,96	"	"	"
Meira en	10000	301.392,00	"	10000 m^3	+	21,32	"	"	"

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal greiða kr. 4.836,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Reykjavíkur er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar.

Hitaveitan skal, skv. 3. gr. laga nr. 64/1943, auglýsa gildandi verð skv. gjaldskrá þessari á hverjum tíma, í Lögbirtingablaði.

9. gr.

Nú er tengingu húss lokið og er þá stofngjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með minnst 3ja daga fyrirvara.

Undirbúningur að stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila notanda telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notanda. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið. Innheimtugjald er kr. 1.035,00.

Komi til stöðvunar orkuafhendingar vegna vanskila notanda skal hann greiða kostnað við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt fyrri málsgrein. Lokunargjald er kr. 1.554,00.

Sé nauðsynlegt að loka aðrennsli vatnsins utanhúss, skal sá er vanskilum veldur greiða allan kostnað við þá framkvæmd.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með skv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 380, 28. júní 1995.

Iðnaðarráðuneytinu, 28. maí 1996.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

STJÓRNARTÍÐINDI B 44 – 1996

6. júní 1996 661 Nr. 308

REGLUGERÐ

um ökumæla, verkstæði, álestraraðila og eftirlitsaðila þungaskatts.

I. KAFLI
Ökumælar, verkstæði o.fl.

1. gr.

Ökutæki, sem greiða skal þungaskatt af skv. 1. gr., sbr. B-lið 4. gr. laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar með síðari breytingum, skulu vera búin ökumælum til ákvörðunar þungaskatts. Eigandi eða umráðamaður ökutækis skal á eigin kostnað láta setja ökumæli í ökutæki sitt. Hann ber ábyrgð á að ökumælir telji rétt. Hann skal sjá til þess að allar tengingar milli aflrásar og ökumælis séu innsiglaðar.

Einungis er heimilt að nota ökumæla sem samþykktir hafa verið af Vegagerðinni, að undangenginni prófun faggilts verkstæðis.

Heimilt er að skrá ökumæli bifreiðar sem dregur eftirvagn, fyrir bæði bifreiðina og eftirvagninn. Ákvarðar ökumælirinn þá akstur bifreiðar og eftirvagns og er ekki skylt að setja ökumæli í eftirvagninn.

Ríkisskattstjóri getur, ef sérstaklega stendur á, veitt undanþágu frá því að ökutækið sé útbúið ökumæli, enda fari ákvörðun þungaskatts fram á annan jafntryggan hátt.

2. gr.

Ef skylt er að búa ökutæki ökurita skv. reglugerð nr. 136/1995, um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, með síðari breytingum og þeim EBE gerðum sem vísað er til þar, skal ökuritinn notaður sem ökumælir, sbr. 1. gr.

Ef ökutæki er búið ökurita, án þess að það sé skylt skv. reglugerð nr. 136/1995, skal eiganda eða umráðamanni þó heimilt að nota ökuritann sem ökumæli, enda hlíti hann skilyrðum 3. mgr. um notkun. Heimilt er að nota ökurita enda þótt hann hafi ekki hlotið tilskilda viðurkenningu fyrrgreindrar reglugerðar ef uppfyllt eru skilyrði 3. mgr. um notkun.

Ef ökuriti er notaður sem ökumælir skv. 1. og 2. mgr. er ökumanni skylt að hafa skráningarblað (skífu) í ökuritanum, þar sem skráðar eru upplýsingar um akstur ökutækis. Ökumaður skal, verði þess krafist, geta sýnt skráningarblöð ökurita fyrir þá viku sem er að líða, svo og fyrir síðasta dag síðustu akstursviku. Um notkun ökuritans og skráningarblaða hans skulu að öðru leyti gilda ákvæði reglugerðar nr. 136/1995 með síðari breytingum og ákvæði þeirra EBE gerða sem þar er vísað til.

3. gr.

Ísetning, úrtaka og viðgerð ökumæla er óheimil öðrum verkstæðum en þeim sem hafa hlotið faggildingu Löggildingarstofunnar, sbr. reglugerð nr. 572/1995, um prófun á ökuritum og reglugerð nr. 41/1996, um starfsemi verkstæða með B-faggildingu til prófunar á ökuritum.

Þó skal verkstæðum sem ekki hafa hlotið faggildingu heimilt að taka úr og setja í ökumæla að undangenginni heimild ríkisskattstjóra.

Viðgerðir og breytingar á teljara í ökumæli má einungis framkvæma hjá faggiltu verkstæði.

4. gr.

Verkstæði, sem setur ökumæli í ökutæki samkvæmt reglugerð þessari, skal skrá eftirfarandi upplýsingar í akstursbók, sem ríkisskattstjóri gefur út:

a. Skráningarnúmer ökutækis.
b. Nafn og heimilisfang eiganda.
c. Nafn og heimilisfang umráðamanns.
d. Gerð ökumælis og númer.
e. Stærð hjólbarða á því hjóli eða hjólum, sem ökumælir er knúinn af.
f. Drifhlutfall, margfeldi eða kvörðunarstuðul ökumælis.
g. Hvar og hvenær ökumælir var settur í ökutækið.
h. Nafn og heimilisfang þess verkstæðis, sem setti ökumælinn í bifreiðina.
i. Stöðu ökumælis.

Verkstæðið skal senda tilkynningu til Vegagerðarinnar um, að ökumælir hafi verið settur í bifreiðina og stöðu ökumælis á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

5. gr.

Áður en nýr ökumælir eða ökumælir sem gert hefur verið við er tekinn til notkunar skal hann prófaður af ísetningaraðila er staðfesta skal í akstursbók að mælirinn telji rétt.

6. gr.

Ökumælar skulu settir í og innsiglaðir eftir reglum sem ríkisskattstjóri setur í samráði við Vegagerðina.

7. gr.

Verkstæðum sem hlotið hafa faggildingu og þeim sem veitt hefur verið heimild til ísetningar og úrtöku ökumæla skulu afhentar sérstakar innsiglistangir til að innsigla ökumæla.

Merki á innsiglistöngum skal vera með bókstöfunum ÍS, þremur tölustöfum og merki samkvæmt nánari fyrirmælum Vegagerðarinnar. Innsiglistöngin skal marka skýrt merki á innsiglið. Óheimilt er að nota innsiglistangir með annars konar innsiglum.

Vegagerðin annast afhendingu innsiglistanga og heldur skrá yfir ábyrgðarmenn þeirra. Glatist eða skemmist innsiglistöng skal Vegagerðinni þegar gert viðvart.

8. gr.

Ef verkstæði eða aðrir þeir sem hafa heimild til að innsigla ökumæla verða uppvísir að misnotkun með innsiglistangir eða brjóta á annan hátt gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skulu þeir sviptir innsiglistöngum og heimild til ísetningar og úrtöku ökumæla.

9. gr.

Ef verkstæði þarf að taka ökumæli úr til viðgerðar, skal lesið af ökumælinum áður en hann er tekinn úr og annar settur í stað hins bilaða. Tilkynna skal þegar í stað til Vegagerðarinnar ef nýr ökumælir er settur í ökutæki. Ef nýr ökumælir er settur í stað hins bilaða eða breyting hefur orðið á stöðu ökumælis í viðgerð, skal lesið af ökumæli og álestur tilkynntur til Vegagerðarinnar á þar til gerðu eyðublaði. Nú verður því ekki við komið að setja annan ökumæli í ökutæki, er þá heimilt að fenginni heimild Vegagerðarinnar að aka án ökumælis gegn greiðslu dagsgjalds. Heimild skal ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga. Greiða skal daggjald fyrir þann tíma sem ekið er án ökumælis og skal gjaldið nema sem svarar til a.m.k. 200 km aksturs fyrir hvern dag sem heimildin nær til. Heimilt skal við ákvörðun gjaldsins að miða við raunverulegan akstur, verði því komið við samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.

10. gr.

Verkstæðum, sem ekki hefur verið veitt heimild til ísetningar og úrtöku ökumæla, sbr. 3. gr., er heimilt að rjúfa innsigli ökumæla, ef það er nauðsynlegt vegna viðgerðar á ökutæki. Verkstæði skal skrá í akstursbók ökutækisins stöðu ökumælis, ástæðu þess að rjúfa þurfti innsigli, hvaða dag innsigli var rofið, hvaða dag viðgerð var lokið og nafn verkstæðis, auk þess sem viðgerðarmaður skal rita nafn sitt til staðfestingar á fyrrgreindri skráningu. Eiganda eða umráðamanni er skylt að láta verkstæði er heimild hefur til ísetningar og úrtöku ökumæla, sbr. 3. gr., eða Vegagerðina innsigla ökumæli þegar að lokinni viðgerð. Ef breyting verður á stöðu ökumælis skal færa ökutækið til álestraraðila og láta lesa af ökumælinum.

II. KAFLI
Álestraraðilar.

11. gr.

Álestraraðilar eru skoðunarstöðvar, sem fjármálaráðuneytið hefur samið við um að annast álestur, Vegagerðin og aðrir aðilar sem falið hefur verið að annast álestur.

12. gr.

Álestur telst aðeins hafa farið fram að mætt hafi verið með ökutæki til álestraraðila. Að öðrum kosti er álestraraðila óheimilt að skrá álestur í álestrarskrá ökumæla.

13. gr.

Aðili sem annast álestur skal óska eftir því við ökumann að hann framvísi akstursbók. Álestraraðili skal lesa af kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis og skrá hana í akstursbókina. Í álestrarskrá ökumæla skal álestraraðili skrá stöðu ökumælis eða ökurita.

Álestraraðili skal við álestur ökutækis athuga:

a. hvort akstur hafi verið færður réttilega í akstursbók,
b. hvort skráningu í akstursbók beri saman við akstur samkvæmt ökurita eða ökumæli og hraðamæli,
c. hvort ökumælir hafi verið óvirkur eða talið of lítið,
d. hvort innsigli hafi verið rofið og
e. önnur þau atriði sem upp eru talin í 16. gr.

Ef akstursbók er ekki framvísað við álestur eða ef einhverjum af framangreindum atriðum er áfátt, skal álestraraðili fylla út skýrslu sbr.17. gr.

Ökumaður skal aðstoða álestraraðila og eftirlitsmenn við álestur ökumælis með því m.a. að losa hlífar frá ökumæli og hreinsa til umhverfis ökumæli svo hann verði aðgengilegur. Ökumaður skal jafnframt, verði þess óskað, aka ökutækinu svo hægt sé að ganga úr skugga um að ökumælir telji rétt.

14. gr.

Við árlega skoðun ökutækis skal skoðunarmaður athuga þau atriði sem um getur í 1. mgr. 13. gr. Komi í ljós við árlega skoðun ökutækis að einhverju af framangreindum atriðum er áfátt skal skoðunarmaður fylla út skýrslu sbr. 17. gr.

Komi í ljós við aðalskoðun að gjaldfallinn þungaskattur hefur ekki verið greiddur skal skoðunarstöð neita um skoðun á ökutækinu og sjá til þess að skráningarmerki verði afhent skráningaraðila. Óheimilt er að afhenda eiganda eða umráðamanni skráningarmerkin fyrr en þungaskattur hefur verið greiddur af ökutækinu.

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki nema greiddur hafi verið gjaldfallinn þungaskattur. Sé þungaskattur greiddur eftir akstri er óheimilt að skrá eigendaskipti nema lesið hafi verið af ökumæli og þungaskattur vegna þess álestrar greiddur.

Sé ekki komið með ökutæki til álestrar á tilskildum tíma eða þungaskattur ekki greiddur fyrir eindaga skal lögreglustjóri að kröfu innheimtumanns taka skráningarmerki af ökutækinu og afhenda skráningaraðila til geymslu.

Óheimilt er að skipa út ökutæki sem er gjaldskylt nema sannað sé að þungaskattur hafi verið greiddur.

III. KAFLI
Eftirlit.

15. gr.

Hlutverk eftirlitsmanna er að kanna hvort mælisbúnaður gjaldskyldra ökutækja, skráning ökumanna á akstri og skráning ökutækisins í ökutækjaskrá sé í samræmi við lög og reglur sem slíkt grundvallast á.

16. gr.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á ökutækinu sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla og reglugerð nr. 309/1996, um ákvörðun þungaskatts og skyldur ökumanna. Eftirlitsmönnum er þannig heimilt að:

a. mæla heildarþyngd ökutækis og bera hana saman við gjaldþyngd ökutækis,
b. kanna hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir telji rétt,
c. kanna skráningarskírteini ökutækis og skráningarblöð ökurita,
d. kanna hvort akstur hafi verið réttilega færður í akstursbók,
e. kanna hvort innsigli hafi verið rofið
f. kanna hvort ökumælir og ísetning eru í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

Eftirlitsmönnum er heimilt að kanna starfsemi verkstæða er hafa heimild til ísetningar og úrtöku ökumæla skv. 3. gr. og athuga hvort þau fullnægi skilyrðum sem þeim eru sett samkvæmt reglugerð þessari.

Eftirlitsmönnum er heimilt að fara til álestraraðila og fylgjast með álestri og kanna hvort álestraraðili fari að þeim reglum sem settar eru fram í reglugerð þessari og benda á leiðir til úrbóta ef einhverju er ábótavant.

17. gr.

Telji eftirlitsmenn, álestraraðilar eða skoðunarmenn að ökutæki eða búnaður þess sé ekki í samræmi við skráningu ökutækisins eða ákvæði reglugerðar þessarar, eða að ökumaður hafi ekki uppfyllt skyldur sínar til skráningar á akstri ökutækisins, skulu þeir tilkynna skriflega um það til ríkisskattstjóra á eyðublaði (skýrslu), í því formi sem hann ákveður. Í skýrslunni skal m.a. greint frá nafni ökumanns, eiganda eða umráðamanni ökutækis, skráningarnúmeri ökutækis, hverju hafi verið ábótavant og öðru því sem máli kann að skipta við ákvörðun á skatti eða viðurlögum.

Að skýrslutöku lokinni skal ökumanni gefinn kostur á að kynna sér efni skýrslunnar. Áður en ökumaður undirritar skýrslu skal hann spurður hvort það sem fært er til bókar sé rétt og honum gefinn kostur á að koma að athugasemdum.

Skýrslan skal undirrituð af eftirlitsmanni og ökumanni. Neiti ökumaður að undirrita skýrsluna skal kallaður til vottur er staðfestir að skýrslutakan hafi farið fram.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 62/1977, um ökumæla.

Fjármálaráðuneytinu, 6. júní 1996.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.

6. júní 1996 Nr. 309

REGLUGERÐ

um ákvörðun þungaskatts og skyldur ökumanna.

I. KAFLI
Skattskylda og skattskyldir aðilar.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt, þungaskatt, af eftirtöldum ökutækjum:

a. Bifreiðum sem skráðar eru hér á landi og nota annan orkugjafa en bensín.
b. Eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.
c. Bifreiðum sem skráðar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og fluttar eru hingað til lands til notkunar.
d. Eftirvögnum sem skráðir eru erlendis og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og fluttir eru hingað til lands til notkunar.

Við ákvörðun á því hvort greiða eigi þungaskatt af ökutæki, sem skráð er hér á landi, skal líta til skráningar þess í ökutækjaskrá.

Bifreiðar erlendra sendisveita og bifreiðar erlendra ræðismanna sem eigi eru íslenskir ríkisborgarar eru undanþegnar skattskyldu.

2. gr.

Skylda til greiðslu þungaskatts af ökutæki sem skráð er hér á landi hvílir á skráðum eiganda þess á gjalddaga eða afskráningardegi hafi ökutæki verið afskráð sem ónýtt. Hafi ökutæki skipt um eiganda án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda.

Skylda til greiðslu þungaskatts af ökutæki sem skráð er erlendis hvílir á innflytjanda þess.

II. KAFLI
Fjárhæð þungaskatts.

Fast gjald.

3. gr.

Greiða skal þungaskatt í formi fasts gjalds af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi og eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd.

Skattskylda fasts gjalds stofnast við nýskráningu bifreiðar og skal gjaldið reiknað í hlutfalli við fjölda mánaða sem bifreið er á ökutækjaskrá þannig að fimmtán dagar eða fleiri teljast heill mánuður en færri dögum skal sleppt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er eiganda eða umráðamanni fyrrgreindra ökutækja heimilt að greiða þungaskatt í formi kílómetragjalds, sbr. 3. mgr. 5. gr., enda hafi ökumælir verið settur í ökutæki og skráning í álestrarskrá ökumæla farið fram. Skráning ökutækis samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi á næsta gjaldtímabili eftir að heimild hefur verið veitt og gildir í tólf mánuði.

4. gr.

Árlegt fast gjald þungaskatts er eftirfarandi:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1.000	94.273	2.800-2.999	169.828
1.000-1.499	113.163	3.000-3.199	177.383
1.500-1.999	132.053	3.200-3.399	184.938
2.000-2.199	139.608	3.400-3.599	192.493
2.200-2.399	147.163	3.600-3.799	200.048
2.400-2.599	154.718	3.800-3.999	207.603
2.600-2.799	162.273		

Af bifreiðum, sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum, skal gjaldið vera 30% hærra en gjald skv. 1. mgr.

Kílómetragjald.

5. gr.

Af bifreiðum sem skráðar eru hér á landi og eru 4.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og af eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi skal greiða kílómetragjald, þ.e. gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt ökumæli.

Upphæð kílómetragjalds ræðst af gjaldþyngd ökutækisins. Gjaldþyngd ökutækisins skal vera leyfð heildarþyngd þess, sbr. þó 3. mgr. og 6. gr.

Sé þungaskattur greiddur af bifreiðum, sem eru undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd, í formi kílómetragjalds í stað fasts gjalds, skal kílómetragjald vera hið sama og hjá ökutækjum sem eru 4.000-4.999 kg að leyfðri heildarþyngd.

Kílómetragjald skal vera sem hér segir:

Gjaldþyngd ökutækis kg	Kílómetragjald kr.	Gjaldþyngd ökutækis kg	Kílómetragjald kr.
4.000-4.999	7,09	18.000-18.999	18,50
5.000-5.999	7,54	19.000-19.999	19,92
6.000-6.999	8,15	20.000-20.999	20,98
7.000-7.999	8,56	21.000-21.999	22,19
8.000-8.999	8,93	22.000-22.999	23,59
9.000-9.999	9,33	23.000-23.999	24,71
10.000-10.999	9,90	24.000-24.999	25,83
11.000-11.999	10,27	25.000-25.999	27,09
12.000-12.999	11,57	26.000-26.999	28,29
13.000-13.999	12,65	27.000-27.999	29,55
14.000-14.999	14,00	28.000-28.999	30,81
15.000-15.999	15,07	29.000-29.999	32,06
16.000-16.999	16,27	30.000-30.999	33,32
17.000-17.999	17,45	31.000 og yfir	34,58

Samanlögð gjaldþyngd samtengdra ökutækja skal vera að hámarki 40.000 kg fyrir fimm ása samtengd ökutæki og 44.000 kg fyrir sex ása ökutæki.

Ef taka þarf ökumæli úr til viðgerðar skal greiða daggjald sem svarar til 200 km aksturs fyrir hvern dag sem ekið er án ökumælis. Þó skal heimilt að miða gjaldið við raunverulegan akstur, verði því við komið. Heimild til aksturs án ökumælis er ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga.

6. gr.

Nú er ökutæki eingöngu notað vegna flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls og getur eigandi eða umráðamaður þá fengið gjaldþyngd ökutækisins skráða lægri en leyfð heildarþyngd þess er. Þó skal gjaldþyngd ekki vera lægri en eigin þyngd ökutækis. Ríkisskattstjóri veitir heimild samkvæmt þessari grein og getur bundið hana tilteknum tímamörkum.

Ef í ljós kemur við eftirlit að heildarþyngd ökutækis með farmi er meiri en skráð gjaldþyngd þess skv. 1. mgr., skal heimild til að skrá gjaldþyngd niður afturkölluð og ekki veitt á ný fyrr en að liðnum fullum tveimur árum.

Gjald af ökutækjum skráðum erlendis.

7. gr.

Af ökutækjum sem skráð eru erlendis og eru 4.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og útbúin eru viðhlítandi ökumælisbúnaði skal greiða kílómetragjald skv. 5. gr.

Af öðrum ökutækjum skráðum erlendis, skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem ökutækið er hér á landi sem hér segir:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattu fyrir hverja byrjaða viku kr.
Allt að 1.000	3.246	2.800-2.999	5.336
1.000-1.999	4.035	3.000-3.199	5.556
2.000-2.199	4.386	3.200-3.399	5.807
2.200-2.399	4.623	3.400-3.599	6.029
2.400-2.599	4.863	3.600-3.799	6.285
2.600-2.799	5.096	3.800-3.999	6.519

Sé eigin þyngd ökutækis meiri en 4.000 kg skal þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku hækka um 1.000 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg sem eigin þyngd er umfram 4.000 kg.

Við brottflutning ökutækis sem gjaldskylt er skv. 1. mgr. skal toll- eða löggæslumaður lesa af ökumæli þess og ákvarða þungaskatt í samræmi við ekinn kílómetrafjölda frá komudegi. Þungaskatt skv. 2. mgr. skal greiða við komu ökutækis til landsins. Við ákvörðun skattsins skal miða við þann tíma sem áformað er að ökutæki verði hér á landi.

8. gr.

Ef ökutæki sem skráð er erlendis, er hér á landi í fjóra mánuði eða lengur, skal þungaskattur af ökutækinu greiddur eins og um ökutæki skráð hér á landi sé að ræða. Skulu ákvæði laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, sem gilda um ökutæki skráð hér á landi, þá gilda um ökutækið, eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI
Eftirgjöf þungaskatts.

Fast gjald.

9. gr.

Lækka skal, fella niður eða endurgreiða fast gjald þungaskatts að réttri tiltölu hafi skattskyld bifreið verið afskráð sem ónýt. Sama gildir ef skráningarmerki bifreiðar hafa verið afhent skráningaraðila til geymslu í a.m.k. þrjátíu daga samfellt eða framvísað hefur verið útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi í jafnlangan tíma.

Heimilt er að lækka eða endurgreiða fast gjald að réttri tiltölu, þrátt fyrir að skilyrði 1. mgr. hafi ekki verið uppfyllt, ef sýnt er fram á það með fullnægjandi hætti að mati ríkisskattstjóra að bifreið hafi ekki verið í notkun hér á landi í a.m.k. þrjátíu daga samfellt vegna viðgerðar á viðurkenndu verkstæði. Ekki er heimilt að lækka eða endurgreiða hærri fjárhæð en sem nemur gjaldi í þrjátíu daga.

Eigi skal endurgreiða fast gjald af bifreið, sem greitt hefur verið þrátt fyrir að eigendaskipti verði, heldur skal greiðslan gilda fyrir bifreiðina allt viðkomandi gjaldtímabil.

Kílómetragjald.

10. gr.

Kílómetragjald skal lækka um 10% vegna aksturs vöruflutningabifreiða umfram 25.000 km á gjaldári, um 20% vegna aksturs umfram 35.000 km á gjaldári og um 50% vegna aksturs umfram 45.000 km á gjaldári. Af akstri annarra bifreiða skal lækka kílómetragjald um 10% vegna aksturs umfram 25.000 km á gjaldári og 20% af akstri umfram 45.000 km á gjaldári.

Verði eigendaskipti að ökutæki skal lækkun þungaskatts skv. 1. mgr. ákvarðast til þess dags sem eigendaskipti eru skráð í ökutækjaskrá.

11. gr.

Ef ökutæki er flutt tímabundið úr landi, skal ekki greiða þungaskatt vegna þess aksturs sem sannanlega hefur átt sér stað erlendis, enda tilkynni eigandi eða umráðamaður ríkisskattstjóra um akstur erlendis og framvísi innflutnings- og útflutningsskýrslu með staðfestingu tollyfirvalda á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis við útflutning og innflutning.

Akstur erlendis veitir ekki rétt til afsláttar skv. 10. gr.

12. gr.

Þungaskattur skv. 5. gr. skal lækka um 70% af akstri almenningsvagna, sem eru í áætlunarferðum samkvæmt fyrirfram ákveðinni tímaáætlun í þéttbýli gegn fyrirfram ákveðnu gjaldi, enda séu ökutækin eingöngu nýtt til slíks aksturs.

Endurgreiða skal 70% þungaskatts skv. 5. gr. sem greiddur hefur verið af akstri ökutækja í eigu sérleyfishafa á leiðum sem sérleyfi þeirra nær til. Aðilar sem rétt eiga á endurgreiðslu skulu eigi síðar en á eindaga gjaldtímabils senda ríkisskattstjóra greinargerð þar sem koma skal fram fjöldi kílómetra sem ökutæki í hans eigu hafa ekið á leið sem sérleyfi hans nær til á gjaldtímabili. Endurgreiða skal 70% af þeim hluta greidds þungaskatts, sem rekja má til aksturs á leið sem sérleyfi nær til.

Greinargerð skv. 2. mgr. skal vera á sérstöku eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Hafi beiðni um endurgreiðslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram eigi síðar en fimmtán dögum eftir lok skilafrests.

Sé almenningsvagn skv. 1. mgr. að hluta til notaður utan áætlunarferða skal þungaskattur greiddur að fullu vegna heildaraksturs og hluti hans síðan endurgreiddur á sama hátt og lýst er í 2. mgr.

Komi í ljós að endurgreiðsla skv. 2. mgr. eða 4. mgr. hafi verið of há skal ríkisskattstjóri þegar í stað tilkynna skattaðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Skattaðila ber, eigi síðar en sjö dögum eftir tilkynningu ríkisskattstjóra um of háa endurgreiðslu, að greiða innheimtumanni það sem ofgreitt var.

13. gr.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu á helmingi skatts skv. 4. gr. sanni þeir með vottorði frá hlutaðeigandi skattstjóra, að þeir hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri, svo og lýsi því yfir, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við landbúnaðarstörf.

14. gr.

Þungaskattur af ökutækjum sem nota innlenda orkugjafa í tilraunaskyni skal vera 50% lægri en þungaskattur skv. 4. og 5. gr.

IV. KAFLI
Akstursbækur, álestur o.fl.

15. gr.

Eigandi eða umráðamaður ökutækis, sem þungaskattur er greiddur af skv. 5. gr., skal á eigin kostnað láta setja ökumæli í ökutæki sitt, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 308/1996, um ökumæla, verkstæði, álestraraðila og eftirlitsaðila þungaskatts.

16. gr.

Ökumaður skal við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá hana í sérstaka akstursbók sem ríkisskattstjóri gefur út. Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður, skal ökumaður skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbókina, hins vegar er honum einungis skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis einu sinni í viku. Ökumaður skal athuga hvort ökuriti eða ökumælir og hraðamælir hafi talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Ef sérstakur ökumælir er í eftirvagni skal ökumaður einu sinni í viku, sem eftirvagn hefur verið hreyfður, skrá kílómetrastöðu ökumælis eftirvagns og athuga hvort mælir hafi talið rétt. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Eiganda eða umráðamanni fólksbifreiðar, sem er undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekki er nýtt til atvinnurekstrar, er ekki skylt að skrá kílómetrastöðu ökumælis og hraðamælis oftar en einu sinni í mánuði. Bifreið telst nýtt í atvinnurekstri ef eigandi eða umráðamaður hennar nýtur skattalegs hagræðis að einhverju leyti við öflun hennar eða rekstur.

Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að ökumælir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók skv. ákvæðum 1.-3. mgr.

Ef í ljós kemur við skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða ökumælis og hraðamælis, eða við skoðun á skráningarblöðum ökurita, að einhver fyrrgreindra mæla telur rangt eða telur ekki, skal ökumaður þá svo fljótt sem honum er unnt tilkynna um bilun mælis til Vegagerðarinnar. Jafnframt skal hann, innan tveggja virkra daga frá því er bilun í mæli kom fram, fara með hann á löggilt verkstæði til viðgerðar.

17. gr.

Eiganda eða umráðamanni er skylt að hafa akstursbókina ávallt í ökutækinu. Óheimilt er að breyta því, sem skráð hefur verið í akstursbók, eða fjarlægja blaðsíður úr henni

Eiganda eða umráðamanni ökutækis ber að varðveita skráningarblöð ökurita og akstursbók í sjö ár frá lokum gjaldárs.

18. gr.

Eiganda eða umráðamanni ökutækis er skylt án sérstakrar tilkynningar að koma á álestrartímabili hvers gjaldtímabils með ökutæki til aðila, sem fjármálaráðherra hefur falið að annast álestur, sbr. reglugerð nr. 308/1996 til að láta lesa af ökumæli og akstursbók ökutækisins. Álestrartímabil eru síðustu tuttugu dagar hvers gjaldtímabils, þ.e. 20. janúar til 10. febrúar, 20. maí til 10. júní og 20. september til 10. október.

Almennt skal ekki lesið af ökumælum utan þeirra tímabila sem um getur í 1. mgr. nema eigandi eða umráðamaður hafi vanrækt að láta lesa af ökumæli á síðasta álestrartímabili eða til standi að skrá eigendaskipti að ökutæki eða skipta um ökumæli.

Álestur utan álestrartímabils leysir eiganda eða umráðamann ekki undan skyldu til að koma með ökutæki til álestrar skv. 1. mgr.

VI. KAFLI

Gjaldtímabil, gjalddagar, álagning, áætlun og álag.

Fast gjald.

19. gr.

Gjaldár fasts gjalds þungaskatts er 1. janúar til 31. desember ár hvert.

Gjaldtímabil hvers gjaldárs eru tvö, sem hér segir: 1. janúar til 30. júní, 1. júlí til 31. desember.

Gjalddagi er fyrsti dagur hvers gjaldtímabils, þ.e. 1. janúar og 1. júlí. Eindagi er síðasti dagur fyrsta mánaðar hvers gjaldtímabils, þ.e. 31. janúar og 31. júlí.

Ríkisskattstjóri annast á gjalddaga álagningu fasts gjalds.

20. gr.

Komi í ljós að ökutæki hafi verið í röngum gjaldflokki, ranglega skráð í ökutækjaskrá eða að fast gjald hafi að öðru leyti ekki verið réttilega á lagt, skal ríkisskattstjóri tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun fasts gjalds og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan þess tíma endurákvarðar ríkisskattstjóri fast gjald þungaskatts.

Kílómetragjald.

21. gr.

Gjaldár kílómetragjalds þungaskatts er frá 11. nóvember ár hvert til 10. nóvember næsta árs.

Gjaldtímabil hvers gjaldárs eru þrjú, sem hér segir: 11. október til 10. febrúar, 11. febrúar til 10. júní og 11. júní til 10. október.

Gjalddagi hvers gjaldtímabils er fyrsti dagur eftir lok tímabilsins, þ.e. 11. febrúar, 11. júní og 11. október. Eindagi hvers tímabils er síðasti dagur sama mánaðar og gjalddagi þess, þ.e. 28. febrúar, 30. júní og 31. október.

22. gr.

Ríkisskattstjóri annast á gjalddaga álagningu kílómetragjalds vegna ökutækja sem færð hafa verið til álestrar á álestrartímabili. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af ökumæli ökutækis utan álestrartímabils, annast álagningu kílómetragjalds vegna aksturs frá síðasta álestri til álestrardags.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af ökumæli þess á álestrartímabili, skal ríkisskattstjóri áætla þungaskatt. Áætlun skal svara til þess að ökutækinu hafi verið ekið a.m.k. 8.000 km á mánuði, nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Þó skal áætlun vegna fólksbifreiða sem falla undir 3. mgr. 16. gr. nema sem svarar til þess að bifreiðinni hafi verið ekið 2.000 km á mánuði. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir sem gerðar hafa verið. Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri gjaldtímabilum, með ökutæki til álestrar á álestrartímabili gjaldtímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir, skal álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því.

Til viðbótar áætlun og álagningu skv. 2. mgr. skal bætt við álagi sem skal vera 1% af fjárhæð þungaskatts vegna hvers dags sem dregið hefur verið að koma með ökutækið til álestrar fram yfir lok álestrartímabils. Álag skal þó ekki vera hærra en 10% af fjárhæð þungaskatts. Fella má niður álag ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og getur ríkisskattstjóri metið það í hverju tilviki, hvað teljist gildar ástæður í þessu sambandi.

23. gr.

Berist ríkisskattstjóra, fyrir eða eftir álagningu, tilkynning um að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið ökumæli, akstur hafi verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók, ökumælir hafi verið óvirkur, innsigli verið rofið eða mælir talið of

lítið, eða telji ríkisskattstjóri að öðru leyti að akstur ökutækis hafi verið meiri en álestur af ökumæli gefur til kynna, skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vantalins aksturs og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra fullnægjandi skýringar eða gögn innan þess tíma endurákvarðar hann skatt á grundvelli fyrirliggjandi gagna, en að öðrum kosti endurákvarðar hann skatt skv. 2. mgr.

Endurákvörðun vegna vantalins aksturs skal nema sem svarar til a.m.k. 2.000 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn, nema fyrirliggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Þó skal endurákvörðun vegna vantalins aksturs bifreiða sem falla undir 3. mgr. 16. gr. nema sem svarar til 500 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantalinn. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um endurákvörðun.

Verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu ökumælis skal sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun.

24. gr.

Berist ríkisskattstjóra tilkynning eftirlitsmanna um að heildarþyngd ökutækis með farmi hafi mælst vera meiri en sem nemur gjaldþyngd þess, skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan þess tíma, endurákvarðar ríkisskattstjóri skatt vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar.

Endurákvörðun vegna of lágrar gjaldþyngdar, sbr. 1. mgr., skal nema sem svarar til mismunar á kílómetragjaldi gjaldþyngdar og þeirrar þyngdar er mælist við eftirlit. Endurákvörðun skal ná til alls aksturs ökutækisins á síðustu sextíu dögum áður en mæling fer fram.

Hafi gjaldþyngd ökutækis verið rangt skráð í álestrarskrá ökutækja er heimilt að endurákvarða þungaskatt miðað við rétta gjaldþyngd vegna aksturs ökutækisins frá því er gjaldþyngd var skráð.

25. gr.

Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 20., 23. og 24. gr. nær til þungaskatts síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári er endurákvörðun fer fram. Verði skattskyldum aðila eigi um það kennt að þungaskattur var vanálagður er þó eigi heimilt að endurákvarða honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.

26. gr.

Eiganda og/eða umráðamanni ökutækis er heimilt að kæra til ríkisskattstjóra álagningu þungaskatts skv. 19. og 22. gr. innan þrjátíu daga frá því að skatturinn var ákvarðaður.

Heimilt er að kæra endurákvörðun skv. 20., 23. og 24. gr. og úrskurð ríkisskattstjóra um kæru skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar. Kærufrestur er þrjátíu dagar frá póstlagningu endurákvörðunar eða úrskurðar ríkisskattstjóra. Yfirskattanefnd kveður upp fullnaðarúrskurð.

27. gr.

Um dráttarvexti, refsingu o.fl. fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.

28. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 156/1992, um innheimtu þungaskatts af bifreiðum sem skrásettar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín, með síðari breytingum.

Fjármálaráðuneytinu, 6. júní 1996.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.

7. júní 1996 Nr. 310

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 249, 7. maí 1996, um humarveiðar.

1. gr.

Í stað: „10. júní" í ákvæði til bráðabirgða komi orðin 25. júní.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. júní 1996.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 45 – 1996

Nr. 311 674 7. júní 1996

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 149/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Aftan við upptalningu úr tollkafla 7 í 2. gr. reglugerðarinnar komi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
Tollnúmer:					
0704.9001	Hvítkál	11.06.-18.06.	ótilgr.	30	0
0704.9001	Hvítkál	19.06.-01.07.	ótilgr.	15	40

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. júní 1996.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Stjórnartíðindi B 45, nr. 311. Útgáfudagur 10. júní 1996.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 46 - 1996

7. júní 1996 675 Nr 312

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um skráningu ökutækja, nr. 523 15. desember 1988, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 8. gr., sbr. reglugerð nr. 476/1992, bætist: og á námubifreið skal litur á brúnum, stöfum og tígullaga fletinum vera grænn.

2. gr.

Á eftir 14. gr. komi tvær nýjar greinar, 14. gr. a og b, svohljóðandi:

(a) 14. gr. a.

Að ósk eiganda bifreiðar eða bifhjóls er heimilt að láta í té sérstök skráningarmerki (einkamerki) er komi í stað skráningarmerkis samkv. 7. - 9. gr., þó ekki á bifreið sem lýtur reglum um innskatt vegna virðisaukaskatts eða námubifreið.

Áletrun á einkamerki bifreiðar skal vera 2 - 6 bókstafir og/eða tölustafir að vali eiganda hennar, en 2 - 5 á einkamerki bifhjóls. Einkamerki má þó ekki bera áletrun sem er tveir bókstafir og þrír tölustafir, né heldur sömu áletrun og er á skráningarmerki af eldri gerð sem er í notkun. Áletrun á einkamerki má ekki brjóta í bága við íslenskt málfar, né vera fallin til að valda hneykslun eða geta haft í för með sér óþægindi fyrir aðra. Bifreiðaskoðun setur nánari reglur um áletrun á einkamerkjum.

Umsókn um einkamerki skal leggja fram á þar til gerðu eyðublaði. Við úthlutun einkamerkja skal farið eftir röð, þannig að sá sem fyrst sækir um tiltekna áletrun hlýtur réttinn. Ákvörðun Bifreiðaskoðunar verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Einkamerki skulu vera eins og skráningarmerki af gerð A, B eða D samkv. 7. gr., en án upplyfts flatar fyrir skjaldarmerki. Auk verksmiðjunúmers ökutækisins skal fastanúmerið greypt efst á skráningarmerkið.

Réttur til að nota einkamerki er háður því að kaupandi réttarins sé skráður eigandi að hlutaðeigandi bifreið eða bifhjóli og að eldri skráningarmerki skráðs ökutækis verði afhent Bifreiðaskoðun um leið og einkamerkin eru látin í té. Réttur til að hafa einkamerki á ökutæki gildir í átta ár. Réttinn má ekki framselja. Réttinn má framlengja enda sé sótt um það áður en gildistíminn rennur út, en þó ekki fyrr en þremur mánuðum áður en hann rennur út. Heimilt er að ósk eiganda að flytja einkamerki á annað ökutæki í hans eigu.

(b) 14. gr. b.

Þegar eigendaskipti verða að ökutæki með einkamerki, eða bifreið með einkamerki er tekin í notkun sem virðisaukaskattsbifreið, skal það þegar tilkynnt Bifreiðaskoðun. Skal rétthafi merkjanna þá afhenda þau Bifreiðaskoðun og fellur réttur hans til þeirra niður þegar ár er liðið frá innlagnardegi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru eigendaskipti ökutækja með einkamerki heimil án þess að skipt sé um skráningarmerki:

Gutenberg

a. við eigendaskipti milli hjóna,
b. þegar maki við andlát hins makans eða við lögskilnað eða skilnað að borði og sæng yfirtekur ökutæki sem skráð er á nafn hins makans,
c. þegar einstaklingur yfirtekur ökutæki sem er skráð á nafn sambúðarmanns eða konu, enda hafi sambúð þeirra verið skráð síðustu fimm árin,
d. þegar einstaklingur við andlát yfirtekur ökutæki sem er skráð á nafn hins látna, enda hafi hlutaðeigandi haldið saman heimili síðustu tvö árin fyrir andlátið, eða
e. þegar einstaklingur við slit á skráðri sambúð yfirtekur ökutæki sem skráð er á nafn sambúðarmanns eða konu, enda hafi sambúðin varað síðustu fimm árin áður en sambúðarslit urðu.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 64. gr. og 64. gr. a. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, sbr. lög nr. 37 10. maí 1996, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

Nr. 313 7. júní 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 411 11. nóvember 1993.

1. gr.

1. gr. breytist þannig:
Nýr liður, 01.86, orðist svo:

01.86 Námubifreið.

(1) Bifreið sem hönnuð er stærri en hámarksgildi í reglum um stærð og þyngd ökutækja segja til um og einkum er ætluð til efnisflutninga utan vega eða innan afmarkaðra vinnusvæða.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 7. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUR

um töku á hafbeitarlaxi í Hraunsfirði.

1. Við töku á hafbeitarlaxi í júní gilda eftirfarandi takmarkanir:
   a. Tökutími skal vera frá kl. 8.00-22.00 þá daga sem lax er tekinn.
   b. Upphaf töku skal vera 14. júní.
   c. Heimilt er að taka lax á eftirfarandi dögum:
   14., 16., 18., 20., 22., 24., 26., 28. og 30. júní.

2. Við töku á hafbeitarlaxi á tímabilinu 1. júlí - 10. ágúst gilda eftirfarandi takmarkanir:
   a. Tökutími skal vera frá kl. 8.00-22.00 þá daga sem lax er tekinn.
   b. Óheimilt er að taka lax frá kl. 22.00 á föstudögum til kl. 8.00 á sunnudögum.
   c. Á árinu 1998 er óheimilt að taka hafbeitarlax eftir 7. júlí.

3. Eftir 10. ágúst er heimilt að taka hafbeitarlax án tímatakmarkana.

4. Brot á reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum.

5. Reglur þessar, eru settar samkvæmt heimild í 67. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum veiðimálastjóra, og öðlast þegar gildi og gilda til loka veiðitímabils 1998.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. júní 1996.

F. h. r.
Jón Höskuldsson.

Ingimar Jóhannsson.

13. júní 1996 Nr. 315

REGLUR

um töku á hafbeitarlaxi í Vogavík 1996.

1. Við töku á hafbeitarlaxi gilda eftirfarandi takmarkanir:
   a. Tökutími skal vera frá kl. 8.00-22.00 þá daga sem lax er tekinn.
   b. Upphaf töku skal vera 14. júní.
   c. Heimilt er að taka lax á eftirfarandi dögum:
   14., 16., 18., 20., 22., 24., 26., 28. og 30. júní, og 1.-8. júlí.

2. Eftir 8. júlí er óheimilt að taka hafbeitarlax og skal þá fjarlægja allan tökubúnað úr sjó.

3. Brot á reglum þessum varða viðurlögum samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970, með síðari breytingum.

4. Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 67. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum veiðimálastjóra, öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 13. júní 1996.

F. h. r.
Jón Höskuldsson.

Ingimar Jóhannsson.

Stjórnartíðindi B 46, nr. 312–315. Útgáfudagur 14. júní 1996.

STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 1996

28. maí 1996 679 Nr. 316

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð Tæknifræðingafélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Tæknifræðingafélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, mökum þeirra og börnum lífeyri eftir þeim reglum sem hér fara á eftir.

3. gr.

Sjóðfélagar geta orðið allir tæknifræðingar. Heimilt skal stjórn sjóðsins að veita öðrum en tæknifræðingum aðild að sjóðnum.

4. gr.

Aðalfund sjóðsins skal halda árlega og skal hann haldinn um svipað leyti og aðalfundur Tæknifræðingafélags Íslands, en þó aldrei síðar en 1. apríl ár hvert. Boða skal aðalfund með bréfi til allra sjóðfélaga, er póstlagt sé eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Ennfremur skal boða fundinn með einni auglýsingu í dagblöðum. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Á aðalfundi skal stjórn sjóðsins gefa skýrslu um störf sín á liðnu starfsári og um hag sjóðsins. Þá skulu á aðalfundi kjörnir þeir trúnaðarmenn sjóðsins, sem gert er ráð fyrir í reglugerð þessari.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Skal einn stjórnarmanna og varamaður hans tilnefndir af stjórn Tæknifræðingafélags Íslands til tveggja ára í senn. Hinir fjórir og varamenn þeirra skulu kosnir til tveggja ára í senn á aðalfundi sjóðsins þannig að á hverjum aðalfundi skulu kosnir tveir stjórnarmenn og einn varamaður þeirra til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Allar samþykktir sínar skal hún skrá í gerðabók.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Færa skal sérreikning fyrir hvern sjóðfélaga, og skal auk iðgjaldagreiðslna hans vegna færa honum til tekna árlega vexti og aðrar tekjur. Stjórn sjóðsins skal ráða löggiltan endurskoðanda til að endurskoða reikninga sjóðsins, sem ennfremur skulu endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum Lífeyrissjóðs Tæknifræðingafélags Íslands.

Gutenberg

7. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eftirgreindan hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs eða stofnana ríkis og/eða sveitarfélaga.
3. Í bönkum og sparisjóðum.
4. Í skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum, enda sé þess gætt að fjárhæð skuldabréfs, að meðtöldum þeim veðskuldum sem framar standa, sé innan við 50% af brunabótamati fasteignar eða markaðsverði hennar sé það álitið lægra.
5. Í skuldabréfum banka, fjárfestingarlánasjóða og annarra lánastofnana en þeirra, sem að framan eru greindar, enda starfi þeir á grundvelli laga eða sérstakrar viðurkenningar Seðlabanka Íslands.
6. Í öðrum innlendum skuldabréfum en þeim sem að framan greinir, að því tilskildu að skuldabréfin séu skráð á Verðbréfaþingi Íslands, eða erlendum skuldabréfum sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi í aðildarríkjum OECD (Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París). Þó er óheimilt að verja meira en 20% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á slíkum verðbréfum og mega slík verðbréf, útgefin af einum einstökum skuldara aldrei nema hærra hlutfalli en 5% af heildareignum sjóðsins.
7. Í hlutabréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, sbr. lög nr. 11/1993 og reglur settar samkvæmt þeim, eða sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi í aðildarríkjum OECD. Þó er óheimilt að verja meira en 10% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á innlendum eða erlendum hlutabréfum. Sjóðnum er þó óheimilt að eiga meira en 5% af hlutafé í einstöku hlutafélagi og jafnframt er honum óheimilt að verja samtals hærra hlutfalli en 2,5% af eignum sjóðsins til kaupa á hlutabréfum í einstöku hlutafélagi.
8. Í hlutdeildarskírteinum innlendra verðbréfasjóða sem starfa samkvæmt lögum nr. 10/1993 og skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, eða í hlutdeildarskírteinum erlendra verðbréfasjóða sem eingöngu fjárfesta í verðbréfum skráðum á opinberu verðbréfaþingi í einu eða fleirum af aðildarríkjum OECD. Þó er óheimilt að verja hærra hlutfalli en 20% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og sjóðnum er óheimilt að verja samtals hærra hlutfalli en 15% af eignum sínum til kaupa á hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða.

Heimilt er sjóðnum að eiga fasteignir fyrir skrifstofur sínar.

Stjórn LTFÍ er óheimilt að tilnefna fulltrúa í stjórn hlutafélaga sem lífeyrissjóðurinn á hlut í.

8. gr.

Iðgjöld til sjóðsins vegna launþega skulu nema 10% af heildarlaunum. Tæknifræðingar, aðrir en launþegar, skulu greiða sem svarar til 10% af heildarlaunum af umsömdum byrjunarlaunum samkvæmt kjarasamningi Stéttarfélags tæknifræðinga. Jafnframt geta einstaklingar, sem skylt er, lögum samkvæmt, að greiða í aðra lífeyrissjóði, greitt viðbótariðgjöld í Lífeyrissjóð Tæknifræðingafélags Íslands.

Iðgjöld skulu greidd mánaðarlega eftir á. Sjóðfélagi ber sjálfur ábyrgð á iðgjaldagreiðslum, þótt hann hafi samið um þær við vinnuveitanda sinn. Stjórn sjóðsins setur reglur um, hvaða áhrif greiðsludráttur hefur á reiknaða vexti.

Sjóðfélagi, sem vegna atvinnuleysis eða veikinda missir atvinnutekjur sínar lengur en tvær vikur í sama mánuði, þarf ekki að greiða mánaðargjaldið, enda tilkynni hann stjórn sjóðsins skriflega innan mánaðar frá gjalddaga um niðurfall greiðslunnar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fenginni skriflegri beiðni einstakra sjóðfélaga að draga af inngreiddum iðgjöldum þeirra upphæð sem svarar til iðgjalds vegan líf- eða heilsutryggingar hjá viðurkenndu líftryggingarfélagi.

9. gr.

Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 60 ára, á rétt á að fá greidda inneign sína í sjóðnum, og skal sú greiðsla fara fram með jöfnum ársgreiðslum á eigi skemmri tíma en 10 árum, sbr. þó 3. málsgrein þessarar greinar.

Deyi sjóðfélagi, skal inneign hans ganga til erfingja eftir þeim reglum, er hér greinir:

a) Láti hann eftir sig maka, en engin börn undir 18 ára aldri rennur inneignin til makans.
b) Láti hann eftir sig börn innan 20 ára aldurs, en ekki maka, skiptist inneignin milli barnanna, þannig að hvert barn fái sömu ársgreiðslu til 20 ára aldurs.
c) Láti hann eftir sig maka og börn innan 18 ára aldurs, skal fyrst reikna makanum helming inneignarinnar. Af hinum helmingnum skal greiða börnum eftir reglum b liðar, en verði afgangur skal hann renna til makans. Um dreifingu greiðslna til maka gildir ákvæði 1. málsgreinar.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá ákvæðum um dreifingu greiðslna, ef innstæðan er svo lítil, að ársgreiðslur geta ekki náð eftirtöldum hundraðshlutum þeirra launa, sem sjóðfélaginn greiddi síðast iðgjöld af í sjóðinn.

a) Til sjóðfélaga 25%
b) Til eftirlifandi ekkju 15%
c) Til hvers barns 4%

Þá má stytta greiðslutímann svo, að árlegar greiðslur nemi ofangreindum fjárhæðum. Við ákvörðun ársgreiðslna, skal reiknað með áætlun á vöxtum, sem færast eiga á sérreikninga samkvæmt 6. grein.

Nú er eftir innstæða í sjóðnum, sem enginn aðili á rétt á að fá greidda smám saman og rennur hún þá til annarra erfingja.

10. gr.

Nú verður sjóðfélaga þátttaka í sjóðnum óhagstæð vegna atvinnubreytingar, og getur hann þá hætt iðgjaldagreiðslum til sjóðsins. Sama gildir, ef sjóðfélaginn verður fyrir langvarandi örorku eða veikindum, sem valda svo miklum tekjumissi að vinnutekjur ásamt örorkulífeyri, er hann kann að fá úr sjóðnum, nægja ekki til framfæris.

Nú flyst sjóðfélagi í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða er viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða séreign sjóðfélagans út í einu lagi. Það er skilyrði fyrir slíkri greiðslu að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir sjóðfélagann í hinum nýja sjóði og ekki mega vera rýmri ákvæði í hinum nýja sjóði um endurgreiðslu en gilda samkvæmt þessari reglugerð.

Ef séreign sjóðfélaga er greidd út í einu lagi til annars lífeyrissjóðs skal draga frá fjárhæðinni kostnað sem nemur einu prósenti af séreign viðkomandi sjóðfélaga.

Heimilt er stjórn sjóðsins að veita viðtöku fé er sjóðfélagi kann að fá flutt úr öðrum lífeyrissjóði sem nefndur er í 2. málsgrein þessar greinar.

11. gr.

Innan Lífeyrissjóðs T.F.Í. starfar örorkutrygging fyrir þá sem greiða iðgjöld í sjóðinn. Hún er fjármögnuð af inngreiddum iðgjöldum til Lífeyrissjóðs T.F.Í. og má eigi greiða árlega meira fé út vegna örorku en sem nemur 15% af fjárhæð iðgjalda hvers árs.

Hver sjóðfélagi sem verður öryrki og missir af þeim sökum einhvern hluta af vinnutekjum sínum á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, ef trúnaðarlæknir sjóðsins metur örorkuna 25% eða meira, sbr. þó 3. mgr. 8. gr. og 3. mgr. þessarar greinar. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til þeirra starfa sem hann hefur stundað og möguleika til annarra starfa og skal það vera óháð því mati er sjóðfélagi kann að fá hjá almannatryggingum.

Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum meðan hann heldur 85% af þeim vinnutekjum er hann hafði áður. Með atvinnutekjum öryrkja samkvæmt næstu málsgrein hér á undan skal telja bætur sem sjóðfélaginn á kröfu á frá öðrum aðilum vegna örorku sinnar svo sem slysa-, sjúkra- og örorkubætur almannatrygginga svo og bætur vinnuveitenda, ábyrgðartryggingar, sérstakar slysatryggingar fyrir reikning atvinnurekenda eða bifreiðatryggingar. Séu bætur greiddar í einu lagi skal stjórn sjóðsins meta hve miklum árstekjum þær samsvara. Bætur sem greiddar eru vegna maka eða barna, reiknast hins vegar ekki með atvinnutekjum í þessu sambandi.

Fullur örorkulífeyrir er 75% af launum þeim sem á hverjum tíma eru talin svara til þeirra launa er öryrkinn greiddi iðgjöld af 5 síðustu árin, áður en örorkan hófst, og úrskurðar sjóðstjórn fjárhæð þessa. Örorkulífeyrinn er jafnhár hundraðshluti af fullum örorkulífeyri og örorkan er metin. Hafi örorkulífeyrisþegi skylduómaga á framfæri sínu er stjórn sjóðsins heimilt að veita honum lífeyri þeirra vegna. Hámark leyfilegs lífeyris fyrir hvern skylduómaga er jafnhár hundraðshluta af barnalífeyri almannatrygginga og örorkan er metin og aldrei skulu greiddar hærri bætur en svo að atvinnutekjur að viðbættum bótum til öryrkjans og skylduómaga nemi fullum örorkulífeyri samkvæmt þessari málsgrein að viðbættum fullum barnalífeyri almannatrygginga fyrir hvern skylduómaga.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin fyrr. Örorkumat og veitingu lífeyris má einnig ákveða til tiltekins tíma og skal mat aldrei gilda lengur en til 5 ára í senn ef örorkan er undir 40%. Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og fjárhagsástæður (staðfest endurrit skattframtala o.fl.) sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Enginn getur krafist örorkulífeyris fyrr en eftir þriggja ára iðgjaldagreiðslu til sjóðsins með fullri starfsorku. Aldrei skal greiða örorkulífeyri fyrstu þrjá mánuði eftir að atvinnutekjur falla niður eða rýrast. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur, en þó er stjórn sjóðsins heimilt að greiða örorkulífeyri allt til 70 ára aldurs, ef sérstaklega stendur á. Reynist örorkutryggingarsjóðurinn ekki fær um að greiða örorkulífeyri samkvæmt framangreindum reglum, ber stjórn sjóðsins að lækka örorkulífeyrisgreiðslur hlutfallslega. Sjóðurinn greiðir kostnað við örorkumöt sem framkvæmd eru skv. ósk hans og heimilt er stjórn sjóðsins að greiða slíkan kostnað í öðrum tilfellum.

12. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt reglugerð þessari.

13. gr.

Vilji sjóðfélagi eða eftirlátnir erfingjar sjóðfélaga ekki hlíta úrskurði sjóðstjórnar um mál er snertir sjóðinn, getur hann krafist gerðardóms og skal þá tilkynna sjóðstjórninni það

bréflega innan mánaðar eftir að honum barst úrskurður hennar. Jafnframt skal hann tilnefna gerðardómsmann af sinni hálfu.

Sjóðstjórninni ber þá að tilnefna annan gerðardómsmann innan tveggja vikna. Síðan koma gerðardómsmenn sér saman um þriðja mann er skal vera formaður dómsins, en komi þeir sér ekki saman um hann, skal hann skipaður af dómstjóranum í Reykjavík. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila og honum verður ekki áfrýjað.

Breytingar á reglugerð þessari eru því aðeins löglegar að þær hafi verið samþykktar af löglegum aðalfundi sjóðsins með 2/3 greiddra atkvæða. Tillögur til lagabreytinga skal senda til stjórnar sjóðsins eigi síðan er hálfum mánuði fyrir aðalfund og skal geta tillagna til lagabreytinga í fundarboði.

(Þannig fyrst samþykkt 4. maí 1965 og síðan breytt 9. nóvember 1974, 28. apríl 1979, 7. júní 1985, 23. júní 1987, 4. maí 1990, 28. maí 1991, 29. apríl 1992, 27. mars 1993 og 1. júní 1995.)

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 28. maí 1996.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

5. júní 1996 Nr. 317

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 500/1989, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra ferðamanna, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður sem orðast svo:

Ákvæði þessarar málsgreinar skulu jafnframt gilda við brottför ferðamanna úr landi frá öðrum stöðum, ef aðili sem hlotið hefur heimild skv. 1. mgr. annast endurgreiðslu á virðisaukaskatti við brottför.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 5. júní 1996.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárliðir.

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,22	kr/kWh
Fastagjald F1	3.530,00	kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar miðað við 4.500 lýsingartíma á ári.

Aflgjald	12.635,00	kr/kW/ári
Viðhaldsgjald	18.771,00	kr/kW/ári

A.4 Sumarbústaðanotkun.

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A1 ef hagkvæmara þykir.
Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

Orkugjald	3,44	kr/kWh
Fastagjald F2	16.645,00	kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur.

Aflgjald (lágmark 4 kW)	6.085,00	kr/kW/ári
Fastagjald F3	13.294,00	kr/ári
Orkugjald af allri notkun	2,55	kr/kWh
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	6,22	kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 4 kW, hámarksafl 50 kW.

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.
Lágmark 15 kW.

Aflgjald	9.913,00	kr/kW/ári
Orkugjald	2,18	kr/kWh

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júlí til 31. október.

Aflgjald	2.865,00	kr/kW/ári
Orkugjald	1,71	kr/kWh

C.1/D.1 Hitun.

Orkugjald	3,47	kr/kWh
Fastagjald F3	13.294,00	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring.

C.2/D.2 Næturhitun.

Orkugjald	2,36	kr/kWh
Fastagjald F3	13.294,00	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Roftími allt að 15 klst. á sólarhring.

D.3 Varmadælur.

Til notkunar á varmadælum.

Orkugjald	4,80	kr/kWh
Fastagjald F3	13.294,00	kr/ári

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Fyrir einfasa mæla	758,00	kr/ári
Fyrir þrífasa mæla	2.985,00	kr/ári
Fyrir þrífasa mæla með straumspennum	5.053,00	kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki, en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmætum þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er kr. 860,00.

Opnunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila, er kr. 1.719,00.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

1. Utanhússlýsing.

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun. Breyting á aflstillingu er aðeins gerð samkvæmt skriflegri beiðni notanda, hvort sem hún er til hækkunar eða lækkunar.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumarafl.

Á tímabilinu 1. maí til og með 30. september ár hvert geta notendur á afltaxta, B.1, fengið heimild til að hækka afltopp sinn, án þess að sú hækkun hafi áhrif á reiknaðan ársmeðaltopp.

Skilyrði fyrir slíkri heimild eru:

1. Lágmarksheimild er 30 kW.
2. Gjald fyrir heimild er 10% af ársaflgjaldi skv. gjaldskrárlið B.1, ár hvert.

Heimildin tekur gildi 1. maí eða á greiðsludegi ef hann er síðar og gildir til loka septembermánaðar.

5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta úttekna raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Orkubú Vestfjarða getur krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur Orkubúið sér rétt til þess að takmarka val gjaldskrárliða.

7. Annað.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugargjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum Orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubú Vestfjarða ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu. Með heimtaug er átt við hvort heldur tengingu við rafveitu og/eða hitaveitu.
   1.1. Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri heildaraflþörf næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis, tilgreina skal sérstaklega aflþörf vegna hitunar. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:
   2.1. Heimtaug.

Aflþörf veitu kW	Stofngjald kr.	Jarðstrengur gjald af yfirlengd kr/m
Allt að 40	67.382,00	1.356,00
40 - 65	99.877,00	1.625,00
65 - 130	210.078,00	2.039,00
130 - 200	329.844,00	2.453,00

Aukamælagrind fyrir hitaveitur kr. 27.279,00. Ofangreind heimtaugargjöld eru bæði vegna raforkunotkunar til hitunar og til annarra nota og skiptist þannig að 75% eru vegna hitunar og 25% vegna annarra nota.

2.2. Yfirlengd reiknast af jarðstrengsheimtaug, sem er lengri en 25 m í lóð. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæru leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis Orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 130-200 kW greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

2.3. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o.s.frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki Orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið -uppsteypt hús- er lagt Orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

2.4. Telji Orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða 40% kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o.þ.h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:

3.1. Grunngjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 6.543,00.

3.2. Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.

4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Orkubúsins hverju sinni.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts en hann leggst á öll heimtaugargjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

III. HEIMTAUGARGJALD Í DREIFBÝLI.

1. Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Orkubúi Vestfjarða utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

2. Heimtaugargjald fyrir eina heimtaug á hvert lögbýli, fyrir eina heimtaug til annarra en bænda sem stunda sambærilega atvinnustarfsemi og þeir, enda eigi þeir lögheimili og hafi fasta búsetu í sveit, og fyrir eina heimtaug í þjónustufyrirtæki í sveitum sem þjóna fyrst og

fremst þessum aðilum skal vera kr. 100.000. Framangreint grunngjald miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 189,2 stig og að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram úr kostnaði við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöð. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.

3. Aðrar heimtaugar:
Heimtaugargjald fyrir annað en að framan greinir, svo sem heimtaugar á lögbýlum umfram eina, heimtaugar umfram eina í tengslum við aðra atvinnu- og þjónustustarfsemi sem um ræðir í 2. lið, heimtaugar í tengslum við aðra starfsemi en þar greinir, heimtaugar í einstök sumarhús, veiðihús, sumardvalar- og orlofshús hverskonar og aðrar ótaldar byggingar í sveitum, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubús Vestfjarða, þó aldrei lægri en heimtaugargjald skv. grein 2 hér að framan.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts, en hann leggst á öll heimtaugargjöld skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

IV. NIÐURGREIÐSLUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Orkubú Vestfjarða og Landsvirkjun veita ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til sömu aðila og njóta niðurgreiðslna. Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30.000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og H490 og 42.000 kWh samkvæmt lið A5, en er skipt eftir vægi veturs og sumars í hitaþörf. Vetrartímabilið er frá og með 16. október til og með 15. apríl. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 105 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 60 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 1,38 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,47 kr. á kWh, eða samtals 1,85 kr/kWh.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 146 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 85 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,99 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,31 kr. á kWh, eða samtals 1,30 kr/kWh.

Liður C2 næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,79 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,43 kr. á kWh, eða samtals 1,22 kr/kWh.

Liður H490 Orka og vatnsmagn:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 105 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 60 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur 1,29 kr. á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,43 kr. á kWh eða samtals 1,72 kr. á kWh.

V. SKILMÁLAR UM SÖLU ÓTRYGGÐRAR ORKU.

1. Almenn skilyrði.

Sala á ótryggðri orku er háð samþykki Landsvirkjunar og því að nægjanleg flutningsgeta sé til staðar í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.

Um sölu ótryggðrar orku gilda þeir almennu skilmálar sem stjórn Landsvirkjunar setur á hverjum tíma. Skilmálar Landsvirkjunar með gildistöku 1. janúar 1991 eru sá grunnur sem eftirfarandi skilmálar Orkubús Vestfjarða hvíla á og miðast við.

Líta ber á skilmála þá sem hér eru settir af hálfu Orkubús Vestfjarða sem viðbót við skilmála Landsvirkjunar og flest þau atriði sem þar koma fram eru ekki endurtekin hér.

2. Afhending ótryggðrar orku.

2.1 *Ótryggt afl dregið frá í stýringu hjá Orkubúi Vestfjarða.*

Þegar um er að ræða notendur með uppsett afl í 1 MW eða meira og rafmagnið er bæði afl- og orkumælt [sbr. grein 3.3 ii í söluskilmálum Landsvirkjunar] er Orkubúi Vestfjarða heimilt að skerða afhendingu ótryggðu orkunnar, umfram þá skerðingu sem Landsvirkjun hefur heimild til samkvæmt hennar skilmálum, af eftirtöldum ástæðum:

a) Vegna bilana á fjarmælingu aflúttektar notanda sem nýtt er til stýringar á forgangstoppi þeim sem Orkubú Vestfjarða kaupir frá Landsvirkjun.
b) Vegna afltakmarkana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða til að koma í veg fyrir yfirálag.
c) Vegna truflana og bilana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.
d) Vegna óviðráðanlegra afla ["Force Majeure"].

Fyrirvari rofs vegna ofangreindra tilvika skal eigi vera skemmri en ein klukkustund, ef mögulegt er.

2.2 *Ótryggt afl ekki dregið frá í stýringu hjá Orkubúi Vestfjarða.*

Þegar ótryggða orkan er eingöngu orkumæld [sbr. grein 3.3 í söluskilmálum Landsvirkjunar (sjá þó grein 3.1 í þessum skilmálum)] er Orkubúi Vestfjarða heimilt að skerða afhendingu, umfram þá skerðingu sem Landsvirkjun hefur heimild til samkvæmt hennar skilmálum, af eftirtöldum ástæðum:

a) Vegna stýringa á forgangsafltoppi þeim sem Orkubú Vestfjarða kaupir frá Landsvirkjun.
b) Vegna afltakmarkana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða til að koma í veg fyrir yfirálag.
c) Vegna truflana og bilana í veitukerfi Orkubús Vestfjarða.
d) Vegna óviðráðanlegra afla ["Force Majeure"].

Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks 2.2 a) en vegna annarra ofangreindra tilvika skal hann eigi vera skemmri en ein klukkustund, ef mögulegt er.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 *Mælabúnaður.*

Kaupandi ótryggðrar orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, mælabúnað sem við á og það samþykkir til mælingar á afli og orku.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 *Rofabúnaður.*

Kaupandi ótryggðrar orku skuldbindur sig til að setja upp, Orkubúi Vestfjarða að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi þess og getur:

a) Rofið afhendingu.
b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.
c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

4. Takmörkun á sölu ótryggðrar orku.

4.1 Nýir notendur.

4.1.1 Takmörkun vegna stofnlínukerfis og aðveitustöðva.
Þegar óskað er eftir kaupum á ótryggðri orku ákveður Orkubú Vestfjarða í hverju tilviki fyrir sig, hvort af slíkum viðskiptum geti orðið.
Mat Orkubús Vestfjarða mun byggjast á útreikningum á flutningsgetu í kerfi þess, kostnaði við orku- og afltöp, flýtingarkostnaði í nýfjárfestingu og öðrum þeim rekstrarlegu þáttum sem hamlað geta orkuafhendingu. Verði flýtingarkostnaður hærri en 30% af mismuni þeim sem er á orkuverðum gjaldskrár Orkubús Vestfjarða og Landsvirkjunar fyrir ótryggða orku, verður afhending ekki samþykkt, nema til komi sérstök greiðsla vegna þess hluta sem umfram er.

4.1.2 Takmörkun vegna heimtaugar og næsta dreifikerfis.
Kostnað við heimtaug og þær framkvæmdir, sem nauðsynlegar eru í dreifikerfinu og nýtast notandanum einum að öllu eða miklu leyti, ber notanda að greiða.
Greiðslufyrirkomulag verði samkomulagsatriði í hverju tilfelli.

4.2 Notendur sem eru í viðskiptum.

4.2.1 Breytingar á aðstæðum.
Notendur sem komnir eru í viðskipti á grundvelli þeirra söluskilmála og gjaldskrár sem í gildi voru við upphaf viðskipta verða að sæta því að nýjar aðstæður í uppbyggingu veitukerfis Orkubús Vestfjarða, breyttar forsendur um álagsþróun og fleiri atriði geta valdið því, að það rúm sem áður var fyrir sölu til viðkomandi aðila þrengist og kostnaður vegna áframhaldandi sölu verði meiri en gjaldskrá Orkubús Vestfjarða er ætlað að bera [sbr. grein 4.1.1]. Í slíkum tilvikum er óhjákvæmilegt að endurmeta viðskiptin.

4.2.2 Takmörkun vegna stofnlínukerfis og aðveitustöðva.
Stefni viðskipti Orkubús Vestfjarða og samningsbundins kaupanda ótryggðrar orku í það, að ódýrara verði fyrir Orkubú Vestfjarða að rjúfa afhendingu orkunnar fremur en flýta fjárfestingu [sbr. þau mörk sem tilgreind eru í grein 4.1.1], mun það segja upp samningi við viðkomandi aðila með eins árs uppsagnarfrest sem lágmark. Á því ári mun Orkubú Vestfjarða leita samkomulags við viðkomandi aðila um greiðslu þess hluta flýtingarkostnaðar sem gjaldskrá nægir ekki fyrir.
Greiðslufyrirkomulag verði samkomulagsatriði í hverju tilfelli.

5. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. maí 1994 og gilda þar til annað verður ákveðið.

GJALDSKRÁ FYRIR ÓTRYGGÐA ORKU.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og Almennir skilmálar Orkubús Vestfjarða um sölu ótryggðrar orku frá 1. maí 1994.

2. Rafmagnsgjald án vsk.

Fast gjald	131.438,00	kr/ári
1. verðþrep	1,14	kr/kWh

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er, að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Orkubús Vestfjarða og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða. Slíkur afsláttur er háður samþykki stjórnar Landsvirkjunar í hverju tilviki.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. apríl 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 36 14. janúar 1994 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. júní 1996.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

6. júní 1996 Nr. 319

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

Orka og vatnsmagn H490/I494.
Til hitunar á íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	12.906,00	kr/ári
Orkugjald	2,84	kr/kWh
Rúmmetragjald	20,00	kr/m^3
Rúmmetragjald á Suðureyri	15,00	kr/m^3

Orkugjald vegna hitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla IV. um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt í gjaldskrá orkubúsins fyrir raforku.

Orka og vatnsmagn H499/I495.
Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.

Fastagjald	12.906,00	kr/ári
Orkugjald	2,84	kr/kWh
Rúmmetragjald	20,00	kr/m^3
Rúmmetragjald á Suðureyri	15,00	kr/m^3

I490 vatnsmagn á Reykhólum.

Rúmmetragjald	93,00	kr/m^3
Fastagjald	13.294,00	kr/ári

I498 vatnsmagn á Reykhólum til sundlauga og gróðurhúsa.

Rúmmetragjald	31,00	kr/m^3
Fastagjald	13.294,00	kr/ári

Orka H498.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti af viðurkenndri gerð til þeirra er nota meira en 400.000 kWh/ári.

Fastagjald	13.294,00	kr/ári
Orkugjald	1,91	kr/kWh
Rúmmetragjald	13,00	kr/m^3

Hemill I489.

Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla. Orkubúið stillir hemil að ósk notanda og gildir hæsta stilling í eitt ár frá 1. september til 31. ágúst.

Fastagjald	23.649,00	kr/ári
Mínútulítragjald	2.501,00	kr/mán

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem Orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá Heimtaugargjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 860,00.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1.719,00.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

10. gr.

Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum og reglum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. apríl 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 34 13. janúar 1994 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. júní 1996.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 320

REIKNINGUR

Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 1995.

Rekstrarreikningur.

Rekstrartekjur:	Kr.
Innheimtuþóknun v/erlendrar innheimtu	3.104.422
Innheimtuþóknun önnur	2.945.287
Endurkrafinn lögtakskostnaður	11.005.042
Innheimtur vaxtakostnaður og aðrar vaxtakröfur	178.809.887
	195.864.638
Rekstrargjöld:	
Laun og launatengd gjöld	28.920.359
Húsnæðiskostnaður	2.428.443
Annar rekstrarkostnaður	30.223.476
Vextir og verðbætur	643.439
	62.215.717
Tekjur umfram gjöld	133.648.921

Efnahagsreikningur 31. desember 1995.

Eignir:	Kr.
Sjóður	4.231.625
Bankainnstæður	12.338.370
Skuldabréfaeign	0
Ógreidd innheimtuþóknun	3.565.893
Óinnheimtar kröfur	5.287.278.919
Sveitarfélög	350.040
Kröfur á fyrirtæki	35.504.516
Fyrirfram greiddur kostnaður	281.000
	5.343.550.363
Skuldir og eigið fé:	
Ógreiddur kostnaður	10.654
Skuldabréf vegna fasteignakaupa	7.197.878
Tryggingastofnun ríkisins	165.114.895
Sveitarfélög	350.040
Erlendar innheimtur	755.860
Félagsmálaráðuneytið	5.683.931
	179.113.258
Framlag jöfnunarsjóðs	3.059.131.300
Dráttarvextir óinnheimtir	1.149.871.423
Lögtakskostnaður óinnheimtur	43.533.059
Annað eigið fé	911.901.323
	5.343.550.363

Reykjavík, 11. mars 1996.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Sigurgeir Sigurðsson. **Húnbogi Þorsteinsson.**

Snorri Björn Sigurðsson. **Árni Guðjónsson.**

Nr. 321 3. júní 1996

REGLUGERÐ

um frjálsa þátttöku iðnfyrirtækja í umhverfismálakerfi ESB.

1. gr.

Gildissvið og tilgangur.

1.1. Með reglugerð þessari er sett á laggirnar eftirlitskerfi í samræmi við 2. tl. f í XX. viðauka EES-samningsins (reglugerð 1836/93/EBE), sbr. tölulið b, 2. gr. reglugerðar nr. 377/1994 um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu. Þátttaka í kerfinu er frjáls öllum sem stunda iðnstarfsemi, sbr. skilgreiningu í i-lið 2. gr. Heimilt er að lækka eða fella niður gjald, á fyrirtæki sem þátt taka í kerfinu, fyrir reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnda, sbr 5. og 6. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994.

1.2. Tilgangur kerfisins er að meta og bæta áhrif sem iðnstarfsemi hefur á umhverfið og upplýsa almenning í þeim efnum. Kerfið skal stuðla að síauknu framlagi iðnfyrirtækja til umhverfismála með því:

a) að fyrirtæki setji sér stefnu í umhverfismálum og framkvæmi hana, geri áætlanir og komi á umhverfisstjórnkerfi á athafnasvæðum sínum;
b) að meta með skipulögðum, hlutlægum og reglubundnum hætti framlag þeirra á þessum sviðum;
c) að upplýsa almenning um framlag þeirra til umhverfismála.

1.3. Kerfið hefur ekki áhrif á gildandi lög, reglugerðir eða tæknistaðla, sbr. þó 1. mgr., né á skyldur fyrirtækja samkvæmt þeim.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) **Umhverfismálastefna**: heildarmarkmið og meginreglur varðandi aðgerðir fyrirtækisins í umhverfismálum, m.a. uppfylling laga og reglugerða á þessu sviði.
b) **Umhverfisrýni**: grunnrannsókn á umhverfisaðstæðum og áhrifum á umhverfið af iðnstarfsemi á tilteknu athafnasvæði.
c) **Umhverfisáætlun**: lýsing á sérmarkmiðum fyrirtækis og aðgerðum til að efla umhverfisvernd á tilteknu athafnasvæði, þar með talin lýsing á ráðstöfunum sem eru gerðar eða fyrirhugaðar til að ná slíkum markmiðum og, þar sem við á, frestur til að hrinda slíkum aðgerðum í framkvæmd.
d) **Umhverfismarkmið**: það takmark sem fyrirtæki setur sér um framlag til umhverfismála.
e) **Umhverfisstjórnkerfi**: sá þáttur heildarstjórnkerfis sem felur í sér skipulag, hvernig skyldur eru uppfylltar, málsmeðferð, aðferðir og getu til að ákvarða umhverfismálastefnu og hrinda henni í framkvæmd.
f) **Úttekt**: stjórntæki til að meta og skrá með skipulegum hætti, reglulega og á hlutlægan hátt hversu vel skipulagið, stjórnkerfið og aðferðirnar í þágu umhverfisverndar duga með tilliti til þess að:
   i) auðvelda eftirlit með þeim athöfnum er gætu haft áhrif á umhverfið;
   ii) meta hvort umhverfismálastefna fyrirtækisins nær fram að ganga.
g) **Úttektarlota**: sá tími sem úttekt á allri starfsemi á tilteknu athafnasvæði stendur yfir, samkvæmt kröfum 4. gr. og II. viðauka, með tilliti til þeirra umhverfisþátta sem máli skipta og getið er um í C-lið I. viðauka.
h) **Umhverfismálayfirlýsing**: yfirlýsing samin í fyrirtækinu í samræmi við kröfur þessarar reglugerðar, einkum 5. gr.
i) **Iðnstarfsemi**: starfsemi sem fellur undir atvinnuflokkaskráningu í VI. viðauka, sbr. einnig C- og D-lið viðauka reglugerðar 3037/90/EBE, ásamt rafmagns-, gas-, gufu- og heitavatnsframleiðslu og endurvinnslu, meðhöndlun, eyðingu eða losun úrgangs og skólps.
j) **Fyrirtæki**: lögaðili sem hefur heildarstjórn á starfsemi á tilteknu athafnasvæði.
k) **Athafnasvæði**: allt það landsvæði þar sem iðnstarfsemi fer fram undir stjórn fyrirtækis á tilteknum stað, m.a. geymsla í tengslum við hana á hráefnum, aukaafurðum, hálfunnum afurðum, lokaafurðum og úrgangsefnum ásamt tækjabúnaði og lögnum sem tengjast starfseminni, hvort sem þeim er komið fyrir eða ekki.
l) **Úttakandi**: einstaklingur eða hópur einstaklinga úr röðum starfsmanna fyrirtækis eða utan þess sem starfar í umboði æðstu stjórnar fyrirtækis og hefur, einn eða í sameiningu, þá hæfi til að bera sem um getur í C-lið II. viðauka og er nægilega óháður þeirri starfsemi sem hann gerir úttekt á til að geta fellt hlutlæga dóma.

m) **Faggiltur umhverfisvottandi**: einstaklingur eða lögaðili, óháður því fyrirtæki sem er undir eftirliti og sem hlotið hefur viðurkenningu samkvæmt þeim skilyrðum og þeirri málsmeðferð sem um getur í 6. gr.

n) **Faggildingarkerfi**: kerfi til faggildingar og eftirlits með umhverfisvottendum, undir stjórn óháðrar stofnunar eða lögaðila sem aðildarríkið hefur tilnefnt eða stofnsett, sem býr yfir getu, hæfni og leiðum til að skila því hlutverki sem skilgreint er í þessari reglugerð viðvíkjandi slíku faggildingarkerfi.

3. gr.

Aðild að kerfinu.

Kerfið er opið fyrirtækjum er bera ábyrgð á athafnasvæðum þar sem iðnstarfsemi fer fram. Til að unnt sé að skrá athafnasvæði sem hluta af kerfinu skal fyrirtæki:

a) í samræmi við viðeigandi kröfur í I. viðauka samþykkja umhverfismálastefnu er samrýmist lögum og reglum um umhverfismál. Umhverfismálastefnan skal fela í sér skuldbindingar um eðlilegt, síaukið framlag til umhverfismála, uns þeim mörkum er náð sem samræmast hagkvæmri beitingu fullkomnustu tækni sem völ er á;

b) láta fara fram grunnumhverfisrýni á athafnasvæðinu með tilliti til þeirra þátta sem um getur í C-hluta I. viðauka;

c) gera umhverfisáætlun fyrir athafnasvæðið byggða á fyrrnefndri rýni og koma á umhverfisstjórnkerfi fyrir alla starfsemi á athafnasvæðinu. Umhverfisáætlunin skal miða að því að uppfylla þær skuldbindingar sem felast í þeirri umhverfismálastefnu fyrirtækisins að auka sífellt framlag þess til umhverfismála. Umhverfisstjórnkerfið skal vera í samræmi við kröfurnar í I. viðauka;

d) gera eða láta gera úttekt á viðkomandi athafnasvæðum í samræmi við ákvæði 4. gr.;

e) setja sér umhverfismarkmið á sem hæstu stigi um að auka sífellt framlag til umhverfismála með hliðsjón af úttektinni og gera nauðsynlegar breytingar á umhverfisáætluninni til að ná settum markmiðum á athafnasvæðinu;

f) semja sérstaka umhverfismálayfirlýsingu fyrir sérhvert athafnasvæði sem úttekt er gerð á í samræmi við ákvæði 5. gr. Þær upplýsingar sem um getur í V. viðauka skulu og koma fram í upphaflegu yfirlýsingunni;

g) láta fara fram könnun á umhverfismálastefnunni, áætluninni, rýninni eða aðferðum við úttektina og umhverfismálayfirlýsingunni eða -yfirlýsingunum til að sannreyna að þær uppfylli settar kröfur í þessari reglugerð og umhverfismálayfirlýsingunum sem eru staðfestar í samræmi við 4. gr. og III. viðauka;

h) senda Hollustuvernd ríkisins staðfesta umhverfismálayfirlýsingu og koma henni á framfæri við almenning þegar athafnasvæðið hefur verið skráð í samræmi við ákvæði 8. gr.

4. gr.

Úttekt og staðfesting.

4.1. Úttakendur fyrirtækis eða utanaðkomandi einstaklingar eða lögaðilar á þess vegum geta stjórnað eigin úttekt fyrirtækis á athafnasvæði sínu. Úttektin skal í öllum tilvikum fara fram í samræmi við viðmiðin í I. viðauka, C-hluta, og II. viðauka.

4.2. Úttektartíðni skal vera í samræmi við viðmiðin í H-hluta II. viðauka.

4.3. Á grundvelli III. viðauka skal óháður, faggiltur umhverfisvottandi ganga úr skugga um að umhverfismálastefnur, umhverfisáætlanir, umhverfisstjórnkerfi, aðferðir við umhverfisrýni og úttektir og umhverfismálayfirlýsingar uppfylli kröfur þessarar reglugerðar.

4.4. Faggilti umhverfisvottandinn skal vera óháður úttakandanum á athafnasvæðinu.

4.5. Faggilti umhverfisvottandinn skal, að því er varðar ákvæði 3. mgr., kanna hvort:

a) umhverfismálastefnan hefur verið mótuð og hvort hún stenst kröfurnar í 3. gr. og viðeigandi kröfur í I. viðauka;

b) búið er að koma í framkvæmd umhverfisstjórnkerfi og áætlun á athafnasvæðinu og hvort kerfið og áætlunin samrýmist viðeigandi kröfum í I. viðauka;
c) umhverfisrýni og úttekt séu gerðar í samræmi við viðeigandi kröfur í I. og II. viðauka;
d) upplýsingar í umhverfismálayfirlýsingunni séu áreiðanlegar og hvort hún nær til allra mikilvægra umhverfisþátta á athafnasvæðinu.

4.6. Faggilti umhverfisvottandinn skal aðeins staðfesta umhverfismálayfirlýsinguna að fullnægðum skilyrðunum sem um getur í 3. til 5. mgr.

4.7. Utanaðkomandi úttakendum og faggiltum umhverfisvottendum er óheimilt án leyfis stjórnar fyrirtækisins að senda áfram upplýsingar eða gögn sem aflað er við úttekt eða staðfestingu.

5. gr.

Umhverfismálayfirlýsing.

5.1. Semja skal umhverfismálayfirlýsingu í kjölfar grunnumhverfisrýni og í lok sérhverrar úttektar eða úttektarlotu fyrir hvert athafnasvæði sem kerfið nær til.

5.2. Umhverfismálayfirlýsingin skal vera gagnorð og víðtæk og texti hennar aðgengilegur almenningi. Tæknilegar upplýsingar geta fylgt með í viðauka.

5.3. Eftirfarandi atriði skulu einkum koma fram í umhverfismálayfirlýsingunni:
a) lýsing á starfsemi fyrirtækisins á því athafnasvæði sem um er að ræða;
b) mat á öllum mikilvægum umhverfisþáttum sem tengjast starfseminni;
c) tölulegar upplýsingar um losun mengunarefna, úrgangsframleiðslu, hráefnis-, orku- og vatnsnotkun, hávaða og aðra mikilvæga umhverfisþætti eftir því sem við á;
d) aðrir þættir sem tengjast áhrifum á umhverfið;
e) umhverfismálastefna fyrirtækisins, umhverfisáætlun og umhverfisstjórnkerfi sem framfylgt er á athafnasvæðinu;
f) frestur til að leggja fram næstu umhverfismálayfirlýsingu;
g) nafn faggilta umhverfisvottandans.

5.4. Í umhverfismálayfirlýsingunni skal vekja athygli á markverðum breytingum sem orðið hafa frá síðustu yfirlýsingu.

5.5. Þau ár sem umhverfismálayfirlýsing er ekki samin skal taka saman styttri greinargerð sem að minnsta kosti er byggð á kröfunum í c-lið 3. mgr., þar sem athygli er vakin, eins og tilefni gefst til, á markverðum breytingum sem orðið hafa frá síðustu yfirlýsingu. Aðeins er þörf á að staðfesta slíkar styttri greinargerðir í lok úttektar eða úttektarlotu.

5.6. Þó er þarflaust að semja umhverfismálayfirlýsingu árlega fyrir athafnasvæði ef:
a) faggilti umhverfisvottandinn álítur, einkum þegar um er að ræða lítil og meðalstór fyrirtæki, að eðli og umfang starfseminnar á athafnasvæðinu gefi ekki tilefni til umhverfismálayfirlýsingar fyrr en næstu úttekt er lokið og fáar markverðar breytingar hafa orðið frá síðustu umhverfismálayfirlýsingu.

6. gr.

Faggilding umhverfisvottenda og eftirlit með störfum þeirra.

6.1. Löggildingarstofan, sbr. 11. gr. laga nr. 100/1992, faggildir óháða umhverfisvottendur og hefur eftirlit með störfum þeirra. Faggilding og eftirlit skal vera í samræmi við kröfur í III. viðauka.

6.2. Umhverfisvottendum sem hlotið hafa faggildingu í einu aðildarríki EES-samningsins er heimilt að inna störf sín af hendi í öllum öðrum aðildarríkjum að því tilskildu að faggildingarstofnun í aðildarríkinu þar sem vottunin fer fram sé tilkynnt um það fyrirfram og hún hafi eftirlit með þeim.

7. gr.

Skrá yfir faggilta umhverfisvottendur.

7.1. Löggildingarstofan skal halda skrá yfir faggilta umhverfisvottendur í sérhverju aðildarríki EES-samningsins. Endurskoða og uppfæra skal skrána á sex mánaða fresti.

8. gr.

Skráning athafnasvæða.

8.1. Hollustuvernd ríkisins skal skrá athafnasvæði og úthluta því skráningarnúmeri, telji stofnunin það fullnægja öllum skilyrðum þessarar reglugerðar og eftir að hafa tekið á móti staðfestri umhverfisyfirlýsingu og skráningargjaldi samkvæmt 10. gr. Stofnunin skal tilkynna stjórnendum athafnasvæðisins um að það hafi verið skráð.

8.2. Hollustuvernd ríksins skal árlega uppfæra skrána yfir athafnasvæði sem um getur í 1. mgr.

8.3. Hafi fyrirtæki ekki sent Hollustuvernd ríkisins staðfesta umhverfismálayfirlýsingu og greitt skráningargjald innan þriggja mánaða eftir að beiðni um það kom fram, eða hvenær sem stofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að athafnasvæðið samræmist ekki lengur öllum skilyrðum þessarar reglugerðar, skal fella athafnasvæðið út af skránni og tilkynna stjórnendum þess um það.

8.4. Tilkynni viðkomandi heilbrigðisnefnd til Hollustuverndar ríkisins, eða ef Hollustuvernd ríkisins fær á annan hátt örugga vitneskju um brot á viðeigandi lögum og reglum um umhverfismál á athafnasvæðinu, skal hún neita að skrá athafnasvæðið eða fella það tímabundið út af skránni, eftir því sem við á, og tilkynna stjórnendum þess þar um. Afturkalla skal synjun umsóknar eða tímabundna brottfellingu ef Hollustuvernd ríkisins fær örugga tryggingu fyrir því að bætt hafi verið úr brotinu og ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að það endurtaki sig ekki.

9. gr.

Yfirlýsing um aðild.

9.1. Fyrirtækjum er heimilt að nota eina af aðildaryfirlýsingunum í IV. viðauka vegna skráðs athafnasvæðis eða -svæða þar sem fram kemur með skýrum hætti hvers eðlis kerfið er. Aðeins er heimilt að nota táknmyndina með einni af aðildaryfirlýsingunum.

9.2. Nöfn athafnasvæðis eða svæða skulu fylgja aðildaryfirlýsingunni, þar sem við á.

9.3. Óheimilt er að nota aðildaryfirlýsingu til þess að auglýsa vörur eða á sjálfum vörunum eða umbúðum þeirra.

10. gr.

Kostnaður og gjöld.

10.1. Vegna stjórnunarkostnaðar í tengslum við skráningu athafnasvæða og faggildingu umhverfisvottenda og kostnaðar því samfara að stuðla að framgangi kerfisins gefur umhverfisráðuneytið út gjaldskrá að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

10.2. Um kostnað við faggildinu umhverfisvottenda og eftirlit með störfum þeirra fer samkvæmt gjaldskrá Löggildingarstofunnar sem viðskiptaráðherra staðfestir, sbr. lög nr. 100/1992.

11. gr.

Tengsl við innlenda, evrópska og alþjóðlega staðla.

11.1. Líta ber svo á að fyrirtæki sem beita innlendum, evrópskum og alþjóðlegum stöðlum um umhverfismálakerfi og úttektir og hafa hlotið rétta staðfestingu samkvæmt viðeigandi staðli, fullnægi viðeigandi kröfum þessarar reglugerðar, að því tilskildu að

staðlarnir hafi verið birtir í stjórnartíðindum Evrópubandalagsins (og faggiltur umhverfisvottandi annist staðfestinguna).

11.2. Til að fyrrnefnd athafnasvæði fáist skráð sem hluti af kerfinu skulu fyrirtæki í öllum tilvikum uppfylla kröfurnar vegna umhverfismálayfirlýsingarinnar í 3. og 5. gr., þar á meðal kröfurnar um staðfestingu, og kröfurnar í 8. gr.

12. gr.
Upplýsingar.

Hollustuvernd ríkisins skal með viðeigandi aðgerðum tryggja að:

a) fyrirtæki fái upplýsingar um ákvæði þessarar reglugerðar,
b) almenningur fái upplýsingar um markmið og meginuppbyggingu kerfisins.

13. gr.
Brot.

Um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum.

14. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 3. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum, að höfðu samráði við viðskiptaráðuneytið hvað þátt Löggildingarstofunnar varðar, sbr. 4. tl. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 100/1992 og með hliðsjón af 2. tl. f XX. viðauka EES-samningsins (reglugerð 1836/93/EBE), sbr. reglugerð nr. 377/1994 um umhverfismál á Evrópska efnahagssvæðinu, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 3. júní 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

I. VIÐAUKI

Kröfur um umhverfismálastefnu, umhverfisáætlanir og umhverfisstjórnkerfi.

A. Stefna, markmið og áætlanir í umhverfismálum.

1. Umhverfismálastefna.

1.1. Umhverfismálastefna fyrirtækisins og umhverfisáætlun fyrir athafnasvæðið skal sett fram skriflega. Í fylgiskjölum skal skýra tengsl umhverfisáætlunar og umhverfisstjórnkerfis fyrir athafnasvæðið við stefnu og kerfi fyrirtækisins í heild.

1.2. Umhverfismálastefna fyrirtækisins skal samþykkt og endurmetin reglulega, einkum með tilliti til úttektar, og endurskoðuð ef þörf krefur á æðsta stjórnstigi. Hún skal tilkynnt starfsfólki fyrirtækisins og vera tiltæk almenningi.

1.3. Umhverfismálastefna fyrirtækisins skal byggjast á aðgerðarreglunum í D-hluta og einkum taka tillit til atriðanna í C-hluta. Markmiðið með stefnunni er að auka sífellt framlag fyrirtækisins í umhverfismálum og sjá þar að auki til þess að farið sé að öllum viðeigandi reglugerðarkröfum sem í gildi eru og varða umhverfið.

2. Umhverfismarkmið.

2.1. Fyrirtækið skal tilgreina umhverfismarkmið sín á öllum viðeigandi stigum innan fyrirtækisins. Markmiðin skulu vera í samræmi við umhverfismálastefnuna og í þeim skal ávallt ákveða í tölulegu formi, þegar unnt er, þá skuldbindingu fyrirtækisins að auka sífellt framlag sitt í umhverfismálum innan ákveðinna tímamarka.

3. Umhverfisáætlun fyrir athafnasvæðið.

3.1. Fyrirtækið skal gera og fylgja áætlun, sem einkum tekur tillit til atriðanna í C-hluta um framkvæmd umhverfismarkmiðanna fyrir athafnasvæðið.

Áætlunin felur í sér:

3.1.1. skiptingu ábyrgðar á markmiðunum á öll starfssvið og stig innan fyrirtækisins,

3.1.2. leiðir til að ná umhverfismarkmiðunum.

3.2. Gera skal sérstakar áætlanir fyrir umhverfisstjórnkerfið vegna verkefna sem tengjast nýju þróunarstarfi, nýjum eða breyttum vörum, þjónustu eða ferlum. Þar skal tilgreina nánar:

3.2.1. umhverfismarkmiðin sem stefnt er að,

3.2.2. aðferðir til að ná umhverfismarkmiðunum,

3.2.3. aðferðir til að fást við breytingar og lagfæringar meðan á lausn verkefnanna stendur,

3.2.4. hvaða úrbótaaðgerða skuli grípa til ef þörf krefur, hvenær skuli grípa til þeirra og hvernig skuli meta hvort þær séu fullnægjandi við þær sérstöku aðstæður þar sem þeim er beitt.

B. Umhverfisstjórnkerfi.

Hanna skal umhverfisstjórnkerfið og því beitt og viðhaldið á þann hátt að tryggt sé að eftirfarandi kröfur verði uppfylltar:

1. Stefna, markmið og áætlanir í umhverfismálum.

Umhverfismálastefnu, umhverfismarkmið og umhverfisáætlanir fyrirtækisins fyrir athafnasvæðið skal ákveða og, eftir því sem við á, endurskoða reglulega á æðsta viðeigandi stjórnstigi.

2. Stjórnskipulag og starfsfólk.

2.1. Skipting ábyrgðar og valds.

Semja skal greinargerð um og lýsingu á skiptingu ábyrgðar og valds og samskiptum yfirmanna sem stjórna, framkvæma og fylgjast með störfum sem hafa áhrif á umhverfið.

2.2. Fulltrúi stjórnenda.

Skipa skal fulltrúa stjórnenda sem hefur vald til og ber ábyrgð á því að tryggja að umhverfisstjórnkerfinu sé komið á og viðhaldið.

2.3. Starfsfólk, boðskipti og þjálfun.

Tryggja skal að eftirtaldir þættir séu ljósir starfsmönnum á öllum stigum:

2.3.1. mikilvægi þess að fylgja umhverfismálastefnunni, ná umhverfismarkmiðunum og uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru í umhverfisstjórnkerfinu;

2.3.2. þau áhrif sem störf þeirra gætu haft á umhverfið og kosti aukins framlags fyrir umhverfið;

2.3.3. þáttur þeirra og ábyrgð að því er varðar að framfylgja umhverfismálastefnunni, ná umhverfismarkmiðunum og uppfylla þær kröfur sem tilgreindar eru í umhverfisstjórnkerfinu;
2.3.4. hvaða afleiðingar það getur haft að víkja frá samþykktum verklagsreglum.

Skilgreina skal þörf fyrir þjálfun, og starfsfólki sem gegnir störfum sem geta haft veruleg áhrif á umhverfið skal séð fyrir viðeigandi þjálfun.

Fyrirtækið skal koma á og viðhalda verklagsreglum um móttöku, skráningu og svörun fyrirspurna vegna áhrifa fyrirtækisins á umhverfið og vegna umhverfisstjórnkerfis þess.

3. Umhverfisáhrif.

3.1. Mat og skráning á áhrifum fyrirtækisins á umhverfið.

Áhrifin af starfsemi fyrirtækisins á athafnasvæðið skulu könnuð og metin og taka skal saman skrá um þau áhrif sem telja verður mikilvæg. Einkum skal, eftir því sem við á, taka til athugunar:

3.1.1. stýrða og óstýrða losun efna í andrúmsloftið;
3.1.2. stýrða og óstýrða losun efna í vatn eða fráveitukerfi;
3.1.3. úrgang í föstu formi og annan úrgang, einkum úrgang sem getur reynst hættulegur (spilliefni);
3.1.4. mengun lands;
3.1.5. notkun lands, vatns, eldsneytis og orku og annarra náttúruauðlinda;
3.1.6. losun varmaorku, hávaða, lykt, ryk, titring og sýnileg áhrif;
3.1.7. áhrif á tiltekna hluta umhverfis og vistkerfa.

3.2. Einnig skal taka til athugunar áhrif sem fylgja eða geta fylgt:

3.2.1. venjulegum rekstrarskilyrðum;
3.2.2. óvenjulegum rekstrarskilyrðum;
3.2.3. óhöppum, slysum og hugsanlegu neyðarástandi;
3.2.4. fyrri starfsemi, núverandi starfsemi og fyrirhugaðri starfsemi.

3.3. Skrá yfir kröfur í lögum og reglugerðum og aðrar stefnukröfur.

Fyrirtækið skal koma á og viðhalda verklagsreglum um skráningu á öllum kröfum sem settar eru fram í lögum og reglugerðum og öðrum stefnukröfum um þá þætti starfsemi, vara og þjónustu fyrirtækisins er varða umhverfið.

4. Rekstrarstýring.

4.1. Verklagsreglur.

Skilgreina skal störf, starfsemi og ferli sem hafa eða geta haft áhrif á umhverfið og eru viðkomandi stefnu og markmiðum fyrirtækisins. Skipuleggja og stýra skal þessum störfum, starfsemi og ferlum, einkum með því að taka upp:

4.1.1. skjalfestar starfsleiðbeiningar þar sem skilgreint er hvernig starfsemin skuli fara fram, hvort sem það eru starfsmenn fyrirtækisins sem sjá til þess eða aðrir fyrir hönd fyrirtækisins. Í þessum leiðbeiningum skal gera ráð fyrir aðstæðum þar sem skortur á leiðbeiningum gæti leitt til þess að vikið yrði frá umhverfismálastefnu fyrirtækisins;
4.1.2. verklagsreglur um innkaup og samningsbundna starfsemi til að tryggja að birgjar og þeir sem sinna störfum fyrir hönd fyrirtækisins fylgi umhverfismálastefnu fyrirtækisins, að því marki sem hún tengist þeim;
4.1.3. eftirlit með og stýringu á mengun frá mismunandi starfsemi fyrirtækisins (svo sem fráveituvatni og förgun úrgangs);

4.1.4. samþykki fyrir nýjum ferlum og búnaði;
4.1.5. viðmið fyrir framlag í umhverfismálum, sem skulu fastsett í skriflegum stöðlum.

5. Eftirlit.

5.1. Eigið eftirlit fyrirtækisins með því að það uppfylli kröfur fyrir athafnasvæðið sem settar eru fram í umhverfismálastefnu, umhverfisáætlun og umhverfisstjórnkerfi fyrirtækisins; koma skal á og viðhalda skráningarkerfi fyrir eftirlitið. Í þessu felst, fyrir alla starfsemi eða svæði sem skipta máli:

5.1.1. að velja og skjalfesta hvaða upplýsinga skuli aflað;
5.1.2. að tiltaka og skjalfesta aðferðir við eftirlit;
5.1.3. að ákveða og skjalfesta viðmið fyrir ásættanleika og til hvaða aðgerða skuli grípa þegar niðurstöður úr eftirliti eru ófullnægjandi;
5.1.4. að meta og skjalfesta gildi upplýsinga úr fyrra eftirliti ef í ljós kemur að eftirlitið hefur ekki reynst fullnægjandi.

5.2. Brot á ákvæðum og úrbætur.

Framkvæma skal rannsókn og úrbótaaðgerðir þegar umhverfismálastefnu, umhverfismarkmiðum eða umhverfisstöðlum fyrirtækisins er ekki framfylgt, með það fyrir augum að:

5.2.1. finna orsökina;
5.2.2. semja aðgerðaáætlun;
5.2.3. hefja fyrirbyggjandi aðgerðir, í þeim mæli sem samsvarar þeirri hættu sem er á ferðum;
5.2.4. beita stjórnunarráðstöfunum til að tryggja að fyrirbyggjandi aðgerðir beri árangur;
5.2.5. skrá þær breytingar á aðferðum sem úrbótaaðgerðir hafa í för með sér.

6. Skráning umhverfisstjórnkerfis.

6.1. Koma skal á skráningu umhverfisstjórnkerfis í því skyni að:

6.1.1. gera umhverfismálastefnu, umhverfismarkmið og umhverfisáætlun fyrirtækisins ítarleg skil;
6.1.2. skjalfesta lykilstöður og ábyrgðarskiptingu;
6.1.3. lýsa sambandi mismunandi þátta kerfisins.

Færa skal skrár til að sýna fram á að þær kröfur sem settar eru fram í umhverfisstjórnkerfinu hafi verið uppfylltar og til að skrá í hve miklum mæli umhverfismarkmiðum hefur verið náð.

7. Úttekt.

7.1. Framkvæmd og endurskoðun á kerfisbundinni og reglubundinni áætlun svo og stjórnun skal vera með þeim hætti að gengið sé úr skugga um:

7.1.1. hvort starfsemi fyrirtækisins að því er varðar umhverfisstjórnkerfi sé í samræmi við umhverfisáætlunina og hvort starfsemin beri árangur;
7.1.2. hvernig umhverfisstjórnkerfið nýtist til að framfylgja umhverfismálastefnu fyrirtækisins.

C. Málefni sem falla undir kerfið.

Fjalla skal um eftirfarandi málefni innan ramma umhverfismálastefnu umhverfisáætlana og úttekta.

1. Hvernig meta skuli, stýra og draga úr áhrifum tiltekinnar starfsemi á mismunandi umhverfisþætti.

2. Orkustjórnun, orkusparnað og val á orkugjafa.
3. Hráefnaeftirlit, -sparnað, -val og -flutning, vatnseftirlit og -sparnað.
4. Endurvinnslu, endurnýtingu, flutning og förgun, svo og aðgerðir til að forðast sóun.
5. Hvernig meta skuli, stýra og draga úr hávaða á og utan athafnasvæðis.
6. Val á nýjum framleiðsluferlum og breytingum á framleiðsluferlum.
7. Vöruáætlun (hönnun, pökkun, flutningur, notkun og förgun).
8. Framlag og starfshætti verktaka, undirverktaka og birgja í umhverfismálum.
9. Aðgerðir til að fyrirbyggja og takmarka umhverfisslys.
10. Neyðaráætlanir vegna umhverfisslysa.
11. Upplýsingar til starfsfólks og þjálfun þess viðvíkjandi umhverfismálum.
12. Upplýsingar til aðila utan fyrirtækisins um umhverfismál.

D. Góðar stjórnunarvenjur.

Umhverfismálastefna fyrirtækisins skal byggjast á þeim reglum sem settar eru hér á eftir; starfsemi fyrirtækisins skal könnuð reglubundið til að sjá hvort hún sé í samræmi við þessar reglur og síaukið framlag í umhverfismálum.

1. Rækta skal ábyrgðartilfinningu gagnvart umhverfinu hjá starfsmönnum á öllum starfsþrepum.
2. Meta skal fyrirfram umhverfisáhrif allrar nýrrar starfsemi, vara og ferla.
3. Meta skal og fylgjast með áhrifum núverandi starfsemi á næsta umhverfi og rannsaka öll mikilvæg áhrif þessarar starfsemi á umhverfið almennt.
4. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja eða eyða mengun og, þegar það er ekki gerlegt, til að draga úr losun mengunarefna og myndun úrgangs eins og unnt er og vernda auðlindir, með notkun hreinni framleiðslutækni.
5. Gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja losun efna eða orku af slysni.
6. Koma skal á og beita eftirlitsaðferðum til að fylgjast með því hvort umhverfismálastefnunni sé fylgt og, ef aðferðirnar útheimta mælingar og prófanir, til að koma á og uppfæra skráningu á niðurstöðum eftirlitsins.
7. Semja skal og uppfæra reglur og aðgerðaáætlanir sem fylgja skal þegar í ljós kemur að umhverfismálastefnu eða umhverfismarkmiðum er ekki framfylgt.
8. Stofna skal til samstarfs við opinber yfirvöld til þess að að koma á neyðaráætlun um að draga eins og unnt er úr áhrifum losunar efna í umhverfið af slysni.
9. Veita skal almenningi allar upplýsingar sem þarf til að skilja áhrifin af starfsemi fyrirtækisins á umhverfið og koma skal á opnum skoðanaskiptum við almenning.
10. Veita skal viðskiptavinum viðeigandi ráðgjöf um þá umhverfisþætti er skipta máli við meðferð, notkun og förgun framleiðsluvara fyrirtækisins.
11. Gera skal ráðstafanir til að tryggja að verktakar sem starfa á athafnasvæðinu fyrir hönd fyrirtækisins beiti umhverfisstöðlum sem eru jafngildir umhverfisstöðlum félagsins.

II. VIÐAUKI
Kröfur um úttekt.

Úttektin skal skipulögð og framkvæmd á grundvelli viðeigandi viðmiðunarreglna í ISO 10011 alþjóðastaðli (1990, 1. hluta, einkum liða 4.2, 5.1, 5.2, 5.3, 5.4.1, 5.4.2) og annarra viðeigandi alþjóðastaðla og á grundvelli þeirra meginreglna og krafna sem gerðar eru í þessari reglugerð.

A. Markmið

Í úttektaráætlun fyrirtækisins fyrir athafnasvæðið skal lýsa nánar markmiðum með hverri úttekt eða úttektarlotu, þar á meðal úttektartíðni fyrir hvert starfssvið.

Markmiðin verða einkum að ná yfir mat á umhverfisstjórnkerfunum sem fyrir eru og ganga þarf úr skugga um að þau séu í samræmi við stefnumið fyrirtækisins og áætlunina fyrir athafnasvæðið, þar á meðal í samræmi við viðeigandi reglugerðarkröfur er varða umhverfið.

B. Umfang

Skilgreina skal ítarlega heildarumfang einstakra úttekta eða einstakra áfanga í úttektarlotu, eftir því sem við á, og tiltaka nákvæmlega:

1. viðfangsefnin;
2. starfssviðin sem taka skal út;
3. umhverfisstaðlana sem taka skal tillit til;
4. hvaða tímabil úttektin nær yfir.

Í vistúttekt felst mat á þeim raungögnum sem þarf til að meta frammistöðu.

C. Skipulag og föng

Úttekt skal gerð af einstaklingi eða einstaklingum sem hafa viðeigandi þekkingu á þeim þáttum og sviðum sem tekin skulu út. Aðilar skulu hafa þekkingu á og reynslu í viðeigandi umhverfisstjórnkerfi, tæknilegum málum og umhverfis- og reglugerðarmálum og nægilega þjálfun og hæfni á einstökum úttektarsviðum til að geta náð settu marki. Þau aðföng og sá tími sem er ætlaður til úttektar skal vera í samræmi við umfang og markmið úttektarinnar. Yfirstjórn fyrirtækisins skal aðstoða við úttektina. Úttakendur skulu vera nógu óháðir starfseminni sem þeir taka út til að geta fellt hlutlæga og óhlutdræga dóma.

D. Skipulagning og undirbúningur fyrir úttekt athafnasvæðis

Úttekt skal einkum skipuleggja og undirbúa með því markmiði að:

1. tryggja að viðeigandi aðföng séu fyrir hendi til úttektar,
2. tryggja að allir einstaklingar sem eiga hlut að úttektinni (þar með talið úttakendur, stjórn athafnasvæðisins og starfsfólk) skilji hlutverk sitt og ábyrgð.

Við undirbúning úttektar skulu þátttakendur kynna sér starfsemina á athafnasvæðinu og umhverfisstjórnkerfið þar og endurskoða niðurstöður og ályktanir úr fyrri úttektum.

E. Úttektarstörf

1. Úttekt felur í sér að ræða við starfsfólk á athafnasvæðinu, skoða rekstrarskilyrði, búnað og endurskoða skrár, skriflegar reglur og önnur viðeigandi skjöl í þeim tilgangi að meta framlag í umhverfismálum á athafnasvæðinu. Ganga skal úr skugga um hvort athafnasvæðið uppfylli þá staðla sem við eiga og hvort það kerfi sem beitt er til að úthluta ábyrgð á umhverfismálum sé skilvirkt og hentugt.

2. Einkum þessir áfangar eru liðir í úttektarferlinu:

2.1. skilningur á umhverfisstjórnkerfunum;
2.2. mat á styrkleika og veikleika umhverfismálakerfanna;
2.3. söfnun viðeigandi gagna;
2.4. mat á niðurstöðum úttektar;
2.5. samning úttektarályktunar;
2.6. skýrslugjöf um niðurstöður og ályktun úttektar.

F. Skýrslugjöf um niðurstöður og ályktanir úttektar

1. Úttektarstjórar semja skriflega úttektarskýrslu með viðeigandi formi og innihaldi, þannig að allar niðurstöður og ályktanir úttektar komi örugglega til fulls og formlega fram í lok hverrar úttektar eða úttektarlotu. Tilkynna skal yfirstjórn fyrirtækisins formlega um niðurstöður og ályktanir úttektar.

2. Grundvallarmarkmiðið með skriflegri úttektarskýrslu er að:

2.1. skjalfesta umfang úttektar;

2.2. veita stjórn fyrirtækisins upplýsingar viðvíkjandi því hvort umhverfismálastefnu fyrirtækisins sé framfylgt og um framfarir í umhverfismálum á athafnasvæðinu;

2.3. veita stjórn fyrirtækisins upplýsingar um það hversu skilvirkt og áreiðanlegt eftirlit er með umhverfisáhrifum á athafnasvæðinu;

2.4. sýna fram á þörf fyrir úrbætur þegar það á við.

G. Úttekt fylgt eftir

Úttektarferlinu lýkur með gerð og framkvæmd áætlunar um viðeigandi úrbætur.

Nauðsynleg og virk kerfi verða að vera til staðar til að tryggt sé að niðurstöðum úttektar sé fylgt eftir.

H. Úttektartíðni

Úttekt fer fram eða úttektarlotu lýkur, eftir því sem við á, með ekki meira en þriggja ára millibili. Yfirstjórn fyrirtækisins ákveður tíðni úttektar fyrir hvert starfssvið á athafnasvæðinu, með hliðsjón af þeim heildarumhverfisáhrifum sem starfsemin á staðnum getur haft og með hliðsjón af umhverfisáætluninni fyrir athafnasvæðið.

Einkum skal leggja áherslu á eftirfarandi þætti:

1. eðli, umfang starfseminnar og hversu margslungin hún er;
2. eðli og umfang losunar, úrgang, hráefni og orkunotkun og almennt tengsl við umhverfið;
3. hversu mikilvæg og áríðandi vandamálin eru sem í ljós koma, annaðhvort í framhaldi af fyrstu heildarskoðun á umhverfinu eða fyrri úttekt;
4. sögu umhverfisvandamála í tengslum við fyrirtækið.

III. VIÐAUKI
Kröfur um faggildingu umhverfisvottenda og starfssvið þeirra.

A. Kröfur um faggildingu umhverfisvottenda

1. Viðmið fyrir faggildingu umhverfisvottenda eru þessi:

1.1. Starfsfólk.

Umhverfisvottendur skulu vera hæfir til starfa á því sviði sem faggildingin nær til og verða að geta sýnt fram á, og hafa jafnan tiltækar, skrár um menntun og hæfi, þjálfun og reynslu starfsfólks síns, að minnsta kosti að því er varðar:

1.1.1. aðferðafræði úttektar,

1.1.2. þekkingu á fyrirtækjastjórnun og stjórnunaraðferðum,

1.1.3. umhverfismál,

1.1.4. viðeigandi löggjöf og staðla, þar með taldar sérstakar leiðbeiningar sem hafa verið unnar í tengslum við þessa reglugerð,

1.1.5. viðeigandi tæknilega innsýn í starfsemina sem á að votta.

1.2. Sjálfstæði og hlutlægni.

Umhverfisvottendur skulu vera sjálfstæðir og hlutlausir. Umhverfisvottandi verður að geta sýnt fram á að hann og fyrirtæki hans séu ekki undir þrýstingi, viðskiptalegs eða fjárhagslegs eðlis eða af öðrum toga, sem gæti haft áhrif á dóma hans eða varpað rýrð á starf hans og að hann fylgi öllum reglum þar að lútandi.

Umhverfisvottendur sem uppfylla staðalinn EN 45012, 4. og 5. gr., uppfylla þessar kröfur.

1.3. Reglur.

Til að standast kröfur þessarar tilskipunar um vottun skulu umhverfisvottendur hafa yfir að ráða skjalfestri aðferðafræði og reglum, þar með talið gæðaeftirlitskerfi og ákvæði um þagnarskyldu.

1.4. Fyrirtæki umhverfisvottenda.

Ef umhverfisvottandi er fyrirtæki skal hann hafa skipurit sem hann leggur fram að fenginni beiðni. Á skipuritinu skal koma fram uppbygging fyrirtækisins og dreifing ábyrgðar og yfirlýsing um réttarstöðu, eigendur og fjármögnun.

1.5. Faggilding einstaklinga.

Heimilt er að veita einstaklingum faggildingu að því tilskildu að hún sé takmörkuð við þá tegund fyrirtækja og starfsemi sem viðkomandi einstaklingur hefur nauðsynlega þekkingu á og reynslu af, til að geta leyst til fullnustu þau verkefni sem um getur í B-hluta.

Að því er varðar athafnasvæðin þar sem slík starfsemi fer fram skal umsækjandi einkum sýna nægilega þekkingu og reynslu á sviði tækni-, umhverfis- og reglugerðarmála sem máli skipta við faggildinguna og í vottunaraðferðum og -aðgerðum. Umsækjandinn skal uppfylla viðmiðin samkvæmt 1. lið fyrir sjálfstæði, hlutlægni og aðferðir.

2. Umsóknir um faggildingu.

Sá sem sækir um faggildingu sem umhverfisvottandi skal útfylla og undirrita opinbert umsóknareyðublað þar sem hann lýsir yfir þekkingu sinni á faggildingarkerfinu; samþykkir að fylgja reglum um faggildingu og greiða nauðsynleg gjöld; samþykkir að fylgja viðmiðum fyrir faggildingu og greinir frá fyrri umsóknum eða faggildingu.

Umsækjandi skal fá afhentar skriflegar upplýsingar um faggildingarreglurnar og réttindi og skyldur, þar með talin gjöld, faggilts umhverfisvottanda. Umsækjanda skulu veittar frekari upplýsingar þessu viðkomandi að beiðni hans.

3. Faggildingarreglur.

Faggilding felst í eftirfarandi atriðum:

3.1. söfnun á viðeigandi upplýsingum sem þarf til að meta þann sem sækir um faggildingu sem umhverfisvottandi, þar með taldar almennar upplýsingar svo sem nafn, heimilisfang, réttarstaða, menntun og hæfi, ef til vill staða innan stærra fyrirtækis o.s.frv.; og upplýsingum til að meta hvort fylgt sé þeim viðmiðum sem tilgreind eru í 1. lið og hvort takmarka skuli umfang faggildingarinnar;

3.2. mati á umsækjanda; annaðhvort er það starfsfólk Löggildingarstofunnar eða skipaðir fulltrúar hennar sem mynda sér skoðun á því hvort umsækjandi uppfyllir faggildingarviðmið með því að kanna þær upplýsingar sem umsækjandi leggur fram og störf hans í þessu sambandi og með því að gera frekari fyrirspurnir, ef þörf krefur, m.a. með því að ræða við samstarfsmenn umsækjanda. Umsækjanda skal tilkynnt um þessa könnun og honum gefið færi á að gera athugasemdir við innihald hennar;

3.3. Löggildingarstofan skal kanna allt það efni varðandi matið sem þarf til að taka ákvörðun um faggildingu;

3.4. Löggildingarstofan tekur ákvörðun um að veita eða synja um faggildingu, með ákveðnum skilmálum og skilyrðum eða takmörkunum á umfangi faggildingarinnar, á grundvelli könnunarinnar í b-lið. Faggildingaraðilar skulu hafa skriflegar verklagsreglur til að meta hvert skuli vera umfang faggildingar umhverfisvottenda.

4. Umsjón með faggiltum umhverfisvottendum.

Gera skal ráðstafanir með reglulegu millibili, sem má ekki vera lengra en þrjú ár, til að tryggja að faggilti umhverfisvottandinn uppfylli enn faggildingarkröfurnar og til að fylgjast með ágæti þeirrar umhverfisvottunar sem fram hefur farið.

Faggilti umhverfisvottandinn verður þegar í stað að tilkynna Löggildingarstofunni um allar breytingar sem snerta faggildinguna eða umfang hennar.

Löggildingarstofunni er hvorki heimilt að taka ákvörðun um tímabundna eða varanlega niðurfellingu faggildingar né takmarka umfang faggildingarinnar nema faggilti umhverfisvottandinn hafi fengið tækifæri til að láta álit sitt í ljós.

Þegar vottandi er við vottunarstörf í aðildarríki en er faggiltur í öðru aðildarríki skal hann tilkynna faggildingarstofnun aðildarríkisins þar sem vottunin fer fram um starfsemi sína.

6. Aukning á umfangi faggildingar.

Löggildingarstofan skal hafa skriflegar reglur um hvernig fjalla skuli um mat á faggiltum umhverfisvottendum sem sækja um aukningu á umfangi faggildingar sinnar.

B. Störf vottenda.

1. Rannsóknir.

Faggiltir umhverfisvottendur skulu rannsaka umhverfismálastefnu, umhverfisáætlanir, umhverfisstjórnkerfi, reglur um rýni og úttektir og umhverfismálayfirlýsingar og sjá um viðurkenningu yfirlýsinganna. Störf vottenda felast í eftirliti með því:

1.1. hvort allar kröfur þessarar reglugerðar séu uppfylltar, einkum kröfur er varða umhverfismálastefnu og -áætlun, umhverfisrýni, virkni umhverfisstjórnkerfisins, úttektarferlið og umhverfismálayfirlýsingarnar,

1.2. hversu áreiðanleg gögn og upplýsingar í umhverfismálayfirlýsingunni eru og hvort yfirlýsingin taki á fullnægjandi hátt til allra mikilvægra umhverfismálefna viðvíkjandi athafnasvæðinu.

Umhverfisvottendur rannsaka einkum, á áreiðanlegan og fagmannlegan hátt, tæknilegt gildi umhverfisrýni eða úttektar eða annarra starfsaðferða fyrirtækisins, án þess að endurtaka þessar starfsaðferðir að óþörfu.

2. Samkomulag.

Vottandinn skal starfa á grundvelli skriflegs samkomulags við fyrirtækið. Í samkomulaginu skal skilgreina umfang verksins, gera vottandanum kleift að starfa á faglega sjálfstæðan hátt og skylda fyrirtækið til nauðsynlegrar samvinnu.

Við vottun skal rannsaka skjöl, heimsækja athafnasvæðið og einkum ræða við samstarfsmenn, undirbúa skýrslu til stjórnar fyrirtækisins og leysa þau vandamál sem sett eru fram í skýrslunni.

Þau skjöl sem rannsaka skal áður en farið er á athafnasvæðið taka til grundvallarupplýsinga um athafnasvæðið og þá starfsemi sem þar fer fram, umhverfismálastefnu og

áætlun, lýsingu á umhverfisstjórnkerfinu fyrir athafnasvæðið, upplýsingar um fyrri umhverfisrýni eða úttekt, skýrslu um þá rýni eða úttekt og úrbætur í framhaldi af henni og drög að umhverfismálayfirlýsingu.

3. Skýrslugjöf.

Í skýrslu vottanda til stjórnar fyrirtækisins skal tilgreina tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum þessarar reglugerðar, einkum:

3.1. tæknilega vankanta umhverfisrýninnar eða úttektaraðferðarinnar eða umhverfisstjórnkerfisins eða annars viðeigandi ferlis.

3.2. hvar vottandi er ósammála drögum að umhverfismálayfirlýsingu og gefa upplýsingar um nauðsynlegar breytingar á umhverfismálayfirlýsingunni eða viðbætur við hana.

4. Eftirfarandi getur átt sér stað:

1) Ef

4.1.1. umhverfismálastefnan er í samræmi við viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar,

4.1.2. umhverfisrýnin eða -úttektin virðist hafa verið tæknilega fullnægjandi,

4.1.3. í umhverfisáætluninni er fjallað um öll mikilvæg málefni sem vakin hefur verið athygli á,

4.1.4. umhverfisstjórnkerfið uppfyllir kröfurnar í I. viðauka, og

4.1.5. yfirlýsingin reynist nákvæm, nægilega ítarleg og í samræmi við kröfur kerfisins

þá viðurkennir vottandinn yfirlýsinguna.

2) Ef

4.2.1. umhverfismálastefnan er í samræmi við viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar,

4.2.2. umhverfisrýnin eða -úttektin virðist hafa verið tæknilega fullnægjandi,

4.2.3. í umhverfisáætluninni er fjallað um öll mikilvæg málefni sem vakin hefur verið athygli á,

4.2.4. umhverfisstjórnkerfið uppfyllir kröfurnar í I. viðauka, en

4.2.5. endurskoða verður eða ljúka við yfirlýsinguna eða yfirlýsing fyrir millibilsár, þegar engin viðurkenning fór fram, hefur reynst röng eða misvísandi, eða engin yfirlýsing var gefin á millibilsári en hefði átt að vera gefin

þá skal vottandinn ræða nauðsynlegar breytingar við stjórn fyrirtækisins og ekki viðurkenna yfirlýsinguna fyrr en fyrirtækið hefur bætt nauðsynlegum viðbótum og/eða breytingum við yfirlýsinguna, þar á meðal, ef þörf krefur, tilvísun í nauðsynlegar breytingar á fyrri óviðurkenndum yfirlýsingum eða viðbótarupplýsingar sem hefði átt að birta á milliliggjandi árum.

3) Ef

4.3.1. umhverfismálastefnan er ekki í samræmi við viðeigandi kröfur þessarar reglugerðar eða

4.3.2. umhverfisrýnin eða úttektin er ekki tæknilega fullnægjandi eða

4.3.3. í umhverfisáætluninni er ekki fjallað um öll mikilvæg málefni sem vakin hefur verið athygli á, eða

4.3.4. umhverfisstjórnkerfið uppfyllir ekki kröfurnar í I. viðauka,

þá skal vottandinn beina viðeigandi tilmælum til stjórnar fyrirtækisins um nauðsynlegar úrbætur og ekki viðurkenna yfirlýsingu fyrr en vankantar í stefnunni og/eða áætluninni og/eða ferlunum hafa verið lagfærðir, ferlin endurtekin að því marki sem þörf er á og yfirlýsingin endurskoðuð í samræmi við það.

IV. VIÐAUKI
Yfirlýsingar um aðild.

UMHVERFISSTJÓRNAR- OG ÚTTEKTARKERFI ESB
Á þessu athafnasvæði er beitt umhverfisstjórnkerfi og almenningur fær upplýsingar um árangurinn í samræmi við umhverfisstjórnar- og úttektarkerfi ESB. (skráningarnúmer.)

UMHVERFISSTJÓRNAR- OG ÚTTEKTARKERFI ESB
Á öllum athafnasvæðum í bandalaginu, þar sem við stundum iðnstarfsemi, er beitt umhverfisstjórnkerfi og almenningur fær upplýsingar um árangurinn í samræmi við umhverfisstjórnar- og úttektarkerfi ESB (auk valfrjálsrar yfirlýsingar um starfsvenjur í löndum utan ESB)

UMHVERFISSTJÓRNAR- OG ÚTTEKTARKERFI ESB
Á öllum athafnasvæðum í (heiti aðildarríkis/-ríkja) þar sem við stundum iðnstarfsemi er beitt umhverfisstjórnkerfi og almenningur fær upplýsingar um árangurinn í samræmi við umhverfisstjórnar- og úttektarkerfi ESB.

UMHVERFISSTJÓRNAR- OG ÚTTEKTARKERFI ESB
Á eftirfarandi athafnasvæðum, þar sem við stundum iðnstarfsemi er beitt umhverfisstjórnkerfi og almenningur fær upplýsingar um árangurinn í samræmi við umhverfisstjórnar- og úttektarkerfi ESB:
— heiti athafnasvæðis, skráningarnúmer
— ...

V. VIÐAUKI
Upplýsingar sem veita skal Hollustuvernd ríkisins þegar sótt er um skráningu og þegar lagðar eru fram viðurkenndar umhverfismálayfirlýsingar.

1. Heiti fyrirtækis.
2. Auðkenni og staðsetning athafnasvæðis.

3. Stutt lýsing á starfseminni á athafnasvæðinu (með tilvísun í fylgiskjöl ef þörf krefur).
4. Nafn og heimilisfang faggilta umhverfisvottandans sem viðurkennir hjálagða yfirlýsingu.
5. Lokafrestur til að senda inn næstu viðurkenndu umhverfismálayfirlýsingu.

Eftirfarandi skal koma fram í umsókninni:

a) Stutt lýsing á umhverfisstjórnkerfinu.
b) Lýsing á úttektaráætluninni fyrir svæðið.
c) Viðurkennd umhverfismálayfirlýsing.

VI. VIÐAUKI
Fyrirtækjaflokkar sem þátt geta tekið í eftirlitskerfi reglugerðar þessarar.

1. *Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður*
1.1. Framleiðsla og vinnsla kjöts og kjötvara
1.2. Öll vinnsla sjávarafurða, þar með talin fiskimjölsframleiðsla
1.3. Vinnsla ávaxta og grænmetis
1.4. Framleiðsla á feiti, jurta- og dýraolíu
1.5. Framleiðsla mjólkurafurða
1.6. Framleiðsla á kornvöru, mölva og mjölvaríkri vöru
1.7. Fóðurframleiðsla
1.8. Önnur matvælaframleiðsla
1.9. Framleiðsla drykkjarvara
1.10. Tóbaksiðnaður

2. *Textíl- og textílvöruiðnaður*
2.1. Forvinnsla og spuni á textíltrefjum
2.2. Vefnaður
2.3. Frágangur á textílum
2.4. Framleiðsla á tilbúinni textílvöru, annarri en fatnaði
2.5. Framleiðsla annarrar textílvöru
2.6. Framleiðsla á hekl- og prjónavoð
2.7. Framleiðsla á prjónaðri og heklaðri vöru
2.8. Framleiðsla á leðurfatnaði
2.9. Framleiðsla á öðrum fatnaði
2.10. Sútun og litun loðskinna og framleiðsla loðskinnsvöru

3. *Leðuriðnaður og leðurvöruframleiðsla*
3.1. Sútun á leðri
3.2. Framleiðsla á ferðatöskum, handtöskum og skyldum vörum og reiðtygjum
3.3. Framleiðsla á skófatnaði

4. *Timburiðnaður*
4.1. Sögun, heflun og fúavörn á viði
4.2. Framleiðsla á spónaþynnum, krossviði, límtré, spónarplötum, trefjaplötum og öðrum viðarplötum
4.3. Framleiðsla á mótatimbri og smíðaviði
4.4. Framleiðsla á umbúðum úr tré
4.5. Framleiðsla annarrar viðarvöru; framleiðsla vöru úr korki, hálmi og fléttuefnum

5. *Pappírs- og pappírsvöruiðnaður, útgáfustarfsemi og prentiðnaður*
5.1. Framleiðsla á pappírskvoðu, pappír og pappa
5.2. Framleiðsla á pappírs- og pappavöru
5.3. Útgáfustarfsemi
5.4. Prentiðnaður og starfsemi tengd prentiðnaði
5.5. Fjölföldun upptekins efnis

6. *Framleiðsla á koksi, hreinsuðum jarðolíuvörum og kjarnaeldsneyti*
6.1. Koksframleiðsla
6.2. Framleiðsla á hreinsuðum jarðolíuvörum
6.3. Framleiðsla kjarnaeldsneytis

7. *Efnavöruiðnaður*
7.1. Framleiðsla á grunnefnum til efnaiðnaðar
7.2. Framleiðsla á varnarefnum og öðrum efnaafurðum til nota í landbúnaði
7.3. Framleiðsla á málningu, lakki og svipuðum þekjuefnum, prentbleki og fylli- og þéttiefnum
7.4. Framleiðsla á lyfjum og hráefnum til lyfjagerðar
7.5. Framleiðsla á sápu, hreinsi- og þvottaefnum, hreingerningar- og fægiefnum, ilmvatni og snyrtivöru
7.6. Annar efnaiðnaður
7.7. Framleiðsla gervitrefja

8. *Gúmmí- og plastvöruframleiðsla*
8.1. Gúmmívöruframleiðsla
8.2. Plastvöruframleiðsla

9. *Steinefnaiðnaður, annar en málmiðnaður*
9.1. Framleiðsla á gleri og glervörum
9.2. Framleiðsla á leirvöru til annarra nota en til bygginga; framleiðsla eldfastrar leirvöru
9.3. Framleiðsla á flísum og hellum úr leir og postulíni
9.4. Framleiðsla á múrsteinum, tígulsteinum og öðrum byggingarvörum úr brenndum leir
9.5. Framleiðsla á sementi, kalki og gifsi
9.6. Framleiðsla á hlutum úr steinsteypu, sementi eða gifsi
9.7. Steinsmíði
9.8. Framleiðsla annarrar vöru úr steinefnum öðrum en málmum

10. *Málmiðnaður*
10.1. Járn, stál- og járnblendiframleiðsla samkvæmt samningi Kola- og stálbandalags Evrópu (KSE)
10.2. Röraframleiðsla
10.3. Önnur frumvinnsla á járni og stáli og framleiðsla járnblendis sem samningur Kola- og stálbandalags Evrópu (KSE) tekur ekki til
10.4. Frumvinnsla góðmálma og framleiðsla málma sem innihalda ekki járn
10.5. Málmsteypa
10.6. Framleiðsla á byggingarefni úr málmi
10.7. Framleiðsla geyma, kera og íláta úr málmi; framleiðsla miðstöðvarofna og miðstöðvarkatla
10.8. Framleiðsla á gufukötlum, öðrum en miðstöðvarkötlum
10.9. Eldsmíði, þrýstismíði, stönsun og völsun málma; sindurmótun
10.10. Meðferð og húðun málma; almenn þjónusta vélsmiðja gegn þóknun eða skv. verksamningi
10.11. Framleiðsla á hnífum, hnífapörum, verkfærum og ýmiss konar járnvöru
10.12. Framleiðsla annarra fullunninna málmvara

11. *Framleiðsla véla og tækja ót. a.*
11.1. Framleiðsla véla og vélbúnaðar til að framleiða og nýta vélræna orku, þó ekki í loftför, ökutæki og bifhjól
11.2. Framleiðsla vélbúnaðar til almennra nota
11.3. Framleiðsla véla til landbúnaðar og skógræktar
11.4. Framleiðsla smíðavéla
11.5. Framleiðsla annars sérhæfðs vélbúnaðar
11.6. Vopna- og skotfæraframleiðsla
11.7. Framleiðsla heimilistækja ót.a.

12. *Framleiðsla rafmagns-, rafeinda- og sjóntækja*
12.1. Framleiðsla á skrifstofuvélum og tölvum
12.2. Framleiðsla rafmótora, rafala og straumbreyta
12.3. Framleiðsla dreifi- og stýribúnaðar fyrir raforku
12.4. Framleiðsla á einangruðum vírum og köplum
12.5. Framleiðsla á rafgeymum og rafhlöðum
12.6. Framleiðsla á ljósabúnaði og lömpum
12.7. Framleiðsla annarra rafmagnstækja ót.a.
12.8. Framleiðsla á rafeindalömpum og öðrum íhlutum rafeindatækja
12.9. Framleiðsla útvarps- og sjónvarpssenda og tækja fyrir símatækni og símritun

12.10. Framleiðsla sjónvarps- og útvarpsviðtækja, hljóð- eða myndupptökuvéla, sýningarvéla eða spilara og skyldrar vöru
12.11. Framleiðsla á tækjum til lækninga og skurðlækninga og búnaði til bæklunarlækninga
12.12. Framleiðsla á tækjum og búnaði til mælinga, eftirlits og prófana, leiðsögu o.fl., þó ekki stýribúnaður fyrir iðnaðarframleiðslu
12.13. Framleiðsla á sjóntækjum og ljósmyndavélum og öðrum ljósmyndabúnaði
12.14. Úr- og klukkusmíði

13. *Framleiðsla flutningatækja*
13.1. Framleiðsla vélknúinna ökutækja
13.2. Smíði yfirbygginga fyrir ökutæki; framleiðsla eftir- og festivagna
13.3. Framleiðsla hluta og aukabúnaðar í ökutæki og vélar
13.4. Skipa- og bátasmíðar og skipa- og bátaviðgerðir
13.5. Framleiðsla járnbrautar- og sporvagna
13.6. Smíði loftfara og geimflauga
13.7. Framleiðsla bif- og reiðhjóla
13.8. Framleiðsla annarra flutningatækja

14. *Iðnaður*
14.1. Húsgagnaiðnaður
14.2. Skartgripasmíði og skyld framleiðsla
14.3. Hljóðfærasmíði
14.4. Sportvörugerð
14.5. Leikfangagerð
14.6. Annar iðnaður ót.a.

15. *Námugröftur og vinnsla orkugjafa*
15.1. Steinkolanám
15.2. Brúnkolanám
15.3. Móvinnsla
15.4. Vinnsla á olíu og jarðgasi
15.5. Þjónusta tengd olíu og vinnslu önnur en jarðgasleit

16. *Námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu, annarra en orkugjafa*
16.1. Nám málma úr jörðu
16.2. Grjótnám
16.3. Sand- og leirnám
16.4. Námuvinnsla á steinefnum til efnaiðnaðar og áburðargerðar
16.5. Saltvinnsla
16.6. Annar námugröftur og vinnsla hráefna úr jörðu

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 1996

14. júní 1996 713 Nr. 322

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri, ostum og eggjum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur er nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, hefur gert.

2. gr.

Eftirfarandi ákvæði taflna a, b, c og d gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
a)					
0405.0000	Smjör og önnur fita	01.07.-31.12.	18.100	0	201
b)	Ostur til almennra nota:		26.100		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.-31.12.		0	143
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.-31.12.		0	143
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.-31.12.		0	107
0406.4000	Gráðostur	01.07.-31.12.		0	164
0406.9000	Annar ostur	01.07.-31.12.		0	160
c)	Ostur til iðnaðar- og/eða matvælagerðar:		13.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.-31.12.		0	143
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.-31.12.		0	143
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.-31.12.		0	107
0406.4000	Gráðostur	01.07.-31.12.		0	164
0406.9000	Annar ostur	01.07.-31.12.		0	160
d)	Eggjarauða - Annað:		19.400		
0408.1100	Þurrkuð	01.07.-31.12.		0	327
0408.1900	Önnur	01.07.-31.12.		0	87
0408.9100	Þurrkað	01.07.-31.12.		0	327
0408.9900	Annars	01.07.-31.12.		0	87

Gutenberg

Eggjakvóti er miðaður við skurnlaus egg í fljótandi formi. Við úthlutun kvóta skal magn umsóknar af þurrkuðum eggjum margfaldað með 3,77 við umreikning í óþurrkuð skurnlaus egg.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það magn sem auglýst er skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Til úthlutunar í vörulið 0406 eru samtals 39.100 kg. Til almennra nota, annað en til iðnaðar- og/eða matvælagerðar, skv. töflu b) í 2. gr. eru til úthlutunar 26.100 kg og til iðnaðar- og/eða matvælagerðar skv. töflu c) eru 13.000 kg. Það teljast almenn not í þessu sambandi ef aðeins er um niðurhlutun og umpökkun í neytendaumbúðir að ræða.

Tilgreina skal í umsóknum hvort sótt er um tollkvóta í osti til almennra nota, eða hvort sótt er um ost til iðnaðar- og/eða matvælagerðar. Verði sótt um minna magn af osti en auglýst er í öðrum hvorum flokknum, skal því magni sem umfram er bætt við hinn.

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. júní 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 323 14. júní 1996

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III A við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur er nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum, hefur gert.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
Tollnúmer:	*Kjötvörur úr vörulið 1602:*		29.400		
1602.1001	Blönduð matvara meira en 60% af kjöti	01.07.-31.12.	-	0	84
1602.1009	Meira en 20% til og með 60%	01.07.-31.12.	-	0	84
1602.2011	Meira en 60% af dýralifur	01.07.-31.12.	-	0	117
1602.2012	Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.-31.12.	-	0	117
1602.2019	Annað	01.07.-31.12.	-	0	44
1602.2021	Annað, meira en 60% af dýralifur	01.07.-31.12.	-	0	117
1602.2022	Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.-31.12.	-	0	78
1602.2029	Annað	01.07.-31.12.	-	0	26
1602.3101	Úr kalkúnum meira en 60%	01.07.-31.12.	-	0	203
1602.3102	Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.07.-31.12.	-	0	203
1602.3109	Annað	01.07.-31.12.	-	0	115
1602.3201	Úr hænsnum meira en 60%	01.07.-31.12.	-	0	203
1602.3202	Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.-31.12.	-	0	203
1602.3209	Annað	01.07.-31.12.	-	0	115
1602.3901	Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.-31.12.	-	0	203
1602.3902	Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.-31.12.	-	0	203
1602.3909	Annað	01.07.-31.12.	-	0	115
1602.4101	Úr svínum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.-31.12.	-	0	522
1602.4102	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.-31.12.	-	0	343
1602.4109	Annað	01.07.-31.12.	-	0	115
1602.4201	Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.-31.12.	-	0	412
1602.4202	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.-31.12.	-	0	247
1602.4209	Annað	01.07.-31.12.	-	0	83
1602.4901	Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.-31.12.	-	0	511
1602.4902	Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.-31.12.	-	0	307
1602.4909	Annað	01.07.-31.12.	-	0	102
1602.5001	Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.-31.12.	-	0	362
1602.5002	Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.-31.12.	-	0	304
1602.5009	Annað	01.07.-31.12.	-	0	102
1602.9011	Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.-31.12.	-	0	442
1602.9012	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.-31.12.	-	0	265
1602.9019	Annað	01.07.-31.12.	-	0	89
1602.9021	Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.-31.12.	-	0	442
1602.9022	Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.-31.12.	-	0	265
1602.9029	Annað	01.07.-31.12.	-	0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði auglýsingar vegna innflutnings á landbúnaðarvörum nr. 483/1995.

4. gr.

Verði umsóknir um tollkvóta meiri en það sem er til úthlutunar skal leita tilboða í tollkvóta. Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir í eftirtöldum vöruliðum sé um það sótt:

vöruliðir	1602.10XX	800 kg
vöruliðir	1602.20XX	800 kg
vöruliðir	1602.3XXX	5.800 kg
vöruliðir	1602.4XXX	4.500 kg
vöruliðir	1602.50XX	1.600 kg
vöruliðir	1602.90XX	1.200 kg

5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum á henni skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 1997.

Landbúnaðarráðuneytinu, 14. júní 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 324 14. júní 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins nr. 410/1989.

1. gr.

Í 1 málsl. 1. mgr. 4. gr. falla á brott orðin: „og fyrstu 2 mánuði skv. 8. gr.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 14. júní 1996.

Friðrik Sophusson.

Birgir Guðjónsson.

REGLUGERÐ

um eftirlitsgjald vegna lyfjaeftirlits fyrir árið 1996.

1. gr.

Lyfjaeftirlitsþegum sbr. 3. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 ber að greiða eftirlitsgjald fyrir árið 1996 vegna lyfjaeftirlits, sbr. 2. gr. sömu laga, sem hér segir:

	Kr.		Kr.		Kr.
1. flokkur	360.000	10. flokkur	500.000	19. flokkur	250.000
2. flokkur	330.000	11. flokkur	375.000	20. flokkur	150.000
3. flokkur	250.000	12. flokkur	275.000	21. flokkur	100.000
4. flokkur	210.000	13. flokkur	225.000	22. flokkur	75.000
5. flokkur	160.000	14. flokkur	170.000	23. flokkur	50.000
6. flokkur	130.000	15. flokkur	130.000	24. flokkur	30.000
7. flokkur	110.000	16. flokkur	100.000	25. flokkur	15.000
8. flokkur	75.000	17. flokkur	60.000	26. flokkur	7.500
9. flokkur	50.000	18. flokkur	35.000		

2. gr.

Lyfjaeftirlitsþegum er skipað í flokka vegna greiðslu eftirlitsgjaldsins, eftir veltu og/eða umfangi eftirlitsskyldrar starfsemi, sbr. fylgiskjal 1.

Eftirlitsgjald samkvæmt 9. flokki skal lagt á lyfjafræðinga, sem veitt er nýtt lyfsöluleyfi. Árlega skal sama gjald lagt á lyfsöluleyfishafa sem ekki hafa opnað apótek.

Hlutfallslegt eftirlitsgjald samkvæmt 6. flokki, skal lagt á ný apótek sem hefja starfsemi á árinu. Greiða skal 1/12 gjaldsins fyrir hvern starfsmánuð eða hluta úr mánuði.

3. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjaldsins er fyrsti virki dagur næsta mánaðar eftir dagsetningu reiknings og eindagi síðasti dagur þess mánaðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef eigi hefur verið greitt á eindaga.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 2. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 12. júní 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

Fylgiskjal 1

Flokkar eftirlitsþega:

Flokkar 1 - 9	Lyfsöluleyfishafar	Flokkar 19 - 26	Lyfjasölur dýralækna
	Lyfjasölur lækna		Sjúkrahús með apótek
	Lyfjasölur sveitarfélaga		Sjúkrahús, hjúkrunar- og dvalarheimili
Flokkar 10 - 18	Lyfjagerðir		Heilsugæslustöðvar
	Lyfjaheildsölur		Læknar sem kaupa lyf í heildsölu
	Lyfjaumboðsfyrirtæki		Aðrir lyfjaeftirlitsþegar

REGLUGERÐ

um könnun hjónavígsluskilyrða.

I. KAFLI
Framkvæmd könnunar á hjónavígsluskilyrðum.

1. gr.

Þeir sem löggildingu hafa til hjónavígslu samkvæmt ákvæðum hjúskaparlaga framkvæma könnun hjónavígsluskilyrða.

Könnun fer fram í lögsagnarumdæmi þar sem annað hjónaefna á lögheimili. Nú á hvorugt hjónaefna lögheimili hér á landi og fer könnun þá fram í umdæmi þar sem annað þeirra dvelst.

2. gr.

Þegar hjónaefni óska eftir könnun á hjónavígsluskilyrðum skulu þau leggja fyrir vígslumann, sem kannar hjónavígsluskilyrði, eftirtalin gögn:

1. Fæðingarvottorð svo og persónuskilríki, sem færa sönnur á nafn hjónaefnis og fæðingardag, svo sem nafnskírteini, vegabréf eða ökuskírteini.
2. Vottorð frá Hagstofu Íslands, þjóðskrá, um hjúskaparstöðu eða sambærilegt vottorð frá erlendu yfirvaldi ef unnt er. Vottorð má ekki vera eldra en fjögurra vikna.

3. gr.

Vígslumaður, sem kannar hjónavígsluskilyrði, skal láta hjónaefnum í té sérstakt eyðublað, hjónavígsluskýrslu sem er jafnframt könnunarvottorð og svaramannavottorð, þar sem veittar skulu eftirfarandi upplýsingar:

1. Fullt nafn hjónaefnis, fæðingarstaður, starf, lögheimili og kennitala eða fæðingardagur og ár eftir því sem við á.
2. Ríkisfang hjónaefnis.
3. Trúfélag.
4. Hvern hjónaefni ætlar að ganga að eiga.
5. Hvort hjónaefni hefur áður stofnað til hjúskapar eða staðfestrar samvistar.
6. Hvort hjónaefni er svipt lögræði.
7. Hvort hjónaefni eru skyld í beinan legg eða systkin.
8. Hvort annað hjónaefna hefur verið ættleitt af hinu.

4. gr.

Ef hjónaefni er yngra en 18 ára skal það leggja fram leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til undanþágu frá hjúskaparaldri.

5. gr.

Ef hjónaefni er svipt lögræði skal það leggja fram gögn um skipun lögráðamanns og yfirlýsingu frá lögráðamanni sínum um að hann sé samþykkur ráðahagnum. Yfirlýsingin má ekki vera eldri en fjögurra vikna.

Hafi lögráðamaður neitað að veita samþykki sitt skal leggja fram leyfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til hjónavígslunnar.

6. gr.

Hafi hjónaefni áður verið í hjúskap skal það færa sönnur á, með framlagningu viðeigandi gagna, að hjónabandinu sé slitið með lögskilnaði, ógildingu eða með andláti fyrri maka.

Hafi fyrra hjónabandi lokið með útgáfu lögskilnaðarleyfis hér á landi skal leggja fram leyfisbréfið því til sönnunar, frumrit eða staðfest endurrit. Ef tveggja mánaða kærufrestur er ekki liðinn skal fylgja skrifleg yfirlýsing fyrri maka hjónaefnis um að hann falli frá kæru.

Hafi fyrra hjónabandi verið slitið með lögskilnaðar- eða ógildingardómi hér á landi skal leggja fram því til sönnunar endurrit af dóminum. Ef um héraðsdóm er að ræða og þriggja mánaða áfrýjunarfrestur er ekki liðinn skal leggja fram skriflega yfirlýsingu frá gagnaðila þess efnis að fallið sé frá áfrýjun dómsins.

Hafi fyrra hjónabandi lokið með útgáfu lögskilnaðarleyfis í Danmörku skal leggja fram leyfisbréfið því til sönnunar, frumrit eða staðfest endurrit. Hafi fyrra hjónabandi lokið með því að veitt hefur verið leyfi til lögskilnaðar í Noregi skal leggja fram því til sönnunar leyfisbréfið í frumriti eða vottorð norska dómsmálaráðuneytisins eða viðkomandi fylkismanns um að leyfi til lögskilnaðar hafi verið veitt á ákveðnum degi. Staðfestingar á undirskriftum er ekki krafist.

Hafi fyrra hjónabandi lokið með ógildingar- eða lögskilnaðardómi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð skal leggja fram því til sönnunar endurrit dómsins með áritun um að hann hafi full réttaráhrif. Þessa yfirlýsingu gefur viðkomandi dómstóll í Danmörku, Noregi eða Svíþjóð og dómsmálaráðuneytið eða viðkomandi dómstóll í Finnlandi. Staðfestingar á undirskriftum er ekki krafist.

Hafi lögskilnaður verið veittur í landi utan Norðurlandanna skal málið fengið dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til úrlausnar að því er varðar gildi skilnaðarins og gögn til þess að leggja fram því til sönnunar.

Nú er fyrri maki látinn og skulu þá færðar sönnur á það með dánarvottorði. Hafi maki látist erlendis skal lagt fram dánarvottorð sem gefið er út af viðkomandi erlendu yfirvaldi. Skýrslur sendiráðs eða ræðismanna Íslands í viðkomandi löndum má einnig leggja til grundvallar.

Hafi lát fyrri maka borið að með þeim hætti sem segir í lögum um horfna menn, nr. 44/1981, skal leggja fram því til sönnunar staðfest endurrit dómsins. Ef um héraðsdóm er að ræða og þriggja mánaða áfrýjunarfrestur er ekki liðinn skal leggja fram skriflega yfirlýsingu frá gagnaðila og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu þess efnis að fallið sé frá áfrýjun dómsins.

Ef ekki er unnt að færa sönnur á lát fyrri maka með þeim hætti sem tilskilinn er skv. 7. og 8. mgr., skal málið fengið dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til úrlausnar.

Ákvæði greinar þessarar gilda einnig um sönnun á lokum staðfestrar samvistar.

7. gr.

Hjónaefni, sem hefur áður verið í hjúskap er lokið hefur með lögskilnaði eða ógildingardómi, skal leggja fram eftirfarandi gögn, eftir því sem við á, til sönnunar því að fjárslitum eftir þann hjúskap sé lokið:

1. Gögn sem sanna að fjárslitum eftir fyrri hjúskap hafi verið lokið með fjárskiptasamningi, staðfestum fyrir sýslumanni eða dómara, eða yfirlýsingu um eignaleysi, eða
2. endurrit dóms Hæstaréttar eða úrskurðar héraðsdómara um að opinber skipti til fjárslita milli hjónaefnis og fyrri maka séu hafin og tveggja vikna kærufrestur sé liðinn eða með fylgi skrifleg yfirlýsing gagnaðila um að hann falli frá kæru, eða

3. endurrit dóms til lögskilnaðar, skilnaðar að borði og sæng eða ógildingar hjúskapar eða leyfisbréf til lögskilnaðar eða skilnaðar að borði og sæng, þar sem tekið hefur verið upp ákvæði þess efnis að fjárskiptum sé lokið. Ef um héraðsdóm er að ræða skal þriggja mánaða áfrýjunarfrestur vera liðinn, eða með fylgi skrifleg yfirlýsing gagnaðila um að hann falli frá áfrýjun, eða
4. skráðan kaupmála þess efnis að fullkomin séreignaskipan hafi verið í fyrri hjúskap, eða
5. undanþágu frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skv. 12. gr. hjúskaparlaga.

Hafi fyrra hjónabandi lokið með andláti annars hjóna, skal hjónaefni leggja fram eftirfarandi gögn eftir því sem við á:

1. Vottorð úr dánarskrá sýslumanns um að skiptum á dánarbúi hins látna maka sé lokið, eða
2. endurrit úrskurðar héraðsdómara um að opinber skipti til skipta á dánarbúi hins látna maka séu hafin, eða
3. þinglýstan kaupmála þess efnis að fullkomin séreignaskipan hafi verið í fyrri hjúskap, eða
4. undanþágu frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skv. 12. gr. hjúskaparlaga.

Ákvæði greinar þessarar gilda einnig um sönnun varðandi fjárslit við lok staðfestrar samvistar.

8. gr.

Sá sem kannar hjónavígsluskilyrði getur krafist þess að hjónaefni leggi fram löggilta þýðingu á vottorðum og skilríkjum sem eru á erlendum tungumálum.

9. gr.

Nú vilja hjónaefni sem hafa fengið lögskilnað aftur ganga saman í hjúskap og gilda þá venjulegar reglur um könnun hjónavígsluskilyrða.

10. gr.

Sé öllum hjónavígsluskilyrðum fullnægt gefur sá sem annast könnun þeirra út sérstakt vottorð því til staðfestingar að vígsla megi fara fram. Vottorðið skal afhent þeim er annast vígsluna ef það er annar en sá sem kannaði hjónavígsluskilyrðin.

Könnunarvottorð má ekki vera eldra en fjögurra mánaða gamalt þegar hjónavígsla fer fram.

Nú synjar vígslumaður um útgáfu könnunarvottorðs og getur hvort hjónaefna um sig þá skotið úrlausn hans til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sbr. 14. gr. hjúskaparlaga.

II. KAFLI

Könnun hjónavígsluskilyrða ef hjónaefni hefur erlendan ríkisborgararétt eða er búsett erlendis.

11. gr.

Nú eru hjónaefni, annað eða bæði, með erlendan ríkisborgararétt eða búsett erlendis en vilja stofna til hjúskapar hér á landi og gilda þá ákvæði I. kafla, sbr. þó 2.-5. mgr.

Samþykki lögráðamanns skv. 5. gr. er ekki nauðsynlegt ef slíks samþykkis er ekki krafist í lögum þess ríkis þar sem hjónaefni á lögheimili. Skal hjónaefni gera fullnægjandi grein fyrir lögum heimalands síns um þetta atriði sé þess krafist.

Nú er hjónaefni erlendur ríkisborgari eða búsett erlendis og getur þá sá sem kannar hjónavígsluskilyrði krafist þess að það leggi fram gögn frá því landi sem það hefur ríkisborgararétt eða er búsett í til sönnunar því að hjónavígsluskilyrði séu uppfyllt.

Nú hefur átt sér stað könnun í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð á hjónavígsluskilyrðum fyrir hjónaefni sem ekki hefur ríkisborgararétt í neinu þessara ríkja og þarf þá ekki að fara fram könnun að nýju hér á landi fyrir hjónaefnið.

Um könnun á hjónavígsluskilyrðum fyrir hjónaefni með ríkisborgararétt í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð gilda ákvæði III. kafla.

III. KAFLI
Könnun hjónavígsluskilyrða ef hjónaefni hefur danskan, finnskan, norskan eða sænskan ríkisborgararétt.

12. gr.

Hafi hjónaefni, annað eða bæði, ríkisborgararétt í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, skal kanna rétt þess til að stofna til hjúskapar eftir íslenskum lögum ef annað hjónaefna á lögheimili hér á landi en ella eftir lögum þess ríkis þar sem hjónaefnið hefur ríkisfang. Ávallt skal þó beita lögum þess ríkis þar sem hjónaefnið hefur ríkisfang, ef það óskar þess.

13. gr.

Nú skal kanna rétt til að stofna til hjúskapar eftir lögum þess ríkis, þar sem hjónaefni hefur ríkisfang og getur þá sá sem kannar hjónavígsluskilyrði, krafist þess að rétturinn til að stofna til hjúskapar sé sannaður með vottorði viðkomandi stjórnvalds í því ríki. Ef slíkt vottorð er lagt fram þarf ekki að framkvæma frekari könnun á rétti hjónaefnis til að ganga í hjónaband

Vottorð um að hjónavígsluskilyrði séu uppfyllt gefa út:

1. Í Danmörku: Viðkomandi sveitarstjórnaryfirvald (í Kaupmannahöfn: Magestratens 1. afdeling).
2. Í Finnlandi: Skráningaryfirvald (borgaralegt eða kirkjulegt).
3. Í Noregi: Dómsmálaráðuneytið, borgaralegur vígslumaður, sendiráð eða ræðismannsskrifstofa.
4. Í Svíþjóð: Skattyfirvald, sendiherra, ræðismaður eða deildarstjóri lagadeildar utanríkisráðuneytisins.

Vottorðið má ekki vera meira en fjögurra mánaða gamalt, nema annað sé ákveðið í vottorðinu sjálfu.

IV. KAFLI
Könnun skilyrða fyrir staðfestri samvist.

14. gr.

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra kanna skilyrði fyrir staðfestri samvist samkvæmt lögum um staðfesta samvist.

Sá sem kannar skilyrði staðfestrar samvistar skal láta væntanlegum samvistarmaka í té sérstakt eyðublað, skýrslu um staðfesta samvist sem er jafnframt könnunarvottorð og svaramannavottorð.

15. gr.

Hafi væntanlegur samvistarmaki áður verið í staðfestri samvist eða hjúskap gilda reglur 6. gr. um sönnun þess að fyrri staðfestri samvist eða hjúskap sé slitið og reglur 7. gr. um sönnun þess að fjárslitum sé lokið.

16. gr.

Ákvæði I. kafla reglugerðar þessarar gilda að öðru leyti um framkvæmd könnunar á skilyrðum fyrir staðfestri samvist, að frátöldum þó 2. málsl. 2. mgr. 1. gr.

17. gr.

Ákvæði II. og III. kafla reglugerðar þessarar gilda ekki um staðfesta samvist, að frátalinni 3. mgr. 11. gr.

V. KAFLI
Gildistaka.

18. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 13. gr. hjúskaparlaga, nr. 31 14. apríl 1993, og 3. mgr. 3. gr. laga um staðfesta samvist, nr. 87 12. júní 1996, öðlast gildi 27. júní 1996. Frá sama tíma fellur út gildi reglugerð um könnun hjónavígsluskilyrða, nr. 155 8. júní 1973.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 327 21. júní 1996

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðauka III B, við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur er nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum, hefur gert.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./stk
0602.2000	Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt sem ber æta áv.	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0602.4000	Rósir, einnig ágræddar	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0602.9030	Matjurta- og jarðarberjaplöntur	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
	Annað: Útiplöntur: - Tré, runnar og búskar				
0602.9041	Skógartré	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
	Annað:				
0602.9045	Græðlingar með rót og ungplöntur	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0602.9049	Annars	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
	Aðrar útiplöntur:				
0602.9051	Fjölærar jurtkenndar plöntur	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
	Inniplöntur:				
0602.9070	Græðlingar með rót og ungpl. ekki kaktusar og þykkbl.	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0

Endurprentað blað.

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./stk
	Annað:				
0602.9091	Kaktusar og þykkblöðungar	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0602.9092	Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.07.-30.09.	2.200	30	0
0602.9099	Annars (Pottapl. yfir 1 metri á hæð)	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
Úr tollnúmeri:					
0602.9093	Plönturnar Erica Gracilis og Calluna	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
Tollnúmer:					
0603.1002	Nellikur, lokaskegg, flamingóblóm o.fl.	01.07.-30.09.	ótilgr.	15	48
0603.1003	Ættkvíslirnar Prote, Bankasía o.fl.	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0603.1009	Annars (Afskorin blóm)	01.07.-30.09.	1.300	30	0
0603.9000	Annað (Þurrkuð blóm)	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0604.9109	Annað	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0604.9900	Annars	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Verði umsóknir um tollkvóta, í þeim tollnúmerum þar sem magn er tilgreint, meiri en það magn sem auglýst er, skal leita tilboða í tollkvóta.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar um innflutning og útflutning á plöntum og plöntuafurðum nr. 189/1990.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál útaf brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi sem er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. júní 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0703.9001	Blaðlaukur	01.07.-03.08.	ótilgr.	30	0
0703.9001	Blaðlaukur	04.08.-18.08.	ótilgr.	7,5	57
0703.9001	Blaðlaukur	19.08.-31.08.	ótilgr.	15	114
0704.1000	Blómkál	01.07.-07.07.	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	08.07.-14.07.	ótilgr.	15	88
0704.1000	Blómkál	15.07.-21.07.	ótilgr.	22,5	132
0704.2000	Rósakál	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0704.9002	Rauðkál	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	01.07.-07.07.	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	08.07.-14.07.	ótilgr.	15	141
0704.9004	Spergilkál	15.07.-21.07.	ótilgr.	22,5	212
0704.9005	Fóðurmergskál	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	01.07.-31.08.	ótilgr.	30	0
0705.1112	Jöklasalat	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0705.1199	Annað (salat)	01.07.-30.09.	ótilgr.	15	97
0705.1900	Annað	01.07.-30.09.	ótilgr.	15	97
0705.2100	Kaffifífilsblöð	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	01.07.-30.09.	ótilgr.	15	97
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-07.07.	ótilgr.	30	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	08.07.-14.07.	ótilgr.	15	68
0706.1000	Gulrætur og næpur	15.07.-21.07.	ótilgr.	22,5	102
0706.9000	Annað	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	01.07.-30.09.	ótilgr.	15	58
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-03.08.	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	04.08.-18.08.	ótilgr.	7,5	69
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	19.08.-31.08.	ótilgr.	15	138
0709.5100	Sveppir	01.07.-30.09.	ótilgr.	7,5	100
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	01.07.-30.09.	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi sem er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 21. júní 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 1996

Nr. 329 726 10. júní 1996

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Hríseyjarhrepps.

I. KAFLI

Skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Hríseyjarhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Hríseyjarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppurinn taki að sér verkefni, sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Hríseyjarhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar, nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og helstu starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi hreppsins.

Gutenberg

II. KAFLI
Fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins, og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, hreppsfyrirtækja og -stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd sbr. 25. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins, og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar. Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöld séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, s.s. ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu í hreppsnefnd, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs og hreppsfyrirtækja og -stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningnum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi annan þriðjudag í hverjum mánuði. Beri þann dag upp á helgan dag færist fundurinn aftur um viku.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.30.

Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati sveitarstjóra og oddvita hreppsins og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag. Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfunda í samráði við oddvita.

Á dagskrá hreppsnefndarfunda skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsnefndar, svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra fastra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir, sem í þeim felast, sbr. 56. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál, sem falla undir verksvið hreppsnefndar og hreppsnefndarmanna eða sveitarstjóri óskar að taka á dagskrá. Hreppsnefndarmaður, sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, skal tilkynna það sveitarstjóra eða oddvita skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

16. gr.

Fjórum sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund skulu hreppsnefndarmenn boðaðir af sveitarstjóra til fundarins. Fundinn skal boða bréflega.

Með fundarboði skal fylgja: Dagskrá fundar, afrit fundargerða, tillögur og önnur þau gögn sem nauðsynleg teljast vegna boðaðrar dagskrár.

Fundargerðir hreppsnefndarfunda skulu sendar öllum hreppsnefndarmönnum og varamönnum þeirra og skulu seldar öðrum þeim er þess óska.

17. gr.

Sveitarstjóri skal boðsenda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum, uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn oddviti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu.

Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti, um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn, skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar, og skal sömu aðferð beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi, gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum, skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils oddvita.

19. gr.

Hreppsnefnd getur kosið fundarritara og vararitara úr hópi hreppsnefndarmanna út kjörtímabilið. Ritarar skulu kosnir hlutfallskosningu ef þörf krefur.

Ritarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í hreppsnefnd.

20. gr.

Þegar ársreikningar hreppssjóðs, hreppsfyrirtækja og -stofnana hafa fengið fullnaðarafgreiðslu í hreppsnefnd, þá skal boða til almenns sveitarfundar til að upplýsa íbúa sveitarfélagsins um fjárhagsstöðu hreppssjóðs, hreppsfyrirtækja og -stofnana.

21. gr.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim, eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum s.s. viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins, að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið, að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

22. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur, ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

23. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um, að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

24. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í hreppsnefnd í þeirri röð, sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

25. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins, hreppsfyrirtækja og -stofnana.
2. Ársreikninga hreppsins, hreppsfyrirtækja og -stofnana.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir hreppinn, sem gilda eiga til lengri tíma, s.s. þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund skv. 2. mgr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga eða 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

27. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður, sem hlut á að máli, má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni, sem veit hæfi sitt orka tvímælis, ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður, sem vanhæfur er við úrlausn máls, skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður, sem taka vill til máls, skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð, sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu, ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða hreppsnefndarmann, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður oddviti, í hvaða röð þeir skuli tala.

29. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar, skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

30. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum, skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd, að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi, skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi, ef nauðsyn krefur.

31. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram, getur hann lagt fram dagskrártillögu um, að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur og borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo, að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

32. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál, sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar.

Frávísunartillögu skal afgreiða án umræðna.

Komi margar tillögur fram um sama mál, skal fyrst afgreiða frávísunartillögu, þar næst frestunartillögu. Hafi máli ekki verið frestað eða vísað frá skal fyrst afgreiða breytingartillögur og fyrst þá sem lengst gengur. Síðan viðaukatillögur og að síðustu tillöguna með áorðnum breytingum og viðaukum.

Heimilt er flutningsmanni að gera breytingartillögur og viðaukatillögur, sem fram koma við hans tillögu, að sínum og koma þær þá ekki til afgreiðslu sérstaklega.

33. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar, eða sveitarstjóra. Máli, sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða, verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál, sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

34. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundum fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál, að rétta upp hönd. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið, að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu. Komi fram athugasemd við það skal hann leita atkvæða um málið.

Oddviti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber honum að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. tveir hreppsnefndarmenn óska þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti, hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir.

35. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

Kosningar, sem fram fara í hreppsnefnd, skulu vera bundnar hlutfallskosningar komi fram ósk um það.

Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

36. gr.

Fundargerðir hreppsnefndar skulu færðar í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál, sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða, skal greina í fundargerð, hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar, um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda töluliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 21. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls, sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því, að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið, að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið, skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna.

37. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál samkvæmt 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið fyrir á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það sveitarstjóra eða oddvita skriflega eða símleiðis a.m.k. fimm sólarhringum fyrir fund.

38. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 26. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf, sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, s.s. oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

39. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 26. gr. samþykktar þessarar.

40. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál, sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða s.s. fjárhagsáætlun eða ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

41. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins. Í afstöðu sinni til mála og störfum sínum fyrir hreppinn er hann einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

43. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það, sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

44. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls, þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn, sbr. 27. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í hreppsnefnd.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar. Hreppsnefnd setur reglur um greiðslur.

46. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig, að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til skv. 26. gr. samþykktar þessarar.

48. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn, sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI

Nefndir, ráð og stjórnir.

49. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess. Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

50. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefndir, ráð og stjórnir saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, hafi hreppsnefnd ekki kosið hann eða hann verið tilnefndur samkvæmt ákvæðum laga, varaformann og ritara nefndar.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Þeim, sem sæti á í nefnd, ráði eða stjórn, er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður forfallast um stundarsakir, skal kjörinn varamaður hans taka sæti hans. Þegar aðalmaður flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá, sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann, einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Fundir nefnda, ráða og stjórna skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Kveða má á fundi einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur má boða aðila til að koma á fund nefnda, ráða og stjórna til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar, ráðs eða stjórnar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd, ráði eða stjórn fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Í fundargerð skal skrá, hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir

sitja hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál, sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir undirrita hana.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld, skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

57. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í febrúar ár hvert:
   1. *Fulltrúa í fulltrúaráð Sparisjóðs Svarfdæla.* Tvo fulltrúa til eins árs samkvæmt samþykktum um Sparisjóð Svarfdæla frá 15. apríl 1993. (Sjá lög um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 43/1993.)

B. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:
   1. *Oddvita hreppsnefndar og varaoddvita.*
   2. *Skoðunarmenn hreppsreikninga.* Tvo aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
   3. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tvo aðalmenn (hreppstjóri, sjálfkjörinn formaður) og þrjá til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis. (Sjá ennfr. br. á lögum nr. 10/1991 og 9/1995.)

C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum hreppsnefndarkosningum:
   1. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin starfar skv. lögum nr. 40/1991 og fer með málefni áfengisvarnarnefndar skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969. (Sjá ennfr. lög um málefni aldraða nr. 82/1989 með br. nr. 12/1991 og lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992.)
   2. *Barnaverndarnefnd.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992.
   3. *Umhverfisnefnd.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin fjallar um og gerir tillögur til hreppsnefndar um fegrun staðarins og málefni ferðaþjónustu.
   4. *Hafnarstjórn.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994. (Sjá ennfr. hafnarreglugerð nr. 9/1973 með br. nr. 177/1975.)
   5. *Menningarmálanefnd.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin sér um rekstur bókasafns skv. lögum nr. 50/1976 og vinnur að öðrum menningarmálum á vegum sveitarfélagsins.
   6. *Atvinnumálanefnd.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin vinnur að og kemur með ábendingar til hreppsnefndar um atvinnumál.
   7. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með br. nr. 19/1994.
   8. *Skólanefnd grunnskóla, tónlistarskóla og leikskóla.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, laga nr. 78/1994 um leikskóla og laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
   9. *Æskulýðsnefnd.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Nefndin hefur eftirlit og umsjón með æskulýðs- og íþróttastarfi á vegum hreppsins sbr. íþróttalög nr. 49/1956 og lög um æskulýðsmál nr. 24/1970.
   10. *Samninganefnd.* Þrjá aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin semur við starfsmenn hreppsins um kaup og kjör.

11. *Fulltrúa í stjórn Heilsugæslustöðvar Dalvíkurlæknishéraðs.* Einn aðalmann í stjórn og annan til vara á móti Árskógshreppi og Svarfaðardalshreppi sbr. lög um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
12. *Fulltrúa í byggingarnefnd Eyjafjarðar vestursvæðis.* Einn aðalmann og annan til vara sbr. samning um rekstur á byggingarfulltrúaembætti fyrir Eyjafjarðarsvæðið frá 16. mars 1994, byggingarlög nr. 54/1978 og byggingarreglugerð frá júlí 1992.
13. *Fulltrúa í heilbrigðisnefndina á Dalvík.* Einn aðalmann og annan til vara á móti Árskógshreppi og Svarfaðardalshreppi sbr. gr. 6.7 í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988.
14. *Fulltrúa í héraðsnefnd Eyjafjarðar.* Einn aðalmann og annan til vara, sbr. samþykktir um héraðsnefnd Eyjafjarðar.
15. *Eyþing.* Einn aðalmann og annan til vara, sbr. samþykktir um Eyþing - Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum.
16. *Fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Einn aðalmann og annan til vara.
17. *Fulltrúa á aðalfund Fiskeldis Eyjafjarðar hf.* Einn aðalmann og annan til vara.
18. *Fulltrúa á aðalfund Iðnþróunarfélags Eyjafjarðar hf.* Einn aðalmann og annan til vara.
19. *Fulltrúa á aðalfund Vélbátatryggingar Eyjafjarðar hf.* Einn aðalmann og annan til vara.
20. Hreppsnefnd fer með verkefni annarra þeirra nefnda sem ekki eru tilgreindar í samþykktinni samkvæmt heimild í 58. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

58. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils hreppsnefndar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

59. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

Hreppsnefnd skal ekki ráða hreppsnefndarmann í starf sveitarstjóra, nema hann óski við ráðningu lausnar frá störfum í hreppsnefnd.

60. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá í samráði við oddvita og boðar til funda sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda, ráða og stjórna hreppsins með sömu réttindum.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver gegna skuli störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

61. gr.

Hreppsnefnd ræður helstu starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

62. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn, þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

63. gr.

Sveitarstjóri sér um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna hreppsins, sem eigi eru ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Hríseyjarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. júní 1996.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

31. maí 1996 Nr. 330

AUGLÝSING

um gildistöku ákvæða er leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið vegna flutninga á sjó.

1. gr.

Eftirtaldar EES-gerðir sem vísað er til í XVIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, skulu öðlast gildi sem hér segir, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XVIII. viðauka, bókun I við samninginn og öðrum ákvæðum hans:

1. Tilskipun ráðsins 92/29/EB frá 31. mars 1992 um lágmarkskröfur um öryggi og hollustu til að bæta læknismeðferð um borð í skipum.
2. Tilskipun ráðsins 93/103/EB frá 23. nóvember 1993 um lágmarkskröfur er varða öryggi, hollustuhætti og heilsu við vinnu um borð í fiskiskipum (þrettánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EB).

2. gr.

Ofantaldar ESB-gerðir sem vísað er til í 1. gr. eru birtar í sérriti EES viðbætis við Stjórnartíðindi EB, bók nr. 5, gerð samkvæmt 1. tölul. 1. gr. á bls. 306-323 og gerð samkvæmt 2. tölul. 1. gr. á bls. 413-429.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um eftirlit með skipum nr. 35/1993 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 31. maí 1996.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

Nr. 331 10. júní 1996

SAMÞYKKT

um þjónustu Akureyrarkaupstaðar við fatlaða á Eyjafjarðarsvæðinu.

1. gr.

Í samræmi við samning Akureyrarkaupstaðar og félagsmálaráðuneytisins, dags 27. febrúar 1996, fer bæjarráð Akureyrarkaupstaðar með stjórn málefna fatlaðra á Eyjafjarðarsvæðinu sem í samþykkt þessari telst taka til eftirtalinna sveitarfélaga: Akureyrarkaupstaðar, Dalvíkurkaupstaðar, Ólafsfjarðarkaupstaðar, Grímseyjarhrepps, Svarfaðardalshrepps, Hríseyjarhrepps, Árskógshrepps, Arnarneshrepps, Skriðuhrepps, Öxnadalshrepps, Glæsibæjarhrepps, Eyjafjarðarsveitar, Svalbarðsstrandarhrepps, Grýtubakkahrepps og Hálshrepps.

2. gr.

Félags- og fræðslusvið, undir stjórn bæjarráðs, sér um að veita íbúum á Eyjafjarðarsvæðinu þá þjónustu sem svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum og reglugerðum um málefni fatlaðra.

3. gr.

Svæðisráð í málefnum fatlaðra á Norðurlandi eystra hefur sama hlutverk gagnvart Akureyrarkaupstað og gagnvart svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra.

4. gr.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins hefur sama hlutverk gagnvart Akureyrarkaupstað og gagnvart svæðisskrifstofu fyrir málefni fatlaðra.

5. gr.

Með hliðsjón af samningi Akureyrarkaupstaðar og félagsmálaráðuneytisins, sbr. 1. gr. þessarar samþykktar, er Akureyrarkaupstaður undanþeginn skyldu til þess að gera svæðisáætlanir um þjónustu við fatlaða og árlegar fjárlagatillögur.

Samþykkt þessi sem gerð er af bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar skv. 1. mgr. 7. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, staðfestist hér með samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr., sbr. og 11. gr. laga um reynslusveitarfélög til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. júní 1996.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.

AUGLÝSING

um virðingar til brunatryggingar á húseignum og um gerðardóm verði ágreiningur um brunabótamat eða bótafjárhæð samkvæmt lögum nr. 48/1994 um brunatryggingar.

1. gr.

Markmið virðingar er að finna hið sanna vátryggingarverðmæti (brunabótamat) húseignar á þeim tíma er virðing fer fram. Virðing skal gerð samkvæmt matseiningakerfi Fasteignamats ríkisins.

2. gr.

Fyrir fyrstu virðingu eftir að húseign hefur verið tekin í notkun skal ekkert matsgjald greitt ef Fasteignamat ríkisins annast hana enda nýtist skoðunin einnig til fasteignamats. Fyrir endurmat sem Fasteignamat ríkisins framkvæmir og allar virðingar annarra skal greiða sem hér segir:

a. Sé brunabótamat kr. 2.000.000 eða lægra ..... kr. 2.000
b. Sé brunabótamat kr. 2.000.001 - kr. 4.000.000 ..... kr. 2.800
c. Sé brunabótamat kr. 4.000.001 - kr. 7.000.000 ..... kr. 3.500
d. Sé brunabótamat kr. 7.000.001 - kr. 10.000.000 ..... kr. 4.000
e. Sé brunabótamat kr. 10.000.001 - kr. 14.000.000 ..... kr. 4.200
f. Sé brunabótamat kr. 14.000.001 eða hærra skal greiða 0,03% af brunabótamati viðkomandi húseignar. Fari brunabótamat yfir kr. 500.000.000 greiðist þó aðeins 0,01% af þeirri upphæð sem umfram þá fjárhæð er.

Ef einhver virðing er sérstaklega erfið er ráðuneytinu heimilt að ákveða hærra gjald fyrir hana samkvæmt umsókn þar að lútandi.

3. gr.

Rísi ágreiningur um brunabótamat eða bótafjárhæð má skjóta honum til gerðardóms. Fyrir kostnað vegna gerðardóms skal greiða sem hér segir:

a. Sé brunabótamat eða bótafjárhæð kr. 10.000.000 eða lægra ..... kr. 20.000
b. Sé brunabótamat eða bótafjárhæð kr. 10.000.001 - kr. 20.000.000 .. kr. 40.000
c. Sé brunabótamat eða bótafjárhæð kr. 20.000.001 eða hærra ..... kr. 60.000

Í undantekningartilfellum er ráðuneytinu heimilt að ákveða hærra gjald fyrir kostnað vegna gerðardóms samkvæmt umsókn gerðardóms þar að lútandi.

4. gr.

Auglýsing þessi er sett með tilvísun til 3. og 5. gr. laga nr. 48/1994 um brunatryggingar, með síðari breytingum, og 6. og 11. gr. reglugerðar nr. 484/1994 um lögboðna brunatryggingu húseigna. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing nr. 128/1981, með síðari breytingum. Öðlast auglýsing þessi þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 10. júní 1996.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Kjartan Gunnarsson.

SAMÞYKKTIR

fyrir Innheimtumiðstöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga.

1. Nafn og aðsetur.

1.1. Samtökin heita Innheimtumiðstöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga, skammstafað IHM. Heimili miðstöðvarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

2. Tilgangur og viðfangsefni.

2.1. Innheimtumiðstöðin er hagsmunasamtök höfunda, listflytjenda og framleiðenda til réttargæslu í samræmi við 11. gr. 3. og 4. mgr. höfundalaga. Innheimtumiðstöðin hefur það ekki að markmiði að safna eigum í eigin þágu.

2.2. Innheimtumiðstöðin hefur eftirfarandi viðfangsefni í samræmi við tilgang sinn:

1. Að safna upplýsingum, annast innheimtu gjalda skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaganna og skipta þeim milli aðildarfélaganna.
2. Að annast samskipti við hliðstæð samtök erlendra rétthafa.
3. Að samhæfa kröfur aðildarfélaganna og annast samningaviðræður og gera samninga á þessu sviði.

3. Aðild.

3.1. Aðilar að samtökum þessum eru: STEF, Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar, SFH, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, Rithöfundasamband Íslands, Blaðamannafélag Íslands, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félag kvikmyndagerðarmanna, Samtök kvikmyndaleikstjóra, Félag leikstjóra á Íslandi, Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna og Myndstef. Önnur félög en þau, sem að framan eru greind, geta sótt um aukaaðild að samtökunum enda teljist þau hafa verulegra hagsmuna að gæta á þessu sviði.

4. Skipulag.

4.1. Stjórn samtakanna skipa sjö menn, tveir tilnefndir af STEFi, tveir af SFH, einn af Rithöfundasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda og einn af Samtökum kvikmyndaleikstjóra. Varamenn skulu vera jafnmargir aðalmönnum og tilnefndir á sama hátt. Stjórnin velur sér formann og varaformann. Tilnefning stjórnarmanna gildir í tvö ár.

4.2. Stjórnin stýrir starfsemi samtakanna. Fundi skal halda með hæfilegum fyrirvara þegar formaður ákveður eða einn stjórnarmanna óskar þess. Fundargerðir stjórnarfunda skulu sendar til stjórnarmanna einstakra aðildarsamtaka.

4.3. Hver stjórnarmaður hefur eitt atkvæði. Stjórnarfundur er lögmætur þegar formaður og þrír meðstjórnendur sækja fund sjálfir eða varamenn þeirra.

4.4. Fulltrúaráð samtakanna skipa fulltrúar sem tilnefndir skulu til tveggja ára af aðildarsamtökunum sem hér segir:

Tveir fulltrúar og tveir til vara, tilnefndir af STEFi.
Fjórir fulltrúar og tveir til vara, tilnefndir af SFH.
Tveir fulltrúar og einn til vara, tilnefndir af Rithöfundasambandi Íslands.
Einn fulltrúi og einn til vara, tilnefndir af öðrum aðildarsamtökum, hverjum fyrir sig.

Stjórnarmenn samtakanna eiga og sæti í fulltrúaráði samtakanna og hafa þar atkvæðisrétt, málfrelsi og tillögurétt.
Samtök, sem öðlast hafa aukaaðild að samtökunum, hafa og rétt til að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum fulltrúaráðsins án atkvæðisréttar.
Ef skipting á tekjum samkvæmt grein 5.2. breytist skal endurskoða fjölda fulltrúa frá einstökum aðildarsamtökum í stjórn og fulltrúaráði.

4.5. Aðalviðfangsefni fulltrúaráðsins eru þessi:
1. Að ákveða í aðalatriðum störf og stefnu Innheimtumiðstöðvarinnar.
2. Að hafa eftirlit með starfsemi hennar.
3. Að taka afstöðu til aðildar nýrra samtaka.
Ákvörðun skv. 4.5.1 og 4.5.3 verður því aðeins tekin í fulltrúaráðinu að 3/4 greiði því atkvæði sitt.

4.6. Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda í aprílmánuði ár hvert. Skal til hans boðað með ábyrgðarbréfum með tveggja vikna fyrirvara. Aðra fundi í fulltrúaráðinu skal boða á sama hátt.
Á aðalfundi skal taka fyrir þessi mál:
1. Skýrslu stjórnar.
2. Afgreiðslu endurskoðaðra reikninga.
3. Kosningu formanns fulltrúaráðsins.
4. Skýrt frá tilnefningu stjórnar og varamanna sbr. 4.1.
5. Kosningu tveggja endurskoðenda.
6. Önnur mál.
Fulltrúaráðið kemur annars saman þegar stjórnin, endurskoðendur eða a.m.k. eitt aðildarsamband óskar þess. Geta skal dagskrár í fundarboði. Tillögur til aðalfundar skulu berast eigi síðar en 1. apríl ár hvert.

4.7. Fundinum stjórnar formaður fulltrúaráðsins. Ekki verður ályktað um mál, sem ekki er getið í fundarboði. Ákvarðanir skulu teknar með meirihluta atkvæða, sé annað ekki sérstaklega ákveðið.

5. Meðferð fjármála.

5.1. Til að mæta óvæntum kröfum aðila, sem standa utan IHM, og kostnaði IHM, öðrum en rekstrarkostnaði, skal árlega leggja í varasjóð 5% af vergum tekjum samtakanna. Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn kr. 2.500.000 miðað við núverandi verðlag, falla greiðslur til hans niður. Sé gengið á höfuðstólinn skulu greiðslur til hans hefjast að nýju skv. sömu reglum.

5.2. Eftir að greitt hefur verið til varasjóðs skv. 5.1. og fé lagt til hliðar til greiðslu rekstrarkostnaðar skal skipta rekstrarafgangi samtakanna, að frádregnu 15% framlagi í Menningarsjóð, á milli aðildarsamtakanna, s.s. hér segir:
1. Tekjur af auðum hljóðböndum og hljóðbandatækjum skal skipta í þessum hlutföllum: STEF 39%, SFH 54% og Rithöfundasamband Íslands 7%.
2. Tekjum af myndböndum og myndbandstækjum skal skipta á milli aðildarsamtaka í þessum hlutföllum: STEF 16%, SFH 27% (FÍH 12%, FÍL 6% og SHF 9%), Rithöfundasamband Íslands 16%, Blaðamannafélag Íslands 4%, Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda 9%, Félag kvikmyndagerðarmanna 4%, Samtök kvikmyndaleikstjóra 9%, Félag leikstjóra á Íslandi 4%, Hagþenkir 6% og Myndstef 5%.

Endurskoða skal framangreinda skiptingu á milli aðildarsamtakanna ef eitthvert þeirra krefst þess. Skal krafa þess efnis vera gerð með eins árs fyrirvara, miðað við áramót. Náist ekki samkomulag um breytingu á skiptingunni skal gerðardómur skv. 6.1. og 6.2. skera úr ágreiningnum.

Aðildarsamtök skulu úthluta einstaklingsbundið til rétthafa þar sem því verður við komið, m.a. í formi styrkja. Að öðru leyti skulu hver samtök ráðstafa sínum hluta samkvæmt reglum sem í gildi eru í hverjum þeirra fyrir sig.

5.3. Stjórn IHM fer jafnframt með stjórn menningarsjóðs ásamt formanni, skipuðum af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum höfundaréttarnefndar. Sjóðstjórnin tekur ákvarðanir um úthlutanir úr sjóðnum.

6. Gerðardómur.

6.1. Fulltrúaráð IHM skal, ef tilefni gefst, koma á fót gerðardómi sem skipaður skal þremur dómurum, sem sérfróðir eru á sviði höfundaréttar.

6.2. Gerðardómurinn er eini dómstóllinn með lögsögu í ágreiningsmálum milli aðildarfélaganna um skilning á samþykktum IHM og meðferð á fé og skiptingu fjár. Ágreiningur milli aðildarfélaganna verður því aðeins lagður í gerð, að um hann hafi áður verið fjallað í stjórninni. Stefnu til gerðardóms verður að senda í síðasta lagi tveimur mánuðum eftir að stjórnin hefur ályktað um málið og kynnt ályktunina fyrir aðilum. Að greindu tímamarki liðnu skal vísa máli frá. Að öðru leyti gilda reglurnar í lögum um meðferð einkamála í héraði.

7. Breytingar á samþykktum. Félagsslit.

7.1. Til breytinga á samþykktum þarf meirihluta, 3/4 hluta atkvæða á fundi, þar sem að minnsta kosti 4/5 hlutar aðildarfélaganna eru mættir.

7.2. Fulltrúaráð skal slíta IHM ef þess er krafist af 3/4 hlutum aðildarfélaganna. Við félagsslit ákveður menntamálaráðuneytið hvernig ráðstafa skal eignum IHM til hagsbóta fyrir rétthafa.

Í samræmi við 4. mgr. 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972 sbr. lög nr. 78/1984 staðfestast ofangreindar samþykktir hér með. Samþykktir þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi samþykktir nr. 333/1993 fyri Innheimtumiðstöð gjalda skv. 11. gr. höfundalaga.

Menntamálaráðuneytinu, 7. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

Nr. 334 10. júní 1996

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 477/1995, um áfengisgjald, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 5. gr. reglugerðarinnar:

1. mgr. fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 96/1995, um áfengisgjald öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 10. júní 1996.

Friðrik Sophusson.

Áslaug Guðjónsdóttir.

12. júní 1996 Nr. 335

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 150/1996, um skráningu virðisaukaskattsskyldra aðila.

1. gr.

Í stað dagsetningarinnar 1. júlí 1996 í 15. gr. reglugerðarinnar komi: 1. október 1996.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 12. júní 1996.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

10. júní 1996 Nr. 336

AUGLÝSING

um samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

1. gr.

Samþykktir fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, dags. 24. maí 1996, birtast sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Frá sama tíma hafa eldri samþykktir, dags. 5. september 1994, verið felldar úr gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 10. júní 1996.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Kjartan Gunnarsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKTIR
fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Aðilar að nefndinni.

1. gr.

Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum starfar samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins, Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga.

Skipan nefndarinnar.

2. gr.

Í nefndinni sitja þrír fulltrúar og þrír til vara, sem allir skulu vera löglærðir og valdir til tveggja ára í senn. Viðskiptaráðuneytið, Neytendasamtökin og Samband íslenskra tryggingafélaga velja hver sinn aðal- og varafulltrúa til setu í nefndinni. Nefndin velur sér formann og varaformann.

Starfssvið og störf nefndarinnar.

3. gr.

Nefndin fjallar um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli neytenda og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi.

Nefndin úrskurðar ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu samþykki aðila.

Nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

4. gr.

Nefndin fjallar ekki um:

a. ágreining, sem samkvæmt lögum heyrir undir stjórnvöld,
b. kröfu neytenda, sem ekki verður metin til fjár,
c. breytingar á iðgjöldum vátryggingafélaga,
d. ágreiningsmál sem er til meðferðar almennra dómstóla eða gerðardóms,
e. mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar. Slík frávísun skal rökstudd. Máli sem vísað er frá á þessari forsendu skal taka til meðferðar að nýju samkvæmt málskoti hafi nauðsynlegra upplýsinga verið aflað og kröfugerð skýrð.

5. gr.

Formaður boðar fundi eftir þörfum. Fundir nefndarinnar eru því aðeins lögmætir að nefndin sé fullskipuð.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera rökstuddir. Aðilum máls skal senda úrskurð innan viku frá því að hann var kveðinn upp. Nefndin skal úrskurða innan 4 vikna frá því að mál taldist úrskurðarhæft.

Nefndin skal velja þá úrskurði sína, sem henni þykja stefnumarkandi eða athyglisverðir, til útgáfu í samantekt, án nafngreiningar aðila, fyrir lok aprílmánaðar vegna næstliðins árs. Hægt er að óska eftir eintaki annarra úrskurða en þeirra sem birtir hafa verið.

Meirihluti nefndarinnar ræður niðurstöðu úrskurðar. Úrskurðir skulu einir færðir til bókar ásamt rökstuðningi.

Úrskurðir nefndarinnar eru ekki bindandi fyrir neytendur, sem geta ávallt vísað málum til dómstóla þó að þau hafi farið fyrir nefndina.

Úrskurður nefndarinnar er bindandi fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag nema félagið tilkynni neytandanum og nefndinni sannanlega innan tveggja vikna frá því að það fékk úrskurð í hendur, að það muni ekki hlíta honum.

Mál fellur niður leggi neytandi mál í gerðardóm eða höfðar dómsmál.

Vistun nefndarinnar.

6. gr.

Nefndin skal vistuð hjá Vátryggingaeftirlitinu, sem sér nefndinni fyrir fundaraðstöðu, tekur við kvörtunum til nefndarinnar, annast tilkynningar og sér um vörslu gagna. Kvörtunum er ekki veitt viðtaka nema málskotsgjald sé greitt. Neytanda skal ætíð kynnt að hann sé óbundinn af úrskurði nefndarinnar og geti höfðað dómsmál uni hann ekki úrskurði hennar.

Starfsmanni Vátryggingaeftirlitsins er heimilt að sitja nefndarfundi með málfrelsi og tillögurétt.

Málskot og málskotsgjald.

7. gr.

Neytendur geta skotið ágreiningi til nefndarinnar. Neytandi í skilningi samþykkta þessara er hver sá sem er vátryggingataki og/eða telur sig eiga rétt til vátryggingabóta. Vátryggingafélög skulu kynna neytendum með tryggilegum hætti möguleika þeirra á að skjóta málum til nefndarinnar.

Áður en neytandi getur leitað til nefndarinnar skal hann hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag og tjónanefnd vátryggingarfélaganna sé mál þess eðlis, að tjónanefndin fjalli um þau. Meðferð tjónanefndar skal vera neytanda að kostnaðarlausu. Hafi tjónanefnd ekki úrskurðað í máli innan mánaðar frá því að ósk um meðferð hennar kom fram getur neytandi skotið málinu til úrskurðarnefndarinnar. Þegar úrskurður tjónanefndar liggur fyrir skal neytanda jafnan tilkynnt að hann geti skotið málinu til úrskurðarnefndarinnar.

Neytandi skal greiða sérstakt málskotsgjald, sem ákveðið skal af þeim aðilum er standa að nefndinni. Miðað er við að málskotsgjald nemi u.þ.b. þriðjungi beins kostnaðar til nefndarmanna við meðferð máls. Neytandinn fær málskotsgjald endurgreitt falli mál honum að hluta eða öllu leyti í vil.

Nefndin útbýr sérstakt eyðublað sem auðveldar málskot til nefndarinnar. Eyðublöðin skulu vera fáanleg hjá Neytendasamtökunum, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, vátryggingafélögum og Vátryggingaeftirlitinu.

Neytandi getur á hvaða stigi sem er dregið mál til baka, en fær þá ekki málskotsgjald endurgreitt nema málið sé afgreitt hjá vátryggingafélagi á grundvelli krafna hans.

Gagnasöfnun.

8. gr.

Vátryggingafélag, sem aðild á að málinu, skal láta nefndinni í té þau skjöl og gögn sem málið varðar. Þegar neytandi leggur mál fyrir nefndina skal hann gefa samþykki sitt fyrir því að nefndin fái öll gögn í hendur frá vátryggingafélagi sem varðar mál hans. Jafnframt skal neytandi heimila nefndinni að leita upplýsinga hjá þeim aðilum sem hafa komið að málinu á grundvelli fagþekkingar sinnar.

9. gr.

Nefndin úrskurðar á grundvelli gagna sem fyrir hana eru lögð eða hún aflar sér. Hlutaðeigandi vátryggingafélagi skal gefinn kostur á að koma gögnum og sjónarmiðum á framfæri við nefndina áður en mál er tekið til úrskurðar innan þess frests sem nefndin ákveður hverju sinni.

Sinni aðili máls ekki upplýsingaskyldu getur nefndin úrskurðað í máli telji hún það úrskurðarhæft eða vísað því frá eftir atvikum.

Sérstakt vanhæfi nefndarmanna.

10. gr.

Nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls og skal víkja sæti eigi vanhæfisreglur 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála við um hann. Nefndarmanni ber að tilkynna meðnefndarmönnum sínum telji hann sig vanhæfan. Jafnframt getur nefndarmaður krafist þess að annar nefndarmaður víki sæti vegna vanhæfis og úrskurðar þá meirihluti nefndarinnar um slíka kröfu víki nefndarmaður ekki sæti af sjálfsdáðum. Komi til þess að nefndin verði ekki fullskipuð vegna vanhæfis er aðilum þeim sem að henni standa heimilt að skipa sérstaka nefndarmenn til meðferðar viðkomandi máls í stað þeirra sem vanhæfir kunna að vera. Nefndarmaður getur ávallt sagt sig frá máli telji hann sig vanhæfan.

Endurupptaka máls.

11. gr.

Nefndin getur tekið ákvörðun um að mál sem úrskurðað hefur verið af henni skuli tekið fyrir að nýju á grundvelli nýrra upplýsinga, sem ekki var unnt að afla eða koma á framfæri þegar mál var tekið fyrir og geta haft áhrif á niðurstöðu þess.

Kostnaður.

12. gr.

Vátryggingaeftirlitið greiðir kostnað vegna umsýslu og vistunar nefndarinnar. Beinan kostnað til nefndarmanna að frádregnu málskotsgjaldi, þegar við á, greiða þau vátryggingafélög sem aðild eiga að málum.

Breytingar. Uppsögn. Gildistaka.

13. gr.

Samþykktum þessum skal ekki breytt nema með samþykki allra aðila sem að nefndinni standa. Samþykktir þessar eru uppsegjanlegar með 6 mánaða fyrirvara.

14. gr.

Aðilar staðfesta samþykktir þessar með undirritun sinni og öðlast þær nú þegar gildi.

Reykjavík, 24. maí 1996.

Finnur Ingólfsson,
viðskiptaráðherra.

F.h. Neytendasamtakanna,
Jóhannes Gunnarsson.

F.h. Sambands íslenskra tryggingafélaga,
Sigmar Ármannsson.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 7/1996 um breytingar á auglýsingu ríkisskattstjóra nr. 3/1996 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1996.

Frá og með 1. júní 1996 breytist skattmat á fjárhæðum ökutækjastyrkja og á dagpeningum sem launamaður fær greidda vegna ferða á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu og verða sem hér segir:

1. Ökutækjastyrkir.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 3.2. í auglýsingunni um mat á ökutækjastyrk innan viðmiðunarmarka, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu:

a) Almennt gjald:

Fyrir:	1 - 10.000 km	kr. 33,50	verði	kr. 35,15
	10.001 - 20.000 km	kr. 29,95	verði	kr. 31,45
	20.001 - >	kr. 26,45	verði	kr. 27,75

b) Sérstakt gjald og torfærugjald.

Þær fjárhæðir sem hækka má ofangreint mat um ef um greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds er að ræða breytast sem hér greinir:

Fjárhæðin:	kr. 5,10	verði	kr. 5,35	(sérst. gjald	1 - 10.000 km)
	kr. 15,55	verði	kr. 16,40	(torfærugjald	1 - 10.000 km)
	kr. 4,60	verði	kr. 4,80	(sérst. gjald	10.001 - 20.000 km)
	kr. 13,95	verði	kr. 14,70	(torfærugjald	10.001 - 20.000 km)
	kr. 4,00	verði	kr. 4,20	(sérst. gjald	20.001 - >)
	kr. 12,30	verði	kr. 12,95	(torfærugj.	20.001 - >)

2. Dagpeningar erlendis.

Kaflinn „Almennir dagpeningar" í tölulið 5.1. í auglýsingunni orðist svo:

		Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland og Sviss	SDR	95	86
New York	SDR	97	65
Asía	SDR	125	100
Annars staðar	SDR	78	86

Kaflinn: Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa í sama tölulið orðist svo:

		Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland og Sviss	SDR	61	55
New York	SDR	62	41
Asía	SDR	81	65
Annars staðar	SDR	51	55

3. Dagpeningar innanlands.

Eftirfarandi breytingar verði á fjárhæðum í kafla 5.2. í auglýsingunni:

Gisting og fæði í einn sólarhring: kr. 7.150, verði kr. 8.400
Gisting í eina nótt: kr. 3.650, verði kr. 4.900

Auglýsing þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, og 116. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt. Gildir hún við staðgreiðslu frá og með 1. júní 1996.

Reykjavík 12. júní 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

Nr. 338 14. júní 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningum um Evrópska efnahagssvæðið.

1. gr.

Á eftir 1. gr. bætist við ný grein, 1. gr. a, sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/94 frá 8. febrúar 1994 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 21(um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki), bókun 1 (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

- reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2410/92 frá 23. júlí 1992 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3975/87 sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 48. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, öðlast þegar gildi.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og EB-gerðin, sem fela í sér breytingu á bókun 21 við EES-samninginn og snerta framkvæmd 53.-54. gr. hans, eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 1, 30.3.1994, bls. 5 (ákvörðunin), og nr. 34, 15.9.1994, bls. 1 (EB-gerðin).

Viðskiptaráðuneytinu, 14. júní 1996.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Nr. 339 12. júní 1996

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð Tannlæknafélags Íslands.

1. gr.

Nafn og heimili.

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins.

Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

3. gr.

Sjóðfélagar.

Sjóðfélagar geta orðið starfandi tannlæknar og makar þeirra, sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Þeim starfandi tannlæknum, sem skylt er að vera í öðrum lífeyrissjóði, er þó heimilt að vera einnig í þessum sjóði, ef þeir hafa tekjur af tannlækningum, sem þeir greiða ekki iðgjöld af í hinn sjóðinn.

Þeir sem eiga eignir í sjóðnum teljast sjóðfélagar.

4. gr.

Iðgjöld til sjóðsins.

Lágmarksiðgjald sjóðfélaga fer eftir ákvæðum laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og reglugerð settri samkvæmt þeim lögum.

Sjóðfélaga, sem vinnur hlutastarf í tannlækningum eða greiðir í annan lífeyrissjóð (sbr. 3. gr.), er heimilt að greiða hálft iðgjald í sjóðinn. Heimilt er sjóðfélögum að greiða meira en lágmarksiðgjald. Skylt er sjóðfélögum að greiða iðgjöldin á réttum gjalddögum, hvort sem krafa hefur borist frá sjóðnum eða ekki.

Iðgjöldin greiðast ársfjórðungslega í febrúar, maí, ágúst og nóvember eigi síðar en 15. hvers þessara mánaða. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á sjóðnum að öðru leyti en með því að greiða iðgjald sitt á réttum tíma.

Sjóðfélagi, sem er í vanskilum um meira en eina iðgjaldagreiðslu á ekki rétt á lánum úr sjóðnum. Réttindi þessi koma í gildi á ný, þegar sjóðfélaginn hefur greitt að fullu vangoldin iðgjöld með lögboðnum dráttarvöxtum.

5. gr.

Stjórn sjóðsins og hlutverk hennar.

Aðalfund skal halda á tímabilinu janúar til mars ár hvert. Félagsfundur getur þó breytt aðalfundartíma, ef sérstaklega stendur á. Til aðalfundar skal boða með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Þeir eru kosnir á aðalfundi sjóðsins til þriggja ára. Stjórnina skipa formaður, ritari, gjaldkeri og 2 meðstjórnendur og skiptir hún sjálf með sér verkum. Kjósa skal endurskoðanda úr hópi sjóðfélaga til eins árs.

Formaður boðar til stjórnarfunda og skal halda fund ef einhver stjórnarmanna krefst þess.

Stjórn sjóðsins skal sjá um rekstur hans og reikningshald samkvæmt reglugerð þessari eða fela öðrum það. Hún skal halda gjörðabók og skrá í hana allar samþykktir. Til þess að samþykkt sé lögleg þarf meirihluti stjórnarmeðlima að greiða henni atkvæði. Til þess að skuldbinda sjóðinn þarf undirskrift þriggja stjórnarmanna.

Rétt til atkvæðagreiðslu og kjörgengis á fundum sjóðsins hafa allir virkir sjóðfélagar. Virkur sjóðfélagi telst sá sem skuldar færri en fjórar iðgjaldagreiðslur. Á aðalfundi sjóðsins getur virkur sjóðfélagi neytt atkvæðisréttar síns bréflega með atkvæðaseðli sem sendur er út með aðalfundarboði. Slík atkvæðagreiðsla tekur aðeins til stjórnarkjörs og reglugerðarbreytinga.

6. gr.

Ávöxtun á fé sjóðsins.

Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans eða felur öðrum það. Sjóðurinn skal ávaxtaður á eftirfarandi hátt:

1) Í ríkisskuldabréfum og skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs.
2) Í bönkum og sparisjóðum.
3) Í lánum tryggðum með veði í fasteignum, þó ekki yfir 50% af brunabótamati húsa og 75% af fasteignamati lóða. Ef brunabótamat er ekki fyrir hendi, eða það telst ófullnægjandi viðmiðun, skal miðað við matsverð, sem löggiltur fasteignasali eða annar sérfróður aðili framkvæmir.
4) Í skuldabréfum sveitarfélaga með trausta rekstrarlega afkomu og fjárhagslega stöðu.
5) Í traustum verðbréfum sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands eða á Opna tilboðsmarkaðinum.
6) Í traustum erlendum verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Þó má aldrei meira en 30% af eignum sjóðsins vera undir liðum 5 og 6.

Ekki er heimilt að fjárfesta samkvæmt liðum 5 og 6 án samþykkis stjórnar lífeyrissjóðsins.

7. gr.

Bókhald, ávöxtun, endurskoðun og tryggingar.

Fé það sem lagt er inn í nafni sjóðfélaga, skal vera séreign hans. Auk þess skal færa til eigna hjá hverjum sjóðfélaga þær tekjur af vöxtum og verðbótum sem sjóðnum áskotnast vegna eignar hans í sjóðnum.

Hreinar tekjur sjóðsins skiptast milli sjóðfélaga í hlutfalli við eign hvers um sig og færast árlega á sérreikning þeirra.

Af bókhaldi sjóðsins skal jafnan vera hægt að sjá hvað hver einstakur hefur lagt í sjóðinn og fengið borgað úr honum og hver inneign hans er.

Rekstrarkostnað sjóðsins skal greiða af vaxtatekjum hans.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu lagðir fram á aðalfundi hans undirritaðir af stjórninni og tveimur endurskoðendum. Annar endurskoðandinn skal vera löggiltur en hinn úr hópi sjóðfélaga. Löggilti endurskoðandinn skal ráðinn af stjórn.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fenginni skriflegri beiðni sjóðfélaga að draga af inngreiddum iðgjöldum hans upphæð sem svarar til iðgjalda vegna líf-, lífeyris-, eða heilsutryggingar hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Sjóðfélaga ber þó ávallt að greiða óskert lágmarksiðgjald til sjóðsins.

8. gr.

Greiðslur úr sjóðnum.

1) Þegar sjóðfélagi er 65 ára á hann rétt á að fá greidda inneign sína í sjóðnum og skal sú greiðsla fara fram með jöfnum greiðslum á eigi skemmri tíma en 5 árum. Heimilt er sjóðfélaga, sem náð hefur 65 ára aldri, að fresta að taka út inneign sína um eitt ár í senn, og er honum jafnframt heimilt en ekki skylt að greiða áfram iðgjöld í sjóðinn. Engu að síður skal greiðslum úr sjóðnum dreift á minnst 5 ár.
   Sama rétt má stjórn sjóðsins veita sjóðfélaga sem verður að hætta störfum fyrir 65 ára aldur vegna heilsubrests.

2) Þegar sjóðfélagi deyr, skal inneign hans ganga í dánarbú hans á fimm árum með jöfnum greiðslum og skiptast samkvæmt erfðafjárlögum.
3) Ef sjóðfélagi gerist vegna atvinnubreytingar sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði og fullnægir þar með lagaskyldu um iðgjaldagreiðslu, er sjóðstjórninni heimilt að flytja inneign hans í þann sjóð. Það er skilyrði fyrir flutningnum, að gagnkvæmur samningur sé gerður milli sjóðanna um réttindaflutning.
4) Öryrkjar sem njóta örorkulífeyris þegar reglugerð þessi gengur í gildi, njóta áfram lífeyris samkvæmt eldri reglum. Sama gildir um dánarbætur.

9. gr.

Bann við framsali og veðsetningu.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja inneign í sjóði þessum hvort heldur er í heild eða að hluta svo sem einstakar útborganir.

10. gr.

Gerðardómur.

Ef ágreiningur er milli sjóðstjórnar og sjóðfélaga út af reglugerð þessari eða ákvörðun sjóðstjórnar, má leggja ágreiningsatriðin fyrir þriggja manna gerðardóm. Hvor aðili nefnir til einn mann. Dómstjórinn í Reykjavík tilnefnir oddamann.

11. gr.

Breytingar á reglugerð.

Til breytinga á reglugerð þessari þarf 2/3 greiddra atkvæða sjóðfélaga á aðalfundi sjóðsins. Geta skal um breytingar í aðalfundarboði.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 12. júní 1996.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

19. júní 1996 Nr. 340

REGLUGERÐ

um framkvæmd námskeiða fyrir vélgæslumenn (VM).

1. gr.

Rétt til þess að sækja námskeið í vélgæslufræðum fyrir vélgæslumenn á skipum allt að 20 rúmlestum með aðalvél minni en 221 kw. hafa þeir sem náð hafa 18 ára aldri.

2. gr.

Vélskóli Íslands hefur yfirumsjón með framkvæmd námskeiðanna og sér um samningu námsefnis í samræmi við innihald þeirra. Um útgáfu námsefnisins skal skólinn hafa samráð við hagsmunaaðila.

3. gr.

Til þess að fylgjast með að ekki verði misræmi í kennslu og kennsluaðstöðu við framkvæmd námskeiðanna skal ráðuneytið skipa fjögurra manna nefnd sem sjái um nauðsynlega samræmingu. Landssamband smábátaeigenda, Vélstjórafélag Íslands og Vélskóli Íslands skulu tilnefna hver sinn fulltrúa í nefndina og ráðuneytið þann fjórða og skal hann vera formaður. Nefndina skal skipa til þriggja ára.

4. gr.

Lengd námskeiðanna skal vera 60 kennslustundir og fjalla skal um eftirfarandi atriði:

1. Vélin

- *vinnumáti.*
  uppbygging díselvéla, bæði fjórgengis- og tvígengisvéla
- *einstakir vélahlutar.*
  hreyfihlutar véla, stimplar, sveifarás, lokar, stimpilstangir, strokkfóðringar og strokklok.
- *afgaskerfi.*
  virkni skolloftsblásara, skolloftskæla og frágangur afgasgreina.
- *frágangur véla.*
  kynning á undirstöðum og afréttingu véla.
- *eldsneytiskerfi.*
  eldsneytisgeymar, vatnsskilja, síur, dælur eldsneytislokar og lagnir. Lofttæming: helstu atriði um bilanaleit og meðferð eldsneytiskerfis.
- *smurkerfi.*
  val og umhirða á smurolíu og síubúnaði, smurolíudælur, smurolíukælar og ferill smurolíu.
- *kælikerfi.*
  helstu gerðir kælikerfa, kælar/utanáliggjandi kælar, innanborðskælar, tæringavarnir, vatnslás og kælivatnshitastig, hlutverk varnarskauta í kælikerfum, kælivatnsdælur, lokar og efni í lokum.
- *keyrsla véla.*
  kynning á ástimpluðum stærðum á vélum, varmayfirlestun véla, eyðslukúrfur og skrúfulínurit.

2. Drifbúnaður

- *gír.*
  helstu gerðir gíra, niðurfærslugíra, hældrifa og skiptigíra. Olía og umhirða.
- *skrúfa.*
  fastar skrúfur og skiptiskrúfur. Umgengni og helstu viðgerðir.

3. Ýmis kerfi

- *austurkerfi.*
  farið yfir síur, dælur og loka og val á efni og búnaði kynnt.
- *stýri.*
  nemendum kynnt stýrisvél og umhirða hennar einnig stýrisblað og frágangur þess.

4. Rafkerfi

- *tenging kerfis.*
  kynning á einlínumyndum af rafmagnskerfum bátsins, tengingar, frágangur, umhirða og gerð grein fyrir helstu bilunum.

- *rafkerfi fyrir handfærarúllur.*
  kynning á einlínumynd og tengingum á algengustu tegundum af handfærarúllum.
- *rafgeymar.*
  uppbygging rafgeyma, umhirða, rað- og hliðtenging, varúðarráðstafanir, hleðsla og afhleðsla og eðlisþyngd geymasýru.
- *startari.*
  uppbygging og tengingar.
- *glóðakerti.*
  helstu gerðir glóðakerta og gerð grein fyrir öðrum aðferðum til upphitunar lofts við gangsetningu.

5. Reglugerðir varðandi vélakerfi smábáta
- reglugerðir um varahluti, rafkerfi, vélakerfi og mengun sjávar. Gerð grein fyrir úttekt og viðurkenningu flokkunarfélaga á vélum, bátum og búnaði.

6. Varahlutir og verkfæri
- fjallað um meðferð og geymslu varahluta og helstu gerðir hand-verkfæra kynntar og notkun þeirra.

7. Vökvakerfi
- vökvageymar, dælur, síur, öryggisbúnaður og annar búnaður.

8. Vetrargeymsla
- frágangur vélar og skrokks og gerð grein fyrir frostþoli vökva.

5. gr.

Námsárangur nemenda skal metinn með prófi í lok námskeiðs. Einkunnir skal gefa í heilum tölum 1 - 10 og lágmarkseinkunn til að standast próf er 5. Kennari metur úrlausnir nemenda. Ef upp kemur ágreiningur á milli kennara og nemanda um mat úrlausnar skal námskeiðshaldari kalla til prófdómara sem menntamálaráðuneytið samþykkir og skal úrskurður hans gilda. Með heimild ráðuneytisins getur nefnd sú, sem mælt er fyrir í 3. gr. látið gera úttekt á námskeiðunum í því skyni að fylgjast með gæðum þeirra og námskröfum.

6. gr.

Heimilt er námskeiðshaldara að meta fyrra nám nemenda þannig að þeim sé heimilt að gangast undir próf án þess að sækja tíma á námskeiðinu ef talið er að fyrra nám samsvari efni námskeiðsins.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í A-lið ákvæðis til bráðabirgða laga nr. 113/1984, sbr. lög nr. 60/1995, með hliðsjón af 2. málsgrein 36. gr. laga nr. 57/1988 með síðari breytingum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 19. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Hörður Lárusson.

REGLUR

um ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

1. gr.

Reglur þessar taka til viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, enda sé niðurstöðutala efnahagsreiknings hlutaðeigandi stofnunar yfir 2.000 m.kr. í upphafi árs. Bankaeftirlitið getur veitt einstökum stofnunum, sem falla undir lög nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, undanþágu frá skyldu til að semja ársreikninga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

2. gr.

Stofnanir sem um ræðir í 1. gr. skulu semja ársreikninga miðað við 30. júní ár hvert. Ársreikninga skal jafnframt samið fyrir samstæðu móðurfélags og dótturfélaga.

Ársreikningar skal hafa að geyma rekstrar- og efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Ákvæði reglna nr. 554/1994 um gerð ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana gilda um ársreikninga, eftir því sem við getur átt varðandi innihald, framsetningu og skýringar og mat á efnahagsliðum. Í skýringum skal sérstaklega veita upplýsingar um einstaka gjalda- og tekjuliði sem kynnu að gefa villandi mynd af afkomu viðkomandi tímabils. Afskriftaþörf útlána skal byggð á sjálfstæðu mati með sambærilegum hætti og gert er við ársuppgjör sbr. ennfremur viðauka I með reglum nr. 554/1994.

Í ársreikningum skal sýna samanburðartölur miðað við sama tímabil fyrra árs.

3. gr.

Ársreikningar skal liggja fyrir eigi síðar en tveimur mánuðum eftir uppgjörsdag, áritað af stjórn og framkvæmdastjóra/-stjórum hlutaðeigandi stofnunar. Hafi uppgjörið verið endurskoðað eða kannað skal það jafnframt áritað af endurskoðanda stofnunarinnar.

Áritaðir ársreikningar skal sent bankaeftirliti Seðlabanka Íslands jafnskjótt og það liggur fyrir. Það skal jafnframt liggja frammi á starfsstöð hlutaðeigandi stofnunar og afhent viðskiptaaðilum sem þess óska.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 65. gr. og 6. mgr. 66. gr. laga nr. 43/1993 og 11. gr. laga nr. 123/1993 og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Í ársreikningum miðað við 30. júní 1996 þarf ekki að sýna samanburðartölur miðað við sama tímabil fyrra árs.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 3. gr. þarf ársreikningar miðað við 30. júní 1996 ekki að liggja fyrir fyrr en þremur mánuðum eftir uppgjörsdag.

21. júní 1996.
Seðlabanki Íslands.

Eiríkur Guðnason. **Þórður Ólafsson.**

REGLUGERÐ

um framleiðslu á fiskmjöli og lýsi.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um framleiðslu á fiskmjöli í verksmiðjum í landi. Reglugerðin tekur til framleiðslu fiskmjöls um borð í skipum eftir því sem við getur átt. Reglugerðin gildir einnig um framleiðslu á lýsi, eftir því sem við á.

2. gr.

Reglugerðin tekur ekki til eftirlits með mengunarvörnum sem eru á hendi Hollustuverndar ríkisins.

II. KAFLI
Vinnsluleyfi.

3. gr.

Einungis má framleiða fiskmjöl og lýsi í verksmiðju sem fengið hefur vinnsluleyfi frá Fiskistofu.

Við útgáfu vinnsluleyfis fær fyrirtækið vinnsluleyfisnúmer sem notað skal til merkingar á afurðum.

Vinnsluleyfið má ekki framselja.

4. gr.

Fiskistofa veitir fiskmjölsverksmiðjum vinnsluleyfi þegar gengið hefur verið úr skugga um að þær fullnægi skilyrðum laga nr. 93/1992 og uppfylli einnig ákvæði III.-VI. kafla reglugerðar þessarar varðandi húsnæði, búnað, hollustuhætti, vinnslu og innra eftirlit.

5. gr.

Sækja skal um nýtt vinnsluleyfi ef starfsemin er flutt í annað húsnæði eða ef veruleg breyting verður á húsnæði eða aðstöðu. Áður en það er gefið út skal endurmeta þau atriði sem varða forsendur leyfisveitingar.

III. KAFLI
Byggingar og búnaður fyrirtækisins.

6. gr.

Fiskmjölsverksmiðjur skulu hafa umráð yfir hráefnisgeymslum og geymslurými fyrir afurðir.

Húsnæðið skal þannig byggt að þrif séu auðveld. Veggir og skilrúm skulu vera slétt til að draga úr hættu á að mjölsalli eða óhreinindi safnist þar.

Fyrir hendi skal vera búnaður til að draga úr dreifingu mjölsalla í loftinu, t.d. útblásturs-viftur, sogbúnaður eða ryksuga, til að safna salla á stöðum þar sem hann myndast.

7. gr.

Lóð skal vera snyrtileg og henni vel við haldið til að auðvelda þrif hennar. Vélum og öðrum tækjum, sem geymd eru utanhúss, skal þannig fyrir komið að þar myndist ekki afdrep fyrir skordýr eða önnur meindýr. Sé lóðin grasi gróin skal því haldið snöggslegnu.

Byggingar skulu vera snyrtilega frágengnar hið ytra. Veggir skulu vera sléttir og vel málaðir eða varðir fyrir veðrun á annan hátt. Þök, gluggar og hurðir skulu vera þéttar og þeim vel við haldið.

Gólf skulu vera með stömu, sléttu og ósprungnu yfirborði úr slitþolnu, ógagndræpu efni sem þolir rækileg þrif. Samskeyti milli gólfs og veggja og annarra lóðréttra flata skulu vera með íhvolfum kverkum þar sem það er nauðsynlegt vegna þrifa. Gólf á blautsvæðum skulu vera með nægilegum halla til þess að vatn geti runnið óhindrað að niðurföllum og gólfrennum.

Niðurföll skulu vera nægilega mörg og víð til að koma í veg fyrir að uppistöður myndist og vera tengd lokuðu skolplagnakerfi. Þau skulu vera meindýraheld og með ristum svo að þau stíflist síður. Skolplagnir frá salernum má ekki tengja innanhúss við skolplagnir frá vinnusvæðum.

8. gr.

Í fyrirtækinu eða í næsta nágrenni þess skal vera fullnægjandi snyrtiaðstaða ásamt baðog búningsaðstöðu eins og fyrir er mælt í heilbrigðislöggjöf. Við snyrtinguna skulu vera handlaugar með heitu vatni og köldu neysluvatni, sápu og einnota handþurrkum.

9. gr.

Aðstaða skal vera til að framleiða nægilegt heitt vatn og gufu.

Vinnuslurás frá hitunarstað, sbr. 14. gr., að sekkjun skal vera lokuð. Sá hluti fyrirtækisins þar sem tekið er á móti hráefni og það unnið skal aðskilinn frá þeim hluta sem afmarkaður er fyrir sekkjun og geymslu afurða til að koma í veg fyrir mengun þeirra.

IV. KAFLI
Hráefni.

10. gr.

Til framleiðslu á fiskmjöli og lýsi má einungis nota fisk sem veiddur er á ómenguðu hafsvæði. Ferskan fiskúrgang má aðeins nota frá fyrirtækjum sem framleiða fiskafurðir til manneldis.

Fisk sem ætlaður er til bræðslu skal flytja þannig að gæði hráefnisins spillist ekki umfram það sem óhjákvæmilegt er.

Fiskúrgang og lifur skal flytja í vatnsheldum geymum eða flutningatækjum þannig að komið sé í veg fyrir leka. Geymarnir eða flutningatækin skulu lokuð á fullnægjandi hátt. Flutningatækjum, yfirbreiðslum og margnota geymum skal haldið hreinum.

Fiskistofa setur reglur um notkun rot- og þráavarnarefna við framleiðslu fiskmjöls og lýsis.

V. KAFLI
Hreinlætis- og hollustuhættir.

11. gr.

Fiskmjölsverksmiðjur skulu ekki vera í grennd við sorphauga, skolpræsaop, mengandi iðnrekstur eða aðra mengunarvalda.

Bein tenging húsa við aðra starfsemi um dyr, glugga, stiga, lyftur, ganga o.s. frv. er því aðeins heimil að hætta á mengun sé hverfandi.

Varanlegt slitlag með niðurföllum skal vera fyrir framan alla innganga að verksmiðjunni. Góður vatnshalli sé á niðurföllum til að koma í veg fyrir að uppistöður myndist.

12. gr.

Varnir gegn skordýrum og öðrum meindýrum, svo sem nagdýrum, skulu við það miðaðar að komið sé í veg fyrir að þau hafi afdrep á lóð eða komist inn í húsakynnin. Í hverri verksmiðju skulu vera skriflegar reglur um meindýravarnir eða samningur við meindýraeyði sem annast þær.

Reglulega skal fylgjast með og tæma egndar gildrur sem komið skal fyrir þar sem líklegt er að dýr þessi fari um eða leiti skjóls. Í verksmiðjum skal skrá allt eftirlit með gildrum og notkun eiturefna.

Notkun eiturefna er aðeins heimil að höfðu samráði við heilbrigðisyfirvöld viðkomandi bæjar- eða sveitarfélags eða meindýraeyði.

Engum dýrum, svo sem fuglum, hundum eða köttum, má hleypa inn í verksmiðju.

13. gr.

Starfsemi fyrirtækisins skal þannig háttað að gæði hráefnis spillist ekki umfram það sem óhjákvæmilegt er.

Fisk og fiskúrgang skal vinna svo fljótt sem auðið er eftir móttöku. Fram að vinnslu skal geyma fisk og fiskúrgang eins og við á í lokuðu rými, yfirbyggðri þró eða tanki, þannig að hráefnið sé varið fyrir mengun.

14. gr.

Síritandi hitamælum skal komið fyrir á mikilvægum stöðum á hitunarferlinu. Við framleiðslu á fiskmjöli skal hita allt efnið að minnsta kosti upp í 81°C einhvers staðar á vinnsluferlinu.

15. gr.

Eftirlit skal hafa með vinnslubúnaðinum og þrífa hann og gerileyða eftir þörfum. Fjarlægja skal fiskmjölsleifar sem sitja eftir í vinnslurásinni. Hráefnis-, mjöl- og lýsisgeymar skulu skoðaðir í hvert sinn sem þeir eru tæmdir og þeir þrifnir eftir þörfum.

16. gr.

Húsakynnum, tækjum og búnaði skal vel við haldið og hreinum. Mælitæki skal kvarða reglulega.

17. gr.

Afurðir skal fara með og geyma þannig að sem minnst hætta sé á mengun.

VI. KAFLI
Innra eftirlit.

18. gr.

Forsvarsmenn fiskmjölsverksmiðja og lýsisbræðslna skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að farið verði að kröfum reglugerðar þessarar á öllum stigum framleiðslu og dreifingar fiskmjöls og lýsis. Þeir eru ábyrgir fyrir því að komið sé á fót innra eftirliti sem miðist við umfang og eðli starfseminnar og byggist á eftirfarandi meginreglum:

1. Að greina áhættuþætti miðað við framleiðsluferli það sem notað er.
2. Að skipuleggja og koma á aðferðum í því skyni að fylgjast með og hafa eftirlit með slíkum áhættuþáttum, þ.m.t. hitunar- og þurrkunaraðferðum.

3. Að taka sýni til greiningar á rannsóknastofu sem Fiskistofa samþykkir, til að staðfesta að aðferðir við framleiðsluna séu fullnægjandi og að sýnin uppfylli örverufræðilegar viðmiðanir fyrir afurðir sem kveðið er á um í viðauka.
4. Að geyma skriflegar skýrslur eða gögn, sem skráð eru með varanlegum hætti varðandi framangreind atriði, þannig að unnt sé að leggja þau fram sé þess óskað. Þess skal gætt að geyma niðurstöður prófana og eftirlits í a.m.k. tvö ár.

19. gr.

Ef niðurstöður innra eftirlits leiða í ljós að afurðir fiskmjölsverksmiðju séu ekki í samræmi við ákvæði í viðauka skal forsvarsmaður grípa til nauðsynlegra aðgerða og hafa samráð við Fiskistofu ef kröfur varðandi salmonellugerla eru ekki uppfylltar.

VII. KAFLI
Viðurlög og gildistaka.

20. gr.

Fullnægi vinnsluleyfishafi ekki kröfum laga nr. 93/1992 eða reglugerðar þessarar getur Fiskistofa svipt viðkomandi vinnsluleyfi samkvæmt IV. kafla laga nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

21. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

22. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 93/1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra.

Við gerð þessarar reglugerðar var höfð hliðsjón af tilskipunum ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 90/667, 92/118 og ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 92/562.

23. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fiskistofu er heimilt, í allt að sex mánuði frá gildistöku þessarar reglugerðar, að veita framleiðendum undanþágu frá ákvæðum varðandi frágang lóða, sbr. 1. mgr. 7. gr. og frá ákvæðum 3. mgr. 6. gr. varðandi búnað til að safna mjölsalla. Einnig er heimilt að veita framleiðendum undanþágu frá ákvæði 2. mgr. 13. gr. um lokaðar hráefnisgeymslur í allt að 12 mánuði, að því tilskildu að heilnæmi afurða sé tryggt. Skilyrði fyrir undanþágu er að með umsókn fylgi skrifleg framkvæmdaáætlun.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 18. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

VIÐAUKI

Örverufræðilegar viðmiðanir í fiskmjöli.

Sýni af fiskmjöli, sem tekin eru í geymslu eða við útskipun skulu uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

Salmonella: Ekki finnanleg í 25 g, n = 5, c = 0
Iðragerlar: n = 5, c = 2, m = 10, M = 3 x 10^2 í 1 g,
þar sem breyturnar n, m, M og c eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

n = Fjöldi eininga í sýni.
m = Allar niðurstöður undir þessum mörkum eru álitnar fullnægjandi.
M = Allar niðurstöður yfir þessum mörkum eru álitnar ófullnægjandi.
c = Leyfilegur fjöldi sýna þar sem gerlafjöldi er á milli m og M.

18. júní 1996 Nr. 343

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Páls Jónssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Páls Jónssonar. Hann er stofnaður í mars 1995 til minningar um Pál Jónsson bókavörð (f. 20. júní 1909 – d. 27. maí 1985). Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins kr. 453.000 er úr dánarbúi Páls Jónssonar. Höfðustól sjóðsins má ekki skerða. Við hann skal leggja verðbætur allar. Hið sama gildir um annað fé sem sjóðnum kann að áskotnast. Hvorki má lána fé úr sjóðnum né veðsetja hann. Vöxtum skal varið til að gera viðurkenningargripi.

3. gr.

Markmið sjóðsins er að veita þeim viðurkenningu sem í máli og/eða myndum hafa stuðlað að aukinni þekkingu manna á landi og þjóð. Viðurkenningin er tvíþætt:

a) Gripur sem geymdur er á skrifstofu Ferðafélags Íslands. Á hann skal festa málmplötu með áletruðu nafni þess er viðurkenningu hlýtur hverju sinni.

b) Gripur er vinnst til eignar.

4. gr.

Viðurkenningin skal veitt einu sinni á ári, að öllu jöfnu, en heimilt er að víkja frá þeirri reglu og fella ár úr ef rök mæla með því. Stjórn sjóðsins skal tilnefna þann sem hún metur hæfan og tilkynna það á aðalfundi Ferðafélagsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og einn til vara og eru þeir skipaðir til eins árs í senn. Þeir skulu tilnefndir af stjórn Ferðafélags Íslands á fyrsta fundi eftir aðalfund. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum. Hún skal varðveita eignir sjóðsins og ávaxta þær á þann hátt sem

telja megi öruggan og arðvænlegan hverju sinni í samráði við framkvæmdastjóra Ferðafélags Íslands.

Endurskoðendur Ferðafélags Íslands annast árlega endurskoðun reikninga sjóðsins.

6. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera að þær hljóti samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins og meirihluta stjórnar Ferðafélags Íslands.

7. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal fé hans og aðrar eignir renna óskiptar til bókastofu Páls Jónssonar í Safnahúsi Borgarfjarðar, Borgarnesi.

8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. júní 1996.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 344 12. júní 1996

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Skólasjóð Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Skólasjóður Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er gjafafé og skólagjöld að upphæð kr. 500.000 og skal það haldast óskert. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan og tryggilegastan hátt.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru hluti skólagjalda samkvæmt ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57, 1988 með síðari breytingum og 15. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105, 1990, auk gjafa til skólans.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að umbótum í skólastarfi, styðja félagsstarf nemenda og starfsmanna eða stuðla að öðru því sem stjórn sjóðsins telur skólanum til hagsbóta. Vöxtum og öðrum tekjum sbr. 3. gr. skal varið í þessu skyni.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólameistari, formaður og varaformaður skólanefndar.

6. gr.

Sjóðurinn er í vörslu fjármálastjóra skólans sem sér um bókhald og reikningsskil.

7. gr.

Skólameistari sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar og skal hann gefa skólanefnd skýrslu um rekstur sjóðsins a.m.k. tvisvar á ári.

8. gr.

Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal stjórn sjóðsins ráðstafa eignum hans í þágu skólans.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagi og markmiðum sjóðsins með samþykki meirihluta stjórnar og að fenginni staðfestingu dómsmálaráðuneytisins.

10. gr.

Stjórnin ræður endurskoðanda sjóðsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 1996.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

19. júní 1996 Nr. 345

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til varð við sameiningu Flateyrarhrepps, Ísafjarðarkaupstaðar, Mosvallahrepps, Mýrahrepps, Suðureyrarhrepps og Þingeyrarhrepps.

1. gr.

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Ísafjarðarbær.

2. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. júní 1996.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjóð Kristínar Björnsdóttur fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjóður Kristínar Björnsdóttur, fyrrverandi starfsmanns Sameinuðu þjóðanna, sbr. ósk Kristínar þar um í erfðaskrá. Kristín var fædd 1. júní 1909 og andaðist 11. október 1994.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er aðallega að aðstoða fötluð börn og unglinga s.s. til menntunar og sérmenntunar þeirra í samræmi við hæfni þeirra og möguleika, þannig að þau fái sem líkasta uppvaxtarmöguleika og heilbrigð börn.

3. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

4. gr.

Upphaflegt stofnfé sjóðsins er krónur 24.080.628, -tuttugu og fjórar milljónir og áttatíu þúsund sex hundruð tuttugu og átta- og 50% eignarhluti íbúðar nr. 56 við Kleppsveg í Reykjavík (heildarverðmæti íbúðarinnar skv. fasteignamati er krónur 4.041.000). Stofnféð er allt fengið úr dánarbúi Kristínar Björnsdóttur skv. ákvörðun hennar þar um í erfðaskrá.

5. gr.

Sjóðurinn hefur sérstakan fjárhag og er í vörslu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, sem sér um bókhald hans og fjárreiður. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksár.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, tveir tilnefndir af stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og þriðji skal vera framkvæmdastjóri félagsins. Tilnefningar skulu gilda í eitt ár í senn, í fyrsta skipti til 1. mars 1997.

7. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

a) Arður, þar með taldir vextir af eignum sjóðsins.
b) Gjafir, áheit og önnur framlög sjóðnum til styrktar.
c) Aðrar tekjur en að ofan eru nefndar.

8. gr.

Ávaxta skal stofnfé sjóðsins (sbr. 4. gr.) sem tryggilegast og arðvænlegast. Heimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins um helming miðað við verðgildi hans 28. desember 1995, sem er móttökudagur fjárins. Þegar því marki hefur verið náð má verja árlegum tekjum hans. Verði afgangur af tekjum ársins má ráðstafa honum á næsta ári, en annars leggst hann við stofnfé sjóðsins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki. Stjórn sjóðsins annast styrkveitingar úr sjóðnum.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri skulu samþykktar af öllum stjórnarmönnum.

Verði sjóðurinn lagður niður skal verja eignum hans í þágu fatlaðra.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi öðlast gildi þegar stjórn Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hefur samþykkt hana.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 1996.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

21. júní 1996 Nr. 347

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 449, 15. nóvember 1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr. reglugerðarinnar:

a. Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 1. stafl. komi: 60% virðisaukaskatts.
b. Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 2. stafl. komi: 60% virðisaukaskatts.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 10. gr. reglugerðarinnar:

a. Hundraðshluti í fyrsta staflið verði: 4,65.
b. Hundraðshluti í öðrum staflið verði: 5,25.
c. Hundraðshluti í þriðja staflið verði: 3,75.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, sbr. og lög nr. 86/1996, til að öðlast gildi 1. júlí 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 21. júní 1996.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUR

um mat á áhættugrunni við útreikning á eiginfjárhlutfalli lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

I. KAFLI
Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Reglur þessar gilda um eftirtalda aðila:

1. Viðskiptabanka og sparisjóði sbr. lög nr. 43/1993.
2. Aðrar lánastofnanir sbr. lög nr. 123/1993.
3. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sbr. lög nr. 13/1996.
4. Samstæður þar sem móðurfyrirtæki er eitthvert þeirra fyrirtækja sem nefnt er í 1.-3. tölul.

Þau fyrirtæki sem talin eru upp í 1. mgr. þessarar greinar, nefnast stofnanir í eftirfarandi greinum.

2. gr.

Í þessum reglum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Afleiðusamningur/afleidd skuldaskjöl (e. derivatives): Samningur þar sem uppgjörsákvæði samningsins byggir á þróun einhvers þáttar s.s. vaxta, gengis gjaldmiðla, hlutabréfagengis, hlutabréfavísitölu eða verðs á hrávörum. Virði slíks samnings er afleitt af þróun þessara undirliggjandi þátta frá samningsdegi til uppgjörsdags. Sjá einnig *framvirkur samningur, skiptasamningur, grundvallarfjárhæð, kaupréttur, vaxtaskiptasamningur, staðlaður framvirkur samningur, söluréttur, valréttur.*

Baktryggð staða (e. hedge position): Staða í *fjármálaskjölum* sem stofnunin hefur tekið til að tryggja sig gegn *markaðsáhættu* eigna- og skuldaliða eða stöðu í afleiðum.

Binditímaaðferð (e. Maturity based method): Aðferð til að reikna vaxtaáhættu stofnunar sem tekur mið af binditíma þeirra markaðsskuldabréfa sem eru í *veltubók* stofnunar. Binditími í þessu samhengi er binditími vaxtaprósentu og telst hann vera sá sami og eftirstöðvartími bréfsins þegar um er að ræða skuldabréf með föstum vöxtum. Ef um er að ræða ákvæði í skuldabréfi um að vextir geti tekið breytingum fyrir lokagjalddaga þá skal miða við þann tíma sem er til þess dags að vextir verða ákvarðaðir að nýju. Sjá einnig *rauntímaaðferð.*

Breytanlegt verðbréf (e. convertible security): Verðbréf sem að vali eiganda er hægt að skipta fyrir annað verðbréf, oftast hlutabréf útgefanda.

Delta stuðull valréttarsamnings: Með delta stuðli *valréttarsamnings* er átt við áætlaða breytingu á virði valréttarsamnings sem hlutfall af minniháttar verðbreytingum á þeim undirliggjandi skjölum sem liggja til grundvallar valréttarsamningnum. Delta stuðull segir til um líkindi þess að valréttarsamningur hafi verðgildi á innlausnardegi.

Deltavirði valréttarsamninga: Deltavirði valréttarsamnings jafngildir fjárhæð *grundvallarskjals* sem *kaupréttur* vísar til, margfaldað með *delta stuðli* valréttarsamningsins.

Eftirstöðvatími: Með eftirstöðvartíma er átt við þann tíma sem eftir er til gjalddaga skuldaskjals.

Fjármálastofnun; Lánastofnun, fyrirtæki í verðbréfaþjónustu eða önnur fyrirtæki sem stunda einhverja eða alla þá starfsemi sem talin er upp í 2.-12. tölulið í 1. mgr. 44. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði.

Fjárfestingarverðbréf: Markaðsskuldabréf og hlutabréf sem stofnun hefur með formlegum hætti tekið ákvörðun um að eiga til lengri tíma, skemmst eitt ár. Til slíkra bréfa teljast ekki hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum eða tengdum fyrirtækjum. Sjá einnig *veltuverðbréf.*

Fjármálaskjal/fjármálasamningur (e. financial instrument):
Til fjármálaskjala/fjármálasamninga teljast m.a.:
- hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu
- skjöl á peningamarkaði
- staðlaðir framvirkir fjármálasamningar, þ.m.t. skjöl sem greidd eru með reiðufé
- framvirkir vaxtasamningar
- vaxta-, gjaldmiðla- og hlutabréfaskiptasamningar
- valkvæður réttur til að kaupa eða selja önnur fjármálaskjöl, þar með talin sambærileg skjöl sem greidd eru með reiðufé s.s. fjármálasamningar um gjaldeyri og vexti
- önnur framseljanleg verðbréf.

Fjölnota atvinnuhúsnæði (e. multi-purpose commercial building): Með fjölnota atvinnuhúsnæði er fyrst og fremst átt við ýmis konar verslunar- og skrifstofuhúsnæði og annað þjónustuhúsnæði sem auðvelt er að breyta. Skilyrði er að um fullbúið húsnæði sé að ræða. Sérhæft iðnaðarhúsnæði, fiskvinnsluhús, gistihús og skólabyggingar eru dæmi um húsnæði sem ekki fellur undir skilgreiningu á fjölnota atvinnuhúsnæði.

Fjölþjóða þróunarbankar (e. multilateral development banks): Með fjölþjóðlegum þróunarbönkum í reglum þessum er átt við Alþjóðabankann, Alþjóðalánastofnunina, Endurreisnar- og þróunarbanka Evrópu, Fjárfestingarsjóð Evrópu, Fjárfestingarlánastofnun Ameríkuríkja, Norræna fjárfestingarbankann, Þróunarbanka Afríku, Þróunarbanka Ameríkuríkja, Þróunarbanka Asíu, Þróunarbanka Mið-Ameríkuríkja og Viðreisnarsjóð Evrópuráðsins.

Framvirk viðskipti (e. forward transactions): Viðskipti sem gerð eru upp þremur virkum dögum eftir upphafsdag þeirra eða síðar. Sjá einnig *núviðskipti.*

Framvirkur vaxtasamningur (e. FRA - forward rate agreement): Samningur sem kveður á um vaxtaviðmiðun yfir ákveðið tímabil og reiknast vextir af fyrirfram ákveðinni *grundvallarfjárhæð,* sem ekki kemur til greiðslu á. Samningurinn er gerður upp í lok samningstímans á fyrirfram ákveðnum uppgjörsdegi.

Fullgildur liður (e. qualifying item): Gnóttstaða eða skortstaða í þeim liðum sem falla undir 2. tölul. 12. gr. Auk þess getur bankaeftirlitið heimilað að önnur skuldaskjöl teljist til fullgildra liða. Forsenda þess að skuldaskjöl geti talist til fullgildra liða er að skjalið sé skráð á viðurkenndum verðbréfamarkaði, sé auðseljanlegt og *mótaðilaáhætta* þess sé sambærilegt eða lægra en þeirra eigna sem falla undir 2. tölul. 12. gr. þessara reglna.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu (e. investment firm): Verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlun sbr. lög nr. 13/1996.

Gjaldmiðlaskiptasamningur (e. currency swap): Samningur sem kveður á um að samningsaðilar skipti á höfuðstólum tveggja mynta á ákveðnu gengi í framtíðinni. Skipst er á höfuðstól í lokin, en oft einnig í upphafi samnings.

Gnóttstaða (e. long position): Staða í fjármálaskjölum sem gefur eða getur í framtíðinni gefið stofnuninni rétt eða skyldað hana til að taka á móti greiðslu í peningum, verðbréfum eða öðrum eignum. *Sölu- og kaupréttur* telst vera hluti af gnóttstöðu. Sjá einnig *skortstaða.*

Grundvallarfjárhæð afleiðusamnings/ grundvallarskjal afleiðusamnings/ (e. notional principal/ notional position): Sú fjárhæð, það verðbréf eða sú ímyndaða staða sem lögð er til grundvallar í *afleiðusamningi.*

Hlutabréf: Eignarhlutur í hlutafélagi. Í skilningi þessara reglna skal ennfremur telja til hlutabréfa þann hluta *afleiðusamninga í veltubók* stofnunar sem tengdur er hlutabréfum, gengi hlutabréfa eða þróun hlutabréfavísitölu.

Hrein gjaldeyrisstaða stofnunar (e. An institution's overall net foreign exchange position): Hærri fjárhæðin af tveimur, samanlögð *opin gjaldeyrisstaða* í þeim gjaldmiðlum þar sem um nettó gnóttstöðu er að ræða eða samanlögð *opin gjaldeyrisstaða* þeirra gjaldmiðla þar sem um nettó skortstöðu er að ræða.

Kaupréttur (e. call option): Réttur til að kaupa vöru, verðbréf eða gjaldeyri á fyrirfram ákveðnu verði, annað hvort á ákveðnum degi eða fyrir ákveðinn dag. Slíkur samningur er bindandi fyrir þann sem selur slíkan samning en kaupandi getur valið hvort hann nýtir sér réttinn eða ekki. Sjá einnig *valréttur og söluréttur.*

Lánastofnun: Fyrirtæki sem tekur á móti innlánum eða öðru fé frá almenningi til endurgreiðslu og veitir lán fyrir eigin reikning, sbr. lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og lög nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Liðir utan veltubókar (e. Banking book): Allir þeir liðir innan og utan efnahagsreiknings stofnunar sem ekki teljast til veltubókar.

Markaðsáhætta (e. market risk): Áhætta stofnunar á fjárhagslegu tapi vegna liða innan og utan efnahagsreiknings vegna breytinga á markaðsvirði þessara liða, þar á meðal breytingar á vöxtum, gengi gjaldmiðla eða virði hlutabréfa.

Markaðsverðbréf: Framseljanlegt verðbréf (skuldabréf, hlutabréf eða hlutdeildarskírteini) sem boðið er einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með útboði þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við á. Sjá einnig *fjárfestingarverðbréf og veltuverðbréf.*

Móðurfyrirtæki: Fyrirtæki skilgreint í 2. mgr. 66. gr. laga nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði og 2. tölul. 3. mgr. 1. gr. reglna nr. 554/1994 um ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana og önnur sambærileg fyrirtæki.

Mótaðilaáhætta (e. Counterparty risk): Sú hætta sem er á því að gagnaðili *fjármálasamnings* uppfylli ekki ákvæði hans. Ein tegund mótaðilaáhættu er afhendingaráhætta en það er sú áhætta að mótaðili afhendi ekki verðbréf í samræmi við ákvæði fjármálasamnings. Önnur tegund mótaðilaáhættu er uppgjörsáhætta en það er sú áhætta að mótaðili t.d. afleiðusamnings standi ekki við samninginn á uppgjörsdegi. Þriðja tegund mótaðilaáhættu er útlánaáhætta. Sjá einnig *útlánaígildi.*

Nettóstaða: Með nettóstöðu verðbréfa er átt við mismuninn milli gnóttstöðu og skortstöðu í samskonar verðbréfum.

Nústaða (e. spot position): Staða í fjármálaskjölum sem gerð verður upp eigi síðar en tveimur virkum dögum frá viðmiðunardegi.

Núviðskipti (e. spot transaction): Viðskipti sem gerð eru upp eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir upphafsdag þeirra. Sjá einnig *framvirk viðskipti.*

Opinber aðili: Ríki eða sveitarfélag á Íslandi eða samsvarandi aðili í öðrum löndum.

Opinber fyrirtæki og stofnanir: Með opinberum fyrirtækjum og stofnunum í reglum þessum er átt við fyrirtæki og stofnanir sem eru að öllu leyti í eigu ríkis eða sveitarfélaga eða samsvarandi stjórnvalda í öðrum löndum eða eru undir stjórn áðurnefndra aðila og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Opinber fyrirtæki eða stofnanir sem rekin eru í samkeppni við önnur atvinnufyrirtæki eru undanskilin. Í viðauka II eru talin upp þau fyrirtæki og stofnanir á Íslandi sem þessi skilgreining á við um.

Opinbert viðmiðunargengi: Opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands eins og það er skráð á uppgjörsdegi.

Opin gjaldeyrisstaða í gjaldmiðli (e. Net open position in a currency): Mismunur *gnóttstöðu* og *skortstöðu* í viðkomandi gjaldmiðli. Sjá einnig *Hrein gjaldeyrisstaða.*

Rauntímaaðferð (e. duration based method): Aðferð til að reikna út vaxtaáhættu stofnunar. Aðferðin tekur mið af reiknuðum rauntíma skuldabréfs/fjármálasamnings, í stað afborgunartíma. Rauntími skuldabréfs er veginn meðal afborgunartími þess og er þá tekið tillit til allra greiðslna af skuldabréfinu, bæði vaxta og afborgana, eftir að þær hafa verið núvirtar með reiknaðri ávöxtun skuldabréfsins. Hin reiknaða ávöxtun skuldabréfsins skal taka mið af markaðsvirði bréfsins á uppgjörsdegi. Leiðréttur rauntími skuldabréfs (e. modified duration) er reiknaður rauntími skuldabréfsins deilt með einum plús hin reiknaða ávöxtunarkrafa. Sjá einnig *binditímaaðferð.*

Raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti: Sölu- og endurkaupaviðskipti þar sem afsalshafi hefur skuldbundið sig til að skila eignunum aftur. Sjá einnig *Sala með endurkauparétti.*

Sala með endurkauparétti: Sölu- og endurkaupaviðskipti þar sem afsalshafi á rétt á en hefur ekki skuldbundið sig til að skila eignunum aftur. Sjá einnig *Raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti.*

Samstæða, samstæðufyrirtæki: Móðurfyrirtæki og *dótturfyrirtæki* þess.

Skipulegur verðbréfamarkaður: Verðbréfamarkaður sem fellur undir skilgreiningu 10. töluliðar 2. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti.

Skortstaða (e. short position): Staða í fjármálaskjölum sem skyldar eða getur í framtíðinni skyldað stofnunina, eða gefið henni rétt, til að láta af hendi greiðslu í peningum, verðbréfum eða öðrum eignum. *Sölu- og kaupréttur* sem stofnunin á eða hefur gert samning um telst vera hluti af skortstöðu. Sjá einnig *gnóttstaða og nettóstaða*

Skortsala (e. short sale): Sala á verðbréfum eða öðrum eignum sem ekki eru í eigu seljanda á þeim tíma þegar salan fer fram.

Skráð verðbréf: Verðbréf sem tekið hefur verið til opinberrar skráningar á *skipulegum verðbréfamarkaði.* Sjá einnig *skipulegur verðbréfamarkaður.*

Skuldaskjal (e. debt instrument): Fjármálasamningur sem felur í sér loforð um greiðslu.

Staðlaður framvirkur samningur (e. futures contract/interest rate future): Staðlaður afleiðusamningur sem verslað er með á skipulögðum markaði, er tryggður og sem gefur handhafa rétt til að kaupa eða selja tiltekið fjármálaskjal á fyrirfram ákveðnum degi og á fyrirfram ákveðnu verði. Breyting á markaðsvirði samnings er gerð upp á hverjum degi og/eða samningur tryggður á annan hátt af *skipulegum verðbréfamarkaði,* viðskiptavaka eða greiðslujöfnunarstöð.

Stór áhættuskuldbinding: Skuldbindingar sem reglugerð um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu nær til.

Stöðuáhætta (e. position risk): Hætta sem tengd er stöðu stofnunar í tilteknu *fjármálaskjali* og sem er tilkomin vegna hugsanlegra breytinga á verði viðkomandi skjals. Með sérstakri stöðuáhættu er átt við hættu á breytingum á verði skjals, vegna aðstæðna sem tengjast útgefanda þess, eða útgefanda grundvallarskjals þegar um er að ræða afleiðusamning. Með almennri stöðuáhættu er átt við hættu á breytingum á verði skjals, vegna aðstæðna sem eru óháðar útgefanda þess, eða útgefanda grundvallarskjals þegar um afleiðusamning er að ræða.

Sölu- og endurkaupaviðskipti: Viðskipti sem fela í sér framsal stofnunar eða viðskiptavinar (framseljanda) til annarrar stofnunar eða viðskiptavinar (afsalshafa) á eignum, t.d. víxlum, skuldabréfum eða öðrum framseljanlegum verðbréfum, með samningi um að sömu eignir verði síðar framseldar aftur til framseljanda á tilteknu verði. Sjá einnig *raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti og sala með endurkauparétti.*

Söluréttur (e. put option): Réttur til að selja vöru, verðbréf eða gjaldeyri á fyrirfram ákveðnu verði, annað hvort á ákveðnum degi eða fyrir ákveðinn dag. Slíkur samningur er bindandi fyrir þann sem selur slíkan samning en kaupandi getur valið hvort hann nýtir sér réttinn eða ekki. Sjá einnig *valréttur* og *kaupréttur.*

Útlánaígildi (e. credit equivalent): Liðir utan efnahagsreiknings sem reiknaðir hafa verið til ígildis útlána. *Mótaðilaáhætta* stofnunar vegna liða utan efnahagsreiknings er reiknað af útlánaígildi þessara liða.

Valréttur/valréttarsamningur (e. option): *Kaupréttur* eða *söluréttur.*

Vaxta- og gjaldmiðlasamningur (e. cross currency swap): Samningur sem kveður á um bæði vaxta- og gjaldmiðlaskipti, þ.e. að samningsaðilar skiptist á höfuðstól tveggja mynta á ákveðnu gengi í framtíðinni ásamt vaxtagreiðslum yfir ákveðið tímabil. Skipst er á höfuðstól í lokin, en einnig oft í upphafi samnings.

Vaxtaskiptasamningur (e. interest rate swap/single currency swap): Samningur sem kveður á um að samningsaðilar skiptist á vaxtagreiðslum m.t.t. þróunar vaxta í tilteknum gjaldmiðli. Ekki er skipst á *grundvallarfjárhæðinni,* heldur aðeins á vaxtamuninum sem reiknaður er af grundvallarfjárhæð samningsins. Til eru þrjár megintegundir vaxtaskiptasamninga þ.e.

- samningur sem byggir á mismun á þróun breytilegra vaxta í einum gjaldmiðli, t.d. mismun á þróun ríkisvíxlavaxta og millibankavaxta.
- samningur sem byggir á mismun fastra vaxta og þróun breytilegra vaxta í einum gjaldmiðli,
- *vaxtaskiptasamningur milli gjaldmiðla.*

Vaxtaskiptasamningur milli gjaldmiðla (e. cross currency interest rate swap): *Vaxtaskiptasamningur* sem kveður á um að samningsaðilar skiptist á vaxtagreiðslum m.t.t. þróunar vaxta sem eru í a.m.k. tveimur mismunandi gjaldmiðlum. Ekki er skipst á *grundvallarfjárhæðinni,* heldur aðeins á vaxtamuninum sem reiknaður er af grundvallarfjárhæð samningsins.

Veltubók (e. trading book): Verðbréf og önnur *fjármálaskjöl* sem stofnun hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þessara skjala eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum. Jafnframt teljast til veltubókar stöður í fjármálaskjölum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum, svo og fjármálasamningar sem stofnun er aðili að í því skyni að baktryggja aðra þætti veltubókar. Til veltubókar teljast ennfremur áhættuþættir tengdir óuppgerðum og ófrágengnum viðskiptum og afleiðusamningum sem verslað er með innan og utan verðbréfamarkaðar, svo og áhættuþættir er tengjast skuldbindingum stofnunar sem myndast vegna viðskipta með verðbréf í veltubók.

Veltuverðbréf: *Markaðsverðbréf* sem er ekki aflað í þeim tilgangi að halda því til varanlegrar eignar. Sjá einnig *fjárfestingarverðbréf.*

Verðbréfalánveiting/ verðbréfalántaka (e. securities lending/ securities borrowing): Öll viðskipti sem felast í því að lánastofnun eða mótaðili hennar framselur verðbréf gegn hæfilegri tryggingu með því skilyrði að lántakandinn skili aftur jafngildum verðbréfum síðar eða þegar framseljandi krefst þess. Um er að ræða verðbréfalánveitingu fyrir stofnunina sem framselur verðbréfin og verðbréfalántöku fyrir stofnunina sem þau eru framseld til.

II. KAFLI
Matsaðferðir og skýrslugerð.

3. gr.

Eiginfjárhlutfall stofnunar skal vera eigið fé stofnunar í hlutfalli af áhættugrunni sem metinn er í samræmi við reglur þessar og viðauka með þeim.

Við útreikning á eiginfjárhlutfalli skal eigið fé vera samtala eiginfjárþáttar A, B og C, sbr. ákvæði laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði, laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og laga nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti.

Áhættugrunn skal meta á eftirfarandi hátt:

1. Áhættugrunnur vegna útlánaáhættu eignaliða og liða utan efnahagsreiknings sem teljast ekki til veltubókar, skal metinn í samræmi við ákvæði 3. kafla.
2. Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu liða í erlendum gjaldmiðli og liða sem eru tengdir erlendum gjaldmiðlum, óháð því hvort um er að ræða liði innan eða utan veltubókar, skal metinn í samræmi við ákvæði 4. kafla.
3. Áhættugrunnur vegna áhættu þeirra eignaliða og liða utan efnahagsreiknings sem teljast til veltubókar skal metinn í samræmi við ákvæði 5.-7. kafla, sbr. þó ákvæði 6. gr. um undanþágu frá sérstökum eiginfjárákvæðum veltubókar.

4. gr.

Til veltubókar stofnunar skal telja eftirfarandi stöður, sbr. þó undanþáguákvæði 6.gr:

1. Stöður stofnunar í markaðsverðbréfum og öðrum fjármálaskjölum sem stofnunin hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þessara skjala eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum.
2. Reiknaðar stöður vegna uppgjörs- og mótaðilaáhættu tengda ófrágengnum og óuppgerðum verðbréfaviðskiptum, verðbréfalánveitingum, skortsölu verðbréfa, afleiðusamningum og öðrum stöðum sem tengjast eignaliðum sem myndast vegna viðskipta með verðbréf í veltubók sbr. ákvæði 6. kafla þessara reglna.
3. Stöður í fjármálaskjölum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum.
4. Stöður í fjármálaskjölum sem haldið er eftir til að baktryggja aðra þætti veltubókar.
5. Kröfur sem tengjast þóknunum, umboðslaunum, vöxtum, arði og tryggingafé í tengslum við staðlaða framvirka afleiðusamninga og kaupréttarsamninga í veltubók, sem verslað er með á viðurkenndum verðbréfamarkaði.

Þau verðbréf sem metin eru á markaðsvirði í reikningsskilum stofnunar skulu að öðru jöfnu teljast til veltubókar. Við skiptingu verðbréfaeignar stofnunar í veltubók og aðra liði skal því höfð hliðsjón af skilgreiningu veltuverðbréfa í 2. gr. reglna nr. 554/1994 um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.

Eftirtalda liði skal ekki telja til veltubókar:

1. Fjárfestingarverðbréf, sbr. skilgreiningu 2. gr. reglna nr. 554/1994 um ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana.
2. Afleiðusamninga sem stofnunin hefur sannanlega aflað til að baktryggja stöður utan veltubókar.
3. Skuldir stofnunarinnar aðrar en reiknaðar skuldir vegna afleiðusamninga í veltubók og skuldir endurhverfra viðskipta.

5. gr.

Veltubók stofnunar skal skipt upp í annars vegar skuldaskjöl og hins vegar hlutabréf.

Til skuldaskjala í þessu sambandi skal telja stöður í markaðsskuldabréfum og breytanlegum verðbréfum og þá afleiðusamninga stofnunar sem teljast til veltubókar og ekki eru tengdir hlutabréfum, hlutabréfavísitölu eða hrávörum.

Til hlutabréfa í þessu sambandi skal telja stöður í hlutabréfum, öðrum eignarhlutum, hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða svo og þeim afleiðusamningum stofnunar sem teljast til veltubókar og tengdir eru hlutabréfum, hlutabréfavísitölu eða hrávörum.

6. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er þeim stofnunum, þar sem veltubók viðkomandi stofnunar, fer ekki yfir viðmiðunarmörk skv. 2. mgr., sbr. eyðublað 8.0 í viðauka V, heimilt að reikna út áhættugrunn í samræmi við ákvæði 3. kafla fyrir eignir sem annars væru taldar sem hluti veltubókar stofnunarinnar. Eftir sem áður skulu þessar stofnanir reikna út áhættugrunn vegna gengisáhættu, sbr. ákvæði 4. kafla.

Viðmiðunarmörk fyrir undanþágu frá ákvæðum 5.-7. kafla um mat á áhættugrunni liða í veltubók eru eftirfarandi:

1. Veltubókarstaða stofnunar er að jafnaði ekki umfram 5% af heildarstöðu stofnunarinnar og fer að jafnaði ekki yfir 1.240 milljónir króna og
2. Veltubókarstaða stofnunar er aldrei yfir 6% af heildarstöðu stofnunarinnar og fer aldrei yfir 1.650 milljónir króna.

Heildarstaða er samtala veltubókarstöðu og stöðu liða utan veltubókar. Við útreikning á heildarstöðu skal, í samræmi við góða reikningsskilavenju, meta skuldaskjöl og hlutabréf á markaðsvirði eða upprunalegu kaupverði og afleiðusamninga skal meta miðað við markaðsvirði undirliggjandi skjala eða markaðsvirði samningsins. Þó er stofnun heimilt að miða við nafnvirði þeirra afleiðusamninga sem ekki eru tengdir verðbréfum. Við útreikning á veltubókarstöðu skal leggja saman gnóttstöður og skortstöður óháð formerkjum. Bankaeftirlitið getur heimilað stofnun að undanskilja framvirka gjaldmiðlasamninga frá því að teljast veltubókarstaða við þennan útreikning.

Fjárhæðir samkvæmt 1. og 2. tölulið 2. mgr. þessarar greinar skulu bundnar við gengi hinnar evrópsku myntеiningar ECU miðað við kaupgengi hennar á gildistökudegi þessara reglna.

7. gr.

Stofnanir skulu daglega meta veltubók sína til markaðsvirðis, enda sé staða veltubókar umfram viðmiðunarmörk 6. gr. og áhættugrunnur þessara liða því metinn í samræmi við ákvæði 5.-7. kafla.

Stofnanir skulu í samræmi við ákvæði þessara reglna setja sér innri starfsreglur um hvernig skipta skuli eignaliðum og liðum utan efnahagsreiknings í veltubók og liði utan veltubókar.

8. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu mánaðarlega senda skýrslu til bankaeftirlitsins um eiginfjárhlutföll sín og lánastofnanir að minnsta kosti ársfjórðungslega.

Mánaðarlegar skýrslur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skv. 1. mgr. skulu hafa borist bankaeftirlitinu eigi síðar en 15 dögum frá uppgjörsdegi. Ársfjórðungslegar skýrslur lánastofnana skv. 1. mgr. skulu hafa borist bankaeftirlitinu eigi síðar en 30 dögum frá uppgjörsdegi.

9. gr.

Bankaeftirlitið getur heimilað stofnunum að nota einfaldaðar útfærslur á þeim útreikningsaðferðum sem kveðið er á um í þessum reglum enda leiði það ekki til hærra eiginfjárhlutfalls.

3. KAFLI
Áhættugrunnur vegna liða utan veltubókar.

10. gr.

Áhættugrunnur vegna eignaliða og liða utan efnahagsreiknings sem ekki teljast til veltubókar stofnunar, sbr. þó ákvæði 6. gr., skal vera samtala eignaliða og liða utan efnahagsreiknings reiknuð í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Auk áhættugrunns samkvæmt ákvæðum þessa kafla skal reikna áhættugrunn stofnunar vegna gjaldeyrisáhættu, sbr. ákvæði 4. kafla, óháð því hvort um liði innan eða utan veltubókar er að ræða.

11. gr.

Áhættugrunn liða utan veltubókar skal reikna út á eftirfarandi hátt:

1. Einstakir eignaliðir skulu vegnir með viðeigandi áhættuvog sem tilgreind er í 12. gr.
2. Liðir utan efnahagsreiknings skulu fyrst margfaldaðir með viðeigandi breytistuðlum og hlutfallstölum til að reikna út útlánaígildi þessara liða, sbr. ákvæði 13. gr. og 14. gr, og því næst vegnir með viðeigandi áhættuvog skv. ákvæðum 12. gr. Þegar um er að ræða endurkaupasamninga, samninga um eignasölu eða bein framvirk kaup skal vægið vera vægi eignanna en ekki vægi mótaðila í viðskiptum.
   Þegar liðir utan efnahagsreiknings bera með sér ábyrgðir, skulu þær fá vægi ábyrgðarveitanda frekar en gagnaðila. Þegar hugsanleg áhætta, sem stafar af viðskiptum utan efnahagsreiknings, er að fullu tryggð með handveði í verðbréfum sem viðurkennd eru sem trygging sbr. 1. og 2. tölulið 12. gr., skal vægið vera 0% eða 20% eftir því hver tryggingin er.
3. Þegar eignum eða liðum utan efnahagsreiknings er gefið minna vægi vegna ábyrgða eða trygginga skal hið lægra vægi aðeins ná til þess sem ábyrgðin eða tryggingin nær að fullu til.

12. gr.

Áhættuvogir fyrir einstaka liði skulu vera eftirfarandi.

1. Áhættuvog 0,0:

a. sjóður og sambærilegir liðir,
b. eignaliðir sem eru kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka á svæði A sbr. viðauka I með reglum þessum.
c. eignaliðir sem eru kröfur á Evrópusambandið,
d. eignaliðir sem eru kröfur með ábyrgð ríkisstjórna eða seðlabanka á svæði A, eða Evrópusambandsins,
e. eignaliðir sem eru kröfur á ríkisstjórnir og seðlabanka á svæði B, sbr. viðauka I með reglum þessum, veittar og fjármagnaðar í gjaldmiðli lántakanda,
f. eignaliðir sem eru kröfur með ábyrgð ríkisstjórna eða seðlabanka á svæði B og veittar eru og fjármagnaðar í þeim gjaldmiðli sem sameiginlegur er ábyrgðarveitanda og lántakanda,
g. eignaliðir sem tryggðir eru með handveði í verðbréfum útgefnum af ríkisstjórnum eða seðlabönkum á svæði A eða verðbréfum sem gefin eru út af Evrópusambandinu innan við 90% af skráðu gengi verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði,
h. eignaliðir sem tryggðir eru með handveði í innstæðu hjá viðkomandi stofnun eða innlánsskírteinum eða svipuðum skjölum sem eru falin henni til vörslu og,
i. eignaliðir sem dragast frá eigin fé við útreikning á eigin fé samkvæmt eiginfjárákvæðum laga.

2. *Áhættuvog 0,2:*

a. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð Fjárfestingarbanka Evrópu (EIB) og fjölþjóða þróunarbanka, sbr. skilgreiningu í 2. gr.

b. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð héraðsstjórna eða sveitarstjórna á svæði A sbr. viðauka I með reglum þessum,

c. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð opinberra fyrirtækja og stofnana á svæði A, sem falla undir skilgreiningu 2.gr. enda sé ekki um að ræða kröfur sem falla undir áhættuvog 0,0. Í viðauka II með reglum þessum eru talin upp þau opinberu fyrirtæki og stofnanir á Íslandi sem falla undir þetta ákvæði.

d. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð lánastofnana á svæði A en teljast ekki til eigin fjár þeirra; kröfur íslenskra sparisjóða á Sparisjóðabanka Íslands hf. fá þó áhættuvog 0,1,

e. eignaliðir sem eru kröfur á eða með ábyrgð fyrirtækja í verðbréfaþjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu, viðurkenndra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu utan Evrópska efnahagssvæðisins, skipulegra verðbréfamarkaða eða viðurkenndra greiðslujöfnunarstöðva en teljast ekki til eigin fjár þeirra,

f. eignaliðir sem eru til eins árs eða skemur og eru kröfur á eða með ábyrgð lánastofnana á svæði B, sbr. viðauka I, eða fyrirtækja í verðbréfaþjónustu annarra en þeirra sem talin eru upp í staflið e, þó ekki verðbréf gefin út af þessum aðilum sem teljast til eigin fjár þeirra,

g. eignaliðir sem eru tryggðir með handveði í verðbréfum sem gefin eru út af Fjárfestingarbanka Evrópu eða af fjölþjóða þróunarbönkum innan við 90% af skráðu gengi verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði,

h. eignaliðir sem eru tryggðir með handveði í verðbréfum sem gefin eru út af héraðsstjórnum eða sveitarstjórnum á svæði A innan við 90% af skráðu gengi verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði,

i. eignaliðir sem eru tryggðir með handveði í innstæðum hjá lánastofnunum á svæði A, öðru en lánastofnuninni sjálfri, eða innlánsskírteini eða svipuðum skjölum sem gefin eru út af sömu lánastofnunum og,

j. sjóðsliðir í innheimtu.

3. *Áhættuvog 0,5:* [1)]

a. lán tryggð með veði í fullbúnu íbúðarhúsnæði, sem er eða mun verða nýtt eða leigt út af lántakanda, innan 80% af fasteignamati eða sérstöku mati Fasteignamats ríkisins á markaðsverði íbúðarhúsnæðis með sama viðmiðunartíma og fasteignamatið og,

b. lán sem er að fullu tryggt með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði innan við 60% af fasteignamati þess, eða sérstöku mati Fasteignamats ríkisins á markaðsverði húsnæðis, enda sé húsnæðið nýtt eða leigt út af lántakanda og gefi af sér eðlilegar leigutekjur.

4. *Áhættuvog 1,0:*

Allir aðrir eignaliðir utan veltubókar.

---

1) Heimild til að flokka útlán með veði í fjölnota atvinnuhúsnæði í áhættuvogaflokk 0,5 fellur úr gildi 1. janúar 2001. Ákvæði þetta er einnig með fyrirvara um að tilskipun sem lögð hefur verið fyrir Evrópuráðið varðandi breytingu á tilskipun ESB um eiginfjárhlutfall lánastofnana, nr. 89/647/EBE, verði staðfest.

13. gr.

Breytistuðlar sem nota skal á einstaka liði utan efnahagsreiknings sbr.11. gr., aðra en vaxta- og gjaldmiðlasamning, skulu vera eftirfarandi.

1. Mikil áhætta, breytistuðull 1,0:

a. ábyrgðir sem jafna má til beinna lána,
b. samþykktir víxlar,
c. sölu- og endurkaupatryggingar þar sem lánaáhættan helst hjá lánastofnuninni og
d. aðrir liðir með mikla áhættu.

2. Miðlungsáhætta, breytistuðull 0,5:

a. útgefnar skjalaábyrgðir og staðfestar skjalaábyrgðir,
b. ábyrgðir og tryggingar (þar með taldar tilboðs-, fullnustu-, tolla- og skattaábyrgðir) og ábyrgðir sem ekki verður jafnað til beinna lána,
c. ónotaðar lánsheimildir (skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til lengri tíma en 1 árs,
d. sölutryggingar vegna verðbréfaútgáfu og hlaupandi sölutryggingar vegna verðbréfa og
e. aðrir liðir með miðlungsáhættu.

3. Miðlungs/lítil áhætta, breytistuðull 0,2:

a. skjalaábyrgðir, þar sem vörusending er sett sem veð, og önnur áþekk viðskipti og
b. aðrir liðir með miðlungs/litla áhættu.

4. Lítil áhætta, breytistuðull 0,0:

a. ónotaðar lánsheimildir (ónotaðar yfirdráttarheimildir, skuldbindingar um að lána, kaupa verðbréf, afla trygginga eða samþykkis á víxla) upphaflega til eins árs eða skemmri tíma eða sem hægt er að segja upp skilyrðislaust án fyrirvara hvenær sem er og
b. aðrir liðir með litla áhættu.

14. gr.

Til að reikna út útlánaígildi vaxtasamninga og gjaldmiðlasamninga sbr. 11. gr., getur stofnun valið að nota aðferð 1, sem byggir á markaðsvirði, eða aðferð 2 sem byggir á upphaflegri áhættu samningsins. Þó er bankaeftirlitinu heimilt, með hliðsjón af umfangi viðskipta, að ákveða að einstakar stofnanir noti aðra aðferðina fremur en hina.

Aðferð 1: Markaðsvirði

Samkvæmt þessari aðferð skal útlánaígildi afleiðusamninga reiknað út með því að leggja saman endurnýjunarkostnað afleiðusamninga með jákvætt gildi annars vegar og framtíðaráhættu afleiðusamninga hins vegar.

Endurnýjunarkostnað afleiðusamnings með jákvætt gildi má finna með því að meta útistandandi afleiðusamning á markaðsvirði.

Framtíðarútlánaáhættu skal meta með því að margfalda höfuðstólsfjárhæð afleiðusamninga, eða virði þeirra samninga sem að baki liggja, óháð því hvort um gnóttsamning eða skortsamning er að ræða, með eftirfarandi hlutfallstölum:

Tími til gjalddaga	*Vaxtasamningar*	*Gjaldmiðlasamningar*
Eitt ár eða skemur	0,0%	1,0%
Lengri en eitt ár	0,5%	5,0%

Aðferð 2: Upprunaleg áhætta

Samkvæmt þessari aðferð skal útlánaígildi afleiðusamnings reiknað út með því að margfalda grundvallarfjárhæð afleiðusamnings með eftirfarandi hlutfallstölum með hliðsjón af upphaflegum lánstíma samningsins.

Upphaflegur lánstími	*Vaxtasamningar*	*Gjaldmiðlasamningar*
Eitt ár eða skemur	0,5%	2,0%
Lengri en eitt ár en ekki lengri en tvö ár	1,0%	5,0%
Viðbót fyrir hvert ár að auki	1,0%	3,0%

Sé um að ræða afleiðusamninga þar sem grundvallarfjárhæð samnings mun lækka á samningstímanum, t.d. með hliðsjón af afborgun lána, er stofnuninni heimilt að taka tillit til þessa. Þetta skal gert með því að reikna út útlánaígildi hverrar afborgunar fyrir sig. Þegar um er að ræða vaxtasamninga getur stofnunin ennfremur sótt um heimild til bankaeftirlits til að miða við eftirstöðvatíma samnings í stað upphaflegs lánstíma.

15. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 14. gr. skulu gjaldmiðlasamningar til 14 daga eða skemur ekki reiknast með í áhættugrunni stofnunar. Ennfremur er heimilt að undanskilja afleiðusamninga um vexti eða gjaldmiðla sem verslað er með á skipulegum verðbréfamarkaði eða aðra samninga sem tryggðir eru með daglegum uppgjörum sem viðurkennd eru af bankaeftirlitinu.

16. gr.

Liðir utan efnahagsreiknings sem tengjast vöxtum og erlendum gjaldmiðli sbr. 14. gr. skulu flokkast á eftirfarandi hátt;

1. Vaxtasamningar

- vaxtaskipti innan sama gjaldmiðils,
- „Basis" vaxtaskiptasamningar,
- framvirkir vaxtasamningar,
- samningar um vaxtaviðskipti í framtíðinni,
- keyptur valréttur að vöxtum,
- aðrir svipaðir samningar.

2. Gjaldmiðlasamningar

- vaxtaskipti á milli gjaldmiðla,
- framvirkir gjaldmiðlasamningar,
- samningar um gjaldmiðlaviðskipti í framtíðinni,
- keyptur valréttur að erlendum gjaldeyri,
- aðrir svipaðir samningar.

Afleiðusamningar sem eru bæði með vaxta- og gjaldmiðlaviðmiðanir skulu flokkast sem gjaldmiðlasamningar við útreikning á áhættugrunni.

IV. KAFLI
Áhættugrunnur vegna liða í erlendum gjaldmiðli.

17. gr.

Ákvæði þessa kafla ná til allra eigna- og skuldaliða og liða utan efnahagsreiknings sem eru í erlendum gjaldmiðli og liða í íslenskum krónum ef þessir liðir eru með gengisviðmiðun óháð því hvort um er að ræða liði innan eða utan veltubókar.

Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu þessara liða skal vera sá hluti hreinnar gjaldeyrisstöðu stofnunar sem er umfram 2% af eigin fé hennar.

Útreikningur á gjaldeyrisstöðu stofnunar fer fram í tveimur þrepum. Fyrst skal reikna opna gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum í samræmi við ákvæði 18. - 20. gr. Því næst skal reikna hreina gjaldeyrisstöðu stofnunarinnar í samræmi við ákvæði 21. gr.

18. gr.

Opin gjaldeyrisstaða í gjaldmiðli telst vera mismunur á milli gnóttstöðu og skortstöðu í viðkomandi gjaldmiðli eins og þær eru metnar í samræmi við ákvæði 19. gr. og 20. gr.

Heimilt er að skipta upp samsettum mynteiningum s.s. SDR og ECU eftir vægi hverrar myntar í viðkomandi mynteiningu við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu í einstökum gjaldmiðlum.

19. gr.

Við útreikning á opinni gjaldeyrisstöðu stofnunar í einstökum gjaldmiðlum skal taka með allar eignir og skuldir og liði utan efnahagsreiknings í viðkomandi gjaldmiðli þar sem stofnunin sjálf ber gjaldeyrisáhættuna.

Eftirfarandi stöður skal taka með í útreikninginn:

1) Nettó nústöðu, þ.e. allar eignir að frádregnum skuldum að meðtöldum áföllnum ógjaldföllnum vöxtum. Afskriftareikningur útlána skal dreginn frá eignum í þessu sambandi.
2) Nettó framvirk staða, þ.e. staða stofnunar í framvirkum samningum, stöðluðum framvirkum samningum og gjaldmiðlaskiptasamningum að því marki sem þessir samningar eru ekki með í nettó nústöðu stofnunar. Gjaldmiðlaskiptasamninga skal meðhöndla sem eign í einum gjaldmiðli og sem skuld í öðrum.
3) Óafturkallanlegar ábyrgðir og svipaðar skuldbindingar ef öruggt er talið að á þær reyni og ólíklegt að þær verði endurkrefjanlegar.
4) Samanlagt nettó deltaviðri af valréttarsamningum um gjaldeyri. Stofnanir sem eiga í viðskiptum með valréttarsamninga skulu sækja sérstaklega um samþykki bankaeftirlitsins fyrir þeim matsaðferðum sem notaðar eru í þessu sambandi.
5) Markaðsviðri annarra valréttarsamninga í erlendum gjaldmiðli.

Stofnanir sem fengið hafa sérstaka heimild bankaeftirlitsins geta auk liða 1)-5) tekið tillit til eftirfarandi við mat á gjaldeyrisstöðu sinni;

6) Framtíðartekna/gjalda sem enn eru ekki áfallin en eru þegar að fullu baktryggð.
7) Staða sem stofnunin hefur beinlínis tekið til að baktryggja sig gegn óhagstæðum áhrifum gengisbreytinga gjaldmiðils á eiginfjárhlutfall svo og eignarhlutdeild í dótturfélögum sem dregin hefur verið frá við útreikning á eigin fé. Slíkar stöður má undanskilja við mat á gjaldeyrisstöðu enda séu þær ekki viðskiptalegs eðlis eða kerfisbundnar.

20. gr.

Gjaldeyrisstaða í einstökum gjaldmiðlum skal umreiknast yfir í íslenskar krónur miðað við opinbert viðmiðunargengi á uppgjörsdegi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er stofnun heimilt að fengnu sérstöku samþykki bankaeftirlitsins að miða útreikning sinn á gjaldeyrisstöðu við núviðri eigna- og skuldaliða og liða utan efnahagsreiknings. Með núviðri í þessu samhengi er átt við heildarviðri allra út- og inngreiðslna í framtíðinni núvirta með gildandi markaðsvöxtum.

21. gr.

Til að reikna út hreina gjaldeyrisstöðu stofnunar skal leggja saman annars vegar opna gjaldeyrisstöðu þeirra gjaldmiðla þar sem um gnóttstöðu er að ræða og hins vegar opna gjaldeyrisstöðu þeirra gjaldmiðla þar sem um skortstöðu er að ræða. Hærri fjárhæðin af þessum tveimur skal vera hrein gjaldeyrisstaða stofnunar við mat á áhættugrunni stofnunar vegna gjaldeyrisáhættu, sbr. 17. gr.

Stofnanir sem fengið hafa til þess sérstaka heimild bankaeftirlitsins geta þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., reiknað áhættugrunn vegna allra eða hluta þeirra gjaldmiðla sem stofnunin er með stöður í, miðað við innbyrðis fylgni gengisþróunar gjaldmiðla, samkvæmt nánari reglum sem bankaeftirlitið setur.

V. KAFLI
Áhættugrunnur vegna stöðuáhættu skuldaskjala og hlutabréfa í veltubók.

Ákvæði um stöðuáhættu.

22. gr.

Þegar veltubók stofnunar hefur verið skipt upp í stöður í skuldaskjölum og stöður í hlutabréfum í samræmi við 5. gr. skal áhættugrunnur vegna stöðuáhættu þessara liða vera samtala áhættugrunns vegna sérstakrar stöðuáhættu, sem er reiknaður í samræmi við ákvæði 26. gr og ákvæði 30. gr. og almennrar stöðuáhættu, sem er reiknaður í samræmi við ákvæði 28. gr. og ákvæði 31. gr.

Með sérstakri stöðuáhættu skuldaskjals er átt við þá vaxtaáhættu sem tengd er stöðu í skuldaskjali og tilkomin er vegna hættu á breytingu á verði viðkomandi skjals vegna aðstæðna sem tengjast útgefanda viðkomandi skjals.

Með almennri stöðuáhættu skuldaskjals er átt við þá vaxtaáhættu sem tengd er stöðu í ákveðnu skuldaskjali sem er tilkomin vegna hættu á breytingu á verði viðkomandi skjals vegna breytinga á almennu vaxtastigi.

Með sérstakri stöðuáhættu hlutabréfa er átt við þá áhættu sem tengd er stöðu í hlutabréfi sem er tilkomin vegna hættu á breytingu á verði viðkomandi hlutabréfs vegna aðstæðna sem tengjast útgefanda viðkomandi hlutabréfs.

Með almennri stöðuáhættu hlutabréfa og áhættu í afleiðusamningum sem tengdir eru hlutabréfum, er átt við þá stöðuáhættu sem er tilkomin vegna hættu á verðbreytingum á viðkomandi hlutabréfi sem er tilkomin vegna almennra verðsveiflna á hlutabréfamarkaði og er óháð séreinkennum einstakra hlutabréfa eða útgefenda þeirra.

Þegar um er að ræða afleiðusamninga skal við mat á stöðuáhættu miða við útgefanda grundvallarskjals afleiðusamnings.

Ákvæði um nettóstöðu.

23. gr.

Með nettóstöðu verðbréfa er átt við mismun á gnóttstöðu og skortstöðu í samskonar verðbréfum. Í þessu sambandi skal flokka þá afleiðusamninga stofnunar sem teljast til veltubókar á sama hátt og verðbréf í efnahagsreikningi og skal reikna gnóttstöður og skortstöður í grundvallarverðbréfi afleiðusamnings, eða í ímynduðu verðbréfi, í samræmi við ákvæði viðauka IV. Ennfremur skal taka tillit til endurhverfra viðskipta við útreikninga á nettóstöðum skuldaskjala og hlutabréfa í samræmi við fyrrnefndan viðauka.

Auk þess áhættugrunns sem er til kominn vegna stöðuáhættu afleiðusamninga í veltubók, sem reiknuð er í samræmi við ákvæði þessa kafla, skal reikna áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu þessara afleiðusamninga í samræmi við ákvæði 6. kafla, nema um sé að ræða staðlaða afleiðusamninga sem verslað er með á skipulegum verðbréfamarkaði og

annarra samninga sem tryggðir eru með daglegum uppgjörum sem eru viðurkennd af bankaeftirlitinu. Ennfremur skal reikna áhættugrunn vegna endurhverfra viðskipta í samræmi við ákvæði 6. kafla.

24. gr.

Nettóstöðu í skjölum sem eru í erlendum gjaldmiðli skal reikna yfir í íslenskar krónur á opinberu viðmiðunargengi áður en frekari útreikningar á áhættugrunni eiga sér stað.

Ákvæði um stöðuáhættu skuldaskjala.

25. gr.

Stofnunin skal flokka nettóstöðu sína í skuldaskjölum í samræmi við gjaldmiðil þann sem þau eru miðuð við og reikna áhættugrunn vegna almennrar og sérstakrar stöðuáhættu fyrir hvern gjaldmiðil fyrir sig.

Áhættugrunnur vegna sérstakrar stöðuáhættu skuldaskjala.

26. gr.

Til að reikna út áhættugrunn vegna sérstakrar stöðuáhættu skuldaskjala í veltubók skal flokka einstakar nettóstöður skuldaskjala í eftirfarandi áhættuflokka sbr. 27. gr.

Því næst skal finna brúttóstöðu hvers áhættuflokks með því að leggja einstakar nettóstöður saman óháð formerkjum, þ.e. óháð því hvort um gnóttstöðu eða skortstöðu í viðkomandi skuldaskjali er að ræða.

Áhættugrunnur fyrir sérstaka stöðuáhættu skuldaskjala er síðan brúttóstaða hvers flokks margfölduð með viðkomandi áhættuvog.

27. gr.

Áhættuflokkar vegna sérstakrar stöðuáhættu skuldaskjala eru eftirfarandi.

1. *Áhættuvog 0,00*
   Allar nettóstöður eignaliða sem eru kröfur í skuldaskjölum á ríkissjóð sbr. 1. tölul. 12. gr.

2. *Áhættuvog 0,03125*
   Allar nettóstöður í skuldaskjölum sem teljast fullgildir liðir og eru með eftirstöðvatíma á uppgjörsdegi sem er styttri en 6 mánuðir.

3. *Áhættuvog 0,125*
   Allar nettóstöður í skuldaskjölum sem teljast fullgildir liðir og eru með eftirstöðvatíma á uppgjörsdegi frá 6 mánuðum til 24 mánaða.

4. *Áhættuvog 0,20*
   Allar nettóstöður í skuldaskjölum sem teljast fullgildir liðir og eru með eftirstöðvatíma sem er lengri en 24 mánuðir.

5. *Áhættuvog 1,00*
   Allir aðrir liðir en þeir sem taldir eru upp í 1.-4. tölul.

Sé veruleg mótaðilaáhætta tengd skuldaskjalinu getur bankaeftirlitið ákveðið að tiltekið skuldaskjal sem fellur undir áhættuflokk 1-4 skuli flokkað í hærri áhættuflokk.

Með eftirstöðvartíma í skilningi 2.-4. tl. 1. mgr. skal miða við þann tíma sem er til lokagjalddaga skuldabréfsins.

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skuldaskjala.

28. gr.

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skuldaskjala í veltubók skal reiknaður í samræmi við ákvæði viðauka III um útreikning á almennri stöðuáhættu skuldaskjala. Stofnanir skulu reikna áhættugrunn samkvæmt binditímaaðferð. Þeim stofnunum sem fengið hafa til þess sérstaka heimild bankaeftirlitsins er þó heimilt að reikna út almenna stöðuáhættu samkvæmt rauntímaaðferð.

Stofnun skal nota eftirfarandi áhættuvogir fyrir jöfnun 1-7 sem reiknaðar eru í samræmi við áðurnefndan viðauka.

	Binditímaaðferð	Rauntímaaðferð		Binditímaaðferð	Rauntímaaðferð
Jöfnun 1	1,25	0,25	Jöfnun 5	5,00	5,00
Jöfnun 2	5,00	0,25	Jöfnun 6	18,75	18,75
Jöfnun 3	3,75	0,25	Jöfnun 7	12,50	12,50
Jöfnun 4	3,75	5,00			

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skal vera samtala jöfnunar 1 - 7 eftir að hver þeirra hefur verið margfölduð með fyrrgreindum áhættuvogum.

Ákvæði um stöðuáhættu hlutabréfa.

29. gr.

Stofnun skal leggja saman allar nettógnóttstöður og nettóskortstöður sínar, sbr. 23. gr., í hlutabréfum og afleiðum þar sem hlutabréf eru grundvallarskjal eða hlutabréfavísitölur grundvallarviðmiðun.

Heildarbrúttóstaða stofnunar í hlutabréfum skal vera samtala nettógnóttstaða og nettóskortstaða þeirra óháð formerkjum. Mismunur þeirra er heildarnettóstaða stofnunarinnar.

Áhættugrunnur vegna sérstakrar stöðuáhættu hlutabréfa.

30. gr.

Áhættugrunnur stofnunar vegna sérstakrar stöðuáhættu hlutabréfa í veltubók skal vera heildarbrúttóstaða hennar í hlutabréfum margfölduð með áhættuvog 0,5.

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu hlutabréfa.

31. gr.

Áhættugrunnur stofnunar vegna almennrar stöðuáhættu hlutabréfa í veltubók skal vera heildarnettóstaða hennar margfölduð með áhættuvog 1,0.

Ákvæði um stöðuáhættu vegna sölutryggingar verðbréfa.

32. gr.

Sú stöðuáhætta sem er tilkomin vegna sölutryggingar skuldaskjala og hlutabréfa skal reiknuð með í áhættugrunni stofnunar. Heimilt er að nota eftirfarandi niðurfærsluaðferð við að reikna út stöðuáhættuna:

1. Fyrst skal draga frá nettóstöðu sölutryggingarstöðu verðbréfs sem þriðji aðili hefur á grundvelli formlegs samkomulags skráð sig fyrir eða skuldbundið sig til að tryggja sölu á.
2. Því næst skal stofnunin reikna út nettóstöður sínar í sölutryggðum skjölum með eftirfarandi niðurfærsluþáttum:

- Virkur dagur 0	100% niðurfærsla	- 4. virkur dagur	50% niðurfærsla
- 1. virkur dagur	90% niðurfærsla	- 5. virkur dagur	25% niðurfærsla
- 2.-3. virkur dagur	75% niðurfærsla	- eftir 5. virkan dag	0% niðurfærsla

Virkur dagur 0 er samningsdagurinn, þ.e. sá dagur þegar stofnunin skuldbindur sig skilyrðislaust til að greiða ákveðin fjölda verðbréfa á umsömdu verði.

Bankaeftirlitið getur sett nánari skilyrði um sérstaka eiginfjárkröfu til að mæta tapsáhættu sem er á milli upphafsdags skuldbindingar, þ.e. virks dags 0, og 1. virks dags.

VI. KAFLI
Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu sem tengd er verðbréfaviðskiptum í veltubók.

Uppgjörs- og afhendingaráhætta óuppgerðra viðskipta.

33. gr.

Áhættugrunnur stofnunar vegna uppgjörsáhættu sem tengd er viðskiptum með verðbréf í veltubók þegar viðskiptin eru óuppgerð eftir að umsaminn afhendingarfrestur er útrunninn skal vera eins og hér greinir.

Þegar um sölu á verðbréfi er að ræða skal áhættugrunnurinn vera sá sami og jákvæður mismunur milli samningsverðs og markaðsverðs viðkomandi verðbréfs, margfaldaður með viðeigandi áhættuvog samkvæmt eftirfarandi töflu.

Þegar um kaup á verðbréfi er að ræða skal áhættugrunnurinn vera sá sami og jákvæður mismunur á milli markaðsverðs og samningsverðs, margfaldaður með viðeigandi áhættuvog samkvæmt eftirfarandi töflu.

Fjöldi virkra daga eftir umsaminn uppgjörsdag	*Áhættuvog*
5-15	100 %
16-30	625 %
31-45	937,5 %
46 eða fleiri	1.250 %

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um endurkaupasamninga, endursölusamninga, verðbréfalánveitingu eða verðbréfalántöku.

Mótaðilaáhætta ófrágenginna viðskipta.

34. gr.

Mótaðilaáhætta ófrágenginna viðskipta skal tekin með í áhættugrunn stofnunar ef;

1) Stofnun hefur greitt fyrir verðbréf áður en hún hefur móttekið þau.

2) Stofnun hefur látið af hendi verðbréf áður en hún hefur fengið greitt fyrir þau.

Sé um að ræða viðskipti milli landa skal miðað við að einn eða fleiri dagar hafi liðið síðan greiðsla eða afhending fór fram.

Áhættugrunnur stofnunar vegna mótaðilaáhættu þessara viðskipta skal metinn sem verðgildi verðbréfanna margfaldað með áhættuvog viðkomandi mótaðila í samræmi við ákvæði 3. kafla, 12. gr., ef stofnunin hefur greitt fyrir verðbréf áður en hún hefur móttekið þau.

Hafi stofnun látið af hendi verðbréf án þess að fá greitt fyrir þau skal hins vegar miðað við kröfuna á mótaðila í stað verðgildis verðbréfanna.

Mótaðilaáhætta endurkaupasamninga, endursölusamninga, verðbréfalánveitingar og verðbréfalántöku.

35. gr.

Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu endurkaupasamninga, endursölusamninga, verðbréfalánveitingar og verðbréfalántöku skal vera staða stofnunar reiknuð í samræmi við eftirfarandi ákvæði og margfölduð með áhættuvægi viðkomandi mótaðila, sbr. ákvæði 12. gr.

1) Þegar um er að ræða endurkaupasamninga sem byggjast á verðbréfum í veltubók stofnunar skal staða reiknuð sem mismunur markaðsverðs verðbréfanna sem stofnunin hefur látið af hendi og fjárhæðarinnar sem stofnunin hefur móttekið, ef mismunurinn er jákvæður.
2) Þegar um er að ræða endursölusamninga sem byggja á verðbréfum í veltubók skal staða reiknuð sem mismunur milli fjárhæðarinnar sem stofnunin hefur látið af hendi og markaðsverðs verðbréfanna, ef mismunurinn er jákvæður.
3) Þegar um er að ræða verðbréfalánveitingu skal staða stofnunar reiknuð sem mismunur milli markaðsvirðis verðbréfanna sem stofnunin hefur lánað og markaðsvirðis tryggingа, ef mismunurinn er jákvæður.
4) Þegar um er að ræða verðbréfalántöku skal staða stofnunar reiknuð sem mismunur milli markaðsvirðis þeirra trygginga sem stofnunin hefur sett og markaðsvirðis verðbréfanna sem stofnunin hefur móttekið, ef mismunurinn er jákvæður.

Við mat á markaðsvirði skulda, útlána og trygginga skal tekið tillit til áfallinna vaxta.

Mótaðilaáhætta afleiðusamninga sem verslað er með utan verðbréfamarkaðs.

36. gr.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu afleiðusamninga í veltubók, annarra en þeirra sem verslað er með á skipulegum verðbréfamarkaði eða eru tryggðir með daglegum uppgjörum á annan hátt sem viðurkennd eru af bankaeftirlitinu skal reikna út með því að reikna út útlánaígildi þessara samninga skv. aðferð markaðsvirðis, sbr. ákvæði 14. gr., og margfalda þannig fengna stöðu með þeirri áhættuvog sem gildir fyrir útlánaáhættu viðkomandi mótaðila sbr. ákvæði 12. gr.

Mótaðilaáhætta annarra liða í veltubók.

37. gr.

Áhættugrunnur vegna uppgjörs- og mótaðilaáhættu krafna í veltubók sem tengjast þóknunum, umboðslaunum, vöxtum, arði og tryggingafé í tengslum við staðlaða framvirka afleiðusamninga og valréttarsamninga, sem verslað er með á viðurkenndum verðbréfamarkaði, skal reiknaður með því að margfalda kröfuna með áhættuvog viðkomandi mótaðila, sbr. ákvæði 12. gr., enda hafi þessar kröfur ekki áður verið reiknaðar með í áhættugrunni stofnunar.

7. KAFLI
Áhættugrunnur vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.

38. gr.

Þeim stofnunum sem fengið hafa til þess skriflegt leyfi bankaeftirlitsins er heimilt að fara yfir þau mörk sem tilgreind eru í reglugerð um hámark lána og ábyrgða lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfþjónustu enda sé umframáhættan í samræmi við ákvæði þessa kafla.

Sá hluti áhættuskuldskuldbindinga einstaks viðskiptavinar ásamt fjárhagslega tengdum aðilum, sem er umfram 25% af eigin fé stofnunarinnar og sem er tilkominn vegna heimildarákvæðis þessara reglna nefnist umframáhætta í eftirfarandi greinum.

Forsendur fyrir umframáhættu stofnunar eru eftirfarandi;

1. Sá hluti áhættuskuldbindinga viðskiptavinar sem er umfram viðmiðunarmörkin sé áhættuskuldbinding í veltubók.
2. Stofnunin uppfylli viðbótareiginfjárkröfu sem hlýst af umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.

39. gr.

Eiginfjárkrafa vegna umframáhættu einstaks viðskiptavinar eða fjárhagslega tengdra aðila skal fundin út með því að bæta við áhættugrunn stofnunar fjárhæð sem reiknuð er út í samræmi við ákvæði 40. gr. og 41. gr.

Eiginfjárkrafa vegna umframáhættu skal koma til viðbótar eiginfjárkröfu sem reiknuð er vegna sömu liða samkvæmt ákvæðum annarra kafla þessara reglna.

Við mat á áhættuskuldbindingum einstaks viðskiptavinar eða fjárhagslega tengdra aðila skal miða við heildarskuldbindingu í hlutfalli af eiginfjárþætti A og B. Við útreikning á eiginfjárkröfu stofnunar vegna þess hluta áhættuskuldbindingar sem telst vera umframáhætta er heimilt að taka tillit til þess hluta eigin fjár stofnunar sem telst til eiginfjárþáttar C.

40. gr.

Áhættugrunnur umframáhættu sem varað hefur 10 daga eða skemur skal reiknast út með því að margfalda áhættugrunn vegna sérstakrar stöðuáhættu viðkomandi veltubókarliðar, sbr. ákvæði 5. kafla, og/eða áhættugrunn vegna uppgjörs- og mótaðilaáhættu, sbr. ákvæði 6. kafla, með stuðlinum 2,00.

Ekki skal taka tillit til almennrar stöðuáhættu liða í veltubók við útreikning á áhættugrunni vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga.

41. gr.

Hafi umframáhættan varað lengur en 10 daga skal, áður en frekari útreikningur á sér stað, flokka umframáhættur með hliðsjón af vægi einstakra liða við útreikning á áhættugrunni stofnunar. Með vægi liða í þessu samhengi er átt við vægi einstakra liða í áhættugrunni vegna sömu áhættuþátta og vitnað er til í 40. gr. Sá hluti umframáhættu sem hefur mest vægi skal koma síðast í áframhaldandi útreikningum.

Áhættugrunnur umframáhættu sem hefur varað lengur en 10 daga skal síðan reikna út með því að margfalda áhættugrunn vegna sérstakrar stöðuáhættu veltubókarliðar, sbr. ákvæði 5. kafla, og/eða áhættugrunn vegna uppgjörs- og mótaðilaáhættu, sbr. ákvæði 6. kafla, með viðeigandi stuðli samkvæmt eftirfarandi töflu.

Áhættuskuldbindingar umfram 25% af eigin fé (A+B+C).	**Stuðull**	**Áhættuskuldbindingar umfram 25% af eigin fé (A+B+C).**	**Stuðull**
Allt að 40% umframáhætta	2,00	Umframáhætta 80%-100%	5,00
Umframáhætta 40%-60%	3,00	Umframáhætta 100%-250%	6,00
Umframáhætta 60%-80%	4,00	Yfir 250%	9,00

Hafi umframáhætta vegna einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila varað 10 daga eða skemur, má umframáhætta stofnunar vegna þess viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila eigi fara yfir 500% af þeim hluta eigin fjár stofnunar sem telst til eiginfjárþátta A, B og C.

Hafi umframáhættan varað lengur en 10 daga má umframáhætta vegna einstaks viðskiptamanns eða fjárhagslega tengdra aðila eigi fara yfir 600% af þeim hluta eigin fjár stofnunar sem telst til eiginfjárþátta A, B og C.

Stofnanir skulu þriðja hvern mánuð tilkynna bankaeftirlitinu öll tilvik þar sem um umframáhættu hefur verið að ræða á næstliðnum þremur mánuðum. Tilgreina skal nafn viðkomandi viðskiptamanns og fjárhæð umframáhættu.

VIII. KAFLI
Samstæðuuppgjör.
42. gr.

Ákvæði þessara reglna skulu einnig ná til samstæðu þeirra stofnana sem taldar eru upp í 1. gr. þessara reglna.

Við útreikning á áhættugrunni samstæðu er heimilt að jafna stöðu í skuldaskjölum og hlutabréfum, sbr. ákvæði 5. kafla, milli stofnana innan samstæðunnar. Sama á við um stöður í gjaldmiðlum sbr. ákvæði 4. kafla.

IX. KAFLI
Gildistökuákvæði.
43. gr.

Reglur þessar eru settar með tilvísun til 1. mgr. 54. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði, 10. gr. laga nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti.

Reglurnar öðlast gildi 30. júní 1996 fyrir viðskiptabanka, sparisjóði og aðrar lánastofnanir og 31. ágúst 1996 fyrir fyrirtæki í verðbréfaþjónustu.

14. júní 1996.
Seðlabanki Íslands.

Birgir Ísleifur Gunnarsson. **Þórður Ólafsson.**

VIÐAUKI I
Flokkun ríkja í svæði A og B sbr. 12. gr. reglnanna.

Eftirtalin ríki falla undir svæði A[1)]

Austurríki	Grikkland	Lúxemborg	Stóra Bretland
Ástralía	Holland	Mexíkó	Sviss
Bandaríkin	Írland	Noregur	Svíþjóð
Belgía	Ísland	Nýja-Sjáland	Tyrkland
Danmörk	Ítalía	Portúgal	Þýskaland
Finnland	Japan	Saudi-Arabía	
Frakkland	Kanada	Spánn	

Svæði B

Öll önnur ríki en þau sem falla undir svæði A.

1) Ríki sem þurfa að skuldbreyta erlendum skuldum sínum eru útilokuð frá svæði A í 5 ár frá þeim tíma.

VIÐAUKI II
Listi yfir opinber fyrirtæki og stofnanir á Íslandi, sbr. tölulið 2. c. í 1. mgr. 12. gr. reglnanna o.fl.

Áhættuvog 0.0:

Ríkissjóður
Seðlabanki Íslands
Landsvirkjun

Áhættuvog 0.2:[2)]

Flugmálastjórn	Iðnþróunarsjóður	Rafmagnsveitur ríkisins
Framkvæmdasjóður Íslands	Orkubú Vestfjarða	Ríkisspítalar
Hitaveita Suðurnesja	Póstur og sími	Vegagerð ríkisins
Þróunarsjóður sjávarútvegsins		

Önnur opinber fyrirtæki og stofnanir sem falla undir skilgreiningu 2. gr. reglnanna skv. skriflegri yfirlýsingu bankaeftirlitsins.

Áhættuvog 1.0:

Öll önnur opinber fyrirtæki og stofnanir sem ekki uppfylla skilyrði skilgreiningar 2. gr. reglnanna.

VIÐAUKI III
Útreikningur á áhættugrunni vegna almennrar áhættu skuldaskjala og afleiðusamninga sbr. 28. gr. reglnanna.

A. Binditímaaðferð.

Áhættugrunn vegna almennrar áhættu skuldaskjala og afleiðusamninga í veltubók skal reikna í eftirfarandi þrepum.

Stofnunum sem einungis hafa gnóttstöðu í skuldaskjölum nægir að reikna út áhættugrunn sinn í samræmi við þrep 1, 2 og 3(A), en áhættugrunn annarra stofnana skal reikna út í samræmi við þrep 1,2 og 3(B) og síðan þrep 4-7.

Þrep 1.

Nettóstöður skuldaskjala skulu flokkaðar í viðeigandi binditímaflokk. Hver binditímaflokkur hefur sitt prósentuvægi í áframhaldandi útreikningum.

Binditímaflokkur nettóstöðu skuldaskjals ræðst annars vegar af binditíma vaxtaprósentu og hins vegar af því hvort vaxtagreiðslur á líftíma skuldaskjalsins eru með fasta vaxtaviðmiðun sem er hærri eða lægri en 3%.

2) Þau fyrirtæki sem talin eru hér upp geta fyrirvaralaust fallið út af listanum uppfylli þau ekki lengur þau skilyrði sem fram koma í skilgreiningu 2. gr. reglnanna.

Ef um er að ræða skuldaskjal með föstum vöxtum er binditími vaxtaprósentu sá sami og eftirstöðvatími bréfsins. Ef skjal er hins vegar með ákvæði um að vextir geti tekið breytingum fyrir lokagjalddaga þá skal miða við þann tíma sem er til þess dags að vextir verða ákvarðaðir að nýju.

Binditímaflokkar og hópar þeirra eru eftirfarandi;

Binditíma hópur	Binditíma-flokkur	Nafnvextir 3% eða hærri	Nafnvextir lægri en 3%.	Vægi í %	*Áætluð ávöxunar-kröfu br. á ári (í %)*
	1	0 ≤ 1 mánuður	0 ≤ 1 mánuður	0,00	--
	2	> 1 ≤ 3 mánuðir	> 1 ≤ 3 mánuðir	0,20	*1,00*
I	3	> 3 ≤ 6 mánuðir	> 3 ≤ 6 mánuðir	0,40	*1,00*
	4	> 6 ≤ 12 mánuðir	> 6 ≤ 12 mánuðir	0,70	*1,00*
	5	> 1 ≤ 2 ár	> 1,0 ≤ 1,9 ár	1,25	*0,90*
II	6	> 2 ≤ 3 ár	> 1,9 ≤ 2,8 ár	1,75	*0,80*
	7	> 3 ≤ 4 ár	> 2,8 ≤ 3,6 ár	2,25	*0,75*
	8	> 4 ≤ 5 ár	> 3,6 ≤ 4,3 ár	2,75	*0,75*
	9	> 5 ≤ 7 ár	> 4,3 ≤ 5,7 ár	3,25	*0,70*
	10	> 7 ≤ 10 ár	> 5,7 ≤ 7,3 ár	3,75	*0,65*
III	11	> 10 ≤ 15 ár	> 7,3 ≤ 9,3 ár	4,50	*0,60*
	12	> 15 ≤ 20 ár	> 9,3 ≤ 10,6 ár	5,25	*0,60*
	13	> 20 ár	>10,6 ≤ 12,0 ár	6,00	*0,60*
	14		>12,0 ≤ 20,0 ár	8,00	*0,60*
	15		> 20 ár	12,50	*0,60*

Þrep 2

Leggja skal saman innan hvers binditímaflokks nettógnóttstöður í skuldaskjölum annars vegar og nettóskortstöður í skuldaskjölum hins vegar.

Því næst skal margfalda þær samtölur með prósentuvægi viðeigandi binditímaflokks.

Þrep 3 (A)

Sé stofnun einungis með gnóttstöðu í skuldaskjölum í veltubók skal samtala veginnar gnóttstöðu allra binditímaflokka nefnast *Jöfnun 7.*

Þrep 3 (B)

Fyrir aðrar stofnanir en sem um getur í þrepi 3(A) skal jöfnuð staða binditímaflokksins vera sú fjárhæð sem er lægri, vegin gnóttstaða eða vegin skortstaða binditímaflokksins. Samtala af jöfnuðum stöðum allra binditímaflokka skal nefnast *Jöfnun 1.*

Mismunurinn á samtölu veginnar gnóttstöðu annars vegar og samtölu veginnar skortstöðu hins vegar í hverjum binditímaflokki er ójöfnuð staða binditímaflokksins.

Þrep 4

Allar ójafnaðar gnóttstöður innan hvers binditímahóps skulu því næst lagðar saman og þeim jafnað við samanlagðar ójafnaðar skortstöður innan sama binditímahóps.

Jöfnuð staða binditímahóps I skal nefnast *Jöfnun 2,* jöfnuð staða hóps II skal nefnast *Jöfnun 3* og jöfnuð staða hóps III skal nefnast *Jöfnun 4.*

Þrep 5

Stöður sem ekki eru jafnaðar samkvæmt þrepi 4 skal síðan jafna á milli binditímahópa I, II og III.

Fyrst skulu ójafnaðar stöður jafnaðar á milli binditímahópa I og II. Ójafnaðri stöðu í hópi II sem þá er eftir skal síðan jafnað á móti ójafnaðri stöðu binditímahóps III.

Jafnaðar stöður milli binditímahópa I og II skulu síðan lagðar saman við jafnaðar stöður á milli binditímahópa milli hóps II og III. Samtala þessi skal nefnast *Jöfnun 5.*

Heimilt er að jafna stöðum á milli binditímahópa II og III áður en jöfnun á milli hópa I og II á sér stað.

Þrep 6

Þeim hluta ójafnaðra staða binditímahóps I og III sem standa ójafnaðar þegar þrepi 4 er lokið skal nú jafnað. Þessi jöfnun skal nefnast *Jöfnun 6.*

Þrep 7

Ef enn eru til staðar ójafnaðar stöður skulu þær nefndar *Jöfnun 7.*

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðu áhættu skal vera samtala jöfnunar 1 - 7 eftir að hver þeirra hefur verið margfölduð með áhættuvog sem tilgreindar eru í 28. gr. þessara reglna.

B. Rauntímaaðferð.

Áhættugrunn vegna almennrar áhættu skuldaskjala og afleiðusamninga í veltubók skal reikna í eftirfarandi þrepum.

Þrep 1

Með hliðsjón af markaðsvirði skal fyrir hvert skuldaskjal með föstum vöxtum reikna út ávöxtun fram til gjalddaga. Fyrir skuldaskjal með breytilegum vöxtum skal á sama hátt reikna út ávöxtun út frá þeirri forsendu að uppgreiðsla lánsins eigi sér stað við næstu vaxtaákvörðun.

Þrep 2

Reikna skal út svonefndan leiðréttan rauntíma fyrir nettóstöður í einstökum skuldaskjölum á grundvelli eftirfarandi formúlu;

$$\text{Leiðréttur rauntími} = \frac{\text{Rauntími}}{(1+r)}$$

$$\text{Rauntími} = \frac{\sum_{t=1}^{m} \frac{t\,C_t}{(1+r)\uparrow t}}{\sum_{t=1}^{m} \frac{C_t}{(1+r)\uparrow t}}$$

þar sem

r = ávöxtun í prósentum fram til gjalddaga
t = tími til gjalddaga (ár)
Ct = greiðsla á tímapunkti t
↑t = í veldinu t
m = tími til síðasta gjalddaga (ár)

Þrep 3

Flokka skal nettóstöðu einstakra skuldaskjala í viðeigandi rauntímahóp sbr. eftirfarandi töflu. Flokkunin skal miðast við hinn leiðrétta rauntíma.

Rauntíma-hópur	Leiðréttur raun-tími (í árum)	Áætluð ávöxtunakröfu-breyting (%)
I	$> 0 \leq 1$	1,00
II	$> 1 \leq 3,6$	0,85
III	$> 3,6$	0,7

Þrep 4

Því næst skal stofnunin reikna út vegna stöðu fyrir hvert skjal á grundvelli rauntíma með því að margfalda markaðsverð skuldaskjalsins með leiðréttum rauntíma og áætlaðri vaxtabreytingu viðkomandi rauntímahóps sbr. töflu hér á undan.

Því næst skal leggja saman, innan hvers rauntímahóps, vegnar gnóttstöður annars vegar og vegnar skortstöður hins vegar.

Jöfnuð staða rauntímahóps skal vera sú fjárhæð sem er lægri gnóttstaða eða skortstaða innan hvers rauntímahóps. Jöfnun innan flokks I, skal nefnast *Jöfnun 1*, jöfnun innan hóps II, skal nefnast *Jöfnun 2* og jöfnun innan hóps III, skal nefnast *Jöfnun 3*.

Mismunur á milli samanlagðrar veginnar gnóttstöðu í hverjum rauntímahópi annars vegar og veginnar skortstöðu hins vegar er ójöfnuð staða rauntímahópsins.

Þrep 5

Ójafnaðar stöður innan hvers rauntímahóps skulu því næst jafnaðar á móti ójöfnuðum stöðum annarra hópa.

Fyrst skal ójöfnuðum stöðum hóps I og hóps II jafnað saman. Sú jöfnun skal nefnast *Jöfnun 4*.

Ójafnaðri stöðu rauntímahóps II sem þá er eftir skal síðan jafnað á móti ójöfnuðum stöðum binditímahóps III. Sú jöfnun sem þannig fæst skal nefnast *Jöfnun 5*.

Stofnunum er heimilt að jafna stöðum á milli rauntímahópa II og III áður en jöfnun á milli hóps I og II á sér stað.

Þrep 6

Þeim hluta ójafnaðra staða rauntímahóps I og III sem standa ójafnaðar þegar þrepi 5 er lokið skal nú jafnað saman. Þessi jöfnun skal nefnast *Jöfnun 6*

Þrep 7

Ef enn eru til staðar ójafnaðar stöður skulu þær nefnast *Jöfnun 7*.

Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skal vera samtala jöfnunar 1-7 eftir að þeir hafa verið margfaldaðir með þeim áhættuvogum sem tilgreindar eru í 28. gr. þessara reglna.

VIÐAUKI IV
Meðferð afleiðusamninga og endurhverfra viðskipta við útreikning á nettóstöðu skuldaskjala og hlutabréfa sbr. 23. gr. reglnanna.

1. Skiptasamningar.

Með hliðsjón af stöðuáhættu skal fara með skiptasamninga sem um verðbréf í efnahagsreikningi væri að ræða.

Ef um er að ræða vaxtaskiptasamning þar sem stofnunin tekur á móti breytilegum vöxtum en greiðir fasta skal fara með þann samning sem annars vegar gnóttstöðu í skuldaskjali þar sem binditíminn telst vera jafn þeim tíma þar til vextir verða ákvarðaðir næst og hins vegar sem skortstöðu í skuldaskjali með fasta vexti með binditíma sem er jafn gildistíma vaxtaskiptasamningsins.

Ef um er að ræða vaxtaskiptasamning þar sem stofnunin tekur á móti föstum vöxtum en greiðir breytilega skal fara með þann samning sem annars vegar skortstöðu í skuldaskjali með breytilega vexti þar sem binditími telst vera jafn þeim tíma þar til vextir verða ákvarðaðir næst og hins vegar sem gnóttstöðu í skuldaskjali með fasta vexti með binditíma sem er jafn tíma vaxtaskiptasamningsins.

Með gjaldmiðlaskiptasamninga skal fara á sama hátt og um framvirka gjaldmiðlasamninga væri að ræða.

Fara með stöður í skiptasamningum á sama hátt og um stöður í ríkisskuldabréfum væri að ræða, við útreikning á sérstakri stöðuáhættu samkvæmt ákvæðum 5. kafla.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu skiptasamnings skal reikna í samræmi við ákvæði 36. gr.

2. Framvirkir gjaldmiðlasamningar.

Líta skal á stöðu í framvirkum gjaldmiðlasamningum sem annars vegar stöðu í þeim gjaldmiðli sem stofnunin hefur skuldbundið sig til að selja og hins vegar sem stöðu í þeim gjaldmiðli sem stofnunin hefur skuldbundið sig til að kaupa.

Þegar almenn stöðuáhætta einstakra gjaldmiðla er reiknuð, skv. rauntímaaðferð sbr. ákvæði 5. kafla, skal setja markaðsvirði eða reiknað núvirði framvirks gjaldmiðlasamnings í viðeigandi binditímaflokk. Þegar binditímaaðferð er notuð skal setja nafnvirði samnings í viðeigandi binditímaflokk.

Stöður sem eru tilkomnar vegna framvirkra gjaldmiðlasamninga skal flokka m.t.t. almennrar og sérstakrar stöðuáhættu á sama hátt og sem um stöður í ríkisskuldabréfi með 0 % nafnvexti væri að ræða.

Bankaeftirlitið getur, þrátt fyrir ákvæði 4. gr., heimilað stofnun að telja stöður í framvirkum gjaldmiðlasamningum til liða utan veltubókar.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu framvirks gjaldmiðlasamnings skal reikna í samræmi við ákvæði 36. gr.

3. Staðlaðir framvirkir samningar.

Ákvæði þetta nær til staðlaðra framvirkra samninga og annarra framvirkra samninga sem eru staðlaðir og verslað er með á skipulögðum markaði og/eða eru tryggðir af verðbréfaþingi, viðskiptavaka eða greiðslujöfnunarstöð með daglegum uppgjörum og tryggingum.

Fara skal með staðlaða framvirka samninga sem samsetningu á gnóttstöðu og skortstöðu sbr. eftirfarandi:

1. Með stöðu í keyptum samningi skal fara sem samsetningu á annars vegar láni sem fellur í gjalddaga á uppgjörsdegi samningsins og hins vegar eignalið með sama gjalddaga og grundvallarskjal umrædds afleiðusamnings.
2. Með stöðu í seldum samningi skal fara sem samsetningu á annars vegar eignalið með sama gjalddaga og afleiðusamningurinn og hins vegar skuld með sama gjalddaga og grundvallarskjal umrædds afleiðusamnings.

Við útreikning á sérstakri stöðuáhættu og við flokkun í binditímaflokk skal fara með reiknaðar gnótt- og skortstöður á sama hátt og um stöður í ríkisskuldabréfi með 0% nafnvexti væri að ræða.

4. Framvirkir vaxtasamningar.

Fara skal með framvirka vaxtasamninga sem samsetningu á gnóttstöðu og skortstöðu sbr. eftirfarandi:

1. Með stöðu í keyptum samningi skal fara sem samsetningu á annars vegar láni sem fellur í gjalddaga á uppgjörsdegi samningsins og hins vegar eignalið með sama gjalddaga og grundvallarskjal umrædds afleiðusamnings.
2. Með stöðu í seldum samningi skal fara sem samsetningu á annars vegar eignalið með sama gjalddaga og afleiðusamningurinn og hins vegar skuld með sama gjalddaga og grundvallarskjal umrædds afleiðusamnings.

Við útreikning á sérstakri stöðuáhættu og við flokkun í binditímaflokk skal fara með reiknaðar gnótt- og skortstöður á sama hátt og stöðu í ríkisskuldabréfi með 0% nafnvexti.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu framvirks vaxtasamnings skal reikna í samræmi við ákvæði 36. gr.

5. Valréttarsamningar.

Líta skal á valréttarsamninga sem samsetningu eigna- og skuldaliðar. Reikna skal stöður vegna þessara samninga sem jafngildi fjárhæðar grundvallarskjalsins, sem kauprétturinn vísar til, margfaldað með delta stuðli valréttarsamningsins. Þannig reiknuðum stöðum má jafna á móti samsvarandi stöðu í grundvallarskjali eða afleiðusamningi í sama binditíma- eða rauntímaflokki sbr. viðauka III. Delta stuðullinn sem nota á skal vera sá sami og gildir á viðkomandi verðbréfamarkaði. Ef um er að ræða aðra valréttarsamninga en þá sem verslað er með á verðbréfamarkaði skal stofnunin sjálf reikna út delta stuðul í samræmi við reikniaðferð sem bankaeftirlitið hefur samþykkt. Bankaeftirlitið getur kveðið nánar á um hvernig reikna skuli út deltaviðri valréttarsamninga svo og sérstaka eiginfjárkröfu vegna annarrar áhættu sem tengd er valréttarsamningum s.s. gamma og vega áhættu.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu valréttarsamnings skal reikna í samræmi við ákvæði 36. gr.

6. Endurhverf viðskipti.

Við raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti með verðbréf í veltubók skal framseljandi halda áfram að tilgreina hina framseldu eign í efnahagsreikningi sínum, sbr. 10. gr. reglna nr. 554/1994 um gerð ársreiknings viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Taka skal því tillit til þessara verðbréfa við útreikning á stöðuáhættu framseljanda en ekki hjá framsalshafa.

Þegar um er að ræða endurkaupasamning þar sem endurkaupsverðið er fyrirfram ákvarðað í samningnum skal framseljandi jafnframt taka tillit til þeirrar stöðuáhættu sem tengd er endurkaupaskuldbindingunni. Framseljandi skal líta á endurkaupaskuldbindinguna sem skortstöðu og flokka hana á sama hátt og skortstöðu í ríkisskuldabréfum með 0% nafnvöxtum.

Á sama hátt skal framsalshafi taka tillit til þeirrar stöðuáhættu sem tengd er endursölukröfunni í slíkum samningum. Framsalshafi skal því við útreikning á stöðuáhættu líta á endursölukröfuna sem gnóttstöðu og flokka hana á sama hátt og eign í ríkisskuldabréfum með 0% nafnvöxtum.

Áhættugrunn vegna mótaðilaáhættu endurhverfra viðskipta skal reikna í samræmi við ákvæði 35. gr.

7. Afleiðusamningar tengdir hlutabréfavísitölu.

Bankaeftirlitið getur heimilað stofnun að við útreikning á nettóstöðu í verðbréfi sbr. 23. gr. sé staðlaður framvirkur samningur sem tengdur er hlutabréfavísitölu sundurliðaður í stöður í sérhverjum þeim hlutabréfum sem vísitalan er reiknuð út frá.

Ennfremur getur bankaeftirlitið heimilað stofnun að undanskilja, við útreikning á sérstakri stöðuáhættu hlutabréfa sbr. 30 gr., afleiðusamninga sem tengdir eru fjölþættri hlutabréfavísitölu.

VIÐAUKI V

Nafn stofnunar/
fyrirtækis: _____

☐ *Stofnunin*
☐ *Samstæðan*

Skýrsla um eigið fé, áhættugrunn og eiginfjárhlutfall

- Fyrir lánastofnanir og fyrirtæki í verðbréfaþjónustu -

Uppgjör pr.:

Eigið fé skv. eiginfjárákvæðum laga:

	Fjárhæðir í þús.kr.
Eiginfjárþáttur A (lágmark 50% af samtölu eiginfjárþátta A,B og C):	
Hlutafé/stofnfé	
Varasjóður	
Endurmatsreikningur skv.verðbólgureikningsskilum	
Óráðstafað eigið fé *(sjá skýr. 1 á skýringablaði)*	
- eignfærð eigin hlutabréf	
- viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir	
- ófærðar áfallnar skattskuldbindingar	
Eiginfjárþáttur A samtals	
Eiginfjárþáttur B (hámark 50% af eiginfjárþætti A):	
Víkjandi lán	
Endurmatsreikningur annar en samkvæmt eiginfjárþætti A	
Eiginfjárþáttur B samtals	
Eiginfjárþáttur C (hámark 4,8% af lið 8 á ebl. 2.0 og hám. 50% af eiginfjárþætti A):	
Eiginfjárþættir A + B + C samtals	
- eignarhlutir í fjármálastofnunum > 10 % af hlutafé félags *Sjá skýr. 2)* *á skýr.bl.*	
- eignarhlutir í fjármálastofn. allt að 10 % af hlutafé félags *Sjá skýr. 3)* *á skýr.bl.*	
+ 10 % af eiginfjárþáttum A + B *Sjá skýr. 4)* *á skýr.bl.*	
Eigið fé samtals **E**	
Áhættugrunnur, sbr. niðurstöðu á ebl. 2.0 **Á**	
Eiginfjárhlutfall (E/Á) x 100	

_____
Undirskrift stjórnanda stofnunar/ fyrirtækis

Nafn starfsmanns sem upplýsingar veitir og sími ; _____

Ebl. 1.0

Skýringar við ebl. 1.0, sbr. tilvitnanir 1-4:

1) Til óráðstafaðs eigin fjár má einungis telja hagnað tímabils skv. milliuppgjöri sem staðfest er með áritun endurskoðanda stofnunar. Tap tímabils skal ávallt draga frá óráðstöfuðu eigin fé óháð því hvort að um staðfest uppgjör er að ræða eða ekki, sbr. ákvæði laga.
2) Eignarhlutir í fjármálastofnunum, sem eru yfir 10 % af hlutafé viðkomandi hlutdeildarfélags. Undanskildir eru eignarhlutir í dótturfélögum, sem reiknast með í samstæðureikningi stofnunarinnar og dótturfélaga, svo og eignarhlutir, sem stofnunin hefur eignast tímabundið. Eignarhl. í Sparisjóðabankanum er einnig undanskilinn.
3) Eignarhlutir í fjármálastofnunum, sem eru allt að 10 % af hlutafé viðkomandi félags, svo og eignarhlutur sparisjóðs í Sparisjóðabankanum. Undanskildir eru eignarhlutir, sem stofnunin hefur eignast tímabundið.
4) Að hámarki sú fjárhæð, sem dregst frá eigin fé skv. næsta lið fyrir ofan.

Áhættugrunnur

Uppgjör pr.

Áhættugrunnur vegna útlánaáhættu liða utan veltubókar		Fjárhæðir í þús.kr.
1. Útlánaáhætta liða utan veltubókar		
1.1 *Áhættugrunnur vegna útlánaáhættu liða utan veltub., reikn. skv.. ákv. 3. kafla*	*Sjá ebl. 3.0*	

Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu veltubókarliða og liða utan veltubókar		
2. Gjaldeyrisáhætta		
2.1 *Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu, reikn. skv. ákv. 4. kafla*	*Sjá ebl. 4.0*	

Áhættugrunnur vegna stöðu- og mótaðilaáhættu veltubókarliða *1)*		
3. Stöðuáhætta skuldaskjala og hlutabréfa		
3.1 Áhættugrunnur vegna sérstakrar stöðuáhættu skuldaskjala	*Sjá ebl. 5.0*	
3.2 Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu skuldaskjala	*Sjá ebl. 5.1*	
3.3 Áhættugrunnur vegna stöðuáhættu hlutabréfa	*Sjá ebl. 5.4*	
Samtals áhættugrunnur reiknaður skv. ákvæðum 5. kafla		
4. Mótaðilaáhætta sem tengd er verðbréfaviðskiptum í veltubók		
4.1 Áhættugrunnur vegna uppgjörs- og afhendingaráhættu óuppgerðra viðskipta	*Sjá ebl. 6.0*	
4.2 Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu ófrágenginna viðskipta	*Sjá ebl. 6.1*	
4.3 Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu endurhverfra viðskipta og verðbréfalánaviðskipta	*Sjá ebl. 6.2*	
4.4 Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu afleiðusamninga í veltubók	*Sjá ebl. 6.3*	
4.5 Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu annarra liða í veltubók	*Sjá ebl. 6.4*	
Samtals áhættugrunnur reiknaður skv. ákvæðum 6. kafla		
5. Umframáhætta stórra áhættuskuldbindinga		
5.1 Áhættugrunnur vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga, reikn. skv. ákv. 7. kafla.	*(sjá ebl. 7.0)*	
6. Samtals áhættugrunnur vegna stöðu- og mótaðilaáhættu veltubókarliða (3+4+5)		
7. Samtals áhættugrunnur stofnunar. Liður 1+2+6	*Fært á ebl.1.0* **Á**	
8. Þar af áhættugrunnur vegna markaðsáhættu (2+6)		

1) Sbr. þó ákv. 6. gr.

Ebl. 2.0

Áhættugrunnur vegna útlánaáhættu utan veltubókar

Fjárhæðir í þús.kr.

Eignaliðir	Bókfærð staða	Áhættu-vog	Vegin staða
Sjóður og óbundnar innstæður í seðlabanka og fleira		0,0	
Ríkisvíxlar og aðrir víxlar endurseljanlegir í seðlabanka		0,0	
Kröfur á lánastofnanir og fleira:			
Bundnar kröfur á seðlabanka		0,0	
Kröfur sparisjóða á Sparisjóðabanka Íslands		0,1	
Kröfur á lánastofnanir aðrar en kröfur sparisjóða á Sparisjóðabanka Íslands		0,2	
Útlán og fleira (að frádregnum afskriftareikningi útlána):			
Útlán til viðskiptavina			
útlán til opinberra aðila, með beinni ríkisábyrgð, m/handveði o.fl.		0,0	
útlán til (eða m/ábyrgð) lánast., fyrirt. í verðbr.þj., opinb.fyrirt. o.fl.		0,2	
útlán tryggð með veði í íbúðarhúsnæði eða fjölnota atvinnuhúsnæði		0,5	
önnur útlán		1,0	
Eignarleigusamningar			
eignarleigusamningar		0,0	
eignarleigusamningar		0,2	
eignarleigusamningar		1,0	
Fullnustueignir		1,0	
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum			
Ríkisskuldabréf og önnur verðbréf með beinni ríkisábyrgð o.fl.		0,0	
Markaðsskuldabréf útgefin af lánastofnun, fyrirtækjum í verðbr.þj. o.fl.		0,2	
Önnur markaðsskuldabréf		1,0	
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum		1,0	
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum		1,0	
Hlutir í tengdum fyrirtækjum		1,0	
Óefnislegar eignir		1,0	
Rekstrarfjármunir		1,0	
Rekstrarleigueignir		1,0	
Aðrar eignir			
aðrar eignir		0,0	
aðrar eignir		0,2	
aðrar eignir		1,0	
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur		1,0	
Samtals eignaliðir og áhættugrunnur eignaliða		1)	
- eignaliðir samtals sem dregnir eru frá eigin fé, sbr. yfirlit á ebl. 1		-	
+ 10% af eiginfjárþáttum A + B, sbr. eiginfjáryfirlit á ebl. 1		+	
Áhættugrunnur vegna ábyrgða, sbr. niðurst. á ebl. 3.1			
Áhættugrunnur vegna vaxta- og gjaldmiðlasamninga, sbr. niðurst. á ebl. 3.2 eða ebl. 3.3.			
Samtals áhættugr. v/ útlánaáhættu liða utan veltubókar	*Færist á ebl. 2.0*		

1) Þessi samtala að viðb. veltubókarliðum (sbr. ebl. 8.0) skal stemma við niðurstöðutölu efnahagsreiknings.

Ebl. 3.0

Áhættugrunnur vegna útlánaáhættu liða utan veltubókar

framh. frá ebl. 3.0

	Fjárhæðir í þús.kr.

Veittar ábyrgðir	Bókfærð staða	Breyti - stuðull	Áhættu- vog	Vegin staða
Ábyrgðir, mikil áhætta		1,00	0,00	
" "		1,00	0,10	
" "		1,00	0,20	
" "		1,00	0,50	
" "		1,00	1,00	
Ábyrgðir, miðlungsáhætta		0,50	0,00	
" "		0,50	0,10	
" "		0,50	0,20	
" "		0,50	0,50	
" "		0,50	1,00	
Ábyrgðir, miðlungs/lítil áhætta		0,20	0,00	
" "		0,20	0,10	
" "		0,20	0,20	
" "		0,20	0,50	
" "		0,20	1,00	
Ábyrgðir, lítil áhætta		0,00		
Ábyrgðir samtals		1)		

Áhættugrunnur vegna ábyrgða samtals *Færist á ebl. 3.0.*

1) Þessi tala skal stemma við heildarupphæð veittra ábyrgða skv. bókhaldi stofnunarinnar

Vaxtasamningar og gjaldmiðlasamningar
Aðferð 1 - markaðsvirði -

Fjárhæðir í þús.kr.

A. Vaxtasamningar

Eftirstöðvatími ≤ 1 ár	(1) Grundvallar-fjárhæð	(2) Markaðsvirði á uppgj.degi (endurnýjunar-kostnaður)	(3) Áhættu-hlutfall	(4) Framtíðar-áhætta (1*3)	(5) Útlánaígildi afleiðusamn. (2+4)	(6) Áhættu-vog	(7) Vegin staða
Mótaðili sem							
fellur undir 1. tl. 12. gr.			0,000			0,0	
2. tl. 12. gr.			0,000			0,2	
3. tl. 12. gr.			0,000			0,5	
4. tl. 12. gr.			0,000			1,0	

Samtals áhættugrunnur vegna vaxtasamninga ≤ 1 ár

Eftirstöðvatími
> 1 ár

Mótaðili sem							
fellur undir 1. tl. 12. gr.			0,005			0,0	
2. tl. 12. gr.			0,005			0,2	
3. tl. 12. gr.			0,005			0,5	
4. tl. 12. gr.			0,005			1,0	

Samtals áhættugrunnur vegna vaxtasamninga > 1 ár

B. Gjaldmiðlasamningar

Eftirstöðvatími
≤ 1 ár

Mótaðili sem							
fellur undir 1. tl. 12. gr.			0,010			0,0	
2. tl. 12. gr.			0,010			0,2	
3. tl. 12. gr.			0,010			0,5	
4. tl. 12. gr.			0,010			1,0	

Samtals áhættugrunnur vegna gjaldmiðlasamninga ≤ 1 ár

Eftirstöðvartími
> 1 ár

Mótaðili sem							
fellur undir 1. tl. 12. gr.			0,050			0,0	
2. tl. 12. gr.			0,050			0,2	
3. tl. 12. gr.			0,050			0,5	
4. tl. 12. gr.			0,050			1,0	

Samtals áhættugrunnur vegna gjaldmiðlasamninga > 1 ár

Áhættugrunnur vaxta- og gjaldmiðlasamninga samtals ***(færist á ebl. 3.0)***

Vaxtasamningar og gjaldmiðlasamningar
Aðferð 2 - upprunaleg áhætta -

Fjárhæðir í þús.kr.

	Reiknuð höfuðstóls-fjárhæð	Breyti-stuðull	Áhættu-vog	Vegin staða
Vaxtasamningar				
Vaxtasamningar, *áhættuvog 0,0 samtals*			0,0	
upphaflegur lánstími ≤ 1 ár		0,005	0,2	
upphaflegur lánstími > 1 ár ≤ 2 ár		0,01	0,2	
upphaflegur lánstími > 2 ár *a)*			0,2	
Áhættuvog 0,2 samtals				
upphaflegur lánstími ≤ 1 ár		0,005	0,5	
upphaflegur lánstími > 1 ár ≤ 2 ár		0,01	0,5	
upphaflegur lánstími > 2 ár *a)*			0,5	
Áhættuvog 0,5 samtals				
upphaflegur lánstími ≤ 1 ár		0,005	1,0	
upphaflegur lánstími > 1 ár ≤ 2 ár		0,01	1,0	
upphaflegur lánstími > 2 ár *a)*			1,0	
Áhættuvog 1,0 samtals				
Áhættugrunnur vegna vaxtasamninga samtals				
Gjaldmiðlasamningar				
Gjaldmiðlasamningar, *áhættuvog 0,0 samtals*			0,0	
upphaflegur lánstími ≤ 1 ár		0,02	0,2	
upphaflegur lánstími > 1 ár ≤ 2 ár		0,05	0,2	
upphaflegur lánstími > 2 ár *b)*			0,2	
Áhættuvog 0,2 samtals				
upphaflegur lánstími ≤ 1 ár		0,02	0,5	
upphaflegur lánstími > 1 ár ≤ 2 ár		0,05	0,5	
upphaflegur lánstími > 2 ár *b)*			0,5	
Áhættuvog 0,5 samtals				
upphaflegur lánstími ≤ 1 ár		0,02	1,0	
upphaflegur lánstími > 1 ár ≤ 2 ár		0,05	1,0	
upphaflegur lánstími > 2 ár *b)*			1,0	
Áhættuvog 1,0 samtals				
Áhættugrunnur vegna gjaldmiðlasamninga samtals				
Áhættugrunnur vegna vaxta-og gjaldmiðlasamninga samtals *(færist á ebl. 3.0)*				

a) Margfeldisstuðull hækkar um 0,01 fyrir hvert ár í viðbót
b) Margfeldisstuðull hækkar um 0,03 fyrir hvert ár í viðbót

Útreikningur á áhættugrunni vegna gjaldeyrisáhættu, sbr. 4. kafla.

		Fjárhæðir í þús.kr.
1.	Samtala opinna gjaldeyrisstaða í þeim gjaldmiðlum sem eru með netto gnóttstöðu 1)	
2.	Samtala opinna gjaldeyrisstaða í þeim gjaldmiðlum sem eru með netto skortstöðu 1)	
3.	Hrein gjaldeyrisstaða (sú fjárhæð sem er hærri af 1. eða 2. lið hér að ofan)	
4.	2% af eigin fé stofnunarinnar, sbr. lið E á eyðublaði 1.0	
5.	**Áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu (liður 3 - liður 4)** ***(færist á ebl.2.0)*** 2)	

1) *Nettó gnóttstaða og nettó skortstaða skal stemma við skýrslu stofnunarinnar til Seðlabanka um gjaldeyrisjöfnuð sbr. reglur þar að lútandi. Stofnanir sem ekki skila inn slíkum skýrslum skulu láta fylgja yfirlit yfir gjaldeyrisjöfnuð á uppgjörsdegi, skipt niður í einstaka gjaldmiðla.*

2) *Sé um neikvæða stærð að ræða telst áhættugrunnur vegna gjaldeyrisáhættu vera núll við útreikning á eiginfjárhlutföllum.*

Áhættugrunnur vegna sérstakrar stöðuáhættu skuldaskjala, sbr. ákvæði í 5 kafla.

Fjárhæðir í þús.kr.

	Brúttóstaða	Áhættu-vog	Vegin fjárhæð
Staða í ríkisskuldabréfum		0,0	
Staða í afleiðusamningum með 0 % áhættuvog		0,0	
Staða í fullgildum liðum , eftirstöðvatími < en 6 mánuðir		0,03125	
Staða í fullgildum liðum , eftirstöðvatími 6 - 24 mánuðir		0,125	
Staða í fullgildum liðum , eftirstöðvatími > 24 mánuðir		0,2	
Staða í öðrum skuldaskjölum		1,00	
Áhættugrunnur vegna sérstakrar stöðuáhættu ***(færist á ebl. 2.0)***			

Ebl. 5.0

Útreikningur á almennri stöðuáhættu skuldaskjala, sbr. ákvæði í 5. kafla

Fjárhæðir í þús.kr.

A. Binditímaaðferð [1]

		Brúttóstaða	Áhættu-vog	Áhættu-grunnur
1	Jöfnun 1, jafnaðar stöður innan binditímaflokka		1,25	
2	Jöfnun 2, jafnaðar stöður innan hóps I		5,00	
3	Jöfnun 3, jafnaðar stöður innan hóps II		3,75	
4	Jöfnun 4, jafnaðar stöður innan hóps III		3,75	
5	Jöfnun 5, jafnaðar stöður milli hóps I og II og á milli II og III		5,00	
6	Jöfnun 6, jafnaðar stöður milli hóps I og III		18,75	
7	Jöfnun 7, ójafnaðar stöður		12,50	
	Samanlagður áhættugrunnur vegna alm. stöðuáhættu skuldaskjala, samkvæmt binditímaaðferð (færist á ebl. 2.0)			

B. Rauntímaaðferð [1]

			Áhættu-vog	Áhættu-grunnur
1	Jöfnun 1, jafnaðar stöður innan rauntímahóps I		0,25	
2	Jöfnun 2, jafnaðar stöður innan rauntímahóps II		0,25	
3	Jöfnun 3, jafnaðar stöður innan rauntímahóps III		0,25	
4	Jöfnun 4, jafnaðar stöður á milli hóps I og II		5,00	
5	Jöfnun 5, jafnaðar stöður milli hóps II og III		5,00	
6	Jöfnun 6, jafnaðar stöður milli hóps I og III		18,75	
7	Jöfnun 7, ójafnaðar stöður		12,50	
	Samanlagður áhættugrunnur vegna alm. stöðuáhættu skuldaskjala, samkvæmt rauntímaaðferð (færist á ebl. 2.0)			

1) Sbr. ákvæði 28. gr.

A. Binditímaaðferð

Gjaldmiðill 1) [ ]

(Sbr. 5. kafli og viðauki III, þrep 1-7)

Fjárhæðir í þús.kr.

Bindi-tíma-hópur	Bindi-tíma-flokkur	Staða í skuldaskjölum		Vægi (í %)	Vegin staða		**Jöfnun innan flokka**	Ójöfnuð staða flokks		**Jöfnun innan hópa**	Ójöfnuð staða hópa		**Jöfnuður á milli hópa**
		Gnóttstaða	Skortstaða		Gnóttstaða	Skortstaða		Gnóttstaða	Skortstaða		Gnóttstaða	Skortstaða	
		-- Þrep 1 --			*-- Þrep 2 --*		*-- Þrep 3 (B) --*	*-- Þrep 4 --*			*-- Þrep 5 - 7 og 3(A) --*		
I.	1			0,00									*-- Þrep 5 --*
	2			0,20									
	3			0,40									***Jöfnun 5*** ↓
	4			0,70						***Jöfnun 2*** ↓			*(II → I og II → III)*
							Samtals I						
II.	5			1,25									*-- Þrep 6 --*
	6			1,75									***Jöfnun 6*** ↓
	7			2,25						***Jöfnun 3*** ↓			*(I → III)*
							Samtals II						
III.	8			2,75									*-- Þrep 3 (A) eða þrep 7 --*
	9			3,25									
	10			3,75									
	11			4,50									
	12			5,25									
	13			6,00									
	14			8,00									***Jöfnun 7*** ↓
	15			12,50						***Jöfnun 4*** ↓			*(afgangur)*
							Samtals III						
Samtals I-III							***Jöfnun 1*** →						

1) Stofnanir skulu skila einni skýrslu fyrir hvern gjaldmiðil, nema ef stofnun er eingöngu með gnóttstöður í skuldaskjölum og erlendir liðir eru óveruleg fjárhæð.

B. Rauntímaaðferð

Gjaldmiðill 1) [ ]

(Sbr. 5. kafli og viðauki III, (þrep 1-7)

Fjárhæðir í þús.kr.

Raun-tíma-hópur	Staða í skuldaskjölum		Rauntímavegin staða		Áætluð áv.krófu-breyting	Vegin staða		Jöfnun innan hópa	Ójöfnuð staða hópa		Jöfnuður á milli hópa
	Gnóttstaða	Skortstaða	Gnóttstaða 2)	Skortstaða 2)		Gnóttstaða	Skortstaða		Gnóttstaða	Skortstaða	
	-- *Þrep 3* --		-- *Þrep 4* --						-- *Þrep 5 - 7* --		
								Jöfnun 1 ↓			***Jöfnun 4*** ↓ *(I → II)*
I.					1,00%						
								Jöfnun 2 ↓			***Jöfnun 5*** ↓ *(II→III)*
II.					0,85%						
								Jöfnun 3 ↓			***Jöfnun 6*** ↓ *(I → III)*
III.					0,70%						
											Jöfnun 7 ↓ *(afgangur)*

1) Stofnanir skulu skila einni skýrslu fyrir hvern gjaldmiðil, nema ef stofnun er eingöngu með gnóttstöður í skuldaskjölum og erlendir liðir eru óveruleg fjárhæð.
2) Eftir að markaðsverð verðbréfa hefur verið margfaldað með leiðréttum rauntíma viðkomandi verðbréfs.

Útreikningur á áhættugrunni vegna stöðuáhættu hlutabréfa, sbr. ákvæði 5. kafla

		Fjárhæðir í þús.kr.
		Heildar-brúttóstaða
1	Samtala gnóttstaða	
2	Samtala skortstaða	
3	**Heildar brúttóstaða stofnunarinnar (liður 1+2)**	
4	**Heildar nettóstaða (mismunur á lið 1 og 2)**	

		Heildar-brúttóstaða	Áhættu-vog	Vegin fjárhæð
5	**Áhættugrunnur vegna sérstakrar stöðuáhættu hlutabréfa**			
5.1	Heildarbrúttóstaða		0,5	
6	**Áhættugrunnur vegna almennrar stöðuáhættu hlutabréfa**			
6.1	Heildarnettóstaða		1,0	
7	**Samtals áhættugrunnur vegna stöðuáhættu hlutabréfa**			
7.1	**Vegin heildarbrúttóstaða + vegin heildarnettóstaða** *(færist á ebl. 2.0)*			

Áhættugrunnur vegna uppgjörs- og afhendingaráhættu óuppgerðra viðskipta í veltubók, sbr. ákvæði 6. kafla, 33 gr.

Fjárhæðir í þús.kr.

	Samnings-verð	Markaðs-virði	Mismunur	Áhættu-vog	Áhættuvegin-fjárhæð
Vaxtatengd fjármálaskjöl					
5-15 dagar eftir umsaminn uppgjörsdag				1,00	
16-30 d. eftir umsaminn uppgjörsdag				6,25	
31-45 d. eftir umsaminn uppgjörsdag				9,37	
46 eða fleiri d. eftir umsaminn uppgjörsdag				12,50	
Hlutabréfatengd fjármálaskjöl					
5-15 dagar eftir umsaminn uppgjörsdag				1,00	
16-30 d. eftir umsaminn uppgjörsdag				6,25	
31-45 d. eftir umsaminn uppgjörsdag				9,37	
46 eða fleiri d. eftir umsaminn uppgjörsdag				12,50	
Önnur fjármálaskjöl					
5-15 dagar eftir umsaminn uppgjörsdag				1,00	
16-30 d. eftir umsaminn uppgjörsdag				6,25	
31-45 d. eftir umsaminn uppgjörsdag				9,37	
46 eða fleiri d. eftir umsaminn uppgjörsdag				12,50	

Samtals áhættugrunnur vegna uppgjörs- og afh.áhættu óuppgerðra viðskipta *(færist á ebl. 2.0)*

Ebl. 6.0

Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu í veltubók, ófrágengin viðskipti, sbr. 34. gr.

	Fjárhæðir í þús.kr.		
	Brúttó-staða	Áhættu-vog	Vegin fjárhæð
Mótaðili sem fellur undir 1. tl. 12. gr.		0,0	
Mótaðili sem fellur undir 2. tl. 12. gr.		0,2	
Mótaðili sem fellur undir 3. tl. 12. gr.		0,5	
Mótaðili sem fellur undir 4. tl. 12. gr.		1,0	

Samtals áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu ófrágenginna viðskipta *(færist á ebl. 2.0)*

Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu endurkaupasamninga, endursölusamninga, verðbréfalánveitingar og verðbréfalántöku, sbr. 35. gr. [1)]

Fjárhæðir í þús.kr.

I. Endurkaupasamningar/ verðbréfalánveitingar

	Markaðsvirði afhentra verðbréfa	Móttekin fjárhæð eða markaðsverð tryggginga	Jákvæður mismunur (þ.e. áhættan)	Áhættu-vog	Áhættuvegin fjárhæð
Mótaðili sem fellur undir 1. tl. 12. gr.				0,0	
Mótaðili sem fellur undir 2. tl. 12. gr.				0,2	
Mótaðili sem fellur undir 3. tl. 12. gr.				0,5	
Mótaðili sem fellur undir 4. tl. 12. gr.				1,0	
Samtals áhættugrunnur v/ mótaðilaáhættu endurkaupasamn. og verðbréfalánveitinga					

II. Endursölusamningar/ verðbréfalántökur

	Markaðsvirði móttekinna verðbréfa	Greidd fjárhæð eða markaðsverð tryggginga	Jákvæður mismunur (þ.e. áhættan)	Áhættu-vog	Áhættuvegin fjárhæð
Mótaðili sem fellur undir 1. tl. 12. gr.				0,0	
Mótaðili sem fellur undir 2. tl. 12. gr.				0,2	
Mótaðili sem fellur undir 3. tl. 12. gr.				0,5	
Mótaðili sem fellur undir 4. tl. 12. gr.				1,0	
Samtals áhættugrunnur v/ endursölusamninga og verðbréfalántöku					

Samtals áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu endurkaupa- og endursölusamninga og verðbréfalánaviðskipta (I+II) *(færist á ebl. 2.0)*

1) Gildir um endurkaupa- og verðbréfaviðskipti sem í bókhaldi stofnunar eru færð í samræmi við 10 gr. reglna nr. 554/1994 um ársreikninga viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana, þar sem segir að þegar um raunveruleg sölu- og endurkaupaviðskipti er að ræða skuli framseljandi halda áfram að tilgreina hina framseldu eign í efnahagsreikningi.

Mótaðilaáhætta afleiðusamninga sem verslað er með utan verðbréfamarkaðs (sbr. 36. gr.)

	Fjárhæðir í þús.kr.

A Vaxtasamningar

Eftirstöðvatími ≤ 1 ár	(1) Grundvallar-fjárhæð	(2) Markaðsvirði á uppgj.degi. (endurvirði)	(3) Áhættu-hlutfall	(4) Framtíðar-áhætta (1*3)	(5) Útlánaígildi afleiðusamn. (2+4)	(6) Áhættu-vog	(7) Áhættu-vegin fjárhæð
Mótaðili sem							
fellur undir 1. tl. 12. gr.			0,000			0,0	
2. tl. 12. gr.			0,000			0,2	
3. tl. 12. gr.			0,000			0,5	
4. tl. 12. gr.			0,000			1,0	

Samtals áhættugrunnur vegna vaxtasamninga ≤ 1 ár

Eftirstöðvatími > 1 ár

Mótaðili sem							
fellur undir 1. tl. 12. gr.			0,005			0,0	
2. tl. 12. gr.			0,005			0,2	
3. tl. 12. gr.			0,005			0,5	
4. tl. 12. gr.			0,005			1,0	

Samtals áhættugrunnur vegna vaxtasamninga > 1 ár

B Gjaldmiðla- og hlutabréfatengdir samningar

Eftirstöðvatími ≤ 1 ár

Mótaðili sem							
fellur undir 1. tl. 12. gr.			0,010			0,0	
2. tl. 12. gr.			0,010			0,2	
3. tl. 12. gr.			0,010			0,5	
4. tl. 12. gr.			0,010			1,0	

Samtals áhættugrunnur vegna gjaldmiðla og hlutabr. tengdra samninga ≤ 1 ár

Eftirstöðvatími > 1 ár

Mótaðili sem							
fellur undir 1. tl. 12. gr.			0,050			0,0	
2. tl. 12. gr.			0,050			0,2	
3. tl. 12. gr.			0,050			0,5	
4. tl. 12. gr.			0,050			1,0	

Samtals áhættugrunnur vegna gjaldmiðla og hlutabr. tengdra samninga > 1 ár

Áhættugr. vegna mótaðilaáhættu afleiðusamninga *(færist á ebl. 2.0)*

Áhættugrunnur vegna mótaðilaáhættu annarra liða í veltubók, sbr. 37. gr.

	Fjárhæðir í þús.kr.

	Brúttó-staða	Áhættu-vog	Vegin fjárhæð
Mótaðili sem fellur undir 1. tl. 12. gr.		0,0	
Mótaðili sem fellur undir 2. tl. 12. gr.		0,2	
Mótaðili sem fellur undir 3. tl. 12. gr.		0,5	
Mótaðili sem fellur undir 4. tl. 12. gr.		1,0	

Samtals áhættugrunnur mótaðilaáhættu annarra liða í veltubók ***(færist á ebl. 2.0)***

Áhættugrunnur vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga skv. 7. kafla

Fjárhæðir í þús.kr.

	Áhættugrunnur umframáhættu skv. 5. og 6. kafla	Reiknaður áhættugrunnur umframáhættu skv. 7. kafla 1)
Sérstök stöðuáhætta skuldabréfa sem teljast til umframáhættu		
Sérstök stöðuáhætta hlutabréfa sem teljast til umframáhættu		
Stöðuáhætta óuppgerðra viðskipta sem teljast til umframáhættu		
Stöðuáhætta ófrágenginna viðskipta sem teljast til umframáhættu		
Stöðuáhætta endurhverfra viðskipta og verðbr.lánaviðskipta sem teljast til umframáhættu		
Stöðuáhætta vaxta- og gjaldmiðlasamninga sem teljast til umframáhættu		
Stöðuáhætta annarra liða í veltubók, skv. 37. gr. sem teljast til umframáhættu		
Samtals áhættugrunnur vegna umframáhættu ***(færist á ebl. 2.0)***		

1) Þegar búið er að margfalda áhættugrunn reiknaðan skv. ákvæðum 5. kafla og 6. kafla með viðeigandi margfeldisstuðli sbr. ákvæði 40. og 41. gr.

Ebl. 7.0

Skipting efnahagsreiknings í veltubókarliði og liði utan veltubókar og sérstök eiginfjárákvæði 5. mgr., 32. gr. laga nr. 13/1996. [1]	Bókfærð staða	Fjárhæðir í þús.kr. Þar af veltubókarstaða
Eignaliðir		
Sjóður og óbundnar innstæður í seðlabanka og fleira		
Ríkisvíxlar og aðrir víxlar endurseljanlegir í seðlabanka		
Kröfur á lánastofnanir og fleira		
Útlán og fleira (að frádregnum afskriftareikningi útlána):		
Útlán til viðskiptavina		
Eignarleigusamningar		
Fullnustueignir		
Markaðsskuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum		
Veltuskuldabréf o.fl. útgefið af opinb. aðilum		
Veltuskuldabréf o.fl. útgefið af öðrum aðilum		
Fjárfestingarskuldabréf o.fl. útgefið af opinb. aðilum		
Fjárfestingaskuldabréf o.fl. úgefið af öðrum aðilum		
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum		
Veltuhlutabréf o.fl.		
Fjárfestingarhlutabréf o.fl.		
Hlutir í hlutdeildarfyrirtækjum		
Hlutir í tengdum fyrirtækjum		
Óefnislegar eignir		
Rekstrarfjármunir		
Rekstrarleigueignir		
Aðrar eignir		
Fyrirframgreidd gjöld og áfallnar óinnheimtar tekjur		
Samtals eignaliðir		
Liðir utan efnahagsreiknings;		
Sölutryggð verðbréf sbr. 32. gr. - utan efnahagsreiknings		
Óuppgerð viðskipti sbr. 33. gr. - sala verðbréfa + kaup		
Ófrágengin viðskipti sbr. 34. gr. - greidd verðbr. ekki mótt.+afh. ekki gr.		
Áhættugrunnur vegna umframáhættu stórra áhættuskuldbindinga sbr 7. kafla		
Framvirk viðskipti ; skortstaða+gnóttstaða		
Aðrir samningar og stöður utan efnahagsreiknings ;		
Samtals liðir utan efnahagsreiknings;		
Heildarstaða skv. 6. gr.		
Veltubókarstaða í hlutfalli af heildarstöðu skv. 6. gr.		

Upplýsingar vegna sérstakra eiginfjárákvæða 5. mgr. 32 gr. laga nr. 13/1996 - Eigið fé fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skal að lágmarki nema 25% af föstum kostnaði síðasta reikningsárs, sbr. skilgreiningu 5. töluliðs, 2. gr. laganna á föstum kostnaði -	
Fastur kostnaður fyrirt. í verðbréfaþj. sbr. skilgr. 5. tölul. 2. gr. laga nr. 13/1996	
Eigið fé fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sbr. lið E á ebl. 1.0	
Fastur kostnaðar í hlufalli af eigin fé	

1) Lánastofnanir skulu skila þessu eyðublaði í tengslum við ársuppgjör og árshlutauppgjör, að lágmarki tvisvar sinnum á ári. Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu mánaðarlega skila inn þessu eyðublaði, eða sambærilegum upplýsingum á öðrum formi .

REGLUGERÐ

um loðnuveiðar 1996/1997.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða á tímabilinu frá og með 1. júlí 1996 til 1. maí 1997.

2. gr.

Aðeins skipum, sem aflamark hafa í loðnu, er heimilt að stunda loðnuveiðar. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

3. gr.

Veiðar eru heimilaðar í lögsögu Íslands, Grænlands og Jan Mayen með þeirri takmörkun að veiðar í lögsögu Grænlands eru bannaðar sunnan 64°30'N

4. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal, þegar skipið siglir inn í fiskveiðilögsögu Jan Mayen eða Grænlands til veiða, tilkynna staðsetningu skipsins til hlutaðeigandi eftirlitsaðila í Noregi og Grænlandi, í samræmi við leiðbeiningar Fiskistofu þar að lútandi. Ennfremur skal tilkynna til sömu aðila um loðnuafla, sem veiddur er í lögsögu Grænlands og Jan Mayen, samkvæmt leiðbeiningum Fiskistofu.

5. gr.

Skipstjóri veiðiskips skal í skeyti tilkynna áætlaðan loðnuafla til veiðieftirlits Fiskistofu, strax þegar skip heldur til lands til löndunar afla. Skal tilgreina í tilkynningu reit þar sem afli er fenginn. Geta skal sérstaklega í aflatilkynningu ef afli er fenginn í lögsögu Grænlands eða Jan Mayen verði það ekki greint á uppgefnum reiti.

6. gr.

Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins. Jafnframt getur ráðherra ákveðið, að aðeins stundi loðnuveiðar í tilraunaskyni ákveðinn fjöldi skipa til þess að kanna ástand loðnustofnsins undir eftirliti Hafrannsóknastofnunarinnar.

Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að grípa til skyndilokunar veiðisvæða, sbr. 8. gr. laga nr. 81/1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, fari hlutfall smærri loðnu en 14 cm yfir 20%, miðað við fjölda. Stærð loðnu er mæld frá trjónuoddi að sporðsenda.

7. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi

Íslands og laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á loðnuvertíðinni 1996/1997, sbr. 1. gr., er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 737.000 lestir af loðnu.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 350 25. júní 1996

REGLUGERÐ

um nýtingu afla og aukaafurða.

1. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla en þó skal sleppa lifandi þorski og ufsa styttri en 50 cm að lengd og ýsu styttri en 45 cm, sem fæst á handfæri.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að varpa fyrir borð afla sem sýktur er, selbitinn eða skemmdur á annan hátt, og sem ekki hefði verið unnt að komast hjá í veiðum þeim sem um er að ræða. Þá er heimilt að varpa fyrir borð fisktegundum, sem ekki sæta takmörkunum í leyfilegum heildarafla, enda hafi viðkomandi tegund ekki verðgildi.

2. gr.

Heimilt er að varpa fyrir borð innyflum, hausum og öðru því sem fellur til við verkun og vinnslu afla um borð í veiðiskipum, enda verði þessi fiskúrgangur ekki nýttur með arðbærum hætti.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal skylt að hirða og koma með að landi öll þorsk- og ufsahrogn. Þá er og skylt að hirða og koma með að landi allan afskurð sem fellur til við snyrtingu á þorsk-, ýsu- og ufsaflökum um borð í fullvinnsluskipum.

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 2. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 205, 29. apríl 1991, um nýtingu aukaafurða.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUR

um form ráðningarsamninga og skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um þá starfsmenn ríkisins sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og teljast ekki embættismenn skv. 22. gr. sömu laga.

2. gr.

Lágmarksákvæði um ráðningarkjör.

Skriflegur ráðningarsamningur skal gerður við starfsmann við upphaf ráðningar. Í honum skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

1. Deili á aðilum.
   a) Nafn, heimilisfang og kennitala stofnunar.
   b) Nafn, heimilisfang og kennitala starfsmanns.
2. Vinnustaður. Sé ekki um fastan vinnustað að ræða, eða stað þar sem vinnan fer jafnaðarlega fram, skal koma fram að starfsmaður sé ráðinn á mismunandi vinnustöðum og skulu þeir þá tilgreindir sérstaklega.
3. Eðli starfs: Starfsheiti skv. kjarasamningi og tegund starfs sem starfsmaður er ráðinn í eða stutt útlistun eða lýsing á starfinu.
4. Vinnutímaskipulag, þ.e. dagvinna, vaktavinna eða annað fyrirkomulag og þá hvers konar. Starfshlutfall og dagleg og/eða mánaðarleg vinnuskylda.
5. Ráðning, þ.e. hvort ráðning er ótímabundin eða tímabundin.
6. Upphafsdagur ráðningar.
7. Starfslokadagur ef ráðning er tímabundin.
8. Lífeyrissjóður.
9. Stéttarfélag.
10. Mánaðarlaun, t.d. með tilvísun til launataxta og aðrar greiðslur.
11. Greiðslutímabil launa.
12. Orlofsréttur.
13. Uppsagnarfrestur af hálfu vinnuveitanda og starfsmanns.
14. Réttur til launa í barnsburðarleyfi.
15. Réttur til launa í veikindum.

Upplýsingar skv. 11.- 15. tl. er heimilt að veita með tilvísun til laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða kjarasamninga.

3. gr.

Störf erlendis.

Sé starfsmanni ríkisins, öðrum en starfsmanni utanríkisþjónustu, falið að starfa í öðru landi í einn mánuð eða lengur, skal hann fyrir brottför fá skriflega staðfestingu á eftirfarandi ráðningarkjörum:

1. Áætlaður starfstími erlendis.
2. Í hvaða gjaldmiðli laun eru greidd.
3. Uppbætur eða hlunnindi sem tengjast starfi erlendis.

4. Eftir atvikum skilyrði þess að starfsmaður geti snúið aftur til heimalandsins.

Upplýsingar skv. 2. og 3. tl. má gefa með tilvísun til laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða kjarasamninga.

4. gr.

Afmarkaðar breytingar á ráðningarkjörum.

Verði breytingar á ráðningarkjörum, skv. 2. og 3. gr., umfram það sem leiðir af lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða kjarasamningum, skal stofnun staðfesta breytingarnar með skriflegum hætti.

5. gr.

Sérákvæði varðandi fyrri ráðningar.

Óski starfsmaður, sem ekki hefur ráðningarsamning sem uppfyllir skilyrði 2. gr. og ráðinn var fyrir gildistöku laga nr. 70/1996, skriflegrar staðfestingar ráðningar í samræmi við reglur þessar, skal stofnun láta honum í té slíka staðfestingu innan tveggja mánaða frá því beiðnin er fram komin.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 1. mgr. 8. gr. og 42. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast gildi 1. júlí 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 25. júní 1996.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.

Nr. 352 25. júní 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 67, 18. febrúar 1993, um friðun veiðisvæða fyrir Suðurlandi.

1. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein sem orðist svo: Fótreipisvarpa sbr. 2. mgr. 3. gr. er varpa sem búin er fótreipi gerðu úr vír eða keðju sem skífur, körtur úr gúmmíi eða gerfiefni er þrætt upp á, enda sé heildarþvermálið ekki meira en 20 cm.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 10. júlí og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Endurprentað blað.

VIÐAUKI

**við reglugerð nr. 248, 8. maí 1996,
um veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum 1996.**

1. gr.

Aftan við reglugerðina bætist ný grein er orðist svo:

Fiskistofa skal eftir 25. júní 1996, sbr. 4. og 5. mgr. 3. gr., úthluta 18.000 lestum til þeirra hringnótaskipa, sem þann dag hafa landað meiri afla en sem nemur helmingi þess aflahámarks, sem viðkomandi skipi var úthlutað í maí 1996. Um þessa úthlutun gilda reglur lokamálsliðar 1. mgr. 3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 3. gr. er útgerðum síldarskipa heimilt með tilkynningu til Fiskistofu að flytja eftirstöðvar aflahámarks til annarra skipa, sem leyfi hafa til síldveiða, enda séu þær eftirstöðvar ekki meiri en sem nemur hálfum mesta síldarfarmi þess, það sem af er síldarvertíðinni, er reglugerðin tekur gildi.

Fiskistofu er heimilt með tilkynningu til útgerða fiskiskipa að fella úr gildi öll leyfi til síldveiða úr norsk-íslenska síldarstofninum, þegar heildarafli vertíðarinnar nemur sem næst 190.000 lestum og eru síldveiðar eftir þann tíma óheimilar úr þeim stofni.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og laga nr. 37, 14. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

25. júní 1996 Nr. 354

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 304, 14. ágúst 1992,
um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Með reglugerð þessari er felld niður 2., 10. og 11. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Í stað: „Ríkismats sjávarafurða“ í 2. mgr. 7. gr. komi: Fiskistofu.

3. gr.

Í stað: „kr. 10.000,00“ í síðasta málslið 9. gr. komi: kr. 14.200.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 54, 15. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 25. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 355 26. júní 1996

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 255/1993, um vörugjöld af eldsneyti, með áorðnum breytingum.

1. gr.

2. málsl. 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af blýlausu bensíni skal greiða gjald sem nemur 25,51 kr. af hverjum lítra. Af öðru bensíni skal greiða gjald sem nemur 27,11 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 28. gr. laga nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. öðlast gildi hinn 1. júlí 1996 og tekur til innflutnings á bensíni sem tekið er til tollafgreiðslu frá og með þeim degi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þeir aðilar sem gjaldskyldir eru samkvæmt 18. gr. laga nr. 29/1993, skulu greiða bensíngjald af óseldum bensínbirgðum sem þeir eiga þann 1. júlí 1996, til viðbótar því bensíngjaldi sem greiða skal samkvæmt reglugerð nr. 616/1994. Gjald þetta skal nema 0,66 kr. af hverjum lítra af blýlausu bensíni og 0,70 kr. af hverjum lítra af öðru bensíni og skal því skilað á sama tíma og bensíngjaldi samkvæmt reglugerð nr. 255/1993, með áorðnum breytingum.

Hver sá, sem á eða hefur til umráða gjaldskyldar birgðir af bensíni hinn 1. júlí 1996, skal ótilkvaddur tilkynna það innheimtumanni ríkissjóðs fyrir 10. júlí 1996. Eigandi eða umráðamaður þess skal ótilkvaddur aðstoða við að kanna birgðir óski innheimtumaður slíkrar aðstoðar.

Innheimtumaður ríkissjóðs getur krafist upplýsinga frá innflytjendum bensíns og bensínsölum um sölu samkvæmt verslunarbókum til viðskiptamanna er fram fór fyrir 1. júlí 1996.

Fjármálaráðuneytinu, 26. júní 1996.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um vörugjald.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Upphafsákvæði.

Greiða skal í ríkissjóð vörugjald af innfluttum vörum og vörum sem eru framleiddar, unnið er að, er pakkað eða eru seldar innan lands, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

Vörugjald reiknast samkvæmt gjaldflokkum 3. gr., sem tiltekin fjárhæð fyrir hvert kílógramm eða hvern lítra af gjaldskyldri vöru (magngjald), eða sem tiltekið hlutfall af verðmæti gjaldskyldrar vöru (verðgjald).

2. gr.

Gjaldskyldar vörur og framleiðsla.

Gjaldskyldan nær til allra vara, nýrra sem notaðra, sem fluttar eru til landsins eða eru framleiddar, unnið er að eða er pakkað hér á landi og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í viðauka við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum.

Vörur sem seldar eru úr landi eru ekki gjaldskyldar. Sala á gjaldskyldum vörum til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, sbr. lög nr. 110/1951, og sala í tollfrjálsum verslunum, sbr. VIII. kafla tollalaga nr. 55/1987, telst sala úr landi í skilningi reglugerðar þessarar. Sala til einstakra varnarliðsmanna er hins vegar gjaldskyld skv. almennum reglum.

Vörur sem um ræðir í 5. gr. tollalaga nr. 55/1987, eru ekki gjaldskyldar við tollafgreiðslu, enda sé gætt þeirra skilyrða sem að öðru leyti gilda um tollfrelsi þessara vara.

Við flokkun til gjaldskyldu samkvæmt reglugerð þessari skal fylgt flokkunarreglum tollalaga nr. 55/1987.

3. gr.

Gjaldflokkar.

Gjaldflokkar magngjalds, sbr. upptalningu tollskrárnúmera gjaldskyldrar vöru í A og B lið viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, eru 9 kr/l og 10, 12, 15, 20, 25, 30, 32, 40, 65, 70, 80 og 400 kr/kg.

Gjaldflokkar verðgjalds eru eftirfarandi, sbr. upptalningu tollskrárnúmera gjaldskyldrar vöru í C-F lið viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum:

1. Af vörum í gjaldflokki C skal greiða 15% vörugjald.
2. Af vörum í gjaldflokki D skal greiða 20% vörugjald.
3. Af vörum í gjaldflokki E skal greiða 25% vörugjald.
4. Af vörum í gjaldflokki F skal greiða 30% vörugjald.

II. KAFLI
Vörugjald af innflutningi.

4. gr.
Gjaldskyldir aðilar.

Öllum þeim sem flytja til landsins gjaldskyldar vörur, hvort sem er til eigin nota eða endursölu, ber skylda til að greiða vörugjald, sem reiknast við tollafgreiðslu, af hinum innfluttu vörum.

Þeir sem um ræðir í 3. gr. tollalaga nr. 55/1987 eru þó undanþegnir gjaldskyldu við innflutning, enda fullnægi þeir settum skilyrðum um tollfrjálsan innflutning.

5. gr.
Gjaldstofn vegna innflutnings.

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í A og B liðum í viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, miðast við tiltekna fjárhæð fyrir hvern lítra eða hvert kílógramm af vöru án umbúða.

Gjaldstofn vörugjalds af innfluttum vörum, sem flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C-F liðum í viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, er tollverð þeirra eins og það er ákveðið í 8.-10. gr. tollalaga, að viðbættum tollum eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt þeim lögum.

III. KAFLI
Vörugjald af innlendri framleiðslu og sölu.

6. gr.
Gjaldskyldir aðilar.

Skylda til að standa skil á vörugjaldi af innlendri framleiðslu í ríkissjóð hvílir á þessum aðilum:

1. Þeim sem framleiða, vinna að eða pakka vörugjaldsskyldum vörum innan lands.
2. Þeim sem kaupa innan lands gjaldskyldar vörur til heildsölu og fengið hafa sérstaka skráningu hjá skattstjóra, sbr. 11. gr.

7. gr.
Gjaldstofn magngjalds.

Gjaldstofn vörugjalds af vörum sem framleiddar eru, unnið er að eða er pakkað innan lands og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í A og B liðum í viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, miðast við tiltekna fjárhæð fyrir hvern lítra eða hvert kílógramm vöru án umbúða.

8. gr.
Gjaldstofn verðgjalds.

Gjaldstofn vörugjalds af vörum sem framleiddar eru, unnið er að eða pakkað innan lands og flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í C-F liðum í viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, er verksmiðjuverð þeirra.

Verksmiðjuverð er söluverð vöru frá framleiðanda án frádráttar nokkurs kostnaðar eða þjónustugjalds.

Samsvari verksmiðjuverð ekki heildarandvirði vöru, t.d. vegna þess að kaupandi eða annar framleiðandi leggur til hráefni, efnivörur eða annað verðmæti sem vörugjald hefur ekki þegar verið greitt af, skal heildarandvirði vörunnar teljast gjaldstofn til vörugjalds.

Ef framleiðandi er jafnframt heildsali eða smásali vöru eða ef verksmiðjuverð vöru liggur ekki fyrir af öðrum ástæðum skal gjaldstofn vera almennt gangverð á sömu eða sams konar vöru við sölu frá framleiðendum. Ef slíkt almennt gangverð liggur ekki fyrir skal gjaldstofn vera verksmiðjuverð framleiðanda á sömu eða sams konar vöru í sambærilegum viðskiptum við óháða aðila.

Ef framleiðandi og kaupandi eru háðir hvor öðrum í skilningi 2. mgr. 8. gr. tollalaga er skattyfirvöldum heimilt að ákvarða gjaldstofn vörugjalds. Ríkisskattstjóri skal setja reglur um mat til verðs samkvæmt þessari grein.

9. gr.

Innheimta vörugjalds.

Vörugjald af innlendum framleiðsluvörum reiknast við sölu eða afhendingu gjaldskyldrar vöru frá framleiðanda eða aðvinnsluaðila og skiptir ekki máli hvenær eða með hvaða hætti greiðsla kaupanda fer fram.

IV. KAFLI
Skráning gjaldskyldra aðila.

10. gr.

Tilkynningarskylda og skráning.

Aðilar, sem eru gjaldskyldir skv. 1. mgr. 4. gr., að undanskildum þeim sem flytja vörur til landsins til eigin nota, og 6. gr., skulu ótilkvaddir og eigi síðar en 15 dögum áður en vörugjaldsskyld starfsemi hefst, tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi til skráningar hjá skattstjóra þar sem þeir eiga lögheimili. Breytingar, sem verða á starfsemi eftir að skráning hefur farið fram, skal tilkynna eigi síðar en 15 dögum eftir að breyting átti sér stað. Skattstjóri gefur út staðfestingu til skráningarskylds aðila um að skráning hafi átt sér stað. Tilkynningar skal senda í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

11. gr.

Sérstök skráning.

Aðilar, sem flytja inn eða kaupa innanlands gjaldskyldar vörur til heildsölu, geta fengið sérstaka skráningu hjá skattstjóra. Slík skráning veitir aðilum heimild til að gera upp vörugjald miðað við breytingu á birgðastöðu á uppgjörstímabili.

Skilyrði skráningar skv. 1. mgr. eru:

1. Að aðili hafi heildsöluleyfi.
2. Að aðili haldi sérstakt birgðabókhald yfir vörur, sem vegna skráningarinnar lúta sérreglum um uppgjör vörugjalds, í samræmi við reglur sem ríkisskattstjóri setur.

Aðila, sem fengið hefur sérstaka skráningu er heimilt að flytja gjaldskyldar vörur til landsins eða kaupa gjaldskyldar vörur innanlands af framleiðanda eða öðrum sérstaklega skráðum aðila án þess að með því stofnist skylda til greiðslu vörugjalds.

V. KAFLI
Uppgjörstímabil, gjalddagar, álag o.fl.

12. gr.
Uppgjörstímabil.

Hvert uppgjörstímabil skráðra aðila, sbr. IV. kafla, er tveir mánuðir; desember og janúar; febrúar og mars; apríl og maí; júní og júlí; ágúst og september; október og nóvember.

13. gr.
Gjalddagi, álag og dráttarvextir.

Vörugjaldi ásamt vörugjaldsskýrslu skal skila eigi síðar en á gjalddaga, sem er 15. dagur annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils vegna sölu eða afhendingar á því tímabili.

Sé vörugjald ekki greitt á tilskildum tíma skal aðili sæta álagi til viðbótar því vörugjaldi sem honum ber að standa skil á. Sama gildir ef vörugjaldsskýrslu hefur ekki verið skilað eða henni er ábótavant og vörugjald því áætlað, nema aðili hafi greitt fyrir gjalddaga vörugjaldsins upphæð er til áætlunarinnar svarar eða gefið fyrir lok kærufrests fullnægjandi skýringu á vafaatriðum. Vörugjald telst greitt á tilskildum tíma hafi greiðsla sannanlega verið póstlögð á gjalddaga.

Álag skv. 2. mgr. skal vera 1% af þeirri upphæð sem vangreidd er fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærri en 10%.

Sé vörugjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er.

14. gr.
Vörugjaldsskýrsla.

Vörugjaldsskýrsla skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Ríkisskattstjóri getur ákveðið að mismunandi vörugjaldsskýrslur verði fyrir innlenda framleiðendur og þá sem fá sérstaka skráningu skv. 11. gr.

VI. KAFLI
Uppgjör vörugjalds og tilhögun bókhalds.

15. gr.
Uppgjör vörugjalds.

Við skil á vörugjaldi í ríkissjóð er gjaldanda heimilt að draga frá innheimtu gjaldi af sölu það vörugjald sem hann hefur sannanlega greitt við kaup á hráefni og efnivöru til gjaldskyldrar framleiðslu á viðkomandi uppgjörstímabili, hvort sem varan er seld innanlands með vörugjaldi eða úr landi án vörugjalds.

Sé vörugjald af aðföngum hærra á uppgjörstímabili en innheimt vörugjald af sölu skal mismunurinn endurgreiddur úr ríkissjóði. Hafi vörugjaldsskýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðslan fara fram innan 15 daga frá lokum skilafrests.

16. gr.
Bókhald.

Skráðir vörugjaldsskyldir aðilar, sbr. IV. kafla, skulu haga bókhaldi sínu þannig að skattyfirvöld geti á hverjum tíma gengið úr skugga um réttmæti skýrslna um vörugjald.

Í bókhaldi skal færa sérstaka reikninga fyrir innkaup og sölu gjaldskyldrar vöru. Reikninga þessa má færa í lok hvers uppgjörstímabils, enda sé á grundvelli þeirra hægt að reikna með beinum hætti fjárhæðir vörugjalds.

Þeir sem selja bæði gjaldskyldar og gjaldfrjálsar vörur skulu halda hinni gjaldskyldu sölu greinilega aðgreindri í bókhaldi sínu. Jafnframt skal aðgreina sölu og innkaup vörugjaldsskyldrar starfsemi eftir gjaldtegund og gjaldflokkum, sbr. 3. gr.

Aðili sem hefur fengið sérstaka skráningu skv. 11. gr. ber jafnframt að haga bókhaldi sínu eftir þeim sérreglum sem ríkisskattstjóri setur skv. greininni.

17. gr.

Útgáfa sölureikninga.

Aðilar í vörugjaldsskyldum rekstri skulu færa sölu á sölureikninga og aðgreina á þeim gjaldskylda sölu eftir gjaldtegund og gjaldflokkum, þannig að magn, tegund og heildarverð vöru ásamt fjárhæð vörugjalds komi sérstaklega fram vegna hvers gjaldflokks. Tilgreina ber sérstaklega á sölureikningi ef fallið er frá innheimtu vörugjalds til skráðs aðila skv. 11. gr. eða handhafa vörugjaldsskírteinis skv. 21. gr.

VII. KAFLI
Kærur og málsmeðferð.

18. gr.

Áætlun skattstjóra.

Skattstjóri skal áætla vörugjald af viðskiptum þeirra aðila sem skila ekki vörugjaldsskýrslu innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og gjaldskyldum aðila um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið.

19. gr.

Málsmeðferð.

Heimilt er að kæra álagningu vörugjalds innan 30 daga frá því gjaldið var ákveðið. Kæru skal beint til þess tollstjóra eða þess skattstjóra sem annaðist álagningu gjaldsins. Kæru skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Innsend fullnægjandi vörugjaldsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 18. gr. Tollstjóri eða skattstjóri skal kveða upp skriflegan rökstuddan úrskurð um kæruna og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan 30 daga frá lokum kærufrests.

Gjaldskyldur aðili og ríkistollstjóri geta skotið úrskurði tollstjóra skv. 1. mgr. til ríkistollanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

Gjaldskyldur aðili og ríkisskattstjóri geta skotið úrskurði skattstjóra skv. 1. mgr. til yfirskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð.

VIII. KAFLI
Sérstök meðferð vörugjalds.

20. gr.

Niðurfelling eða undanþágur við tollafgreiðslu.

Við tollafgreiðslu á vörum, sem undanþegnar eru tolli að einhverju eða öllu leyti samkvæmt heimild í tollalögum, skal ekki veita undanþágu frá greiðslu vörugjalds nema

skýrt sé kveðið á um niðurfellingu þessara gjalda í reglugerð þessari eða fyrirmælum fjármálaráðuneytis.

Nú samræmir fjármálaráðuneytið tolla á vörum sem flokkast ekki undir sama tollskrárnúmer, hvort sem það er talið upp í viðauka við lög nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, eða ekki, og skal þá vörugjald innheimt ef samræmt er við tollskrárnúmer sem ber gjaldið fyrir, en fellt niður ef vörugjald hvílir ekki á þeirri vöru sem samræmt er við.

Um innheimtu og endurgreiðslu vörugjalds af efnivörum til skipasmíða og skipaviðgerða skulu gilda eftir því sem við getur átt reglur sem fjármálaráðuneytið hefur sett um tolla. Sama gildir um vélar, tæki og varahluti til samkeppnisiðnaðar.

21. gr.

Kaup á hráefni án vörugjalds.

Að undangenginni umsókn gjaldskylds framleiðanda, sem tilkynnt hefur um starfsemi sína, sbr. 10. gr., og uppfyllir að öðru leyti skilyrði reglugerðar þessarar, skal skattstjóri gefa út sérstakt skírteini honum til handa er veitir heimild til að flytja inn eða kaupa innan lands án greiðslu vörugjalds hráefni og efnivörur sem notuð eru við hina gjaldskyldu framleiðslu. Tilgreina skal í vörugjaldsskírteini til hvaða vörutegunda heimildin tekur. Skírteini þessi skulu gefin út til eins árs í senn.

Ríkisskattstjóri getur sett reglur sem heimila útgáfu skírteina til handa aðilum sem fengið hafa skráningu skv. 11. gr.

Noti skírteinishafi vöru, sem hann hefur keypt gegn framvísun skírteinis, á annan hátt en til framleiðslu á gjaldskyldum vörum skal hann innheimta og standa skil á vörugjaldi af heildarandvirði vörunnar við afhendingu hennar til annars aðila eða við úttekt til eigin nota, þ.m.t. notkun við gjaldfrjálsa framleiðslu.

Um hráefniskaup framleiðanda í samkeppnisiðnaði sem ekki stundar vörugjaldsskylda framleiðslu fer samkvæmt ákvæðum auglýsingar nr. 617/1989, um niðurfellingu eða endurgreiðslu aðflutningsgjalda af ýmsum aðföngum til samkeppnisiðnaðar.

Skattstjóra er heimilt að taka tímabundið inn á skrá aðila sem selja ógjaldskyldar vörur úr landi til lúkningar á verksamningi erlendis, enda þurfi þeir að greiða vörugjald hérlendis vegna þessarar starfsemi. Um uppgjör við ríkissjóð fer eftir reglum 15. gr.

22. gr.

Endurgreiðsla vörugjalds til innflytjenda vegna sölu til framleiðenda.

Innflytjendur hráefna, sem falla frá innheimtu vörugjalds af sölu hráefna til handhafa skírteina skv. 21. gr., geta mánaðarlega snúið sér til tollstjóra, þar sem þeir eru heimilisfastir, með beiðni um endurgreiðslu á vörugjaldi af þeim hráefnum er þeir hafa flutt inn og greitt vörugjald af og síðan selt með þessum hætti, enda hafi þessi sala verið færð á sérstaka sölureikninga og henni haldið aðgreindri í bókhaldi, sbr. 16. gr.

IX. KAFLI

Ýmis ákvæði.

23. gr.

Vörugjald sem stofn til virðisaukaskatts.

Vörugjald myndar stofn til virðisaukaskatts hvort sem vara er flutt inn eða keypt innanlands.

24. gr.

Gildissvið gagnvart tollalögum og lögum um virðisaukaskatt.

Að því leyti sem ekki er ákveðið í reglugerð þessari um gjaldskyldu, gjaldfrelsi, álagningu, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, veð, sektir, viðurlög, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innfluttum gjaldskyldum vörum skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

Að því leyti sem ekki eru ákvæði í reglugerð þessari um álagningu, kærur og úrskurði um vörugjaldsákvörðun, innheimtu, tilhögun bókhalds, framtöl, eftirlit, stöðvun atvinnurekstrar, viðurlög, sektir, refsingar og aðra framkvæmd varðandi vörugjald af innlendri framleiðsluvöru eða vöru sem unnið er að eða er pakkað hér á landi skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

25. gr.

Gildistökuákvæði.

Reglugerð þessi, er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 13. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. júlí 1996. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 157/1994, um vörugjald, með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Allir þeir sem stunda gjaldskylda starfsemi samkvæmt reglugerð þessari, og eru ekki skráðir á vörugjaldsskrá skv. ákvæðum hennar, skulu tilkynna um rekstur sinn og starfsemi til skattstjóra eða tollstjóra þar sem þeir eru heimilisfastir innan 15 daga frá gildistöku reglugerðarinnar.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. skal fyrsta uppgjörstímabil vörugjalds samkvæmt reglugerð þessari vera þrír mánuðir, júlí, ágúst og september 1996.

II

Af birgðum innfluttra gjaldskyldra vara samkvæmt reglugerð þessari, sbr. lög nr. 97/1987 og lög nr. 89/1996, sem hlotið hafa fullnaðartollafgreiðslu fyrir 1. júlí 1996 og vörugjald verið greitt af skal eigi innheimt gjald samkvæmt reglugerð þessari. Frá og með 1. júlí 1996 skal hins vegar innheimta gjald samkvæmt ákvæðum laga nr. 89/1996 af vörum sem þá eru ótollafgreiddar.

Af vörum sem afhentar hafa verið innflytjendum fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og laga nr. 89/1996, með leyfi tollyfirvalda gegn eða án tryggingar fyrir greiðslu aðflutningsgjalda samkvæmt heimild í tollalögum eða heimildum í öðrum lögum, skal greiða vörugjald eins og það var fyrir 1. júlí 1996.

Við sölu eða afhendingu af birgðum sem innlendir framleiðendur gjaldskyldrar vöru eiga 1. júlí 1996 skal greiða gjald samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar og laga nr. 89/1996.

Hafi fyrir 1. júlí 1996 verið gerður samningur um afhendingu eða sölu vöru sem vörugjaldsskyld er, en afhending hins selda og greiðsla skyldi fara fram eftir 1. júlí 1996 skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna er svarar vörugjaldi er í gildi var á þeim degi, nema sannað sé að gjaldið hafi verið talið með í kaupverðinu við ákvörðun þess.

Gjaldi, vegna sölu eða afhendingar frá framleiðanda fram til 1. júlí 1996 á gjaldskyldum vörum samkvæmt þeim lögum er í gildi voru fyrir þann dag, skal skilað á reglulegum gjalddögum samkvæmt þeim lögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

Fjármálaráðuneytinu, 26. júní 1996.

F. h. r.
Jón Guðmundsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 50 – 1996

26. júní 1996 825 Nr. 357

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 7, 11. janúar 1996, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „1. október 1996“ í upphafi 2. mgr. 10. gr. komi: 31. desember 1996.

2. gr.

Í stað „1. maí“ í lok 2. málsliðar 1. mgr. 11. gr. komi: 1. september 1995.

3. gr.

Í stað b-liðar 2. tl. 2. mgr. 11. gr. komi nýr b-liður er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði a-liðar þessa töluliðar skulu úreldingarstyrkir, vegna krókabáta er valið hafa að stunda veiðar á sóknardögum samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, nema 80% af verðmæti báts eins og það er skilgreint í 2. mgr. Úreldingarstyrkir vegna krókabáta, er valið hafa að stunda veiðar með þorskaflahámarki samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, skulu nema 60% af verðmæti báts eins og það er skilgreint í 2. mgr. Ákvæði þessa liðar gilda til 1. október 1996.

4. gr.

Við 4. mgr. 11. gr. bætist nýr málsliður er orðist svo:

Hafi stjórn Þróunarsjóðs sjávarútvegsins lofað fyrir gildistöku reglugerðar þessarar að veita báti er stundar veiðar með línu og handfærum (krókabáti) úreldingarstyrk skal styrkhlutfall fara eftir b-lið 2. tl. 2. mgr. 11. gr. verði styrkur greiddur eftir 1. júlí 1996, án tillits til þess hvenær stjórn Þróunarsjóðs samþykkti styrkfjárhæðina.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 26. júní 1996.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Arndís Steinþórsdóttir.

B 59
Gutenberg

REGLUR

um birgðabókhald o.fl. vegna sérstakrar skráningar skv. 11. gr. reglugerðar um vörugjald nr. 356/1996.

1. gr.

Aðilar sem flytja inn eða kaupa innanlands til heildsölu vörugjaldsskyldar vörur skv. lögum um vörugjald nr. 97/1987, með síðari breytingum, geta fengið sérstaka skráningu hjá skattstjóra sem heimilar uppgjör á vörugjaldi miðað við breytingar á birgðastöðu á uppgjörstímabili eða við sölu á magngjaldsskyldum vörum.

Þeir sem óska eftir sérstakri skráningu skulu sækja um hana til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eru heimilisfastir á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

2. gr.

Í umsókn um sérstaka skráningu skv. reglum þessum skal m.a. gera grein fyrir birgðastöðu vörugjaldsskyldra vara á þeim degi sem henni er skilað til skattstjóra og tilgreina sérstaklega hvort vörurnar eða hluti þeirra hefur verið keyptur innanlands eða fluttur til landsins með eða án greiðslu vörugjalds. Ef aðili flytur til landsins eða kaupir innanlands vörugjaldsskyldar vörur bæði sem aðföng til framleiðslu og til endursölu skal hann gera grein fyrir hvaða vörur eru notaðar til framleiðslu og hverjar eru keyptar til endursölu. Jafnframt skal fylgja umsókn ítarleg lýsing á birgðabókhaldi umsækjanda. Aðili skal undirrita yfirlýsingu um að hann hafi kynnt sér ákvæði reglna þessara og uppfylli þau samkvæmt bestu vitund.

Skattstjóri skal að undangenginni athugun á umsókn aðila gefa út staðfestingu um að skráning hafi átt sér stað.

3. gr.

Aðili sem fengið hefur sérstaka skráningu skv. 2. gr. skal halda sérstakt birgðabókhald með þeim hætti að skattyfirvöld geti hvenær sem er og án fyrirvara kannað með talningu á birgðum og athugun á birgðabókhaldi hvort uppgjör og skil á vörugjaldi hafi verið réttilega gerð.

Unnt skal vera að rekja sérhver innkaup frá innflutningsgögnum og innkaupareikningum til færslu í birgðabókhaldi.

Aðgreina skal allar vörutegundir sem ekki eru samkynja og ekki bera sama vörugjald og tilgreina á birgðareikningi hverrar tegundar gjaldstofn og reiknað vörugjald.

Koma skal fram á aðgengilegan hátt annars vegar gjaldskyld ráðstöfun birgða vegna sölu innanlands til óskráðra aðila, eigin úttektar og rýrnunar, og hins vegar gjaldfrjáls ráðstöfun vegna útflutnings, sölu til aðila sem fengið hafa skráningu skv. 5. gr. vörugjaldslaga og sölu án gjalds gegn framvísun vörugjaldsskírteina.

4. gr.

Talning birgða skal framkvæmd fyrsta dag hvers uppgjörstímabils. Komi fram óútskýrð vöntun við birgðatalningu skal hún færð sem rýrnun á síðasta degi næsta uppgjörstímabils á undan.

Til birgða næsta uppgjörstímabils skulu taldar allar vörur sem ekki hafa verið seldar eða afhentar til fullra umráða og ráðstöfunar annars aðila á liðnu uppgjörstímabili.

Við birgðauppgjör vegna uppgjörstímabilsins desember-janúar skal greint á milli hvors mánaðar í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr.

5. gr.

Hafi aðili sem sækir um sérstaka skráningu með höndum sölu á magngjaldsskyldum vörum gefur skattstjóri út vörugjaldsskírteini honum til handa, enda verði hann eigi samtímis með skráningu sem miðar við uppgjör vörugjalds skv. birgðabókhaldi. Í slíkum tilvikum þarf aðili ekki að uppfylla ákvæði 2.- 4. gr. reglna þessara, heldur fer um meðferð gjaldsins, að öðru leyti, en kveðið er á um í reglum þessum, eftir ákvæðum 21. gr. vörugjaldsreglugerðar.

Handhafar vörugjaldsskírteina skv. 1. mgr. skulu við sölu, rýrnun eða úttekt til eigin nota tilgreina vörugjald á sölureikningi, sbr. 17. gr. vörugjaldsreglugerðar eða á sérstakt fylgiskjal ef um rýrnun er að ræða, og skila vörugjaldinu í ríkissjóð á gjalddaga viðkomandi uppgjörstímabils.

6. gr.

Komi í ljós við athugun skattyfirvalda á bókhaldi aðila eða á annan hátt að hann uppfylli ekki ákvæði reglna þessara eða brjóti á annan hátt gegn ákvæðum laga um vörugjald nr. 97/1987, getur skattstjóri eða ríkisskattstjóri afturkallað vörugjaldsskírteini eða heimild til uppgjörs vörugjalds samkvæmt birgðabreytingum og eftir atvikum endurákvarðað vörugjald frá og með þeim tíma sem aðili telst hafa brotið gegn ákvæðum laganna.

7. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 2. mgr. 5. gr. laga um vörugjald, nr. 97/1987, með síðari breytingum, sbr. 11. og 21. gr. reglugerðar um vörugjald nr. 356/1996.

Reykjavík, 27. júní 1996.

Snorri Olsen ríkisskattstjóri.

28. júní 1996 Nr. 359

AUGLÝSING

um frestun á gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta.

Samgönguráðuneytið hefur ákveðið að fresta gildistöku ákvæða um losunar- og sjósetningarbúnað gúmmíbjörgunarbáta samkvæmt 2. - 5. tölul. 7. gr. reglugerðar nr. 189 21. mars 1994 um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.

Frestun þessi gildir til 1. janúar 1997.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 35/1993 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 28. júní 1996.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

REGLUGERÐ

um ráðstöfun aflaheimilda fiskveiðiárið 1996/1997, skv. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83/1995, um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

1. gr.

Aflaheimildum er nema 5.000 lestum af þorski miðað við óslægðan fisk, skal úthlutað til þeirra fiskiskipa, sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks í þorskígildum talið frá fiskveiðiárinu 1991/1992 til fiskveiðiársins 1996/1997.

Aflaheimildir af þorski skv. 1. mgr. skal reikna til þorskígilda miðað við verðmætastuðla skv. reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997. Skal Fiskistofa úthluta aflaheimildum þessum til skipa, þannig að skerðing úthlutaðs aflamarks í þorskígildum talið á milli umræddra fiskveiðiára, sbr. 2. gr., umfram tiltekin mörk verði að fullu bætt. Ekkert skip skal þó fá úthlutað meiri aflaheimildum en sem nemur 10 þorskígildislestum.

2. gr.

Fyrir hvert fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni með aflahlutdeild sbr. lög nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, skal reikna aflamark fyrir hverja tegund, sem úthlutað er bæði árin, annars vegar fyrir fiskveiðiárið 1991/1992 og hins vegar fyrir fiskveiðiárið 1996/1997. Í þessu sambandi skal þó undanskilja skip sem þann 26. júní 1996 hafa leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð, sbr. lög nr. 54/1992 og skip sem voru á skipaskrá 26. júní 1996 en hafa síðan verið úrelt skv. lögum nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum. Skal miðað við aflahlutdeild skipanna í hverri tegund eins og hún var 26. júní 1996 og úthlutað heildaraflamark hvors fiskveiðiárs fyrir hverja tegund, að teknu tilliti til breytinga sem urðu á heildaraflamarki innan fiskveiðiársins 1991/1992. Við útreikninga þessa skal ekki tekið tillit til úthlutunar á aflaheimildum úr Hagræðingarsjóði á fiskveiðiárinu 1991/1992, sbr. lög nr. 4/1992. Þannig reiknað aflamark hvers skips fyrir hvort fiskveiðiár um sig skal reiknað til þorskígilda miðað við verðmætastuðla samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997. Sú hlutfallslega breyting sem orðið hefur á aflaheimildum einstakra skipa milli fiskveiðiáranna 1991/1992 og 1996/1997 miðað við framangreindar forsendur, skal lögð til grundvallar við úthlutun skv. 1. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 83, 20. júní 1995, um breytingu á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1996/1997.

Leyfilegur heildarafli.

1. gr.

Veiðiheimildir krókabáta á fiskveiðiárinu 1996/1997 skulu við það miðast að þorskafli þeirra fari ekki yfir 25.854 lestir af þorski, miðað við óslægðan fisk. Þar af skal Byggðastofnun hafa til ráðstöfunar þorskaflahámark sem nemur 500 lestum.

Val um þorskaflahámark eða sóknardaga.

2. gr.

Eigendum krókabáta skal gefinn kostur á að velja milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki samkvæmt 3. gr. og þess að stunda veiðar á sóknardögum með handfærum eingöngu sbr. 5. gr. eða með línu og handfærum sbr. 6. gr.

Val skv. 1. mgr. er bindandi og skulu eigendur tilkynna val sitt til Fiskistofu eigi síðar en 1. júlí 1996. Velji eigandi báts ekki fyrir tilskilinn frest skal báti hans úthlutað krókaleyfi með þorskaflahámarki.

Þorskaflahámark.

3. gr.

Þorskaflahámark báts sem velur að stunda veiðar með þorskaflahámarki skal nema sama hlutfalli af 25.354 lestum sbr. 1. gr. og nam hlutdeild hans í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995.

4. gr.

Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki krókabáts frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Tilkynna skal til Fiskistofu fyrirfram um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn.

Þá er heimilt að flytja til krókabáts á þorskaflahámarki, innan hvers fiskveiðiárs, úthlutað aflamark í þorski skv. 7. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum. Um þann flutning gilda almennar reglur um flutning aflamarks, sbr. 9. gr. reglugerðar um veiðar í atvinnuskyni 1996/1997.

Sóknardagar, handfæraveiðar.

5. gr.

Sameiginlegur hámarksafli þeirra báta, sem velja að stunda veiðar á sóknardögum með handfærum, skal vera sama hlutfall af 25.354 lestum af þorski, sbr. 1. gr., og nam samanlagðri hlutdeild þeirra í 21.000 lestum af þorski, miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995.

Sóknardagar, línu- og handfæraveiðar.

6. gr.

Sameiginlegur hámarksafli þeirra báta, sem velja að stunda veiðar á sóknardögum með línu og handfærum, skal vera sama hlutfall af 25.354 lestum af þorski, sbr. 1. gr. og nam

samanlagðri hlutdeild þeirra í 21.000 lestum af þorski, miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995.

7. gr.

Þegar bátur stundar veiðar með línu skv. 6. gr. skal margfalda fjölda nýttra daga með tölunni 1,9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september, en með tölunni 1,35 á öðrum tímum. Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn, miðað við allt að 500 krókum á línu í hverjum bala.

Sé lína um borð í báti í róðri skal bátur tilkynntur við línuveiðar sbr. reglur 1. mgr. Tilkynningar skal senda í gegnum símakrók sbr. 9. gr.

Sóknardagar.

8. gr.

Á fiskveiðiárinu 1996/1997 skulu sóknardagar vera 84 miðað við veiðar með handfærum. Fjöldi sóknardaga er ákveðinn fyrir hvorn sóknarhóp fyrir sig, skv. 5. og 6. gr., fyrir hvert fiskveiðiár, í fyrsta sinn á fiskveiðiárinu 1997/1998. Skal það gert með því að reikna meðalafla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs og deila þeirri tölu í sameiginlegan hámarksafla hvors sóknarhóps á fiskveiðiárinu. Afli báta sem veiða skv. 5. gr. hefur ekki áhrif á útreikning á dagafjölda báta sem veiða skv. 6. gr. og öfugt. Sóknardögum skal fækka eða fjölga um heila daga og broti sleppt.

9. gr.

Sóknardagur telst vera 24 klst. frá upphafi veiðiferðar.

Skipstjóri skal tilkynna Fiskistofu um upphaf veiðiferðar og hvort bátur er veiðar stundar skv. 6. gr. verður við línuveiðar, áður en lagt er úr höfn. Telst veiðiferð hafin þegar tilkynning berst. Skipstjóri skal einnig tilkynna Fiskistofu um lok veiðiferðar þegar hann kemur til hafnar og telst sóknardegi þá lokið. Tilkynningar skal senda í gegnum símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu.

Heimilt er að afturkalla tilkynningu um sóknardag, enda sé það gert innan þriggja klukkustunda eftir að tilkynning um nýtingu sóknardags, sbr. 1. mgr., var send Fiskistofu, að öðrum kosti telst sóknardagur nýttur. Ekki er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag, nema bátur sé í höfn þegar afturköllun er send Fiskistofu og aldrei er heimilt að afturkalla tilkynningu um sóknardag hafi veiðarfæri verið sett í sjó.

Valdi vélarbilun því að skipstjóri sem afturkalla vill tilkynningu um nýtingu sóknardags komist ekki til hafnar innan þriggja klukkustunda en öðrum skilyrðum 4. mgr. er fullnægt, getur Fiskistofa engu að síður fellt niður sóknardag sé þess skriflega farið á leit innan 7 daga, enda fylgi fullnægjandi upplýsingar um bilunina.

Aðrar veiðar krókabáta.

10. gr.

Utan sóknardaga sbr. 8. gr. eru þeim bátum sem valið hafa að stunda veiðar skv. 5. og 6. gr. bannaðar allar veiðar á nytjastofnum. Þá er krókabátum, sem náð hafa þorskaflahámarki sínu óheimilar allar veiðar á nytjastofnum.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur ráðherra veitt undanþágu frá banni þessu með sérstökum leyfum til veiða á botndýrum með plógum og gildrum svo og til hrognkelsaveiða í net og til veiða á háffiskum með sérhæfðri línu.

Aukaafli af þorski sem fæst við veiðar samkvæmt 2. mgr. reiknast til þorskaflahámarks.

Fái bátur, sem krókaleyfi hefur með sóknardögum, leyfi samkvæmt 2. mgr. er honum óheimilt að nýta sóknardaga þann tíma, sem leyfið gildir. Velji eigandi þann kost að nýta leyfið ekki allan gildistíma þess, skal hann tilkynna til Fiskistofu hvenær hann hættir að nýta leyfið og er honum eftir það heimilt að nýta sóknardaga bátsins.

Landi krókabátur skv. 4. mgr. á þeim tíma, sem hann stundar veiðar samkvæmt sérstöku leyfi sbr. 2. mgr., aukaafla af þorski getur Fiskistofa áætlað á bátinn sóknardaga í samræmi við afla hans.

Nýti bátur leyfi, samkvæmt 2. mgr. til þess að veiða aðrar tegundir en leyfið miðast við, varðar það leyfissviptingu og viðurlögum sbr. 13. gr.

Stöðvun veiða.

11. gr.

Óheimilt er bátum sem krókaleyfi hafa með sóknardögum að vera á sjó með veiðarfæri utan sóknadaga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að flytja báta milli hafna með veiðarfæri um borð, enda sé slíkur flutningur fyrirfram tilkynntur Fiskistofu. Fari bátur á sjó án veiðarfæra á því tímabili, sem um ræðir í 1. mgr. skal eigandi hans tilkynna það fyrirfram til Fiskistofu. Tilkynningar skal senda í gegnum símakrók, sjálfvirkan þjónustusíma Fiskistofu.

Endurnýjun krókabáta.

12. gr.

Um endurnýjun krókabáta gilda ákvæði 11.-19. gr. reglugerðar, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997, eftir því sem við á.

Heimilt er að framselja, hvenær sem er innan fiskveiðiársins, þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta en það er háð því skilyrði að allt hámark, sem eftir er, sé flutt af viðkomandi bát, enda falli veiðileyfi niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað. Tilkynna skal Fiskistofu fyrirfram um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn.

Heimilt er að flytja krókaleyfi með þorskaflahámarki tveggja eða fleiri krókabáta til eins báts, sem þá fær krókaleyfi með samanlögðu þorskaflahámarki bátanna.

Heimilt er að flytja krókaleyfi með sóknardögum tveggja eða fleiri báta til eins báts sem þá hlýtur sams konar krókaleyfi. Séu þeir bátar sem leyfi láta hvor í sínum sóknarhóp skv. 5. og 6. gr. skal nýi eigandinn velja í hvorum hópnum báturinn lendir.

Sé krókaleyfi með sóknardögum og krókaleyfi með þorskaflahámarki flutt til eins báts skal eigandi velja, hvort báturinn hlýtur krókaleyfi með sóknardögum eða þorskaflahámarki. Velji eigandi krókaleyfi með þorskaflahámarki skal bátnum úthlutað krókaleyfi með sama þorskaflahámarki og sá bátur hafði er krókaleyfi lét. Velji eigandi krókaleyfi með sóknardögum fellur þorskaflahámarkið niður.

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum og lögum um umgengni um auðlindir sjávar nr. 57/1996. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum öðlast þegar gildi og kemur til framkvæmda 1. september 1996. Frá 1. september 1996 falla úr gildi reglugerð nr. 403/1995 um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1995/1996 og auglýsing nr. 36/1996 um reglur um sóknardaga fiskveiðiárið 1995/1996.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 362 27. júní 1996

REGLUGERÐ

um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Við veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni á fiskveiðiárinu 1. september 1996 til 31. ágúst 1997 koma aðeins til greina þau skip, sem veiðileyfi hafa fengið samkvæmt 5. gr. l. nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Um endurnýjun fiskiskipa fer skv. ákvæðum 11.-19. gr. reglugerðar þessarar.

Heildarafli og veiðitímabil.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 1996 til 31. ágúst 1997 er leyfilegur heildarafli og úthlutað aflamark úr botnfisktegundum sem hér segir:

			Utan aflamarks		
		Leyfilegur heildarafli 1996/1997	Til jöfnunar 1996/1997	Króka-bátar 1996/1997	Úthlutað aflamark 1996/1997
		Lestir	Lestir	Lestir	Lestir
1.	Þorskur	186.000	5.000	25.854	155.146
2.	Ýsa	45.000	-	2.200	42.800
3.	Ufsi	50.000	-	1.900	48.100
4.	Karfi	65.000	-	-	65.000
5.	Grálúða	15.000	-	-	15.000
6.	Skarkoli	12.000	-	-	12.000
7.	Steinbítur	13.000	-	2.500	10.500
8.	Langlúra	1.200	-	-	1.200

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

Aflamark einstakra skipa skal miðað við slægðan fisk með haus í öðrum tegundum en karfa.

3. gr.

Á tímabilinu 1. september 1996 til 31. ágúst 1997 er leyfilegur heildarafli úr neðangreindum tegundum sem hér segir:

1.	Síld (íslensk sumargotssíld)	110.000 lestir
2.	Úthafsrækja	60.000 lestir
3.	Humar	1.500 lestir
4.	Hörpudiskur samtals	9.100 lestir
	þ.a. Breiðafjörður	8.000 lestir
	þ.a. Arnarfjörður	300 lestir
	þ.a. Húnaflói	800 lestir
5.	Innfjarðarækja samtals	7.600 lestir
	þ.a. Eldey	1.000 lestir
	þ.a. Arnarfjörður	500 lestir
	þ.a. Ísafjarðardjúp	1.800 lestir
	þ.a. Húnaflói	1.700 lestir
	þ.a. Skagafjörður	1.000 lestir
	þ.a. Skjálfandaflói	700 lestir
	þ.a. Axarfjörður	900 lestir

Leyfilegur heildarafli af innfjarðarækju skv. tl. 5 á öðrum svæðum en við Eldey, er miðaður við bráðabirgðatillögur Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsafla og verða þær endurskoðaðar fyrir rækjuvertíðina og síðan eftir áramót 1996/1997.

Veiðitímabil síldar er frá og með 1. september 1996 til og með 1. maí 1997. Veiðitímabil úthafsrækju er fiskveiðiárið. Veiðitímabil humars er frá og með 16. maí 1997 til og með 15. ágúst 1997.

Miðað er við að veiðitímabil innfjarðarækju standi frá 1. október 1996 til 1. maí 1997 á öllum svæðum öðrum en við Eldey. Miðað er við að rækjuvertíð, sem hófst við Eldey í maí 1996, ljúki 1. desember 1996. Nýtt veiðitímabil við Eldey hefst 1. maí 1997, að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar um upphafsafla. Heimilt er með tilkynningu til leyfishafa að breyta upphafi og lokum vertíðar á tilgreindum veiðisvæðum innfjarðarækju, liggi fyrir umsögn um það frá Hafrannsóknastofnuninni.

Veiðitímabil annarra tegunda verður ákveðið sérstaklega með reglugerð, ennfremur heildarafli af loðnu.

Úthafsrækjuveiðisvæði.

4. gr.

Til úthafsrækju telst rækja, sem veidd er á svæðum, sem skilgreind eru í reglugerð nr. 303/1995, um úthafsrækjusvæði o.fl., og ennfremur rækja, sem veidd er samkvæmt sérstökum leyfum innan viðmiðunarlínu á Breiðafirði.

Úthafsrækja, sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26°V og norðan 65°30´N telst ekki til aflamarks í úthafsrækju, enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók og aflaskýrslu hversu mikill afli sé fenginn á því svæði. Rangar eða villandi upplýsingar leiða til þess að allur rækjuafli skipsins reiknast til aflamarks í úthafsrækju sbr. 2. mgr. 20. gr.

Skipting leyfilegs afla.

5. gr.

Veiðiheimildum í þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af, skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa.

Úthlutað aflamark hvers skips í hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild skipsins í viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutuðu heildaraflamarki í tegundinni skv. 2. og 3. gr.

Aflahlutdeild hvers skips skal vera sú sama og skipunum var úthlutað fyrir fiskveiðiárið 1. september 1995 til 31. ágúst 1996, að teknu tilliti til breytinga vegna afnáms línutvöföldunar og flutnings á aflahlutdeild milli skipa. Vegna aflahlutdeildar í steinbíti og langlúru vísast til ákvæðis til bráðabirgða við reglugerð þessa.

Áður en leyfðum heildarafla er skipt á grundvelli aflahlutdeildar er eftirtalið dregið frá:

1. Áætlaður afli krókabáta skv. 6. gr.
2. Aflaheimildir, sem nota skal til jöfnunar sbr. 2. gr.

Krókabátar.

6. gr.

Bátar, sem eingöngu stunda veiðar með handfærum eða línu og handfærum, skv. 6. gr. laga nr. 38/1990, með síðari breytingum, kallast krókabátar, veiðileyfi þeirra krókaleyfi og veiðar þeirra krókaveiðar. Um veiðar krókabáta gilda ákvæði reglugerðar um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1996/1997.

Sameiginlegur hámarksafli krókabáta í þorski skal vera 25.854 lestir miðað við óslægðan þorsk með haus. Af því magni skal Byggðastofnun hafa til ráðstöfunar þorskaflahámark sem nemur 500 lestum, miðað við óslægðan fisk.

Útreikningur aflamarks.

7. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,8, grálúðu, skarkola og langlúru með 0,92 og steinbíts með 0,9.

Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 1,25, grálúðu, skarkola og langlúru með 1,09, en steinbíts með 1,11.

Allan afla af botnfisktegundum, sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, sbr. 2. gr., og fluttur er óunninn á erlendan markað skal reikna með álagi til aflamarks. Skal álagið vera 20% á þorsk og ýsu, 15% á ufsa, karfa og grálúðu en 10% á skarkola, steinbít og langlúru.

Þorskur og ufsi styttri en 50 cm, ýsa styttri en 45 cm og karfi styttri en 33 cm teljast ekki að hálfu til aflamarks, enda fari þorskur undir 50 cm ekki yfir 7% af þorskafla í veiðiferð og afli annarra tegunda samkvæmt þessari málsgrein ekki yfir 10% af viðkomandi tegund. Heimild samkvæmt þessari málsgrein er bundin þeim skilyrðum að afla undir tilgreindum stærðum sbr. 1. málslið, sé haldið aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni, sem annast endanlega vigtun aflans innanlands. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda ekki um afla, sem frystur er um borð í veiðiskipi, nema um heilfrystan fisk sé að ræða. Allur fiskur, sem veiddur er á handfæri telst til aflamarks.

8. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðiárs tiltekinn afli telst, skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli, sem landað er 1. september 1996 eða síðar, til fiskveiði-

ársins 1. september 1996 til 31. ágúst 1997, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs. Á sama hátt telst afli, sem landað er 1. september 1997 eða síðar, til fiskveiðiárs er hefst þann dag, enda þótt veiðiferð hefjist fyrr.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðiárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

Framsal og sameining veiðiheimilda.

9. gr.

Flutning á aflaheimildum samkvæmt 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990 skal tilkynna Fiskistofu skriflega fyrirfram. Eigandi þess skips, sem aflaheimildir eru fluttar frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við flutning á aflahlutdeild samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/1990 skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá, ásamt samþykki þeirra aðila, sem áttu þinglýst veð í skipinu 1. janúar 1991. Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir.

Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs, vegna tjóns eða meiri háttar bilana, hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar eða veiðileyfis samkvæmt þessari grein.

Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

Verðmætastuðlar.

10. gr.

Við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar, sbr. 4. mgr. 12. gr. l. nr. 38/1990, skulu verðmætastuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 1996 til 31. ágúst 1997 vera eftirfarandi: Þorskur 1.00, ýsa 1.00, ufsi 0.60, karfi 0.80, grálúða 2.40, skarkoli 1.20, steinbítur 0.70, langlúra 1.50, loðna 0.07, síld 0.10, humar (slitinn) 9.80, rækja 1.00 og hörpudiskur 0.40. Ofangreindir verðmætastuðlar gilda einnig varðandi færslu milli tegunda, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1990, eftir því sem við á. Jafnframt skal á þeim byggt við mat á því, hvort um jöfn skipti sé að ræða, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990.

Endurnýjun fiskiskipa.

11. gr.

Heimilt er að flytja veiðileyfi skips til annars sambærilegs skips, enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Skilyrði þess, að veiðileyfi sé flutt til annars skips er, að eigandi skips, sem veiðileyfi lætur, hafi skriflega óskað eftir því, að veiðileyfið sé flutt til skips, sem sé á skipaskrá hjá Siglingamálastofnun ríkisins og hafi gilt haffærisskírteini. Fullnægi skip, eigendur eða útgerðir þeirra ekki þeim skilyrðum til að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands, sem kveðið er á í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands, skulu skip hlutaðeigandi aðila ekki eiga kost á veiðileyfi í atvinnuskyni í efnahagslögsögu Íslands.

Heimilt er að flytja veiðileyfi fleiri en eins skips til skips er veiðileyfi hlýtur og veita fleiri en einu skipi veiðileyfi í stað skips er veiðileyfi lætur.

12. gr.

Fyrir þilfarsskip úrskurðar Fiskistofa, hvort um sambærileg skip sé að ræða, samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar. Við mat á því skal leggja til grundvallar rúmtölu skipa sem er margfeldi eftirgreindra hönnunarmála:

1. Lóðlínulengdar, sem er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunar-vatnslínu.
2. Mótaðrar breiddar, sem er mesta breidd á miðbandi. Þversnið skipsgrindar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.
3. Mótaðrar dýptar, að neðra þilfari, sem er lóðrétt fjarlægð frá neðri punkti miðbands við kjöl að efri brún þilfarsbita við byrðing.

Fyrir opna vélbáta ákvarðast rúmtala sem 4,3 x brúttótonn, þar sem brúttótonnatala er fundin samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 433, 17. ágúst 1990, um mælingar skipa undir 24 metrum að lengd.

13. gr.

Rúmtala skips eða skipa, sem veiðileyfi fá skv. 11. gr. skal ekki vera hærri en rúmtala þess skips eða skipa, sem veiðileyfi láta í þeirra stað.

Sé krókaleyfi flutt á krókabát skal rúmtala þess, er leyfið fær, vera a.m.k. 50% minni en rúmtala þess krókabáts eða krókabáta er veiðileyfi láta, nema bátur komi í stað báts, sem dæmdur hefur verið óbætandi vegna sjótjóns. Aldrei er heimilt að flytja krókaleyfi til báts, sé hann 6 brúttótonn eða stærri.

Óheimilt er að flytja krókaleyfi til báts, sem haft hefur veiðileyfi með aflamarki. Heimilt er þó Fiskistofu að leyfa flutning krókaleyfis til aflamarksbáts í þeim tilvikum, að krókabátur hafi verið dæmdur óbætandi vegna sjótjóns og tekinn af skipaskrá eða settur á minjasafn, enda liggi fyrir umsögn Þjóðminjasafns Íslands um að krókabáturinn hafi verulegt minjagildi og rík ástæða sé til varðveislu hans. Flutningur krókaleyfis til aflamarksbáts fer að öðru leyti eftir ákvæðum 2. mgr. þessarar greinar.

14. gr.

Við útreikning rúmtölu fiskiskipa, samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, skal byggt á gögnum tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands.

Heimilt er að meta það sérstaklega, ef lögun skipsins er ekki hefðbundin, t.d. ef mismunur mestu lengdar og lóðlínulengdar eða mótaðrar breiddar og mestu breiddar er óvenjulegur. Sama gildir þegar það er miklum vandkvæðum bundið að finna hönnunarmál.

15. gr.

Heimilt er með samþykki Fiskistofu að flytja veiðileyfi tveggja eða fleiri skipa til eins, enda megi ætla að afkastagetan aukist ekki við skiptin. Leyfileg rúmtala þess skips, sem veiðileyfi fær skal miðast við samanlagða rúmtölu þeirra skipa, er veiðileyfi láta.

16. gr.

Heimilt er með samþykki Fiskistofu að flytja veiðileyfi eins skips til tveggja eða fleiri skipa. Skal leyfileg rúmtala þeirra skipa, sem veiðileyfi fá, samtals ekki vera hærri en rúmtala þess skips, sem veiðileyfi lætur.

17. gr.

Sé veiðileyfi flutt milli skipa samkvæmt ákvæðum 11.-16. gr. fellur niður umframrúmtala, sem ekki nýtist við þann flutning.

18. gr.

Aðeins er Fiskistofu heimilt að veita skipi veiðileyfi að fullnægt sé skilyrðum 11. gr. Óheimilt er að stunda veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands nema að fengnu veiðileyfi Fiskistofu.

19. gr.

Skylt er að sækja um sérstakt leyfi Fiskistofu, til að breyta skipi, sem veiðileyfi með aflamarki hefur fengið eftir 1. janúar 1986, þannig að rúmmál þess aukist sbr. 12. gr., enda eigi að halda skipinu til veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Leyfi Fiskistofu skal bundið því skilyrði, að flutt sé veiðileyfi af a.m.k. jafn stóru skipi og sem stækkun skipsins nemur.

Óheimilt er, án leyfis Fiskistofu, að breyta krókabátum þannig að rúmtala eða brúttótonnastærð þeirra aukist. Leyfi Fiskistofu skal bundið því skilyrði, að flutt sé veiðileyfi af a.m.k. tvisvar sinnum stærri báti en sem stækkun bátsins nemur. Óheimilt er að stækka krókabát þannig að hann verði 6 brúttótonn eða stærri.

Sé skipi, sem veiðileyfi fékk með aflamarki fyrir 1. janúar 1986 eða krókabáti, breytt þannig að gerð eða lögun hans breytist í grundvallaratriðum eða rúmtala hans aukist verulega skal Fiskistofa úrskurða, hvort um nýsmíði eða breytingu á eldra skipi sé að ræða.

Séu breytingar gerðar á skipi, sem veiðar stundar samkvæmt aflamarksleyfi, sem það fékk fyrir 1. janúar 1986, skulu þær breytingar ekki lagðar til grundvallar við mat á afkastagetu þess síðar. Í þessu sambandi skal miðað við skráða stærð þess hjá Siglingamálastofnun ríkisins 21. júní 1995.

Ýmis ákvæði.

20. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíku ekki viðkomið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerðar nr. 618/1994 um vigtun sjávarafla.

Skipstjórar fiskiskipa, sem fara til veiða á fiskistofnum, sem reiknast ekki til aflamarks fiskiskips, skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær veiðar á þessum tegundum hefjast og hvenær þeim lýkur. Í tilkynningum til Fiskistofu skal afli áætlaður, sundurliðaður eftir tegundum. Gildir þetta um veiðar á úthafskarfa, rækjuveiðar vestan 26°V og norðan 65°30´N og veiðar á botnfiski og rækju utan fiskveiðilögsögu Íslands.

Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á fisktegundum í aflamarki eða úthafskarfa, blálöngu og síld.

Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni samkvæmt 3. mgr., enda hafi afli og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfest með fullnægjandi hætti að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða utan og innan lögsögunnar.

21. gr.

Útgerðum skipa er skylt að senda Fiskistofu skriflegar upplýsingar um afla á eyðublöðum, sem Fiskistofa leggur til. Skal skýrslum skilað fyrir hvert fiskveiðiár, en útgerðir fullvinnsluskipa skulu þó að lokinni hverri veiðiferð skila sérstakri skýrslu.

Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Fiskistofa leggur til samkvæmt nánari reglum þar um og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til Fiskistofu.

Skilafrestur á skýrslum til Fiskistofu og afladagbókum skal vera tvær vikur frá lokum hvers tímabils.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskistofu skýrslum um móttekinn afla í því formi, sem Fiskistofa ákveður.

22. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, sbr. V. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Um sviptingu veiðileyfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða, sbr. IV. kafla laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla skal beita ákvæðum laga nr. 37, 27. maí 1992.

23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 37 14. maí 1976 um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast gildi 1. september 1996 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Ákvæði til bráðbirgða.

Fyrir upphaf fiskveiðiársins 1. september 1996 - 31. ágúst 1997 skal þeim skipum, sem aflareynslu hafa í steinbíti og langlúru á tímabilinu 1. júní 1993 til 31. maí 1996, úthlutað bráðbirgðaaflahlutdeild í þessum tegundum á grundvelli aflareynslu þeirra á tímabilinu. Skal útgerðum fiskiskipa gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við bráðabirgðaúthlutunina og skal Fiskistofa úrskurða um ágreining, sem rísa kann vegna hennar.

Fyrr en endanleg aflahlutdeild einstakra skipa í steinbíti og langlúru hefur verið færð inn í aflamarkskerfi Fiskistofu, vega þessar tegundir ekki inn í heimildir til breytinga milli fisktegunda. Heimilt er að flytja aflamark í þessum tegundum milli fiskiskipa á grundvelli bráðbirgðaúthlutunar, en ekki aflahlutdeild.

Hafi veiðileyfi verið flutt milli skipa fylgir aflareynslan veiðileyfinu.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. júní 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 - 1996

28. júní 1996 839 Nr. 363

REGLUGERÐ

um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beinar greiðslur til bænda verðlagsárið 1996-1997.

1. gr.

Heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla.

Heildargreiðslumark til framleiðslu mjólkur verðlagsárið 1996-1997 skal vera 102 milljónir lítra og skiptist í greiðslumark lögbýla. Greiðslumark lögbýla reiknast í lítrum mjólkur og skiptist hlutfallslega milli lögbýla á sama hátt og greiðslumark til framleiðslu mjólkur á verðlagsárinu 1995-1996 eftir að það hefur verið endurreiknað vegna aukningar við að niðurfærsla skv. viðauka I, liður 1.5 í samningi um mjólkurframleiðslu frá 15. ágúst 1992 hefur verið bætt og að teknu tilliti til hlutfallslegrar aukningar á heildargreiðslumarki milli ára og breytinga sem orðið hafa vegna úreldingar samkvæmt reglum nr. 211/1994 og geymslu skv. 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

2. gr.

Aðilaskipti að greiðslumarki.

Heimil eru aðilaskipti að greiðslumarki á milli lögbýla, með eftirfarandi takmörkunum:

a) Greiðslumark byggt á fullvirðisrétti sem leigður var Framleiðnisjóði landbúnaðarins eða öðrum framleiðendum fyrir gildistöku reglugerðar nr. 527/1988, þ.e. 22. desember 1988, má því aðeins selja að það hafi verið í framleiðslu hjá leigusala, næstliðin tvö ár fyrir sölu. Framleiðendum sem gerðu leigusamning sín á milli er þó heimilt að breyta þeim í kaupsamning. Heimilt er að selja allt greiðslumarkið þegar framleiðsla á lögbýlinu hefur náð 70% greiðslumarksins að meðaltali í tvö ár, að öðrum kosti í hlutfalli við nýtingu þess.

b) Sé ábúandi lögbýlis annar en eigandi þess þarf samþykki beggja fyrir ráðstöfun greiðslumarks frá lögbýli.

Nú á framleiðandi fleiri en eitt lögbýli eða flytur af einu lögbýli á annað og er þá heimilt að sameina greiðslumark beggja lögbýlanna með þeim takmörkunum sem um getur í 1. mgr. Á sama hátt er landbúnaðarráðherra heimilt að flytja greiðslumark milli lögbýla í eigu ríkisins.

Aðilaskipti greiðslumarks skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Með tilkynningu um aðilaskipti að greiðslumarki skal fylgja staðfesting um eignarhald að

lögbýli. Tilkynningar um aðilaskipti fyrir verðlagsárið 1996-1997 skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins í síðasta lagi 20. apríl 1997 til að þau taki gildi á verðlagsárinu. Aðilaskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

3. gr.

Nýting greiðslumarks lögbýla.

Afurðastöð skal greiða framleiðanda fullt verð innan greiðslumarks skv. gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi.

Greiðslutilhögun vegna framleiðslu umfram greiðslumark skal vera með eftirfarandi hætti:

a) Fyrstu 4% sem framleiðandi framleiðir umfram greiðslumark sitt hefur forgang að greiðslum frá afurðastöð sé ónotað greiðslumark þá fyrir hendi á viðkomandi mjólkursamlagssvæði.
b) Verði enn ónotað greiðslumark á samlagssvæði gengur það til annarra svæða til nýtingar allt að 104% greiðslumarks.
c) Verði enn ónotað greiðslumark, greiðist hlutfallslega á það sem er umfram 104% greiðslumarks á landinu öllu, enda liggi fyrir heimild Framleiðsluráðs, sbr. 3. mgr. Framleiðsla, umfram það magn sem unnt er að greiða fyrir skv. stafliðum a-c að ofan, skal markaðsfærð erlendis, þó getur Framleiðsluráð landbúnaðarins heimilað sölu hennar innanlands ef gengið hefur á birgðir þannig að fyrirsjáanlegur sé skortur á mjólk.

4. gr.

Brottfall og geymsla greiðslumarks.

Greiðslumark sem ekki hefur verið nýtt til framleiðslu að neinu leyti í full tvö verðlagsár er landbúnaðarráðherra heimilt að fella niður að fengnu samþykki handhafa greiðslumarks.

Heimilt er framleiðanda að leggja greiðslumark lögbýlisins inn til geymslu til 31. ágúst 1998 og sætir það þá sömu breytingum og annað greiðslumark.

5. gr.

Beinar greiðslur.

Bein greiðsla er framlag úr ríkissjóði til framleiðanda mjólkur og skal svara til 47,1% af framleiðslukostnaði mjólkur samkvæmt verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Dreifing beinna greiðslna og fráviksmörk skulu vera með eftirfarandi hætti:

A: 57,54% skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 80% greiðslumarks á tímabilinu. Greiða skal 1. hvers mánaðar, 1/12 hluta, í fyrsta sinn 1. september 1996.
B: 25,48% skal greiða eftir framleiðslu. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. nóvember 1996.
C: 16,98% skal greiða með jöfnum hlutfallslegum fjárhæðum fyrir innlegg í mánuðunum nóvember til febrúar. Greiða skal 1. hvers mánaðar fyrir innlegg næstsíðasta mánaðar, í fyrsta sinn 1. janúar 1997.

Að því marki sem beinar greiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks skal greitt út á framleiðslu umfram greiðslumark þó þannig að fyrstu 4% njóti forgangs, sbr. greiðslur afurðastöðva skv. 3. gr.

6. gr.

Viðtakandi beinna greiðslna.

Beinar greiðslur greiðast ábúanda á lögbýli. Á hverju lögbýli skal aðeins einn framleiðandi vera skráður handhafi. Þó er heimilt, þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða sem standa að búinu, að skrá þá sérstaklega. Sjálfstæður rekstraraðili telst sá einn sem hefur sjálfstætt virðisaukaskattsuppgjör. Tilkynna skal Framleiðsluráði landbúnaðarins allar breytingar á því hver eigi að vera handhafi beinna greiðslna. Séu handhafar tveir eða fleiri, skal gefa upp hlutfallslega skiptingu beinna greiðslna. Jafnframt skulu viðtakendur beinna greiðslna tilgreina sérstakan reikning í banka eða öðrum viðskiptastofnunum, sem greiðslur skulu lagðar inn á.

7. gr.

Uppgjör beinna greiðslna.

Sjái framleiðandi fram á að nýting greiðslumarks gefi ekki rétt til a.m.k. 80% af beinum greiðslum verðlagsársins, ber honum að tilkynna það Framleiðsluráði landbúnaðarins, sem þá skal haga beinum greiðslum í samræmi við áætlaða nýtingu. Komi samt fram við lok verðlagsárs, að ofgreitt hafi verið, ber viðtakanda beinna greiðslna að endurgreiða mismuninn samkvæmt reikningi.

8. gr.

Útreikningur á greiðslumarki lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út greiðslumark til framleiðslu mjólkur og heldur skrá yfir greiðslumark lögbýla og handhafa réttar til beinna greiðslna og lætur afurðastöðvum og búnaðarsamböndum í té eintak af henni fyrir starfssvæði þeirra.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar og hefur eftirlit með uppgjöri afurðastöðva við framleiðendur. Afurðastöðvum er skylt að láta Framleiðsluráði landbúnaðarins í té allar þær upplýsingar sem að gagni geta komið við störf þess og þær geta veitt.

9. gr.

Tilkynningar um greiðslumark lögbýla.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um greiðslumark lögbýlisins. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við það og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 20 daga frá dagsetningu tilkynningar um greiðslumark, ella gildir það fyrir verðlagsárið. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Berist Framleiðsluráði ekki athugasemdir við þá niðurstöðu innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðarins, gildir hann fyrir hlutaðeigandi verðlagsár.

Uni viðkomandi framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, hefur hann rétt til þess að skjóta ágreiningnum með rökstuddri kæru til úrskurðarnefndar.

10. gr.

Úrskurðarnefnd.

Ágreiningi um ákvörðun á greiðslumarki lögbýlis, skráningu á greiðslumarki og rétt til beinna greiðslna, er heimilt að skjóta til úrskurðarnefndar, sem starfar skv. lögum nr. 99/1993. Úrskurði nefndarinnar, sem skal liggja fyrir innan 45 daga frá því erindi berst henni, verður ekki skotið til ráðherra.

11. gr.

Viðurlög og gildistaka.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 28. júní 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Stjórnartíðindi B 51, nr. 363. Útgáfudagur 1. júlí 1996.

STJÓRNARTÍÐINDI B 52 – 1996

20. júní 1996 843 Nr. 364

REGLUR

um veitingu réttinda í snyrtifræði.

1. gr.

Umsóknir og tilskilin gögn.

Þeir umsækjendur sem æskja iðnréttinda í snyrtifræði skulu leggja fram umsóknir á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknum skulu fylgja staðfest vinnuvottorð um vinnu umsækjandans í iðninni. Þá skulu einnig fylgja prófskírteini með einkunnum í einstökum námsgreinum og yfirliti yfir námsgreinar og kennslustundafjölda.

Menntamálaráðuneytið metur þær samkvæmt eftirfarandi matsreglum í samráði við réttindaveitinganefnd í snyrtifræði og ákveður afgreiðslu á þeim.

2. gr.

Nám hérlendis í snyrtifræði utan framhaldsskólakerfisins.

Nám og starfsreynsla þeirra sem numið hafa snyrtifræði hérlendis og hófu nám fyrir 1. júní 1987 skal metin samkvæmt eldri reglum um réttindaveitingar dagsettum 25. maí 1987.

Mat á námi og starfsreynslu þeirra sem byrjað hafa nám hér á landi utan framhaldsskólakerfisins þann 1. júní 1987 eða síðar skal metið á grundvelli gildandi námsskrár í snyrtifræði.

3. gr.

Umsóknir um réttindi í snyrtifræði vegna náms erlendis í iðninni á grundvelli Cidesco-prófa.

Þeir sem lokið hafa námi frá skóla sem kennir eftir Cidesco-kröfum geta sótt um að ganga undir sveinspróf í iðninni þegar þeir hafa sannanlega lokið a. m. k. 10 mánaða starfsreynslu í iðninni. Er þá miðað við að þeir hafi lokið fagnámi sem svarar til upptalningar samkvæmt töflu 1 hér á eftir.

Sama gildir um þá umsækjendur sem hafa numið við skóla sem gera jafnmiklar kröfur til náms og koma fram í töflu 1.

Þá skal einnig metið almennt nám viðkomandi með samanburði við töflu 2 hér á eftir.

Þeir sem hafa lokið almennu námi sem svarar til þess sem er í töflu 2 eða meiru og standast sveinsprófið *skulu fá útgefið sveinsbréf sem veitir rétt til inngöngu í meistaraskóla.*

Þeir sem hafa ekki lokið almennu námi sem svarar til þess sem er í töflu 2 og standast sveinspróf *skulu fá útgefið sveinsbréf sem veitir ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla.*

4. gr.

Umsóknir um réttindi í snyrtifræði vegna náms erlendis í iðninni í skólum sem kenna ekki eftir Cidesco-kerfi.

Þeir umsækjendur um réttindi í snyrtifræði sem hafa ekki lokið Cidesco-prófi en stundað nám í iðninni erlendis skulu metnir á grundvelli framlagðra gagna með samanburði við innlent fagnám í snyrtifræði samkvæmt gildandi námsskrá í iðninni. (Sjá töflu 1.)

Gutenberg

Þá skal einnig metið almennt nám þeirra í snyrtifræði samkvæmt gildandi námsskrá í iðninni með samanburði við töflu 2 hér á eftir.

Þeir sem hafa lokið almennu námi sem svarar til þess sem er í töflu 2 eða meiru og standast sveinsprófið *skulu fá útgefið sveinsbréf sem veitir rétt til inngöngu í meistaraskóla.*

Þeir sem hafa ekki lokið almennu námi sem svarar til þess sem er í töflu 2 og standast sveinspróf *skulu fá útgefið sveinsbréf sem veitir ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla.*

Ráðuneytið skal tjá umsækjendunum hvað þeir þurfi að nema til viðbótar og hvaða starfsþjálfun þeir þurfi að ljúka svo að þeir geti sótt um sveinspróf í iðninni.

Réttindaveitinganefnd iðnarinnar skal halda skrá yfir þá skóla sem umsækjendur koma frá og meta námsbrautir þeirra með samanburði við töflu 1 hér á eftir.

5. gr.

Mat á Cidesco-prófum.

Cidesco-próf skal metið jafngilt fagnámi í snyrtifræði samkvæmt gildandi námsskrá með eftirtöldum námsgreinum og áföngum:

Tafla 1. Fagnám í snyrtifræði.

Námsgreinar	Skammst.	Númer
Bókfærsla og viðskiptareikningur	BÓV	1036
Eðlisfræði	EÐL	1236 / 1036
Efnafræði	EFN	1036, 2236 eða 2036 og 3136 til stúd.pr.
Förðun, verklegur áfangi	FÖR	1024, 2024, 3024
Fótsnyrting, verklegur áfangi	FÓS	1024, 2012
Handsnyrting, verklegur áfangi	HAS	1024, 2012
Heilbrigðisfræði	HBF	1024
Húðsjúkdómar	HÚÐ	1012
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL	1036, 2036
Líkamssnyrting, verklegur áfangi	LSS	1036, 2048
Myndlist	MDL	1524
Næringarfræði	NÆR	1024
Sálfræði	SÁL	1024, 1124
Siðfræði	SIÐ	1024
Skyndihjálp	SKY	1012
Snyrtifræði, verklegur áfangi	SNY	105A, 2048,3048
Snyrtivörur	SNV	1012
Stofutími, verklegur áfangi	STO	1012
Vax	VAX	1012
		Samtals 67 einingar

Eftirtaldar námsgreinar og áfangar á námsbraut í snyrtifræði eru taldar almennar greinar og eru ekki í mati á Cidesco-prófum.

Tafla 2. Almennar greinar.

Námsgreinar	Skammst.	Númer
Danska	DAN	1024, 2024
Enska	ENS	1024, 2024, 3024
Íslenska	ÍSL	1024, 2024, 3024
Líffræði	LÍF	1036
Stærðfræði	STÆ	1024, 2024
Tjáning	TJÁ	1024
Vélritun og tölvufræði	VTÖ	1036
Íþróttir	ÍÞR	1012, 1112, 2012, 2112 + 1 ein.
		Samtals 33 einingar

6. gr.

Reglur þessar eru settar skv. ákv. 1. gr. reglugerðar nr. 111/1996 um breytingu á reglugerð nr. 560/1995 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi og 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 560/1995 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 20. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Hörður Lárusson.

24. júní 1996 Nr. 365

GJALDSKRÁ

Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA.

Gjaldskrárliðir

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,51	kr/kWh
Fastagjald F.1	3.820,00	kr/ári

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð.

Orkugjald	6,51	kr/kWh
Fastagjald 3xF.1	11.460,00	kr/ári

A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald	7,51	kr/kWh
Fastagjald F.1	3.820,00	kr/ári

A.4 Blönduð notkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

Orkugjald	4,65	kr/kWh
Fastagjald 4xF.1	15.280,00	kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkv. öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 6 kW, hámarksafl 50 kW.

Orkugjald af allri notkun	2,76	kr/kWh
Aflgjald (lágmark 6 kW)	6.600,00	kr/kW/ári
Fastagjald 3xF.1	11.460,00	kr/ári
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu	6,51	kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

A.6 Skiparafmagn.

Raforkusala með rofheimild, vegna landtenginga skipa

Orkugjald	4,58	kr/kWh
Fast gjald	34.700,00	kr/ári

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun. Lágmarksafl 15 kW.

Orkugjald sumar (1. maí til 30. september)	2,05	kr/kWh
Orkugjald vetur (1. október til 30. apríl)	3,22	kr/kWh
Aflgjald sumar (1. apríl til 31. október)	620,00	kr/kW/mán
Aflgjald vetur (1. nóvember til 31. mars)	1.240,00	kr/kW/mán
Fast gjald	34.700,00	kr/ári

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

Orkugjald	1,85	kr/kWh
Aflgjald	3.110,00	kr/kW/ári

C.1/D.1 Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2x1,5 klukkustund á dag.

Orkugjald	3,73	kr/kWh
Fastagjald F.3	14.400,00	kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

C.2/D.2 Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

Orkugjald	2,53	kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

D.3 Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o.fl. Hámark uppsetts afls er 200 kW.

Orkugjald 1. maí til og með 30. september	3,73	kr/kWh
Orkugjald 1. október til og með 30. apríl.	5,20	kr/kWh
Fastagjald F.3	14.400,00	kr/ári

H.1/H.2 Hitaveita R/O.

Orkugjald	2,65	kr/kWh
Sérstakur afsláttur til íbúðarhúsa	0,14	kr/kWh
Vatnsgjald	34,80	kr/m^3
Fast gjald	12.600,00	kr/ári

Sjá kafla um niðurgreiðslur.

H.3/H.31/H.4 Hitaveita Siglufirði.

H.3 Hitun um rennslismæli

Vatnsgjald	127,00	kr/m^3
Fast gjald	2.030,00	kr/ári

H.4 Hitun húsnæðis um rennslismæli

Vatnsgjald	84,70	kr/m^3
Fast gjald	12.600,00	kr/ári

S.1 Sumartaxti.

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksafl 75 kW á mánuði.

Orkugjald	2,05	kr/kWh
Aflgjald	500,00	kr/kW/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mæla	730,00	kr/ári
Þrífasa mæla	2.870,00	kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni.

Innheimta og lokun.

Innheimtugjald:
Gjald til greiðslu kostnaðar við
vanskilainnheimtu: 940,00 kr

Opnunargjald:
Gjald fyrir aðgerðir vegna lokunar
og/eða opnunar veitu vegna vanskila er: 3.760,00 kr

Gjald vegna varatengingar.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

1.1. Í hverju tilviki fyrir sig, skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst, greiðir notandinn að fullu.

1.2. Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi Rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað, greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ.e. af línulögn, spenni, strengjum o.s.frv.

1.3. Notandi greiðir fyrir varatenginguna, óháð orkunotkun, fast gjald á ári, sem samsvarar aflgjaldi á marktaxta fyrir 4 kW að viðbættu föstu gjaldi marktaxtans. Fyrir hverja kWh sem notuð er, skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A.1.

Niðurgreiðslur og afsláttur.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku til húshitunar á lægra verði en til almennrar notkunar og veita ennfremur fyrst um sinn, sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30.000 kWh/ári samkvæmt lið C.1 og H.1 og hámark 42.000 kWh/ári samkvæmt lið A.5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C.1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (*notkunartímabil = tímabilið milli álestra).* Niðurgreiðsla nemur 1,38 kr/kWh, afsláttur LV nemur 0,39 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki, 0,085 kr/kWh.

Liður A.5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,99 kr/kWh, afsláttur LV nemur 0,277 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki, 0,058 kr/kWh.

Liður H.1 Hitaveita:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,29 kr/kWh. Sérstakur afsláttur Rafmagnsveitnanna er 0,07 kr/kWh. *(Að auki veitir RARIK 0,14 kr/kWh afslátt vegna hitunar íbúðarhúsa, óháð orkunotkun.)*

Liður C.2 Næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C.2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,79 kr/kWh, afsláttur LV nemur 0,39 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki, 0,053 kr/kWh.

Þessar tölur eru allar án vsk. Gildir frá 1. apríl 1996.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað. Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla **með rafhitun** samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir sérmældir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksmánaðar er hæsta gildi afls viðkomandi reikningstímabils milli reglulegra álestra. Álestur er mánaðarlega, að jafnaði sem næst mánaðamótum. Vetrargjald afls er á tímabilinu 1. nóvember til 31. mars. Á öðrum tíma gildir sumarverð afls. Vetrarverð orku gildir á tímabilinu 1. október til 30. apríl. Á öðrum tíma gildir sumarverð orku.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október, og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárliðum utan þess tímabils. Aflgjald er samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fer fram að jafnaði sem næst mánaðamótum. *(Taxti þessi fellur niður á árinu 1995).*

5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall nemur hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Heimilt er að takmarka veitingu gjaldskrárliða við aflmælingu, ef orkunotkun fer yfir 200.000 kWh/ári á töxtum A.1 til A.4.

Heimilt er að gera tímabundna sérsamninga um orkuviðskipti í sérstökum tilfellum sem víkja frá almennri smásölugjaldskrá. Til sérsamninga teljast m.a. víkjandi orka, ótryggð orka, samningar vegna gagnkvæmra viðskipta með raforku (varaafl) og aðrir sérsamningar við stærstu notendur þar sem um mikla orkunotkun er að ræða (1 milljón kWh/ári eða meira).

7. Rafmagn til skipa.

Raforkusala til hafna vegna endursölu til skipa. Taxti þessi er eingöngu ætlaður til landtenginga skipa og annarra nota sem tengist skipunum beint. Hér er um að ræða orku sem ekki nýtur fulls forgangs, en telst þó ekki ótryggð eða víkjandi orka eins og hún hefur verið skilgreind. Rafmagn til þessarra nota verður rofið þegar skortur er, þ.e. þegar og ef grípa þarf til skömmtunar. Þetta þýðir að raforka sem kynni að þurfa að framleiða með dísilvél í landi, fæst ekki til skipanna, enda eru þau búin varaafli.

II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:

Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Hveragerðis, Selfossveitna, Hitaveitu Eyra og Bæjarveitna Vestmannaeyja.

2. Rafmagnsgjald.

Aflgjald	10.485,00	kr/kW/ári
Vetrargjald orku	2,315	kr/kWh
Sumargjald orku	1,158	kr/kWh
Tengigjald	355.070,00	kr/ári

3. Söluskilmálar.

3.1 Aflsala

Við útreikning á sölutoppi til uppgjörs á ári hverju skal fyrst fundinn hæsti álagstoppur hvers almanaksmánaðar, mældur sem 60 mínútna sammælt meðalálag á afhendingarstað (stöðum). Fjórir hæstu fyrrgreindra tólf álagstoppa koma til uppgjörs. Sölutoppur ársins telst útreiknað meðaltal þessara fjögurra toppa. Þessi grein gjaldskrár gildir ekki ef heimild til sérsamnings, sbr. 4. grein, er nýtt.

3.2 Tímabil orkugjalda

Vetrargjald gildir tímabilin:	1. janúar til 30. apríl
	1. október til 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið:	1. maí til 30. september

4. Sérsamningur um aflsölu.

Rafmagnsveitunum og hverri einstakri veitu fyrir sig er heimilt að gera með sér sérstakan samrekstrarsamning. Í samningi þessum komi fram á hvern hátt sölutoppur skuli ákveðinn ásamt öðrum þeim atriðum sem aðilar koma sér saman um og varða samrekstur.

Ákvæði samnings þessa mega þó í engu breyta þeim ákvæðum sem fram koma í gjaldskrá þessari að undanskildri grein 3.1.

5. Mánaðargreiðslur.

5.1 Aflsala og tengigjald

Í upphafi árs áætla Rafmagnsveiturnar, í samráði við kaupanda, sölutopp komandi árs. Áætluð ársgreiðsla fyrir afl- og tengigjald skal síðan reiknuð út frá gildandi gjaldskrá. Mánaðargreiðsla telst 1/12 hluti ársgreiðslunnar nema desembergreiðslan sem er útreiknuð lokagreiðsla ársins. Mánaðargreiðslurnar teljast innborganir.

Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin. Við lokauppgjör í árslok skal reikna með einingarverðum í réttu hlutfalli við dagafjölda verðtímabila. Frá þannig reiknaðri ársgreiðslu dragast gjaldfallnar innborganir og mismunurinn telst mánaðargreiðsla desember.

5.2 Orkusala

Mánaðargreiðsla fyrir orku miðast við mælda orkunotkun í mánuðinum og gildandi einingarverð. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan mánaðarins skal reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

6. Greiðsluskilmálar.

Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kolli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga, reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

Gjaldskrá fyrir ótryggða orku.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991.

2. Rafmagnsgjald.

	Án vsk.	
Fast gjald	131.440,00	kr/ári
1. verðþrep	1,137	kr/kWh
2. verðþrep	1,476	kr/kWh
3. verðþrep	2,127	kr/kWh

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Rafmagnsveitna ríkisins og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða.

Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins
um sölu víkjandi orku.

1. Almenn skilyrði.

Víkjandi orka er rjúfanleg forgangsorka. Hana má selja í stað annarra orkugjafa eða þegar um er að ræða framleiðslu eða starfsemi sem lagst getur niður tímabundið meðan rofið er. Víkjandi orka er ætluð:

a) Þeim sem kost eiga á ótryggðri orku en treysta sér ekki til að undirgangast þau skilyrði um langtímarof sem henni fylgja.
b) Þeim sem kost eiga á kaupum samkvæmt smásölugjaldskrá, sbr. þær takmarkanir sem þar koma fram, til nota hvar rof á hæstu álagstímum getur talist eðlilegur viðskiptamáti; hér er einkum átt við ýmis konar hitun og lýsingu í gróðurhúsum.

Sala á víkjandi orku er háð samþykki Rafmagnsveitna ríkisins í hverju tilviki. Uppsett afl þess búnaðar, sem nýtir víkjandi orku, skal að lágmarki vera 100 kW eða áætluð ársnotkun að lágmarki 500 MWh.

2. Afhending víkjandi orku.

Stýritími er sá tími þegar stýring aflkaupatopps frá Landsvirkjun er virk. Framkvæmd er í höndum stjórnstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins sem kemur boðum um stýritímann til viðskiptavina.

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að skerða afhendingu:
a) Á stýritíma Rafmagnsveitna ríkisins.
b) Vegna afltakmarkana, truflana eða bilana í veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins til að koma í veg fyrir yfirálag.

Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks a) en eigi skemmri en ein klukkustund vegna b) ef mögulegt er. Heimilt er Rafmagnsveitum ríkisins að leyfa afhendingu orku á stýritíma gegn gjaldi sem nemi 110% af refsigjaldi (umframaflgjaldi) Landsvirkjunar eða 110% af áætluðum framleiðslukostnaði með dísilvélum vegna álagsstýringar á hverjum tíma.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 Mælabúnaður

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp mælabúnað sem við á og þær samþykkja til mælingar á orku. Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal mæld á einum stað og á einum mæli. Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 Rofabúnaður

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, rofabúnað sem þær samþykkja til rofs á afhendingu orkunnar.

Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal vera rjúfanleg á einum rofa.

3.3 Fjarstýring rofabúnaðar

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi þeirra og getur:

a) Rofið afhendingu.
b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.
c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

Fjarstýring Rafmagnsveitna ríkisins skal virka á einn rofa, sbr. grein 3.2, en kaupandi skal setja upp búnað til innsetningar í áföngum ef þurfa þykir. Sé heimildin til afhendingar orku á stýritíma nýtt, sbr. 2. grein, skuldbindur kaupandi sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, þann viðbótarbúnað sem til þarf.

4. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. janúar 1993 og gilda þar til annað verður ákveðið.

Gjaldskrá fyrir víkjandi orku.

1. Almennt.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu víkjandi orku frá 1. janúar 1993.

2. Rafmagnsgjald.

Fast gjald	131.440,00	kr/ári
Vetrargjald orku	2,976	kr/kWh
Sumargjald orku	1,925	kr/kWh

Um gjald fyrir orku sem afhent er á stýritíma vísast í framangreinda skilmála.

3. Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin:	1. janúar til 30. apríl
	1. október til 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið:	1. maí til 30. september

III. TENGIGJÖLD.

1. Þéttbýli.

Tengigjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengdum veitusvæðum Rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1.1. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.2. Aðalheimtaugar. Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur/gerð	Án vsk kr.
63 A einfasa:	77.800,00
63 A þrífasa:	85.600,00
100 A þrífasa:	135.100,00
200 A þrífasa:	270.000,00
315 A þrífasa:	425.000,00
400 A þrífasa:	541.000,00
630 A þrífasa:	852.000,00
710 A þrífasa:	960.000,00
1200 A þrífasa:	1.621.000,00

1.3. Staðsetning. Leitað skal samþykkis Rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða þann áætlaða viðbótarkostnað sem af því hlýst, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

1.4. Aukakostnaður. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann áætlaða kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

1.5. Spennistöð. Þurfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið -uppsteypt- er lagt til Rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.6. Breyting á heimtaug. Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð eða færð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram. Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati Rafmagnsveitnanna.

1.7. Bráðabirgðaheimtaugar. Grunngjald er eftirfarandi:

Málstraumur/gerð	Án vsk. kr.
63 A einfasa:	12.100,00
63 A þrífasa:	17.000,00
100 A þrífasa:	18.600,00

Auk grunngjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks og leigu efnis samkvæmt kostnaðaráætlun, sem miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu. Fyrir orkunotkun skal greiða samkvæmt taxta A2 eða A4, eftir því hvort um rafhitun er að ræða eða ekki.

1.8. Frávik. Kafli þessi gildir um skipulögð hverfi í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða tengigjald samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugarbreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðaráætlun eða eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

2. Dreifbýli.

2.1. Tengigjald fyrir íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði og þ.h., skal vera :

Fyrir hverja heimtaug: ..... 145.000,00 kr/án vsk

Tengigjaldið er miðað við, að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir áætlaðan kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.

2.2. Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 2.1., skulu tengigjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

3. Sumarhúsahverfi.

3.1. Tengigjald í skipulögðu sumarhúsahverfi skal vera sem hér segir:

Fyrir hverja heimtaug: ..... 175.000,00 kr/án vsk

Tengigjaldið miðast við u.þ.b. 7 kVA afl í spennistöð fyrir hvert hús. Sé um meira afl að ræða bætist við gjald samkvæmt áætluðum kostnaði. Þetta tengigjald gildir innan hverfisins, séu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

3.2. Um sé að ræða skipulögð hverfi. Með skipulögðu hverfi er átt við afmarkað svæði, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:2000, staðfestur af skipulagi ríkisins. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

3.3. Eftirlit. Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeigenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis, uppsetningar nauðsynlegs búnaðar og allan eðlilegan umgengnisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

3.4. Fjöldi. Í upphafi þurfa a.m.k. 5 bústaðir að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Meðallengd heimtauga frá stofndreifikerfi fari ekki yfir 120 m. Umframlengd greiðist samkvæmt kostnaðaráætlun.

3.5. Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi að bústað skal ákveðin í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðamarka og annast frágang í samræmi við teikningu frá Rafmagnsveitum ríkisins nr. 4.3523.48. Rafmagnsveiturnar leggja til mælakassa til uppsetningar á útvegg húss, en viðkomandi rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.

3.6. Lengd háspennulínu sem leggja þarf að sumarhúsahverfi, má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð.

3.7. Uppbygging. Sé fyrirsjáanlegt, að mati Rafmagnsveitna ríkisins, að hverfi sem skipulagt hefur verið, komi til með að byggjast seint upp, geta Rafmagnsveiturnar krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda hverfisins verði greitt tengigjald, áður en ráðist er í framkvæmdir. Staðsetning húsa innan skipulags svæðis (þéttleiki byggðar) hefur ennfremur áhrif á ákvörðun um hvort rafvæðing verður heimiluð innan ramma gjaldskrár.

4. Hitaveitur.

Eftirfarandi gildir um R/O hitaveitur Rafmagnsveitna ríkisins og hitaveitu á Siglufirði:

4.1. Tengigjöld fyrir hverja heimæð skulu m.a. vera háð rúmmáli þess húsnæðis sem hita skal (utanmáli) og eru sem hér segir:

Fyrir hús allt að 600 rúmmetrum/20 mm pípa; lágmarksgjald:	77.800,00 kr/án vsk
Hver mælagrind umfram eina:	16.900,00 kr/án vsk

4.2. Rúmmál. Við ákvörðun á rúmmálsstærð skal miða við fasteignaskrá. Fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati skal miðað við byggingarteikningar húsa. Lágmarksgjald miðast við 20 mm heimæð. Ef um stærri heimæð er að ræða, reiknast viðbótarkostnaður samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni.

4.3. Takmörkun. Rafmagnsveitunum er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til. Tengigjöld hitaveitu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

4.4. Mælagrind. Hverri heimtaug fylgir ein mælagrind. Greiða skal aukagjald fyrir hverja mælagrind umfram þá fyrstu.

4.5. Ef sérstakar aðstæður mæla með því, er heimilt að lækka eða fella niður heimæðargjald að fengnu samþykki rafmagnsveitustjóra. Að öðru leyti en að ofan er greint, gilda sömu skilmálar um orkuviðskipti og í gildi eru fyrir raforkusmásölu Rafmagnsveitna ríkisins.

5. Annað.

5.1. Tengigjöld fyrir annað, en að framan greinir, svo sem fyrir heimtaugar í einstök sumarhús, veiðihús, ofl., eru ávallt samkvæmt kostnaðaráætlun, þó að lágmarki kr. 175.000,00 (án vsk). Um bráðabirgðaheimtaugar í strjálbýli gilda sömu reglur og í þéttbýli (kafli 1.7.).

5.2. Endurtenging. Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald, hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald F.1, auk kostnaðar við endurtengingu.

5.3. Aukaheimtaug. Að jafnaði er aðeins gert ráð fyrir einni heimtaug fyrir hvern notanda. Sé hinsvegar þörf á aukaheimtaug, skal greiða fyrir hana samkvæmt kostnaðaráætlun hverju sinni, eftir nánari ákvörðun Rafmagnsveitnanna.

5.4. Gjald fyrir aðrar breytingar á heimtaugum en þær sem tilgreindar eru í kafla um tengigjöld skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun hverju sinni.

Öll gjöld sem tilgreind eru í kafla III miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1996, sem er 205,5 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins.

Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts nema annars sé getið. Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 196 30. mars 1995 með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. júní 1996.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 366 12. júní 1996

SKIPULAGSSKRÁ

Sjónverndarsjóðs Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjónverndarsjóður Íslands. Stofnendur eru kvennadeild Reykjavíkurdeildar Rauða krossins, Sjónstöð Íslands, Blindrafélagið, Blindravinafélag Íslands og Augnlæknafélag Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að rannsóknum og þróunarstarfi á sviði sjónverndarmála.

Tilgangi sjóðsins skal náð með því að veita úr honum fé til:

1) Rannsókna á sjón og augum með sérstöku tilliti til blinduvaldandi sjúkdóma.
2) Þróun sjónverndarmála á Íslandi.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa sjö menn: Yfirlæknir Sjónstöðvar Íslands, prófessor í augnlækningum við Háskóla Íslands, fulltrúi augndeildar sjúkrahúss er tengist Háskóla Íslands, fulltrúi Augnlæknafélags Íslands, fulltrúi tilnefndur af Blindrafélaginu, fulltrúi tilnefndur af kvennadeild Reykjavíkurdeildar Rauða krossins, rekstrarstjóri Sjónstöðvar Íslands og skal hann jafnframt vera ritari stjórnar.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem kemur frá stofnendum, er kr. 870.000 og skal það haldast óskert. Tekjur sjóðsins eru m.a. framlög frá einstaklingum, félögum og öðrum aðilum ásamt vaxtatekjum og verðbótum. Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem tryggilegastan hátt.

5. gr.

Sjóðstjórn tekur ákvarðanir varðandi fjárveitingar úr sjóðnum og skal hún hafa eftirlit með því að tekjur sjóðsins nýtist í samræmi við markmið hans, sbr. 2. gr. Gjaldkeri sjóðsins er vörslumaður hans.

6. gr.

Fundargerðir stjórnar skulu skráðar í sérstaka gerðabók þar sem m.a. skal getið um framlög til sjóðsins og allra ákvarðana um úthlutanir úr honum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

8. gr.

Ársreikningur skal fullgerður og undirritaður af sjóðstjórn eigi síðar en þrem mánuðum eftir lok almanaksársins. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

9. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari ef 2/3 hlutar stjórnar samþykkja það. Sama gildir um ákvörðun um að leggja sjóðinn niður. Verði Sjónverndarsjóður Íslands lagður niður, skal eigum hans ráðstafað, skv. ákvörðun sjóðstjórnar í samræmi við tilgang hans, skv. 2. gr. stofnaskrár þessarar.

10. gr.

Leita skal samþykkis dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 5. júní 1996.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 1996.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

um starfsemi Veðurstofu Íslands.

1. gr.

Hlutverk.

Veðurstofa Íslands annast veðurþjónustu fyrir Ísland og umhverfi þess og vinnur að rannsóknum á sviði veðurfræði og annarra þeirra fræðigreina er tengjast starfssviði hennar. Starfsemi tekur til vöktunar, rannsókna, þjónustu og ráðgjafar við stjórnvöld og almenning. Stofnunin gegnir viðvörunarþjónustu vegna veðurs, snjóflóða, jarðskjálfta, sjávarflóða og hafíss, auk annarrar þjónustu sem tengist náttúruvá í samræmi við fyrirmæli umhverfisráðherra. Þá skal Veðurstofan sinna öðrum verkefnum sem tengjast framkvæmd umhverfismála og umhverfisráðherra felur stofnuninni.

Þjónustusvæði Veðurstofu Íslands er Ísland, efnahagslögsagan og lofthjúpurinn yfir. Stofnunin annast enn fremur þjónustu utan þessa svæðis samkvæmt alþjóðasamningum, þ.á m. varðandi alþjóðaflug, eða eftir nánari fyrirmælum umhverfisráðherra.

2. gr.

Þjónusta og vöktun.

Veðurstofa Íslands gerir veðurspár fyrir Ísland og skilgreind hafsvæði umhverfis landið og sendir út sérstakar viðvaranir um yfirvofandi óveður. Einnig sér stofnunin um flugveðurþjónustu á flugvöllum og á flugleiðum í samræmi við óskir flugmálayfirvalda og samkvæmt alþjóðlegum reglum og samþykktum. Stofnunin vaktar hættu á snjóflóðum, aurskriðum, jarðskjálftum, eldgosum, sjávarflóðum og ísingu svo og hafísútbreiðslu og sendir út viðvaranir og upplýsingar til að draga úr hættu á manntjóni og öðrum skaða. Stofnunin veitir almenningi, atvinnulífi og stjórnvöldum ráðgjöf og þjónustu þar sem sérþekking hennar kemur að notum s.s. vegna skipulagsmála, mannvirkjagerðar, ofanflóðavarna og áætlanagerðar.

Stofnunin miðlar rauntímaveðurupplýsingum til innlendra notenda og dreifir slíkum upplýsingum til alþjóðanota í samræmi við skuldbindingar gagnvart Alþjóðaveðurfræðistofnuninni.

3. gr.

Mælingar, gagnaöflun og þjálfun.

Veðurstofa Íslands aflar veðurfræðilegra gagna með rekstri veðurstöðvakerfis á landi og sjó. Þá annast stofnunin mælingar á ýmsum efnum í andrúmslofti og úrkomu, m.a. vegna alþjóðlegra skuldbindinga og vegna rannsókna á veðurfarsbreytingum, ósoneyðingar og dreifingar þrávirkra lífrænna efna, þungmálma og annarra skaðlegra efna í andrúmslofti.

Stofnunin skal með rekstri stöðvakerfis mæla jarðhræringar og afla gagna um jarðskjálfta, eldgos og öskufall og sér um sértækar mælingar vegna ofanflóðahættu og söfnun gagna um snjóflóð og skriðuföll.

Stofnunin annast þjálfun athugunarmanna á landi og sjó og snjóflóðaeftirlitsmanna með sérstakri kennslu og endurmenntun.

4. gr.

Rannsóknir og úrvinnsla.

Veðurstofa Íslands stundar rannsóknir á veðurfari landsins, ofanflóðum, hegðun hafíss og í veðurfræði almennt, á sviði jarðeðlisfræði og annarra fræðigreina sem eru á starfssviði stofnunarinnar.

Stofnunin annast gerð hættumats vegna snjóflóðahættu og hættu á jarðskjálftum auk hættumats á hverri þeirri náttúruvá sem stofnuninni er ætlað að vakta.

Stofnunin vinnur að úrvinnslu- og rannsóknaverkefnum fyrir stjórnvöld, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga auk annarra verkefna sem umhverfisráðherra ákveður að fengnum tillögum eða að höfðu samráði við veðurstofustjóra.

Stofnunin tekur þátt í alþjóðlegri rannsóknastarfsemi með sérstakri áherslu á veðurþjónustu, hnattræn loftslagsvandamál og eflingu þekkingar innan þeirra greina sem tengjast starfssviði hennar.

5. gr.

Alþjóðasamstarf.

Veðurstofa Íslands annast fyrir hönd Íslands samskipti við Alþjóðaveðurfræðistofnunina og er veðurstofustjóri fastafulltrúi Íslands hjá stofnuninni. Þá fer stofnunin með önnur alþjóðasamskipti á starfssviði sínu m.a. samstarf við evrópsku veðurspámiðstöðina í Reading.

6. gr.

Verkefnasamningar.

Veðurstofa Íslands getur falið aðilum utan stofnunarinnar að annast fyrir stofnunina ákveðna verkþætti sem eru á starfssviði hennar og ábyrgð. Skal í slíkum tilvikum gerður sérstakur samningur þar um.

7. gr.

Skipulag, stjórn og starfsmenn.

Veðurstofa Íslands skiptist í svið og deildir í samræmi við meginverkefni stofnunarinnar. Veðurstofustjóri gerir tillögur um skipulag stofnunarinnar, sem umhverfisráðherra staðfestir. Veðurstofustjóri, sem ráðherra skipar til fimm ára í senn, stjórnar og ber ábyrgð á faglegri og fjárhagslegri starfsemi stofnunarinnar.

Veðurstofustjóri ræður forstöðumenn sviða, deildarstjóra og annað starfsfólk.

Forstöðumenn skulu hafa lokið háskólaprófi á sínu sérsviði. Forstöðumenn stjórna daglegum rekstri sviða og deilda og skulu í samvinnu við veðurstofustjóra gera rekstrar- og starfsáætlanir og framfylgja þeim. Þeir bera ábyrgð á störfum sínum gagnvart veðurstofustjóra í samræmi við verklýsingu, þar sem starfssvið þeirra og ábyrgð er tilgreind.

Deildarstjórar og aðrir sérfræðingar skulu hafa háskólapróf eða hliðstæða menntun á fagsviði.

8. gr.

Fjármál.

Rekstur Veðurstofu Íslands er fjármagnaður með framlögum á fjárlögum þ.m.t. framlag vegna samnings Íslands við Alþjóðaflugmálastofnunina, framlögum úr Ofanflóðasjóði, rannsóknarstyrkjum og sölu þjónustu.

Undir rekstur sem fjármagnaður er með framlagi af fjárlögum fellur:

a) Rekstur athuganastöðvakerfis vegna veðurs, jarðskjálfta og snjóflóða, söfnun gagna m.a. vegna ofanflóða, jarðskjálfta, hafíss og loftmengunar.
b) Veðurspár fyrir landið og miðin, miðlað af Ríkisútvarpinu, viðvaranir vegna veðurs, ofanflóða, jarðskjálfta, sjávarflóða og hafíss.
c) Flugveðurþjónusta við innanlandsflug og við alþjóðaflug í samræmi við samning Íslands og Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.
d) Almennar rannsóknir í veðurfræði og jarðeðlisfræði, á snjóflóðum, skriðuföllum og hafísútbreiðslu.
e) Mengunarrannsóknir í andrúmslofti og úrkomu og vöktun eftir því sem ákveðið er af umhverfisráðherra.
f) Erlend samskipti vegna almennrar starfsemi.

Ofanflóðasjóður fjármagnar rekstur snjóeftirlits í byggðarlögum þar sem snjóflóðahætta er fyrir hendi. Hættumat vegna snjóflóða og skriðufalla skal einnig kostað af ofanflóðasjóði, en önnur hættumatsgerð skal greidd úr ríkissjóði. Þá skal kostnaður vegna ráðgjafar stofnunarinnar um snjóflóðavarnarvirki greiddur úr Ofanflóðasjóði. Stofnunin skal gera tillögur til umhverfisráðherra um greiðslur úr sjóðnum vegna snjóflóðaeftirlits og hættumatsgerðar á hennar vegum.

Stofnunin tekur þátt í innlendum eða alþjóðlegum rannsóknarverkefnum sem kostuð eru af opinberum vísinda- og rannsóknarsjóðum eða öðrum aðilum.

Stofnunin selur fjölmiðlum, fyrirtækjum, stofnunum, einstaklingum o.fl. þjónustu, sem m.a. varðar öflun gagna, úrvinnslu og miðlun upplýsinga. Gjald fyrir þessa þjónustu er ákveðið í gjaldskrá sbr. 9. gr. eða í samningum aðila, sem ráðuneytið staðfestir.

9. gr.

Gjaldskrá.

Ráðherra ákveður í gjaldskrá að fengnum tillögum veðurstofustjóra greiðslur fyrir selda þjónustu Veðurstofunnar sbr. 5. mgr. 8. gr. Gjaldskráin tekur mið af þeim kostnaði sem fellur til vegna veittrar þjónustu, þróunar hennar, framleiðslu og miðlunar. Tekið skal tillit til stofnkostnaðar og viðhalds tækja og búnaðar og gæta samræmis við þær reglur sem gilda í verðlagningu þjónustu veðurstofa á hinu evrópska efnahagssvæði. Verðskrána skal birta í Lögbirtingablaðinu.

10. gr.

Höfundaréttur og afnot gagna.

Veðurstofa Íslands er fyrir hönd ríkisins eigandi að öllum réttindum sem stofnunin hefur öðlast. Stofnunin gætir hagsmuna ríkisins á sviði höfunda-, afnota- og útgáfuréttar á öllu því efni og búnaði sem stofnunin hefur eignast, unnið eða gefið út. Um höfundarétt gilda að öðru leyti höfundalög nr. 73/1972, með síðari breytingum.

Stofnuninni er heimilt að veita öðrum rétt til afnota og útgáfu af grunnupplýsingum í vörslu stofnunarinnar að því tilskildu að uppruna sé getið og áreiðanleika upplýsinga sé ekki stefnt í tvísýnu. Um gjald fyrir slíka þjónustu fer samkvæmt gjaldskrá skv. 9. gr. eða í samningum aðila.

11. gr.

Birting veðurupplýsinga.

Veðurstofa Íslands setur í samráði við umhverfisráðherra reglur um birtingu upplýsinga sem hún miðlar. Sérstaklega skal þess gætt að viðvaranir í fjölmiðlum séu settar þannig fram að ekki valdi misskilningi eða óþægindum, enda séu þær gefnar út í nafni stofnunarinnar.

12. gr.

Áætlanir og upplýsingaskylda.

Veðurstofa Íslands gefur út yfirlitsskýrslur um veðurfar, jarðhræringar, snjóflóð, hafís o.fl. og í samræmi við alþjóðlegar venjur og staðla.

Stofnunin gerir til þriggja ára í senn áætlun um starfsemi sína. Við gerð áætlunarinnar skal tekið tillit til fjárhagsforsendna og verkefnum raðað í forgangsröð. Áætlun þessi skal endurskoðuð árlega og lögð fram fyrir 31. mars ár hvert.

Stofnunin skilar árlega skýrslu til umhverfisráðherra um meginþætti starfsemi hennar. Þar skal m.a. koma fram yfirlit um rekstur, helstu verkefni, þjónustu og rannsóknarverkefni.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. gr. sbr. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 30/1985, um Veðurstofu Íslands og lög nr. 28/1985 um snjóflóð og skriðuföll með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Áætlun skv. 2. mgr. 12. gr. skal lögð fram fyrir 31. mars 1998.

Umhverfisráðuneytinu, 21. júní 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

20. júní 1996 Nr. 368

REGLUR

um veitingu réttinda í bílamálun.

1. gr.

Verklegt og bóklegt nám í skóla.

Á meðan núverandi aðstæður ríkja í bílamálun skal fagnám bílamálunar í iðnfræðsluskólum vera kennt á bóklegu og verklegu námskeiði.

Semja skal sérstaka námsskrá fyrir þetta nám byggða á námskeiði í bílamálun sem haldið var vorið 1995. (Bæta þarf við námskeiðið 2 til 4 námsgreinum að fenginni reynslu.)

2. gr.

Heimild til þátttöku í námskeiðinu.

a) Nemar á námssamningi í bílamálun skulu hafa algjöran forgang til þátttöku í námskeiðunum. Við innritun skulu þeir leggja fram samþykktan námssamning í iðninni. Ef búið er að innrita aðra þannig að næsta námskeið sé fullsetið skal láta þann víkja sem síðast var innritaður án námssamnings. (Allir sem innritaðir eru á námskeiðin án þess að vera með námssamning skulu innritaðir með fyrirvara um að þeir geti þurft að víkja fyrir iðnnema í greininni.)

b) Þeir sem lokið hafa sveinsprófi í annarri iðngrein og hafa sannanlega starfað í bílamálun í 4 ár undir stjórn meistara geta sótt um heimild til að sækja fagnámskeiðið og síðan að ganga undir sveinspróf ef þeir hafa staðist öll próf á námskeiðinu.

Þá geta þeir sem lokið hafa sveinsprófi í annarri iðngrein og hafa sannanlega starfað að bílamálun í sjö ár sótt um heimild til að sækja fagnámskeiðið og síðan að ganga undir sveinspróf ef þeir hafa staðist öll próf á námskeiðinu.

Þeir sem standast sveinspróf samkvæmt þessum lið fái útgefið sveinsbréf sem veitir þeim rétt til inngöngu í meistaraskóla.

c) Þeir sem hafa sannanlega starfað að bílamálun í sjö ár geta sótt um heimild til að sækja fagnámskeiðið og síðan að ganga undir sveinspróf ef þeir hafa staðist öll próf í námskeiðinu.

Þeir sem standast sveinspróf samkvæmt þessum lið fái útgefið sveinsbréf sem veitir þeim ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla. Þeir eiga þess kost að fara í framhaldsskóla og ljúka þar almennum greinum iðnnáms. Að því loknu geta þeir sótt um útgáfu sveinsbréfs sem veitir þeim rétt til inngöngu í meistaraskóla.

3. gr.

Meðferð umsókna.

Þeir sem eru á námssamningi sækja beint um námskeiðin til FMB. Viðkomandi meistari tilkynnir síðan nemann til sveinsprófs þegar hann hefir lokið námstíma og fengið burtfararskíreini frá iðnfræðsluskóla.

Aðrir umsækjendur sendi umsóknir um námskeið til Fræðsluráðs bílgreina sem metur þær og gerir tillögur til menntamálaráðuneytisins um afgreiðslu þeirra. Ráðuneytið afgreiðir síðan umsóknirnar samkvæmt stjórnsýsluvenjum og heimilar umsækjendum að sækja um námskeiðin hjá FMB eða hafnar umsóknunum. Þeir sem standast prófin á námskeiðunum sækja um sveinspróf á sama hátt og leggja fram ljósrit af heimild ráðuneytisins og prófskírteini frá FMB.

4. gr.

Meðferð óafgreiddra mála.

Erindi um iðnréttindi í bílamálun sem liggja óafgreidd í menntamálaráðuneytinu og hjá FMB skulu afgreidd með lögjöfnuði við framangreind ákvæði.

5. gr.

Gildistími þessara reglna.

Reglurnar eru settar skv. ákv. 1. gr. reglugerðar nr. 111/1996 um breytingu á reglugerð nr. 560/1995 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi og 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 560/1995 og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 20. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Hörður Lárusson.

Nr. 369 18. júní 1996

STOFNSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Hreyfimyndafélagið.

1. gr.

Stofnendur.

Stofnendur eru Háskólabíó og Stúdentaráð Háskóla Íslands.

2. gr.

Framlag stofnenda.

Háskólabíó leggur fram kr. 500.000 fjárframlag til stofnunarinnar. Stofnféð skal greiða strax og stjórn Hreyfimyndafélagsins ákveður. Stofnféð er óskerðanlegur höfuðstóll sem ávaxta skal með tryggilegum hætti.

3. gr.

Heimili.

Heimilisfang og varnarþing sjálfseignarstofnunarinnar er í Reykjavík. Meginstarfsemi stofnunarinnar fer fram innan veggja Háskólabíós við Hagatorg, Reykjavík.

4. gr.
Ábyrgð.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er óháð öllum öðrum lögaðilum og einstaklingum

5. gr.
Tilgangur og starfsemi.

Megintilgangur stofnunarinnar er að gefa fólki kost á að sjá góðar og vandaðar kvikmyndir. Starfsemi stofnunarinnar felst einkum í því að útvega góðar og vandaðar kvikmyndir og mynda hóp áhugamanna sem skal gefinn kostur á að sækja sýningar þessara kvikmynda. Stofnunin má einnig annast aðra skylda starfsemi sem stjórn hennar ákveður. Stofnunin hefur samvinnu við Háskólabíó um starfsemi sína.

6. gr.
Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð fjórum mönnum og fjórum til vara til tveggja ára í senn. Stjórn Háskólabíós skipar tvo stjórnarmenn og tvo til vara og Stúdentaráð Háskóla Íslands tvo menn og tvo til vara. Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða. Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun í neinu formi fyrir venjuleg stjórnarstörf.

7. gr.
Starfssvið stjórnar.

Stjórnin skal framfylgja meginmarkmiðum stofnskrár þessarar og einstökum ákvæðum hennar. Hún skal taka allar meiriháttar ákvarðanir á vegum stofnunarinnar. Stjórnin ákveður m.a. stefnu stofnunarinnar almennt og í einstökum málefnum, sér um bókhald og gerir rekstraráætlanir. Stjórnin skal setja reglur um það hverjir eigi rétt til aðildar að áhugamannahópi þeim sem um getur í 5. gr.

8. gr.
Stjórnarfundir.

Boða skal til stjórnarfunda með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun má taka fyrir hönd stofnunarinnar nema stjórnin sé fullskipuð. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

9. gr.
Skyldur stjórnar.

Stjórnin er að öllu leyti óháð boðvaldi stofnenda eða annarra aðila. Árlega og ávallt samkvæmt sérstakri beiðni skal hún gefa stjórn Háskólabíós og Stúdentaráði Háskóla Íslands skýrslu um starfsemi sína og svara þeim fyrirspurnum sem að henni er beint eftir því sem unnt er.

10. gr.
Rekstrartekjur.

Stofnunin aflar rekstrartekna m.a. með eftirfarandi hætti:

Með tekjum af rekstri.

Veitir viðtöku styrkjum og öðrum fjárframlögum.

Með lántöku.

11. gr.

Ráðstöfun eigna.

Stjórnin má ráðstafa eignum stofnunarinnar:

Til frekari uppbyggingar starfseminnar.

Til menningarmála sem tengjast megintilgangi stofnunarinnar sbr. 5. gr.

12. gr.

Breyting á stofnskrá.

Stofnendur geta breytt stofnskrá þessari með samkomulagi sínu. Þrír af fjórum stjórnarmönnum skulu vera meðmæltir slíkum breytingum.

13. gr.

Slit stofnunarinnar.

Stofnuninni verður slitið ef annar stofnenda og tveir stjórnarmenn eru því meðmæltir. Leita skal samþykkis dómsmálaráðuneytis fyrir slitum.

Tveir menn, lögmenn eða löggiltir endurskoðendur sem Háskólabíó og Stúdentaráð Háskóla Íslands tilnefna, einn af hálfu hvors aðila, skulu sjá um skuldaskil og aðrar aðgerðir í sambandi við skiptin. Telji skilanefndarmenn að stofnunin geti ekki staðið í skilum við lánardrottna sína eða að vafi leiki á því skulu þeir óska eftir gjaldþrotaskiptum fyrir hennar hönd. Í öðrum tilvikum skulu eignir að lokinni greiðslu eða tryggingu skulda renna til Háskólabíós, þar á meðal nafn sjálfseignarstofnunarinnar.

14. gr.

Reikningar.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal ganga frá reikningum stofnunarinnar fyrir 1. júní ár hvert. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda sem stjórn stofnunarinnar ræður til eins árs í senn.

15. gr.

Reikningshald.

Um reikningshald fer eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

16. gr.

Staðfesting.

Leita skal eftir staðfestingu dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 16. apríl 1996.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. júní 1996.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um hjónin Bergþóru Magnúsdóttur og Jakob Júlíus Bjarnason.

1. gr.

Sjóðurinn heitir samkvæmt erfðaskrá hjónanna: „Minningarsjóður Bergþóru Magnúsdóttur og Jakobs Júlíusar Bjarnasonar, bakarameistara."

Heimili hans og varnaþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er arfur eftir hjónin:

A) Verðbréf nú í vörslu Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka hf. á vegum Landlæknisembættisins kr. 42.840.630.

B) 1/12 hluti í eyðijörðinni Efri Hömrum í Ásahreppi í Rangárvallasýslu. Fasteignamat á landi jarðarinnar er kr. 1.219.000. Af því fellur undir skipulagsskrána fasteignamat kr. 101.583.

C) Aðrar eignir, sem sjóðnum kunna að falla í skaut.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins skal vera að kaupa tæki til sjúkrahúsa og sambærilegra líknarstofnana til lækninga og rannsókna á vísindalegum grundvelli, enda skulu kaup á tækjum, sem ekki eru til í landinu, en teljast nauðsynleg, ganga fyrir um fjárframlög úr sjóðnum.

Styrk úr sjóðnum má veita efnilegum vísindamönnum í læknisfræði eða sérgreinum, sem læknisfræði varða, hvort sem er til framhaldsnáms eða til sjálfstæðra vísindaiðkana. En einkum skulu rannsóknir á krabbameinssjúkdómum sitja fyrir slíkum styrkveitingum, þótt ekki skuli við það miðað einvörðungu, enda fer slík styrkveiting eftir mati sjóðsstjórnar eða ráðunauta hennar hverju sinni. Við það skal miðað, að styrkir úr sjóðnum til þeirra verkefna, sem fyrir valinu verða, verði ekki til þess að lækka opinber framlög til slíkra verkefna eða draga úr stuðningi annarra við þau.

Aldrei má skerða stofnfé sjóðsins, enda skal sjóðurinn efldur á þann veg að 1/4 -einn fjórði- vaxtatekna bætist árlega við höfuðstólinn, en vöxtum má verja að öðru leyti svo sem greint er hér að ofan. Gjöfum, sem sjóðnum kunna að berast má verja óskiptum til tækjakaupa eða styrkja.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum: Landlækni, forseta læknadeildar Háskóla Íslands og forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins eða öðrum sérfróðum mönnum í læknavísindum, ef þörf gerist. Stjórnin ákveður hve miklu fé skal varið til tækjakaupa eða styrkveitinga hverju sinni og úthlutar styrkjum til umsækjenda.

5. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans eða felur öðrum að gera það á sínum vegum.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins sér um allt reikningshald hans. Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

6. gr.

Eigi síðar en 30. júní ár hvert skal stjórn sjóðsins senda Ríkisendurskoðun reikninga sjóðsins fyrir næstliðið ár, ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári.

Stjórn sjóðsins skal jafnframt tilkynna sjóðaskrá, sem er í vörslu dómsmálaráðuneytisins, hverjir skipi stjórn sjóðsins hverju sinni.

7. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu auglýstir til umsóknar í fjölmiðlum samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar, en þó þannig að almennt gefist færi á að sækja um slíka styrki. Úthluta skal styrkjum árlega, en telji stjórnin það hagkvæmara má hún veita styrki á allt að 5 -fimm- ára fresti. Stjórnin skal halda gerðabók um alla starfsemi sjóðsins.

8. gr.

Eignir sjóðsins skulu varðveittar og ávaxtaðar á tryggilegan hátt og með sem hagstæðustum kjörum á grundvelli verðtryggingar, enda verði verðbréf, sem sjóðurinn kann að kaupa ríkistryggð, en varðveita má fé jafnframt í arðvænlegum fasteignum telji stjórn sjóðsins það hagkvæmt.

9. gr.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til breytinga á skipulagsskrá þessari.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf til þess að leggja minningarsjóð þennan niður. Skal það þá gert annað hvort með lokaúthlutun samkvæmt framangreindum markmiðum sjóðsins eða með sameiningu hans við annan sjóð með sömu eða hliðstæð markmið. Ekki skal sjóðurinn lagður niður, nema ríka nauðsyn beri til þess að mati stjórnar hans.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júní 1996.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 371 27. júní 1996

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Bifreiðastöður eru óheimilar austan megin Heiðarvegar frá gatnamótum Heiðarvegar og Strandvegar að Heiðarvegi nr. 5.

2. Felld er úr gildi ákvörðun um einstefnu til austurs á Foldahrauni milli húsa nr. 24 til 34.
3. Ákveðið er að biðskylda skuli vera á horni Tangagötu og Básaskersbryggju ofan Eiðisvegar.

Breytingar þessar taka þegar gildi.

Sýslumaðurinn í Vestmanaeyjum, 27. júní 1996.

Georg Kr. Lárusson.

20. júní 1996 Nr. 372

SAMÞYKKT

um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er skipuð 11 bæjarfulltrúum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 2. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Valdsvið.

Bæjarstjórn fer með stjórn Ísafjarðarbæjar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarfélagsins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna bæjarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum bæjarfélagsins.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur bæjarstjórn ákveðið, að bæjarfélagið taki að sér verkefni, sem varðar íbúa þess sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar eru:

1. Að kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunar-

menn til að annast endurskoðun ársreikninga bæjarfélagsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum bæjarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.
4. Að ákveða stjórnkerfi bæjarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra helstu starfsmenn bæjarfélagsins skv. VII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn bæjarfélagsins.

7. gr.
Þriggja ára áætlun.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal bæjarstjórn semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál bæjarfélagsins og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar bæjarfélagsins. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.
Afgreiðsla fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn skal afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, bæjarfyrirtækja og stofnana fyrir lok janúarmánaðar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn, sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal bæjarstjórn sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga bæjarfélagsins og skal þar greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna bæjarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu bæjarsjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum, sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.
Fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn bæjarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr bæjarsjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn. Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar, skal hún jafnframt taka ákvörðun um, hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda s.s. með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.
Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða fjárhagsáætlun hafi forsendur fyrir henni breyst.

Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu í bæjarstjórn, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar bæjarfulltrúum með fundarboði og dagskrá a.m.k. fimm sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

11. gr.

Afgreiðsla ársreikninga.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga bæjarsjóðs og fyrirtækja hans eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 82. og 83. gr. sömu laga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu bæjarstjórnar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnar.

12. gr.

Fundartími bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi 1. og 3. fimmtudag hvers mánaðar.

Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00 og skulu að jafnaði ekki standa lengur en þrjár klukkustundir. Bæjarstjórn er heimilt að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati bæjarstjóra og forseta bæjarstjórnar og skylt er að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess.

Bæjarstjóri getur ákveðið í samráði við forseta bæjarstjórnar að fresta eða fella niður fund ef sérstaklega stendur á.

13. gr.

Fyrsti fundur nýkjörinnar bæjarstjórnar.

Aldursforseti nýkjörinnar bæjarstjórnar kveður bæjarstjórnina saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið bæjarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar.

14. gr.

Boðun bæjarstjórnafunda.

Bæjarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

Bæjarbúum skal kunngert með auglýsingu, hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir.

15. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar svo og kosningar eða ráðningar bæjarstjóra og annarra fastra starfsmanna bæjarfélagsins.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins, ef eða að svo miklu leyti sem bæjarstjórn þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast, sbr. 60. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi, sem

óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna, sem bæjarstjóri telur nauðsynleg.

Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar. Einstakir hlutar fundargerðarinnar eru þó ekki til umræðu á fundinum, nema fundurinn samþykki það sérstaklega.

16. gr.

Boðsending fundarboða.

Bæjarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund hafa boðsent bæjarfulltrúum og varamönnum þeirra fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum.

17. gr.

Boðun aukafunda.

Bæjarstjóri skal boðsenda bæjarfulltrúum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund. Heimilt er þó að boða aukafund með styttri fyrirvara er aðkallandi mál bíður afgreiðslu, enda sé hann boðaður með dagskrá.

18. gr.

Kosning forseta og varaforseta bæjarstjórnar.

Aldursforseti bæjarstjórnar setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs.

Sá er rétt kjörinn forseti, sem fengið hefur atkvæði meirihluta bæjarfulltrúa. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð, skal kjósa að nýju um þá tvo, sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði, skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar, sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri 1. og 2. varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaforsetar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti.

Sé enginn forseta á fundi gegnir aldursforseti forsetastörfum, nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti deyr eða verður varanlega forfallaður frá forsetastörfum skal kjósa forseta í hans stað til loka kjörtímabils forseta.

19. gr.

Kosning skrifara.

Bæjarstjórn kýs tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og forsetakosning fer fram. Skrifarar skulu kosnir hlutfallskosningu.

Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

20. gr.

Fundarstaður.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir. Bæjarstjórn getur ákveðið, að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna bæjarins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því, sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn.

21. gr.

Lögmæti bæjarstjórnarfunda.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er á fundi. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Fundarstjórn.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi, þegar dagskrá hans er tæmd. Forseti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði, getur forseti vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundi. Forseti skal tilkynna bæjarstjórn um ákvörðun sína.

23. gr.

Afgreiðsla dagskrármála á fundi.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða bæjarstjórn ákveði annað. Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál, sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Afgreiðsla mála, tvær umræður.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun bæjarfélagsins.
2. Ársreikninga bæjarfélagsins og fyrirtækja þess.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir bæinn sem gilda eiga til lengri tíma svo sem þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Fundarsókn, varamenn.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli því um stundarsakir og skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra, sem boðar þá varamann hans á fund. Bæjarfulltrúa sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða hver varamanna hans taki sæti á bæjarstjórnarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn bæjarfulltrúi.

Bæjarstjórn getur heimilað að maður utan bæjarstjórnar kveði sér hljóðs á bæjarstjórnarfundi.

26. gr.

Fundarsköp: Málfrelsi fundarmanna.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á bæjarstjórnarfundum. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa, sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti, í hvaða röð þeir skuli tala.

27. gr.

Fundarsköp: Takmarkanir á málfrelsi.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta.

28. gr.

Fundarsköp: Vítur á bæjarfulltrúa.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti víta hann. Forseti getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

29. gr.

Fundarsköp: Takmarkanir á ræðutíma.

Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

30. gr.

Fundarsköp: Meðferð tillagna.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

31. gr.

Fundarsköp: Afgreiðsla mála.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

32. gr.

Fundarsköp: Atkvæðagreiðsla.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að gefa merki þar um. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því, að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið, að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram, að hann greiði ekki atkvæði en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

33. gr.

Fundarsköp: Úrslit atkvæðagreiðslu.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það.

Kosningar sem fram fara í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra sem tillögur hafa komið fram um skal kosning fara fram með sama hætti og kosning forseta bæjarstjórnar, sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

34. gr.

Fundarritun-fundargerð.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn, töluröð fundar og hverjir sitji hann. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölublaða.

Í lok fundar skal fundargerð undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarstjórnar

númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarstjórnar til varanlegrar varðveislu.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í bæjarstjórn.

Forseti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir bæjarfulltrúar undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Bæjarfulltrúi, sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð, getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

35. gr.
Dagskrá bæjarstjórnarfunda.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar, enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

36. gr.
Fundarseta.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnar, svo sem forsetastörf og störf í bæjarráði eða öðrum nefndum á vegum bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

37. gr.
Lausn úr bæjarstjórn.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.
Málfrelsi, tillögurétt, atkvæðisréttur.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

39. gr.

Hagsmunir bæjarfélagsins.

Bæjarfulltrúa ber að gegna bæjarfulltrúastörfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna bæjarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

40. gr.

Aðgangur að upplýsingum.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum bæjarins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

Með öll slík erindi skulu bæjarfulltrúar snúa sér til bæjarstjóra. Ákvæði þetta takmarkar þó eigi rétt bæjarfulltrúa sem tilgreindur er í 1. mgr. þessarar greinar og 1. mgr. 41. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.

41. gr.

Þagnarskylda.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun bæjarstjórnar.

42. gr.

Vanhæfi bæjarfulltrúa.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli forseta bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

43. gr.

Þóknun.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Þá á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

44. gr.

Orlof og fundartími.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarfulltrúar eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

45. gr.

Fjarvera vegna veikinda - varamenn.

Bæjarfulltrúi sem vegna veikinda eða af öðrum ástæðum getur ekki sótt bæjarstjórnarfund/-fundi tímabundið getur tilnefnt hvern sem er af varamönnum sínum til að taka sæti sitt meðan þannig hagar til.

46. gr.

Varamenn.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn, sem sitja bæjarstjórnarfundi.

V. KAFLI
Bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir.

47. gr.

Kosning í bæjarráð og nefndir.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana bæjarins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

48. gr.

Kosning í bæjarráð.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn og varamenn í bæjarráð.

Í þeim tilfellum sem framboðslisti á einn aðalfulltrúa í bæjarstjórn er heimilt að kjósa varamann hans sem varafulltrúa hans í bæjarráði, en annars skulu varamenn jafnan vera úr hópi aðalbæjarfulltrúa.

Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila, sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila sem sæti á í bæjarstjórn kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa, sbr. 2. mgr. 12. gr. samþykktar þessarar.

49. gr.

Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fundi einu sinni í viku á hverjum mánudegi. Bæjarráðsfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

50. gr.

Undirbúningur og boðun bæjarráðsfunda.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi. Hann sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. hálfum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund, skal hann að jafnaði boða varamann sinn eða hlutast til um, að varamaður verði boðaður.

51. gr.

Kosning formanns og varaformanns bæjarráðs.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann bæjarráðs. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram

á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en bera má úrskurði hans undir bæjarráð. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmaður óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Í fundargerðabók ráðsins skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Þá skal skrá í fundargerð mál sem ráðið tekur til umræðu og afgreiðslu, frá hverjum þau eru, hvenær þau eru dagsett, efni þeirra stutt og skilmerkilega og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

Í lok fundar skal fundargerð undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður bæjarráðs og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók bæjarráðs númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Bæjarráðsfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók bæjarráðs til varanlegrar varðveislu.

52. gr.

Bæjarráð: Fjármálastjórn og fullnaðarafgreiðsla mála.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn bæjarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu bæjarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og bæjarfyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um, að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum bæjarstofnana lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu, svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála, sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

53. gr.

Starfsmenn á fundi bæjarráðs.

Skylt er starfsmönnum bæjarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

54. gr.

Boðun fyrsta nefndarfundar.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög eða samþykkt þessi kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

55. gr.

Fundarseta.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr bænum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

56. gr.

Lokaðir fundir.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn bæjarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

57. gr.

Fundarstjórn.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum bæjarfélagsins eftir því sem við á.

58. gr.

Hlutverk og valdsvið nefnda.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

59. gr.

Fundargerðabækur.

Nefndir, ráð og stjórnir bæjarfélagsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu það hlýtur.

Í lok fundar skal fundargerð undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal formaður nefndarinnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða, sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð.

Heimilt er að skrá fundargerðir í tölvu. Sé það gert skal bóka í gerðabók nefndarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerða. Nefndarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók.

Undirritaðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn í fundargerðabók nefndarinnar til varanlegrar varðveislu.

60. gr.

Afgreiðsla fundargerða nefnda, ráða og stjórna.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarfélagsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér aukin útgjöld skal ætíð lögð fyrir bæjarráð og síðan bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

61. gr.

Nefndir, ráð, stjórnir, tilnefningar og kosningar.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

(i) **Nefndir.** Hér er um að ræða fagnefndir sem sinna faglegu starfi þeirra málaflokka sem þeim hafa verið falin af bæjarstjórn með erindisbréfum.

1. *Bæjarráð.* Bæjarstjórn kýs fimm bæjarfulltrúa og fimm til vara í bæjarráð skv. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. Bæjarráð er kosið árlega. Kjósa skal í bæjarráð á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júní ár hvert. Ákvæði 48. gr. samþykktar þessarar gilda um þá flokka eða framboðsaðila sem fulltrúa eiga í bæjarstjórn en ekki fá kjörinn bæjarráðsmann. Auk verkefna sem tilgreind eru í erindisbréfi bæjarráðs fer bæjarráð með verkefni kjaranefndar og starfskjaranefndar.
2. *Fræðslunefnd.* Bæjarstjórn kýs sjö fulltrúa og jafnmarga til vara í fræðslunefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla skv. leikskólalögum, grunnskóla skv. grunnskólalögum, tónlistarskóla skv. lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samstarfssamningum um rekstur hans hverju sinni og framhaldsskóla skv. ákvæðum framhaldsskólalaga og samstarfssamningum, sem um rekstur framhaldsskóla gilda hverju sinni. Nefndin fer jafnframt með íþrótta- og æskulýðsmál í bæjarfélaginu, þar með talin íþróttamannvirki, málefni félagsmiðstöðva og vinnuskóla. Auk verkefna sem fræðslunefnd hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
3. *Menningarmálanefnd.* Bæjarstjórn kýs sjö fulltrúa og jafnmarga til vara í menningarmálanefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með málefni bókasafna skv. ákvæðum laga um almenningsbókasöfn, einnig annarra safna svo sem listasafna. Nefndin tilnefnir fulltrúa í stjórn héraðsskjalasafns og Byggðasafns Vestfjarða. Tilnefningar nefndarinnar eru háðar samþykki bæjarstjórnar. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja skv. þjóðminjalögum. Nefndin fer jafnframt með vinabæjarsamskipti, ferðamál og kynningarstarf, hátíðahöld og málefni félagsheimila. Auk verkefna sem menningarmálanefnd hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
4. *Félagsmálanefnd.* Bæjarstjórn kýs sjö fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Félagsmálanefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Félagsmálanefnd fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, áfengisvarnanefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd laga um vernd barna og ungmenna, málefni fatlaðra og málefni aldraðra. Félagsmálanefnd annast yfirstjórn Hlífar, íbúða aldraðra á Ísafirði. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum. Formaður nefndarinnar er jafnframt í þjónustuhópi aldraðra í heilsugæsluumdæminu, en þjónustuhópurinn sinnir jafnframt verkefnum öldrunarnefndar skv. lögum um málefni aldraðra. Nefndin tilnefnir fulltrúa bæjarfélagsins í stjórn vinnumiðlunar og í stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúss samkvæmt lögum og samningum þar um. Tilnefningar nefndarinnar eru háðar samþykki bæjarstjórnar.

5. *Húsnæðisnefnd.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í félagsmálanefnd, sbr. lög um Húsnæðisstofnun ríkisins. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Húsnæðisnefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Húsnæðisnefnd fer með húsaleigumál skv. ákvæðum laga þar um. Auk verkefna sem húsnæðisnefnd hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
6. *Umhverfisnefnd.* Bæjarstjórn kýs sjö fulltrúa og jafnmarga til vara í umhverfisnefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Umhverfisnefnd er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin fer með byggingamál skv. byggingalögum og skipulagsmál skv. skipulagslögum. Umhverfisnefnd sinnir lögbundnum verkefnum gróðurverndarnefndar skv. lögum um landgræðslu, náttúruverndarnefndar skv. náttúruverndarlögum og umferðarnefndar skv. umferðarlögum. Nefndin skal í störfum sínum huga að ferlimálum fatlaðra skv. lögum þar um. Nefndin tilnefnir fulltrúa í heilbrigðisnefnd skv. ákvæðum laga um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit. Tilnefningar nefndarinnar eru háðar samþykki bæjarstjórnar. Auk verkefna sem umhverfisnefnd hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
7. *Landbúnaðarnefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara í landbúnaðarnefnd. Bæjarstjórn kýs nefndinni formann og varaformann. Nefndin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Nefndin er bæjarstjórn til ráðuneytis um búfjárhald, dýraeftirlit, refa- og minkaeyðingu, meindýraeyðingu, fjallskil og fjárgirðingar, sbr. ákvæði gildandi laga þar um. Auk verkefna sem landbúnaðarnefnd hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum. Nefndin tilnefnir einnig búfjáreftirlitsmann og annan til vara. Tilnefningar nefndarinnar eru háðar samþykki bæjarstjórnar.
8. *Hafnarstjórn.* Bæjarstjórn kýs sjö fulltrúa og jafnmarga til vara í hafnarstjórn skv. lögum um hafnamál. Bæjarstjórn kýs hafnarstjórn formann og varaformann. Stjórnin er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil hennar hið sama og bæjarstjórnar. Auk verkefna sem hafnarstjórn hefur með höndum skv. lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.
9. *Kjörstjórnir.* Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara í yfirkjörstjórn. Undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn. Yfirkjörstjórn er kosin á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin skv. ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og Alþingis.

   (ii) Stjórnir og samstarfsráð. Hér er um að ræða stjórnir stofnana með sjálfstæðan fjárhag og tilnefningar í samstarfsráð sem hafa endanlegt ákvörðunarvald í málefnum sínum, þ.e.a.s. þurfa ekki staðfestingu bæjarstjórnar til að koma málum í framkvæmd innan ákveðins fjárhagslegs ramma. Kjörtímabil þeirra er samkvæmt samþykktum um stjórn viðkomandi stofnunar.

1. *Almannavarnanefnd.* Samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um skipan almannavarna kýs bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa í almannavarnanefnd á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.

   (iii) Tilnefningar og kosningar. Kosnir fulltrúar á ársþing og ársfundi stofnana sem bærinn á aðild að.

1. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs bæjarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.

2. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands skv. lögum um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands. Fulltrúar bæjarfélagsins eru kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og er kjörtímabil þeirra hið sama og bæjarstjórnar.
3. *Fjórðungssamband Vestfirðinga.* Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund Fjórðungssambands Vestfirðinga skv. lögum sambandsins.
4. *Héraðsnefnd Ísafjarðarsýslu.* Bæjarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund héraðsnefndar Ísafjarðarsýslu skv. lögum héraðsnefndarinnar.

(iv) Lögbundin kosning embættismanna. Samkvæmt lögum ber bæjarstjórn að kjósa eftirtalda embættismenn.

1. *Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga.* Bæjarstjórn kýs tvo skoðunarmenn og jafnmarga til vara skv. sveitarstjórnarlögum. Skoðunarmenn bæjarsjóðsreikninga eru fyrst kosnir á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan í júní ár hvert vegna næstkomandi ársreikninga.

(v) Verkefnabundnar nefndir. Bæjarstjórn getur kosið nefndir (lausanefndir) til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er. Bæjarstjórn útbýr erindisbréf fyrir nefndina þar sem hlutverk og staða nefndarinnar er skilgreint.

VI. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið bæjarfélagsins.

62. gr.
Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarstjórn.

63. gr.
Hlutverk bæjarstjóra.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri bæjarfélagsins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til fundar, sbr. 14. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar/bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarstjórn eða bæjarráði. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindi.

Bæjarstjóri hefur með höndum málefni bæjarfélagsins og framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar að svo miklu leyti sem bæjarstjórn ákveður ekki annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi bæjarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins.

Bæjarritari er staðgengill bæjarstjóra í forföllum hans nema bæjarstjórn ákveði annað.

64. gr.
Ráðning stjórnenda.

Bæjarstjórn ræður fasta starfsmenn í helstu stjórnunarstöður, svo sem yfirmenn stofnana og deilda bæjarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

65. gr.
Ráðning starfsmanna.

Viðkomandi ráð og nefndir ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 64. gr. að fenginni umsögn forstöðumanns, nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett.

66. gr.

Fastráðnir starfsmenn.

Fastráðnir starfsmenn bæjarfélagsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

67. gr.

Lausráðnir starfsmenn.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Flateyrarhrepps nr. 245/1990, sbr. samþykkt nr. 434/1994, samþykkt um stjórn Ísafjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 315/1994, sbr. samþykkt nr. 661/1994, samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrahrepps, Vestur-Ísafjarðarsýslu, nr. 62/1992, samþykkt um stjórn og fundarsköp Suðureyrarhrepps nr. 98/1991 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyrarhrepps nr. 370/1990.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. júní 1996.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 373 26. júní 1996

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1996.

1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða uppbót sem hér segir á árinu 1996:

a) Í júlí 1996 skal greiða á þessar fjárhæðir, eins og þær eru í júní 1996, 24% uppbót vegna launabóta.
b) Í ágúst 1996 skal greiða á þessar fjárhæðir, eins og þær eru í júní 1996, 20% uppbót vegna orlofsuppbótar.
c) Í desember 1996 skal greiða á þessar fjárhæðir, eins og þær eru í júní 1996, 30% uppbót vegna desemberuppbótar og 24% uppbót vegna launabóta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. júní 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á Gunnarsson.

REGLUR

um greiðslu sjúkratrygginga fyrir almenna læknishjálp.

1. gr.

Sjúkratryggingar greiða fyrir almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa hjá lækni, sem uppfyllir skilyrði 2. gr. og er aðili að samningi við Tryggingastofnun ríkisins sbr. þó 3. gr.

Greiðsla sjúkratrygginga fyrir almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa skal vera í samræmi við reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við heilbrigðisþjónustu, nú nr. 68/1996.

2. gr.

Læknir sem hyggst starfa eftir samningi sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert um almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa skal uppfylla a.m.k. eitt eftirtalinna skilyrða:

1. Vera sérfræðingur í heimilislækningum.
2. Hafa almennt heimilislækningaleyfi (Evrópulæknaleyfi) útgefið af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skv. 1. gr. a reglugerðar nr. 311/1986 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa, sbr. (1.) breytingu á þeirri reglugerð nr. 521/1995.
3. Hafa staðfestingu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra á almennu heimilislækningaleyfi (Evrópulæknaleyfi) frá öðru EES-ríki skv. 3. gr. a reglugerðar nr. 244/1994 sbr. (2.) breytingu á þeirri reglugerð nr. 486/1995.
4. Leggja fram vottorð frá EES-ríki um að hann hafi hinn 31. desember 1994 mátt veita almenna læknishjálp sem almannatryggingakerfi þess ríkis greiðir fyrir.

3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. greiða sjúkratryggingar fyrir almenna læknishjálp sem veitt er af eftirtöldum:

1. Lækni, sem þegar er aðili að samningi við Tryggingastofnun ríkisins um almenna læknishjálp utan sjúkrahúsa.
2. Læknanemum, læknakandidötum eða læknum með almennt lækningaleyfi sem uppfylla ekki skilyrði 2. gr. en starfa tímabundið á heilsugæslustöð eða undir handleiðslu sjálfstætt starfandi heimilislæknis.
3. Lækni með almennt lækningaleyfi sem uppfyllir ekki skilyrði 2. gr. en er að ávinna sér rétt til almenns heimilislækningaleyfis (Evrópulæknaleyfis) skv. 1. gr. a reglugerðar nr. 311/1986 um veitingu lækningaleyfis og sérfræðileyfa, sbr. (1.) breytingu á þeirri reglugerð nr. 521/1995.

4. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum til að fullnægja skilyrðum IV. bálks tilskipunar ráðsins 93/16/EBE frá 5. apríl 1993 um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 27. júní 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Sólveig Guðmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um félagslegar íbúðir og Byggingarsjóð verkamanna.

I. KAFLI
Um verksvið sveitarstjórna og húsnæðisnefnda. Nokkrir þættir um verksvið sveitarstjórna.

Skipun í húsnæðisnefndir.

1. gr.

Í sveitarfélögum með 400–10.000 íbúa skal sveitarstjórn skipa fimm manna húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, þrjá kosna af sveitarstjórn og tvo fulltrúa tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu. Í sveitarfélögum með yfir 10.000 íbúa skal sveitarstjórn með sama hætti skipa sjö menn í húsnæðisnefnd og jafnmarga til vara, fjóra kosna af sveitarstjórn og þrjá tilnefnda af stærstu samtökum launafólks í sveitarfélaginu.

Formaður og varaformaður skulu kjörnir af sveitarstjórn. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2. gr.

Við mat á því hvaða samtök launafólks eru stærst í sveitarfélaginu, þ.e. eiga flesta félagsmenn búsetta þar, skal miða við félagsmannatölu aðildarfélaga viðkomandi samtaka innan sveitarfélagsins eins og hún er í upphafi tilnefningarársins.

Í sveitarfélögum með 400–10.000 íbúa skulu samtökin, sem hafa flesta félagsmenn, tilnefna einn fulltrúa, og samtökin, sem hafa næstflesta félagsmenn, einnig tilnefna einn fulltrúa, nema samkomulag sé um annað.

Í sveitarfélögum með yfir 10.000 íbúa skulu samtökin, sem hafa flesta félagsmenn, tilnefna tvo fulltrúa, og samtökin, sem hafa næstflesta félagsmenn tilnefna einn fulltrúa.

Samtök launafólks tilnefna varamenn með sama hætti.

Tilnefning fulltrúa samtaka launafólks í húsnæðisnefnd skal ákveðin af fulltrúaráði samtaka launafólks í viðkomandi sveitarfélagi eða stjórn þess, ef fulltrúaráð eru fyrir hendi. Í þeim sveitarfélögum þar sem eigi starfa fulltrúaráð skulu félög launþega í sveitarfélaginu, innan viðkomandi samtaka, tilnefna fulltrúa sameiginlega.

3. gr.

Sveitarstjórn leggur húsnæðisnefnd til húsnæði og aðra aðstöðu til starfseminnar.

Sveitarstjórn ræður fasta starfsmenn húsnæðisnefndar að fengnum tillögum nefndarinnar. Sveitarstjórn semur um launakjör starfsmanna.

Sveitarstjórn ákveður þóknun nefndarmanna.

Sveitarfélög sem ekki skipa húsnæðisnefnd.

4. gr.

Í sveitarfélögum með færri en 400 íbúa fer sveitarstjórn með verkefni húsnæðisnefndar. Hafi sérstakur húsnæðisfulltrúi verið ráðinn er hann starfsmaður sveitarstjórnar en allar ákvarðanir eru teknar af sveitarstjórn. Þessum sveitarfélögum er þó heimilt að skipa húsnæðisnefnd með sama hætti og sveitarfélög með 400–10.000 íbúa.

Ákvæði 10.–22. gr. reglugerðar þessarar um verkefni húsnæðisnefndar eiga, eftir því sem við á, við um sveitarstjórnir í sveitarfélögum með færri en 400 íbúa sem ekki hafa skipað húsnæðisnefnd.

Félagsmálanefnd falin úthlutun leiguíbúða.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að fela félagsmálanefnd umsjón og útleigu leiguhúsnæðis á vegum sveitarfélagsins. Um úthlutun íbúða gilda ákvæði reglugerðar þessarar.

Byggingarframkvæmdir við félagslegar íbúðir og ábyrgð sveitarstjórna á þeim.

6. gr.

Að fenginni staðfestingu húsnæðismálastjórnar um að umsókn sveitarstjórnar sé innan ramma laga og reglugerða og að fenginni heimild til að hefja undirbúning framkvæmda eða kaupa á íbúðum felur sveitarstjórn húsnæðisnefnd að sjá um allan nauðsynlegan undirbúning.

7. gr.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að verð íbúða sé innan ramma þess kostnaðargrundvallar sem húsnæðismálastjórn hefur sett. Komi í ljós, á síðari stigum við byggingu íbúðar, að byggingarkostnaður fer fram úr kostnaðargrundvelli húsnæðismálastjórnar fjármagnar sveitarfélag þann umframkostnað.

Framkvæmdalán Byggingarsjóðs verkamanna til byggingar eða kaupa á félagslegum íbúðum eru á nafni sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn felur húsnæðisnefnd að annast undirbúning samninga. Samningar skulu lagðir fyrir sveitarstjórn til staðfestingar. Sveitarstjórn getur falið húsnæðisnefnd að undirrita lánssamninga.

Lögheimili í sveitarfélaginu.

8. gr.

Sveitarstjórn tekur ákvörðun um það hvort lögheimili sé skilyrði fyrir úthlutun á eignaríbúð eða til kaupa á félagslegri kaupleiguíbúð og tilkynnir húsnæðisnefnd ákvörðun sína um það atriði.

Aðrar skyldur, ábyrgð og verksvið sveitarstjórna.

9. gr.

Um aðrar skyldur, ábyrgð og verksvið sveitarstjórna, svo sem stefnumótun, frumkvæði, áætlanagerð, fjárhagslega ábyrgð, greiðslu á 3,5% framlagi og lánveitingu á 10% af kostnaðarverði eignaríbúða, gilda ákvæði 40.–44. gr. laga nr. 97/1993, sbr. lög nr. 58/1995. Um kaupskyldu og forkaupsrétt vísast til 82.–86. gr. laganna.

Helstu verkefni húsnæðisnefnda.

Áætlanir og kannanir á þörf fyrir íbúðir.

10. gr.

Húsnæðisnefnd gerir áætlun um byggingu eða kaup á félagslegu húsnæði á vegum sveitarfélagins. Áætlanir um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum skulu byggjast á mati húsnæðisnefndar á þörf fyrir félagslegar íbúðir í sveitarfélaginu, upplýsingum um stöðu húsnæðismála í sveitarfélaginu, horfum í atvinnulífinu, umsóknum um félagslegar íbúðir og mannfjöldaþróun. Fram komi áætlun um fjölda þeirra íbúða, sem nauðsynlegt er að byggja eða kaupa, tegund, stærðir, húsgerð og áætlaðan byggingartíma.

Húsnæðisnefnd skal jafnframt auglýsa opinberlega eftir umsækjendum um félagslegar íbúðir. Í auglýsingu skal koma skýrt fram hverjir eigi rétt til kaupa á íbúð, kaupa á eignarhlut eða til leigu á félagslegri íbúð og hver greiðslukjör eru.

Í samræmi við upplýsingar um þörf fyrir félagslegar íbúðir gerir húsnæðisnefnd áætlun um byggingu eða kaup á félagslegum íbúðum til fjögurra ára sem staðfest skal af sveitarstjórn og endurskoðuð árlega.

Byggingaframkvæmdir eða kaup á íbúðum.

11. gr.

Þegar sveitarstjórn hefur falið húsnæðisnefnd að sjá um framkvæmdir við byggingu eða kaup á íbúðum hefst húsnæðisnefnd handa um undirbúning. Nefndin skal m.a. annast útboð, undirbúning að verksamningsgerð og kaupsamningum, auk mannaráðninga við einstök verk, svo sem verktaka, allt innan þess fjárhagsramma sem gildir samkvæmt kostnaðargrundvelli húsnæðismálastjórnar og þess ramma sem sveitarfélag setur um verð og fjölda íbúða.

Samningar skulu lagðir fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

12. gr.

Húsnæðisnefnd hefur umsjón og eftirlit með framkvæmdum og kaupum á félagslegu húsnæði á vegum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn getur falið húsnæðisnefnd að annast bókhald, sjóðsgreiðslur og uppgjör byggingarkostnaðar vegna þeirra félagslegu íbúða sem nefndin hefur með höndum í sveitarfélaginu.

Húsnæðisnefnd skal árlega láta gera reikningsyfirlit yfir þær íbúðir sem keyptar eru. Halda skal sérstakan reikning um þær framkvæmdir sem í gangi eru. Að loknum hverjum áfanga skal gera heildarreikning um byggingarkostnað og skiptingu hans á einstakar íbúðir í áfanganum. Húsnæðisstofnun skal hafa aðgang að bókhaldsgögnum húsnæðisnefndar, undirrituðum af kjörnum endurskoðendum sveitarstjórnar. Sveitarstjórn staðfestir bókhaldið.

13. gr.

Húsnæðisnefnd skal kosta kapps um að íbúðir, byggðar eða keyptar á hennar vegum, séu bæði vandaðar að allri gerð og eins ódýrar og frekast er kostur, sbr. reglur sem húsnæðismálastjórn setur. Framkvæmdir skal fela viðurkenndum byggingarverktökum með útboðum, leitað sé tilboða eða annarra leiða sem tryggja hagkvæman byggingarkostnað.

Upplýsingar og þjónusta við íbúa sveitarfélagsins.

14. gr.

Húsnæðisnefnd skal veita íbúum sveitarfélagsins allar nauðsynlegar upplýsingar um félagslegt húsnæði, þ.á m. um þá valkosti og möguleika sem fyrir hendi eru, lán og lánskjör svo og leigukjör og húsaleigusamninga.

Úthlutun á íbúðum.

15. gr.

Húsnæðisnefnd sér um úthlutun á félagslegum íbúðum á hennar vegum til einstaklinga. Hún ber ábyrgð á því að tekju- og eignamörk og greiðslugetan séu innan tilskilins ramma, sbr. sérstaka reglugerð um tekju- og eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða. Ákvörðun húsnæðisnefndar um úthlutun íbúðar er fullnaðarákvörðun.

Séu hins vegar eignir, tekjur eða greiðslugeta utan tilskilins ramma getur húsnæðisnefnd sótt um undanþágu Húsnæðisstofnunar ríkisins ef ástæða þykir til, sbr. 64. gr. laga nr. 97/1993, sbr. lög nr. 58/1995.

16. gr.

Komi í ljós að fleiri umsækjendur uppfylla skilyrði laga og reglugerðar til úthlutunar á félagslegum íbúðum en hægt er að fullnægja skal húsnæðisnefnd gera sveitarstjórn grein fyrir meginforsendum úthlutunar.

Við mat sitt á því hverjir umsækjendur eigi forgang að íbúðum skal húsnæðisnefnd m.a. taka mið af eftirtöldum atriðum:

1. Núverandi húsnæðisaðstæðum og horfum í þeim efnum. Skal þar m.a. höfð hliðsjón af þröngbýli, hvort húsnæði sé heilsuspillandi, leigukjörum o.fl.
2. Tekjum og eignum.
3. Hvort umsækjandi sé eina fyrirvinna heimilis.
4. Fjölskyldustærð og fjölda barna.
5. Heilsufari og vinnugetu.

17. gr.

Við úthlutun húsnæðisnefndar á félagslegum íbúðum skal þess gætt að samræmi sé á milli fjölskyldustærðar og íbúðarstærðar í hverju einstöku tilviki eftir sérstökum viðmiðunarreglum sem húsnæðismálastjórn setur.

18. gr.

Við úthlutun á félagslegum íbúðum getur húsnæðisnefnd haft samráð eða samvinnu við félagsmálanefnd, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga, eftir því sem hún telur þörf á.

19. gr.

Með allar persónulegar upplýsingar sem húsnæðisnefnd aflar vegna úthlutunar á íbúðum skal farið sem trúnaðarmál.

20. gr.

Í framhaldi af ákvörðun um úthlutun skal gerður kaupsamningur á eyðublaði sem útgefið er af Húsnæðisstofnun ríkisins. Í kaupsamningnum skal gera grein fyrir réttindum og skyldum kaupanda að félagslegu húsnæði. Húsnæðisnefnd skal sjá um að kaupandi fái afsal vegna kaupa á íbúð innan mánaðar frá því lokauppgjör liggur fyrir, enda hafi húsnæðisnefnd gert upp byggingarkostnað og kaupandi undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs verkamanna og staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur sem honum ber að inna af hendi.

21. gr.

Húsnæðisnefndir skulu senda Húsnæðisstofnun ríkisins reglulega yfirlit yfir úthlutanir á íbúðum samkvæmt þeim verklagsreglum sem Húsnæðisstofnun setur um samskipti húsnæðisnefnda og Húsnæðisstofnunar og kynnir húsnæðisnefndum sérstaklega.

Leiði athugun Húsnæðisstofnunar í ljós að húsnæðisnefnd hafi úthlutað íbúð til einstaklings sem ekki uppfyllti skilyrði reglugerðar um tekjumörk, eignamörk eða greiðslugetu, er húsnæðismálastjórn heimilt að ákvarða að húsnæðisnefnd sendi öll gögn um úthlutanir til staðfestingar Húsnæðisstofnunar í eitt ár frá þeim tíma að hin ólögmæta úthlutun átti sér stað. Þær íbúðir sem undir ákvæði þetta falla eru íbúðir til eignar, leigu með eignarhlut eða leigu með kauprétti.

Um breytingar á lánskjörum og lánshlutfalli á lánum hjá þeim einstaklingum, sem húsnæðisnefnd hefur úthlutað íbúðum án þess að þeir uppfylltu skilyrði 2. mgr. þessarar greinar, vísast til 67. og 68. gr. reglugerðar þessarar.

22. gr.

Húsnæðisnefnd sér um útreikning á húsaleigu félagslegra íbúða, sbr. 70. gr. Húsnæðisnefnd skal senda Húsnæðisstofnun upplýsingar um einstaka húsaleigusamninga fari Húsnæðisstofnun fram á það.

II. KAFLI
Lán og lánskjör félagslegra íbúða.

23. gr.

Lánaflokkar Byggingarsjóðs verkamanna eru eftirfarandi:

Tegund	Lánshlutfall	Lánstími
1.a Félagslegar kaupleiguíbúðir (leiga)	90%	50 ár
1.b Félagslegar kaupleiguíbúðir (eignarhlutur)	90%	50 ár
1.c Félagslegar kaupleiguíbúðir (kaup)	90%	43 ár
2. Félagslegar eignaríbúðir	90%	43 ár
3. Félagslegar leiguíbúðir	90%	50 ár
4.a Almennar kaupleiguíbúðir (leiga)	90%	50 ár
4.b Almennar kaupleiguíbúðir (10% eignarhlutur)	90%	50 ár
4.c Almennar kaupleiguíbúðir (30% eignarhlutur)	70%	50 ár
4.d Almennar kaupleiguíbúðir (10% kaup)	90%	43 ár
4.e Almennar kaupleiguíbúðir (30% kaup)	70%	43 ár
5. Félagslegar eignaríbúðir á lögbýlum	90%	43 ár

Heimilt er húsnæðismálastjórn að veita viðbótarlán, allt að 10%, til allt að þriggja ára til þeirra sem eiga í verulegum erfiðleikum með kaup á íbúð. Jafnframt er þá heimilt að 90% lánið sé afborgunarlaust þar til viðbótarlánið er uppgreitt.

Lánin endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana (annuitet) að viðbættum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Lánin eru afborgunarlaus fyrsta árið þegar um er að ræða íbúðir sem seldar eru einstaklingum.

Vextir á hverjum gjalddaga skulu reiknast þannig að deilt er með fjölda gjalddaga á hverju ári í ársvextina.

24. gr.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til byggingar félagslegra íbúða mega nema allt að 90% af byggingarkostnaði, en þó ekki hærri fjárhæð en 90% af kostnaðargrundvelli af lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt. Skal kostnaðargrundvölllur miðast við raunverð á fermetra sem uppgjör á félagslegum íbúðum leiðir í ljós.

Komi í ljós þegar í upphafi að kostnaður við framkvæmdir er hærri en kostnaðargrundvöllur húsnæðismálastjórnar er synjað um lán.

Lán Byggingarsjóðs verkamanna til kaupa á íbúðum á almennum markaði má nema allt að 90% af söluverði viðkomandi íbúðar. Söluverð samanstendur af kaupverði, kostnaði vegna endurbóta og útlögðum kostnaði kaupanda. Lánveitingin má þó ekki nema hærri fjárhæð en 90% af kostnaðargrundvelli, sbr. 1. mgr., að teknu tilliti til fyrningar samkvæmt reglum sem húsnæðismálastjórn setur.

25. gr.

Auk lána samkvæmt 24. gr. er heimilt að veita lán vegna neðangreinds byggingarkostnaðar, enda fari heildarkostnaður ekki fram úr þeim kostnaðargrundvelli um hámarksverð á íbúðum sem húsnæðismálastjórn hefur ákveðið:

a. Bílskýla í nýbyggingum.
b. Bílskýla/ bílskúra í notuðu íbúðarhúsnæði.
c. Upphitunar í gangstétt.
d. Meiri háttar utanhússviðhalds í fjöleignarhúsi.

III. KAFLI
Bygging eða kaup á félagslegum íbúðum. Umsóknir framkvæmdaraðila um lán. Undirbúningur framkvæmda.

26. gr.

Þegar sveitarstjórn, eftir tillögu húsnæðisnefndar, hefur tekið ákvörðun um að hefja byggingu félagslegra íbúða tilkynnir hún þá ákvörðun sína til Húsnæðisstofnunar ríkisins og sækir jafnframt formlega um lán.

Á sama hátt skulu félagasamtök og fyrirtæki tilkynna ákvörðun sína.

Umsóknir um lán skulu hafa borist Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir 1. október árið áður en framkvæmdir eiga að hefjast.

27. gr.

Framkvæmdaraðilar skulu sjá til þess að íbúðir, byggðar eða keyptar á þeirra vegum, séu svo ódýrar í byggingu sem frekast er kostur. Þær skulu þannig hannaðar að þær séu einfaldar að allri gerð, stærðir miðaðar við fjölskyldustærðir umsækjenda, búnar nútímaþægindum og nauðsynlegri sameign, sbr. reglur er húsnæðismálastjórn setur þar um.

Framkvæmdir skal fela viðurkenndum byggingarverktökum með útboðum, leitað sé tilboða eða annarra leiða sem tryggja hagkvæman byggingarkostnað.

Þess skal gætt að um lóð gildi ekki skipulagsskilmálar sem hafi í för með sér hækkun á byggingarkostnaði, svo sem vegna kvaðar um bílskýli.

Þegar verki er skilað skal lóð vera frágengin með bílastæðum.

Íbúðir skulu að jafnaði ekki vera í húsnæði þar sem atvinnustarfsemi eða verslunarstarfsemi fer fram.

Stærðir íbúða.

28. gr.

Hámarksstærð félagslegra íbúða er 130 m^2 (brúttó). Heimilt er þó húsnæðismálastjórn að veita lán til stærri íbúða í notuðu íbúðarhúsnæði, enda sýni framkvæmdaraðili fram á að það sé sannanlega ódýrari kostur en nýtt húsnæði eða aðstæður í sveitarfélaginu eru með þeim hætti að annað húsnæði er ekki fyrir hendi. Við mat á undanþágu skal þess gætt að rekstrarkostnaður íbúðar verði engu að síður viðráðanlegur. Brúttóflatarmál hverrar íbúðar er reiknað samkvæmt skráningartöflu, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 538/1995 um eignarskiptayfirlýsingar, útreikning hlutfallstalna o.fl. í fjöleignarhúsum, þó þannig að aðeins er tekinn brúttóflötur lokaðra rýma að frádregnu brúttóflatarmáli bílskýla og rýmis með salarhæð undir 1,8 m.

Ákvörðun húsnæðismálastjórnar.

29. gr.

Að lokinni athugun á þeim gögnum sem húsnæðismálastjórn krefst af framkvæmdaraðila um fyrirhugaðar framkvæmdir tekur hún ákvörðun um hvort framkvæmdin samrýmist ákvæðum laga og reglugerðar þessarar. Sé svo heimilar húsnæðismálastjórn hlutaðeigandi að hefja framkvæmdir; að byggja eða kaupa íbúðir.

Jafnframt skal þess gætt við athugun á teikningum sem fyrir liggja að íbúðastærðir séu í eðlilegu samræmi við áætlanir um þörf fyrir félagslegar íbúðir og mismunandi fjölskyldustærðir.

Framkvæmdalán.

30. gr.

Telji Húsnæðisstofnun að fullnægt sé þeim skilyrðum sem þarf til þess að hefjast handa við byggingaframkvæmdir, eða til að kaupa íbúð, veitir hún viðkomandi framkvæmdaraðila framkvæmdalán með þeim hætti að gerður er lánssamningur við hann um greiðslu lánsins. Ekki er greitt umfram verkstöðu á hverjum tíma.

Framkvæmdalán má nema allt að 90% af byggingarkostnaði eða kaupverði, en þó ekki hærri fjárhæð en 90% af kostnaðargrundvelli af lánveitingu sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt.

Skilyrði þess að lán sé veitt er að við upphaf framkvæmda sé ljóst að byggingarkostnaður eða kaupverð íbúða sé innan ramma kostnaðargrundvallar, sbr. 1. mgr. 24. gr.

Húsnæðismálastjórn miðar lánveitingar úr Byggingarsjóði verkamanna við lægsta fullgilda tilboð í hverju einstöku tilviki þó framkvæmdaraðili velji að taka öðru tilboði. Ef framkvæmdaraðili sýnir fram á með rökum að annað tilboð er hagstæðara en það lægsta er heimilt að miða lánveitingar við það.

Framkvæmdirnar standa sjálfar til tryggingar veittu framkvæmdaláni á hverjum tíma. Þó er heimilt við kaup á notuðum íbúðum að taka gilda ábyrgð sveitarstjórnar til tryggingar á láninu samkvæmt nánari reglum húsnæðismálastjórnar. Ákvæði þetta á jafnt við hvort sem sveitarfélög eða aðrir aðilar standa að framkvæmdum.

31. gr.

Byggingarsjóði verkamanna er heimilt að greiða allt að 95% af láninu á byggingartímanum.

Heimilt er við upphaf framkvæmda að greiða allt að 5% umfram verkstöðu framkvæmda, enda verði lagðar fram fullnægjandi tryggingar að mati Húsnæðisstofnunar.

Lán sveitarfélagsins, sbr. 9. gr., til framkvæmda á félagslegum eignaríbúðum, (þó ekki á lögbýlum), þ.e. 10% af byggingarkostnaði, skal dregið frá hverri greiðslu lánsins úr Byggingarsjóði verkamanna, enda greiðist það jöfnum höndum miðað við framkvæmdahraða.

32. gr.

Heimilt er að telja sem hluta af byggingarkostnaði eða kaupverði kostnað framkvæmdaraðila við eftirlit, skrifstofuhald, bókhald og almenna verkstjórn, sem nemi eftirfarandi hlutföllum af verksamningi, með verðbótum, að viðbættum hönnunarkostnaði. Húsnæðisstofnun getur óskað eftir sundurliðuðu uppgjöri á þessum kostnaði með lokauppgjöri.

a. Allt að 2% þegar keypt er fokhelt, fullbúið hús eða notað.
b. Allt að 3% þar sem allt er boðið út og einn aðalverktaki sér um framkvæmdina.
c. Allt að 4% þar sem boðið er út eftir faggreinum þegar um er að ræða verkstjórn að hluta.
d. Allt að 6% þar sem framkvæmdaraðili hefur umsjón með verkefnum undirverktaka, samræmingu milli þeirra og að mestu eða öllu leyti um efniskaup.

Gatnagerðargjöld, tengigjöld, kostnaður við veitur og önnur opinber gjöld teljast ekki til byggingarkostnaðar þegar hlutfall samkvæmt 1. mgr. er ákveðið.

33. gr.

Verðbætur og vextir af framkvæmdalánum teljast til byggingarkostnaðar.

Verði framkvæmdalán ekki gerð upp innan tveggja mánaða frá samningslokum eða lokaúttekt skal framkvæmdaraðili greiða vexti frá sama tíma að telja og teljast þeir ekki til byggingarkostnaðar. Heimilt er þó húsnæðismálastjórn að fella niður vaxtagreiðslur framkvæmdaraðila sem ekki verða raktar til óeðlilegs dráttar eða vanrækslu af hálfu framkvæmdaraðila.

Heimilt er húsnæðismálastjórn að telja vexti og verðbætur lána frá öðrum aðilum en Byggingarsjóði verkamanna til byggingarkostnaðar, enda hafi lán frá þeim aðilum verið tekin eftir að húsnæðismálastjórn heimilaði framkvæmdaraðila að hefja framkvæmdir, sbr. 29. gr. Ákvæði þetta tekur einungis til þess fjármagnskostnaðar sem er lægri eða sá sami og kostnaður af láni Byggingarsjóðs verkamanna.

34. gr.

Óheimilt er að veita lán til framkvæmda við aukaverk sem er umfram upphaflegan verksamning fyrr en í verklok, enda hafi verið um það samið við Húsnæðisstofnun áður en til þeirra framkvæmda kemur. Umsókn um lán skal fylgja greinargerð frá framkvæmdaraðila.

Eftirlit framkvæmdaraðila með framkvæmdum (verkum).

35. gr.

Framkvæmdaraðili skal hafa reglubundið eftirlit með verkum sem fara fram á byggingartíma í því skyni að tryggja gæði við hönnun og framkvæmd verksins. Skal framkvæmdaraðili sjá um að unnar séu skriflegar skýrslur um eftirlit á byggingarstað þar sem skráðir eru helstu verkþættir og framvinda verksins hverju sinni. Ef um er að ræða kaup á íbúðum í smíðum eða nýjum íbúðum á almennum markaði, skal gerð úttekt sem sýni hvernig staðið hefur verið að eftirliti á þeim byggingarþáttum sem lokið er þegar kaup eru gerð. Skýrslur þessar og úttektir skulu liggja fyrir við lokaúttekt Húsnæðisstofnunar.

Framkvæmdaraðili skal sjá um að sérstök úttekt hafi verið gerð áður en ábyrgð verktaka samkvæmt ÍST 30 eða öðrum framlögðum gögnum rennur út. Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á því að úttekt þessi sé gerð og ber kostnað af henni. Sá kostnaður telst til kostnaðar samkvæmt a– d lið 32. gr.

Lokaúttekt.

36. gr.

Þegar íbúð í byggingu er fullgerð ber framkvæmdaraðila að tilkynna Húsnæðisstofnun ríkisins um lok framkvæmda. Húsnæðisstofnun ber síðan ábyrgð á því að lokaúttekt fari fram. Við úttektina skal gengið úr skugga um að öllum byggingarskilmálum hafi verið fullnægt, að við byggingarframkvæmdir hafi verið farið eftir tilskildum gögnum, sbr. 29. gr. og að íbúðin sé fullgerð og tilbúin til afhendingar.

Ef keypt er notuð íbúð ber framkvæmdaraðila að tilkynna Húsnæðistofnun ríkisins um afhendingardag íbúðarinnar. Húsnæðisstofnun ber síðan ábyrgð á því að gerð sé úttekt á íbúðinni áður en afhending fer fram. Við úttektina skal þess gætt að öllum endurbótum sé lokið.

Lokaúttekt skal skilað til framkvæmdaraðila innan 10 daga frá því úttektin fór fram.

Húsnæðisstofnun ríkisins hefur umsjón með því að samræmis sé gætt við úttektir á félagslegum íbúðum hvarvetna á landinu.

Lokauppgjör.

37. gr.

Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á því að lokauppgjöri sé skilað Húsnæðisstofnun ríkisins innan mánaðar eftir að lokaúttekt fór fram og er þá helmingur af eftirstöðvum framkvæmdaláns greiddur.

Framkvæmdaraðili ber ábyrgð á því að þinglýstum skuldabréfum sé skilað Húsnæðisstofnun ríkisins innan tveggja mánaða eftir að lokaúttekt fór fram og er lánssamningur þá gerður upp.

38. gr.

Þar sem stærri byggingaráfangar eða heil hverfi eru byggð af félagslegum íbúðum skal skipta þeim í smærri áfanga, áður en lánveiting er ákveðin, miðað við afhendingartíma íbúðanna. Verkbókhald skal halda fyrir hvern áfanga fyrir sig og hann gerður upp sérstaklega innan tveggja mánaða frá því að fyrsta íbúðin var tekin út í viðkomandi áfanga. Er þá helmingur af eftirstöðvum framkvæmdaláns greiddur.

Þinglýstum skuldabréfum skal skila Húsnæðisstofnun ríkisins innan þriggja mánaða frá því að fyrsta íbúð í viðkomandi áfanga var tekin út og skal lánssamningur gerður upp um leið.

Skipting byggingarkostnaðar og endanleg samþykkt hans.

39. gr.

Framkvæmdaraðili ákveður skiptingu heildarbyggingarkostnaðar á einstakar íbúðir.

Verði byggingarkostnaður eða kaupverð íbúðar hærra en sá kostnaðargrundvöllur sem húsnæðismálastjórn hefur samþykkt að lánveitingu fjármagnar viðkomandi framkvæmdaraðili þann kostnað sem umfram er.

Húsnæðisstofnun skal staðreyna byggingarkostnað eða kaupverð.

Bílskýli. Nýbyggingar.

40. gr.

Félagslegar íbúðir skal byggja á byggingarsvæðum þar sem ekki er kvöð um bílskýli.

Þó er heimilt að veita lán til bílskýla í nýbyggingum ef nauðsynlegt er af skipulagsástæðum að bílskýli fylgi íbúð. Með bílskýli er hér átt við skýli sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

a. Skýlið skal byggt við fjöleignarhús.
b. Skýlið skal vera fyrir fleiri en einn bíl og vera opið, þ.e. ekki aðskilið með veggjum milli bíla.
c. Skýlið sé ekki sérstök bygging heldur hluti hússins.

Heildarkostnaður íbúðar, bílskýlis og upphitunar í gangstétt, sbr. 43. gr., má ekki fara fram úr þeim kostnaðargrundvelli sem húsnæðismálastjórn setur um hverja íbúð.

Bílskýlin skulu vera byggð með hagkvæmum hætti á lóðum sem til þeirra henta. Ef um er að ræða kostnaðarsama jarðvegsvinnu vegna bílskýla, svo sem sprengingar, er óheimilt að veita lán til bílskýlanna.

Við ákvörðun á byggingarkostnaði bílskýlis skal kostnaðinum skipt niður á íbúðareigendur samkvæmt reglum húsnæðismálastjórnar.

41. gr.

Í þeim tilvikum er bílskýli falla utan við þau skilyrði sem fram koma í 40. gr. er þó heimilt að veita öldruðum og fötluðum sérstök lán til bílskýla, enda liggi fyrir umsögn félagsmálanefndar og framkvæmdaraðila um þörf viðkomandi einstaklings á bílskýli.

Bílskýli eða bílskúrar sem fylgja notuðu íbúðarhúsnæði.

42. gr.

Í sérstökum undantekningartilvikum er heimilt að veita lán til bílskýla eða bílskúra í notuðu íbúðarhúsnæði. Skilyrði er að framkvæmdaraðili sýni fram á að annað húsnæði sé ekki fyrir hendi í sveitarfélaginu eða það sé ódýrara að kaupa notað húsnæði, ásamt bílskýli eða bílskúr, en að byggja nýtt. Jafnframt er skilyrði að samanlagður kostnaður sé undir kostnaðargrundvelli húsnæðismálastjórnar að teknu tilliti til fyrningar.

Upphitun í gangstétt.

43. gr.

Heimilt er að veita lán til upphitunar í gangstétt ef samanlagður kostnaður við þá framkvæmd, ásamt íbúð og bílskýli, er innan þess kostnaðargrundvallar um hámarksverð íbúða sem húsnæðismálastjórn setur. Þó er aðeins heimilt að veita lán til upphitunar í gangstétt að fyllsta hagkvæmis sé gætt, þ.e. hitalögn sé lögð stystu leið frá bílastæði eða götu að hverjum inngangi.

Tryggingasjóður vegna byggingargalla.

Hlutverk sjóðsins.

44. gr.

Framkvæmdaraðili, þ.e. sveitarfélag, félagasamtök eða fyrirtæki, skal leggja allt að 1% af endanlegum samþykktum byggingarkostnaði hverrar félagslegrar íbúðar í tryggingasjóð vegna byggingargalla. Sjóðurinn gegnir því hlutverki að tryggja gæði og bæta tjón sem sannanlega er til komið vegna galla sem ekki er hægt að rekja til vanrækslu á eðlilegu viðhaldi.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Byggingarsjóðs verkamanna.

Skilyrði fyrir greiðslum úr sjóðnum.

45. gr.

Skilyrði fyrir greiðslu úr sjóðnum eru:

1. Íbúðirnar hafi verið byggðar eftir stofnun sjóðsins enda hafi verið tekið allt að 1% iðgjald vegna þeirra, sbr. 44. gr.
2. Galla megi ekki rekja til vanrækslu á eðlilegu viðhaldi eða til eðlilegs slits.
3. Reglubundið eftirlit og úttekt framkvæmdaraðila hafi verið framkvæmt skv. 35. gr.
4. Úttektir byggingarfulltrúa á einstökum þáttum framkvæmdarinnar hafi farið fram og við lokaúttekt liggi fyrir vottorð byggingarfulltrúa á þeim byggingarstigum sem getið er um í byggingarreglugerð.
5. Verktaki hafi við lokaúttekt lagt fram skriflegar staðfestingar um að steypa og annað efni sem notað hefur verið sé í samræmi við gæðakröfur í efnis- og verklýsingu.
6. Lokaúttekt Húsnæðisstofnunar hafi farið fram við verklok. Skrifleg skýrsla skal liggja fyrir þar sem m.a. er staðfest hvort skilyrðum 3.–5. tölul. þessarar greinar sé fullnægt.
7. Að tryggingar verktaka bæti ekki tjónið.

Fjárreiður sjóðsins.

46. gr.

Fjár til sjóðsins skal aflað með gjaldi sem nema skal allt að 1% af samþykktum byggingarkostnaði, sbr. 44. gr. Þessu gjaldi skal bætt við endanlegan kostnað við framkvæmdina.

Bókhald sjóðsins skal vera aðskilið frá öðrum þáttum í rekstri Byggingarsjóðs verkamanna.

Iðgjöld í sjóðinn eru ekki afturkræf.

47. gr.

Fé tryggingasjóðsins skal ávaxtað með tryggum hætti.

Heimilt er að ráðstafa allt að helmingi af eignum sjóðsins til útlána til Byggingarsjóðs verkamanna. Lán þessi skulu verðbætt samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Húsnæðismálastjórn tekur ákvörðun um vexti af þessum lánum með hliðsjón af vöxtum af útlánum Byggingarsjóðs verkamanna.

Sjóðnum er heimilt að endurtryggja sig.

Greiðslur úr sjóðnum.

48. gr.

Eigandi gerir kröfur til framkvæmdaraðila um úrbætur. Framkvæmdaraðili gerir síðan sjálfur rökstudda kröfu um greiðslu úr sjóðnum.

Tryggingasjóður, eða sá aðili sem hann vísar til, framkvæmir úttekt og metur tjónið.

49. gr.

Sjóðurinn á endurkröfurétt á verktaka eða þá aðra sem samkvæmt lögum og almennum reglum skaðabótaréttar bera ábyrgð á tjóni sem bætt hefur verið af sjóðnum.

50. gr.

Ábyrgð sjóðsins varir í 15 ár frá lokaúttekt Húsnæðisstofnunar ríkisins á framkvæmdinni eða kaupunum. Ábyrgð sjóðsins er óháð öðrum reglum, samningum eða lögum um ábyrgð á tjóni vegna húsbygginga.

IV. KAFLI
Lán til meiriháttar utanhússviðhalds..

51. gr.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að veita íbúðareigendum félagslegra íbúða í fjöleignarhúsi sérstakt viðbótarlán til meiri háttar utanhússviðhalds. Lánið veitist eingöngu sem viðbótarlán við það/ þau lán sem þegar hvíla á íbúðinni frá Byggingarsjóði verkamanna eða Byggingarsjóði ríkisins.

Skilyrði er að lánveiting sé nauðsynleg til að afstýra því að hús liggi undir skemmdum.

Að öðru leyti eru skilyrði fyrir lánveitingu eftirfarandi:

1. Um meiri háttar utanhússviðhald sé að ræða, sbr. 52. gr.
2. Húsnæðisstofnun hafi samþykkt kostnaðinn fyrirfram með úttekt sinni.
3. Umsókn berist Húsnæðisstofnun ríkisins áður en framkvæmdir hefjast. Umsókn fylgi teikningar, kostnaðaráætlun, verklýsing, samþykki byggingarfulltrúa fyrir framkvæmdinni og yfirlýsing frá húsfélagi um framkvæmdina.
4. Verkið sé unnið í samræmi við verklýsingu.
5. Kostnaður við endurbætur falli ekki undir tryggingasjóð félagslegra íbúða.

52. gr.

Með meiri háttar utanhússviðhaldi er átt við:

1. Þak: Endurbyggingu á þaki, svo sem þegar skipt er um þakklæðningu og einangrun.
2. Útveggir: Sprunguviðgerðir, þéttingar og útveggjaklæðningu, að veggir séu brotnir niður og steyptir upp að nýju. Um viðgerð á útidyratröppum gildir sama og um viðgerð á útveggjum.
3. Gluggar: Skipti á gluggapóstum, gluggakörmum og glerjum. Skipti á opnanlegum fögum.
4. Lóðaframkvæmdir: Endurnýjun á jarðvegslögnum. Sé talið nauðsynlegt að skipta um jarðvegslagnir á lóð hússins til að forða húsinu frá vatnsskemmdum er heimilt að lána til þeirra framkvæmda.

Í þeim tilvikum, eingöngu, þar sem samþykkt hafa verið lán til viðgerða samkvæmt 1.–3. tölul., er jafnframt lánað til kostnaðar vegna utanhússmálningar til sömu verkþátta.

Eigi er lánað til neins konar innanhússframkvæmda eða frágangs innanhúss. Gildir það einnig enda þótt frágangur innanhúss sé bein afleiðing af utanhússskemmdum og viðgerðum á þeim.

53. gr.

Hámarkslán nemur 90% af samþykktum kostnaði. Innifalinn í samþykktum kostnaði er sá fjármagnskostnaður sem íbúðareigandi kann að bera vegna lántöku við upphaf framkvæmdanna.

Lánið kemur til greiðslu þegar Húsnæðisstofnun ríkisins hefur samþykkt með úttekt sinni að verkið hafi verið unnið á þann veg sem fram kemur í verklýsingu.

Lánstími er sá tími sem eftir stendur af lánstíma lána sem hvílir á íbúð hvers og eins íbúðareiganda. Lántakandi getur þó óskað eftir að lánið sé til styttri tíma.

Vextir eru breytilegir og skulu vera þeir sömu og gilda um lán til félagslegra eignaríbúða eins og þeir eru á hverjum tíma.

Lánið endurgreiðist að fullu frá og með öðrum reglulegum gjalddaga með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana að viðbættum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Hvert lán skal tryggt með 1. veðrétti í hlutaðeigandi íbúð samhliða áhvílandi láni Byggingarsjóðs verkamanna og/ eða Byggingarsjóðs ríkisins.

Við endursölu eru endurbætur utanhúss metnar samkvæmt mati húsnæðisnefndar byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar, sbr. 88. gr. laga nr. 97/1993, sbr. lög nr. 58/1995.

V. KAFLI
Réttur einstaklinga til félagslegra íbúða.

Félagslegar eignaríbúðir. Félagslegar kaupleiguíbúðir. Félagslegar leiguíbúðir.

54. gr.

1. Réttur til kaupa á félagslegri eignaríbúð og félagslegri kaupleiguíbúð er bundinn skilyrðum um eigna-, tekjumörk og greiðslugetu, sbr. reglugerð um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða.
2. Réttur til leigu á félagslegri kaupleiguíbúð (með eða án eignarhluta) eða félagslegri leiguíbúð er bundinn skilyrðum um eigna- og tekjumörk, sbr. reglugerð um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða.

Um undanþágur frá skilyrðum í 1. og 2. tölul. vísast til reglugerðar um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða.

55. gr.

Uppfylli fleiri umsækjendur skilyrði 1. og 2. tölul. 54. gr. til úthlutunar á félagslegri eignaríbúð, félagslegri kaupleiguíbúð eða félagslegri leiguíbúð en hægt er að fullnægja skulu þeir sitja fyrir sem búa við þær aðstæður sem lýst er í 1.– 5. tölul. 2. mgr. 16. gr.

Umsækjandi sem sækir um íbúð samkvæmt þessari grein getur lagt fram umsögn félagsmálanefndar/félagsmálaráðs með umsókn sinni.

Almennar kaupleiguíbúðir.

56. gr.

1. Réttur til kaupa á almennri kaupleiguíbúð með 90% láni er bundinn skilyrðum um eignamörk og greiðslugetu, sbr. reglugerð um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða.
2. Réttur til kaupa á almennri kaupleiguíbúð með 70% láni er bundinn skilyrði um greiðslugetu, sbr. reglugerð um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða.

Um undanþágu frá 1. og 2. tölul. vísast til reglugerðar um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða.

Að öðru leyti setur framkvæmdaraðili sérstakar úthlutunarreglur um sölu á almennum kaupleiguíbúðum. Í reglunum komi fram að tekið sé tillit til húsnæðisaðstæðna og fjölskyldustærðar viðkomandi. Reglurnar skulu kynntar á opinberum vettvangi.

57. gr.

Réttur til kaupa á 10% eignarhlut er háður skilyrði um eignamörk, en ekki um tekjumörk og greiðslugetu, sbr. reglugerð um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða. Um undanþágu vísast til reglugerðar um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða.

Réttur til kaupa á 30% eignarhlut í almennri kaupleiguíbúð er óháður skilyrðum um eignamörk, tekjumörk og greiðslugetu.

VI. KAFLI
Nokkur atriði um réttarstöðu einstaklinga.

Réttur á afsali.

58. gr.

Kaupandi að eignaríbúð, svo og almennri eða félagslegri kaupleiguíbúð, á rétt á að fá í hendur skriflegt afsal, innan mánaðar frá því að lokauppgjör liggur fyrir, enda hafi hann staðið í skilum með útborgun og aðrar greiðslur, svo sem lántökugjald og sölukostnað og undirritað veðskuldabréf til Byggingarsjóðs verkamanna.

Persónulegur réttur við kaup á íbúð.

59. gr.

Sá réttur sem stofnast við kaup á félagslegri eignaríbúð, eða félagslegri eða almennri kaupleiguíbúð, er persónulegur réttur hins skráða eiganda. Rétturinn er ekki framseljanlegur og erfist ekki. Þó getur framkvæmdaraðili, þ.e. húsnæðisnefnd, félagasamtök eða fyrirtæki, heimilað nafnaskipti á íbúð í sérstökum tilfellum, svo sem við hjónaskilnað, kaupmála milli hjóna eða andlát annars maka. Réttur þess sem skráður verður eigandi við nafnaskiptin er sá sami og réttur fyrri eiganda.

Frestun á greiðslum. Skuldbreyting lána.

60. gr.

Húsnæðismálastjórn getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum ef greiðslubyrði afborgana, vaxta og verðbóta fer yfir tiltekið hlutfall af heildartekjum greiðanda.

Jafnframt er húsnæðismálastjórn heimilt að skuldbreyta lánum, enda meti húsnæðismálastjórn það svo að með því séu hagsmunir Byggingarsjóðs verkamanna best tryggðir við þær aðstæður.

Endurskoðun á vöxtum vegna aukinna tekna.
Félagslegar eignaríbúðir.
Félagslegar kaupleiguíbúðir sem keyptar hafa verið.

61. gr.

Breyting á vöxtum tekur til þeirra lána sem tekin hafa verið til kaupa á félagslegum íbúðum frá því lög nr. 60/1984 tóku gildi þann 1. júlí 1984. Með félagslegum íbúðum er hér átt við félagslegar eignaríbúðir og félagslegar kaupleiguíbúðir sem keyptar hafa verið.

62. gr.

Að liðnum sex árum frá undirritun kaupsamnings eða afhendingardegi íbúðar, sem er fyrsti vaxtadagur lánsins, skal Húsnæðisstofnun kanna hvort meðaltekjur lántakanda síðustu þrjú ár, þar af heildartekjur tvö síðustu ár, hvort ár fyrir sig, séu hærri en þau tekjumörk sem gilda á þeim tíma sem endurskoðunin á sér stað, sbr. reglugerð um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða.

Skilyrði fyrir vaxtahækkun er að bæði meðaltekjur sl. þrjú ár, svo og heildartekjur síðastliðinna tveggja ára, hvors árs um sig, séu hærri en gildandi tekjumörk.

63. gr.

Tekjur, sbr. 62. gr., miðast við tekjuskattstofn samkvæmt skattskýrslu. Tekjumörkin koma fram í sérstakri reglugerð um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu félagslegra íbúða og verða þau endurskoðuð árlega.

64. gr.

Til grundvallar athugunar Húsnæðisstofnunar eru lögð skattframtöl síðastliðinna þriggja ára samkvæmt skattskrá.

Endurskoðun vaxta fer fram með eftirfarandi hætti:

1. Í septembermánuði hvers árs skulu teknar til athugunar tekjur þeirra lántakenda sem fengu íbúðir afhentar á tímabilinu janúar til júní, sex árum áður.
2. Í janúarmánuði hvers árs skulu með sama hætti teknar til athugunar tekjur þeirra lántakenda sem fengu íbúðir afhentar á tímabilinu júlí til desember sex árum áður.

65. gr.

Sýni endurskoðun á tekjum lántakanda að þær hafa farið yfir tilskilin mörk skal hækka vexti þannig að þeir verði hinir sömu og gilda á hverjum tíma af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum.

Lántakendum skal tilkynnt um vaxtahækkun skriflega og með rökstuddum hætti a.m.k. tveimur mánuðum áður en vaxtahækkunin kemur til framkvæmda.

Vaxtahækkunin gengur í gildi og kemur til framkvæmda með eftirfarandi móti:

1. Vaxtahækkun af lánum sem endurskoðuð voru í september tekur gildi 1. febrúar á næsta ári og kemur til framkvæmda á næsta gjalddaga lánsins.
2. Vaxtahækkun af lánum sem endurskoðuð voru í janúar tekur gildi 1. maí sama ár og kemur til framkvæmda á næsta gjalddaga lánsins.

66. gr.

Vextir af þeim lánum, sem veittu ekki tilefni til hækkunar, sbr. 65. gr., skulu teknir til endurskoðunar á ný þremur árum síðar og síðan á þriggja ára fresti eftir það. Gilda þá ákvæði 61.-65. gr. um endurskoðun vaxtanna.

Breyting á vöxtum.
Félagslegar eignaríbúðir. Félagslegar kaupleiguíbúðir
sem keyptar hafa verið.

67. gr.

Komi í ljós við athugun Húsnæðisstofnunar ríkisins á úthlutunum húsnæðisnefnda á félagslegum eignaríbúðum og félagslegum kaupleiguíbúðum, sem keyptar hafa verið, að einstaklingur hafði á þeim tíma, sem úthlutun fór fram, tekjur yfir tekjumörkum eða átti eignir yfir eignamörkum, sbr. reglugerð um tekjumörk, eignamörk og greiðslugetu vegna félagslegra íbúða, skal húsnæðismálastjórn breyta vöxtum af láni viðkomandi einstaklings

þannig að þeir verði hinir sömu og af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum, enda hafi Húsnæðisstofnun ríkisins ekki samþykkt undanþágu frá eigna- og tekjumörkum, sbr. 64. gr. laga nr. 97/1993, sbr. lög nr. 58/1995. Vaxtahækkun samkvæmt þessu ákvæði skal gilda frá þeim degi sem einstaklingur tók við íbúðinni.

Breyting á lánshlutfalli.
Almennar kaupleiguíbúðir.
68. gr.

Komi í ljós við athugun Húsnæðisstofnunar að húsnæðisnefnd hafi úthutað almennri kaupleiguíbúð með 10% eignarhlut, (90% lán) án þess að skilyrða um eignamörk hafi verið gætt, skal húsnæðismálastjórn lækka lánshlutfallið úr 90% í 70% (30% eignarhlutur).

Hafi húsnæðisnefnd úthlutað almennri kaupleiguíbúð til kaupa með allt að 90% láni, án þess að skilyrða um eignamörk hafi verið gætt, skal húsnæðismálastjórn lækka lánshlutfallið í 70%.

Réttur til kvaðalauss afsals eftir 30 ára eignarhald.
69. gr.

Þegar eigandi íbúðar, eða maki hans, hefur átt íbúð í 30 ár samfleytt á hann rétt á að fá gefið út kvaðalaust afsal, enda hafi íbúðareigandi greitt upp eftirstöðvar áhvílandi lána úr Byggingarsjóði verkamanna eða Byggingarsjóði ríkisins. Framkvæmdaraðila er skylt að verða við ósk um útgáfu kvaðalauss afsals samkvæmt ákvæði þessu.

Fjárhæð húsaleigu.
70. gr.

Leiga má aldrei nema hærri fjárhæð en sem svarar samanlögðum kostnaði af eftirtöldum útgjöldum:

1. Ársvöxtum, afborgunum og verðbótum af áhvílandi láni Byggingarsjóðs verkamanna eða Byggingarsjóðs ríkisins.
2. Vaxtakostnaði af framlagi á vegum framkvæmdaraðila, þó að hámarki sömu vextir og eru á hverjum tíma af lánum til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum þegar félagslegar kaupleiguíbúðir (eða félagslegar leiguíbúðir) eiga í hlut.
3. Fasteigna- og brunabótaiðgjöldum af íbúðinni ef framkvæmdaraðili ákveður að þau gjöld falli undir leigu. Sama gildir um húseigendatryggingu.
4. Kostnaði við viðhald íbúðar og sameiginlegt viðhald fjöleignarhúss.

Óheimilt er að reikna aðra þætti inn í leigu en þá sem fram koma í grein þessari.

Leigan greiðist með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

Húsnæðisstofnun skal senda sveitarfélögum og öðrum framkvæmdaraðilum samræmdar viðmiðunarreglur um útreikning húsaleigu.

VII. KAFLI
Stimpilgjald og þinglýsingar.

Réttarstaða einstaklinga.
71. gr.

Kaup einstaklinga á félagslegum eignaríbúðum og félagslegum kaupleiguíbúðum: Stimpilgjald greiðist hvorki af afsölum né skuldabréfum sem kaupendur gefa út til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

Kaup einstaklinga á almennum kaupleiguíbúðum: Kaupendur greiða ekki stimpilgjald af afsölum. Stimpilgjald greiðist af skuldabréfum sem kaupendur gefa út til Húsnæðisstofnunar ríkisins. Kostnað við þinglýsingu greiðir kaupandi.

Réttarstaða framkvæmdaraðila.

72. gr.

Innlausn framkvæmdaraðila á félagslegum íbúðum: Framkvæmdaraðilar skulu eigi greiða stimpilgjald af skuldabréfum vegna íbúða sem þeir hafa innleyst og verða eigendur að.

Framkvæmdalánssamningar: Eigi skal greiða stimpilgjald af framkvæmdalánssamningum sem Húsnæðisstofnun ríkisins gerir við framkvæmdaraðila vegna byggingar eða kaupa á félagslegum íbúðum. Skuldabréf sem framkvæmdaraðili gefur sjálfur út í verklok til Húsnæðisstofnunar ríkisins eru einnig stimpilgjaldfrjáls.

Kaup framkvæmdaraðila á íbúð á almennum markaði: Framkvæmdaraðila ber eigi að greiða stimpilgjald af afsali, enda sé íbúð keypt í því skyni að verða félagsleg íbúð. Kaupsamningi fylgi staðfesting Húsnæðisstofnunar þess efnis.

Með félagslegum íbúðum er í grein þessari átt við allar tegundir félagslegra íbúða, þ.e. félagslegar eignaríbúðir, félagslegar kaupleiguíbúðir, félagslegar leiguíbúðir og almennar kaupleiguíbúðir.

VIII. KAFLI
Nokkur atriði um endursölu á félagslegum íbúðum.

Forkaupsrétti hafnað.

73. gr.

Hafni framkvæmdaraðili forkaupsrétti að félagslegri íbúð skal honum eigi veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna næstu þrjú árin frá því forkaupsréttinum var hafnað. Þó á þetta ekki við ef íbúðin hentar ekki að teknu tilliti til fyrirliggjandi umsókna.

Ákvæði þetta á við um allar félagslegar íbúðir, einnig þær sem byggðar voru eða keyptar í tíð eldri laga.

Eignarhluti seljanda og greiðsla til hans við endursölu á íbúð hans.

Íbúðir byggðar eftir gildistöku laga nr. 51/1980.

74. gr.

Eignarhluti seljanda reiknast með eftirfarandi hætti:

a. Kaupverð íbúðarinnar er framreiknað miðað við lánskjaravísitölu eða vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, eftir því sem við á, frá kaupdegi til söludags.
b. Frá framreiknuðu kaupverði er dregin fyrning, 1% fyrir hvert eignarhaldsár.
c. Bætt er við fjárhæð er nemur endurbótum á íbúðinni samkvæmt mati framkvæmdaraðila byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar.
d. Sé um vanrækslu á viðhaldi að ræða er það metið með sama hætti og endurbætur og kemur sú fjárhæð til frádráttar.
e. Frá niðurstöðu skv. a.-d. lið eru dregin þau áhvílandi lán á íbúðinni sem veitt voru til kaupanna í upphafi svo og lán til utanhússviðhalds úr Byggingarsjóði verkamanna og endurbótalán úr Byggingarsjóði ríkisins.

Eignarhluti seljandans er niðurstaða samkvæmt lið a.–e. lið.

Greiðsla framkvæmdaraðila til seljanda er eignarhluti seljanda að frádregnum hugsanlegum lausaskuldum og ógreiddum gjöldum.

Íbúðir byggðar fyrir gildistöku laga nr. 51/1980.

75. gr.

Reiknireglur eru tvær og skal beita þeirri sem er hagstæðari fyrir seljanda.

Reikniregla 1:
Eignarhluti seljanda reiknast þannig:

a. Verðlagsgrundvöllur útreiknings á eignarhluta seljanda (upphaf eignarhaldstíma) miðast í fyrsta lagi við kaupsamning og þá grunnvísitölu sem þar kemur fram og í öðru lagi við grunnvísitölu skuldabréfs Byggingarsjóðs ríkisins/Byggingarsjóðs verkamanna, eftir því hvað eðlilegast verður talið í hverju tilviki miðað við afhendingartíma íbúðar og endanlegan byggingarkostnað.
Verðbætur reiknast frá upphafi eignarhalds til söludags. Skulu þær miðast við byggingarvísitölu þar til birting lánskjaravísitölu hófst hinn 1. júní 1979. Eftir þann tíma skal reikna út verðbætur eftir lánskjaravísitölu eða vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, eftir því sem við á.
Reiknuð er útborgun sú sem seljandi lagði fram við kaup á íbúðinni í upphafi með 1% vöxtum og verðbótum frá kaupsamningsdegi til söludags. Við bætist 1/26, 1/33 eða 1/42 hluti upphaflegra lána fyrir hvert heilt eignarhaldsár með 1% einföldum vöxtum og verðbótum fyrir sama tíma.
b. Dregin er frá fyrning, 1/2 % af kaupverði eins og það er framreiknað með verðbótum fyrir hvert eignarhaldsár.
c. Bætt er við fjárhæð er nemur endurbótum á íbúðinni samkvæmt mati framkvæmdaraðila byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar.
d. Sé um vanrækslu á viðhaldi að ræða er það metið með sama hætti og endurbætur og kemur sú fjárhæð til frádráttar.
e. Frá niðurstöðu skv. a.–d. lið eru dregin áhvílandi lán á íbúðinni sem veitt voru til til utanhússviðhalds úr Byggingarsjóði verkamanna og endurbótalán úr Byggingarsjóði ríkisins.
Eignarhluti seljandans er niðurstaða samkvæmt a.–e. lið.

Greiðsla framkvæmdaraðila til seljanda er eignarhluti seljanda að frádregnum hugsanlegum lausaskuldum og ógreiddum gjöldum.

Reikniregla 2:
Eignarhluti seljanda reiknast þannig:

a. Upphaflegt kaupverð íbúðarinnar skal framreiknað með byggingarvísitölu frá kaupdegi til söludags.
b. Dregin er frá 1% fyrning fyrir hvert eignarhaldsár.
c. Bætt er við fjárhæð er nemur endurbótum á íbúðinni samkvæmt mati framkvæmdaraðila byggðu á reglum húsnæðismálastjórnar.
d. Sé um vanrækslu á viðhaldi að ræða er það metið með sama hætti og endurbætur og kemur sú fjárhæð til frádráttar.
e. Draga skal frá höfuðstól upphaflegra lána Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs ríkisins, miðað við eðlileg skil láns á söludegi, framreiknaðan með byggingarvísitölu frá kaupdegi til söludags.
f. Bætt skal við 4% aukaverðbótum og reiknast þær á eftirfarandi hátt:

Frá framreiknuðum höfuðstól lána skv. e-lið eru dregnar raunverulegar eftirstöðvar sömu lána miðað við eðlileg skil. Af þeirri fjárhæð sem sá útreikningur skilar eru seljanda reiknaðar aukaverðbætur, 4% fyrir hvert eignarhaldsár eða brot úr ári fram til 1. júlí 1984.

g. Hafi lán verið greitt upp skal þeirri greiðslu bætt við, framreiknaðri frá greiðsludegi til söludags, með lánskjarvísitölu eða vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, eftir því sem við á.
h. Draga skal frá framreiknaðar eftirstöðvar af láni úr Byggingarsjóði verkamanna til utanhússviðhalds eða endurbótaláni Byggingarsjóðs ríkisins.
Eignarhluti seljanda er niðurstaða skv. a.–h. lið.

Greiðsla framkvæmdaraðila til seljanda er eignarhluti hans að frádregnum hugsanlegum lausaskuldum og ógreiddum gjöldum.

76. gr.

Seljandi á rétt á að fá greiðslu samkvæmt 74. - 75. gr. innta af hendi innan átta vikna frá söludegi íbúðar. Með söludegi er átt við þann dag þegar úttekt á íbúðinni hefur farið fram og útreikningur á eignarhluta seljanda í íbúðinni liggur fyrir staðfestur af framkvæmdaraðila og seljanda.

Ef úttekt húsnæðisnefndar, staðfest af báðum aðilum, liggur ekki fyrir innan 30 daga frá því að seljandi lagði fram skriflega beiðni um innlausn ber að skjóta málinu tafarlaust til húsnæðismálastjórnar.

Skipti á íbúðum.

77. gr.

Nú fær íbúðareigandi skipti á íbúðum innan endursölukerfisins og gilda þá eftirfarandi reglur um skiptin:

a. Fjárhæð sú, sem íbúðareigandi á rétt á að fá greidda út við sölu á eigin íbúð, þ.e. brúttó eign seljanda, skal ganga óskipt upp í kaupverð hinnar íbúðarinnar til viðbótar greiðslu samkvæmt b-lið. Með brúttó eign er átt við eignarhluta skv. 74. og 75. gr., án tillits til vanrækslu á viðhaldi sem eigandi greiðir sjálfur.
b. Ef skipt er yfir í verðmeiri íbúð greiðir kaupandi að auki 10% af verðmismuni íbúðanna. Verðmismunurinn reiknast út frá endursöluverði eldri íbúðarinnar og kaupverði nýju íbúðarinnar.
c. Lánshlutfall úr Byggingarsjóði verkamanna miðast við kaupverð íbúðarinnar að frádregnum greiðslum samkvæmt a- og b-lið.

Húsnæðismálastjórn er heimilt að ákveða að kaupandi fái hluta af eign sinni í fyrri íbúð greiddan út enda hafi hann orðið fyrir meiri háttar röskun á högum.

Heildarlán getur þó aldrei orðið hærra en 90% af kaupverði en þó að hámarki sem nemur 90% af kostnaðargrundvelli húsnæðismálastjórnar.

Um endursölu á bílskúrum og bílgeymslum.

78. gr.

Um bílskúra og bílgeymslur skal fara sem hluta úr viðkomandi íbúð hvað varðar forkaupsrétt og kaupskyldu. Greiðsla til seljanda skal fara eftir almennum greiðslukjörum.

Við endursölu á bílskúrum og bílskýlum gilda ákvæði 40. – 42. gr. um veitingu lána til bílskýla.

Um lagfæringar á íbúð og uppgjör á lánum vegna íbúða í endursölu.

79. gr.

Áður en endursala fer fram skal framkvæmdaraðili, fyrir atbeina Byggingarsjóðs verkamanna, gera upp öll lán sjóðsins, svo og Byggingarsjóðs ríkisins.

Þegar um er að ræða sameiginleg veð skal framkvæmdaraðili gangast fyrir því að það verði leyst upp í lán á hverja íbúð.

Framkvæmdaraðili skal gera tæmandi lýsingu á ástandi íbúðar við endursölu. Skal nýr kaupandi staðfesta þessa lýsingu með áritun sinni. Ber framkvæmdaraðili ábyrgð á því að svo sé.

Tímabundin leiga á félagslegum eignaríbúðum.

80. gr.

Ef kaupandi er ekki fyrir hendi eða ef enginn uppfyllir skilyrði laga um úthlutun er framkvæmdaraðila heimilt að leigja íbúð tímabundið þar til kaupandi fæst.

Framkvæmdaraðili skal kosta kapps um að félagsleg eignaríbúð sé ekki lengur í leigu en þörf krefur og uppsagnarákvæði húsaleigulaga segja til um.

Um fjárhæð leigu gilda ákvæði 70. gr.

Sérstök lánveiting vegna félagslegra íbúða sem standa auðar.

81. gr.

Takist hvorki að selja né leigja íbúð, sem framkvæmdaraðili hefur keypt samkvæmt kaupskyldu eða forkaupsrétti, í samfelldan tíma og það ástand hafi varað í a.m.k. sex mánuði er húsnæðismálastjórn heimilt að veita framkvæmdaraðila lán sem nemur söluverði íbúðar.

Finnist kaupandi eða leigjandi er lán þetta gjaldfellt og veitt nýtt lán allt að 90% af söluverði.

Leigusamningur til skemmri tíma en sex mánaða flokkast ekki undir leigu í samfelldan tíma í skilningi 1. mgr.

Söluverð íbúða og eignarhluti seljanda við nauðungaruppboð.

82. gr.

Þegar sveitarstjórn hefur kaupskyldu á félagslegri íbúð við uppboð, sbr. 86. gr. laga nr. 97/1993, sbr. lög nr. 58/1995, er söluverðið á uppboði eignarhluti seljanda skv. 74. eða 75. gr. eftir því sem við á, að viðbættum framreiknuðum eftirstöðvum lána Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna, í skilum, þ.e. lán sem veitt voru til kaupa og til viðgerða á hlutaðeigandi íbúð.

Eignarhluta seljanda er ráðstafað, í veðröð, til greiðslu á gjaldföllnum vanskilaskuldum sem eru áhvílandi á þeirri eign sem seld er á uppboði.

IX. KAFLI
Félagslegar íbúðir á vegum félagasamtaka og fyrirtækja.

Félagasamtök.

83. gr.

Með félagasamtökum er í reglugerð þessari átt við skipulagsbundin samtök er vinna að sameiginlegu langtímamarkmiði að húsnæðismálum sem samræmist ákvæðum reglugerðar þessarar.

Reki félagasamtök atvinnustarfsemi teljast þau til fyrirtækja samkvæmt reglugerð þessari.

84. gr.

Félagasamtök geta byggt, keypt og rekið eftirfarandi íbúðaflokka:

1. Félagslegar kaupleiguíbúðir.
2. Almennar kaupleiguíbúðir.
3. Félagslegar leiguíbúðir.

85. gr.

Hyggist félagasamtök koma á fót almennum eða félagslegum kaupleiguíbúðum eða félagslegum leiguíbúðum og sækja til þess um lán frá Húsnæðisstofnun ríkisins skal félagið senda samþykktir/lög sín til félagsmálaráðherra til staðfestingar. Staðfesting þessi skal liggja fyrir áður en sótt er um lán hjá Húsnæðisstofnun ríkisins.

86. gr.

Skilyrði þess að félagasamtök hljóti staðfestingu félagsmálaráðherra er að eftirfarandi atriði komi fram í samþykktum/lögum þess:

1. Tilgangur félagsins sé m.a. sá að koma á fót og reka almennar og/eða félagslegar kaupleiguíbúðir eða félagslegar leiguíbúðir í þágu félagsmanna sinna. Verkefnið sé langtímaverkefni.
2. Fram komi hvert sé stofnfé félagsins og hver sé fjárhagsleg ábyrgð þess gagnvart íbúum. Uppfylli félög í upphafi skilyrði 89. gr. gagnvart hverri húseiningu/framkvæmd er heimilt að gera undanþágu frá skilyrðinu um sjálfstætt stofnfé.
3. Eignar- og afnotaréttur á almennum og félagslegum kaupleiguíbúðum sé með eftirfarandi hætti:
   - Leiga með kauprétti.
   - Leiga með kaupum á eignarhluta í íbúð.
   - Kaup á íbúðinni.

   Fram komi að íbúar eigi val um einn af ofangreindum kostum. Heimilt er þó að víkja frá því ef félagsskapur er byggður um eitt ákveðið form kaupleiguíbúða.
4. Í samþykktum félagsins komi fram að réttur einstaklinga til íbúða sé bundinn við þau atriði er fram koma í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og V. kafla reglugerðar þessarar.
5. Í samþykktum félagsins komi fram að hver húseining/framkvæmd verði sjálfstæð rekstrareining.
6. Tilgreint sé hvernig fari með eigur félagsins við félagsslit.

87. gr.

Að fenginni staðfestingu félagsmálaráðherra, og áður en sótt er formlega um lán, skulu félagasamtök tilkynna viðkomandi sveitarstjórn um fyrirhugaða byggingu eða kaup á íbúðum. Einnig skulu félagasamtök senda húsnæðisnefnd sveitarfélagsins sérstaka tilkynningu sama efnis.

88. gr.

Sveitarfélag greiðir félagasamtökum í viðkomandi sveitarfélagi 3,5% af kostnaðarverði hverrar félagslegrar íbúðar á þeirra vegum sem óafturkræft framlag, enda liggi fyrir samþykki sveitarstjórnar.

89. gr.

Félagsamtök skulu sýna fram á það, við lánsumsókn hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, að þau hafi fjárhagslegt bolmagn til þess að greiða lögbundin 10% eða 30% af kostnaðarverði íbúða. Því til staðfestingar skulu félögin leggja fram ábyrgð, þ.e. ábyrgð af hálfu banka, ábyrgð sveitarfélags í samræmi við 5. mgr. 89. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 (einföld ábyrgð) eða staðfestar yfirlýsingar um kaup einstaklinga á eignarhluta eða annað sem Húsnæðisstofnun metur gilt.

90. gr.

Þegar samþykki húsnæðismálastjórnar um framkvæmdalán hefur borist félagasamtökum skulu þau senda sveitarstjórn afrit af lánstilkynningu húsnæðismálastjórnar.

91. gr.

Áður en húsnæðismálastjórn gerir framkvæmdalánssamning við félagasamtök þarf að liggja fyrir hvort hlutaðeigandi sveitarstjórn samþykki að greiða 3,5% framlag, sbr. 9. og 88. gr.

92. gr.

Félagasamtök skulu veita félagsmönnum sínum, sem sækja um íbúðir á þeirra vegum, allar nauðsynlegar upplýsingar um þá kosti og möguleika sem fyrir hendi eru, lán og lánskjör, leigukjör húsaleigusamninga og um réttindi þeirra og réttarstöðu að öðru leyti.

93. gr.

Félagasamtök úthluta íbúðum á sínum vegum til félagsmanna sinna. Úthlutunin skal staðfest í Húsnæðisstofnun, þó ekki þegar félagslegar leiguíbúðir eiga í hlut.

94. gr.

Húsnæðisstofnun ríkisins er heimill aðgangur að bókhaldi þeirra rekstrareininga sem ná til félagslegra íbúða á meðan lán frá Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna hvíla á hlutaðeigandi húsnæði.

95. gr.

Félagasamtök sem byggja félagslegar íbúðir skulu leggja allt að 1% af samþykktum byggingarkostnaði í tryggingasjóð, sbr. 44. gr.

96. gr.

Að öðru leyti eiga ákvæði I. - VIII. kafla reglugerðar þessarar við um íbúðir á vegum félagasamtaka eftir því sem við á.

Fyrirtæki.

97. gr.

Með fyrirtæki er í reglugerð þessari átt við einstaklinga, félög eða aðra aðila sem reka sjálfstæða starfsemi.

98. gr.

Fyrirtæki geta byggt, keypt og rekið almennar kaupleiguíbúðir.

99. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingu til fyrirtækja er að fyrirtæki sýni fram á að brýn nauðsyn sé á því að koma upp íbúðarhúsnæði vegna starfsemi sinnar.

Því til sönnunar skulu fyrirtæki leggja fram eftirfarandi gögn:

a. Umsögn sveitarstjórnar um skort á íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og ástand atvinnumála.
b. Greinargerð fyrirtækisins um það að íbúðarhúsnæði á vegum þess sé grundvallaratriði fyrir því að nægilegt vinnuafl fáist.

100. gr.

Fyrirtæki sem hyggst koma á fót almennum kaupleiguíbúðum skal setja um það verkefni sérstakar samþykktir eða reglur er hljóta skulu staðfestingu félagsmálaráðherra.

Í framangreindum samþykktum/reglum komi eftirfarandi fram:

1. Markmið með framkvæmdum fyrirtækisins að húsnæðismálum sé að koma á fót og reka almennar kaupleiguíbúðir vegna starfsemi sinnar. Verkefnið sé langtímaverkefni.
2. Fram komi hvert sé stofnfé fyrirtækisins, hver sé fjárhagsleg ábyrgð þess gagnvart íbúum. Uppfylli fyrirtæki í upphafi skilyrði 89. gr. gagnvart hverri húseiningu/framkvæmd er heimilt að gera undanþágu frá skilyrðinu um sjálfstætt stofnfé.

3. Eignar- og afnotaréttur á almennum kaupleiguíbúðum sé með eftirfarandi hætti:
   - Leiga með kauprétti.
   - Leiga með kaupum á eignarhluta í íbúð.
   - Kaup á íbúðinni.

   Fram komi að íbúar eigi val um einn af þremur ofangreindum kostum.
4. Í samþykktum komi fram að réttur einstaklinga til íbúða sé bundinn við þau atriði er fram koma í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins og V. kafla reglugerðar þessarar.
5. Stofnuð sé sjálfstæð rekstrareining um hverja húseiningu/framkvæmd.
6. Tekið sé fram hvernig fari með eigur fyrirtækisins verði það lagt niður.

101. gr.

Að fenginni staðfestingu félagsmálaráðherra, og áður en sótt er formlega um lán, skal fyrirtæki tilkynna viðkomandi sveitarstjórn um fyrirhugaða byggingu eða kaup á íbúðum. Einnig skal fyrirtækið senda húsnæðisnefnd sveitarfélagsins sérstaka tilkynningu sama efnis.

102. gr.

Að öðru leyti eiga ákvæði 88. – 96. gr. reglugerðar þessarar, um íbúðir á vegum félagsamtaka, við um íbúðir á vegum fyrirtækja að breyttu breytanda.

X. KAFLI
Byggingarfélag verkamanna.

103. gr.

Ef meirihluti íbúðareigenda í byggingarflokki innan byggingarfélags verkamanna, sbr. 90. gr. laga nr. 97/1993 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 58/1995, samþykkir við skriflega allsherjaratkvæðagreiðslu að stofna húsfélög í fjöleignarhúsum innan flokksins í samræmi við ákvæði laga um fjöleignarhús skulu húsfélögin taka sameiginlegt viðhald fasteignanna í sínar hendur. Samþykktin tekur gildi við næstu áramót eftir að hún er gerð að því tilskildu að samþykktin hafi verið tilkynnt byggingarfélagi verkamanna með að minnsta kosti þriggja mánaða fyrirvara miðað við áramótin og að við fyrirhugaða gildistöku hennar hafi fjármálaviðskipti byggingarflokksins og félagsins verið gerð upp. Með samkomulagi aðila má þó ákveða annan gildistökutíma en að framan greinir.

Þegar íbúðareigendur í byggingarflokki hafa gert samþykkt samkvæmt 1. mgr. skulu þeir kjósa hlutfallskosningu þriggja manna nefnd til að annast uppgjör fyrir byggingarflokkinn við félagið. Jafnframt skal nefndin hafa með höndum og fylgja eftir uppgjöri milli íbúðaeigenda í flokknum innbyrðis, ef ástæða þykir til að taka upp jöfnunargreiðslur milli þeirra vegna áberandi misvægis í viðhaldi. Takist ekki samkomulag um þetta milli fjölbýlishúsaeigenda skal nefndin óska eftir því við húsnæðismálastjórn að hún skipi matsmenn til að skera úr ágreiningnum.

Gildistaka.

104. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 118. gr. laga nr. 97/1993, sbr. lög nr. 12/1994, lög nr. 58/1995 og lög nr. 150/1995, öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma er úr gildi fallin reglugerð nr. 46/1991 um félagslegar íbúðir, svo og reglugerð nr. 135/1992 um endurskoðun vaxtakjara af lánum Byggingarsjóðs verkamanna.

Félagsmálaráðuneytinu, 18. júní 1996.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

REGLUGERÐ

um atvinnumál fatlaðra.

I. KAFLI
Gildissvið og markmið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til þeirra úrræða sem fram koma í lögum um málefni fatlaðra og ætluð eru til að styðja fatlaða í því að þjálfa og nýta vinnugetu sína og færni.

Úrræðum í reglugerð þessari skal beitt þannig að stuðningur til starfa á almennum vinnumarkaði gengur framar öðrum kostum. Þeir kostir sem þessi reglugerð tekur til eru eftirfarandi:

1. Starfsráðgjöf, atvinnuleit og vinnumiðlun.
2. Aðstoð við fatlaða í vinnu á almennum vinnumarkaði.
3. Hæfing og iðja.
4. Verndaðir vinnustaðir.

II. KAFLI
Starfsráðgjöf. Atvinnuleit. Vinnumiðlun.

2. gr.

Svæðisskrifstofur skulu sjá til þess að fötluðum verði veitt ráðgjöf um möguleika þeirra til starfa með hliðsjón af starfsgetu, áhugasviði og framboði starfa, jafnt almenn ráðgjöf sem og sérhæfð með tiltekin störf í huga.

3. gr.

Svæðisskrifstofur skulu skipuleggja atvinnuleit þar sem henni er ekki sinnt af vinnumiðlun sveitarfélaga. Skal það gert með því að vinna kerfisbundið að því að finna störf við hæfi fatlaðra á svæðinu. Skal við það höfð nauðsynleg samvinna við atvinnurekendur, verkalýðsfélög og sveitarfélög.

4. gr.

Svæðisskrifstofur skulu gera samninga við vinnumiðlun sveitarfélaga um að útvega fötluðum einstaklingum atvinnu, sbr. III. kafla laga um vinnumiðlun, nr. 18/1985.

Svæðisskrifstofur skulu hafa umsjón með því að fötluðum verði útveguð vinna samkvæmt reglugerð um öryrkjavinnu nr. 159/1995. Sá sem fær vinnu samkvæmt reglugerð um öryrkjavinnu fellur einnig undir reglugerð þessa eftir því sem við á, þó ekki um kaup og kjör.

5. gr.

Þar sem svæðisskrifstofa málefna fatlaðra hefur falið vinnumiðlun sveitarfélags að annast atvinnuleit fyrir fatlaða skal sú vinnumiðlun m.a. sinna þeim verkefnum sem svæðisskrifstofum hafa verið falin í 2., 3. og 4. gr.

III. KAFLI
Aðstoð við fatlaða í vinnu á almennum vinnumarkaði.

6. gr.

Fötluðum starfsmönnum á almennum vinnumarkaði skal veitt eftirfarandi aðstoð:

1. Sérstök liðveisla.
2. Verkstjórn.
3. Starfsþjálfun samkvæmt sérstökum samningi.
4. Vinna í verndaðri vinnuaðstöðu.

Þar sem fötluðum manni er veitt sérstök liðveisla, verkstjórn eða starfsþjálfun á almennum vinnumarkaði skal gerður sérstakur samningur milli hans og atvinnurekanda þar sem tilgreint er sérstaklega vinnutími, kaup og kjör.

Sérstök liðveisla er einstaklingsbundinn stuðningur við hinn fatlaða einkum í upphafi starfs í þeim tilgangi að aðstoða hann til að sinna störfum á almennum vinnumarkaði. Liðsmaður getur verið á vegum vinnumiðlunar, svæðisskrifstofu, verndaðs vinnustaðar eða fyrirtækisins. Einnig getur verið um að ræða sérstaka ráðningu til þess verkefnis. Vinnumiðlun, hafi verið við hana samið, eða svæðisskrifstofur sjá um greiðslur til atvinnurekenda eða liðsmanna eftir fyrirfram gerðum samningi.

Í *verkstjórn* felst að fyrirtæki á almennum vinnumarkaði, sem ræður til sín fatlaða starfsmenn í þeim tilgangi að veita þeim atvinnu eða markvissa starfsþjálfun til ákveðins starfs, er veittur stuðningur með þeim hætti að ráðinn er sérstakur maður til að sjá um verkstjórn fatlaðra. Launakostnaður fyrir verkstjórnina er greiddur með rekstrarstyrk til fyrirtækisins samkvæmt sérstökum samningi.

Með *starfsþjálfunarsamningi* er átt við samning um greiðslu ákveðins hluta af launum fatlaðs manns sem ráðinn er til starfa hjá fyrirtæki á almennum vinnumarkaði í þeim tilgangi að veita viðkomandi möguleika til starfs. Starfsþjálfun skal ætíð vera tímabundin. Vinnumiðlanir eða svæðisskrifstofa sjá um samningsgerð um vinnutíma og kaup og kjör.

Svæðisskrifstofu er heimilt að koma á fót *verndaðri vinnuaðstöðu* hjá fyrirtæki á almennum vinnumarkaði til að veita fötluðum atvinnu. Heimilt er að veita fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til stofnkostnaðar vegna nauðsynlegra breytinga á vinnustaðnum. Um samninga við einstaklinga gilda ákvæði 11. gr.

7. gr.

Svæðisskrifstofur skulu sjá um að starfsfólki á þeim vinnustöðum þar sem fatlaðir vinna, sbr. 6. gr., séu veittar leiðbeiningar og fræðsla, svo sem þörf krefur.

IV. KAFLI
Hæfing og iðja.

8. gr.

1. Í *hæfingu* felst kerfisbundin og alhliða starfs- og félagsleg þjálfun. Með hæfingunni skal stuðlað að því að einstaklingur verði hæfari til iðju eða atvinnuþátttöku. Stefnt skal að því að hæfingin sé tímabundin. Ekki er skylt að greiða laun fyrir hæfingu.

2. *Iðja* er fólgin í félagsþjálfun og einföldum vinnuverkefnum. Í iðju er lögð rækt við að ná tengslum við almennan vinnumarkað. Iðja getur orðið varanlegt úrræði. Ekki er skylt að greiða laun fyrir iðju.

3. *Starfshæfing* er tímabundið úrræði með þátttöku á almennum vinnumarkaði að markmiði. Ekki er skylt að greiða laun í upphafi starfshæfingar. Að loknu ákveðnu starfsþjálfunartímabili og eftir prófun og mat á vinnuafköstum einstaklingsins, skulu greidd laun, sem verði ákveðið hlutfall launa á almennum vinnumarkaði. Skal um þetta samið sérstaklega.

9. gr.

Fatlaðir skulu njóta hæfingar, starfshæfingar eða iðju, sbr. 8. gr., eftir því sem best hentar hverjum og einum. Getur sú þjálfun átt sér stað á hæfingar- eða endurhæfingarstöðvum, dagvistarstofnunum fatlaðra, vernduðum vinnustöðum eða á almennum vinnumarkaði; í síðastgreindu tilviki samkvæmt sérstökum, tímabundnum, samningi.

V. KAFLI
Verndaðir vinnustaðir.

10. gr.

Heimilt er að koma upp vernduðum vinnustöðum til að mæta þörfum fatlaðra fyrir þjálfun, fasta eða tímabundna vinnu.

Verndaðir vinnustaðir eru þjónustustofnanir fyrir fatlaða sem geta verið reknir af svæðisskrifstofu, sveitarfélögum eða félagasamtökum og er ætlað að stunda framleiðslu- og/eða þjónustustarfsemi.

Verksvið verndaðra vinnustaða er:

A. Skapa atvinnutækifæri þar sem gerð er krafa um verulegt vinnuframlag gegn launum.
B. Veita launuð störf þeim sem ekki ráða við sömu kröfur um framleiðni og fram kemur í A lið.
C. Veita þjálfun, sbr. 8. og 9. gr.

11. gr.

Þegar fatlaður maður ræður sig á verndaðan vinnustað skal rekstraraðili gera við hann samning þar sem tilgreind eru réttindi hans og skyldur. Nánar tiltekið skulu a.m.k. eftirtalin atriði koma fram í samningi:

1. Lýsing á starfi og/eða þjálfun.
2. Vinnutími.
3. Kaup og kjör.
4. Uppsagnarfrestur.

Samningar samkvæmt ákvæði þessu skulu gerðir við alla fatlaða einstaklinga á viðkomandi vernduðum vinnustöðum. Eldri samningar, eða starfskjör sem ákvörðuð voru með öðrum hætti, skulu endurskoðaðir innan sex mánaða frá gildistöku reglugerðar þessarar.

Hlutaðeigandi rekstraraðili skal senda svæðisskrifstofu tilkynningu um alla gerða samninga samkvæmt ákvæði þessu.

12. gr.

Á vernduðum vinnustöðum skal með skipulögðum hætti endurmeta getu einstaklinga og viðfangsefni í þeim tilgangi að starfsgeta nýtist til annarra viðfangsefna eða annarra starfa, t.d. á almennum vinnumarkaði.

VI. KAFLI
Kostnaður.

13. gr.

Kostnaður vegna reglugerðar þessarar, þ.á m. kostnaður af 6. gr., greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hverju sinni.

Gildistaka.

14. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um verndaða vinnustaði nr. 329/1983.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. júní 1996.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

REGLUR
um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði).

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið, skilgreiningar og grundvallarreglur.

1. Reglur þessar fela í sér sameiginleg ákvæði um þrýstihylki sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um þrýstihylki sem eru seld eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota almennings séu þau ekki háð öðrum lögum eða reglum.

2. Í reglum þessum merkir *þrýstihylki* fast eða færanlegt hylki eða geymi þar sem virkur yfirþrýstingur, meiri en 0,5 bör, getur orðið í gasi, gufu eða vökva.

3. Reglur þessar gilda ekki um:

— hylki, sérhönnuð til nota við kjarnorku ef bilun þeirra getur valdið geislavirkni,

— hylki, sérstaklega ætluð til ísetningar í eða notkunar við að knýja skip og loftför,

— pípur til flutnings og dreifingar.

2. gr.

1. Í sérreglum er kveðið á um kröfur um hönnun, smíði og skoðun, prófun og, ef þörf krefur, aðferðir við notkun þeirra flokka þrýstihylkja sem þær eiga við og, eftir því sem við á, fylgibúnað. Í þeim er tiltekið fyrir hvern flokk þrýstihylkja hvort skylt er að framkvæma EBE-mynsturviðurkenningu og EBE-sannprófun, aðra hvora eða hvoruga þessara aðgerða. Í þeim er heimilt að kveða á um:

— öll skilyrði eða tímamörk sem setja má varðandi EBE-mynsturviðurkenningu og öll merki sem setja ber á þrýstihylkið í slíkum tilvikum,

— auðkenni fyrir hvert þrýstihylki,

— þau skilyrði sem mismunandi gerðir viðurkenndra þrýstihylkja þurfa að uppfylla til að fá sömu mynsturviðurkenningu.

2. Í þessum reglum merkir þrýstihylki af EBE-gerð hvert það hylki sem hannað er og smíðað með þeim hætti að það fullnægi kröfum þeirra sérreglna sem á við þann flokk sem um er að ræða.

3. gr.

Ekki er heimilt af ástæðum sem tengjast smíði eða prófun hylkis í skilningi þessara reglna og sérreglna þeirra sem við það á að hafna, banna eða hindra að sett séu á markað eða tekin í notkun prýstihylki sem uppfylla kröfur reglna þessara og sérreglna þeirra sem við eiga.

4. gr.

Stjórnvöld aðildarríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) meta EBE-mynsturviðurkenningu og EBE-sannprófun til jafns við innlendar aðferðir í þessum efnum.

5. gr.

Hlutverk Vinnueftirlits ríkisins eða stjórnvalds aðildarríkis innan EES sem gefur út vottorð um EBE-mynsturviðurkenningu og þess skoðunaraðila sem framkvæmir sannprófun hylkisins takmarkast við prófanir samkvæmt kröfum í viðkomandi sérreglum og það hlutverk sem þeim er falið samkvæmt reglum þessum.

II. KAFLI
EBE-mynsturviðurkenning.

6. gr.

1. Þegar svo er ráð fyrir gert í sérreglum skal EBE-mynsturviðurkenning fara fram á undan:

— EBE-sannprófun þar sem hennar er krafist,

— markaðssetningu og notkun þar sem EBE-sannprófunar er ekki krafist.

2. Að beiðni framleiðandans, eða umboðsmanns hans með staðfestu innan EES, veitir Vinnueftirlitið, eða aðili sem það samþykkir, EBE-mynsturviðurkenningu hverri þeirri gerð prýstihylkis sem fullnægir kröfum þeirra sérreglna sem eiga við þann flokk sem um er að ræða.

3. Umsókn um mynsturviðurkenningu á ákveðinni gerð af prýstihylki er aðeins hægt að leggja inn hjá einu aðildarríki innan EES.

4. EBE-mynsturviðurkenningu skal veita, hafna eða afturkalla samkvæmt ákvæðum þessa kafla og 1., 2. og 4. tölul. I. viðauka.

7. gr.

1. Ef niðurstöður prófunarinnar sem kveðið er á um í 2. tölul. I. viðauka eru fullnægjandi skal útbúa vottorð um EBE-mynsturviðurkenningu og senda það þeim umsækjanda sem í hlut á. Ef þessi viðurkenning á við hylki sem háð er EBE-sannprófun skal framleiðandinn setja á það viðurkenningarmerkið sem um getur í tölul. 3.1 í I. viðauka áður en sannprófun fer fram.

2. Þær kröfur sem snerta vottorðið og viðurkenningarmerkið eru tilgreindar í 3. og 5. tölul. I. viðauka.

8 . gr.

Hafi verið sótt um EBE-sannprófun fyrir flokk prýstihylkja sem fullnægir kröfum sérreglna án þess að EBE-mynsturviðurkenningar sé krafist skal framleiðandinn, á eigin ábyrgð áður en sannprófun fer fram, setja á prýstihylki í þessum flokki hið sérstaka merki sem lýst er í tölul. 3.2 í I. viðauka.

9. gr.

1. Ef einhver þeirra skilyrða sem kveðið er á um í sérreglum í samræmi við 1. mgr. 2. gr. eru ekki uppfyllt, afturkallar Vinnueftirlitið EBE-mynsturviðurkenninguna.

2. Ef komist er að raun um að þrýstihylki af þeirri gerð sem hefur fengið viðurkenningu eru ekki í samræmi við EBE-mynsturviðurkenninguna:

a. er heimilt að láta viðurkenninguna gilda ef þau frávik sem staðfest hafa verið eru smávægileg eða hafa engin grundvallaráhrif á hönnun eða framleiðslu hylkisins og eru hættulaus með öllu;
b. skal afturkalla viðurkenninguna ef breytingarnar skapa hættu;
c. ber framleiðanda að gera viðeigandi breytingar á framleiðslu eins fljótt og unnt er. Verði framleiðandinn ekki við þessari kröfu afturkallar Vinnueftirlitið viðurkenninguna.

3. Vinnueftirlitið afturkallar EBE-mynsturviðurkenninguna komist það að þeirri endurskoðuðu niðurstöðu að ekki hefði átt að veita hana.

III. KAFLI
EBE-sannprófun.

10. gr.

EBE-sannprófun á að staðfesta hvort þrýstihylki samræmist kröfum þeirra sérreglna sem við það á. Það skal vottað með EBE-sannprófunarmerkinu.

11. gr.

1. Þegar þrýstihylki er lagt fram til EBE-sannprófunar skal skoðunaraðilinn athuga hvort:

a. — þrýstihylkið tilheyri flokki sem háður er EBE-mynsturviðurkenningu og ef svo er hvort það sé í samræmi við viðurkennt mynstur og með EBE-mynstur viðurkenningarmerkið;

— þrýstihylkið tilheyri flokki sem ekki er háður EBE- mynsturviðurkenningu og ef svo er hvort það sé í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í sérreglum;

b. — þrýstihylkið fullnægir kröfum sérreglna að því er varðar niðurstöður prófunarinnar og rétta setningu tilskilinna merkja og letrana.

2. Framleiðandinn má ekki neita skoðunaraðilanum um aðgang að framleiðslustað ef rétt framkvæmd þeirra verka sem honum eru falin er undir því komin.

12. gr.

Í III. viðauka eru tilgreind þau lágmarksskilyrði sem gefa verður gaum þegar valdir eru skoðunaraðilar samkvæmt 13. gr., án þess að það hafi áhrif á rétt þeirra til að gera þær ráðstafanir og setja þau skilyrði heima fyrir sem þau telja nauðsynleg til að tryggja að útnefndir skoðunaraðilar starfi með skilvirkum, samræmdum og óaðfinnanlegum hætti.

13. gr.

1. Vinnueftirlitið sendir öllum öðrum stjórnvöldum aðildarríkja innan EES skrá yfir þá skoðunaraðila sem ábyrgð bera á skoðunarstarfinu og allar síðari breytingar á skrá þessari með upplýsingum um að hve miklu leyti þessir aðilar skulu aðeins sinna vissum þáttum skoðunar.

2. Komi í ljós að skoðunaraðili uppfylli ekki eða sé hættur að uppfylla þau skilyrði sem kveðið er á um í III. viðauka, afturkallar Vinnueftirlitið tilnefninguna. Það tilkynnir

stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna um þetta og upplýsir hvort útnefningin hefur verið afturkölluð að fullu eða aðeins að því er varðar vissa þætti skoðunar.

3. Aðeins því stjórnvaldi aðildarríkis innan EES sem hefur útnefnt slíkan skoðunaraðila er heimilt að afturkalla eða takmarka útnefninguna.

14. gr.

1. Eftir EBE-sannprófun á þrýstihylki, við þau skilyrði sem kveðið er á um í 11. gr. og á þann hátt sem mælt er fyrir um í II. viðauka, setur skoðunaraðilinn á hylkið merki um EBE-sannprófun, hvort sem hún er endanleg eða ekki, samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um í 3. tölul. þess viðauka.

2. Í 3. tölul. II. viðauka eru kröfur um lögun og einkenni EBE-sannprófunar-merkjanna.

3. Sé þannig fyrir mælt í sérreglum gefur skoðunaraðilinn út vottorð þar sem tilgreindar eru þær athuganir sem gerðar hafa verið og niðurstöður þeirra.

15. gr.

Þegar ekki er mælt fyrir um EBE-sannprófun í sérreglum þeim sem varða flokk þrýstihylkja skal framleiðandinn, eftir að hafa sannreynt að hvert þrýstihylki uppfylli kröfur sérreglnanna, setja á hylkin á eigin ábyrgð:

a. annaðhvort sérstakt merki sem lýst er í tölul. 5.3 í I. viðauka þegar EBE-mynsturviðurkenning er nauðsynleg;
b. eða sérstakt merki sem lýst er í tölul. 5.4 í I. viðauka þegar um undanþágu er að ræða frá EBE-mynsturviðurkenningu.

IV. KAFLI
Sameiginleg ákvæði fyrir EBE-mynsturviðurkenningu og EBE-sannprófun.

16. gr.

1. Merki þau sem lýst er í reglum þessum og öllum sérreglum sem varða hylki og fylgibúnað skulu vera þannig fest á hvert hylki og fylgibúnað þess að þau séu sýnileg, læsileg og óafmáanleg.

2. Vinnueftirlitið gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að notuð séu á þrýstihylkjum merki eða áletranir sem villast má á og EBE-merkjunum.

V. KAFLI
Undanþáguákvæði.

17. gr.

1. Þótt hönnun þrýstihylkis og þær aðferðir sem notaðar eru við framleiðslu þess hlíti ekki öllum ákvæðum sérreglna skulu breytingar tryggja jafnmikið öryggi.

2. Í öllum sérreglum er tekið skýrt fram frá hvaða ákvæðum veita megi slíka undanþágu og frá hvaða ákvæðum það megi ekki.

VI. KAFLI
Sérákvæði.

18. gr.

1. Þessi grein á við hylki sem heyra undir þessar reglur samkvæmt 1. gr. ef ekki er um þau fjallað í sérreglum.

2. Í þessu tilviki gilda eftirfarandi reglur:

a. lögbær stjórnvöld í ákvörðunarlandinu skulu líta svo á að prýstihylki, sem hafa verið athuguð og prófuð af skoðunaraðila, völdum samkvæmt þeirri málsmeðferð sem mælt er fyrir um í IV. viðauka, séu í samræmi við landslög, stjórnsýslufyrirmæli, reglur og reglugerðir um hönnun þeirra.

b. þessar prófanir og skoðanir verður að framkvæma samkvæmt þeirri málsmeðferð sem lýst er í IV. viðauka og beita þeim aðferðum sem gilda í ákvörðunarlandinu eða eru viðurkenndar sem jafngildar af yfirvöldum þess.

Með ofangreindum prófunum og skoðunum er átt við allar slíkar sem mögulegt er að framkvæma þar sem hylkin eru framleidd.

3. Stjórnvöld aðildarríkis innan EES meta skýrslur og vottorð gefin út af skoðunaraðilanum í upprunalandi þrýstihylkisins til jafns við samsvarandi gögn sem þau sjálf gefa út.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með það að hluta eða að öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80 gr. laga nr. 46/1980, og fylgist þá með því.

2. Nú hefur Vinnueftirlitið rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hætta af einhverri gerð búnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna. Er því þá heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

3. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 76/767/EBE, sem vísað er til í 2. tölul. VIII. kafla, II.viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

VIII. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.

20. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

IX. KAFLI
Refsiákvæði.

21. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

X. KAFLI
Gildistaka.

22. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 2. tölul., VIII. kafla, II. viðauka, tilskipun 76/767/EBE, um samræmingu laga aðildarríkjanna um þrýstihylki, eins og henni var breytt með tilskipun 88/665/EBE. Reglurnar öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

I. VIÐAUKI [1])

EBE-mynsturviðurkenning.

1. Umsókn um EBE-mynsturviðurkenningu.

1.1. Umsóknin og bréfaskipti sem hana varða skulu fara fram á opinberu tungumáli ríkisins þar sem umsóknin er lögð fram og samkvæmt lögum þess ríkis. Stjórnvöld aðildarríkisins geta krafist þess að fylgiskjölin séu einnig á sama opinbera tungumáli.

1.2. Í umsókninni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

— nafn og póstfang framleiðanda eða fyrirtækis, umboðsmanns hans eða umsækjandans, svo og upplýsingar um framleiðslustað hylkjanna,

— flokkur hylkja,

— fyrirhuguð notkun eða takmarkanir á notkun,

— tæknilegir eiginleikar,

— viðskiptaheiti, ef til er, eða gerð.

1.3. Umsókninni skulu fylgja nauðsynleg skjöl í tvíriti, þar á meðal:

1.3.1. Lýsing þar sem meðal annars er greint frá eftirtöldum atriðum:

— efniseiginleikum, smíðaaðferðum og styrkleikaútreikningum fyrir hylkið,

— tilheyrandi öryggisbúnaði,

— hvar setja skal þau viðurkenningar- og sannprófunarmerki sem skilgreind eru í þessum reglum, sem og önnur merki skilgreind í sérreglum.

1.3.2. Yfirlitsteikning og, eftir því sem við á, sérteikningar af mikilvægum hlutum.

---

[1]) Sjá viðbæti við I. og II. viðauka

1.3.3. Hverjar þær upplýsingar aðrar sem kveðið er á um í sérreglum.

1.3.4. Yfirlýsing þar sem vottað er að ekki hafi verið lögð inn önnur umsókn um EBE-mynsturviðurkenningu fyrir sömu gerð af hylki.

2. *Prófun vegna EBE-mynsturviðurkenningar.*

2.1. Prófun vegna EBE-mynsturviðurkenningar skal fara fram á grundvelli teikninganna og, eftir því sem við á, á sýnishornum af hylkjum.

Í prófuninni felst:

a) athugun á hönnunarútreikningum, framleiðsluaðferðum, faglegum vinnubrögðum og efnum sem notuð eru;

b) eftir því sem við á, athugun á öryggisbúnaði, mælitækjum og uppsetningaraðferðum.

3. *Vottorð og merki um EBE-mynsturviðurkenningu.*

3.1. Vottorðið sem um getur í 7. gr. skal innihalda niðurstöður mynsturviðurkenningarinnar og í því skal tilgreina öll skilyrði sem viðurkenningin kann að vera háð í samræmi við 1. mgr. 7. gr. Því skulu fylgja þær lýsingar og teikningar sem þörf er á til að bera kennsl á mynstrið og eftir því sem við á, til að skýra hvernig það vinnur. EBE-viðurkenningarmerkið sem kveðið er á um í 7. gr. skal vera stílfært E og inni í því:

— í efri hlutanum það raðnúmer sem sérreglurnar hafa hlotið og fer eftir tímaröð samþykkta og upphafsstafur eða -stafir ríkisins sem veitt hefur EBE-mynsturviðurkenningu (A fyrir Austurríki, B fyrir Belgíu, CH fyrir Sviss, D fyrir Sambandslýðveldið Þýskaland, DK fyrir Danmörku, F fyrir Frakkland, FL fyrir Liechtenstein, I fyrir Ítalíu, IRL fyrir Írland, ÍS fyrir Ísland, L fyrir Lúxemborg, N fyrir Noregur, NL fyrir Holland, S fyrir Svíþjóð, SF fyrir Finnland og UK fyrir Breska konungsríkið) og tveir síðustu tölustafir útgáfuárs EBE-mynsturviðurkenningarinnar.

— í neðri hlutanum númer EBE-mynsturviðurkenningarinnar.

Dæmi um þetta merki er að finna í 5.1.

3.2. Merkið sem um getur í 8. gr., táknað með stílfærða bókstafnum E sem hefur verið snúið við um lóðréttan ás, hefur í efri hlutanum sömu upplýsingar og krafist er í fyrsta undirlið í 3.1 og í neðri hlutanum tilvísunarnúmer þess flokks sem ekki er háður EBE-mynsturviðurkenningu sé þannig fyrir mælt í sérreglunum.

Dæmi um þetta merki er sýnt í 5.2.

3.3. Merkið sem um getur í a-lið 15. gr. er EBE-viðurkenningarmerkið inni í sexhyrningi.

Dæmi um þetta merki er sýnt í 5.3.

3.4. Merkið sem um getur í b-lið 15. gr. er merkið um undanþágu frá EBE-mynsturviðurkenningu inni í sexhyrningi.

Dæmi um þetta merki er sýnt í 5.4.

4. Birting EBE-mynsturviðurkenningar.

4.1. Samtímis tilkynningu til þess aðila sem í hlut á sendir stjórnvald aðildarríkis afrit af vottorði um EBE-mynsturviðurkenningu til stjórnvalda hinna aðildarríkjanna sem einnig geta fengið afrit af skjölum með endanlegum tæknilegum upplýsingum um hylkið og skýrslur um þær athuganir og prófanir sem á því hafa verið gerðar.

4.2. Afturköllun EBE-mynsturviðurkenningar skal birt í samræmi við þá málsmeðferð sem kveðið er á um í 4.1.

4.3. Hvert það stjórnvald aðildarríkis sem neitar að veita EBE-mynsturviðurkenningu skal upplýsa stjórnvöld hinna aðildarríkjanna um slíka neitun.

5. Merki sem tengjast EBE-mynsturviðurkenningu.

5.1. Merki um EBE-mynsturviðurkenningu (sjá 3.1)

Dæmi:



EBE-mynsturviðurkenning tilkynnt af Sambandslýðveldinu Þýskalandi 1979 samkvæmt fyrstu sérreglunum.

Númer EBE-mynsturviðurkenningarinnar.

5.2. Merki um undanþágu frá EBE-mynsturviðurkenningu (sjá 3.2)

Dæmi:



Hylki smíðað í Þýskalandi 1979 sem ekki er háð EBE-mynsturviðurkenningu samkvæmt fyrstu sérreglunum.

Tilvísunarnúmer fyrir flokk sem ekki er háður EBE-mynstur-viðurkenningu ef kveðið er á um slíkt í sérreglunum.

5.3. Merki um EBE-mynsturviðurkenningu og undanþágu frá EBE-sannprófun (sjá 3.3)

Dæmi:



EBE-mynsturviðurkenning tilkynnt af Sambandslýðveldinu Þýskalandi 1979 samkvæmt fyrstu sérreglunum.

Númer EBE-mynsturviðurkenningarinnar.

5.4. Merki um undanþágu frá EBE-mynsturviðurkenningu og frá EBE-sannprófun (sjá 3.4)

Dæmi:



Hylki smíðað í Þýskalandi 1979 sem ekki er háð EBE-mynsturviðurkenningu samkvæmt fyrstu sérreglunum.

Tilvísunarnúmer fyrir flokk sem ekki er háður EBE-mynsturviðurkenningu ef svo er fyrir mælt í sérreglunum.

5.5. Í sérreglunum kann að vera mælt fyrir um staðsetningu og stærð þeirra merkja sem tengjast EBE-mynsturviðurkenningu.

Sé annað ekki tekið fram í sérreglunum skulu allir bókstafir og tölur í merkjunum vera minnst 5 mm á hæð.

II. VIÐAUKI [1)]

EBE-sannprófun.

1. Almennt.

1.1. Heimilt er að EBE-sannprófun fari fram í einum eða fleiri áföngum.

1.2. Með fyrirvara um kröfur sérreglanna:

1.2.1. EBE-sannprófun skal framkvæma í einum áfanga á hylkjum sem eru ein heild þegar þau eru flutt úr verksmiðju, það er að segja hylkjum sem í aðalatriðum er hægt að flytja á uppsetningarstað án þess að þau séu fyrst tekin í sundur;

1.2.2. sannprófun hylkja sem ekki eru flutt í einu lagi skal fara fram í einum eða fleiri áföngum;

1.2.3. sannprófun skal einkum tryggja að hylkið sé í samræmi við hið viðurkennda mynstur eða, þegar um er að ræða hylki sem eru undanþegin EBE-mynsturviðurkenningu, í samræmi við ákvæði viðkomandi sérreglna.

2. Eðli EBE-sannprófunar.

2.1. Sannprófunin skal, með fyrirvara um ákvæði sérreglanna, fela í sér:

— prófun á eiginleikum efna sem notuð eru,

— athugun á hönnunarútreikningum, framleiðsluaðferðum, faglegum vinnubrögðum og efnum sem notuð eru,

---

[1)] Sjá viðbæti við I. og II. viðauka.

— innri rannsókn sem felst í athugun á innri hlutum og málmskeytingu,

— þrýstingsprófun,

— skoðun á öllum öryggis- og mælabúnaði,

— ytri rannsókn hinna ýmsu hluta hylkisins,

— notkunarprófun ef mælt er fyrir um hana í sérreglum.

3. EBE-sannprófunarmerki.

3.1. Lýsing á EBE-sannprófunarmerkjum.

3.1.1. Með fyrirvara um kröfur sérreglanna skulu EBE-sannprófunarmerki sem sett eru á samkvæmt 3.3 vera sem hér segir:

3.1.1.1. endanlegt EBE-sannprófunarmerki skal gert úr tveim merkjum:

3.1.1.1.1. fyrra merkið er bókstafurinn „E“ og inni í honum:

— í efri hlutanum, einkennisstafur(stafir) ríkisins þar sem sannprófunin fer fram (A fyrir Austurríki, B fyrir Belgíu, CH fyrir Sviss, D fyrir Sambandslýðveldið Þýskaland, DK fyrir Danmörku, F fyrir Frakkland, FL fyrir Liechtenstein, I fyrir Ítalíu, IRL fyrir Írland, ÍS fyrir Ísland, L fyrir Lúxemborg, N fyrir Noregur, NL fyrir Holland, S fyrir Svíþjóð, SF fyrir Finnland og UK fyrir Breska konungsríkið) ásamt, þar sem þörf er á, einni eða tveimur tölum sem tákna frekari svæðaskiptingu,

— í neðri hlutanum, merki skoðunaraðilans sem prófunarmaður setur á, ásamt merki prófunarmanns ef við á;

3.1.1.1.2. síðara merkið er dagsetning sannprófunarinnar inni í sexhyrningi sem dreginn er með þeirri nákvæmni sem mælt er fyrir um í sérreglunum;

3.1.1.2. merki um EBE-sannprófun að hluta skal eingöngu vera fyrra merkið [1].

3.2. Lögun og stærð merkja.

3.2.1. Dæmi um merkin sem lýst er í 3.1.1.1.1 og 3.1.1.1.2 eru sýnd á myndum 1 og 2 hér á eftir. Í sérreglunum kann að vera kveðið á um stærð og staðsetningu EBE-sannprófunarmerkjanna. Sé annað ekki tekið fram í sérreglunum skulu allir bókstafir og tölur í merkjunum vera minnst 5 mm á hæð.

3.2.2. Skoðunaraðilar aðildarríkjanna skulu skiptast á afritum teikninga af EBE-sannprófunarmerkjunum.

3.3. Festing merkjanna.

3.3.1. Merki um endanlega EBE-sannprófun skal fest á tiltekinn stað á hylkinu þegar það hefur verið endanlega sannprófað og er viðurkennt að samræmist EBE-kröfum.

3.3.2. Þegar sannprófun fer fram í fleiri en einum áfanga skal á framleiðslustað setja merkið um EBE-sannprófun að hluta á hylkið eða þann hluta þess sem viðurkennt er að samræmist EBE-kröfum á þessu stigi prófunarinnar og á þann stað sem sérstaklega er ætlaður fyrir merkinguna eða hvern þann stað annan sem tilgreindur er í sérreglunum.



Mynd 1

---

[1] *Skýringar varðandi merki um endanlega EBE-sannprófun og EBE-sannprófun að hluta.*
Sé ekki mögulegt að setja saman hylki á framleiðslustað eða ef líklegt er að flutningur breyti eiginleikum þess skal EBE-sannprófun framkvæmd eins og lýst er hér á eftir:

— sannprófun hylkisins á framleiðslustað er framkvæmd af skoðunaraðila í framleiðslulandinu og sé það í samræmi við EBE-kröfur setur hann á það E merkið sem lýst er í 3.1.1.1.1. og kallast merkið um EBE-sannprófun að hluta.

— endanleg sannprófun hylkisins er framkvæmd af skoðunaraðila í ákvörðunarlandinu og sé það í samræmi við EBE-kröfur setur hann á það merkið sem lýst er í 3.1.1.1.2. sem ásamt merkinu um EBE-sannprófun að hluta myndar merkið um endanlega EBE-sannprófun.



Mynd 2

Viðbætir við I. og II. Viðauka.

Tafla er sýnir hina ýmsu möguleika á EBE-mynsturviðurkenningu eða EBE-sannprófun:



III. VIÐAUKI

Lágmarksskilyrði sem stjórnvöld aðildarríkja þurfa að taka tillit til þegar þau tilnefna skoðunaraðila til að framkvæma EBE-sannprófun.

1. Stjórnandi eða starfsmenn skoðunaraðilans sem annast sannprófanir mega ekki vera hönnuðir, framleiðendur, sölu- eða þjónustuaðilar og ekki vinna við uppsetningu hylkjanna eða búnaðarins sem þeir skoða né vera viðurkenndir fulltrúar neins þessara aðila. Þeir mega hvorki sjálfir né fyrir hönd annarra hafa bein afskipti af hönnun, smíði, markaðssetningu, kynningu eða viðhaldi hylkjanna eða búnaðarins. Þetta útilokar þó ekki möguleikann á gagnkvæmum upplýsingum um tæknileg atriði milli framleiðandans og skoðunaraðilans.

2. Skoðunaraðilinn og starfsmenn hans sem annast sannprófanir skulu gæta þess að þær séu í hvívetna unnar af tæknilegri færni og faglegri ráðvendni og vera óháðir öllum áhrifum og þrýstingi, einkum af efnahagslegum toga, sem gæti haft áhrif á mat þeirra eða niðurstöður skoðunar, sérstaklega frá einstaklingum eða hópum einstaklinga sem hafa hagsmuna að gæta í sambandi við niðurstöður prófana.

3. Skoðunaraðilinn skal hafa yfir að ráða starfskröftum og búnaði sem nauðsynlegur er til að inna af hendi þá tæknivinnu og stjórnunarstörf sem tengjast sannprófun; einnig skal vera fyrir hendi nauðsynlegur búnaður til að framkvæma sannprófanir sem heyra til undantekninga.

4. Starfsmenn sem annast skoðun skulu hafa:

   — trausta tækni- og fagmenntun,

   — viðunandi þekkingu á kröfum sem gerðar eru til prófana sem þeir framkvæma og nægilega reynslu af slíkum prófunum,

   — kunnáttu í að gefa vottorð, greinargerðir og skýrslur sem skýra frá niðurstöðum prófananna.

5. Tryggja verður óhlutdrægni skoðunarmanna. Þóknun hvers og eins má hvorki byggjast á fjölda prófana né á niðurstöðum slíkra prófana.

6. Skoðunaraðilinn verður að hafa ábyrgðartryggingu, nema skoðunin sé á ábyrgð ríkisins á grundvelli landslaga eða framkvæmd á vegum aðildarríkisins.

7. Starfsmenn skoðunaraðilans eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu (nema gagnvart lögbærum stjórnvöldum í ríkinu þar sem þeir starfa) í samræmi við þessar reglur og sérreglur eða þau ákvæði sem kunna að vera í landslögum til að framfylgja þeim.

IV. VIÐAUKI

Skilgreiningar.

Upprunaland: Aðildarríki þar sem þrýstihylkið var framleitt.

Viðtökuland: Aðildarríki sem flytja á þrýstihylki til eða þar sem það á að fara á markað og/eða verður tekið í notkun.

Upprunastjórnvöld: lögbær stjórnvöld upprunalands.

Viðtökustjórnvöld: lögbær stjórnvöld viðtökulands.
Málsmeðferð

1. Með tilvísun til 19. gr. skal framleiðandi eða fulltrúi hans, sem óskar eftir að flytja út þrýstihylki eða fleiri en eitt þrýstihylki af einni og sömu gerð, leggja fram umsókn, annaðhvort beint eða fyrir tilstilli innflytjanda í viðtökulandinu, til viðtökustjórnvalda og fara fram á að sannprófanirnar verði gerðar samkvæmt þeim aðferðum sem mælt er fyrir um í viðtökulandinu af öðrum skoðunaraðila en þeim sem er í viðtökulandinu.

   Framleiðandinn eða fulltrúi hans skal tilgreina í umsókninni hvaða skoðunaraðila hann hafi valið. Valið skal af skránni sem upprunalandið tekur saman samkvæmt 13. gr. Sem undantekning frá þessari málsmeðferð, þegar um er að ræða hylki sem eru smíðuð sérstaklega í mjög litlu magni samkvæmt einni pöntun eða þegar hylki eru hönnuð fyrir flókinn búnað sem er framleiddur samkvæmt upplýsingum og forskriftum sem viðskiptaaðilinn eða ráðgjafarfyrirtæki sem hann hefur tilnefnt gefur upp, skal viðskiptaaðilinn tilnefna skoðunaraðila í upprunaríkinu, óháð því hvort hann er talinn upp í skránni sem um getur í 13. gr., að því tilskildu að viðtökustjórnvöldin samþykki valið.

   Viðtökustjórnvöldin skulu tilkynna upprunastjórnvöldunum um þær ákvarðanir sem þau taka í málinu.

   Nafn viðskiptaaðilans eða innflytjandans, ef það er þekkt, skal koma fram í umsókninni.

   Umsókninni skal fylgja mappa með teikningum og útreikningum er varða hylkið eða mynstrið, nákvæmar lýsingar á efnum sem hafa verið notuð, upplýsingar um framleiðsluaðferðir auk nánari upplýsinga um sannprófunaraðferðir á framleiðslustiginu, ásamt öllum þeim upplýsingum sem framleiðandi eða fulltrúi hans telja að koma megi viðtökustjórnvöldunum að gagni er ákvörðun er tekin um hvort þrýstihylki, eða hylki af sama mynstri, sem eru í samræmi við uppdrættina, fullnægja lögmæltum kröfum um þrýstihylki í viðtökulandinu.

   Skjölunum skal skilað í fjórriti á þjóðtungu eða tungum viðtökulandsins eða á öðru því máli sem það land samþykkir.

2.

2.1. Viðtökustjórnvöldin skulu tilkynna mótttöku möppunnar jafnskjótt og þeim hefur borist hún.

2.2.

2.2.1. Álíti viðtökustjórnvöld að mappan sem þeim hefur borist hafi að geyma allar upplýsingar sem krafist er samkvæmt 1. lið gefst þeim þriggja mánaða frestur frá viðtökudegi til að láta fara fram nákvæma rannsókn á skjölunum í möppunni.

2.2.2. Álíti viðtökustjórnvöld að mappan sem þeim hefur borist hafi ekki að geyma allar upplýsingar sem krafist er samkvæmt 1. lið gefst þeim eins mánaðar frestur frá viðtökudegi til að láta umsækjanda vita hvaða frekari gagna er vænst. Þegar mappan hefur borist með öllum viðhlítandi skjölum skal fylgja málsmeðferðinni í 2.2.1.

2.3.

2.3.1. Ef ítarleg rannsókn á möppunni sýnir að hylkið, eða hylki af einni og sömu gerð sem hefur verið framleitt eða til stendur að framleiða samkvæmt meðfylgjandi skjölum fullnægir lögmæltum kröfum um þrýstihylki í viðtökulandinu eða getur fengið viðurkenningu hafi undanþága frá þessum kröfum verið veitt, skulu viðtökustjórnvöld tilkynna umsækjandanum um það innan frestsins sem mælt er fyrir um í 2.2.1.

Falli hylkið, eða hylki af einni og sömu gerð, ekki undir reglugerðir í viðtökulandinu geta viðtökustjórnvöld krafist þess að farið sé að reglugerðum um þrýstihylki í upprunalandinu.

2.3.2. Ef ítarleg rannsókn á möppunni sýnir að hylkið, eða hylki af einni og sömu gerð, sem hefur verið framleitt eða til stendur að framleiða samkvæmt meðfylgjandi skjölum, fullnægir ekki lögmæltum kröfum um þrýstihylki í viðtökulandinu og getur ekki fengið undanþágu frá þessum kröfum, skulu viðtökustjórnvöld tilkynna umsækjandanum um það innan frestsins sem mælt er fyrir um í 2.2.1 og taka fram hvaða ákvæðum hefur ekki verið fullnægt og hvaða ákvæðum verði að fullnægja ef hylkið eða hylki af einni og sömu gerð á að hljóta viðurkenningu. Þeim ber einnig að tilkynna umsækjandanum um framleiðslukröfur og eftirlit, ásamt prófunum og sannprófunum sem krafist er samkvæmt reglugerðum um þrýstihylki sem eru í gildi í viðtökulandinu.

Reynist umsækjandinn reiðubúinn til að breyta hönnuninni, framleiðsluferlinu og/eða sönnunaraðferðum er tengjast hylkinu eða hylkjum af einni og sömu gerð í þá veru að þau fullnægi kröfunum skal hann gera samsvarandi breytingar í möppunni. Þegar mappan hefur borist með breytingunum skal fylgja málsmeðferðinni í 2.2.1 en stytta skal rannsóknartímann í tvo mánuði.

2.3.3. Viðtökustjórnvöld skulu nota sömu viðmiðanir, þegar undanþágurnar sem um getur í 2.3.1 og 2.3.2 eru veittar eða synjað er um þær, og framleiðendur sem hafa staðfestu í viðtökulandinu nota eins og stendur.

2.4. Gjöld, skattar og aðrar greiðslur fyrir rannsókn á möppunni skulu vera samkvæmt reglum í viðtökulandinu.

3. Skoðunaraðilinn sem er valinn eins og ráð er fyrir gert í 1. lið skal inna þær aðgerðir af hendi sem viðtökustjórnvöld krefjast.

4. Eftir að hafa innt af hendi það eftirlit, prófanir og sannprófanir sem viðtökustjórnvöld krefjast og staðfest að niðurstöðurnar séu fullnægjandi skal skoðunaraðilinn afhenda framleiðandanum eða fulltrúa hans og viðtökustjórnvöldunum skýrslur um eftirlitið, prófanirnar og sannprófanirnar og vottorð til staðfestingar að eftirlitsaðferðir, prófanir og sannprófanir og niðurstöður þeirra standist kröfur viðtökulandsins.

Reynist niðurstöður eftirlitsins ófullnægjandi skal skoðunaraðilinn tilkynna umsækjandanum og viðtökustjórnvöldunum það.
Skjölin skulu rituð á þjóðtungu eða -tungum viðtökulandsins eða á öðru því máli sem það land samþykkir.

5. Gjöld, skattar og aðrar greiðslur fyrir eftirlitið og prófanirnar skulu vera samkvæmt reglum skoðunaraðilans.

6. Viðtökustjórnvöld verða að tryggja að farið sé með alla uppdrætti og önnur skjöl sem þeim berast sem trúnaðarmál.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. júní 1996.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

fyrir Sameinaða lífeyrissjóðinn.

1. Nafn sjóðsins og heimili.

1.1. Sjóðurinn heitir *Sameinaði lífeyrissjóðurinn.*
Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. Hlutverk sjóðsins.

2.1. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

2.2. Lífeyrissjóðurinn starfar á grundvelli samkomulags stéttarfélaga og atvinnurekenda frá 19. maí 1969 og 12. desember 1995 og tryggir þau lágmarksréttindi sem þar greinir.

3. Sjóðfélagar.

3.1. Sjóðfélagar skulu vera, með þeim undantekningum, sem nefndar eru í 3.2., allir þeir launþegar, sem náð hafa 16 ára aldri fyrir lok næsta almanaksmánaðar á undan og kjarasamningar á milli samtaka vinnuveitenda og eftirtalinna stéttarfélaga eða viðurkenndir launataxtar þeirra ná til:

Bíliðnafélagið
Deild bygginga- og málmiðnaðarmanna í Verkalýðsfélag Borgarness
Félag blikksmiða, Reykjavík
Félag bókagerðarmanna
Félag byggingariðnaðarmanna í Hafnarfirði
Félag járniðnaðarmanna, Reykjavík
Félag garðyrkjumanna
Félag málmiðnaðarmanna, Akureyri
Iðnsveinafélag Fljótsdalshéraðs
Iðnsveinafélag Skagafjarðar, Sauðárkróki
Iðnsveinafélag Stykkishólms
Málarafélag Reykjavíkur
Málm- og skipasmiðafélag Neskaupstaðar
Málmiðnaðardeild Verkalýðsfélagsins Árvakurs, Eskifirði
Málmiðnaðardeild Verkalýðsfélags Fáskrúðsfjarðar
Málmiðnaðardeild Verkalýðsfélagsins Fram, Seyðisfirði
Málmiðnaðardeild Verkalýðsfélagsins Jökuls, Höfn
Málmiðnaðardeild Verkalýðsfélags Vopnafjarðar
Múrarafélag Reykjavíkur
Sunniðn, sunnlenska iðnfélagið
Sveinafélag járniðnaðarmanna, Húsavík og S-Þingeyjarsýslu
Sveinafélag málmiðnaðarmanna Akranesi
Sveinafélag pípulagningarmanna
Trésmiðafélag Reykjavíkur
Veggfóðrarafélag Reykjavíkur
Verkstjórasamband Íslands

3.2. Launþegi samkvæmt 3.1., sem fyrir 19. maí 1969 var félagi í lífeyrissjóði fyrirtækis þess, er hann starfar hjá, skal ekki vera félagi í þessum sjóði, meðan hann heldur áfram þátttöku í lífeyrissjóði fyrirtækisins. Hafi lífeyrissjóður fyrirtækisins hinn 19. maí 1969, tekið til allra starfsmanna þess eða allra starfsmanna í sömu stöðu eða starfsgrein, skulu aðrir starfsmenn fyrirtækisins, sem sömu störfum gegna, ekki vera félagar í þessum lífeyrissjóði. Sé starfsmanni samkvæmt lögum skylt að vera félagi í öðrum lífeyrissjóði, veitir hlutaðeigandi starf ekki rétt til þátttöku í þessum sjóði.

3.3. Sjálfstæðum atvinnurekanda á samningssviði aðildarfélaga sjóðsins er rétt og skylt að eiga aðild að sjóðnum, enda sé hann ekki sjóðfélagi í öðrum sambærilegum samtryggingarlífeyrissjóði. Nú hættir sjálfstæður atvinnurekandi greiðslum til þessa sjóðs og hefur greiðslur til annars samtryggingarsjóðs og ber honum þá skylda til að tilkynna sjóðnum það skriflega. Í sambandi við biðtímaákvæði 13.- 15. gr. skal réttindatími manns, er gerist sjóðfélagi samkvæmt þessari málsgrein, reiknast frá lokum næsta mánaðar eftir þann mánuð, er iðgjöld berast sjóðnum í fyrsta sinn.

3.4. Nú óskar verkalýðsfélag, sem ekki á aðild að öðrum lífeyrissjóði, eftir aðild að þessum sjóði og er þá stjórn sjóðsins heimilt að veita félagsmönnum verkalýðsfélagsins og þeim, sem taka laun eftir viðurkenndum launatöxtum þess, leyfi til að gerast sjóðfélagar, enda ber þá öllum félagsmönnum þess félags skylda til þess, að vera félagar í þessum sjóði. Ennfremur er stjórn sjóðsins heimilt að veita aðild að sjóðnum einstaklingum, er ekki ber skylda til þátttöku í neinum ákveðnum lífeyrissjóði, en stunda störf, hliðstæð þeim, sem veita rétt til þátttöku í þessum sjóði. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að leyfa félögum og samböndum, sem standa að samningum um kaup og kjör þeirra launþega, er aðild eiga að sjóðnum, að tryggja í honum þá starfsmenn sína, sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum.

3.5. Þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar.

3.6. Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við stjórnir annarra lífeyrissjóða um samruna þeirra við lífeyrissjóðinn. Stjórnin skal gæta þess að áunninn réttur sjóðfélaga sjóðsins verði ekki skertur við samrunann og jafnframt að hann sé ekki bættur á kostnað sjóðfélaga hinna sjóðanna.

4. Stjórn sjóðsins.

4.1. Stjórn sjóðsins skal skipuð sex mönnum. Helmingur stjórnarmanna skal kosinn af launþegum og helmingur af vinnuveitendum. Kosning fulltrúa launþega fer fram á aðalfundi fulltrúaráðsins, en framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands kýs fulltrúa vinnuveitenda.

4.2. Kjörtímabil stjórnarmanna er tvö ár og skal annað árið kjósa 2 fulltrúa launþega og hitt árið 1. Sama gildir um fulltrúa vinnuveitenda. Jafnmarga varamenn og aðalmenn skal kjósa og með sama hætti og til sama tíma og aðalmenn.

4.3. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, hafa náð 20 ára aldri, hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, sem búsettir eru í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir þessu búsetuskilyrði.

4.4. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Þó skulu fulltrúar vinnuveitenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn. Stjórnin skal setja sér starfsreglur, hún skal halda gerðabók og rita í hana allar samþykktir sínar. Til þess að samþykkt sé lögmæt, þarf meirihluti stjórnarmanna að greiða henni atkvæði. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef meiri hluti stjórnarmanna er mættur eða varamenn í þeirra stað. Viðhafa skal leynilega atkvæðagreiðslu, ef einn eða fleiri stjórnarmenn krefjast þess.

4.5. Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiriháttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins ræður framkvæmdastjóra, ákveður laun hans og önnur starfskjör og setur honum starfsreglur. Framkvæmdastjórinn er ekki kjörgengur sem stjórnarmaður í sjóðnum.

4.5.1. Framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur sjóðsins og fer í því efni eftir þeirri stefnu og fyrirmælum sem stjórn sjóðsins hefur gefið. Framkvæmdastjóri ræður starfsmenn til sjóðsins. Ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar, til dæmis ákvarðanir um fjárfestingu í atvinnurekstri eða fasteignum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera með sérstakri ákvörðun stjórnar eða samkvæmt áætlun sem samþykkt hefur verið af stjórninni. Sé ekki unnt að bera meiri háttar ákvarðanir undir stjórnarfund, skal haft samráð við formann stjórnar og aðra stjórnarmenn eftir föngum. Slíkar ákvarðanir skal síðan taka fyrir á næsta stjórnarfundi.

4.5.2. Stjórnin veitir og afturkallar prókúruumboð til handa framkvæmdastjóra og öðrum starfsmönnum.

4.6. Allar meiri háttar breytingar á skipulagi sjóðsins, innra eftirliti, bókhaldi og reikningsskilum, skal framkvæmdastjóri aðeins gera að höfðu samráði við stjórn og að fengnu samþykki hennar.

4.6.1. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að bókhald sjóðsins sé fært í samræmi við lög og viðurkenndar venjur. Honum ber einnig að fylgja þeirri fjárfestingarstefnu sem samþykkt er á ársfundi skv. 5. grein og þeim útlánareglum sem stjórnin setur. Á reglubundnum stjórnarfundum skal framkvæmdastjóri leggja fram yfirlit um fjárfestingar, rekstur og efnahag sjóðsins.

4.6.2. Framkvæmdastjóri skal veita stjórn, endurskoðanda og skoðunarmönnum allar þær upplýsingar um hag og starfsemi sjóðins sem þeir óska.

4.7. Stjórnarmaður lífeyrissjóðsins eða framkvæmdastjóri má ekki taka þátt í meðferð máls ef hann hefur hagsmuna að gæta sem kynnu að fara í bága við hagsmuni sjóðsins. Sama gildir ef um er að ræða ákvarðanir sem tengjast fyrirtæki þar sem stjórnarmaður kann að eiga umtalsverðra hagsmuna að gæta sem eigandi, stjórnarmaður eða starfsmaður. Um hæfi til meðferðar einstakra mála fer að öðru leyti eftir meginreglum stjórnsýslulaga. Skylt er þeim sem í hlut á að upplýsa um aðstæður sem valda kunna vanhæfni skv. framansögðu.

4.7.1. Stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóri og aðrir þeir, er hafa heimild til að koma fram fyrir hönd sjóðsins, mega ekki gera neinar þær ráðstafanir sem bersýnilega eru til þess fallnar að afla ákveðnum sjóðfélögum, fyrirtækjum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna umfram aðra eða á kostnað sjóðsins. Þeir skulu einnig gæta þagmælsku um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu fyrir lífeyrissjóðinn og varða kann hagsmuni einstaklinga eða fyrirtækja og annað það er leynt á að fara eðli máls samkvæmt.

4.7.2. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri sjóðsins skulu ekki sitja í stjórnum atvinnufyrirtækja í umboði hans. Þetta gildir þó ekki um fyrirtæki sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins né heldur áhættufjármagnsfyrirtækjum sem sjóðurinn á hluti í. Ef stjórnarmaður lífeyrissjóðsins er jafnframt stjórnarmaður í fyrirtæki sem sjóðurinn á verulegan hlut í getur sá hinn sami ekki gegnt stjórnarformennsku í lífeyrissjóðnum.

5. Ársfundur.

5.1. Aðalfund lífeyrissjóðsins skal halda fyrir lok júní ár hvert og hefur hann æðsta vald í málefnum sjóðsins, ef ekki er öðru vísi ákveðið í reglugerð þessari. Allir

greiðandi sjóðfélagar, svo og elli- og örorkulífeyrisþegar sjóðsins og fulltrúar kosnir í fulltrúaráð eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt. Stjórn sjóðsins getur boðað til aukafundar, þegar þurfa þykir og skylt er stjórninni að boða til aukafundar, ef minnst 3 félög, sem aðild eiga að sjóðnum óska eftir því. Stjórn sjóðsins boðar til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga sjóðsins, með mest fjögurra vikna fyrirvara og minnst tveggja vikna fyrirvara. Þá skal stjórnin auk þess auglýsa fundinn í minnst einu dagblaði og útvarpi með a.m.k. sjö daga fyrirvara.

5.2. Fulltrúaráð. Sérstakt fulltrúaráð að jöfnu skipað fulltrúum stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda sem að sjóðnum standa fer með atkvæði á fundum í umboði aðildarsamtaka sjóðsins og í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Fulltrúar hvors hóps fara með jafnan fjölda atkvæða í fulltrúaráðinu án tillits til fjölda fulltrúa hvors hóps fyrir sig á fundinum.

5.2.1. Fulltrúar stéttarfélaga skulu þannig valdir að hvert stéttarfélag, sem aðild á að sjóðnum samkvæmt grein 3.1., kýs úr sínum hópi í fulltrúaráðið einn fulltrúa fyrir allt að 200 félaga og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu, ef það nemur einu hundraði eða meira. Jafnmargir fulltrúar skulu kosnir til vara.

5.2.2. Eftirtalin samtök atvinnurekenda hafa aðild að sjóðnum:

Bílgreinasambandið
Félag blikksmiðjueigenda
Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda
Félag pípulagningameistara
Félag skrúðgarðyrkjumeistara
Félag veggfóðrarameistara
Landssamband veiðarfæragerða
Málarameistarafélag Reykjavíkur
Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði
Meistarafélag bólstrara
Meistarafélag húsasmiða í Reykjavík
Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði
Meistarafélag Suðurlands
Múrarameistarafélag Reykjavíkur
Samband garðyrkjubænda
Samtök iðnaðarins
Vinnuveitendasambands Íslands

Framangreind samtök vinnuveitenda, sem aðild eiga að sjóðnum tilnefna jafnmarga fulltrúa úr sínum röðum og viðkomandi stéttarfélag kýs. Þegar fyrir liggur hver fulltrúafjöldi stéttarfélaganna er skal viðkomandi atvinnurekendafélagi tilkynnt um fjölda þann, sem það á rétt á að tilnefna. Í þeim tilfellum þar sem ekki er mótsvarandi félag atvinnurekenda tilnefnir Vinnuveitendasamband Íslands fulltrúa, þannig að heildarfjöldi fulltrúa vinnuveitenda sé jafn fulltrúum stéttarfélaganna.

5.3. Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í reglugerð þessari. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga greiða atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.

5.4. Á ársfundi skal tekið fyrir:
5.4.1 Skýrsla stjórnar.
5.4.2. Kynning og afgreiðsla ársreiknings.
5.4.3. Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
5.4.4. Tryggingafræðileg úttekt.
5.4.5 Fjárfestingarstefna sjóðsins.
5.4.6. Stjórnarkjör, samkvæmt grein 4.1.
5.4.7. Kosning skoðunarmanna. Fulltrúar stéttarfélaga og samtaka atvinnurekenda skulu hvor um sig kjósa einn skoðunarmann ársreikninga og einn til vara. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs.
5.4.8. Tillögur um breytingar á reglugerð sjóðsins, þegar slíkar tillögur liggja fyrir. Um tillögur til breytinga á reglugerð sjóðsins fer samkvæmt ákvæðum 25. greinar.
5.4.9. Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund.

6. Deildaskipting.

6.1. Sjóðurinn skiptist í þrjár deildir, ellilífeyrisdeild, örorkulífeyrisdeild og fjölskyldulífeyrisdeild. Deildirnar eru reknar sameiginlega og skipta með sér kostnaði í hlutfalli við umfang hverrar deildar samkvæmt reglum, sem stjórn sjóðsins setur.

7. Afgreiðsla reikninga og endurskoðun.

7.1. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem stjórn sjóðsins ræður og ennfremur af tveimur skoðunarmönnum sbr. gr. 5.4.7.

8. Tryggingafræðileg athugun.

8.1. Stjórn lífeyrissjóðsins skal árlega fá tryggingafræðing til að reikna út fjárhag sjóðsins og skal niðurstaða athugunarinnar vera hluti af reikningsskilum lífeyrissjóðsins um hver áramót. Í niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar skal gera grein fyrir kostnaði vegna þeirra lágmarksréttinda sem sjóðurinn er skuldbundinn að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2. Einnig skal gerð grein fyrir kostnaði vegna þeirra viðbótarréttinda sem sjóðurinn kann að veita umfram ofangreint lágmark.

8.2. Telji tryggingafræðingurinn með hliðsjón af ávöxtun, aldursdreifingu sjóðfélaga og öðrum atriðum, sem máli skipta, rannsókn sína leiða í ljós, að fjárhagur einhverrar deildar sjóðsins sé svo ótryggur, að við svo búið megi ekki standa, skal hann gera tillögur um hlutfallslega lækkun lífeyrisréttinda, er grípa skal til, ef ekki finnast aðrar leiðir til að bæta fjárhag deildarinnar. Leiði rannsóknin í ljós að fjárhagur einhverrar deildar sjóðsins sé svo góður að hægt sé að bæta réttindi deildarinnar skal hann gera tillögu um hlutfallslega hækkun lífeyrisréttinda hennar. Ekki skal þó gera slíkar breytingar til hækkunar eða lækkunar á einstökum lífeyristegundum nema frávik sé orðið meira en 5% til lengri tíma litið.

8.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins sé ótryggur og ætla megi að eignir muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, skal stjórn sjóðsins að höfðu samráði við tryggingafræðing gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, sem grípa skal til, enda finnist ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Ekki er þó hægt að lækka réttindi meira en að þeim lágmarksréttindum, sem sjóðnum er skylt að veita, sbr. ákvæði greinar 2.2.

8.4. Nú leiðir tryggingafræðileg athugun í ljós að fjárhagur sjóðsins er svo ótryggur að við svo búið má ekki standa og ætla má, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur, að eignir hans muni ekki duga fyrir skuldbindingum miðað við þau lágmarksréttindi, sem sjóðnum er skylt að veita. sbr. grein 2.2. Skal stjórn sjóðsins þá boða til aukaársfundar eins fljótt og verða má og eigi síðar en innan sex mánaða frá því að hin tryggingafræðilega niðurstaða liggur fyrir. Á fundinum skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um sameiningu við annan samtryggingasjóð eða lokun sjóðsins. Jafnframt skal stjórn sjóðsins leggja fram tillögur um hjá hvaða lífeyrissjóði tryggja beri sjóðfélögum lífeyrisrétt. Tillögurnar skal afgreiða með sama hætti og tillögur að reglugerðarbreytingum.

9. Ávöxtun fjár sjóðsins.

9.1. Stjórn sjóðsins sér um ávöxtun á fé hans og er skylt að ávaxta það á sem bestan hátt að teknu tilliti til öryggis og áhættu. Heimilt er að ávaxta fjármuni sjóðsins með eftirfarandi hætti:

9.1.1. Í ríkisverðbréfum og verðbréfum, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs.

9.1.2. Í verðbréfum bæjarfélaga, enda séu heildarskuldir og ábyrgðir viðkomandi bæjarfélaga innan viðurkenndra marka að mati sjóðsstjórnar.

9.1.3. Í innlánum banka og sparisjóða.

9.1.4. Í skuldabréfum tryggðum með veði í fasteignum, sem er innan við 50 % af fasteignamati. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessu mati, ef markaðsverð eigna gefur tilefni til.

9.1.5. Í skuldabréfum og víxlum banka, sparisjóða, lánasjóða og fjármálafyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu, enda starfi þau samkvæmt sérstökum lögum eða séu undir eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

9.1.6. Í skuldabréfum og víxlum fyrirtækja með trausta eiginfjárstöðu og góða afkomu, enda séu viðkomandi skuldabréf skráð á Verðbréfaþingi Íslands.

9.1.7. Í hlutabréfum fyrirtækja, enda séu bréfin skráð á opinberum verðbréfamarkaði, þó að hámarki 50% af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. A.m.k. 85% þeirra fjármuna, sem bundnir eru í hlutabréfum skulu vera í félögum, sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands. Allt að 15 % þeirra fjármuna geta verið bundnir í hlutabréfum félaga, sem ekki eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands, enda hafi þau hlutabréf skráð kaup- og sölugengi. Heimilt er sjóðnum að eiga eignarhlut í félögum, sem sérstaklega eru stofnuð til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins og gilda þá ekki framangreind ákvæði um skráningu.

9.1.8. Í erlendum verðbréfum, sem skráð eru á opinberum verðbréfamörkuðum í aðildarríkjum Efnahags- og framfararstofnunar Evrópu (OECD) og í skráðum verðbréfasjóðum. Verðbréf skulu keypt fyrir milligöngu viðurkenndra verðbréfamiðlara. Þó er sjóðnum heimilt að kaupa millilíðalaust hlutdeildarskírteini í skráðum verðbréfasjóðum.

9.2. Fjárfestingar lífeyrissjóðsins skulu miðast við að heildarkröfur á hendur einum aðila fari ekki umfram 2,5 % af hreinni eign sjóðsins til greiðslu lífeyris. Þó er heimilt að hafa allt að fjórfalt þetta hlutfall í heildarkröfum gagnvart einstökum bönkum. Þessi takmörk eiga ekki við um skuldbindingar með ríkisábyrgð.

9.3. Stjórn sjóðsins skal móta fjárfestingarstefnu þar sem sett eru viðmið um að hvaða marki skuli fjárfesta í einstökum eignaformum. Þar skal ennfremur koma fram markmið m.a. um dreifingu eigna, tímalengd krafna, myntsamsetning, seljanleiki og aðrar þær viðmiðanir, sem stjórn sjóðsins telur að gefi gleggsta mynd af fjárhagsstöðu lífeyrissjóðsins.

9.4. Heimilt er sjóðnum að eiga húsnæði fyrir starfsemi sína.

10. Iðgjöld.

10.1. Iðgjald sem greitt er til sjóðsins skal nema 10% hið minnsta af launum þeim, sem tilgreind eru í gr. 10.2. og 10.3. Sé um launþega að ræða, skiptist lágmarksiðgjald þannig, að launþegi greiðir 4%, en launagreiðandi 6%. Iðgjald skiptist þannig milli deilda sjóðsins, að til ellilífeyrisdeildar renna 73% iðgjaldsins, til örorkulífeyrisdeildar 15% og 12% iðgjaldsins til fjölskyldulífeyrisdeildar.

10.2. Iðgjald skal greiða af öllum launatekjum starfsmanna, hverju nafni sem nefnast, og gera upp mánaðarlega. Nú eru laun greidd vikulega, og skal þá mánaðarlegt uppgjör miðast við þær vikur, fjórar eða fimm, sem lýkur í mánuðinum.

10.3. Stjórn sjóðsins setur reglur um, við hvaða tekjur skuli miða iðgjöld þeirra sjóðfélaga, sem gerast sjálfstæðir atvinnurekendur eða stunda sjálfstæða atvinnu við inngöngu í sjóðinn.

10.4. Sjóðfélagar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins með öðru en iðgjöldum sínum.

10.5. Launagreiðendum ber að halda iðgjöldum launþega eftir af launum hans og standa sjóðnum skil á þeim mánaðarlega ásamt eigin iðgjaldahluta. Jafnframt skal launagreiðandi senda sjóðnum skilagreinar um iðgjöldin. Komi skilagreinar ekki fram er sjóðnum heimilt, að áætla iðgjöldin og innheimta þau með sama hætti og innsendar skilagreinar. Komi skilagreinar síðar fram leiðréttist áætlun til samræmis við þær. Gjalddagi iðgjalda hvers mánaðar er 10. næsta mánaðar. Eigi greiðsla sér ekki stað innan þess mánaðar, skulu vangoldin iðgjöld innheimt með vanskilavöxtum, sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnunum hæsta að taka, frá gjalddaga til greiðsludags samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987.

10.6. Sjóðurinn skal senda lokaaðvörun til launagreiðenda við lok þriggja mánaða vanskila á iðgjöldum samkvæmt innsendum skilagreinum. Innan 15 daga frá útsendingu aðvörunar skal sjóðurinn láta hefja formlega innheimtu vanskilanna.

10.7. Tvisvar á ári skal senda greiðandi sjóðfélögum yfirlit um iðgjöld og réttindi sín. Yfirlitinu skal fylgja áskorun til sjóðfélaga um að gera án tafar athugasemdir, ef vanhöld koma í ljós á iðgjaldaskilum. Hafi athugasemdir frá sjóðfélaga staðfestar með launaseðlum, ekki borist sjóðnum innan 60 daga frá dagsetningu yfirlits og sjóðnum ekki verið kunnugt um iðgjaldakröfuna, er sjóðurinn einungis ábyrgur fyrir réttindum á grundvelli iðgjalda þessara að því marki, sem þau fást greidd.

10.8. Iðgjöld í vanskilum, sem sanna má með innsendum launaseðlum, skulu innheimt með sama hætti og skilagreinar launagreiðanda. Heimilt er lífeyrissjóði að byggja innheimtuaðgerðir á áætlunum um ógreidd iðgjöld, enda hafi hlutaðeigandi launagreiðandi ekki skilað inn skilagreinum til sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil.

10.9. Öllum innborgunum launagreiðenda, hvort heldur sem þær berast með nýrri skilagrein eða öðrum hætti, skal ráðstafa til greiðslu elstu ógreiddra iðgjalda og vanskilavaxta launagreiðanda og mynda réttindi samkvæmt því. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að víkja frá þessari reglu í því tilfelli þegar hafin hefur verið formleg innheimta iðgjalda í vanskilum sbr. grein 10.8 fyrir ákveðið tímabil og fullnægjandi trygging hefur fengist fyrir greiðslu iðgjalda, vanskilavaxta og innheimutkostnaðar vegna þess tímabils. Ennfremur ef lög kveða á um annað samanber meðferð mála á greiðslustövunartímabili launagreiðanda. Skilagrein telst ógreidd þar til innborgun nægir til fullrar greiðslu skilagreinarinnar og áfallinna vanskilavaxta á hana.

10.10. Iðgjöld sjóðfélaga, sem launagreiðandi hefur sannanlega haldið eftir af launum hans, en ekki staðið skil á til sjóðsins, svo og mótframlag launagreiðandans, skal þrátt fyrir vanskilin meta að fullu til réttinda fyrir viðkomandi sjóðfélaga við úrskurð lífeyris, enda hafi sjóðnum verið kunnugt um þessi vanskil, sbr. 10.7. og 10.8. Þó ber lífeyrissjóðurinn ekki ábyrgð á réttindum vegna þeirra iðgjalda, sem

glatast við gjaldþrot og ábyrgðarsjóður launa ber ekki ábyrgð á, skv. 6. grein laga nr. 53/1993.

11. Grundvöllur lífeyrisréttinda.

11.1. Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig, er mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

11.2. Til grundvallar stigaútreikningi er grundvallarfjárhæð fyrir hvern almanaksmánuð. Hún er í janúar 1992 kr. 45.602 og breytist í hlutfalli við breytingu lánskjaravísitölu frá 3196 stigum.

11.3. Stig ársins reiknast þannig, að deilt skal í tíföld iðgjöld, sem greidd hafa verið vegna hlutaðeigandi sjóðfélaga, með samanlagðri grundvallarfjárhæð ársins samkvæmt 11.2. Við útreikning lífeyris reiknast áunnin stig að fullu. Ef um maka- eða örorkulífeyri er að ræða og ef árin verða fleiri en 30, skal þó aðeins reikna að fullu stig þeirra 30 ára, sem hagstæðust eru fyrir sjóðfélagann, en að hálfu stig þeirra ára, sem afgangs verða.

11.4. Ekki skal reikna stig eftir lok þess mánaðar, sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri.

11.5. Stig skulu reiknuð með þremur aukastöfum.

11.6. Verði iðgjöld ekki umreiknuð í stig sbr. 11.4. fer um endurgreiðslu þeirra eftir ákvæðum 17. gr.

12. Ellilífeyrisdeild.

12.1. Hver sjóðfélagi, sem orðinn er 67 ára að aldri, á rétt á ellilífeyri úr sjóðnum.

12.2. Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar, sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélagi hefur áunnið sér margfölduðum með 1,4.

12.3. Ef sjóðfélagi hefur töku lífeyris eftir 67 ára aldur en fyrir 70 ára aldur hækkar stuðullinn í gr. 12.2 um 0.0112 fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem töku lífeyris er frestað frá 67 ára aldri á þau stig, sem sjóðfélaginn ávann sér fyrir 70 ára aldur.

12.4. Haldi sjóðfélagi áfram að ávinna sér réttindi, eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris, skulu stig hans reiknuð á ný, er hann hefur náð 70 ára aldri.

13. Örorkulífeyrisdeild.

13.1. Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi, sem telja verður að nemi 50% eða meira skv. 13.2 og áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

13.1.1. Réttur til örorkulífeyris stofnast ekki ef sjóðfélagi hefur ekki orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 15. grein vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi, sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

13.2. Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann, svo og álit trúnaðarlæknis sjóðsins. Fyrstu þrjú árin eftir orkutapið skal mat orkutaps aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

13.2.1. Heimilt er að fengnu áliti trúnaðarlæknis að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris, að sjóðfélagi fari í endurhæfingu, sem bætt gæti heilsufar hans.

13.3. Þegar skilyrði 13.1. og þessa töluliðs eru uppfyllt, miðast hámark örorkulífeyris við unninn lífeyrisrétt samkvæmt 11. gr. að viðbættum lífeyri, er svarar til þess stigafjölda, sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknað samkvæmt 13.4., margfaldað með 1,4, enda hafi sjóðfélagi

a.) greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,
b.) greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum,
c.) ekki orðið fyrir orkutapi, sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja, eða fíkniefna.

13.3.1. Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

13.3.2. Hafi sjóðfélagi skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap, stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði, ef rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars, sem leitt hefur til orkutapsins.

13.3.3. Séu sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám þess valdandi, að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau, sem nefnd eru í a-lið 13.3., er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma, sem þar er krafist, í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst, að orsök örorku verði ekki rakin til tíma aftur fyrir orkutap.

13.4. Eigi sjóðfélagi sem ekki hefur náð 67 ára aldri, er hann verður fyrir orkutapi, rétt samkvæmt 13.3. á framreikningi stiga, skal sá framreikningur vera sem hér segir:

13.4.1. Reikna skal meðaltal stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórn þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis, er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári, sem lakast er.

13.4.2. Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma, er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins, og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira, skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár, sem hann hefur greitt iðgjöld. Skal miða framreikning við þetta meðaltal.

13.4.3. Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular, að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs, er sjóðfélagi náði 25 ára aldri, og sennilegt má telja, að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum og skal þá framreikningstíminn styttur í hlutfallinu milli fjölda almanaksára, sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir, ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

13.4.4. Nemi árlegt meðaltal, sem miða skal framreikning við samkvæmt liðunum 13.4.1. eða 13.4.2. meira en tveimur stigum, skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 67 ára aldurs reiknað með tveimur stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

13.4.5. Ef rekja má sjúkdóma þá , sem valda orkutapi sjóðfélaga, svo langt aftur í tímann, að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs, er sjóðfélagi náði 16 ára aldri, fram til þess tíma, er orkutap telst hafa orðið, skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig, sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

13.5. Örorkulífeyrir er sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið sbr. þó 13.1.

13.6. Örorkulífeyrir greiðist ekki fyrir fyrstu þrjá mánuðina eftir orkutap. Ekki er greiddur örorkulífeyrir, ef orkutap, skv. 13.2. hefur varað skemur en í sex mánuði.

13.7. Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

13.8. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma, er örorkan óx, ekki verið í starfi, er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

13.9. Örorkulífeyrir fellur niður við 67 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig, að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundraðshluti örorku segir til um, stig, sem við úrskurðum örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 67 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo, að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

14. Fjölskyldulífeyrisdeild.

14.1. Nú andast sjóðfélagi, sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða hafði greitt iðgjald til hans a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum og lætur eftir sig maka, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum á meðan skilyrði 14.3., 14.4., eða 14.5. eru uppfyllt, enda hafi hjónabandið staðið a.m.k. 5 ár og verið stofnað, áður en sjóðfélaginn náði 60 ára aldri.

14.2. Óskertur makalífeyrir sbr. gr. 14.6. skal þó ætíð greiddur í 36 mánuði og 50 % makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar, þótt ekki sé fullnægt ákvæðum gr. 14.3., 14.4 eða 14.5.

14.3. Maki sjóðfélaga er fæddur fyrir 1945. Þó skal makalífeyrir samkvæmt 14.6 lækka um 2 % fyrir hvert ár, sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2 % að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2 % að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2 % að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.

14.4. Yngsta barn sjóðfélaga er 22 ára eða yngra og á framfæri maka og er þá lífeyrir greiddur án tillits til hjúskapartíma og aldurs sjóðfélaga og eftirlifandi maka. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt, enda hafi ættleiðingin átt sér stað fyrir 60 ára aldur sjóðfélagans, áður en hann missti starfsorku sína og a.m.k. einu ári áður en hann lést.

14.5. Maki sjóðfélaga er að minnsta kosti 50% öryrki og skal þá greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára.

14.6. Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarfjárhæð, eins og hún er fyrsta dag hvers mánaðar sem lífeyrir er greiddur, og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda, sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,9. Þegar skilyrði 14.1 um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt, skal auk áunninna stiga

telja þau stig, sem ætla má, að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 67 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 13.4. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum, skal reikna stig frá þeim tíma, er honum var veittur örorkulífeyrir, og til þess tíma, er makalífeyrir er veittur, allt að 67 ára aldri í samræmi við ákvæði 13.9., en síðan til 67 ára aldurs í samræmi við stig þau, sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið hinum eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði, skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði, að hann hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 13.1. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt, ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 16.3.

14.7. Ekkja eða ekkill samkvæmt þessari grein telst ekki sá, sem skilinn var við sjóðfélagann að borði og sæng fyrir andlát hans. Réttur til makalífeyris fellur niður, ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar, sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi, ef síðara hjónabandinu eða sambúðinni er slitið án réttar til lífeyris.

14.8. Nú andast sjóðfélagi og lætur ekki eftir sig maka, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri samkvæmt gr. 14.1. um lengri eða skemmri tíma til aðila, sem sannanlega hefur annast heimili hans um langt árabil fyrir andlát hans.

15. Barnalífeyrir.

15.1. Nú andast sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris a.m.k. 6 mánuði á undanfarandi 12 mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn, er hann lætur eftir sig og yngri eru en 18 ára, rétt á lífeyri úr sjóðnum til 18 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagans börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði, skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði, að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

15.2. Barnalífeyrir með hverju barni nemur kr. 9.800 fyrir hvern almanaksmánuð og breytist í hlutfalli við breytingu lánskjaravísitölu 3196 stigum. Fullur barnalífeyrir greiðist, ef árleg stig, áætluð í samræmi við 13.6., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri, lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður, ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

15.3. Sé sjóðfélaga úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku, öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn, sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta samkvæmt 15.2. Við ákvörðun lífeyrisfjárhæðar sjóðsins skal þó ávallt reikna með, að örorka samkvæmt almannatryggingalögum sé einnig 100%. Sé örorka samkvæmt 13. gr. metin lægri en 100%, skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður, þótt sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

15.4. Fósturbörn og stjúpbörn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna þessara barna vera hinar sömu og vera mundu, ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

15.5. Barnalífeyrir greiðist framfæranda barnsins.

15.6. Börn sjóðfélaga,sem náð hefur 67 ára aldri og hafið hefur töku ellilífeyris, og fædd eru áður en sjóðfélagi hefur töku ellilífeyris eða á næstu 12 mánuðum þar á eftir, eiga rétt á barnalífeyri í samræmi við 15.2., enda hafi sjóðfélaginn greitt iðgöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,4 stig hvert þessara þriggja ára. Sama rétt öðlast kjörbörn, sem sjóðfélagi hefur ættleitt og framfært að mestu eða öllu leyti a.m.k. frá lokum þess árs, er hann náði 62 ára aldri.

16. Iðgjaldagreiðslur falla niður.

16.1. Nú falla niður launagreiðslur til sjóðfélaga vegna veikinda eða atvinnuleysis, og ávinnur hann sér þá ekki réttindi meðan svo stendur á. Tímabil, er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður af þessum ástæðum, reiknast ekki með, þegar úrskurða skal, hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

16.2. Falli iðgjaldagreiðslur niður í meira en 6 mánuði samfleytt af öðrum ástæðum en veikindum eða atvinnuleysi, telst hlutaðeigandi ekki lengur til sjóðfélaga og fellur þá niður réttur til barnalífeyris svo og réttur til framreiknings stiga samkvæmt 13.3. og 14.6. Skulu þá áunnin stig geymd.

16.3. Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður, þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig sbr. þó 16.1. og 16.2.

17. Endurgreiðsla iðgjalda.

17.1. Heimilt er skv. umsókn að endurgreiða iðgjaldahluta launþega erlendum ríkisborgurum, sem hverfa úr sjóðnum vegna brottflutnings úr landi, enda sé slík endurgreiðsla ekki óheimil samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að eða viðkomandi hafi verið íslenskur ríkisborgari, þegar réttindin áunnust. Óheimilt er að endurgreiða iðgjöld ríkisborgara annarra ríkja Evrópska efnahagssvæðisins (EES) skv. gildandi milliríkjasamningum.

17.2. Iðgjöld greiðist frá 16 ára aldri og iðgjaldagreiðslur falla niður, þegar sjóðfélagi nær 70 ára aldri sbr. grein 11.4.

18. Flutningur réttinda.

18.1. Gerist sjóðfélagi, sem fer úr þessum lífeyrissjóði, sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er að lögum eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, er stjórn sjóðsins heimilt að endurgreiða öll iðgjöld, sem greidd hafa verið hans vegna, með 4% vöxtum p.á. Sama gildir, ef sjóðfélaginn kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir. Það er skilyrði fyrir endurgreiðslunni, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyst til eða hjá tryggingafélagi eða stofnun svo sem að framan greinir. Það skal ennfremur sett sem skilyrði fyrir endurgreiðslu samkvæmt þessari málsgrein, að tilsvarandi takmarkanir gildi um endurgreiðslur eða endurkaup, þar sem réttindi eru leyfð, eins og eftir þessari reglugerð.

18.2. Fé, sem yfirfært kann að vera úr öðrum lífeyrissjóði, veitir ekki víðtækari endurgreiðslurétt en gildir í sjóðnum, sem það var yfirfært úr. Að öðru leyti setur stjórn sjóðsins um það reglur, að fengnum tillögum tryggingafræðings, með hvaða kjörum hún heimilar flutning réttinda úr öðrum sjóði til þessa sjóðs.

19. Samningar um gagnkvæm réttindi o.fl.

19.1 Heimilt er stjórn sjóðsins að gera samninga við aðra lífeyrissjóði um tilhögun réttindaflutnings o.fl. Í slíkum samningum má víkja frá biðtíma og bótaákvæðum reglugerðar þessarar í því skyni að koma í veg fyrir niðurfall réttinda, þegar sjóðfélagi skiptir um starf og tvítryggingu réttinda, sem ekki miðast við liðinn iðgjaldagreiðslutíma. Ennfremur er þar heimilt að ákveða, að sjálfstæð réttindi í einstökum sjóðum skuli samanlagt ekki vera meiri en heildarréttindin myndu verða hjá einum og sama sjóði. Slíkir samningar eru þó ekki bindandi fyrir sjóðinn, fyrr en þeir hafa hlotið samþykki fulltrúaráðsins og Vinnuveitendasambands Íslands.

20. Tilhögun lífeyrisgreiðslna.

20.1. Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftirá, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð, er lífeyrisréttur myndaðist, og síðasta sinn fyrir þann mánuð, er réttur til lífeyris fellur úr gildi. Aldrei skal þó sjóðstjórn skylt að úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár, reiknuð frá byrjun þess mánaðar, er umsókn berst sjóðnum.

20.2. Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð, er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda, og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðings.

20.3. Hafi lífeyrisgreiðslu ekki verið vitjað í 5 ár, getur stjórn sjóðsins úrskurðað, að réttur til hennar falli niður, og rennur þá fjárhæðin til sjóðsins.

21. Bann við framsali og veðsetningu lífeyris.

21.1. Réttur til lífeyris verður eigi af hendi látinn né veðsettur.

22. Gerðardómur.

22.1. Vilji sjóðfélagi ekki una úrskurði sjóðstjórnar í máli, er hann hefur skotið til hennar, getur hann vísað því til gerðardóms, sem skipaður skal þremur mönnum, einum tilnefndum af sjóðfélaga, einum tilnefndum af Sambandi almennra lífeyrissjóða og oddamanni tilnefndum af bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Úrskurður gerðardómsins er bindandi fyrir báða aðila. Málskostnaði skal skipt milli málsaðila eftir mati dómsins, en þó skal sjóðfélagi ekki greiða meira en 1/3 málskostnaðar.

23. Eftirlit.

23.1. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi lífeyrissjóðsins í samræmi við lög nr. 27/1991 og 13. gr. samkomulags ASÍ og VSÍ frá 12. desember 1995.

24. Samningar við tryggingafélög um líf- og eða heilsutryggingar.

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við tryggingafélag um líf- og eða heilsutryggingar fyrir einstaka hópa sjóðfélaga, enda komi til sérstakt iðgjald vegna tryggingarinnar og greiðslu kostnaðar, sem til kann að falla vegna hennar þannig að slík þjónusta greiðist ekki af 10 % skylduiðgjaldi sjóðfélaga.

25. Breytingar á reglugerðinni.

25.1. Tillögur að breytingum á ákvæðum, sem teljast efni kjarasamninga s.s. um iðgjöld og stjórnskipan, þ.m.t. ákvæði um hlutverk og skipan fulltrúaráðs og stjórnar verða einungis teknar fyrir á ársfundi að fengnu samþykki 2/3 hluta samtaka atvinnurekenda annars vegar og 2/3 hluta stéttarfélaga hins vegar eða með kjarasamningi aðila. Um atkvæðavægi samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga hvers fyrir sig fer eftir gr. 5.2.1. og 5.2.2., ef tillögur til breytinga koma fram sem ekki hafa verið samþykktar í kjarasamningum.

25.2. Tillögur um breytingar á reglugerð þessari má því aðeins taka fyrir, að þær hafi borist stjórn sjóðsins a.m.k. þremur mánuðum fyrir ársfund sjóðsins. Stjórn sjóðsins skal fullum tveimur mánuðum fyrir ársfund senda aðildarsamtökum sjóðsins tillögurnar til kynningar. Miði tillaga að aukningu réttinda eða breytingum á fjárfestingarstefnu, sem ætla má að haft geti áhrif á getu sjóðsins til greiðslu lífeyris skal fylgja tryggingafræðileg úttekt á afleiðingum breytingarinnar á gjaldhæfi sjóðsins. Breytingartillögu, sem skert getur stöðu sjóðsins svo hann fullnægi ekki lágmarkskröfum

samkvæmt samningi ASÍ og VSÍ um lífeyrismál frá 12. desember 1995, með síðari breytingum, skal vísað frá ársfundi. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu sjóðsins í tvær vikur fyrir ársfund og þær auglýstar þannig að sjóðfélögum gefist kostur á að koma að athugsemdum á ársfundi.

25.3. Reglugerðarbreytingar taka því aðeins gildi að þær hljóti samþykki a.m.k. 2/3 hluta fulltrúa í fulltrúaráði á ársfundi og hafi hlotið staðfestingu fjármálaráðuneytisins.

26. Ákvæði til bráðabirgða varðandi skuldabréfakaup af Speli hf.

Stjórn sjóðsins er heimilt að kaupa víkjandi skuldabréf útgefin af Speli hf. vegna gerðar gangna undir Hvalfjörð.

27. Gildistaka.

27.1. Reglugerð þessi gildir frá 1. júlí 1996 og kemur í stað reglugerðar þeirrar, er gilt hefur frá 1. janúar 1996, þó taki 4. kafli um stjórn gildi 20. apríl 1996.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 26. júní 1996.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

21. júní 1996 Nr. 379

REGLUR
um asbest.

1. gr.
Markmið.

Með reglum þessum er leitast við að fyrirbyggja atvinnusjúkdóma sem innöndun asbestryks getur haft í för með sér, með því að koma í veg fyrir notkun asbests.

2. gr.
Gildissvið.

Reglur þessar gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og þar sem asbest og vörur sem hafa asbest að geyma eru notaðar, framleiddar og meðhöndlaðar á einhvern hátt.

Jafnframt gilda reglur þessar um allan innflutning á asbesti og vörum sem innihalda asbest.

Fyrir vörur sem innihalda asbest sem óhreinindi gilda reglurnar ef hlutur asbest er 1% eða meira.

3. gr.

Skilgreiningar.

Með asbesti er í reglum þessum átt við eftirtalin þráðlaga, kristölluð silikatsteinefni: Krýsótíl (hvítt asbest), krókídólít (blátt asbest), amósít (brúnt asbest), antófyllít, tremólít og aktínólít.

4. gr.

Almenn ákvæði.

Bannað er að flytja inn, framleiða, nota eða meðhöndla á annan hátt asbest og vörur sem innihalda asbest með þeim undantekningum sem heimilaðar eru í reglum þessum sbr. 5. gr.

5. gr.

Undanþágur.

Vinnueftirlit ríkisins getur veitt heimild til innflutnings, notkunar eða meðhöndlunar á asbesti og vörum sem innihalda asbest í neðangreindum tilvikum:

a) Til viðhalds og viðgerða á byggingum, vélum og öðrum búnaði ef það er nauðsynlegt til að búnaðurinn haldi gildi sínu og ekki er unnt að nota önnur minna skaðleg efni. Sama gildir um vélar, tæki og annan búnað þar sem asbest er í einstökum, afmörkuðum hlutum búnaðarins.
b) Við niðurrif á byggingum, byggingarhlutum eða búnaði.
c) Í einstökum tilvikum, enda hafi verið sýnt fram á með fullgildum rökum að mati Vinnueftirlitisins að notkun asbests sé forsenda viðkomandi verkframkvæmdar og að öryggisráðstafanir séu fullnægjandi.

Í öllum tilvikum er bannað að sprauta asbesti eða vörum sem innihalda asbest.

Sækja skal um heimild til innflutnings og notkunar á asbesti samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar til Vinnueftirlits ríkisins á eyðublöðum sem þar fást, sbr. einnig 1. mgr. 8. gr.

6. gr.

Umbúðir, merkingar og aðvaranir.

Asbest og asbestvörur til viðhalds eða viðgerða á vélum eða öðrum búnaði skulu vera hreinar og í umbúðum eða meðhöndlaðar þannig að komið sé í veg fyrir rykmyndun við geymslu, flutning og notkun. Slíkar vörur skulu afgreiddar tilbúnar til ísetningar eftir því sem kostur er.

Asbest og asbestvörur skulu greinilega merktar af framleiðanda eða innflytjanda í samræmi við I. Viðauka.

Þar sem unnið er með asbest sbr. 1. mgr. 5. gr., skulu festar upp viðvaranir um hættu af völdum asbestryks og leiðbeiningar um starfshætti sem samræmast reglum þessum. Starfsmenn sem vinna við asbest skulu fræddir um þær hættur sem innöndun asbestryks hefur í för með sér.

7. gr.

Varnir gegn asbestmengun.

Öll vinna við asbest og vörur sem innihalda asbest skal fara þannig fram að rykmengun frá þeim sé svo lítil sem kostur er.

Fjarlægja skal ryk frá þeim stað sem það myndast með vélknúinni loftræstingu.

Gæta skal þess að asbestmengað loft frá vélknúinni loftræstingu sé ekki endurnýtt. Asbestmengað loft skal hreinsað áður en því er blásið út í andrúmsloftið með þar til gerðum

búnaði sem Hollustuvernd ríkisins viðurkennir. Reglulegt eftirlit skal vera með loftræstikerfum og þau hreinsuð eftir þörfum.

Vinnueftirlit ríkisins getur gefið nánari fyrirmæli um varnir gegn asbestmengun í einstökum tilvikum.

Asbestryk og úrgangur sem inniheldur asbest skal geymdur í þéttum, merktum lokuðum ílátum og fluttur þannig til förgunar.

Eigi má farga asbesti nema að fengnu leyfi Vinnueftirlits ríkisins sem hefur um slíkt samráð við Hollustuvernd ríkisins.

Nauðsynlegar notkunar- og öryggisleiðbeiningar skulu vera til staðar þar sem unnið er með asbest eða asbestvörur.

Í allri vinnu þar sem hætta er á asbestmengun skulu starfsmenn nota öndunargrímur af viðurkenndri gerð. Við undirbúning fyrir vinnu við asbest og við vinnu með asbest þegar lítil hætta er á að asbestþræðir losni út í andrúmsloftið skal nota heilgrímu með síu af gerðinni P3. Við aðra asbestvinnu skal nota heilgrímu með rafmagnsdælu sem dregur loft í gegnum síu (P3) og dælir því inn í grímuna eða heilgrímu sem tengd er við ferskloftsbúnað.

Taka skal tillit til aukins álags sem notkun öndunargrímu hefur í för með sér fyrir starfsmann þannig að hæfileg hlé séu gerð á vinnunni þegar þörf er á notkun þeirra.

Í vinnu með asbest og vörur sem innihalda asbest skulu starfsmenn vera klæddir sérstökum vinnufatnaði sem tekur ekki í sig ryk.

Starfsmenn skulu skipta reglulega um vinnuföt og fara úr þeim í matarhléum og strax að lokinni vinnu.

Hver starfsmaður skal hafa aðgang að tveimur fataskápum þar sem annar er fyrir gönguföt og hinn fyrir vinnuföt.

Starfsmenn sem vinna við asbest skulu hafa aðgang að steypibaði að lokinni vinnu.

Óheimilt er að unglingar yngri en 18 ára vinni við asbest og vörur úr asbesti.

Vinnustaður þar sem notað er asbest eða vörur sem innihalda asbest skal þrifinn svo oft sem þörf krefur. Við þrif skulu notaðar ryksugur af viðurkenndri gerð eða aðrar aðferðir sem takmarka rykmengun. Asbestmenguð vinnuföt skal ekki geyma eða þvo með öðrum fatnaði.

8. gr.

Vinna við niðurrif og viðhald.

Áður en vinna hefst, við niðurrif eða viðhald á asbesti í byggingum, vélum eða öðrum búnaði, sem veitt hefur verið undanþága fyrir sbr. 5. gr., skal leggja verkáætlun fyrir Vinnueftirlit ríkisins til samþykktar. Vinna við niðurrif eða viðhald er ekki heimil nema fyrir liggi samþykkt Vinnueftirlitsins á viðkomandi verkáætlun. Í verkáætluninni skulu koma fram a.m.k. þær upplýsingar sem taldar eru upp í II. viðauka. Verkáætlun getur fylgt umsókn þegar sótt er um undanþágu samkvæmt 5. gr.

Sá sem vinna á verkið skal sækja um undanþágu og leggja fyrir verkáætlun. Ekki er leyfilegt að handsala leyfi til þriðja aðila.

Aðeins þeir sem sótt hafa námskeið á vegum Vinnueftirlits ríkisins eða sem Vinnueftirlitið hefur samþykkt mega vinna við niðurrif eða viðhald á asbesti.

Nota skal vinnuaðferðir og verkfæri sem hafa sem minnsta rykmyndun í för með sér. Verkfæri sem valda rykmengun við notkun skulu útbúin með afkastamiklu innbyggðu afsogi. Ekki er leyfilegt að nota háþrýstisprautun við asbestvinnu.

Starfsmenn skulu klæðast sérstökum vinnufatnaði og þar með töldum höfuðbúnaði sem ekki tekur í sig ryk og nota viðeigandi öndunargrímur.

Starfsmenn skulu skipta reglulega um vinnuföt og fara úr þeim í matarhléum og strax að lokinni vinnu. Asbestmenguð vinnuföt skal ekki geyma eða þvo með öðrum fatnaði.

Sérhver starfsmaður skal fá til afnota eigin öndunargrímu. Við undirbúning fyrir vinnu við asbest og við vinnu með asbest þegar lítil hætta er á að asbestþræðir losni út í andrúmsloftið skal nota heilgrímu með síu af gerðinni P3. Við aðra asbestvinnu skal nota heilgrímu með rafmagnsdælu sem dregur loft í gegnum síu (P3) og dælir því inn í grímuna eða heilgrímu sem tengd er við ferskloftsbúnað.

Taka skal tillit til aukins álags sem notkun öndunargrímu hefur í för með sér fyrir starfsmann þannig að hæfileg hlé séu gerð á vinnunni þegar þörf er á notkun þeirra.

Svæði þar sem unnið er við niðurrif eða viðhald skal lokað af á öruggan hátt fyrir óviðkomandi. Setja skal upp viðvörunarskilti með eftirfarandi texta: „VARÚÐ. Asbestvinna. Óviðkomandi bannaður aðgangur."

Við niðurrif þar sem hætta er á mikilli asbestmengun skal svæðið lokað af með þéttu efni sem hindrar dreifingu á asbestryki út fyrir það. Aðgangur að svæðinu skal vera í gegnum sérstakan loftræstan gang. Loftræsting svæðisins skal vera þannig að undirþrýstingur hindri dreifingu á ryki í annað svæði. Endurnýting á afsogslofti frá svæðinu er ekki heimil.

Við niðurrif inni í byggingum skal í nálægð við niðurrifssvæðið sett upp tvö búningsherbergi, eitt fyrir vinnufatnað og eitt fyrir gönguföt, ásamt þvotta- og baðklefa með steypibaði. Búningsherbergin skulu þannig staðsett að einungis sé hægt að fara á milli þeirra í gegnum þvotta- og baðklefann.

Við aðra niðurrifs- og viðhaldsvinnu skal í nánum tengslum við vinnusvæðið vera aðgangur að búningsherbergjum með aðstöðu til að geyma vinnufatnað aðskilin frá gönguföt um. Í búningsherbergjunum skal vera handlaug með heitu og köldu vatni. Aðgangur skal vera að steypibaði með heitu og köldu vatni.

Þrífa skal vinnusvæðið vandlega, bæði meðan á niðurifi stendur og sérstaklega við verklok. Þrif skulu fara fram með ryksugu með síu fyrir asbestryk. Ef nauðsynlegt þykir skulu gerðar mengunarmælingar í samráði við Vinnueftirlit ríkisins til að leggja mat á hvort þrif hafi verið fullnægjandi.

9. gr.

Mengunarmörk og mælingar.

Í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun eru ákvæði sem segja til um leyfilegan fjölda asbestþráða í andrúmslofti starfsmanna í þeim tilvikum er undanþága hefur verið veitt til notkunar asbests.

Atvinnurekandi skal í samráði við Vinnueftirlit ríkisins láta fara fram mælingu á asbestryki í andrúmslofti starfsmanna. Ekki er nauðsynlegt að láta fara fram mælingu ef Vinnueftirlitið telur ekki þörf á því vegna lítillar hættu á asbestmengun.

Til að tryggja að viðmiðunarmörkum þeim sem sett eru í reglum nr. 401/1989 sé hlítt skal asbest í andrúmslofti á vinnustað mælt með tilvísunaraðferð þeirri sem lýst er í III. viðauka eða einhverri annarri aðferð er gefur jafngildar niðurstöður.

Við mælingar á asbesti í andrúmslofti, eins og getið er um í 3. mgr., skal einungis taka til greina trefjar sem eru meira en fimm míkrómetra langar og þar sem hlutfallið milli lengdar og breiddar er hærra en 3:1.

Starfsmenn eða fulltrúar þeirra innan fyrirtækis eða stofnunar þar sem unnið er með asbest skulu hafa aðgang að niðurstöðum mælinga á asbestmagni í andrúmslofti og þeim skulu standa til boða skýringar á þýðingu niðurstaðnanna.

10. gr.

Heilsueftirlit.

Í þeim tilvikum sem veitt hefur verið undanþága fyrir vinnu með asbest verður að liggja fyrir mat á heilsufari allra starfsmanna áður en þeir hefja vinnu við asbest sbr. 5. gr.

Í mati þessu skal felast sérstök brjóstholsskoðun. Í IV. viðauka er að finna hagnýt ráð sem taka má mið af í tengslum við klínískt eftirlit starfsmanna.

Nýtt mat verður að liggja fyrir að minnsta kosti þriðja hvert ár á meðan starfsmenn vinna með asbest.

Halda skal skýrslur um heilsufar einstaklinga í samræmi við lög og reglur og á það við um alla starfsmenn sem um er getið í fyrstu málsgrein.

Í kjölfar þess klíníska eftirlits sem um getur í 2. mgr. ætti læknir eða sá aðili sem annast heilsueftirlit starfsmanna að veita ráð um allar verndar- og forvarnarráðstafanir sem gera ætti með tilliti til einstakra manna. Þar sem við á geta þær ráðleggingar t.d. falist í því að hlutaðeigandi starfsmaður verði færður á annan stað þar sem ekki er unnið með asbest.

Veita verður starfsmönnum upplýsingar og ráð er varða hvers konar mat á heilsufari þeirra eftir að þeir verða ekki lengur fyrir mengun af asbesti.

11. gr.

Skráning og varðveisla gagna.

Atvinnurekandi skal halda skrá yfir starfsmenn í viðvarandi asbestvinnu, þar sem lýst er eðli vinnu þeirra og lengd vinnutíma og þeirri mengun sem þeir hafa orðið fyrir. Læknir sá eða yfirvald sem ber ábyrgð á heilsueftirliti skal hafa aðgang að skrá þessari. Sérhver starfsmaður skal hafa aðgang að þeim upplýsingum í skránni sem hann varða. Starfsmenn eða fulltrúar þeirra skulu hafa aðgang að sameiginlegum upplýsingum í skránni, sem ekki tengjast einstaklingum.

Geyma ber skrána sem um getur í 1. mgr. og heilsufarsskýrslurnar sem um getur í 10. gr. í 30 ár hið minnsta eftir að starfsmaður varð síðast fyrir mengun í samræmi við lög og reglur. Sé starfsemin lögð niður skal koma skránum sem um getur í 1. mgr. til Vinnueftirlits ríkisins til varðveislu.

Vinnueftirlit ríkisins skal halda skrá yfir tilfelli sem greinast af asbestveiki (asbestosis) og iðraþekjuæxli (mesothelioma).

12. gr.

Áfrýjun úrskurða.

Ákvörðunum og úrskurðum sem teknir eru samkvæmt reglum þessum af Vinnueftirliti ríkisins má áfrýja samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

13. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn reglum þessum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

14. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38., 39., 50, og 51. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, 4. tölulið, XVIII viðauka, tilskipun nr. 83/477/EBE og eins og henni var breytt með tilskipun nr. 91/382/EBE um verndun starfsmanna vegna mengunar af asbesti á vinnustöðum. Reglurnar staðfestast hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið falla úr gildi reglur nr. 75/1983 um asbest.

I. VIÐAUKI

1. Á öllum vörum úr asbesti eða vörum sem innihalda asbest eða umbúðum þeirra skal vera merkimiði samkvæmt eftirfarandi:
   a) merkimiðinn á að vera í samræmi við sýnishorn hér að neðan og að minnsta kosti 5 cm á hæð og 2,5 cm að breidd;
   b) merkimiðinn á að vera samsettur úr tveim hlutum:
      i) á efri hlutanum á að vera bókstafurinn „a“ hvítur að lit á svörtum grunni,
      ii) á neðri hlutanum á að vera eftirfarandi auðlæsilegt staðlað orðalag með hvítu og/eða svörtu letri á rauðum grunni: „Varúð, inniheldur asbest. Innöndun asbestryks getur valdið alvarlegum sjúkdómum. Farið eftir öryggisleiðbeiningum. “;
   c) innihaldi varan krókídólít skal textinn „Varúð, inniheldur krókídólít/blátt asbest“ koma í stað textans „Varúð, inniheldur asbest“;

   d) ef merkingin er þannig hönnuð að prentað sé beint á vöruna er nægilegt að einn litur sé í andstöðu við grunnlitinn.



2. Merkja skal vöru eða umbúðir um vöru sem inniheldur asbest með merkimiða með auðlæsilegu og óafmánlegu letri í samræmi við ofangreint á hverja smæstu einingu sem afgreidd er. Að öðru leyti skal merkja vöru eða umbúðir samkvæmt eftirfarandi:
   a) með merkimiða sem festur er vel á vöruna eða umbúðir,
   b) með merkimiða sem festur er á öruggan hátt við vöruna eða umbúðirnar,
   c) með merkimiða sem prentaður er beint á vöruna eða umbúðirnar.
3. Ef smæð eða óhentugleiki vörunnar eða umbúðanna gera ókleift að merkimiði sé festur á vöruna eða umbúðirnar skulu merkingarnar koma fram á fylgiseðli með vörunni.
4. Ef varan inniheldur hluta sem innihalda asbest er nægilegt að sá hluti sem inniheldur asbest sé merktur.

II. Viðauki

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í verkáætlun fyrir niðurrif eða viðhald bygginga eða búnaðar úr asbesti eða sem inniheldur asbest sbr. 8. gr.:

1. Nafn fyrirtækisins sem annast skal verkið, heimilisfang þess og símanúmer.
2. Staðsetning þar sem verkið á fara fram.
3. Hvenær áætlað er að hefja verkið og áætluð verklok.
4. Lýsing á umfangi verksins og vinnuaðferðir við það.
5. Fjöldi starfsmanna sem vinna eiga við verkið og staðfestingu á að þeir hafi fengið fræðslu í samræmi við 3. mgr. 8. gr.
6. Stutt lýsing á öryggisráðstöfunum og þ.m.t. hlífðarbúnaði.
7. Lýsing á fyrirhuguðum hreinsiaðferðum.
8. Tegund asbests (ef þekkt).
9. Dagsetning og undirskrift.

III. Viðauki

Tilvísunaraðferð sem um getur í 9. gr. til að mæla asbestmagn í andrúmslofti á vinnustað

1. Sýni skulu tekin á öndunarsvæði hvers starfsmanns, þ.e. innan hálfhrings með 300 mm radíus sem mældur er frá miðpunkti línu sem næði milli eyrna hans.

2. Notaðar skulu himnusíur (blandaðir sellúlósa- eða sellúlósanítratesterar) með gatastærð 0,8 til 1,2 míkrómetrar, 25 mm í þvermál, rúðustrikaðar.

3. Notaður skal opinn síuhaldari sem búinn er sívalningslaga hettu sem nær 33 til 44 mm fram fyrir síuna og er með hringlaga op, að minnsta kosti 20 mm í þvermál. Við notkun skal hettan vísa niður.

4. Notuð skal færanleg, rafhlöðuknúin dæla sem fest er við belti starfsmanns eða liggur í vasa hans. Loftstreymi skal vera jafnt og skal stilla það í upphafi á 1,0 lítra á mínútu ñ 5%. Á sýnatökutímanum má loftstreymi ekki víkja meira frá upphaflegu streymi en +/- 10%.

5. Sýnatökutími skal mældur með minna en 2% skekkjumörkum.

6. Æskilegasti trefjafjöldi í síu er milli 100 og 400 á hvern mm^2.

7. Setja skal alla síuna eða hluta hennar, hvort sem menn kjósa, á smásjárskyggnu, gera hana gagnsæja með asetón-tríasetín-aðferð, og þekja með gleri.

8. Við talningu skal nota smásjá fyrir bæði augu og skal hún hafa eftirfarandi búnað:

--- Köhler--lýsingu,

--- Abbe--safngler eða safngler fyrir litrétt fasamótvægi í miðstillanlegri festingu undir smásjárborði,

--- hlutlinsu er stækkar 40 sinnum, með jákvæðum fasamun, litrétta, skerpustillta á rönd, með ljósop 0,65 til 0,70 og fasagleypni við jaðar á milli 65 og 85%,

--- sjóngler er stækka 12,5 sinnum, að minnsta kosti annað með stillanlegri skerpu og gert fyrir kvarða,

--- hringlaga kvarðanet af Walton--Beckett--gerð fyrir sjóngler, með sjónsvið 100 +/- 2 míkrómetra þegar notuð eru hin tilgreinda hlutlinsa og sjóngler, mælt með örkvarða í smásjárborðinu.

9. Setja skal smásjána upp samkvæmt fyrirmælum framleiðanda og athuga greiningarmörk með sneið til stöðlunar á fasajafnvægi. Þegar smásjáin er notuð á þann hátt sem

framleiðandi tilgreinir verður að vera hægt að sjá allt að merki 5 á AIA-prófsneiðum eða allt að bálki 5 á HSE/NPL-prófsneiðum (gerð 2). Þetta skal gert í upphafi hvers vinnudags.

10. Þegar trefjar í sýnum eru taldar skal eftirfarandi reglum fylgt:

--- telja skal með allar trefjar sem fjallað er um í 4. mgr. 9. gr., sem ekki eru í snertingu við agnir stærri en þrír míkrómetrar að þvermáli,

--- séu báðir endar meðtalinnar trefju innan mælireitsins skal telja hana sem heila trefju; sé aðeins annar endi trefjar innan reitsins skal hún talin sem hálf trefja,

--- reitir skulu teknir til talningar af handahófi af viðtökufleti síunnar,

--- þyrping trefja sem á einum eða fleiri stöðum virðist heil og óskipt, en skiptist annars staðar í aðskilda þætti (klofin trefja), telst vera ein trefja, ef hann fellur að lýsingunni í 4. mgr. 9. gr. og fyrsta undirlið þessarar málsgreinar, enda sé þvermálið mælt á heila hlutanum en ekki þeim klofna,

--- í öllum trefjaþyrpingum þar sem einstakar trefjar snerta hver aðra eða skerast (knippi) skal telja hverja einstaka trefju fyrir sig ef hægt er að greina þær nægilega vel hverja frá annarri til að ákvarða hvort þær falli að lýsingunni í 4. mgr. 9. gr. og fyrsta undirlið þessarar málsgreinar. Falli engin hinna einstöku trefja að skilgreiningunni er litið svo á að knippið sé trefja sem teljast skuli með ef það fellur í heild sinni að lýsingunni í 4. mgr. 9. gr. og fyrsta undirlið þessarar málsgreinar.

--- Sé meira en áttundi hluti mælireits þakinn þyrpingum trefja og/eða agna er ekki hægt að notast við reitinn og telja verður í öðrum reit í staðinn,

--- telja skal 100 trefjar þannig að við það séu athugaðir minnst 20 reitir, eða athuga 100 reiti.

11. Meðalfjöldi trefja á reit er reiknaður með því að deila fjölda athugaðra reita í fjölda talinna trefja. Áhrif af rispum í síunni eða óhreinindum á talninguna mega ekki vera meiri en sem svarar til þriggja trefja á 100 reiti og skal leggja mat á þetta með því að nota auðar síur.

Magn í andrúmslofti = (fjöldi í mælireit x viðtökuflötur síu) / (flatarmál mælireits x rúmmál lofts sem safnað er).

IV. VIÐAUKI

Hagnýt ráð um klínískt eftirlit sem um getur í 10. gr.

1. Rannsóknir hingað til gefa til kynna að verði menn fyrir mengun af lausum asbesttrefjum getur það leitt til eftirfarandi sjúkdóma:

--- asbestveiki,

--- iðraþekjuæxlis,

--- berkjukrabbameins,

--- krabbameins í maga og görnum.

2. Lækni þeim og/eða yfirvaldi sem ber ábyrgð á heilsueftirliti starfsmanna er verða fyrir asbestmengun er skylt að þekkja til skilyrða þeirra eða aðstæðna hjá hverjum starfsmanni.

3. Klínískt eftirlit starfsmanna skyldi framkvæmt í samræmi við starfsreglur og -venjur atvinnusjúkdómafræðinnar; í henni skyldu að minnsta kosti felast eftirfarandi ráðstafanir:

--- skráning á heilsufarssögu og starfsferli starfsmanns,

--- persónulegt viðtal,

--- klínísk brjóstholsskoðun,

--- athugun á öndunarvirkni.

Frekari athuganir eru æskilegar, þ.m.t. brjóstholsröntgenmynd í venjulegri stærð og próf á rannsóknarstofu, svo sem frumufræðipróf á hráka. Rétt er að taka ákvörðun um athuganir þessar fyrir hvern starfsmann sem er undir heilsueftirliti, í ljósi nýjustu þekkingar sem atvinnusjúkdómafræðin hefur yfir að ráða.

Félagsmálaráðuneytinu, 21. júní 1996.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

21. júní 1996 Nr. 380

REGLUR
um saumlaus gashylki úr stáli.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið, skilgreiningar og grundvallarreglur.

1. Reglur þessar gilda um saumlaus gashylki úr stáli sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um gashylki sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota almennings séu þau ekki háð öðrum lögum eða reglum.

2. Reglurnar gilda um 0,5 til 150 lítra saumlaus gashylki úr stáli sem eru búin til í heilu lagi og hægt að endurfylla og flytja og eru til þess gerð að geyma í þeim samþjappaðar, fljótandi eða uppleystar lofttegundir. Þessi gashylki verða hér á eftir nefnd *hylki*.

3. Reglurnar gilda ekki um hylki sem búin eru til úr ástenít-stáli eða hylki þar sem málmi er bætt við þegar botninum er lokað.

4. Ákvæði reglna þessara gilda óháð því hvort annar eða báðir endar hylkisins eru með oddbogalögun.

2. gr.

Í þessum reglum merkir *hylki af EBE-gerð* hylki sem er hannað og framleitt á þann hátt að það uppfylli kröfur þessara reglna og reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði).

3. gr.

Heimilt er að setja á markað hér á landi án takmarkana eða hindrana hylki sem eru í samræmi við kröfurnar í reglum um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) og þessum reglum og viðaukum við þær, sbr. þó 2. mgr. 7. gr.

4. gr.

Öll hylki af EBE-gerð skulu mynsturviðurkennd, sbr. II. kafla reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði). Öll hylki af EBE-gerð eru háð EBE-sannprófun að undanskildum hylkjum sem þola vökvaprófunarþrýstinginn 120 bör að hámarki og hafa rúmtakið einn lítra eða minna.

5. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til að aðlaga tölul. 2.1.3, 2.1.4, 2.3, 3.1.1.1, 3.4, 3.5, 3.6, 3.7, 4, 5 og 6 í I. viðauka svo og aðra viðauka þessara reglna að tækniframförum skulu samþykktar.

6. gr.

Málsmeðferð sú sem kveðið er á um í 15. gr. reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) getur gilt um tölul. 2.3 í I. viðauka við þessar reglur.

II. KAFLI
Ýmis ákvæði.

7. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgst þá með því.

2. Nú hefur Vinnueftirlitið rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hætta af einhverri gerð búnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna. Er því þá heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

3. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í þessum reglum, samkvæmt tilskipun 84/525/EBE, sem vísað er til í 3. tölul. VIII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

III. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.

8. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

IV. KAFLI
Refsiákvæði.

9. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI
Gildistaka.
10. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 3. tölul. VIII. kafla, II. viðauka samkvæmt tilskipun 84/525/EBE. Reglurnar öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

I. VIÐAUKI

1. Skilgreiningar og tákn fyrir hugtök sem eru notuð í þessum viðauka.

1.1. Flotspenna.

Að því er tekur til reglna þessara skulu gildi flotspennu sem notuð eru við útreikning á þeim hlutum hylkisins sem eru undir þrýstingi vera sem hér segir:

— þegar stálið hefur ekki neðri og efri flotmörk skal nota lágmarksgildi venjulegra flotmarka $R_{p\,0,2}$;

— þegar stálið hefur neðri og efri flotmörk skal nota gildið:

— R_{eL}

— $R_{eH} \times 0,92$ eða

— $R_{p\,0,2}$.

1.2. Sprengiþrýstingur.

Í þessari tilskipun merkir „sprengiþrýstingur“ þrýsting sem veldur flotástandi efnis, þ.e. hámarksþrýstingur við sprengiþrýstingsprófun.

1.3. Tákn.

Merking tákna sem notuð eru í þessum viðauka er sem hér segir:

P_h = vökvaprófunarþrýstingur, í börum;

P_r = sprengiþrýstingur hylkis, mældur við sprengiprófun, í börum;

P_{rt} = reiknaður minnsti fræðilegur sprengiþrýstingur, í börum;

R_e = gildi flotspennu sem í samræmi við lið 1.1. er notuð við ákvörðun gildisins R, sem notað er við útreikning á hlutum undir þrýstingi, í N/mm^2;

R_{eL}= lágmarksgildi neðri flotmarka, sem framleiðandi hylkisins ábyrgist, í N/mm^2;

R_{eH}= lágmarksgildi efri flotmarka, sem framleiðandi hylkisins ábyrgist, í N/mm^2;

$R_{p\,0,2}$= venjuleg flotmörk, 0,2%, sem framleiðandi ábyrgist, í N/mm^2; Venjuleg flotmörk er spennan sem veldur varanlegri lengingu sem nemur 0,2% af upphaflegri mældri lengd.

R_m = lágmarksgildi togþols, sem framleiðandi hylkisins ábyrgist, í N/mm^2;

a = reiknuð lágmarksþykkt í sívalningshluta hylkisins, í mm;

D = ytra nafnþvermál hylkisins, í mm;

d = þvermál beygjuöxuls fyrir beygjuprófun, í mm.

R_{mt}= raunverulegt togþol, í N/mm^2;

1.4. Jöfnun (normalization).

Hugtakið „jöfnun" er notað í reglum þessum samkvæmt skilgreiningu í 68. mgr. Evrópustaðla (EURONORM) 52 - 83.

Eftir jöfnun má beita temprun við jafnt hitastig undir neðri umbreytingarmörkum stálsins (Ac1).

1.5. Hersla og temprun.

Hugtakið „hersla og temprun" er notað um hitameðferð sem er í því fólgin að fullbúið hylki er hitað þar til það hefur náð föstu hitastigi yfir efri umbreytingarmörkum stálsins (Ac3). Þá er hylkið kælt á hraða sem ekki má vera meiri en 80% af kælingarhraða í vatni við 20°C og síðan hitað aftur þar til það hefur náð föstu hitastigi sem liggur undir neðri umbreytingarmörkum stálsins (Ac1).
Hitameðferðin skal framkvæmd á þann hátt að ekki myndist sprungur í hylkinu. Ekki má herða hylki í vatni án íblöndunarefna.

2. Tæknilegar kröfur.

2.1. Stál.

2.1.1. Stál er skilgreint samkvæmt framleiðsluaðferð, efnasamsetningu og hitameðferðinni sem beitt er á fullbúin hylki og aflfræðilegum eiginleikum þess. Framleiðandinn gefur upplýsingar þar að lútandi með tilliti til þeirra krafna sem eru tilgreindar hér á eftir. Allar breytingar á slíkum upplýsingum teljast til breytinga á gerð efnisins að því er varðar EBE-mynsturviðurkenningu.

a) Framleiðsluaðferð:
Framleiðsluaðferðin er skilgreind með vísun til framleiðsluferlisins (til dæmis ofn með opnum eldi, súrefnisbreytir, rafmagnsofn) og aðferðin sem er notuð við að róa stálið.

b) Efnasamsetning:
Um efnasamsetningu skal koma fram að minnsta kosti:

— brennisteins- og fosfórmagn að hámarki,

— kolefnis-, mangan- og kísilmagn,

— nikkel-, króm-, mólybden- og vanadinmagn þegar þessi efni eru notuð sem íblöndunarefni.

Magn kolefnis, mangans, kísils og, eftir því sem við á , nikkels, króms, mólybdens og vanadíns skal gefið upp með nægilega miklum frávikum til að munurinn milli hámarks- og lágmarksgilda í hverri steypu fari ekki yfir:

— kolefni:
— 0,06 % þegar hámarksmagn er innan við 0,30 %,
— 0,07 % þegar hámarksmagn er 0,30 % eða þar yfir;

— mangan og kísill:
— 0,30 %;

— króm:
— 0,30 % þegar hámarksmagn er innan við 1,5 %,
— 0,50 % þegar hámarksmagn er 1,5% eða þar yfir;

— nikkel:
— 0,40 %;

— mólýbden:
— 0,15 %;

— vanadín:
— 0,10 %;

c) Hitameðferð:
Hitameðferðin er skilgreind samkvæmt hitastigi, tímalengd við það hitastig og eðli kælimiðilsins sem er notaður á hverju einstöku stigi meðferðarinnar (jöfnun, hvort sem á eftir fer temprun eða hersla og temprun).
Hitastig við ástenítmyndun áður en hersla eða jöfnun fer fram skal ákveðið með 35°C frávikum í plús eða mínus.
Það sama gildir um hitastig við temprun.

2.1.2. Skilyrði sem þarf að uppfylla:
Stálið sem er notað skal vera fullróað stál og öldrunarþolið. Setja skal fullbúið hylki í heilu lagi í hitameðferð, sem getur verið jöfnun, með eða án eftirfarandi temprunar eða hersla og temprun. Brennisteins- og fosfórmagn í steypunni má ekki vera umfram 0,0035 % af hvoru um sig og ekki umfram 0,6 % samanlagt. Brennisteins- og fosfórmagn í framleiðslunni má ekki vera umfram 0,04 % af hvoru um sig og ekki umfram 0,07 % samanlagt.

2.1.3. Framleiðandi má ekki nota stál í skilningi 2.1.1 til framleiðslu á saumlausum hylkjum nema aðildarríki hafi veitt til þess samþykki sitt. Sérhvert aðildarríki skal láta öðrum aðildarríkjum sem æskja þess í té skrá yfir efni sem eru notuð á yfirráðasvæði þess til framleiðslu á hylkjunum sem reglur þessar taka til.

2.1.4. Sá kostur skal vera fyrir hendi að framkvæma óháða greiningu, einkum í þeim tilgangi að athuga hvort brennisteins- og fosfórmagn sé í samræmi við kröfurnar í lið 2.1.2. Í slíkri greiningu skulu annaðhvort notuð sýni sem tekin eru úr hálfunninni vöru, eins og henni er skilað til framleiðanda hylkjanna frá stálframleiðanda, eða úr fullgerðum hylkjum.

Þegar tekið er sýni úr hylki er leyfilegt að taka það úr einum af þeim hylkjum sem áður hafa verið valin í aflfræðiprófunina sem fjallað er um í 3.1 eða í sprengiþrýstingsprófunina sem fjallað er um í 3.2.

2.2. *Útreikningur á hlutum undir þrýstingi.*

2.2.1. Lágmarksþykkt sívalnings skal að minnsta kosti vera jöfn hæsta gildi eftirfarandi jafna:

— $$a = \frac{P_h \cdot D}{\frac{20\,R}{4/3} + P_h}$$

þar sem R er lægra gildið af þeim tveimur sem fara hér á eftir:

1) R_e;

2) $0{,}75 \times R_m$, fyrir jöfnuð eða jöfnuð og tempruð hylki, $0{,}85 \times R_m$, fyrir hert og tempruð hylki.

— $$a = \frac{D}{250} + 1\ \text{mm}$$

— $$a = 1{,}5\ \text{mm}$$

2.2.2. Ef kúptur endi er smíðaður á hylkið skal þykkt hans, mæld í miðju, vera að minnsta kosti 1,5a.

2.2.3. Íhvolfur botn hylkis má ekki vera undir 2a að þykkt innan þess hrings sem hylkið stendur á.

2.2.4. Til að ná fullnægjandi álagsdreifingu skal þykkt sívalnings aukast jafnt og þétt á mótum sívalnings og botns.

2.3. *Smíði og frágangur.*

2.3.1. Framleiðandi skal athuga þykkt hvers hylkis og ástand yfirborðs að utan- og innanverðu til að ganga úr skugga um að:

— þykkt veggjanna sé hvergi minni en tilgreint er á teikningu,

— ekki séu gallar í yfirborði hylkisins að utan- eða innanverðu sem gætu dregið úr öryggi við notkun þess.

2.3.2. Ávali sívalningsins, mældur sem mismunur milli stærsta og minnsta ytra þvermáls í sama þversniði má ekki vera meiri en 1,5% af meðaltali þessara þvermála.

Frávik frá réttri lengd sívalningshluta hylkisins má ekki fara yfir 3 mm á hvern lengdarmetra.

2.3.3. Ef botnhringir eru á hylkjum verða þeir að vera nægilega sterkir og úr efni sem með tilliti til tæringar er hægt að nota með þeirri gerð efnis sem hylkin eru búin til úr. Lögun botnhrings skal vera þannig að hylkin verði nægilega stöðug. Botnhringir mega ekki vera þannig að vatn geti safnast fyrir milli hrings og hylkis.

3. Prófanir.

3.1. Aflfræðilegar prófanir.

3.1.1. Almennar kröfur.

3.1.1.1. Ef annað er ekki tekið fram í reglum þessum eru aflfræðilegar prófanir gerðar í samræmi við eftirfarandi Evrópustaðla (EURONORM):

EVRÓPUSTAÐLAR 2–80 : togþolsprófun á stáli;

EVRÓPUSTAÐLAR 3–79 : Brinell-hörkuprófun;

EVRÓPUSTAÐLAR 6–55 : beygjuprófun á stáli;

EVRÓPUSTAÐLAR 11–80 : togþolsprófun fyrir stálplötur og stálbönd undir 3 mm þykkt;

EVRÓPUSTAÐLAR 12–55 : beygjuprófun fyrir stálplötur og stálbönd undir 3 mm þykkt.

EVRÓPUSTAÐLAR 45–63 : höggþolsprófun á prófunarstöng með V-laga rauf og sem hvílir á tveimur undirstöðum.

3.1.1.2. Nota skal efni sem tekið er úr fullbúnum hylkjum í allar aflfræðilegar prófanir til eftirlits með gæðum stálsins.

3.1.2. Tegundir prófana og prófunarviðmið.

Setja skal öll prófunarhylki í eina togþolsprófun á langveginn, fjórar beygjuprófanir á hringferli og, ef þykkt hliðarveggja leyfir að teknir séu að minnsta kosti 5 mm breiðir prófunarhlutar, þrjár höggþolsprófanir. Prófunarhlutarnir skulu teknir á þverveginn; ef þykkt og/eða umfang hylkisins leyfir hins vegar ekki að teknir séu 5 mm breiðir prófunarhlutar á þverveginn skal höggþolsprófun framkvæmd á prófunarhlutum á langveginn.

3.1.2.1. Togþolsprófun.

3.1.2.1.1. Prófunarhlutinn skal vera í samræmi við ákvæði:

— 4. kafla EVRÓPUSTAÐLA 2–80 þegar þykkt hans er 3 mm eða þar yfir,

— 4. kafla EVRÓPUSTAÐLA 11–80 þegar þykkt hans er undir 3 mm. Í því tilviki skal prófunarhlutinn vera 12,5 mm breiður og 50 mm langur, óháð þykkt efnisins.

3.1.2.1.2. Hliðarnar tvær á prófunarhlutanum, sem svara til veggja hylkisins að innan- og utanverðu mega ekki vera vélslípaðar.

3.1.2.1.3. Brotlenging, tilgreind í prósentum, má ekki vera minni en:

$$\frac{25 \cdot 10^3}{2\,R_{mt}}$$

Brotlenging má undir engum kringumstæðum vera minni en:

— 14 %, þegar prófunin er framkvæmd í samræmi við EVRÓPUSTAÐLA 2 – 80,

— 11 %, þegar prófunin er framkvæmd í samræmi við EVRÓPUSTAÐLA 11 – 80,

3.1.2.1.4. Gildið sem fæst fyrir togþol má ekki vera minna en R_m.

Flotspenna, sem er ákvörðuð um leið og togþolsprófun fer fram, skal vera sú spenna sem notuð er við útreikninga á hylkjum í samræmi við 1.1. Efri flotmörk eru fundin út frá töflunni yfir álag/lengingu eða með einhverri annarri jafn nákvæmri aðferð.

Gildið er fæst sem flotspenna skal eftir atvikum vera stærra eða jafnt og R_{eH}, R_{eL}, $R_{p\,0,2}$.

3.1.2.2. Beygjuprófun.

3.1.2.2.1. Við beygjuprófun eru notaðir prófunarhlutar sem eru teknir þannig að 25 mm breiður hringur er skorinn í tvo jafnlanga hluta. Þessir hlutar mega ekki vera vélslípaðir nema á skurðfletinum. Hliðarnar tvær á prófunarhlutunum, sem svara til veggja hylkisins að utan- og innanverðu, mega ekki vera vélslípaðir.

3.1.2.2.2. Við beygjuprófun er notaður beygjuöxull með þvermálið d og tveir sívalningar og skal fjarlægðin á milli þeirra vera d + 3a.

Við prófun skal innri hlið hringsins snúa að beygjuöxlinum.

3.1.2.2.3. Prófunarhlutinn má ekki brotna þegar hann er beygður saman áður en bilið milli innanverðra hliða hans er orðið jafnt þvermáli beygjuöxulsins (sjá skýringarmynd í III. viðauka).

3.1.2.2.4. Hlutfallið (n) milli þvermáls beygjuöxulsins og þykktar prófunarhlutans má ekki vera hærra en gildin sem gefin eru upp í eftirfarandi töflu:

Virkt togþol R_{mt} í N/mm^2	Gildi n
Til og með 440	2
Yfir 440 til og með 520	3
Yfir 520 til og með 600	4
Yfir 600 til og með 700	5
Yfir 700 til og með 800	6
Yfir 800 til og með 900	7
Yfir 900	8

3.1.2.3. Höggþolsprófun.

3.1.2.3.1. Við höggþolsprófun er notaður prófunarhluti af gerð EVRÓPUSTAÐLA 45 – 63.

Höggþolsprófun skal framkvæmd við –20°C.

Raufin er höfð hornrétt á yfirborð hylkisins.

Prófunarhluta sem eru höggþolsprófaðir má ekki rétta og skulu allir sex fletirnir vera vélslípaðir, en aðeins að því marki sem nauðsynlegt er til að fá fletina slétta.

3.1.2.3.2. Meðalgildi höggþols, svo og hvert einstakt gildi sem fæst við þrjár höggþolsprófanir á langveginn eða þverveginn, má ekki vera minna en samsvarandi gildi sem er gefið upp í eftirfarandi töflu í J/cm^2:

	Stál þar sem R_m er að hámarki 650 N/mm^2		Stál þar sem R_m er yfir 650 N/mm^2	
	langsum	þversum	langsum	þversum
Meðalgildi þriggja prófunarhluta	33	17	50	25
Hvert einstakt gildi	26	13	40	20

3.2. Sprengiprófun með vökvaþrýstingi.

3.2.1. Prófunarskilyrði.

Hylki sem eru sett í þessa prófun skulu merkt á þann hátt sem tilgreint er í 6. lið.

3.2.1.1. Sprengiprófun með vökvaþrýstingi skal framkvæmd á tveimur stigum, hvoru á eftir öðru, með prófunarbúnaði sem eykur þrýstinginn í hylkjunum jafnt og þétt þar til hann springur og skráir jafnframt kúrfu þrýstings og tíma. Prófunin skal framkvæmd við stofuhita.

3.2.1.2. Á fyrra stiginu skal þrýstingur aukinn jafnt upp að því marki sem flotbjögun hefst. Þessi aukning má ekki vera meiri en 5 bör á sekúndu.

Frá því marki sem flotbjögun hefst (annað stig) má vinnsla dælunnar ekki vera meiri en sem nemur tvöfaldri vinnslu hennar á fyrsta stigi og skal hún haldast óbreytt þar til hylkið springur.

3.2.2. Túlkun prófunar.

3.2.2.1. Túlkun sprengiþrýstingsprófunar tekur til eftirfarandi:

— athugunar á ferli þrýstings/tíma til að ákvarða sprengiþrýstinginn,

— athugunar á brotinu og lögun kantanna,

— athugunar á því hvort botn hylkja með íhvolfan botn hafi snúist við.

3.2.2.2. Mældur sprengiþrýstingur (P_r) skal vera meiri en sem nemur útkomunni úr:

$$P_{rt} = \frac{20a\,R_m}{D - a}$$

3.2.2.3. Sprengiprófunin má ekki valda því að hylkið splundrist.

3.2.2.4. Aðalbrotið má ekki vera stökkt, þ.e. sárið má ekki mynda rétt horn við yfirborðið, heldur skal það mynda horn við þversniðið og dragast saman.

Brot telst einungis fullnægjandi ef það uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

1. Á hylkjum þar sem þykktin „a“ fer ekki yfir 7,5 mm:

   a) skal meirihluti brotsins augljóslega vera á langveginn;

   b) skal brotið ekki margkvíslast;

   c) skal brotið ekki ná lengra en 90° af hringsniði hylkisins á hvora hlið frá aðalbrotinu;

   d) skal brotið ekki ná til þeirra hluta hylkisins sem eru meira en 1,5 sinnum þykkari en mesta þykkt, mæld á miðjum sívalningshlutanum;

   e) skal brot hylkis með kúptum botni ekki ná inn á miðjan botn.

Þó þarf ekki að uppfylla skilyrðin í (d)-lið:

a) þegar um er að ræða brot í öxl eða kúptum botni og brotið nær ekki til þeirra hluta hylkisins sem hafa þvermál sem er innan við 0,75 sinnum nafnþvermál utanverðs hylkisins;

b) þegar um er að ræða hylki með íhvolfum botni og fjarlægðin milli ysta hluta brotsins og botnhrings hylkisins er meiri en 5 sinnum þykktin „a“.

2. Á hylkinu þar sem þykktin „a“ er meiri en 7,5 mm skal meirihluti brotsins augljóslega vera á langveginn.

3.2.2.5. Í brotinu skulu ekki sjást neinir augljósir efnisgallar.

3.3. Prófun með sveifluþrýstingi.

3.3.1. Hylki sem eru sett í þessa prófun skulu merkt samkvæmt fyrirmælunum í 6. lið.

3.3.2. Prófunin, en í henni er notaður vökvi sem hefur ekki ætingu í för með sér, skal framkvæmd á tveimur hylkjum sem framleiðandi ábyrgist að séu í samræmi við þau lágmarksgildi sem ákveðin eru við hönnun þeirra.

3.3.3. Þessi prófun er framkvæmd með sveifluþrýstingi. Hámarkssveifluþrýstingur skal annaðhvort vera jafn P_h eða tveir þriðju þar af.

Lágmarkssveifluþrýstingur má ekki fara yfir 10% af hámarkssveifluþrýstingi.

Lágmarkssveiflufjöldi og hámarkstíðni prófana eru gefin upp í eftirfarandi töflu:

Hámarksþrýstingur	P_h	$2/3P_h$
Lágmarks-sveiflufjöldi	12 000	80 000
Hámarks-sveiflutíðni á mínútu	5	12

Hiti má ekki fara yfir 50°C á ytra borði hylkisins meðan á prófun stendur.

Prófunin telst fullnægjandi ef hylkið þolir tilskilinn sveiflufjölda án þess að leki komi fram.

3.4. Vökvaþrýstingsprófun.

3.4.1. Vatnsþrýstingur í hylkinu skal aukast jafnt og þétt þar til þrýstingnum P_h er náð.

3.4.2. Hylkinu skal haldið undir þrýstingnum P_h nógu lengi til að fá vissu fyrir því að þrýstingurinn haldist óbreyttur og að enginn leki eigi sér stað.

3.4.3. Að prófun lokinni mega ekki sjást neinar varanlegar útlitsbreytingar á hylkinu.

3.4.4. Prófunarhylki sem standast ekki prófunarkröfur skulu tekin úr notkun.

3.5. *Athugun á einsleitni hylkis.*

Í þessari prófun er gengið úr skugga um að ekki sé meiri munur en 25 HB á hörku einhverra tveggja staða á ytra borði hylkisins. Athugunin er framkvæmd á tveimur reitum þvert yfir hylkin nálægt efri og neðri kanti, á fjórum stöðum með jöfnu millibili.

3.6. *Athugun á einsleitni framleiðslulotu.*

Þessi prófun, sem framleiðandi framkvæmir, felur í sér að athugað er, með hörkuprófunaraðferðum eða öðrum heppilegum aðferðum, hvort mistök hafi átt sér stað í vali efnis (stálplötur, stangir, rör) eða við hitameðferð. Þó er ekki nauðsynlegt að framkvæma þessa prófun á hverju einstöku hylki þegar um er að ræða hylki sem hafa verið jöfnuð en ekki tempruð.

3.7. *Athugun á botni.*

Geiri er afmarkaður úr hringsniði botns á hylki og slípaður og rannsakaður við fimm- til tífalda stækkun.

Hylkið telst gallað ef einhverjar sprungur finnast. Það sama gildir ef holur eða ójöfnur finnast af þeirri stærð að það teljist ógna öryggi.

4. *EBE-mynsturviðurkenning.*

Tilteknar tegundir hylkja geta einnig fengið EBE-mynsturviðurkenninguna sem um getur í 4. gr. reglnanna.

„Tegund hylkja" eru hylki frá sömu verksmiðju sem eru einungis af mismunandi lengd, innan eftirtalinna marka:

— lágmarkslengd má ekki vera minni en þrefalt þvermál hylkisins að utanverðu,

— hámarkslengd má ekki vera meiri en 1,5 sinnum lengd prófunarhylkisins.

4.1. Umsækjandi um EBE-mynsturviðurkenningu skal leggja fram skjöl fyrir hverja einstaka tegund hylkja sem nauðsynleg eru vegna þeirra athugana sem er lýst hér á eftir og láta aðildarríkinu í té 50 hylkja framleiðslulotu sem úr verður valinn sá fjöldi hylkja sem krafist er fyrir prófanirnar sem um getur í sömu málsgrein, ásamt hvers konar viðbótarupplýsingum sem aðildarríkið kann að krefjast. Umsækjandi skal tiltaka hitameðferðina sem notuð var, hitastig og lengd meðferðar. Hann skal útvega og leggja fram vottorð um greiningu á steypu stálsins sem notað hefur verið við framleiðslu hylkjanna.

4.2. Við EBE-mynsturviðurkenningu skal aðildarríkið:

4.2.1. ganga úr skugga um að:

— útreikningarnir sem eru tilgreindir í 2.3 séu réttir,

— þykkt veggja tveggja prófunarhylkja standist kröfurnar í 2.2, mælingarnar séu gerðar á þremur reitum þvert yfir hylkið og á öllu ummáli botns og axla á langveginn,

— skilyrðunum sem tilgreind eru í 2.1 og 2.3.3 sé fullnægt,

— öll hylki sem aðildarríkið velur úr uppfylli kröfurnar í 2.3.2,

— innra og ytra borð hylkjanna sé laust við alla galla sem geta gert þau ótraust;

4.2.2. framkvæma eftirfarandi prófanir á völdum hylkjum:

— prófanirnar sem eru tilgreindar í 3.1, á tveimur hylkjum; þó skulu togþolsprófanir á langveginn og beygjuprófanir á hylkjum sem eru 1 500 mm að lengd eða þar yfir framkvæmdar á prófunarhlutum sem teknir eru úr efsta og neðsta hluta hylkisins,

— prófunina sem er tilgreind í 3.2, á tveimur hylkjum,

— prófunina sem er tilgreind í 3.3, á tveimur hylkjum,

— prófunina sem er tilgreind í 3.5, á einu hylki,

— prófunina sem er tilgreind í 3.7, á öllu úrtakinu.

4.3. Ef niðurstöður athugananna eru fullnægjandi gefur aðildarríkið út vottorð um EBE-mynsturviðurkenningu samkvæmt fyrirmynd í IV. viðauka.

5. *EBE-sannprófun.*

5.1. Við EBE-sannprófun skal framleiðandi hylkja:

5.1.1. láta skoðunaraðila í té vottorð um mynsturviðurkenningu;

5.1.2. láta skoðunaraðila í té vottorð varðandi greiningu stálsins sem notað var við framleiðslu hylkjanna;

5.1.3. geta borið kennsl á þá tegund stáls sem hvert hylki er gert úr;

5.1.4. láta skoðunaraðila í té skjöl er varða hitameðferð og nauðsynleg eru til að votta að hylkin sem frá honum koma séu annaðhvort jöfnuð eða hert og tempruð og taka fram hvaða aðferð var beitt;

5.1.5. láta skoðunaraðila í té skrá yfir hylki þar sem fram koma númer og áletranir sem greint er frá í 6. lið.

5.2. *Við EBE-sannprófun:*

5.2.1. skal skoðunaraðili:

— ganga úr skugga um að vottorð um EBE-mynsturviðurkenningu sé fyrir hendi og að hylkin séu í samræmi við það,

— athuga skjöl þar sem gefnar eru upplýsingar um efnið í hylkjunum,

— athuga hvort tæknilegar kröfur sem eru settar fram í 2. lið hafi verið uppfylltar, einkum með því að skoða hylkin að utanverðu og innanverðu, ef því verður við komið, og athuga hvort smíði hylkjanna svo og athuganir sem framleiðandi sér um að framkvæma í samræmi við 2.3.1 séu fullnægjandi; skoðunin skal að minnsta kosti ná til 10% af hylkjunum sem valin eru til skoðunar,

— framkvæma prófanirnar sem eru tilgreindar í 3.1 og 3.2,

— athuga hvort upplýsingarnar frá framleiðanda í skránni sem um getur í 5.1.5 séu réttar; það skal gert með slembiathugun,

— meta niðurstöður athugana á einsleitni framleiðslulotu, sem framleiðandi framkvæmir í samræmi við 3.6.

Ef niðurstöður athugananna eru fullnægjandi skal skoðunaraðili gefa út EBE-sannprófunarvottorð samkvæmt fyrirmyndinni í V. viðauka.

5.2.2. Við framkvæmd prófananna tveggja sem lýst er í 3.1 og 3.2 skal taka tvö hylki af handahófi úr hverri 202 hylkja framleiðslulotu eða hluta af lotu sem hefur verið framleidd úr sömu lögun og fengið tilskilda hitameðferð við sömu skilyrði.
Annað hylkið er sett í prófanirnar sem lýst er í 3.1 (aflfræðiprófanir) og hitt í prófunina sem mælt er fyrir um í 3.2 (sprengiprófun). Ef í ljós kemur að prófun hefur ekki verið framkvæmd á réttan hátt eða villa hefur verið gerð við mælingu skal endurtaka prófunina.

Ef ein eða fleiri prófanir reynast á einhvern hátt ófullnægjandi skal framleiðandi grafast fyrir um orsök þess undir eftirliti skoðunaraðila.

5.2.2.1. Ef gallinn er ekki af völdum hitameðferðarinnar skal taka framleiðslulotuna úr umferð.

5.2.2.2. Ef gallinn er af völdum hitameðferðarinnar getur framleiðandi endurtekið hitameðferð á öllum hylkjum úr framleiðslulotunni.

Eftir endurtekna hitameðferð:

— skal framleiðandi framkvæma prófunina sem lýst er í 3.6,

— skal skoðunaraðili framkvæma allar prófanir sem lýst er í fyrstu og annarri málsgrein í 5.2.2.

Ef hylkin eru sett í endurtekna hitameðferð eða ef niðurstöður athugana og prófana sem framkvæmdar eru að lokinni endurtekinni hitameðferð fullnægja ekki kröfum reglna þessara skal taka framleiðslulotuna úr umferð.

5.2.3. Val á sýnum og allar prófanir skal framkvæma í viðurvist og undir leiðsögn fulltrúa skoðunaraðilans.

5.2.4. Þegar allar tilskildar prófanir hafa verið framkvæmdar skulu öll hylki í framleiðslulotunni sett í vökvaþrýstingsprófunina sem lýst er í 3.4 í viðurvist og undir leiðsögn fulltrúa skoðunaraðilans.

5.3. Undanþága frá EBE-sannprófun.

Séu hylki undanþegin EBE-sannprófun samkvæmt 4. gr. reglna þessara eru allar prófanir og skoðunaraðgerðir sem lýst er í 5.2 framkvæmdar af framleiðanda og á hans ábyrgð.

Framleiðandinn skal láta skoðunaraðila í té öll skjöl og prófunar- og skoðunarskýrslur.

6. Merki og áletranir.

Merkjunum og áletrununum sem getið er um í reglum þessum skulu fest á axlir hylkisins þannig að þau séu greinileg, læsileg og óafmáanleg.

Þegar um er að ræða hylki með 15 lítra rúmtaki að hámarki má þrykkja merkjum og áletrunum annaðhvort á axlir hylkisins eða einhvern annan stað þar sem efnið er nægilega þykkt.

Í II. viðauka er skýringarmynd með dæmum um merki og áletranir.

6.1. Merkingar.

Þrátt fyrir kröfurnar í 3. lið í I. viðauka reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) skal framleiðandinn setja EBE-mynsturviðurkenningarmerkin á í þeirri röð sem hér segir:

— á hylki sem eiga að fá EBE-mynsturviðurkenningu og EBE-sannprófun samkvæmt 4. gr. reglna þessara:

  — stílfærði stafurinn, CE

  — raðnúmerið 1 sem táknar reglur þessar,

  — hástafir, einn eða fleiri, sem tákna ríkið sem hefur veitt EBE-mynsturviðurkenningu og árið þegar það var gert, táknað með tveimur síðustu stöfunum í ártalinu,

  — númer EBE-mynsturviðurkenningar (t.d. CE 1 D 79 45);

— hylki sem eru undanskyldir EBE-sannprófun samkvæmt 4. gr. reglna þessara:

  — stílfærði stafurinn CE innan í sexhyrningi,

  — raðnúmerið 1 sem táknar reglur þessar,

  — hástafir, einn eða fleiri, sem tákna ríkið sem hefur veitt EBE-mynsturviðurkenningu og árið þegar það var gert, táknað með tveimur síðustu stöfunum í ártalinu,

  — númer EBE-mynsturviðurkenningar (t.d. 1 D 79 54).

Þrátt fyrir kröfurnar í 3. lið í II. viðauka reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) skal skoðunaraðili setja EBE-sannprófunarmerkin á í þeirri röð sem hér segir:

— lágstafurinn „e“,

— hástafir, einn eða fleiri, sem tákna ríkið þar sem sannprófunin fer fram ásamt einum eða tveimur tölustöfum, eftir því sem við á, sem tákna frekari svæðaskiptingu,

— merki skoðunaraðilans, fest af þeim sem framkvæmir skoðunina, ásamt merki hans sjálfs eftir atvikum,

— sexhyrningur,

— dagsetning sannprófunar: ár, mánuður (t.d. e D × ⬡ 80/01).

6.2. *Áletranir varðandi smíði.*

6.2.1. um stálið:

— tölu sem útreikningarnir eru byggðir á og gefur til kynna gildi R tilgreint í N/mm^2;

— táknið N (jafnað hylki eða jafnað og temprað) eða táknið T (hert og temprað hylki);

6.2.2. um vökvaþrýstingsprófunina:
gildi prófunarþrýstings í börum og þar á eftir orðið „bar“;

6.2.3. um gerð hylkis:

massi hylkisins í kílógrömmum, þar með taldir allir áfastir hlutar að frátöldum loka, og lágmarksrúmtak í lítrum, sem framleiðandi hylkisins ábyrgist; tilgreina skal massa og rúmtak með einum aukastaf. Gildi fyrir massa er hækkað upp en gildi fyrir rúmtak er lækkað;

6.2.4. um uppruna:

hástafir, einn eða fleiri, sem gefa til kynna upprunaland og þar á eftir merki framleiðanda og raðnúmer.

II. VIÐAUKI


EBE-sannprófunarmerki og -tákn
Raðnúmer
Lágmarksrúmtak í lítrum sem framleiðandi ábyrgist
Massi tóms hólks í kg
Prófunarþrýstingur í börum
Upprunaland
Merki framleiðanda
Gildi á R í N/mm²
EBE-mynsturviðurkenning
80/01
eD 248
123456
bar
225
CTC
2D7945F
275

III. VIÐAUKI

Skýringarmynd af beygjuprófun



IV. VIÐAUKI

Vottorð um EBE-mynsturviðurkenningu

Útgefið af .....á grundvelli
(Aðildarríki)

.....
(Innlendar reglur)

um beitingu reglna varðandi:

SAUMLAUS GASHYLKI ÚR STÁLI

EBE-viðurkenningar nr. .....Dags.....

Tegund hylkis .....
(Lýsing á þeirri tegund hylkja sem fá EBE-viðurkenningu)

P_h .....D .....a .....

L_{min} .....L_{max} .....V_{min} .....V_{max} .....

Framleiðandi eða umboðsmaður .....
(Nafn og heimilisfang framleiðanda eða umboðsmanns)

.....

.....

.....

EBE-mynsturviðurkenningarmerki Ɛ ..... ⟨Ɛ⟩ .....

Niðurstöður rannsóknar vegna EBE-mynsturviðurkenningar og helstu einkenni mynsturs eru tilgreind í viðauka með þessu vottorði.

Allar upplýsingar fást hjá .....
(Nafn og heimilisfang samþykktaraðila)
.....
.....
.....

Gefið út þann ..... í .....

.....
(Undirskrift)

.....
(Undirskrift)

Tæknilegur viðauki við EBE-mynsturviðurkenningarvottorð.

1. Niðurstöður EBE-mynsturprófunar með tilliti til EBE-viðurkenningar.

2. Helstu einkenni mynstursins, einkum:

   — langsnið þeirrar gerðar hylkja sem hafa fengið mynsturviðurkenningu þar sem tekið er fram:

   — ytra nafnþvermál, D,

   — lágmarksþykkt sívalnings, a,

   — lágmarksþykkt botns og axla,

   — lágmarks- og hámarkslengd(ir), L_{min}, L_{max};

   — rúmtak, V_{min}, V_{max};

   — þrýstingur, P_h;

   — nafn framleiðanda/númer teikningar og dagsetning;

   — heiti hylkisgerðar;

   — upplýsingar um stálið í samræmi við lið 2.1 (gerð /efnasamsetning /framleiðsluaðferð /hitameðferð/ aflfræðieiginleikar samkvæmt ábyrgð (togþol – flotmörk)).

V. VIÐAUKI
SÝNISHORN.

Vottorð um EBE-sannprófun.

Beiting reglna um saumlaus gashylki úr stáli.

Skoðunaraðili.....

.....

Dagsetning.....

Númer EBE-mynsturviðurkenningar .....

Lýsing á hylkjunum .....

.....

Númer EBE-sannprófunar .....

Númer framleiðslulotu, frá ..... til .....

Framleiðandi .....

.....

.....

(Nafn og heimilisfang)

Land .....Merki .....

Eigandi .....

.....

.....

(Nafn og heimilisfang)

Viðskiptaaðili .....

.....

.....

(Nafn og heimilisfang)

Sannprófanir.

1. MÆLINGAR Á HYLKJUM Í ÚRTAKI.

Prófun nr.	Framleiðslulota frá nr. ..... til nr.	Rúmtak (lítrar)	Massi tómir (kg)	Lágmarksþykkt við mælingu	
				á hylki (mm)	á botni (mm)

2. AFLFRÆÐILEGAR PRÓFANIR Á HYLKJUM Í ÚRTAKI.

Prófun nr.	Hita-meðferð nr.	Togþolsprófun				Beygju-prófun við 180° án sprungu-myndunar	Sprengi-prófun m/ vökva-þrýstingi (bör)	Lýsing á brotinu (Lýsing eða meðfylgjandi skýringarmynd)
		Prófunar-hlutar samkvæmt EVRÓPU-STÖÐLUM a) 2 - 80 b) 11 - 80	Flot-mörk R_e (N/mm^2)	Tog-þol R_{mt} (N/mm^2)	Brot-lenging A (%)			
Leyfð lágmarksgildi								

Ég undirrituð/aður votta hér með að sannprófanir, prófanir og athuganir sem mælt er fyrir um í lið 5.2 í I. viðauka við reglur um saumlaus gashylki úr hreinu áli og álblöndu hafa verið framkvæmdar og gefið viðhlítandi niðurstöður.

Sérstakar athugasemdir .....

.....

.....

Almennar athugasemdir .....

.....

Dags ..... Staður .....

.....
(Undirskrift skoðunarmanns)

fyrir hönd .....
(Skoðunaraðili)

Félagsmálaráðuneytinu, 21. júní 1996.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REIKNINGUR

Þjóðhátíðarsjóðs fyrir árið 1995.

Rekstrarreikningur árið 1995

Gjöld:	Skýringar	1995
Styrkveitingar	2	6.000.000
– Leiðréttir styrkir f.f. ári		0
Ýmis kostnaður		248.970
Vaxtakostnaður á hlaupar.		0
Gjöld samtals		6.248.970
Fjármagnstekjur og (gjöld):		
Vextir af bankainnstæðum		42.103
Ágóði af sölu forsetamyntar 1995		600.000
Vextir og verðbætur spariskírteina		2.300.280
Tekjur v/sölu og spariskírteina		3.473.123
Niðurfelldir ósóttir styrkir		100.000
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga	1	–1.822.060
Fjármagnstekjur, nettó		4.693.446
Tekjur umfram gjöld (Tap)		(1.555.524)

Efnahagsreikningur 31. desember 1995

Eignir:	Skýringar	1995
Veltufjármunir:		
Bankainnstæða		385.643
Veltufjármunir samtals		385.643
Langtímakröfur:		
Spariskírteini ríkissjóðs		62.490.400
Langtímakröfur samtals		62.490.400
Eignir alls		62.876.043

Skuldir og eigið fé:	**Skýringar**	**1995**
Skammtímaskuldir:		
Óhafnar styrkveitingar		1.645.000
Skammtímaskuldir samtals		1.645.000
Höfuðstóll:		
Höfuðstóll 1. janúar 1994		61.144.507
Endurmat	1	1.822.060
Tekjur umfram gjöld (Tap)		(1.555.524)
Samtals		61.411.043
Skuldir og eigið fé alls		62.876.043

Skýringar með ársreikningi 1995

Reikningsskilaaðferðir

1. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reiknigsársins og breytingu þeirra á árinu, eru reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningurinn byggist á breytingu á vísitölu byggingarkostnaðar innan ársins. Staða peningalegra eigna og skulda í ársbyrjun og árslok er reiknuð til meðalverðlags ársins. Mismunur á þannig umreiknaðri stöðu í ársbyrjun, að viðbættri breytingu á árinu annars vegar og stöðunni í árslok hins vegar, myndar hækkanir verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 1.822.060,- og er sú fjárhæð færð til frádráttar fjármunatekjum.
   Hinar reiknuðu hækkanir eiga að endurspegla þá raunvirðisrýrnun sem verður á peningalegum eignum og skuldum við verðbólguaðstæður og mætt er með verðbótum og vöxtum. Færslan á sér því mótvægi í vaxtatekjum og verðbótum.

Vísitala í ársbyrjun	199,1
Meðalvísitala	203,1
Vísitala í árslok	205,1

2. Á árinu 1995 voru veittir 23 styrkir alls að fjárhæð 6.000.000,00 krónur. Eftirfarandi aðilar hlutu styrki:

Friðlýsingarsjóður v/Náttúruverndarráðs	kr.	1.500.000,00
Þjóðminjasafn Íslands	–	1.500.000,00
Bæjarhreppur A-Skaftafellssýslu	–	100.000,00
Djúpavogshreppur	–	150.000,00
Safnastofnun Austurlands	–	150.000,00
Kristján Víkingsson	–	50.000,00
Vesturgata 3 hf., Hlaðvarpinn	–	200.000,00
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	–	150.000,00
Heimilisiðnaðarfélag Íslands	–	150.000,00
Amtsbókasafnið á Akureyri	–	200.000,00
Minjasafn Egils Ólafssonar	–	100.000,00
Byggðasafn Akraness og nærsveita	–	150.000,00
Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn	–	150.000,00

Stafræna myndasafnið	–	150.000,00
Sjóminjasafnið á Eyrarbakka	–	100.000,00
Þjóðminjasafn Íslands	–	200.000,00
Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	–	150.000,00
María Karen Sigurðardóttir	–	200.000,00
Skaftárhreppur	–	150.000,00
Fuglaverndarfélag Íslands	–	50.000,00
Jón Kaldal	–	200.000,00
„Voices of Thules“	–	150.000,00
Kvenfélagið Iðja	–	100.000,00

Áritun endurskoðenda

Ársreikning þennan fyrir Þjóðhátíðarsjóð hefur stofnunin endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi fyrir árið 1995 og efnahagsreikningi 31. desember 1995 ásamt skýringum 1-2.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem taldar voru nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1995 og efnahag 31. desember 1995.

Ríkisendurskoðun, 2. maí 1996.

Sigurður Þórðarson.

Áritun stjórnar

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs staðfestir hér með ársreikning sjóðsins með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 1996.

Hulda Valtýsdóttir.

Björg Einarsdóttir. **Rannveig E. Hálfdánardóttir.**

Birgir Ísleifur Gunnarsson. **Björn Teitsson.**

Sveinbjörn Hafliðason.

REGLUR
um samsoðin gashylki úr hreinu stáli.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið, skilgreiningar og grundvallarreglur.

1. Reglur þessar gilda um samsoðin gashylki sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um samsoðin gashylki sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota almennings séu þeir ekki háðir öðrum lögum eða reglum.

2. Reglur þessar gilda um 0,5 til 150 lítra samsoðin gashylki úr hreinu stáli, sem eru 5 mm að þykkt eða þar undir, sett saman úr mörgum hlutum, hægt að endurfylla mörgum sinnum og eru til þess gerð að geyma og flytja í þeim samþjappaðar, fljótandi eða uppleystar lofttegundir, að undanskildum fljótandi lofttegundum við mjög lágt hitastig og asetýlen. Hönnunarþrýstingur (P_h) þessara hylkja má ekki vera hærri en 60 bör. Þessi gashylki verða hér á eftir nefnd *hylki.*

2. gr.

Í reglum þessum merkir *hylki af EBE-gerð* hylki sem er hannað og framleitt á þann hátt að það uppfylli kröfur reglna þessara og reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði).

3. gr.

Heimilt er að setja á markað hér á landi án takmarkana eða hindrana hylki sem eru í samræmi við kröfurnar í reglum um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) og þessum reglum og viðaukum við þær, sbr. þó 2. mgr 7. gr.

4. gr.

Öll hylki af EBE-gerð skulu mynsturviðurkennd, sbr. II. kafla reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði). Öll hylki af EBE-gerð eru háð EBE-sannprófun að undanskildum hylkjum sem hafa rúmtakið einn lítra eða minna.

5. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til að aðlaga tölul. 1, 2.1.1, 2.3, að undanskildum tölul. 2.3.3, 2.4, að undanskildum tölul. 2.4.1 og 2.4.2.1, 3.1.1, 3.1.2, 3.3, 3.4, 3.5, 5 að undanskildum tölul. 5.2.2 og 5.3, og 6. í I., II. og III. viðauka reglna þessara að tækniframförum skulu samþykktar samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði).

6. gr.

Málsmeðferð sé sem mælt er fyrir um í 17. gr. reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) getur gilt um tölul. 2.2, 2.3.2 og 3.4.1.1 í I. viðauka við þessar reglur.

II. KAFLI
Ýmis ákvæði.
7. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgst þá með því.

2. Nú hefur Vinnueftirlitið rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hætta af einhverri gerð búnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna. Er því þá heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

3. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/527/EBE, sem vísað er til í 5. tölul. VIII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

III. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.
8. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

IV. KAFLI
Refsiákvæði.
9. gr.

Brot á þessum reglum varða 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI
Gildistaka.
10. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 5 . tölul. VIII. kafla, II. viðauka samkvæmt tilskipun 84/527/EBE. Reglurnar öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

I. VIÐAUKI

1. HUGTÖK OG TÁKN SEM ERU NOTUÐ Í ÞESSUM VIÐAUKA.

1.1. Merking tákna sem notuð eru í þessum viðauka er sem hér segir:

P_h = vökvaprófunarþrýstingur (hönnunarþrýstingur), í börum;

P_r = sprengiþrýstingur hylkis, mældur við sprengiprófun, í börum;

P_{rt} = reiknaður minnsti fræðilegur sprengiþrýstingur, í börum;

R_e = lágmarksgildi flotspennu sem framleiðandi hylkisins ábyrgist á tilbúnum hylkjum, í N/mm^2;

R_m = lágmarkstogþol í samræmi við framleiðslustaðla samkvæmt ábyrgð, í N/mm^2;

R_{mt} = rétt togþol, í N/mm^2;

a = reiknuð lágmarksþykkt í sívalningshluta hylkisins, í mm;

b = reiknuð lágmarksþykkt kúptra enda, í mm;

D = ytra nafnþvermál hylkisins, í mm;

R = radíus bungunnar á kúptum botni miðað við innanmál, í mm;

r = radíus samskeyta á kúptum botni miðað við innanmál, í mm;

H = hæð á kúptum enda hylkis að utanverðu, í mm;

h = hæð sívalningshluta á kúptum botni, í mm;

L = lengd þess hluta hylkisins sem er undir þrýstingi, í mm;

A = brotlenging vinnsluefnisins, í %;

V_o = upphaflegt rúmtak hylkisins á því augnabliki þegar þrýstingur er aukinn í sprengiprófun, í lítrum;

V = endanlegt rúmtak hylkisins á því augnabliki sem hann springur, í lítrum;

Z = spennuminnkunarstuðull.

1.2. Í reglum þessum merkir „sprengiþrýstingur“ þrýsting sem veldur flotástandi efnis, þ.e. hámarksþrýsting við sprengiþrýstingsprófun.

1.3. JÖFNUN (NORMALIZATION).

Hugtakið „jöfnun" er notað í reglum þessum samkvæmt skilgreiningu í 68. málsgrein Evrópustaðla (EURONORM) 52 – 83.

1.4. AFGLÓÐUN.

Hugtakið „afglóðun" vísar til hitameðferðarinnar sem fullbúin hylki fá, þar sem þau eru hituð við hitastig undir neðri umbreytingarmörkum stálsins (A_{c1}) til að draga úr eigin spennu.

2. TÆKNILEGAR KRÖFUR.

2.1. EFNI.

2.1.1. Efni til framleiðslu á sívalningshluta hylkis sem þarf að standast álag skal vera stál eins og það er skilgreint í EVRÓPUSTÖÐLUM 120 – 83.

2.1.2. Allir hlutar hylkisins svo og þeir hlutar sem eru soðnir á hann verða að vera úr efnum sem geta samlagast hvert öðru.

2.1.3. Fylliefnin verða að geta sameinast stálinu og myndað suðu sem hefur sams konar eiginleika og þá sem eru tilteknir fyrir vinnsluefnið.

2.1.4. Framleiðandi hylkisins skal útvega og leggja fram vottorð um efnagreiningu stáls sem notað er við framleiðslu þeirra hluta sem eru undir þrýstingi.

2.1.5. Sá kostur skal vera fyrir hendi að framkvæma óháðar greiningar. Þær skal framkvæma á sýnum sem eru annaðhvort tekin úr efninu sem er afhent framleiðanda hylkjanna eða úr fullbúnum hylkjum.

2.1.6. Framleiðandinn skal láta skoðunaraðila í té niðurstöður málmefnisfræði- og aflfræðiprófana og greininga sem gerðar eru á suðunni og einnig skal hann leggja fram lýsingu á aðferðum og vinnuferli sem notað hefur verið við suðuna og getur talist dæmigert fyrir suðuvinnu við framleiðslu.

2.2. HITAMEÐFERÐ.

Hylki skulu koma frá framleiðanda annaðhvort jafnaðir eða afglóðaðir. Framleiðandinn skal færa sönnur á að hylkin hafi fengið hitameðferð eftir að allri suðu er lokið og tiltaka hvers konar hitameðferð hefur verið notuð. Staðbundin hitameðferð er ekki leyfð.

2.3. ÚTREIKNINGUR Á HLUTUM UNDIR ÞRÝSTINGI.

2.3.1. Þykkt sívalningshluta hylkis sem er undir þrýstingi má hvergi vera minni en útkoman úr eftirfarandi formúlu:

2.3.1.1. hylki sem eru ekki soðin eftir endilöngu:

$$a = \frac{P_h \cdot D}{20\frac{R_e}{4/3} + P_h}$$

2.3.1.2. hylki sem eru soðin eftir endilöngu:

$$a = \frac{P_h \cdot D}{20\frac{R_e}{4/3}Z + P_h}$$

þar sem Z er jafnt og:

— 0,85 þegar framleiðandinn framkvæmir röntgenrannsókn á suðunni á samskeytum, 100 mm út frá samskeytum í suðu á langveginn og 50 mm (25 mm á hvora hlið) í suðu á hringferlinum. Þessa röntgenrannsókn skal framkvæma á einu hylki sem valið er við upphaf og öðru hylki við lok hverrar vinnuvaktar á hverri vél;

— 1 þegar framleiðandinn velur hylki af handahófi og framkvæmir röntgenrannsókn á suðunni á samskeytum, 100 mm út frá samskeytum í suðu á langveginn og 50 mm (25 mm á hvora hlið) í suðu á hringferli.

Þessi rannsókn skal framkvæmd á 10% af öllum framleiddum hylkjum, völdum af handahófi.

Leiði þessar röntgenrannsóknir í ljós alvarlega galla, sem eru skilgreindir í lið 3.4.1.4, skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að rannsaka hylki viðkomandi framleiðslulotu og komast fyrir þá.

2.3.2. Mál og útreikningar á endum (sjá myndir í 1. viðbæti)

2.3.2.1. Endar hylkja verða að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

— „spunnir“endar
miðast við eftirfarandi: $0{,}003D \leq b \leq 0{,}08D$
$r \geq 0{,}1\ D$
$R \leq D$
$H \geq 0{,}18\ D$
$r \geq 2\ b$
$h \geq 4\ b$

— sporöskjulagaðir endar
miðast við eftirfarandi: $0{,}003\ D \leq b \leq 0{,}08\ D$
$H \geq 0{,}18\ D$
$h \geq 4\ b$

— hálfkúlulagaðir endar
miðast við eftirfarandi: $0{,}003\ D \leq b \leq 0{,}16\ D$

2.3.2.2. Þykkt þessara kúptu enda má hvergi vera minni en útkoman sem fæst við útreikning með eftirfarandi formúlu:

$$b = \frac{P_h \cdot D}{20\frac{R_e}{4/3}} C$$

Formstuðullinn C sem notaður er fyrir heila enda er gefinn upp í töflunni í 1. viðbæti.

Þó má nafnþykkt sívalningshluta endanna ekki vera minni en nafnþykkt sívalningshluta hylkisins.

2.3.3. Nafnþykkt sívalningshluta hylkis og enda má undir engum kringumstæðum vera minni en:

— $\frac{D}{250} + 0{,}7\text{mm}$ þar sem $P_h < 30$ bör

— $\frac{D}{250} + 1\text{mm}$ þar sem $P_h \geq 30$ bör

með lágmarksþykktina 1,5 mm í báðum tilvikum.

2.3.4. Hylkið, að undanskildum lokunarbúnaði, má vera gert úr tveimur eða þremur hlutum. Endar skulu vera í heilu lagi og kúptir.

2.4. SMÍÐI OG FRÁGANGUR.

2.4.1. Almennar kröfur.

2.4.1.1. Framleiðandinn ber sjálfur ábyrgð á því að búnaður og vinnsluaðferðir sem hann hefur yfir að ráða geti tryggt að hylki sem hann framleiðir fullnægi kröfum reglna þessara.

2.4.1.2. Framleiðandinn skal sjá til þess með hæfilegu eftirliti að efnisplötur og unnir hlutar sem notaðir eru við framleiðslu hylkjanna séu án allra galla sem gætu valdið hættu við notkun þeirra.

2.4.2. Hlutar undir þrýstingi.

2.4.2.1. Framleiðandinn skal lýsa vinnsluferli og aðferðum við suðuna og tiltaka hvers konar eftirli er viðhaft á meðan á framleiðslunni stendur.

2.4.2.2. Tæknilegar kröfur við suðu.

Stúfsuður skal sjóða með sjálfvirkum hætti.

Stúfsuður á þeim hluta hylkisins sem er undir þrýstingi mega ekki vera á svæðum þar sem breytingar verða á lögun hylkisins.

Kverksuður mega ekki skarast við stúfsuður og skulu vera í að minnsta kosti 10 mm fjarlægð frá þeim.

Suðuskeyti á þeim hlutum hylkisins sem mynda sívalninginn verða að fullnægja eftirfarandi skilyrðum (sjá skýringarmyndir í 2. viðbæti):

— suða langsum: er framkvæmd með stúfsuðu gegnum allt þversnið suðuskeytanna,

— suða á hringferli, að undanskilinni festingu á loka á efri enda: þessi suða er framkvæmd með stúfsuðu gegnum allt þversnið suðuskeytanna. Blindnegling telst vera sérstök gerð stúfsuðu,

— suða á hringferli til að setja lokafestingu á efri enda: er annaðhvort framkvæmd með stúfsuðu eða kverksuðu. Ef um stúfsuðu er að ræða verður að sjóða gegnum allt þversnið suðuskeytanna. Blindnegling telst vera sérstök gerð stúfsuðu.

Kröfurnar sem settar eru fram í þessum undirlið gilda ekki þegar efri endinn hefur sæti sem er innbyggt í hylkið og fest við það með suðu sem hefur engin áhrif á það hvort hylkið er þétt (sjá 2. viðbæti, mynd 4).

Þegar um stúfsuðu er að ræða má misbrýning samskeyta ekki fara yfir einn fimmta af þykkt hylkisins (1/5 a).

2.4.2.3. Skoðun á suðu.

Framleiðandinn skal sjá til þess að suða nái alls staðar í gegnum samskeytin, fari hvergi út fyrir þau og sé án allra galla sem geta dregið úr öryggi við notkun hylkisins.

Þegar um er að ræða hylki í tveimur hlutum skal framkvæma röntgenrannsókn á 100 mm löngum hluta stúfsuðu á hringferli, að undanskildum samskeytum sem falla undir mynd 2A í 2. viðbæti, á einu hylki sem valið er við upphaf og öðru við lok hverrar vinnuvaktar og að auki á fyrsta hylkinu sem er soðið eftir að framleiðslan hefur verið stöðvuð í meira en 12 klukkustundir í einu.

2.4.2.4. Ávali.

Ávali á sívalningshluta hylkis skal takmarkast við að munur milli mesta og minnsta þvermáls, miðað við utanmál, sé ekki meira en 1% af meðaltali þeirra þvermála.

2.4.3. Viðfestir hlutir.

2.4.3.1. Handföng og hlífðarkragar skulu framleiddir og soðnir við hylkið á þann hátt að ekki valdi hættulegri spennuþjöppun eða að vatn geti safnast fyrir.

2.4.3.2. Botn hylkisins verður að vera nægilega sterkbyggt og gert úr málmi sem getur sameinast þeirri gerð af stáli sem hylkið er búið til úr; lögun þess skal tryggja nægilegan stöðugleika. Efri brún botnsins skal soðin á hylkið á þann hátt að vatn geti ekki safnast fyrir eða komist inn á milli botns og hylkis.

2.4.3.3. Ef merkiplötur eru hafðar á hylkinu skulu þær festar á sívalninginn á þann hátt að ekki sé hægt að fjarlægja þær; gera skal allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tæringu.

2.4.3.4. Þó má nota hvaða annað efni sem er í botna, handföng og hlífðarkraga, að því tilskildu að það sé nægilega sterkt og útilokað að tæring geti komið fram á botninum.

2.4.3.5. Varnarbúnaður á krana eða loka.

Kraninn eða lokinn á hylkinu skal vandlega varinn, annaðhvort með innbyggðum útbúnaði eða með útbúnaði á hylkinu (t.d. á hlífðarkraga), með varnarhettu eða vandlega festri hlíf.

3. PRÓFANIR.

3.1. AFLFRÆÐILEGAR PRÓFANIR.

3.1.1. Almennar kröfur.

3.1.1.1. Framkvæma skal aflfræðilegar prófanir í samræmi við EVRÓPUSTAÐLA þar sem kröfurnar sem settar eru fram í þessum viðauka gilda ekki:

a) 2 – 80 eða 11 – 80 eftir atvikum við togþolsprófun, eftir því hvort þykkt prófunarhlutans er 3 mm og þar yfir eða innan við 3 mm;

b) 6 – 55 eða 12 – 55 eftir atvikum við beygjuprófun, eftir því hvort þykkt prófunarhlutans er 3 mm og þar yfir eða innan við 3 mm.

3.1.1.2. Allar aflfræðilegar prófanir vegna eftirlits með eiginleikum vinnsluefnis og suðu í sívalningshluta gashylki skal framkvæma á prófunarhlutum sem eru teknir úr fullbúnum hylkjum.

3.1.2. Tegundir prófana og mat á niðurstöðum.

3.1.2.1. Eftirfarandi prófanir skal gera á hverju prófunarhylki:

A) Hylki sem hafa aðeins hringsamskeyti (hylki í tveimur hlutum), á prófunarhlutum sem eru teknir á þeim stað sem sýnt er á mynd 1 í 3. viðbæti:

1 togþolsprófun: vinnsluefni, tekið úr hylkinu langsum (a); eða ef það er ekki hægt, úr hringsniði;

1 togþolsprófun: hornrétt á suðu hringsamskeyta (b);

1 beygjuprófun: á suðu hringsamskeyta, að innanverðu (c);

1 beygjuprófun: á suðu hringsamskeyta, að utanverðu (d);

1 macró-athugun: á suðunni.

B) Hylki með hringsuðu og suðuskeytum eftir endilöngu (hylki í þremur hlutum), á prófunarhlutum sem eru teknir eins og sýnt er á mynd 2 í 3. viðbæti:

1 togþolsprófun: vinnsluefni, tekið úr hylkinu langsum (a); eða ef það er ekki hægt, úr hringsniði;

1 togþolsprófun: á vinnsluefni úr botni (b);

1 togþolsprófun: hornrétt á suðuskeytin langsum (c);

1 togþolsprófun: hornrétt á suðu hringsamskeyta (d);

1 beygjuprófun: á innanverðum suðuskeytum langsum (e);

1 beygjuprófun: á utanverðum suðuskeytum langsum (f);

1 beygjuprófun: á suðu hringsamskeyta, að innanverðu (g);

1 beygjuprófun á suðu hringsamskeyta, að utanverðu (h);

1 macró-athugun: á suðunni.

3.1.2.1.1. Rétta skal prófunarhluta sem eru ekki nægilega sléttir með kaldpressun.

3.1.2.1.2. Prófunarhlutar með suðu skulu vélslípaðir til að fjarlægja ójöfnur.

3.1.2.2. Togþolsprófun.

3.1.2.2.1. Togþolsprófun á vinnsluefni.

3.1.2.2.1.1. Aðferðir við togþolsprófun skulu vera í samræmi við viðkomandi EVRÓPUSTAÐAL samkvæmt lið 3.1.1.1.

Hliðarnar tvær á prófunarhlutanum, sem svara til veggja hylkisins að utan- og innanverðu, mega ekki vera vélslípaðar.

3.1.2.2.1.2. Gildin sem ákveðin eru fyrir flotspennu skulu að minnsta kosti vera jöfn lágmarksgildunum sem framleiðandi hylkis ábyrgist.

Gildin sem eru ákveðin fyrir togþol og brotlengingu prófunarhluta úrvinnsluefninu skulu vera í samræmi við EVRÓPUSTAÐLA 120 – 83 (tafla III).

3.1.2.2.2. Togþolsprófun á suðu.

3.1.2.2.2.1. Togþolsprófun hornrétt á suðuna skal framkvæmd á prófunarhluta þar sem miðhlutinn er 25 mm breiður en lengd hans allt að 15 mm út frá soðnu samskeytunum á hvora hlið, eins og sýnt er á myndinni í 4. viðbæti. Breidd prófunarhlutans skal síðan aukast jafnt og þétt út frá þessum miðhluta.

3.1.2.2.2.2. Gildi togþols, sem fæst við prófun, skal að minnsta kosti að vera jafnt því sem ábyrgst er fyrir vinnsluefnið óháð því á hvaða stað á miðju prófunarhlutans brotið kemur fram.

3.1.2.3. Beygjuprófun.

3.1.2.3.1. Reglur um framkvæmd beygjuprófunar eru gefnar upp í viðkomandi EVRÓPUSTAÐLI í samræmi við 3.1.1.1. Þó skal beygjuprófunin framkvæmd hornrétt á suðuna á 25 mm breiðum prófunarhluta. Við prófun skal beygjuöxullinn hafður á miðju suðuskeytanna.

3.1.2.3.2. Ekki mega koma sprungur í prófunarhlutann þegar hann er beygður um beygjuöxul þegar fjarlægðin milli innri brúna hans er jöfn þvermáli beygjuöxulsins (sjá mynd 2 í 5. viðbæti).

3.1.2.3.3. Hlutfallið (n) milli þvermáls beygjuöxulsins og þykktar prófunarhlutans má ekki fara yfir gildin sem gefin eru upp í eftirfarandi töflu:

Virkt togþol R_{mt} í N/mm²	Gildi n
Til og með 440	2
Yfir 440 til og með 520	3
Yfir 520	4

3.2. SPRENGIPRÓFUN MEÐ VÖKVAÞRÝSTINGI.

3.2.1. Prófunarskilyrði.
Hylki sem gangast undir þessa prófun skulu hafa þær merkingar sem ráð er fyrir gert á þeim hluta hylkisins sem er undir þrýstingi.

3.2.1.1. Sprengiprófun með vökvaþrýstingi skal framkvæmd með prófunarbúnaði sem eykur þrýstinginn í hylkinu jafnt og þétt þar til hann springur og skráir jafnframt breytingar á þrýstingi miðað við tíma.

3.2.2. Túlkun prófunarinnar.

3.2.2.1. Eftirfarandi viðmið gilda um túlkun sprengiþrýstingsprófunarinnar:

3.2.2.1.1. Rúmtaksaukning hylkisins; hún jafngildir:

— rúmmáli vatnsins sem er notað frá því að þrýstingur byrjar að aukast og þar til hylkið springur að því er varðar hylki með rúmtak ≥ 6,5 lítra.

— muninum á rúmtaki hylkisins við upphaf og lok prófunarinnar að því er varðar hylki með rúmtak ≤ 6,5 lítra.

3.2.2.1.2. Rannsókn á brotinu og lögun brúna þess.

3.2.3. Lágmarkskröfur við prófun.

3.2.3.1. Mældur sprengiþrýstingur (P_r) má undir engum kringumstæðum vera minni en 9/4 af prófunarþrýstingnum (P_h).

3.2.3.2. Hlutfallið milli rúmtaksaukningar hylkisins og upphaflegs rúmtaks:

— 20% ef hylkið er lengra en sem nemur þvermáli hans,

— 17% ef hylkið er jafnlangt eða styttra en sem nemur þvermáli þess.

3.2.3.3. Sprengiprófunin má ekki valda því að hylkið splundrist.

3.2.3.3.1. Aðalbrotið má ekki vera stökkt, þ.e. sárið má ekki vera þverskorið, heldur skal það mynda horn við þversniðið og dragast saman.

3.2.3.3.2. Í brotinu mega ekki sjást neinir augljósir efnisgallar.

3.3. VÖKVAÞRÝSTINGSPRÓFUN.

3.3.1. Vatnsþrýstingur í hylkinu skal aukast jafnt og þétt þar til prófunarþrýstingnum er náð.

3.3.2. Hylkinu skal haldið undir prófunarþrýstingnum nógu lengi til að fá vissu fyrir því að þrýstingurinn haldist óbreyttur og að hylkið sé þétt.

3.3.3. Að lokinni prófun mega ekki sjást neinar varanlegar útlitsbreytingar á hylkinu.

3.3.4. Hylki sem standast ekki prófun skulu tekin úr umferð.

3.4. RANNSÓKN Á HEILUM HYLKJUM.

3.4.1. Röntgenrannsókn.

3.4.1.1. Suður skulu röntgenmyndaðar í samræmi við ISO-skilgreiningu R 1106 – 1969, B flokk.

3.4.1.2. Þegar þráðmælir er notaður má þvermál minnsta sýnilega þráðar ekki fara yfir 0,10 mm.

Þegar holu- og þrepamælir er notaður má þvermál minnstu sýnilegu holu ekki fara yfir 0,25 mm.

3.4.1.3. Mat á röntgenmyndum af suðu skal byggjast á upprunalegum filmum í samræmi við starfsreglur sem mælt er með í ISO-staðli 2504 – 1973, 6. mgr.

3.4.1.4. Eftirfarandi gallar teljast óviðunandi:

— sprungur, ófullnægjandi suða eða ófullnægjandi gegnumsuða.

Eftirfarandi innri gallar teljast óviðunandi:

— aflangar innlyksur eða klasar af hringlaga innlyksum í röð, þegar lengdin er yfir 6 mm (og lengd suðu er 12 a),

— loftbólur sem mælast yfir a/3 mm og eru í meira en 25 mm fjarlægð frá öðrum loftbólum,

— aðrar loftbólur sem mælast yfir a/4 mm,

— loftbólur sem finnast á 100 mm langri suðu og ná samanlagt yfir 2 a mm^2 svæði.

3.4.2. Macró-athugun.

Macró-athugun á öllu þversniði suðunnar, á yfirborði sem hefur við undirbúning verið meðhöndlað með sýru, skal leiða í ljós gallalausa sambræðslu sem ekki mega sjást nein missmíði á, verulegir innri gallar eða aðrir gallar.

Í vafatilvikum skal framkvæma smásjárrannsókn á viðkomandi svæði.

3.5. RANNSÓKN Á YFIRBORÐI SUÐU.

3.5.1. Þessi rannsókn er framkvæmd að lokinni suðu. Yfirborð suðunnar, sem er rannsakað, verður að vera vel lýst og á því má ekki vera fita, ryk, gjall eða hlífðarlag af neinu tagi.

3.5.2. Sambræðsla suðumálmsins og vinnsluefnisins skal vera slétt og laus við ætingu. Engar sprungur, raufar eða holuflekkir mega vera í soðna yfirborðinu og fletinum á móti. Soðna yfirborðið verður að vera reglulegt og jafnt. Við stúfsuðu má umframþykkt samskeytanna ekki fara yfir 1/4 af breidd þeirra.

4. EBE-MYNSTURVIÐURKENNING.

4.1. Heimilt er að gefa út EBE-mynsturviðurkenninguna sem um getur í 4. gr. fyrir gerðir eða tegundir hylkja.

„Gerð hylkis“er notað um hylki sem hafa sömu hönnun og þykkt, sama aukabúnað, eru framleidd í sömu verksmiðju úr málmplötum eftir sömu tækniforskriftum, soðin með sömu aðferð og fá hitameðferð við sömu skilyrði.

„Tegund hylkis“ er notað um hylki frá sömu verksmiðju, sem eru búin til úr þremur hlutum og eru einungis af mismunandi lengd innan eftirtalinna marka:

— lágmarkslengd má ekki vera minni en þrefalt þvermál hylkisins,

— hámarkslengd má ekki vera meiri en 1,5 sinnum lengd prófunarhylkisins.

4.2. Umsækjandi um EBE-mynsturviðurkenningu skal leggja fram nauðsynleg skjöl fyrir hverja gerð eða tegund hylkis sem nauðsynleg eru vegna sannprófananna sem er lýst hér á eftir og láta aðildarríkinu í té 50 hylkja framleiðslulotu sem úr verður valinn sá fjöldi hylkja sem krafist er fyrir eftirtaldar prófanir, ásamt hvers konar viðbótarupplýsingum sem aðildarríkið kann að krefjast. Umsækjandi skal tilgreina hitameðferðina sem notuð var og, hitastig og lengd meðferðar. Hann skal útvega og leggja fram vottorð um greiningu á steypu stálsins sem notað hefur verið við framleiðslu hylkjanna.

4.3. Við EBE-mynsturviðurkenningu skal ganga úr skugga um að:

— útreikningarnir sem sýndir eru í 2.3 séu réttir,

— skilyrðunum í 2.1, 2.2, 2.4 og 3.5 sé fullnægt.

Eftirfarandi prófanir skulu gerðar á hylkjum sem eru lögð fram sem sýnishorn:

— prófunin sem er lýst í 3.1, á einu hylki,

— prófunin sem er lýst í 3.2, á einu hylki,

— prófunin sem er lýst í 3.4, á einu hylki.

Ef niðurstöður athugananna eru fullnægjandi skal aðildarríkið gefa út EBE-mynsturviðurkenningarvottorð samkvæmt fyrirmyndinni í II. viðauka.

5. EBE-SANNPRÓFUN.

5.1. Við sannprófun skal framleiðandi hylkis láta skoðunaraðila í té:

5.1.1. vottorð um EBE-mynsturviðurkenningu;

5.1.2. vottorð varðandi greiningu stálsins sem notað var við framleiðslu hylkjanna;

5.1.3. gögn sem sýna þá tegund stáls sem hvert einstakt hylki er gert úr;

5.1.4. skjöl — einkum varðandi hitameðferð — hylki sem hann framleiðir þar sem tekið er fram hvaða vinnsluaðferð var beitt í samræmi við 2.2;

5.1.5. skrá yfir hylki þar sem fram koma númer og áletranir sem greint er frá í 6. lið;

5.1.6. niðurstöður af rannsóknum á heilum hylkjum, sem eru framkvæmdar á framleiðslustigi, ásamt upplýsingum um suðuaðferðirnar sem eru notaðar, með það fyrir augum að tryggja góða samsvörun hylkjanna við framleiðslu. Framleiðandinn skal einnig leggja fram yfirlýsingu sem skuldbindur hann, að því er varðar raðframleiðslu, til að nota sömu suðuaðferðir og þær sem hann notaði við hylkin sem eru lögð fram til EBE-mynsturviðurkenningar.

5.2. VIÐ EBE-SANNPRÓFUN.

5.2.1. skal skoðunaraðili:

— ganga úr skugga um að vottorð um EBE-mynsturviðurkenningu sé fyrir hendi og að hylkin séu í samræmi við það,

— athuga skjöl sem gefa upplýsingar um efni og framleiðsluferli, einkum þau sem eru tilgreind í 2.1.6,

— athuga hvort tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í 2. lið hafi verið uppfylltar og skoða hylki í slembiúrtaki að utan- og innanverðu,

— vera viðstaddur og hafa eftirlit með prófununum sem eru tilgreindar í 3.1 og 3.2,

— athuga hvort upplýsingarnar frá framleiðanda sem getið er um í 5.1.6 séu réttar og hvort sannprófanir sem hann hefur framkvæmt séu fullnægjandi,

— gefa út EBE-sannprófunarvottorð samsvarandi fyrirmyndinni í III. viðauka.

5.2.2. Slembiúrtak hylkja er tekið úr hverri framleiðslulotu til prófunar.

Í einni framleiðslulotu skulu að hámarki vera 3 000 hylki af sömu gerð, samkvæmt skilgreiningu í annarri málsgrein 4.1, sem eru framleiddir sama dag eða næstu daga þar á eftir.

TAFLA 1

Fjöldi í N lotu	Hylki í úrtaki	Hylki sem eru sett í	
		aflfræðiprófanir	sprengiprófun
N≤ 500	3	1	2
500<N≤ 1500	9	2	7
1500<N≤ 3000	18	3	15

Framkvæma skal, háð stærð framleiðslulotu, aflfræðiprófanirnar sem kveðið er á um í 3.1 og sprengiprófun með vökvaþrýstingi sem kveðið er á um í 3.2 á úrtakshylkjunum samkvæmt skiptingunni sem er sýnd í töflu 1.

Ef tvö eða fleiri hylki standast ekki prófanirnar skal vísa allri framleiðslulotunni frá.

Ef eitt af hylkjunum stenst ekki aflfræðiprófanirnar eða sprengiprófun skal velja af handahófi þann fjölda sem er tilgreindur í töflu 2 og framkvæma prófanirnar samkvæmt skiptingunni í töflu 1.

TAFLA 2

Fjöldi N í lotu	Hylki í úrtaki	Ófullnægjandi prófanir	Hylki sem eru sett í	
			aflfræðiprófanir	sprengiprófun
250<N≤ 500	3	aflfræðiprófanir	2	1
		sprengiprófanir	1	2
500<N≤1500	9	aflfræðiprófanir	5	4
		sprengiprófanir	2	7
1500<N≤3000	18	aflfræðiprófanir	9	9
		sprengiprófanir	3	15

Ef eitt eða fleiri hylki standast ekki prófanirnar skal öll framleiðslulotan tekin úr umferð.

5.2.3. Fulltrúi skoðunaraðila skal vera viðstaddur val á prófunarhylkjum og allar prófanir.

5.2.4. Öll hylki í framleiðslulotunni skulu sett í vökvaþrýstingsprófunina sem fjallað er um í 3.3 í viðurvist og undir umsjón fulltrúa skoðunaraðila.

5.3. UNDANÞÁGA FRÁ EBE-SANNPRÓFUN.

Þegar um er að ræða hylki með innan við 1 lítra rúmtak skulu allar prófanir og athuganir sem eru tilgreindar í 5. lið framkvæmdar af framleiðanda og á hans ábyrgð. Framleiðandinn skal láta skoðunaraðila í té öll skjöl og prófunar- og skoðunarskýrslur.

6. MERKI OG ÁLETRANIR.

6.1. Þegar skoðunaraðili hefur framkvæmt allar fyrirskipaðar athuganir og niðurstöður hafa reynst fullnægjandi skal hann gefa út vottorð þar sem þessar athuganir eru tilgreindar.

6.2. Á hylkjum sem hafa innan við 6,5 lítra rúmtak má setja merki og áletranir varðandi smíði hylkisins á botninn; á öðrum hylkjum skulu þau fest á axlir eða stað sem hefur verið styrktur eða á merkiplötu. Þó má setja sumar þessara áletrana á kúptan botn um leið og hann er mótaður, að því tilskildu að það dragi ekki úr styrkleika hylkisins.

6.3. EBE-MYNSTURVIÐURKENNINGARMERKI.

Þrátt fyrir kröfurnar í 3. lið í I. viðauka reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði), skal framleiðandinn setja EBE-mynsturviðurkenningarmerkin á í þeirri röð sem hér segir:

— stílfærði stafurinn „CE"

— tölustafurinn 3 sem táknar reglur þessar,

— hástafir, einn eða fleiri, sem tákna aðildarríkið sem hefur veitt EBE-mynsturviðurkenningu og árið þegar það var gert, táknað með tveimur síðustu stöfunum í ártalinu,

— númer EBE-mynsturviðurkenningar (t.d. CE 3 D 79 45).

6.4. EBE-SANNPRÓFUNARMERKI.

Þrátt fyrir kröfurnar í 3. lið í II. viðauka reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) skal skoðunaraðili setja EBE-mynsturviðurkenningarmerkin á í þeirri röð sem hér segir:

— lágstafurinn „e",

— hástafir, einn eða fleiri, sem tákna aðildarríkið þar sem sannprófunin fer fram ásamt einum eða tveimur tölustöfum sem tákna frekari svæðaskiptingu, eftir því sem við á,

— merki skoðunaraðilans, sem skoðunarmaður festir á, ásamt merki hans sjálfs eftir atvikum,

— sexhyrningur,

— dagsetning sannprófunar: ár, mánuður (t.d. e D 12 48 ⬡ 80/01).

6.5. ÁLETRANIR VARÐANDI FRAMLEIÐSLU.

6.5.1. Um stálið:

— tala sem gefur til kynna gildi R_e, sett fram í N/mm^2, sem útreikningarnir eru byggðir á,

— táknið N (jafnað hylki) eða táknið S (afglóðað hylki).

6.5.2. Um vökvaþrýstingsprófunina:
Gildi prófunarþrýstings í börum og þar á eftir orðið „bar".

6.5.3. Um gerð hylkis:
Lágmarksrúmtak í lítrum sem framleiðandi hylkisins ábyrgist.
Rúmtakið er tilgreint með einum aukastaf og brotið lækkað.

6.5.4. Um uppruna:
Hástafir, einn eða fleiri, sem gefa til kynna upprunaland og þar á eftir merki framleiðanda og raðnúmer.

6.6. AÐRAR ÁLETRANIR.
Þar sem annarra áletrana sem tengjast hvorki framleiðslu né eftirliti með henni er krafist samkvæmt innlendum reglum skulu þær festar á hylkið í samræmi við lið 6.2.

1. viðbætir



Sporöskjulagaðir endar Spunnir endar



Hálfkúluendar

FORMSTUÐULL C FYRIR KÚPTA ENDA

	P_h/10f=0,001		P_h/10f=0,0012		P_h/10f=0,0015		P_h/10f=0,002	
H/D	a/D	C	a/D	C	a/D	C	a/D	C
0,180					0,00211	2,81	0,00255	2,55
0,200							0,00218	2,18
	P_h/10f=0,003		P_h/10f=0,004		P_h/10f=0,005		P_h/10f=0,01	
H/D	a/D	C	a/D	C	a/D	C	a/D	C
0,180	0,00340	2,27	0,00423	2,12	0,00500	2,00	0,0088	1,76
0,190	0,00316	2,11	0,00395	1,98				
0,200	0,00290	1,93	0,00364	1,82	0,00433	1,73	0,0077	1,54
0,210	0,00273	1,82	0,00342	1,71				
0,220	0,00256	1,71	0,00320	1,60	0,00382	1,53	0,0068	1,38
0,230	0,00236	1,57	0,00295	1,48				
0,240	0,00220	1,47	0,00276	1,38				
0,250					0,00307	1,23	0,0055	1,10
0,300					0,00220	0,88	0,00395	0,79
0,350							0,00325	0,65
0,400							0,0030	0,60
0,450							0,0028	0,56
0,500							0,0027	0,54
	P_h/10f=0,02		P_h/10f=0,05		P_h/10f=0,1		P_h/10f=0,02	
H/D	a/D	C	a/D	C	a/D	C	a/D	C
0,180	0,0160	1,60	0,0366	1,46	0,0730	1,46	0,147	1,47
0,200	0,0141	1,41	0,0330	1,32	0,0650	1,30	0,130	1,30
0,220	0,0125	1,25	0.0292	1,17	0,0585	1,17	0,118	1,18
0,250	0,0102	1,02	0,0250	1,00	0,0500	1,00	0,101	1,01
0,300	0,0077	0,77	0,0193	0,77	0,0385	0,77	0,077	0,77
0,350	0,0065	0,65	0,0162	0,65	0,0325	0,65	0,065	0,65
0,400	0,0059	0,59	0,0149	0,60	0,0295	0,59	0,059	0,59
0,450	0,0056	0,56	0,0140	0,56	0,0280	0,56	0,056	0,56
0,500	0,0054	0,54	0,0136	0,54	0,0270	0,54	0,054	0,54
	P_h/10f=0,5							
H/D	a/D	C						
0,350	0,163	0,65						
0,400	0,150	0,60						
0,450	0,140	0,56						
0,500	0,136	0,54						
$f = \frac{R_e}{4/3}$ í N/mm^2								

2. viðbætir



Mynd 1

Suða eftir endilöngu



Mynd 2

Suða eftir hringferli

Mynd 3

Suða á sæti



Mynd 4

Sæti fyrir loka

3. viðbætir



b) prófunarhluti fyrir togþolsprófun
c) prófunarhluti fyrir beygjuprófun (suða að framan)
d) prófunarhluti fyrir beygjuprófun (suða að aftan)

a) prófunarhluti fyrir togþolsprófun

Mynd 1

Prófunarhlutar teknir úr tvískiptum hylkjum

c) prófunarhluti fyrir togþolsprófun
e) prófunarhluti fyrir beygjuprófun (suða að framan)
f) prófunarhluti fyrir beygjuprófun (suða að aftan)



b) prófunarhluti fyrir togþolsprófun

d) prófunarhluti fyrir togþolsprófun
g) prófunarhluti fyrir beygjuprófun (suða að framan)
h) prófunarhluti fyrir beygjuprófun (suða að aftan)

Mynd 2

Prófunarhlutar teknir úr þrískiptum hylkjum

4. viðbætir



Prófunarhluti fyrir togþolsprófun hornrétt á suðu
(liður 3.1.2.2.2)

5. viðbætir



Mynd 1a
Undirbúningur prófunarsýnis



Mynd 1c
Blindnegld suða

Mynd 1

Beygjuprófun hornrétt á soðin samskeyti



Mynd 2

Skýringarmynd af beygjuprófun

II. VIÐAUKI

Vottorð um EBE-mynsturviðurkenningu.

Útgefið af..... á grundvelli
(Aðildarríki)

.....
(Innlendar reglur)

um beitingu:

Reglna um samsoðin gashylki úr hreinu stáli.

Viðurkenning nr. ..... Dags. .....

Tegund hylkis .....
(Lýsing á þeirri tegund hylkja sem fær EBE-viðurkenningu)

P_h ..... D ..... a .....

L_{min} ..... L_{max} ..... V_{min} ..... V_{max}.....

Framleiðandi eða fulltrúi hans .....
(Nafn og heimilisfang framleiðanda eða fulltrúa hans)

.....

.....

.....

EBE-mynsturviðurkenningarmerki ....

Niðurstöður rannsókna vegna EBE-mynsturviðurkenningar og helstu einkenni mynsturs eru tilgreind í viðauka með þessu vottorði.

Allar upplýsingar fást hjá .....

.....

.....

.....
(Nafn og heimilisfang samþykktaraðila)

Gefið út þann ..... í .....

.....
(Undirskrift)

Tæknilegur viðauki við EBE-viðurkenningarvottorð.

1. Niðurstöður EBE-mynsturprófunar með tilliti til EBE-mynsturviðurkenningar.
2. Helstu einkenni mynstursins, einkum:

— langsnið þeirrar gerðar hylkja sem hafa fengið mynsturviðurkenningu þar sem tekið er fram:

— ytra nafnþvermál, D,

— lágmarksþykkt sívalnings, a,

— lágmarksþykkt botns og axla,

— lágmarks- og hámarkslengd(ir), L_{min}, L_{max},

— hæð kúpta endans á hylkinu H, í mm, miðað við utanmál,

— rúmtak, V_{min}, V_{max};

— þrýstingur, P_h;

— nafn framleiðanda/númer og dagsetning teikningar;

— heiti hylkisgerðar;

— upplýsingar um stálið í samræmi við lið 2.1.

III. VIÐAUKI

SÝNISHORN

Vottorð um EBE-sannprófun.

Beiting reglna um samsoðin gashylki úr hreinu stáli.

Skoðunaraðili.....

.....

Dagsetning.....

Númer EBE-mynsturviðurkenningar .....

Lýsing á hylkjunum.....

.....

Númer EBE-sannprófunar.....

Númer framleiðslulotu, frá..... til .....

Framleiðandi.....

.....

.....

(Nafn og heimilisfang)

Land..... Merki .....

Eigandi.....

.....

.....

(Nafn og heimilisfang)

Viðskiptaaðili .....

.....

.....

(Nafn og heimilisfang)

Sannprófanir.

1. MÆLINGAR Á HYLKJUM Í ÚRTAKI.

Prófun nr.	Framleiðslulota frá nr. til nr.	Rúmtak (lítrar)	Massi tómir (kg)	Lágmarksþykkt við mælingu	
				á hylki (mm)	á botni (mm)

2. AFLFRÆÐILEGAR PRÓFANIR Á HYLKJUM Í ÚRTAKI.

Prófun nr.	Hita-meðferð nr.	Togþolsprófun				Beygju prófun við 180° án sprungu-myndunar	Sprengi-prófun m/vökva-þrýstingi (bör)
		Prófunar-hlutar samkvæmt EVRÓPU-STÖÐLUM a) 2-80 b)11-80	Flot-mörk R_e (N/mm^2)	Togþol R_{mt} (N/mm^2)	Lenging A (%)		
Leyfð lágmarksgildi							

Ég undirrituð/aður votta hér með að sannprófanir, prófanir og athuganir sem mælt er fyrir um í lið 5.2 í I. viðauka reglna um samsoðin gashylki úr hreinu stáli hafa verið framkvæmdar og gefið viðhlítandi niðurstöður.

Sérstakar athugasemdir .....

.....

Almennar athugasemdir .....

.....

Gefið út þann (dags.) ..... í .....

.....

(Undirskrift skoðunarmanns)

fyrir hönd .....

(Skoðunaraðili)

Félagsmálaráðuneytinu, 21. júní 1996.

F. h. r.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

REGLUR
um saumlaus gashylki úr hreinu áli og álblöndu.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Gildissvið og skilgreiningar.

1. Reglur þessar gilda um saumlaus gashylki úr hreinu áli og álblöndu sem ætluð eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um gashylki sem seld eru eða leigð jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og til einkanota almennings séu þau ekki háð öðrum lögum eða reglum.

2. Reglur þessar gilda um 0,5 til 150 lítra saumlaus gashylki úr hreinu áli eða álblöndu, sem eru búin til í heilu lagi og hægt að endurfylla og flytja og eru til þess gerð að geyma í þeim samþjappaðar, fljótandi eða uppleystar lofttegundir. Þessi gashylki verða hér á eftir nefnd *hylki*.

3. Reglur þessar gilda ekki um:

— hylki sem eru búin til úr álblöndu og hafa meira en 500 N/mm^2 togþol samkvæmt ábyrgð,
— hylki þar sem málmi er bætt við þegar botninum er lokað.

2. gr.

Í reglum þessum merkir *hylki af EBE-gerð* hylki sem er hannað og framleitt á þann hátt að það uppfylli kröfur reglna þessara og reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði).

3. gr.

Heimilt er að setja á markað hér á landi án takmarkana eða hindrana hylki sem eru í samræmi við kröfurnar í reglum um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) og þessum reglum og viðaukum við þær, sbr. þó 2. mgr 7. gr.

4. gr.

Öll hylki af EBE-gerð skulu mynsturviðurkennd, sbr. II. kafla reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði). Öll hylki af EBE-gerð eru háð EBE-sannprófun að undanskildum hylkjum sem þola vökvaprófunarþrýstinginn 120 bör að hámarki og hafa rúmtakið einn lítra eða minna.

5. gr.

Allar breytingar sem nauðsynlegar eru til að aðlaga tölul. 2.1.5, 2.4, 3.1.0, 3.4, 3.5, 3.6, 3.7, 4, 5 og 6 í I. viðauka svo og aðra viðauka reglna þessara að tækniframförum skulu samþykktar.

6. gr.

Málsmeðferð sú sem kveðið er á um í 15. gr. reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) getur gilt um tölul. 2.3 í I. viðauka reglna þessara.

II. KAFLI
Ýmis ákvæði.
7. gr.

1. Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd reglna þessara. Það getur þó samþykkt aðra aðila til þess að fara með slíkt eftirlit að hluta eða öllu leyti, sbr. 1. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980, og fylgst þá með því.

2. Nú hefur Vinnueftirlitið rökstuddan grun um að öryggi eða heilsu manna stafi hætta af einhverri gerð búnaðar þó hann uppfylli kröfur þessara reglna og viðkomandi sérreglna. Er því þá heimilt að banna markaðssetningu og notkun þess búnaðar um tíma eða setja sérstök skilyrði fyrir slíku.

3. Um samskipti Vinnueftirlitsins og annarra stjórnvalda við önnur aðildarríki og framkvæmdastjórn EB fer, að öðru leyti en því sem kveðið er á um í reglum þessum, samkvæmt tilskipun 84/526/EBE, sem vísað er til í 4. tölul. VIII. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

III. KAFLI
Áfrýjun úrskurða.
8. gr.

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

IV. KAFLI
Refsiákvæði.
9. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

V. KAFLI
Gildistaka.
10. gr.

Reglur þessar eru settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38. og 47. gr laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980. Reglurnar eru settar með hliðsjón af ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í 4. tölul. VIII kafla, II. viðauka samkvæmt tilskipun 84/526/EBE. Reglurnar öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

I. VIÐAUKI

1. Hugtök og tákn sem eru notuð í þessum viðauka.

1.1. Flotspenna.

Að því er tekur til reglna þessara skulu gildi flotspennu sem notuð eru við útreikning á þeim hlutum hylkisins sem eru undir þrýstingi vera sem hér segir:

— 0,2% álag $R_{p\ 0,2}$ þegar um er að ræða álblöndu, þ.e. gildi þeirrar spennu sem veldur varanlegri lengingu sem nemur 0,2% af mældri lengd prófunarhlutans,

— 1% samsvarandi álag þegar um er að ræða hreint, óhert ál.

1.2. Í reglum þessum merkir „sprengiþrýstingur" þrýsting sem veldur flotástandi efnis, þ.e. hámarksþrýsting við sprengiþrýstingsprófun.

1.3. Merking tákna sem notuð eru í þessum viðauka eru sem hér segir:

P_h = vökvaprófunarþrýstingur, í börum;

P_r = sprengiþrýstingur hylkis, mældur við sprengiprófun, í börum;

P_{rt} = reiknaður minnsti fræðilegur sprengiþrýstingur, í börum;

R_e = lágmarksgildi flotspennu sem framleiðandi hylkisins ábyrgist, í N/mm^2;

R_m = lágmarksgildi togþols, sem framleiðandi hylkisins ábyrgist, í N/mm^2;

a = reiknuð lágmarksþykkt í veggjum hylkisins, í mm;

D = ytra nafnþvermál hylkisins, í mm;

R_{mt} = raunverulegt togþol, í N/mm^2;

d = þvermál beygjuöxuls fyrir beygjuprófun, í mm.

2. Tæknilegar kröfur.

2.1. Efni, hitameðferð og aflfræðileg meðferð.

2.1.1. Álblanda eða hreint ál er skilgreint samkvæmt framleiðsluaðferð, tilgreindri efnasamsetningu og hitameðferðinni sem beitt er á tilbúin hylki og enn fremur samkvæmt tæringarmótstöðu og aflfræðilegum eiginleikum þess. Framleiðandinn gefur upplýsingar þar að lútandi með tilliti til þeirra krafna sem eru tilgreindar hér á eftir. Allar breytingar á slíkum upplýsingum teljast til breytinga á gerð efnisins að því er varðar EBE-mynsturviðurkenningu.

2.1.2. Eftirfarandi efni eru viðurkennd til framleiðslu á hylkjum:

a) hreint ál með að minnsta kosti 99,5% álinnihaldi;

b) álblöndur með efnasamsetningu sem kemur fram í töflu 1, sem hafa fengið hita- og aflfræðimeðferð samkvæmt lýsingu í töflu 2;

TAFLA 1

	Efnasamsetning í %										
	Cu	Mg	Si	Fe	Mn	Zn	Cr	Ti+Zr	Ti	Samt. annað	Al
Blanda B					0.5						
min.	—	4.0		—	1.0		—	—	—		eftir-
max.	0.10	5.1		0.5			0.25	0.20	0.10	0.15	stöðvar
Blanda C											
min.	—	0.6	0.7	—	0.4	—	—	—	—		eftir-
max.	0.10	1.2	1.3	0.5	1.0	0.2	0.25	—	0.10	o.15	stöðvar

TAFLA 2

	Hita- og aflfræðimeðferð
Blanda B	Eftir röð: 1. Stöðvun á efnahvörfum: — tímalengd er ákveðin af framleiðanda — hitastig á bilinu 210 til 260°C 2. Þrýstimótun með kaldmótunarstig að hámarki 30%. 3. Mótun axlarhlutans: hitastig málmsins má ekki vera undir 300°C við lok verksins.
Blanda C	1. Niðurdýfing í lausn fyrir herslu: — tímalengd er ákveðin af framleiðanda, — hitastig aldrei undir 525°C eða yfir 550°C. 2. Hersla. 3. Öldrunarmeðferð: — tímalengd er ákveðin af framleiðanda, — hitastig á bilinu 140 til 190°C.

c) framleiðandi hylkis getur notað annars konar álblöndur að því tilskildu að þær standist tæringarþolsprófanirnar sem lýst er í II. viðauka.

2.1.3. Framleiðandi hylkjanna skal fá og leggja fram vottorð um greiningu á samsetningu þess efnis sem hylkin eru framleidd úr.

2.1.4. Sá kostur skal vera fyrir hendi að framkvæma óháða greiningu. Slíkar greiningar skulu framkvæmdar annaðhvort á sýnum sem eru tekin úr hálfunnu efninu eins og það kemur til framleiðandans eða úr fullunnum hylkjum. Þegar sýni eru tekin úr hylki er leyfilegt að nota eitt af þeim hylkjum sem áður hafa verið valin til aflfræðiprófananna sem fjallað er um í 3.1 eða fyrir þrýstingsprófunina sem fjallað er um í 3.2.

2.1.5. Hita- og aflfræðimeðferð málmblöndu sem um getur í b- og c-lið 2.1.2 .

2.1.5.1. Síðasta vinnslustig í framleiðslu hylkisins, fyrir utan slípun, skal vera öldrunarmeðferð.

2.1.5.1.1. Framleiðandinn skal tilgreina eftirfarandi viðmið varðandi lokameðferð sem hann framkvæmir:

— nafnhitastig við herslu í vökva og öldrunarmeðferð,

— nafnlengd herslu í vökva og hitastig við öldrunarmeðferð.

Við hitameðferðina skal framleiðandi fylgja eftirfarandi viðmiðum:

— hitastig vökva: innan markanna ± 5°C

— hitastig við öldrunarmeðferð: innan markanna ± 5°C

— tími sem er varið í reynd: innan markanna ± 10%.

2.1.5.1.2. Þó getur framleiðandi að því er varðar herslu í vökva og öldrunarmeðferð gefið upp hitastig á tilteknu bili þar sem munurinn milli lægsta og hæsta gildis fer ekki yfir 20°C. Tilgreina verður nafnlengd þess tíma sem er varið í reynd fyrir lægsta og hæsta gildi.

Að því er varðar hitastig á milli lægsta og hæsta gildis er sá tími sem varið er í reynd til niðurdýfingar í vökva ákvarðaður með línulegri brúun og fyrir öldrunarmeðferð með línulegri brúun af lógaritma tímalengdar.

Framleiðandinn skal framkvæma hitameðferð við hitastig sem liggur innan tilgreindra marka þess tíma sem varið er í reynd og má ekki víkja meira en 10% frá þeirri tímalengd sem er reiknuð samkvæmt ofangreindu.

2.1.5.1.3. Framleiðandinn skal tilgreina þau viðmið sem notuð hafa verið við lokahitameðferð sem hann framkvæmir í gögnum sem lögð eru fram við EBE-sannprófun.

2.1.5.1.4. Auk lokahitameðferðar skal framleiðandi tiltaka allar hitameðferðir sem framkvæmdar hafa verið við hærra hitastig en 200°C.

2.1.5.2. Hersla og öldrunarmeðferð teljast ekki til framleiðsluferlis hylkis.

2.1.5.2.1. Framleiðandi skal tilgreina þau viðmið sem liggja til grundvallar í síðustu hitameðferð sem hann framkvæmir við hærra hitastig en 200°C og, ef þörf krefur, gera greinarmun á hinum ýmsu hlutum hylkisins.

Hann skal einnig tilgreina allar mótunaraðgerðir (t.d. þrýstimótun, inndrátt eða beygjur) sem eru framkvæmdar við lægra hitastig en 200°C og er ekki fylgt eftir með hitameðferð við hærra hitastig og enn fremur tilgreina þann hluta hylkisins sem mest hefur verið kaldmótaður svo og viðkomandi kaldmótunarstig.

Við beitingu þessa ákvæðis er „kaldmótunarstig" skilgreint sem hlutfallið $\frac{S - s}{s}$, þar sem S er upphaflegi hlutinn og s er hlutinn að meðferð lokinni.

Framleiðandinn skal fara eftir þessum viðmiðum varðandi hitameðferð og mótun innan eftirfarandi marka:

— tímalengd hitameðferðar innan markanna ± 10% og hitastig innan markanna ± 5°C,

— kaldmótunarstig þess hluta hylkisins sem er mest mótað innan markanna ± 6% ef þvermál hylkisins er 100 mm eða minna og innan markanna ± 3% ef þvermál hylkisins er yfir 100 mm.

2.1.5.2.2. Þó getur framleiðandi að því er varðar hitameðferð gefið upp hitastig á tilteknu bili þar sem munurinn milli lægsta og hæsta gildis fer ekki yfir 20°C. Tilgreina verður nafnlengd þess tíma sem varið er í reynd miðað við lægsta og hæsta gildi. Að því er varðar hitastig sem liggur milli lægsta og hæsta gildis er sá tími sem varið er í reynd ákvarðaður með línulegri brúun. Framleiðandinn skal framkvæma hitameðferð við hitastig sem liggur innan tilgreindra marka þess tíma sem varið er í reynd, sem má ekki víkja meira en 10% frá þeirri tímalengd sem er reiknuð samkvæmt ofangreindu.

2.1.5.2.3. Í gögnum þeim sem framleiðandinn leggur fram við EBE-sannprófun skal hann gefa upp þau viðmið sem notuð hafa verið við mótun og síðustu hitameðferð sem hann framkvæmir.

2.1.5.3. Ef framleiðandi kýs að gefa upp hitastig hitameðferðar á tilteknu bili í samræmi við 2.1.5.1.2 og 2.1.5.2.2 skal hann leggja fram til EBE-mynsturviðurkenningar tvær samstæður af hylkjum, aðra með hylkjum sem hafa fengið hitameðferð við lægsta tilgreint hitastig og aðra með hylkjum sem hafa fengið hitameðferð við hæsta tilgreint hitastig og að sama skapi í stystan tíma.

2.3. Útreikningur á hlutum undir þrýstingi.

2.3.1. Þykkt sívalningshluta hylkisins má ekki vera minni en útkoman úr eftirfarandi formúlu:

$$a = \frac{P_h \cdot D}{\frac{20\,R}{4/3} + P_h}$$

þar sem R er lægra gildið af þeim tveimur sem fara hér á eftir:

— R_e

— $0{,}85 \times R_m$.

2.3.2. Þykkt sívalnings „a“ má hvergi vera minni en $\frac{D}{100} + 1{,}5$ mm.

2.3.3. Þykkt og lögun botnsins og axlahlutans skal vera þannig að kröfur vegna prófananna sem mælt er fyrir um í 3.2 (sprengiprófun) og 3.3 (sveifluþrýstingsprófun) séu uppfylltar.

2.3.4. Til að ná fullnægjandi álagsdreifingu skal þykkt sívalnings aukast jafnt og þétt á mótum sívalnings og botns, þegar botninn er þykkari en sívalningurinn.

2.4. Smíði og frágangur.

2.4.1. Framleiðandi skal athuga þykkt hvers hylkis og ástand yfirborðs að utan- og innanverðu til að ganga úr skugga um að:

— þykkt veggjanna sé hvergi minni en tilgreint er á teikningu,

— ekki séu gallar í yfirborði hylkisins að utan- eða innanverðu sem gætu dregið úr öryggi við notkun hans.

2.4.2. Ávali sívalningsins, mældur sem mismunur milli stærsta og minnsta ytra þvermáls í sama þversniði má ekki vera meiri en 1,5% af meðaltali þessara þvermála.

Frávik frá réttri lengd sívalningshluta hylkisins má ekki fara yfir 3 mm á hvern lengdarmetra.

2.4.3. Ef botnhringir eru á hylkjum verða þeir að vera nægilega sterkir og úr efni sem með tilliti til tæringar er hægt að nota með þeirri gerð efnis sem hylkin eru búin til úr. Lögun botnhrings skal vera þannig að hylkin verði nægilega stöðug. Botnhringir mega ekki vera þannig að vatn geti safnast fyrir milli hrings og hylkis.

3. Prófanir.

3.1. Aflfræðilegar prófanir.

Aflfræðilegar prófanir skulu að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir fara fram í samræmi við eftirfarandi EVRÓPUSTAÐLA:

EVRÓPUSTAÐLAR 2–80 : togþolsprófun stáls;

EVRÓPUSTAÐLAR 3–79 : Brinell-hörkuprófun;

EVRÓPUSTAÐLAR 6–55 : beygjuprófun stáls;

EVRÓPUSTAÐLAR 11–80 : togþolsprófun fyrir stálplötur og stálbönd undir 3 mm þykkt;

EVRÓPUSTAÐLAR 12–55 : beygjuprófun fyrir stálplötur og stálbönd undir 3 mm þykkt.

3.1.1. Almennar kröfur.

Allar aflfræðilegar prófanir til eftirlits með gæðum efnisins skulu framkvæmdar á málmi sem tekinn er úr fullbúnum hylkjum.

3.1.2. Tegundir prófana og mat á niðurstöðum.

Öll prófunarhylki skulu prófuð með einni togþolsprófun á langveginn og fjórum beygjuprófunum á hringferli.

3.1.2.1. Togþolsprófun.

3.1.2.1.1. Prófunarhlutinn sem notaður er í togþolsprófunina skal vera í samræmi við ákvæði:

— 4. kafla EVRÓPUSTAÐLA 2–80 þegar þykkt hans er 3 mm eða þar yfir,

— 4. kafla EVRÓPUSTAÐLA 11–80 þegar þykkt hans er undir 3 mm. Í því tilviki skal prófunarhlutinn vera 12,5 mm breiður og 50 mm langur, óháð þykkt efnisins.

Hliðarnar tvær á prófunarhlutanum, sem svara til innra og ytra borðs hylkisins, mega ekki vera vélslípaðar.

3.1.2.1.2. — Að því er varðar blöndur C sem um getur í b-lið 2.1.2 og blöndur sem um getur í c-lið 2.1.2 má brotlenging ekki vera minni en 12%.

— Að því er varðar blöndur B sem um getur í b-lið 2.1.2 má brotlenging ekki vera minni en 12% þegar togþolsprófunin er framkvæmd á einum prófunarhluta sem er tekinn úr veggjum hylkis. Einnig má framkvæma togþolsprófunina á fjórum prófunarhlutum sem teknir eru með jöfnu millibili úr veggjum hylkisins. Niðurstöður skulu vera þessar:

— ekkert einstakt gildi má vera undir 11%,

— meðaltal prófunarhlutanna fjögurra skal vera að minnsta kosti 12%.

— Þegar um hreint ál er að ræða má brotlengingin ekki vera minni en 12%.

3.1.2.1.3. Gildið sem fæst fyrir togþol má ekki vera minna en R_m.

Flotspenna, sem er ákvörðuð um leið og togþolsprófun fer fram, er sú spenna sem er notuð við útreikninga á hylkjum í samræmi við 1.1.

Gildið sem fæst fyrir flotspennu má ekki vera minna en R_e.

3.1.2.2. Beygjuprófun.

3.1.2.2.1. Við beygjuprófun eru notaðir prófunarhlutar sem eru teknir þannig að hringur sem er 3a að breidd er skorinn í tvo jafnlanga hluta. Breiddin má undir engum kringumstæðum vera minni en 25 mm. Þessir hlutar mega ekki vera vélslípaðir nema á skurðarfletinum. Hlutana má kringja svo að þeir hafi að hámarki radíusinn 1/10 af þykkt prófunarhlutans eða skásneiða þá í 45% horn.

3.1.2.2.2. Við beygjuprófun er notaður beygjuöxull með þvermálið d og tvö kefli og skal fjarlægðin á milli þeirra vera d + 3_a. Við prófun skal innri hlið hringsins haldast í snertingu við beygjuöxulinn.

3.1.2.2.3. Prófunarhlutinn má ekki brotna þegar hann er beygður saman áður en bilið milli innanverðra hliða hans er orðið jafnt þvermáli beygjuöxulsins (sjá skýringarmynd í 2. viðbæti).

3.1.2.2.4. Hlutfallið (n) milli þvermáls beygjuöxulsins og þykktar prófunarhlutans má ekki vera hærra en gildin sem gefin eru upp í eftirfarandi töflu:

Virkt togþol R_{mt} í N/mm^2	Gildi n
Til og með 220	5
Yfir 220 til og með 330	6
Yfir 330 til og með 440	7
Yfir 440	8

3.2. Sprengiprófun með vökvaþrýstingi.

3.2.1. Prófunarskilyrði.

Hylki sem eru sett í þessa prófun skulu merkt á þann hátt sem tilgreint er í 6. lið.

3.2.1.1. Sprengiprófun með vökvaþrýstingi skal framkvæmd á tveimur stigum, hvoru á eftir öðru, með prófunarbúnaði sem eykur þrýstinginn í hylkjunum jafnt og þétt þar til hann springur og skráir jafnframt kúrfu þrýstings og tíma. Prófunin skal framkvæmd við stofuhita.

3.2.1.2. Á fyrra stiginu skal þrýstingur aukinn jafnt upp að því marki sem flotbjögun hefst. Þessi aukning má ekki vera meiri en 5 bör á sekúndu.

Frá því marki sem flotbjögun hefst (annað stig) má vinnsla dælunnar ekki vera meiri en sem nemur tvöfaldri vinnslu hennar á fyrsta stigi og skal hún haldast óbreytt þar til hylkið springur.

3.2.2. Túlkun prófunar.

3.2.2.1. Túlkun sprengiþrýstingsprófunar tekur til eftirfarandi:

— athugunar á ferli þrýstings/tíma til að ákvarða sprengiþrýstinginn,

— athugunar á brotinu og lögun kantanna,

— athugunar á því hvort íhvolfur botn hafi snúist við á hylkjum sem eru með botn af því tagi.

3.2.2.2. Mældur sprengiþrýstingur (P_r) skal vera hærri en útkoman úr:

$$P_{rt} = \frac{20a\,R_m}{D - a}$$

3.2.2.3. Sprengiprófunin má ekki valda því að hylkin splundrist.

3.2.2.4. Aðalbrotið má ekki vera stökkt, þ.e. sárið má ekki mynda rétt horn við yfirborðið, heldur skal það mynda horn við þversniðið og dragast saman.

Brot telst einungis fullnægjandi ef það uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

— á hylkjum þar sem þykktin „a" fer ekki yfir 13 mm:

  — skal meirihluti brotsins augljóslega vera á langveginn,

  — skal brotið ekki margkvíslast,

  — skal brotið ekki ná lengra en 90° af hringsniði hylkisins á hvora hlið frá aðalbrotinu,

  — skal brotið ekki ná til þeirra hluta hylkisins sem eru meira en 1,5 sinnum þykkari en mesta þykkt, mæld á miðjum sívalningshlutanum. Þó skal brot hylkis með kúptum botni ekki ná inn á miðjan botn;

— á hylkjum þar sem þykktin „a" fer yfir 13 mm skal meirihluti brotsins vera á langveginn.

3.2.2.5. Í brotinu skulu ekki sjást neinir augljósir efnisgallar.

3.3. Prófun með sveifluþrýstingi.

3.3.1. Hylki sem eru sett í þessa prófun skulu merkt samkvæmt fyrirmælunum í lið 6.

3.3.2. Prófunin, en í henni er notaður vökvi sem hefur ekki ætingu í för með sér, skal framkvæmd á tveimur hylkjum sem framleiðandi ábyrgist að séu í samræmi við þau lágmarksgildi sem ákveðin eru við hönnun þeirra.

3.3.3. Þessi prófun er framkvæmd með sveifluþrýstingi. Hámarkssveifluþrýstingur skal annaðhvort vera jafn P_h eða tveir þriðju þar af.

Lágmarkssveifluþrýstingur má ekki fara yfir 10% af hámarkssveifluþrýstingi.

Lágmarkssveiflufjöldi og hámarkstíðni prófana eru gefin upp í eftirfarandi töflu:

Hámarksþrýstingur	P_h	$2/3P_h$
Lágmarks-sveiflufjöldi	12 000	80 000
Hámarks-sveiflutíðni á mínútu	5	12

Hiti má ekki fara yfir 50°C á ytra borði hylkisins meðan á prófun stendur.

Prófunin telst fullnægjandi ef hylkið þolir tilskilinn sveiflufjölda án þess að leki komi fram.

3.4. Vökvaþrýstingsprófun.

3.4.1. Vatnsþrýstingur í hylkinu skal aukast jafnt og þétt þar til þrýstingnum P_h er náð.

3.4.2. Hylkinu skal haldið undir þrýstingnum P_h nógu lengi til að fá vissu fyrir því að þrýstingurinn haldist óbreyttur og að enginn leki eigi sér stað.

3.4.3. Að prófun lokinni mega ekki sjást neinar varanlegar útlitsbreytingar á hylkinu.

3.4.4. Prófunarhylki sem standast ekki prófunarkröfur skulu tekin úr notkun.

3.5. Athugun á einsleitni hylkis.

Í þessari prófun er gengið úr skugga um að ekki sé meiri munur en 15 HB á hörku einhverra tveggja staða á ytra borði hylkisins. Athugunin er framkvæmd á tveimur reitum þvert yfir hylkin nálægt efri og neðri kanti, á fjórum stöðum með jöfnu millibili.

3.6. Athugun á einsleitni framleiðslulotu.

Þessi prófun, sem framleiðandi framkvæmir, felur í sér að athugað er, með hörkuprófunaraðferðum eða öðrum heppilegum aðferðum, hvort mistök hafi átt sér stað í vali efnis eða við hitameðferð.

3.7. Athugun á botni.

Geiri er afmarkaður úr hringsniði botns á hylki og slípaður og rannsakaður við fimm- til tífalda stækkun.

Hylkið telst gallað ef einhverjar sprungur finnast. Það sama gildir ef holur eða ójöfnur finnast af þeirri stærð að það teljist ógna öryggi.

4. EBE-mynsturviðurkenning.

Tilteknar gerðir eða tegundir hylkja geta einnig fengið EBE-mynsturviðurkenninguna sem um getur í 4. gr. reglna þessara.

"Tegund hylkja" eru hylki frá sömu verksmiðju sem eru einungis af mismunandi lengd, innan eftirtalinna marka:

— lágmarkslengd má ekki vera minni en þrefalt þvermál hylkisins að utanverðu,

— hámarkslengd má ekki vera meiri en 1,5 sinnum lengd prófunarhylkisins.

4.1. Umsækjandi um EBE-mynsturviðurkenningu skal leggja fram skjöl fyrir hverja einstaka tegund hylkja sem nauðsynleg eru vegna þeirra athugana sem er lýst hér á eftir og láta aðildarríkinu í té 50 hylkja framleiðslulotu eða tvær 25 hylkja framleiðslulotur í samræmi við 2.1.5.3, sem úr verður valinn sá fjöldi hylkja sem nauðsynlegur er fyrir prófanirnar sem fjallað er um hér á eftir, ásamt hvers konar viðbótarupplýsingum sem aðildarríkið kann að krefjast.

Umsækjandi skal einkum gera grein fyrir hita- og aflfræðimeðferðinni sem hefur verið notuð og hitastigi og lengd meðferðar samkvæmt 2.1.5. Hann skal leggja fram vottorð um greiningu á steypu þess efnis sem notað hefur verið við framleiðslu hylkjanna.

4.2. Við EBE-mynsturviðurkenningu skal aðildarríkið:

4.2.1. ganga úr skugga um að:

— útreikningarnir sem eru tilgreindir í 2.3 séu réttir,

— þykkt sívalningshluta tveggja prófunarhylkja standist kröfurnar í 2.3, mælingarnar séu gerðar á þremur reitum þversum og í fullri lengd langsum á botni og öxlum,

— kröfurnar sem tilgreindar eru í 2.1 og 2.4.3 séu uppfylltar,

— öll hylki sem aðildarríkið velur úr uppfylli kröfurnar í 2.4.2,

— innra og ytra borð hylkjanna sé laust við alla galla sem geta gert þau ótraust;

4.2.2. framkvæma eftirfarandi prófanir á völdum hylkjum:

— prófanir á tæringarþoli: kornamarkatæring og spennutæring er prófuð á 12 prófunarhlutum samkvæmt lýsingu í II. viðauka,

— prófanirnar sem eru tilgreindar í 3.1, á tveimur hylkjum; þó skulu togþolsprófanir á langveginn og beygjuprófanir á hylkjum sem eru 1 500 mm að lengd eða þar yfir framkvæmdar á prófunarhlutum sem teknir eru úr efsta og neðsta hluta hylkisins,

— prófunina sem er tilgreind í 3.2, á tveimur hylkjum,

— prófunina sem er tilgreind í 3.3, á tveimur hylkjum,

— prófunina sem er tilgreind í 3.5, á einu hylki,

— prófunina sem er tilgreind í 3.7, á öllu úrtakinu.

4.3. Ef niðurstöður athugananna eru fullnægjandi gefur aðildarríkið út vottorð um EBE-mynsturviðurkenningu samkvæmt fyrirmynd í III. viðauka reglna þessara.

5. EBE-sannprófun.

5.1. Við EBE-sannprófun skal framleiðandi hylkis láta skoðunaraðila í té:

5.1.1. vottorð um mynsturviðurkenningu;

5.1.2. vottorð varðandi greiningu efnisins sem notað var við framleiðslu hylkjanna;

5.1.3. gögn um greiningu á steypu þess efnis sem hvert hylki er gert úr;

5.1.4. nauðsynleg skjöl varðandi hita- og aflfræðilega meðferð ásamt upplýsingum um aðferðina sem var beitt, í samræmi við 2.1.5;

5.1.5. skrá yfir hylki þar sem fram koma númer og áletranir sem greint er frá í 6. lið.

5.2. Við EBE-sannprófun:

5.2.1. skal skoðunaraðili:

— ganga úr skugga um að vottorð um EBE-mynsturviðurkenningu sé fyrir hendi og að hylkin séu í samræmi við það,

— athuga skjöl þar sem gefnar eru upplýsingar um efnið í hylkjunum,

— athuga hvort tæknilegar kröfur sem eru settar fram í 2. lið hafi verið uppfylltar, einkum með því að skoða hylkin að utanverðu og innanverðu, ef því verður við komið, og athuga hvort smíði hylkjanna svo og athuganir sem framleiðandi sér um að framkvæma í samræmi við 2.4.1 séu fullnægjandi; skoðunin skal ná til að minnsta kosti 10% af framleiddum hylkjum,

— prófa þol hvað varðar kornamarkatæringu og nota til þess þrjá prófunarhluta, einn úr hverjum hluta (axlahluta, veggjum og botni) í samræmi við 1. lið II. viðauka um málmblöndur sem um getur í c-lið 2.1.2. í þessum viðauka,

— framkvæma prófanirnar sem eru tilgreindar í 3.1 og 3.2,

— athuga hvort upplýsingarnar frá framleiðanda í skránni sem um getur í 5.1.5 séu réttar; það skal gert með slembiathugun,

— meta niðurstöður athugana á einsleitni framleiðslulotu, sem framleiðandi framkvæmir í samræmi við 3.6.

Ef niðurstöður athugananna eru fullnægjandi skal skoðunaraðili gefa út EBE-sannprófunarvottorð samkvæmt fyrirmyndinni í IV. viðauka.

5.2.2. Við framkvæmd prófananna tveggja sem lýst er í 3.1 og 3.2 skal taka tvö hylki af handahófi úr hverri 202 hylkja framleiðslulotu eða hluta af lotu sem hefur verið framleidd úr sömu lögun og fengið tilskilda hitameðferð við sömu skilyrði.

Annað hylki er sett í prófanirnar sem lýst er í 3.1 (aflfræðiprófanir) og hitt í prófunina sem mælt er fyrir um í 3.2 (sprengiprófun). Ef í ljós kemur að prófun hefur ekki verið framkvæmd á réttan hátt eða villa hefur verið gerð við mælingu skal endurtaka prófunina. Ef ein eða fleiri prófanir reynast á einhvern hátt ófullnægjandi skal framleiðandi grafast fyrir um orsök þess undir eftirliti skoðunaraðila.

5.2.2.1. Ef ágallinn er ekki af völdum hitameðferðarinnar skal taka framleiðslulotuna úr umferð.

5.2.2.2. Ef ágallinn er af völdum hitameðferðarinnar getur framleiðandi endurtekið hitameðferð á öllum hylkjum úr framleiðslulotunni. Aðeins má endurtaka þessa meðferð einu sinni.

Í því tilviki skal:

— framleiðandi framkvæma prófunina sem lýst er í 3.6,

— skoðunaraðili framkvæma allar prófanir sem lýst er í 5.2.2.

Niðurstöður prófana að lokinni þessari aukameðferð verða að uppfylla kröfur reglna þessara.

5.2.3. Val á sýnum og allar prófanir skal framkvæma í viðurvist og undir leiðsögn fulltrúa skoðunaraðila. Þó nægir að samþykktur aðili sé viðstaddur val á sýnum og athugun niðurstaðna þegar um er að ræða prófanirnar sem eru tilgreindar í fjórða undirlið 5.2.1.

5.2.4. Þegar allar tilskildar prófanir hafa verið framkvæmdar skulu öll hylki í framleiðslulotunni sett í vökvaþrýstingsprófunina sem lýst er í 3.4 í viðurvist og undir leiðsögn fulltrúa skoðunaraðilans.

5.3. Undanþága frá EBE-sannprófun.

Að því er varðar hylkin sem um getur í 4. gr. reglna þessara og í samræmi við a-lið 15. gr. reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) skulu allar prófunar- og skoðunaraðgerðir sem lýst er í 5.2 framkvæmdar af framleiðanda og á hans ábyrgð.

Framleiðandinn skal láta skoðunaraðila í té öll skjöl sem getið er um í EBE-mynsturviðurkenningu svo og prófunar- og skoðunarskýrslur.

6. Merki og áletranir.

Merki og áletranir sem getið er um í reglum þessum skulu fest á axlir hylkisins.

Þegar um er að ræða hylki með 15 lítra rúmtaki að hámarki má festa merkin og áletranirnar annaðhvort á axlir hylkisins eða annan stað þar sem efnið er nægilega þykkt.

Á hylkjum með innan við 75 mm þvermál skulu þessi merki vera 3 mm að hæð.

Þrátt fyrir kröfurnar í 3. lið í I. viðauka reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) skal framleiðandinn setja EBE-mynsturviðurkenningarmerkin á í þeirri röð sem hér segir:

— hylki sem um getur í 4. gr. reglna þessara:

  — stílfærði stafurinn, CE

  — raðnúmerið 2 sem táknar reglur þessar,

  — hástafir, einn eða fleiri, sem tákna ríkið sem hefur veitt EBE-mynsturviðurkenningu og árið þegar það var gert, táknað með tveimur síðustu stöfunum í ártalinu,

  — númer EBE-mynsturviðurkenningar (t.d. CE 2 D 79 45);

— hylki sem eru eingöngu háð EBE-mynsturviðurkenningu:

  — stílfærði stafurinn CE innan í sexhyrningi,

  — raðnúmerið 2 sem táknar reglur þessar,

  — hástafir, einn eða fleiri, sem tákna ríkið sem hefur veitt EBE-mynsturviðurkenningu og árið þegar það var gert, táknað með tveimur síðustu stöfunum í ártalinu,

  — númer EBE-mynsturviðurkenningar (t.d. ⬡CE⬡ 2 D 79 54).

Þrátt fyrir kröfurnar í 3. lið í II. viðauka reglna um þrýstihylki (sameiginleg ákvæði) skal skoðunaraðili setja EBE-sannprófunarmerkin á í þeirri röð sem hér segir:

— lágstafurinn „e“,

— hástafir, einn eða fleiri, sem tákna ríkið þar sem sannprófunin fer fram ásamt einum eða tveimur tölustöfum, eftir því sem við á, sem tákna frekari svæðaskiptingu,

— merki skoðunaraðilans sem skoðunarmaður festir á ásamt merki hans sjálfs eftir atvikum,

— sexhyrningur,

— dagsetning sannprófunar: ár, mánuður (t.d. e D 12 48 ⬡ 80/01).

6.1. Áletranir varðandi smíði.

6.1.1. um málminn:
tala sem gefur til kynna gildi R tilgreint í N/mm^2, sem útreikningarnir eru byggðir á;

6.1.2. um vökvaþrýstingsprófunina:
gildi prófunarþrýstings í börum og þar á eftir orðið „bar“;

6.1.3. um gerð hylkis:
massi hylkisins í kílógrömmum, þar með taldir allir áfastir hlutar að frátöldum loka og krana og lágmarksrúmtak í lítrum, sem framleiðandi hylkisins ábyrgist. Tilgreina skal massa og rúmtak með einum aukastaf. Gildi fyrir massa er hækkað upp en gildi fyrir rúmtak er lækkað;

6.1.4. um uppruna:
hástafir, einn eða fleiri, sem gefa til kynna upprunaland og þar á eftir merki framleiðanda og raðnúmer.

6.2. Skýringarmynd með dæmum um merkin og áletranirnar er í 1. viðbæti.

1. viðbætir


EBE-sannprófunarmerki og -tákn
Raðnúmer
Lágmarksrúmtak í lítrum sem framleiðandi ábyrgist
Massi tóms hólks í kg
Prófunarþrýstingur í börum
Merki framleiðanda
Upprunaland
Gildi á R í N/mm²
EBE-mynsturviðurkenning
80/01
eD12 48
123456
CTC0
bar
225
275
E 2 D7945F

2. viðbætir

Skýringarmynd af beygjuprófun



II. VIÐAUKI
Tæringarprófun.

1. Prófun á viðnámi gegn kornamarkatæringu.

Aðferðin sem lýst er hér á eftir felst í því að dýfa sýnum, sem áður eru tekin úr fullbúnum hylkjum, ofan í tvær ólíkar ætingarupplausnir og rannsaka þau að tilteknum tíma liðnum til að kanna hvort einhver merki sjáist um kornamarkatæringu og ákvarða eðli og magn tæringar ef einhver er. Umfang tæringar er ákvarðað með málmfræðilegri rannsókn á fleti sem hefur verið skorinn þvert á ætt yfirborð sýnis.

1.1. Sýnataka.

Sýni eru tekin úr öxlum, veggjum og botni hylkisins (mynd 1) og prófuð með upplausn A, eins og hún er skilgreind í 1.3.2.1, eða upplausn B, eins og hún er skilgreind í 1.3.2.2, svo að prófanirnar nái til þessara þriggja hluta hylkisins.

Hvert sýni skal vera af þeirri stærð og lögun sem tilgreind er á mynd 2.

Fletirnir a1 a2 a3 a4, b1 b2 b3 b4, a1 a2 b2 b1, a4 a3 b3 b4 eru allir sagaðir með bandsög og því næst sorfnir með fínni þjöl. Fletirnir a1 a4 b4 b1 og a2 a3 b3 b2, sem samsvara yfirborði hylkisins að innan- og utanverðu, eru látnir haldast í því ástandi sem þeir eru frá hendi framleiðanda.

1.2. Undirbúningur flata fyrir tæringarprófun.

1.2.1. Nauðsynleg efni.

HNO_3 til greiningar, eðlismassi 1,33,

HF til greiningar, eðlismassi 1,14 (við 40 %),

afjónað vatn.

1.2.2. Aðferð.

Eftirfarandi upplausn er löguð í bikarglasi:

HNO_3: 63 cm^3,

HF: 6 cm^3,

H_2O: 929 cm^3.

Upplausnin er hituð upp í 95°C.

Hverju sýni er haldið með álþræði niðri í þessari upplausn í eina mínútu.

Sýnið er þvegið í rennandi vatni og síðan í afjónuðu vatni.

Sýninu er haldið niðri í saltpéturssýru, eins og hún er skilgreind í 1.2.1., í eina mínútu við stofuhita til að fjarlægja koparútfellingu sem kann að hafa myndast.

Skolað í afjónuðu vatni.

Strax að undirbúningi loknum er sýnunum dýft ofan í tæringarvökvann sem þeim er ætlaður (sjá 1.3.1) til að koma í veg fyrir oxun sýnanna.

1.3. Framkvæmd prófunar.

1.3.1. Önnur af eftirfarandi tveimur ætingarupplausnum er notuð að vali skoðunaraðila: annaðhvort 57 g/l natríumklóríð og 3 g/l vetnisperoxíð (upplausn A) eða 30 g/l natríumklóríð og 5 g/l saltsýra (upplausn B).

1.3.2. Lögun ætingarupplausna.

1.3.2.1. Upplausn A.

1.3.2.1.1. Nauðsynleg efni.

NaCl, kristallað, til greiningar,

H_2O_2 100 til 110 rúmmálshlutar – lyfjamæling,

$KMnO_4$ til greiningar,

H_2SO_4 til greiningar, eðlismassi 1,83,

afjónað vatn.

1.3.2.1.2. Títrun vetnisperoxíðs.

Þar sem vetnisperoxíð er fremur óstöðugt efni er áríðandi að athuga títrun þess í hvert sinn sem það er notað. Það er gert þannig:

10 cm^3 af vetnisperoxíði eru teknir með rennipípu, þynntir út með afjónuðu vatni (í mæliglasi) þar til komnir eru 1 000 cm^3 og þannig fengin fram vetnisperoxíðsupplausn sem verður kölluð C. Eftirfarandi er sett í Erlenmeyer-flösku með rennipípu:

— 10 cm^3 af vetnisperoxíðsupplausn C,

— um það bil 2 cm^3 af brennisteinssýru, eðlismassi 1,83.

Permanganatlausn, 1,859 g/l, er notuð við títrunina. Sjálft permanganatið virkar sem mælir.

1.3.2.1.3. Útskýring á títrun.

Efnahvörf permanganats og vetnisperoxíðs í brennisteinslausn eru táknuð þannig:

$$2\,KMnO_4 + 5\,H_2O_2 + 3\,H_2SO_4 \rightarrow K_2SO_4 + 2MnSO_4 + 8\,H_2O + 5\,O_2$$

sem gefur jöfnuna: 316 g $KMnO_4$ = 170 g H_2O_2.

Því hvarfast 1 g af hreinu vetnisperoxíði við 1859 g af permanganati; þ.e.a.s. 1859 g/l af permanganatlausn myndar mettaða lausn með 1 g/l af vetnisperoxíði. Þar sem vetnisperoxíðið var þynnt 100 sinnum í upphafi svara þessir 10 cm^3 af prófunarsýninu til 0,1 cm^3 af upprunalega vetnisperoxíðinu.

Með því að margfalda fjölda rúmsentímetra af permanganatlausninni sem notuð er við títrunina með 10 fæst títrunin T í g/l af upphaflega vetnisperoxíðinu.

1.3.2.1.4. Lögun upplausnarinnar.

Aðferð við 10 lítra lögun:

570 g af natríumklóríði eru leyst upp í afjónuðu vatni þannig að heildarrúmmálið verði um það bil 9 lítrar. Vetnisperoxíði er bætt við í því magni sem reiknað er hér á eftir. Þessu er blandað saman og afjónuðu vatni bætt við þar til rúmmálið er 10 lítrar.

Útreikningur á rúmmáli vetnisperoxíðs sem setja á í upplausnina:

Nauðsynlegt magn af hreinu vetnisperoxíði: 30 g.

Ef hver lítri af vetnisperoxíði inniheldur T grömm af H_2O_2 reiknast nauðsynlegt magn í rúmsentimetrum:

$$\frac{1\,000 \cdot 30}{T}$$

1.3.2.2. Upplausn B.

1.3.2.2.1. Nauðsynleg efni:

NaCl, kristallað, til greiningar,

HCl, hreint, samþjappað, 37 % HCl,

afjónað vatn.

1.3.2.2.2. Lögun upplausnarinnar.

Aðferð við 10 lítra lögun:

300 g af natríumklóríði og 50 g af HCl (50 g = 0,5 %) eru leyst upp í 9 l af afjónuðu vatni, blandað vel saman og bætt við þar til lögunin er 10 lítrar.

1.3.3. Ætingarskilyrði.

1.3.3.1. Æting í upplausn A.

Ætingarupplausn er sett í kristallara (eða hugsanlega í stórt bikarglas) sem settur er í vatnsbað. Hrært er í vatninu með segulhrærara og hitastigið stillt með snertihitamæli.

Sýnið er sett ofan í ætingarupplausnina, annaðhvort hangandi í álþræði eða komið þannig fyrir í vökvanum að það hvíli aðeins á hornunum; síðari aðferðin er talin betri. Ætingartíminn er sex klukkustundir og hitanum er haldið við 30 ± 1°C. Þess skal gætt að magn hvarflausnar sé að minnsta kosti 10 cm^3 á hvern cm af yfirborði sýnisins.

Að lokinni ætingarmeðferð er sýnið þvegið í vatni, dýft í um það bil 30 sekúndur ofan í saltpéturssýru sem er þynnt til helminga, þvegið aftur í vatni og þurrkað með þrýstilofti.

1.3.3.2. Hægt er að prófa mörg sýni samtímis að því tilskildu að þau séu úr sams konar málmblöndu og komist ekki í snertingu hvert við annað. Reglurnar um magn hvarflausnar á hverja yfirborðseiningu verður að sjálfsögðu að halda.

1.3.3.3. Æting í upplausn B.

Ætingarupplausninni er hellt í heppilegt glerílát (t.d. bikarglas). Prófunin er framkvæmd við stofuhita. Ef ekki er hægt að komast hjá hitabreytingum á meðan prófun stendur yfir er æskilegra að framkvæma hana í vatnsbaði og stilla hitann á 23°C samkvæmt hitamæli. Ætingartíminn er 72 klukkustundir.

Sýnunum er komið fyrir í ætingarupplausninni samkvæmt lýsingu í lið 2.3.1. Að lokinni prófun eru sýnin skoluð vandlega með afjónuðu vatni og þurrkuð með fitulausu þrýstilofti. Undir öllum kringumstæðum verður að gæta þess að hlutfallslegt magn ætingarupplausnar á yfirborð sýnanna í ml/cm^2 sé 10 : 1 (sjá 2.3.1).

1.4. Undirbúningur sýna fyrir rannsókn.

1.4.1. Nauðsynleg efni.

Steypuskálar, til dæmis af eftirfarandi stærð:

— þvermál að utanverðu: 40 mm,

— hæð: 27 mm,

— þykkt: 2,5 mm,

Araldite DCY 230
herðir HY 951 } eða samsvarandi.

1.4.2. Aðferð.

Hvert sýni er sett lóðrétt í steypuskál á þann hátt að það hvíli á fletinum a1 a2 a3 a4. Í kringum það er hellt blöndu úr Araldite DCY 230 og herðinum HY 951 í hlutfallinu 9 : 1.

Herslan tekur um það bil 24 klukkustundir.

Nokkur hluti efnis er fjarlægður (helst í rennibekk) af fletinum a1 a2 a3 a4 svo að ekki komi fram tæring frá yfirborði a1 a2 a3 a4 í sniðinu a'1 a'2 a'3 a'4 sem er rannsakað undir smásjá. Bilið milli flatanna a1 a2 a3 a4 og a'1 a'2 a'3 a'4, þ.e. hlutinn sem er sorfinn burt skal vera að minnsta kosti 2 mm (myndir 2 og 3).

Sniðið sem er rannsakað er vélslípað með áloxíði, fyrst með pappír og þar á eftir með flókaefni.

1.5. Smásjárrannsókn á sýnum.

Rannsóknin felst í því að kanna hversu mikil tæring kemur fram í efninu í þeim hluta sniðsins sem prófa á samkvæmt 1.6. Með því móti eru eiginleikar málmsins metnir bæði á ytra og innra borði hylkisins og einnig í þversniði hans.

Sniðið er fyrst rannsakað með lítilli stækkun (t.d. × 40) til að finna þau svæði sem mest eru tærð og þar á eftir með meiri stækkun, venjulega af stærðargráðunni × 300, til að ákvarða eðli og umfang tæringarinnar.

1.6. Túlkun smásjárrannsóknarinnar.

Gengið skal úr skugga um að tæringin í efninu sé aðeins á yfirborðinu:

1. þegar um er að ræða endurkristallaðar málmblöndur má dýpt tæringar á öllu umfangi sniðsins ekki vera meiri en sem nemur hærra gildinu af eftirfarandi tveimur gildum:

   — þrjú korn í hornrétta stefnu á flötinn sem er rannsakaður,

   — 0,2 mm;

   hærri gildi eru þó leyfð staðbundið að því tilskildu að þau komi ekki fyrir víðar en á fjórum svæðum í rannsókninni við stækkunina × 300;

2. þegar um er að ræða kristöllun sem er stýrt í eina átt með kaldmótun má dýpt tæringar á flötum sem samsvara ytra og innra borði hylkisins ekki fara yfir 0,1 mm.

1. viðbætir



Mynd 1

2. viðbætir



Mynd 2



Mynd 3

2. *Prófanir á viðnámi gegn spennutæringu.*

Aðferðin sem er lýst hér á eftir felst í því að hringir eru skornir úr sívalningshluta hylkisins, settir undir álag og dýft ofan í saltvatn í tiltekinn tíma, teknir upp aftur og loft látið leika um þá í nokkru lengri tíma og er þetta meðferðarferli endurtekið í 30 daga. Ef engar sprungur eru í hringjunum eftir 30 daga meðferð telst málmblandan hæf til framleiðslu á gashylkjum.

2.1. *Sýnataka.*

Sex hringir af breiddinni 4a eða 25 mm (hærra gildið er notað) eru skornir úr sívalningshluta hylkisins (sjá mynd 1). Í hverju sýni skal vera 60° vik og skal sett á það spenna með skrúfbolta og tveimur róm (sjá mynd 2).

Hvorki innra né ytra yfirborð sýnanna skal vélslípað.

2.2. *Undirbúningur yfirborðs fyrir tæringarprófun.*

Allar leifar af fitu, olíu og límí sem er notað við álagsmælingar (sjá 2.3.2.4) verður að fjarlægja með þar til gerðum leysiefnum.

2.3. *Framkvæmd prófunarinnar.*

2.3.1. Lögun ætingarupplausnarinnar.

2.3.1.1. Saltvatnið er lagað með því að leysa upp 3,5 ± 0,1 þyngdarhluta af natríumklóríði í 96,5 þyngdarhlutum af vatni.

2.3.1.2. pH-gildi nýlagaðrar upplausnar skal vera á bilinu 6,4 til 7,2.

2.3.1.3. pH-gildið má aðeins leiðrétta með þynntri saltsýru eða þynntu natríumhýdroxíði.

2.3.1.4. Ekki má fylla upp í ílátið með saltupplausninni sem lýst er í 2.3.1.1 heldur skal eingöngu bæta við eimuðu vatni þar til upphaflegu magni er náð. Fylla má upp daglega ef þörf krefur.

2.3.1.5. Skipta skal vikulega um alla upplausnina.

2.3.2. Spenna sett á hringina.

2.3.2.1. Þremur hringjum er þrýst saman svo að álag komi á yfirborð þeirra að utanverðu.

2.3.2.2. Þrír hringir eru spenntir í sundur svo að álag komi á yfirborð þeirra að innanverðu.

2.3.2.3. Álagið skal vera mesta leyfileg spenna samkvæmt eftirfarandi útreikningi á þykkt sívalnings:

$\frac{R_e}{1,3}$ þar sem R_e er lágmarksgildi flotspennu samkvæmt ábyrgð, við 0,2% aflögun í N/mm^2.

2.3.2.4. Raunverulega spennu er hægt að mæla með þar til gerðum rafbúnaði.

2.3.2.5. Einnig er hægt að reikna út álagið með eftirfarandi formúlu:

$$D^1 = D \pm \frac{\pi R(D - a)^2}{4Eaz},$$

þar sem

D^1 = þvermál hrings sem hefur verið þrýst saman (eða spenntur í sundur);

D = þvermál hylkisins að utanverðu í mm;

a = þykkt veggja hylkisins í mm;

$R = \frac{R_e}{1,3}$ N/mm^2;

E = fjaðurstuðull í N/mm^2 = 70 000 N/mm^2;

z = leiðréttingarstuðull (mynd 3).

2.3.2.6. Nauðsynlegt er að boltar og rær séu með rafmagnseinangrun frá hringjunum eða varðir gegn tæringu af völdum upplausnarinnar.

2.3.2.7. Hringirnir sex eiga að vera alveg niðri í saltupplausninni í 10 mínútur.

2.3.2.8. Þá eru þeir teknir upp og loft látið leika um þá í 50 mínútur.

2.3.2.9. Þetta ferli er endurtekið í 30 daga eða þar til hringur brotnar, ef það gerist fyrr.

2.3.2.10. Sýnin skulu skoðuð til að sjá hvort einhverjar sprungur hafi myndast.

2.4. *Túlkun á niðurstöðum.*

Málmblandan telst nothæf til að framleiða úr henni gashylki ef enginn af þeim hringjum sem hafa verið undir álagi er með sprungur, sýnilegar með berum augum eða sýnilegar með lítilli stækkun (10 til 30) við lok prófunarinnar (eftir 30 daga).

2.5. *Málmfræðileg rannsókn.*

2.5.1. Ef vafi leikur á um sprungumyndun (t.d. röð af götum) er hægt að ganga úr skugga um það með málmfræðilegri rannsókn á þversniði sem er tekið hornrétt á ás hringsins á því svæði sem um er að ræða. Samanburður er gerður á tegund tæringar (á kornamörkum eða í gegnum korn) og dýpt tæringar í yfirborði hringsins þegar hann er spenntur sundur eða þrýst saman.

2.5.2. Málmblandan telst nothæf ef tæringin er svipuð beggja vegna hringsins.

Komi hins vegar í ljós að kornamarkasprungur á yfirborði hringsins eru greinilega dýpri á því yfirborði þar sem togspenna er notuð, samanborið við yfirborðið þar sem þrýstispenna er notuð, hefur hringurinn ekki staðist prófun.

2.6. *Skýrslur.*

2.6.1. Tilgreina skal heiti málmblöndunnar og/eða fastanúmer.

2.6.2. Tilgreina skal hámarks- og lágmarksgildi fyrir samsetningu málmblöndunnar.

2.6.3. Gefa skal upp greiningu á löguninni sem hylkin voru framleidd úr.

2.6.4. Réttir aflfræðilegir eiginleikar málmblöndunnar skulu teknir fram, auk lágmarkskrafna um aflfræðilega eiginleika.

2.6.5. Tilgreina skal niðurstöður prófunar.



Mynd 1


Skrúfboltar
Ró
Einangrunar skinna
U.þ.b. 60°
U.þ.b. 60°
Álag við opnun
Álag við þjöppun

Mynd 2


1,00
0,98
0,96
0,94
0,92
0,90
0,88
0,86
0
10
20
30
40
50
60
70
80
90
100
Z: Leiðréttingarstuðullinn D/a

Mynd 3

III. VIÐAUKI

Vottorð um EBE-mynsturviðurkenningu.

Útgefið af .....á grundvelli
(Aðildarríki)

.....
(Innlendar reglur)

um beitingu reglna um SAUMLAUS GASHYLKI ÚR HREINU ÁLI OG ÁLBLÖNDU

Viðurkenning nr. ..... Dags. .....

Tegund hylkis .....
(Lýsing á þeirri tegund hylkja sem fá EBE-viðurkenningu)

P_h ..... D ..... a .....

L_{min} .....L_{max} .....V_{min} .....V_{max} .....

Framleiðandi eða umboðsmaður.....
(Nafn og heimilisfang framleiðanda eða umboðsmanns)

.....

.....

.....

EBE-mynsturviðurkenningarmerki Ɛ ..... Ⓔ .....

Niðurstöður rannsóknar vegna EBE-mynsturviðurkenningar og helstu einkenni mynsturs eru tilgreind í viðauka með þessu vottorði.

Allar upplýsingar fást hjá .....

.....

.....

.....
(Nafn og heimilisfang samþykktaraðila)

Dags ..... Staður ....

.....
(Undirskrift)

Tæknilegur viðauki við EBE-mynsturviðurkenningarvottorð.

1. Niðurstöður EBE-mynsturprófunar með tilliti til EBE-viðurkenningar.

2. Helstu einkenni mynstursins, einkum:

— langsnið þeirrar gerðar hylkja sem hafa fengið mynsturviðurkenningu þar sem tekið er fram:

— ytra nafnþvermál, D, og tilgreind vikmörk sem framleiðandi ákveður,

— lágmarksþykkt sívalnings, a,

— lágmarksþykkt botns og axla og tilgreind vikmörk sem framleiðandi ákveður,

— lágmarks- og hámarkslengd(ir), L_{min}, L_{max};

— rúmtak, V_{min}, V_{max};

— þrýstingur, P_h;

— nafn framleiðanda/númer teikningar og dagsetning;

— heiti hylkisgerðar;

— upplýsingar um málmblönduna í samræmi við lið 2.1 (gerð /efnasamsetning /framleiðsluaðferð /hitameðferð/ aflfræðieiginleikar samkvæmt ábyrgð (togþol – flotspenna)).

IV. VIÐAUKI
SÝNISHORN

Vottorð um EBE-sannprófun.

Beiting reglna um saumlaus gashylki úr hreinu áli og álblöndu.

Skoðunaraðili.....

.....

Dagsetning.....

Númer EBE-mynsturviðurkenningar .....

Lýsing á hylkjunum .....

.....

Númer EBE-sannprófunar .....

Númer framleiðslulotu, frá ..... til .....

Framleiðandi .....

.....

.....

(Nafn og heimilisfang)

Land .....Merki .....

Eigandi .....

.....

.....

(Nafn og heimilisfang)

Viðskiptaaðili .....

.....

.....

(Nafn og heimilisfang)

Sannprófanir.

1. MÆLINGAR Á HYLKJUM Í ÚRTAKI.

Prófun nr.	Framleiðslulota frá nr. ..... til nr.	Rúmtak (lítrar)	Massi tómir (kg)	Lágmarksþykkt við mælingu	
				á hylki (mm)	á botni (mm)

2. AFLFRÆÐILEGAR PRÓFANIR Á HYLKJUM Í ÚRTAKI.

Prófun nr.	Hita-meðferð nr.	Togþolsprófun				Beygju-prófun við 180° án sprungu-myndunar	Sprengi-prófun m/ vökva-þrýstingi (bör)	Lýsing á brotinu (Lýsing eða meðfylgjandi skýringarmynd)
		Prófunar-hlutar samkvæmt EVRÓPU-STÖÐLUM a) 2 - 80 b) 11 - 80	Flot-mörk R_e (N/mm^2)	Tog-þol R_{mt} (N/mm^2)	Brot-lenging A (%)			
Leyfð lágmarksgildi								

Ég undirrituð/aður votta hér með að sannprófanir, prófanir og athuganir sem mælt er fyrir um í lið 5.2 í I. viðauka við reglur um saumlaus gashylki úr hreinu áli og álblöndu hafa verið framkvæmdar og gefið viðhlítandi niðurstöður.

Sérstakar athugasemdir .....

.....

Almennar athugasemdir .....

.....

Gefið út þann (dags.) ....., ...
(Staður)

.....
(Undirskrift skoðunarmanns)

fyrir hönd .....
(Skoðunaraðili)

Félagsmálaráðuneytinu, 21. júní 1996.

F. h. r.
Berglind Ásgeirsdóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Nr. 384 26. júní 1996

REGLUGERÐ

um upplýsingaskyldu sveitarfélaga um skólahald.

1. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn málefna grunnskóla í landinu og hefur eftirlit með því að sveitarfélög og aðrir aðilar er heimild hafa til reksturs grunnskóla, uppfylli skyldur sínar samkvæmt grunnskólalögum, reglugerðum er gefnar eru út samkvæmt þeim og aðalnámskrá.

Menntamálaráðuneytið annast öflun upplýsinga um skólahald og skólastarf á grunnskólastigi á landinu, úrvinnslu slíkra upplýsinga og miðlun þeirra.

2. gr.

Sveitarstjórnum og forstöðumönnum einkaskóla er hlotið hafa löggildingu, sbr. 56. gr. laga nr. 66/1995 er skylt að gera menntamálaráðuneytinu, árlega eða oftar sé þess krafist, grein fyrir framkvæmd skólahalds í grunnskólum er reknir eru á vegum þeirra.

Samræmdum upplýsingum um skólahald er ætlað að skapa traustan grundvöll undir mat á skólastarfi á skyldunámsstigi og auðvelda eftirlit með framkvæmd skólahalds.

3. gr.

Innan árs frá gildistöku reglugerðar þessarar skulu allar sveitarstjórnir er aðild eiga að rekstri grunnskóla veita menntamálaráðuneytinu upplýsingar um aðstöðu skólanna, s.s. stærð skólahúsnæðis, íþróttaaðstöðu, búnað skóla, umhverfi, einsetningu, skólaakstur, aðstöðu til að matast og heimavistir.

Þá skal einnig gera grein fyrir fyrirhuguðum viðbótum eða breytingum á húsnæði eða aðstöðu þar sem um slíkt er að ræða.

4. gr.

Á þeim tíma er menntamálaráðuneytið tiltekur, skulu sveitarstjórnir ár hvert senda því upplýsingar um skólahald, s.s.:

a. *Nemendur*: Fjöldi barna á skólaskyldualdri í skólahverfinu, skipting í bekki og

bekkjardeildir, skipting milli skóla þar sem um fleiri en einn skóla er að ræða, skólasókn, tómstunda- og félagsstörf nemenda, lengd viðvera utan reglulegs kennslutíma.

b. *Starfsfólk:* Fjöldi kennara, starfsheiti, stöðuhlutfall, grunn- og endurmenntun, starfsferill, aðrir starfsmenn skóla en kennarar, meginverkefni allra starfsmanna skóla.

c. *Innra starf skóla:* Skólanámskrá, námsgreinar og námsþættir í öllu skyldunámi, kennslumagn, stundaskrár, námsgögn, þróunarverkefni, kennslu- og matsaðferðir, gæðamat, starfstími skóla, sérstakur stuðningur við nemendur, íslenskukennsla nemenda með annað móðurmál en íslensku.

d. *Störf sérfræðiþjónustu skóla:* Almenn og greinabundin kennsluráðgjöf, námsráðgjöf, sérkennsluráðgjöf, sálfræðiþjónusta og ýmis önnur ráðgjöf við nemendur og starfsfólk skóla.

e. Foreldraráð, foreldrafélög, skólanefnd og upplýsingar um helstu verkefni þeirra.

f. *Aðstæður:* Breytingar á húsnæði, aðstöðu skóla eða öðru því er talið er í 3. gr.

5. gr.

Menntamálaráðherra getur krafist ofangreindra upplýsinga eða hluta þeirra svo og annarra upplýsinga um skólahald á grunnskólastigi er hann telur þörf á oftar en einu sinni á ári, beri nauðsyn til.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. og 10. gr., sbr. 56. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast gildi 1. ágúst 1996.

Menntamálaráðuneytinu, 26. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

26. júní 1996 Nr. 385

REGLUGERÐ

um skólareglur og aga í grunnskólum.

1. gr.

Skólastjóri, kennarar, nemendur og forráðamenn þeirra skulu í sameiningu kosta kapps um að starfsandi í skólanum sé sem bestur.

2. gr.

Nemendur á skólaskyldualdri skulu sækja grunnskóla nema veikindi eða önnur gild forföll hamli.

3. gr.

Skólastjóri hefur forgöngu um að skólareglur séu settar. Skólareglurnar skulu kynntar og afhentar nemendum og forráðamönnum þeirra og birtar í skólanámskrá skólans. Þær

skulu vera skýrar og afdráttarlausar og í þeim skal koma skýrt fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á reglunum.

Skólareglur skulu kveða á um almenna umgengni og hegðun nemenda í skólanum; samskipti þeirra við starfsfólk skólans og skólasystkin; heilbrigðar og hollar lífsvenjur í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla.

Í skólareglum skal kveðið á um hvort heimilt sé að víkja nemanda úr skóla að fullu eða um stundarsakir ef um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er að ræða.

4. gr.

Nemendum er skylt að fara eftir skólareglum og hlíta fyrirmælum starfsfólks skóla, meðan þeir dvelja í skólanum, í öllu starfi á vegum skólans, í skólabifreiðum og á heimavistum. Starfsmenn skóla skulu sýna kurteisi og sanngirni í samskiptum við nemendur.

Umsjónarkennarar skulu fjalla um skólareglurnar með nemendum sínum eins oft og þurfa þykir. Þeir skulu einnig ræða skólareglurnar í foreldraviðtölum og á foreldrafundum.

Starfsmenn skóla og forráðamenn nemenda skulu stuðla að því að nemendur virði reglur skólans.

5. gr.

Í skólareglum skal kveðið á um hvort heimilt sé að víkja nemanda úr kennslustund ef hann hefur valdið verulegri truflun og ekki látið skipast við áminningu kennara. Tryggja skal að skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða sérfróður ráðgjafi í skólanum taki við nemanda og ræði við hann um agabrotið.

Forráðamönnum skal ætíð gerð grein fyrir agabrotum barns síns svo og umsjónarkennara. Einnig skal nemanda gefinn kostur á því að tjá sig um málið.

6. gr.

Gerist nemandi sekur um alvarleg eða endurtekin brot á reglum skólans skal umsjónarkennari leita orsaka þess og reyna að ráða bót á því. Verði samt ekki breyting á til batnaðar skal umsjónarkennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans. Ávallt skal leitað eftir samvinnu við forráðamenn nemenda um úrlausn málsins.

Takist ekki að leysa málið innan skólans á viku, vísar skólastjóri því til úrlausnar skólanefndar sem tekur málið til meðferðar og beitir sér fyrir skjótum úrbótum í samráði við skólastjóra, umsjónarkennara, sérfræðiþjónustu skóla og forráðamenn. Takist skólanefnd ekki að leysa málið getur hvor aðili, forráðamaður eða skólanefnd, vísað málinu til menntamálaráðuneytis sem leitar úrlausnar og úrskurðar með hvaða hætti úr skuli bætt.

Sé nemanda vikið úr skóla um stundarsakir má ekki líða meira en ein kennsluvika áður en hann hlýtur annað kennsluúrræði.

Óheimilt er að víkja nemanda að fullu úr skóla nema honum hafi verið tryggt annað úrræði.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 41. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast gildi 1. ágúst 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 512/1975 um skólareglur o.fl. í grunnskólum.

Menntamálaráðuneytinu, 26. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um sérfræðiþjónustu skóla.

I. KAFLI
Skyldur sveitarfélaga og skilgreining sérfræðiþjónustu

1. gr.

Öllum sveitarfélögum, sem standa að rekstri grunnskóla, er skylt að sjá skólunum fyrir sérfræðiþjónustu, bæði almennri og greinabundinni kennsluráðgjöf, er taki til þeirra námsgreina sem tilgreindar eru í 30. gr. grunnskólalaga og sálfræðiþjónustu. Sveitarstjórn skipuleggur sérfræðiþjónustu skóla og ræður starfsmenn til að sinna henni.

2. gr.

Þar sem sérfræðiþjónusta skóla er ekki rekin á vegum sveitarfélaga er sveitarstjórn skylt að semja um þjónustu við önnur sveitarfélög, stofnanir, svo sem kennaramenntunarstofnanir, eða aðra aðila er veita þjónustu á þessu sviði.

Þegar um slík þjónustukaup er að ræða skal sveitarstjórn fylgjast með því að sérfræðiþjónusta uppfylli fyrirmæli laga og reglugerða.

3. gr.

Sérfræðiþjónustu skóla er ætlað að stuðla að því að kennslufræðileg og sálfræðileg þekking nýtist sem best í skólastarfi. Störf sérfræðiþjónustu skóla skulu því fyrst og fremst beinast að því að efla grunnskólana sem faglegar stofnanir sem geti leyst flest þau viðfangsefni sem upp koma í skólastarfi og veita starfsmönnum skóla leiðbeiningar og aðstoð við störf sín eftir því sem við á.

Kennurum og skólastjórnendum skal standa til boða ráðgjöf og stuðningur sérfræðiþjónustu vegna skólastarfs. Þjónustan felst m.a. í faglegri ráðgjöf vegna almennrar kennslu einstakra námsgreina og aðstoð og leiðbeiningum við kennara vegna sérkennslu.

Einnig skal sérfræðiþjónusta skóla veita grunnskólum aðstoð og leiðbeiningar vegna nýbreytni- og þróunarstarfa.

Sérfræðiþjónusta skóla skal gefa forráðamönnum kost á leiðbeiningum um uppeldi nemenda eftir því sem aðstæður leyfa.

II. KAFLI
Starfshættir sérfræðiþjónustu skóla.

4. gr.

Starfsmenn sérfræðiþjónustu skóla vinna störf sín samkvæmt því skipulagi sem sveitarstjórn ákveður í samræmi við 42. og 43. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Starfsmenn sérfræðiþjónustu skulu vinna að forvarnarstarfi í samvinnu við starfsmenn skóla m.a. með kennslufræðilegum og sálfræðilegum athugunum og greiningu á nemendum sem eiga í erfiðleikum sem hafa áhrif á nám þeirra. Forráðamenn nemenda geta komið með ósk um slíka athugun. Starfsmenn skóla og heilsugæslu geta lagt fram ósk um athugun að fengnu samþykki forráðamanna. Að athugun lokinni gera starfsmenn sérfræðiþjónustu tillögur um viðeigandi meðferð og úrbætur.

5. gr.

Allar athuganir og rannsóknir sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með samþykki forráðamanna.

6. gr.

Foreldrum og/eða forsjármönnum er heimilt að kynna sér gögn í vörslu sérfræðiþjónustu skóla með persónulegum upplýsingum varðandi börn þeirra að viðstöddum sérfræðingi viðkomandi starfsstéttar. Með allar slíkar upplýsingar skal farið sem trúnaðarmál.

III. KAFLI

Stjórnun og skipulag.

7. gr.

Sveitarfélag, sem stendur að rekstri grunnskóla og hefur falið sérstakri stofnun á sínum vegum, eða í samvinnu við önnur sveitarfélög, að hafa umsjón með kennslu og skólahaldi fyrir hönd viðkomandi sveitarfélags/sveitarfélaga, getur jafnframt falið henni að annast sérfræðiþjónustu skóla á viðkomandi svæði.

IV. KAFLI

Sérfræðingar.

8. gr.

Sérmenntaðir starfsmenn sérfræðiþjónustu skóla skulu vera kennarar með framhaldsmenntun, sálfræðingar og aðrir sérfræðingar á sviði kennslu-, uppeldis- eða félagsmála. Umfang sérfræðiþjónustu skal miða við fjölda nemenda í viðkomandi sveitarfélagi, eða sveitarfélögum, sbr. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla ef um samrekstur er að ræða.

Lágmark sérfræðivinnu á kennsluviku skal að jafnaði miðast við samtölu eftirfarandi tveggja liða:

1. Á fyrstu 2000 nemendur reiknast 0,0625 klukkustundir á hvern nemanda.
2. Ef nemendur eru fleiri en 2000 reiknast að auki 0,05 klukkustundir á hvern nemanda sem er umfram 2000.

Í þeim tilvikum þar sem sveitarfélög reka sérfræðiþjónustu sameiginlega skal miða við samanlagðan nemendafjölda í viðkomandi sveitarfélögum.

V. KAFLI

Annað.

9. gr.

Sveitarfélögum er skylt að gera menntamálaráðuneytinu grein fyrir skipulagi sérfræðiþjónustu skóla í sveitarfélaginu innan tveggja ára frá gildistöku reglugerðar þessarar. Gera skal menntamálaráðuneytinu grein fyrir starfsemi sérfræðiþjónustunnar á þriggja ára fresti þaðan í frá.

VI. KAFLI

Gildistaka.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 42. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast gildi frá og með 1. ágúst 1996.

Menntamálaráðuneytinu, 26. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 53 – 1996

4. júlí 1996 1033 Nr. 387

REGLUGERÐ

um valgreinar í grunnskólum.

1. gr.

Heimilt er að verja allt að þriðjungi námstíma í valgreinar í 9. og 10. bekk.

Með valgreinum er átt við að nemendum er gefinn kostur á að leggja stund á aðrar námsgreinar eða námsþætti en tilgreindar eru í aðalnámskrá grunnskóla eða dýpka þekkingu sína og færni í ákveðnum skyldunámsgreinum.

2. gr.

Grunnskólar skulu skilgreina og skýra markmið valgreina, leggja fram kennsluáætlanir, yfirlit yfir námsefni og ákvarðanir um námsmat og fá staðfestingu sveitarstjórnar áður en þær eru boðnar fram enda er framboð og kostnaður við einstakar valgreinar háð samþykki sveitarstjórnar.

Lýsingar á öllum valgreinum skólans skulu ásamt öðrum starfsáætlunum hans birtast í skólanámskrá áður en kennsla hefst.

Nemendum skal ætíð gefast kostur á að velja valgreinar í samráði við forráðamenn þeirra.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir því að kennsla valgreina í skólanum uppfylli kröfur námskrár og sé í samræmi við reglugerð þessa.

3. gr.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi og því skal kennslan veitt nemendum þeim að kostnaðarlausu. Óheimilt er að krefja nemendur eða forráðamenn þeirra um greiðslur fyrir kennslu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í valgreinanámi.

4. gr.

Skólastjóra er heimilt, í samráði við nemanda og forráðamenn, að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi sem valgrein eða hluta af valgrein í 9. og 10. bekk grunnskóla. Skipuleggja skal þátttöku í atvinnulífi í samráði við skólann.

5. gr.

Heimilt er að bjóða nemendum með annað móðurmál en íslensku eigið móðurmál sem valgrein enda séu ákvæði 2. gr. uppfyllt. Einnig er skólum heimilt að viðurkenna skipulagt nám þessara nemenda í móðurmáli, utan grunnskóla, sem valgrein.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 32. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast gildi 1. ágúst 1996.

Menntamálaráðuneytinu, 4. júlí 1996.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

Gutenberg

REGLUGERÐ

um nemendaverndarráð í grunnskólum.

1. gr.

Skólastjóri grunnskóla getur stofnað nemendaverndarráð til eins árs í senn. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi heilsugæslu, námsráðgjöf og sérfræðiþjónustu, vera skólastjóra til aðstoðar við gerð og framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur.

2. gr.

Í nemendaverndarráði geta átt sæti skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri, umsjónarmaður sérkennslu ef hann starfar við skólann, fulltrúi heilsugæslu, þar sem því verður við komið, fulltrúi sérfræðiþjónustu skóla, þar sem því verður við komið og námsráðgjafi skólans, sé hann starfandi.

Skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri er formaður nemendaverndarráðs.

3. gr.

Starfsemi ráðanna tekur mið af aðstæðum á hverjum stað. Þar sem 10 kennarar eða fleiri eru starfandi auk skólastjóra er æskilegt að slíkt ráð sé starfandi.

4. gr.

Þurfi nemandi að mati umsjónarkennara, á sérstakri aðstoð að halda vegna fötlunar, sjúkdóms eða námslegra, félagslegra eða tilfinningalegra erfiðleika, skal umsjónarkennari vísa málinu skriflega til skólastjóra sem getur lagt málið fyrir nemendaverndarráð.

5. gr.

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði varðandi einstaka nemendur sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og forráðamenn svo og aðra aðila sem tengjast máli nemandans ef þörf krefur.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um nauðsynlegar ráðstafanir, getur skólastjóri falið ákveðnum aðila/aðilum innan ráðsins að fylgja málinu eftir ef nauðsyn krefur.

6. gr.

Nemendaverndarráð kemur saman a.m.k. einu sinni í mánuði. Fundir skulu færðir til bókar. Fara skal með persónulegar upplýsingar samkvæmt reglum um meðferð trúnaðargagna.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast gildi 1. ágúst 1996.

Menntamálaráðuneytinu, 26. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um sérkennslu.

I. KAFLI
Markmið og skilgreining.

1. gr.

Grunnskólinn er fyrir öll börn og unglinga á skólaskyldualdri og skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins. Nemendur skulu eiga kost á að stunda nám í almennum grunnskóla í skólahverfi sínu.

2. gr.

Grunnskólinn skal laga starf sitt að þroska og getu allra nemenda sinna, þannig að hver nemandi fái kennslu við hæfi. Því ber að skipuleggja skólastarfið í heild út frá þörfum allra nemenda og skapa námsumhverfi sem hæfir hverjum og einum.

3. gr.

Sérkennsla felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum miðað við það sem öðrum nemendum á sama aldri er boðið upp á. Sérkennsla er skipulögð til lengri eða skemmri tíma eftir þörfum nemandans, jafnvel alla skólagöngu hans.

Sérkennsla einstakra nemenda eða nemendahópa fer fram innan eða utan almennra bekkjardeilda, í sérdeildum, sérskólum eða annars staðar.

Í sérkennslu felst m.a.:

a. Gerð rökstuddrar námsáætlunar fyrir nemendahóp eða hvern einstakling sem byggð er á upplýsingum um heildaraðstæður nemanda og á athugun og mati á stöðu hans í námi og þroska. Tilgreind skulu langtíma- og skammtímamarkmið með kennslunni.
b. Kennsla samkvæmt námsáætlun.
c. Skipuleg skráning og regluleg endurskoðun á námsáætlun og kennslu.

II. KAFLI
Athugun á þörf fyrir sérkennslu.

4. gr.

Sveitarstjórn lætur kanna í samvinnu við skólastjóra, skólalækni og með aðstoð sérfræðiþjónustu skóla og annarra hlutaðeigandi aðila, hvort í sveitarfélaginu séu nemendur, sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum þurfa á sérkennslu að halda.

5. gr.

Skólastjóri metur þörf fyrir sérkennslu í skólanum í samráði við kennara.

6. gr.

Ef forráðamenn, umsjónarkennari eða sérfræðingar telja að nemandi þurfi á sérkennslu að halda skal málinu vísað til skólastjóra.

III. KAFLI
Réttindi nemenda og foreldra og/eða forráðamanna.

7. gr.

Ef forráðamenn, kennarar og sérfræðingar sérfræðiþjónustu skóla eru sammála um að nemandi þurfi á sérstöku námstilboði að halda skal hann eiga rétt á sérkennslu. Um sérkennsluúrræði og gerð námsáætlunar fyrir einstaka nemendur skal skólastjóri hafa samráð við forráðamenn og leita samþykkis þeirra.

8. gr.

Allar athuganir og rannsóknir sem varða einstaka nemendur skulu gerðar í samráði við og með samþykki forráðamanna.

9. gr.

Foreldrum og/eða forráðamönnum er heimilt að lesa þau gögn sem eru í vörslu skóla og fræðsluyfirvalda sem hafa að geyma persónulegar upplýsingar varðandi skólagöngu barna þeirra að viðstöddum sérfræðingi viðkomandi starfsstéttar. Með allar slíkar upplýsingar skal farið sem trúnaðarmál.

10. gr.

Ágreiningsmálum má vísa til sveitarstjórnar til úrskurðar.

IV. KAFLI
Skipan sérkennslu.

11. gr.

Sveitarstjórn skal sjá til þess að börn á grunnskólaaldri sem þurfa á sérkennslu að halda fái kennslu við sitt hæfi. Slík kennsla getur tengst störfum í atvinnulífinu ef henta þykir.

Sérkennsla fer m.a. fram með eftirfarandi hætti:

a. Með sérkennslu inni í bekkjardeild.
b. Með skiptitímum í bekkjardeild.
c. Með einstaklingskennslu utan bekkjardeildar eða í sérstökum námshópum að hluta eða öllu leyti.
d. Í sérdeild/sérskóla skv. 38. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.
e. Annars staðar þar sem henta þykir.

12. gr.

Umsjónarkennari skal fylgjast með námi og þroska nemenda sinna, leiðbeina þeim og hafa reglulegt samband við forráðamenn þeirra. Umsjónarkennari skal einnig fylgjast með námi nemenda sinna hjá öðrum kennurum, þ.m.t. í sérkennslu.

13. gr.

Í skólum með 200 nemendur eða fleiri felur skólastjóri einum af kennurum skólans að hafa umsjón með kennslu þeirra nemenda sem þurfa á sérkennslu að halda og felur honum jafnframt að hafa umsjón með samskiptum við sérfræðiþjónustu skóla að því er varðar þessa nemendur.

14. gr.

Sérkennsla í grunnskólum skal unnin eftir áætlun sem samin er ár hvert og samþykkt af sveitarstjórn áður en til framkvæmda kemur.

Áætlun um sérkennslu í grunnskóla skal samin af skólastjóra eða umsjónarmanni sérkennslu samkvæmt nánari fyrirmælum skólastjóra og í samvinnu við nemendaverndarráð, ef það er starfandi. Áætlun um sérkennslu skal taka til námsáætlunar fyrir námshópa og einstaka nemendur eftir því sem við á. Ennfremur skal áætlunin taka til annarra tengdra starfa vegna fatlaðra nemenda.

V. KAFLI
Sjúkrakennsla.

15. gr.

Þeir nemendur grunnskóla sem að mati læknis verða frá skólagöngu vegna slyss eða veikinda lengur en 5 skóladaga skulu eiga rétt til sjúkrakennslu annaðhvort á heimili sínu eða á sjúkrastofnun. Skólastjóri sá er sveitarstjórn lögheimilissveitarfélags nemanda felur umsjón sjúkrakennslu í sveitarfélaginu, ákveður í samráði við lækni þann er nemandann stundar, hversu mikla kennslu nemandinn skal fá. Þegar um er að ræða nemanda sem haldinn er langvinnum sjúkdómi skal kennsla að jafnaði eigi hefjast síðar en 5 dögum frá því að veikindi hófust eða frá skólabyrjun í sveitarfélaginu. Sjúkrakennari skal hafa samráð við umsjónarkennara nemandans þar sem það á við en annars þann skólastjóra sem hefur umsjón með kennslunni.

Lögheimilissveitarfélag nemanda greiðir sjúkrakennslu fyrir hann.

VI. KAFLI
Starfsmenn.

16. gr.

Sérkennsla skal innt af hendi af sérkennara eftir því sem við verður komið, eða undir umsjón sérkennara ef betur þykir henta að nemandi fái sérkennslu hjá umsjónarkennara eða öðrum kennurum.

17. gr.

Sveitarstjórn getur ráðið uppeldisfulltrúa til að aðstoða fatlaða nemendur í grunnskóla ef skólastjóri telur það nauðsynlegt.

18. gr.

Sveitarstjórn getur samið við aðrar sveitarstjórnir um að fela kennara sérkennslu í skólum í fleiri en einu sveitarfélagi.

VII. KAFLI
Sérskólar og sérdeildir.

19. gr

Sveitarfélög stofna og reka sérskóla og sérdeildir annaðhvort ein sér eða í samvinnu við önnur sveitarfélög, sbr. 38. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

20. gr.

Viðkomandi sveitarfélög setja sérdeildum/sérskólum starfsreglur sem menntamálaráðherra staðfestir. Í starfsreglum skulu vera ákvæði um afgreiðslu umsókna um skólavist, innritun og útskrift nemenda úr viðkomandi sérdeild/sérskóla.

21. gr.

Sveitarstjórn, sem annast rekstur sérdeildar/sérskóla þar sem nemendur með lögheimili í öðru sveitarfélagi stunda nám, getur krafið lögheimilissveitarfélag um námsvistargjöld

vegna nemandans enda hafi sveitarstjórn lögheimilissveitarfélags samþykkt námsdvöl. Við ákvörðun fjárhæðar námsvistargjalds skal miða við meðaltalskostnað á hvern nemanda í skólanum án stofnkostnaðar eða fjármagnskostnaðar.

22. gr.

Í sérskólum og sérdeildum skulu nemendur fá kennslu samkvæmt 29. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Heimilt er að sérskólar og sérdeildir veiti nemendum samfellda þjónustu allan daginn alla virka daga skólaársins, enda sé fjárheimild fyrir hendi

23. gr.

Sérskólar og sérdeildir starfa eftir meginmarkmiðum aðalnámskrár grunnskóla og skulu setja sér skólanámskrá þar sem fram kemur skilgreining á hlutverki þeirra, sbr. 31. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla.

24. gr.

Með samþykki viðkomandi sveitarfélaga getur menntamálaráðuneytið falið einstökum sérskólum og sérdeildum að veita leiðbeiningar og ráðgjöf til forráðamanna og kennara hvarvetna á landinu samkvæmt reglum sem ráðuneytið setur í samráði við viðkomandi sveitarfélög. Sérfræðingar sérskóla, sérdeilda og sérfræðiþjónustu skóla skulu hafa náið samstarf um þá ráðgjöf sem hér um ræðir.

25. gr.

Áður en nemandi er innritaður í sérskóla eða sérdeild skal meta stöðu hans í námi og þroska. Við slíkt mat skal tekið tillit til heildaraðstæðna hans. Allar slíkar athuganir skulu gerðar í fullu samráði og með samþykki forráðamanna. Forráðamenn eiga rétt á að kynna sér niðurstöður úr slíku mati áður en þeir ákveða hvort sótt verði um innritun nemandans í sérskóla. Allar umsóknir um innritun nemenda í sérskóla og sérdeildir skulu sendar til skólastjóra viðkomandi skóla ásamt umsögnum viðkomandi sérfræðinga. Um meðferð og afgreiðslu umsókna, innritun og útskrift skal fara eftir starfsreglum viðkomandi sérdeildar/sérskóla sem menntamálaráðherra hefur staðfest.

26. gr.

Skólastjórar sérskóla og sérdeilda skulu gera áætlun fyrir skóla sinn um fyrirkomulag kennslu, fjölda námshópa, kennslustundafjölda og annan rekstrarkostnað. Áætlunina skal miða við komandi skólaár að því er varðar kennslu, en komandi almanaksár að því er varðar rekstrarkostnað. Áætlunina skal leggja fyrir viðkomandi sveitarstjórn til afgreiðslu. Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf skólaárs, ef þörf krefur.

VIII. KAFLI
Kennslumagn.

27. gr.

Sveitarstjórn skal við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins gera ráð fyrir fjárveitingum til sérkennslu í grunnskólum sem miðast við að til ráðstöfunar í hverri kennsluviku verði sem svarar 0,25 kennslustundum á fyrstu 1.700 nemendur í sveitarfélagi og 0,23 kennslustundum á hvern nemanda umfram 1.700. Þessu kennslumagni skal varið til sérkennslu í grunnskólum, kennslu í sérdeildum (sbr. 11. gr. c. lið) og til annarra starfa á þessu sviði eftir nánari ákvörðun sveitarstjórnar.

Í þeim sveitarfélögum sem reka sérskóla eða sérdeildir samkvæmt 38. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla skal sveitarstjórn ennfremur gera ráð fyrir fjárveitingum til kennslu í samræmi við áætlanir skv. 26. gr.

28. gr.

Auk kennslumagns skv. 27. gr. skal sveitarstjórn við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins gera ráð fyrir fjárveitingum til sjúkrakennslu sbr. 15. gr.

IX. KAFLI

Gildistaka.

29. gr.

Reglugerð þessi, er sett er samkvæmt heimild í 37. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast gildi 1. ágúst 1996. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 106/1992 um sérkennslu.

Menntamálaráðuneytinu, 26. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

10. júlí 1996 Nr. 390

REGLUGERÐ

um holræsagjöld í Reykjanesbæ.

1. gr.

Hverjum þeim, sem á hús eða húshluta í Reykjanesbæ eða leigir lóð í bænum við götu eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, ber að greiða árlegt holræsagjald til bæjarsjóðs Reykjanesbæjar.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,13% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, og 0,36% af fasteignamati atvinnuhúsnæðis og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald. Gjöld samkvæmt grein þessari er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka allt að 50% án þess að samþykki ráðuneytisins komi til.

2. gr.

Holræsagjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda, ef um eignarlóð er að ræða, en af leigutaka, ef um leigulóð er að ræða, og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með lögveðsrétti í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

3. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Reykjanesbæjar, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Keflavík nr. 206/1958 með síðari breytingum og reglugerð um holræsagjöld í Njarðvíkurbæ nr. 64/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 10. júlí 1996.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um íslenskukennslu nemenda með annað móðurmál en íslensku.

1. gr.

Nemendur í grunnskóla er hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi, eiga rétt á sérstakri kennslu í íslensku.

2. gr.

Markmið kennslunnar er að gera nemendur færa að skilja og nota íslenskt mál, stunda nám í íslenskum grunnskólum og taka þátt í íslensku samfélagi.

Menntamálaráðherra setur náminu markmið í aðalnámskrá grunnskóla og hefur eftirlit með framkvæmd þess, sbr. 9. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.

3. gr.

Skólanefnd þess skóla er nemandi stundar nám við skal sjá til þess að hann fái þá kennslu í íslensku sem skólastjóri og sérfræðiþjónusta skóla telur þörf á meðan nemandi stundar þar nám.

4. gr.

Miða skal við að hver nemandi með annað móðurmál en íslensku fái 2 stundir á viku í sérstakri íslenskukennslu á meðan hann er að ná tökum á íslensku máli. Samkvæmt mati skólastjóra og sérfræðiþjónustu skóla getur kennslan verið mismunandi eftir skyldleika móðurmáls nemanda við íslensku.

5. gr.

Í skólum þar sem því verður við komið og með samþykki viðkomandi sveitarstjórnar, skulu nemendur með annað móðurmál en íslensku fá kennslu í og á eigin móðurmáli í samráði við forráðamenn. Með kennslunni skal stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda. Nemendur skulu hvattir til að halda móðurmáli sínu við og rækta það.

6. gr.

Heimilt er að veita þessum nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmt lokapróf í íslensku og leggja fyrir þá sérstakt lokapróf í íslensku.

7. gr.

Um heildarfjölda kennslustunda nemenda með annað móðurmál en íslensku gilda sömu reglur og um aðra nemendur.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 36. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og öðlast gildi 1. ágúst 1996.

Menntamálaráðuneytinu, 4. júlí 1996.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóð Úlfars Þormóðssonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Úlfars Þormóðssonar og er stofnaður í tilefni af því að 369 ár eru liðin frá „Tyrkjaráni".

2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins, sem er framlag Úlfars Þormóðssonar, er 453 þúsund krónur og skal haldast óskert.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styðja íslenska menningu og listir.
2. Að afla gagna um afdrif Íslendinga í Berbalöndum Afríku.
3. Að styðja við útgáfu frumsamins íslensks menningarefnis.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög stuðningsaðila.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Úlfar Þormóðsson tilnefnir tvo þeirra til eins árs í senn og situr sjálfur í stjórn og er formaður hennar svo lengi sem hann óskar þess, en hverfi hann úr stjórn velja þeir sem eftir sitja mann í hans stað og skal þá stjórnin skipta með sér verkum og ákveða endurnýjun sína.

7. gr.

Stjórnin ávaxtar fé sjóðsins sem best má verða hverju sinni, ráðstafar því og ákveður úthlutun að eigin frumkvæði eða samkvæmt umsóknum.

8. gr.

Kostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og lagðir fyrir stjórnarfund eigi síðar en í lok júnímánaðar.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi var samþykkt á fundi sem haldinn var 9. júní 1996 og getur einvörðungu fullskipaður stjórnarfundur tekið ákvörðun um breytingar á henni og hvort sjóðurinn hætti starfsemi. Verði sjóðurinn lagður niður renna eigur hans til Flóttamanna-hjálpar Sameinuðu þjóðanna.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. júlí 1996.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 393 26. júní 1996

REGLUGERÐ

um fyrirkomulag æfingakennslu kennaranema í grunnskólum.

1. gr.

Skólar sem annast kennslu kennaranema til starfa við grunnskóla skulu tryggja þessum nemum aðstöðu til æfingakennslu á námstíma sínum með því að semja við skólastjóra og skólanefndir um að taka nemana í æfingakennslu.

Um stundafjölda í æfingakennslu og nánara fyrirkomulag fer eftir námskrá viðkomandi kennaramenntunarstofnunar.

Þar sem sérstakar skólamálaskrifstofur á vegum sveitarfélaga eru starfandi má semja við þær um að hafa milligöngu um útvegun aðstöðu til æfingakennslu.

Kostnaður við æfingakennslu telst hluti af rekstrarkostnaði viðkomandi kennaramenntunarstofnana.

2. gr.

Um æfingakennslu kennaranema við Íþróttakennaraskóla Íslands fer samkvæmt 3. gr. laga nr. 65/1972.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 43. gr. laga nr. 29/1988 um Kennaraháskóla Íslands sbr. 3. gr. laga nr. 46/1994 um breytingu á þeim lögum, 17. gr. sbr. 9. gr. laga nr. 51/1992 með áorðnum breytingum um Háskólann á Akureyri sbr. einnig 4. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 380 frá 1994 um Háskólann á Akureyri svo og með heimild í 16. gr. laga nr. 65/1972 um Íþróttakennaraskóla Íslands og 14. gr. laga nr. 38/1965 um Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. ágúst 1996.

Menntamálaráðuneytinu, 26. júní 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

REGLUGERÐ

um breyting á mengunarvarnareglugerð nr. 48/1994, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 2. gr. bætist eftirfarandi skilgreining:

Meðhöndlun seyru: Seyra sé afvötnuð og auk þess;

a) gerjuð við loftfirrð skilyrði í upphituðum rottanki og/eða,

b) rotni við loftuð skilyrði í tanki eða beði, eða við jarðgerð og/eða,

c) íblönduð kalki svo sýrustig nái pH = 11.

2. gr.

3. mgr. 33. gr. orðist svo:

33.3 Mengun frá bifreiðum, sem fluttar eru til landsins, skal vera innan viðmiðunarmarka samkvæmt viðauka 6.

3. gr.

Við 38. mgr. bætist ný málsgrein sem orðist svo:

38.5 Sveitarstjórn skal í samráði við heilbrigðisnefnd setja upp ruslagám í nánd við sumarhúsahverfi. Gámarnir skulu vera til staðar á því tímabili sem almennt er dvalist í húsunum í hverfinu. Séu fleiri en 20 sumarhús í hverfinu skal staðsetning gáms vera sem næst hverfinu og/eða þannig að hentugt sé að losa í gáminn í leið frá hverfinu.

4. gr.

2. mgr. 43. gr. orðist svo:

43.2 Salernisúrgang, ristarúrgang og seyru, sem ekki verður nýtt, skal flytja til móttökustöðvar sem hefur til þess tilskilin leyfi samkvæmt 42. gr. Taka skal mið af ákvæðum í viðauka 26 þegar seyra er nýtt til uppgræðslu, í landbúnaði, eða til annarra nota.

5. gr.

Á eftir 2. mgr. 43. gr. bætast við nýjar málsgreinar sem orðist svo:

43.3 Ómeðhöndlaða seyru má aðeins nýta til uppgræðslu fjarri mannabústöðum og utan alfaraleiða. Skylt er að plægja ómeðhöndlaða seyru a.m.k. 10 sentimetra niður í jarðveginn. Tryggt skal að ekki sé hætta á mengun grunnvatns eða yfirborðsvatns.

43.4 Meðhöndla verður alla seyru, áður en hún er borin á tún sem slegin eru til fóðurs, eru beitt, eða sem eru nýtt á annan hátt, t.d. í þéttbýli eða vegna útivistar. Sama á við um hvers kyns nýtingu til jarð- og garðræktar.

43.5 Að minnsta kosti eitt ár verður að líða frá því meðhöndluð seyra er borin á tún eða garða, þar til nýting eða umgangur er heimilaður.

43.6 Nýting á seyru er háð leyfi heilbrigðisnefndar.

6. gr.

3. mgr. 43. gr. verður 7. mgr. 43. gr.

7. gr.

Fyrirsögn 49. gr. verði „Áætlanir og skýrslugerð um meðferð úrgangsefna“ í stað „Um spilliefnarannsóknir“.

8. gr.

49. gr. orðist svo:

49.1 Heilbrigðisnefnd skal sjá um að annaðhvert ár verði tekið saman yfirlit yfir förgun og meðferð úrgangsefna á svæði nefndarinnar, svo og áætlanir um endurbætur. Í yfirlitinu skal a.m.k. koma fram eftirfarandi;

a) magn, tegundir og uppruni úrgangsefna,
b) endurnýting og endurvinnsla úrgangsefna,
c) tæknilegar kröfur til förgunar úrgangsefna,
d) yfirlit yfir hentug svæði þar sem úrgangur kann að verða urðaður.

49.2 Áætlanir og upplýsingar samkvæmt 1. mgr. skal senda til Hollustuverndar ríkisins, sem dregur efni þeirra saman í sameiginlega stöðuskýrslu fyrir landið, um uppruna, meðferð og förgun úrgangsefna þar með talin spilliefni. Stöðuskýrslan skal koma út annað hvert ár, í fyrsta skipti árið 1998.

9. gr.

62. gr. orðist svo:

Telji umsækjandi starfsleyfis að krafist sé óeðlilegra athugana og/eða rannsókna, sbr. 57. gr. og/eða 3. mgr. 61. gr., getur hann leitað úrskurðar úrskurðarnefndar samkvæmt lögum nr. 81/1988, sé um að ræða starfsleyfi sem heilbrigðisnefndir og Hollustuvernd ríkisins gefa út, en ráðherra sé um að ræða starfsleyfi sem hann gefur út sbr. 1. mgr. 72. gr.

10. gr.

65. gr. orðist svo:

65.1 Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda Hollustuvernd ríkisins. Stofnunin kannar málið í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og lætur í ljós álit sitt. Sætti aðilar málsins sig ekki við það álit og náist ekki málamiðlun, úrskurðar úrskurðarnefnd samkvæmt lögum nr. 81/1988 í málinu, enda sé um að ræða starfsleyfi sem Hollustuvernd ríkisins gefur út. Um málsmeðferð hjá nefndinni fer samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

65.2 Þar sem ráðherra gefur út starfsleyfi, sbr. 1. mgr. 72. gr., að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins, skal stofnunin gera nákvæma grein fyrir skriflegum athugasemdum við starfsleyfistillögur og hvernig stofnunin tekur á þeim hverri fyrir sig. Skal stofnunin sérstaklega tiltaka þær athugasemdir sem hún tekur ekki tillit til og færa rök fyrir því.

11. gr.

2. mgr. 70. gr. orðist svo:

70.2 Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillögur skal senda hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Heilbrigðisnefnd kannar málið í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið og gefur álit sitt. Sætti aðilar máls sig ekki við álit heilbrigðisnefndar er heimilt að vísa málinu til stjórnar Hollustuverndar ríkisins og sætti aðilar sig ekki við álit hennar, áfram til úrskurðarnefndar sem starfar samkvæmt lögum nr. 81/1988. Um málsmeðferð hjá nefndinni fer samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

12. gr.

Fyrirsögn 79. gr. verði „Nýjar sorpbrennslustöðvar og brennslustöðvar fyrir spilliefni“ í stað „Nýjar sorpbrennslustöðvar.“

13. gr.

Við 79. gr. bætast nýjar málsgreinar sem orðist svo:

79.2 Í starfsleyfum brennslustöðva fyrir spilliefni, sem brenna öðrum spilliefnum en um getur í 2. mgr., skal taka mið af kröfum sem fram koma í viðauka 29 og öðrum kröfum mengunarvarnareglugerðar eins og við á hverju sinni.

79.3 Kröfur í viðauka 29 eiga ekki við um eftirfarandi tegundir úrgangs:

a) eldfiman fljótandi úrgang sem veldur ekki annars konar útblæstri við brennslu, en sem stafar frá bruna gasolíu,
b) annan eldfiman fljótandi úrgang með nettóvarmagildi a.m.k. 30 MJ/kg, nema úrgangurinn innihaldi PCB eða PCT í meira magni en 50 ppm, eða efni sem upp eru talin á lista II í viðauka 19 og eru í slíku magni og styrk, að stofnað geti heilsu manna í hættu eða valdið skaða á umhverfi,
c) úrgang sem fellur til við leit og nýtingu gaslinda frá mannvirkjum á hafi úti, ef brennsla fer fram um borð í skipi,
d) sorp frá sveitarfélögum sem heimilt er að farga í sorpbrennslustöðvum.

14. gr.

Viðauki 6 verði svohljóðandi:

VIÐAUKI 6

Leyfilegt hámark mengunarefna í útblásturslofti bifreiða.

Um hámark mengandi efna í útblæstri bifreiða sem eru fluttar til landsins frá og með 1. janúar 1996 skulu gilda eftirfarandi mörk. Miðað er við prófanir samkvæmt US-87/88 reglum eða tilskipun nr. 70/220/EBE með breytingum nr. 94/12/EBE, nr. 93/59/EBE, nr. 91/441/EBE og nr. 83/351/EBE eða tilskipun nr. 88/77/EBE með breytingum nr. 91/542/EBE, og að mengunarvarnabúnaður bifreiða sé samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja. Fyrir bifreiðar sem hafa verið áður gerðarprófaðar og skráðar innan Evrópska efnahagssvæðisins þarf ekki að leggja fram vottorð til staðfestingar á að mengunarefni séu undir eftirfarandi mörkum.

A. Þegar prófað er samkvæmt bandarískum reglum US-87/88:

		fólksbílar	hvþ>1700	hvþ>2600	
Kolmónoxíð	CO	2,11 (2,55)	2,73 (3,99)	3,10 (4,54)	gr/km
Kolvetni	CH	0,15 (0,19)	0,19 (0,25)	0,24 (0,35)	gr/km
Köfnunarefnisoxíð	NO_x	0,25 (0,37)	0,43 (0,60)[1]	0,68 (0,95)[1]	gr/km
Ryk		0,05 (0,06)	0,05 (0,06)	0,07	gr/km

[1] Gildir ekki um díselknúin ökutæki.

B. Þegar prófað er eftir tilskipun nr. 70/220/EBE með breytingum nr. 94/12/EBE, nr. 93/59/EBE, nr. 91/441/EBE og nr. 83/351/EBE:

Viðmiðunarþyngd kg	Kolmónoxíð(CO) í gr/km	Summa kolvetna og köfnunarefnisoxíða í gr/km	Ryk í gr/km dísel
vþ ≤ 1250	2,72	0,97	0,14
1250 < vþ ≤ 1700	5,17	1,4	0,19
1700 < vþ	6,9	1,7	0,25

eða

Fólksbifreiðar fyrir 6 eða færri farþega og vþ < 2500	Kolmónoxíð (CO) í gr/km		Summa kolvetna og köfnunarefnisoxíða í gr/km		Ryk í gr/km
	bensín	dísel	bensín	dísel	díesel
	2,2	1,0	0,5	0,7(1)	0,08(1)

(1) Bifreiðar knúnar díselvélum með beinni innspýtingu mega hleypa út 0,9 gr/km og 0,1 gr/km til 30. september 1999.

C. Þegar prófað er samkvæmt tilskipun nr. 88/77/EBE með breytingum nr. 91/452/EBE:

Kolmónoxíð	CO	4,5 gr/kwh
Kolvetni	CH	1,1 gr/kwh
Köfnunarefnisoxíð	NO_x	8,0 gr/kwh
Efnisagnir		0,36 gr/kwh(*)

(*) Sé um að ræða minni hreyfil en 85 kW skal margfalda markgildið með 1,7.

15. gr.

Við reglugerðina bætist við viðauki 29 sem er svohljóðandi:

VIÐAUKI 29
Varnir gegn mengun frá brennlustöðvum fyrir spilliefni.

1.

1.1 Í starfsleyfi skal með óyggjandi hætti tilgreina tegund og magn þess hættulega úrgangs sem leyfilegt er að meðhöndla í brennslustöðinni sem og heildarvinnslugetu stöðvarinnar.

1.2 Ef stöð sem ekki er fyrst og fremst ætlað að brenna hættulegum úrgangi er látin taka við hættulegum úrgangi (sambrennsla) og hitinn sem myndast við brunann er ekki hærri en 40% af samanlögðum hita sem losaður er í stöðinni á hverju augnabliki, skal eftirfarandi gilda að minnsta kosti:
- ákvæði 1.1 til 3.3.
- ákvæði 4.1 til 4.5.
- ákvæði 5.1 til 5.4, ásamt ákvæðum um mælingar sem um getur í 8.1 til 9.3.
- ákvæði 7.1 til 7.4.
- ákvæði 10.1 til 10.2.

1.3 Leyfið til sambrennslu sem lýst er í 1.2, skal því aðeins veitt ef í umsókninni er sýnt fram á:
- að brennarar spilliefna séu þannig staðsettir og skömmtun úrgangsins þannig hagað að sem næst fullkomnum bruna verði náð, og
- með útreikningunum sem mælt er fyrir um í II viðauka að ákvæðum í 5.1 til 5.4 verði fullnægt.

Í starfsleyfi skal með óyggjandi hætti telja upp tegundir og magn þess úrgangs sem má sambrenna í stöðinni. Í því skal enn fremur tilgreina lágmarks og hámarks massaflæði þessa úrgangs, lægsta og hæsta varmagildi hans og hámarksinnihald mengunarefna, t.d. PCB, PCP, flúors, brennisteins og þungmálma.

Niðurstöður mælinga sem gerðar eru innan sex mánaða frá því að starfsemi hefst, við óhagstæðustu skilyrði sem búast má við, skulu sýna að ákvæði 5.1 til 5.4 séu uppfyllt.

2.

2.1 Stjórnandi brennslustöðvar skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir vegna afhendingar og móttöku úrgangs í því skyni að koma í veg fyrir eða, ef það er ekki framkvæman-

legt, draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á umhverfið, einkum mengun lofts, jarðvegs og grunnvatns og hættu sem steðjar að heilsu manna.

3.

3.1 Áður en tekið er við úrganginum til brennslustöðvarinnar skal stjórnandi hennar hafa tiltæka lýsingu á úrganginum sem tekur til:
- eðlisfræðilegrar og, eftir því sem hægt er, efnafræðilegrar samsetningar úrgangsins sem og allra nauðsynlegra upplýsinga til að meta hve vel hann er fallinn til fyrirhugaðrar brennslu.
- hættu af völdum úrgangsins, hvaða efnum má ekki blanda saman og varúðarráðstafanir sem gera þarf við meðhöndlun úrgangsins.

3.2 Áður en tekið er við úrganginum skal stjórnandi brennslustöðvar að minnsta kosti gera eftirfarandi:
- ákvarða massa úrgangsins,
- athuga þau skjöl sem krafist er samkvæmt reglugerð þessari og eftir atvikum þau sem krafist er samkvæmt reglugerð nr. 259/93/ESB um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu og samkvæmt reglugerðum um flutning hættulegs úrgangs.
- taka dæmigerð sýni fyrir losun, nema það eigi ekki við, á þann hátt að framkvæma eftirlit og að gera eftirlitsaðilum kleift að bera kennsl á úrganginn sem tekinn er til meðferðar. Þessi sýni skulu varðveitt í að minnsta kosti einn mánuð eftir brennslu.

3.3 Hollustuvernd ríkisins getur veitt fyrirtækjum undanþágu frá 3.1 og 3.2, ef þau brenna aðeins sínum eigin úrgangi á framleiðslustað úrgangsins og að því tilskildu að sömu varnir séu tryggðar.

4.

4.1 Stöðvar til brennslu hættulegs úrgangs skulu starfræktar á þann hátt að sem næst fullkomnum bruna verði náð. Þetta kann að krefjast þess að viðeigandi tækni sé beitt við að forvinna úrganginn.

4.2 Allar brennslustöðvar skulu vera hannaðar, útbúnar og starfræktar með það í huga að lofttegundir sem myndast við brennslu hættulega úrgangsins, séu hitaðar eftir síðustu inndælingu brunalofts, á skipulegan og jafnan hátt og jafnvel við óhagstæðustu aðstæður, upp í að minnsta kosti 850°C við eða nálægt innvegg brunahólfsins í tvær sekúndur hið minnsta. Súrefnisinnhald skal ekki vera undir 6%. Ef brenndur er hættulegur úrgangur sem inniheldur meira en 1% af halógenuðum lífrænum efnum, táknað sem halogen, þarf að hækka hitann upp í að minnsta kosti 1100°C.
Ef eldsneyti brennarans er eingöngu fljótandi hættulegur úrgangur eða blanda loftkenndra efna og duftkenndra fastra efna sem falla til við hitaformeðferð hættulegs úrgangs við súrefnisskort og ef loftkenndi hlutinn inniheldur meira en 50% af öllum hitanum sem losaður er, á súrefnisinnihald eftir síðustu inndælingu brunalofts að vera að minnsta kosti 3%.

4.3 Allar brennslustöðvar skulu búnar brennurum sem eru ræstir sjálfvirkt þegar hiti brennslulofttegunda, eftir síðustu inndælingu brunalofts, fer niður fyrir lágmarkshita sem tilgreindur er í 4.2. Einnig ber að nota slíka brennara þegar stöðin er ræst eða stöðvuð í því skyni að tryggja að lágmarks hiti haldist meðan óbrenndur úrgangur er í brunahólfinu.
Við ræsingu og stöðvun, eða þegar hiti brennslulofts fer niður fyrir lágmarkshita sem tilgreindur er í 4.2, má ekki nota eldsneyti sem getur orsakað annan útblástur en þann sem stafar af brennslu gasolíu, fljótandi gasi eða jarðgasi.

4.4 Skylt er að hafa yfir að ráða og starfrækja kerfi til að koma í veg fyrir að spilliefnaúrgangur sé meðhöndlaður:

- við ræsingu, áður en tilskildum lágmarkshita er náð,
- þegar ekki tekst að halda tilskildum lágmarkshita,
- þegar samfelldu mælingarnar samkvæmt 5.1 til 5.4 sýna að farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir útblástur, t.d. vegna truflana eða bilana í hreinsibúnaði.

4.5 Við starfrækslu brennslustöðvarinnar má ekki fara yfir eftirfarandi viðmiðunarmörk fyrir styrk kolsýrings (CO) í brunalofttegundum.

a) 50 mg/m^3 brunalofttegunda sem ákvarðað er sem daglegt meðalgildi,

b) 150 mg/m^3 brunalofttegunda fyrir að minnsta kosti 95% allra mælinga sem framkvæmdar eru á einhverju 24 klukkustunda tímabili ákvarðað sem 10 mínútna meðalgildi, eða 100 mg/m^3 brunalofttegunda fyrir allar mælingar sem framkvæmdar eru á einhverju 24 klukkustunda tímabili, ákvarðað sem 30 mínútna meðalgildi.

Brennslustöðvar skulu hannaðar, búnar og starfræktar þannig að koma megi í veg fyrir verulega loftmengun niður við jörð. Hæð reykháfs skal reiknuð út með það fyrir augum að vernda heilsu manna og umhverfi.

Heimilt er í starfsleyfi að veita undanþágur frá kröfum í 4.2 fyrir tiltekin hættuleg efni. Slík undanþága skal að minnsta kosti vera bundin því skilyrði að farið sé að ákvæðum 5.1 til 5.4 og magn díoxína og fúrana í útblæstri sé minna eða jafnt því magni sem fæst með kröfunum sem mælt er fyrir um í 4.2.

4.6 Hiti sem myndast við brennsluna skal nýttur eins og kostur er.

5.

5.1 Brennslustöðvar skulu hannaðar, búnar og starfræktar þannig að minnsta kosti verði ekki farið yfir eftirtalin viðmiðunarmörk fyrir útblástursloft:

a)	Dagleg meðalgildi:	
1.	Heildarmagn ryks	10 mg/m^3
2.	Lífræn efni í loftkenndu ástandi, táknað sem lífrænt kolefni	10 mg/m^3
3.	Vetnisklóríð (HCl)	10 mg/m^3
4.	Vetnisflúoríð (HF)	1 mg/m^3
5.	Brennisteinsdíoxíð (SO_2)	50 mg/m^3

b)	30 mínútu meðalgildi:	A	B
1.	Heildarmagn ryks	30 mg/m^3	10 mg/m^3
2.	Lífræn efni í loftkenndu ástandi, táknað sem lífrænt kolefni	20 mg/m^3	10 mg/m^3
3.	Vetnisklóríð (HCl)	60 mg/m^3	10 mg/m^3
4.	Vetnisflúoríð (HF)	4 mg/m^3	2 mg/m^3
5.	Brennisteinsdíoxíð (SO_2)	200 mg/m^3	50 mg/m^3

c) Öll meðalgildi á prófunartíma sem nemur minnst 30 mínútum og mest 8 klukkustundum:

1. Kadmíum og efnasambönd þess, táknað sem kadmíum (Cd) að viðbættu þallíum og efnasamböndum þess, táknað sem þallíum (Tl) 0.05 mg/m^3
2. Kvikasilfur og efnasambönd þess, táknað sem kvikasilfur (Hg) 0,05 mg/m^3
3. Samanlagðir styrkir allra eftirtalinna málma og efnasambanda þeirra, táknað sem viðkomandi málmur:

Antímon (Sb), Arsen (As), Blý (Pb), Króm (Cr),
Kóbolt (Co), Kopar (Cu), Mangan (Mn),
Nikkel (Ni), Vanadíum (V) og Tin (Sn) 0,5 mg/m3

Ofangreind viðmiðunargildi taka einnig til loft- og gufukennds forms viðeigandi þungmálma sem og efnasambanda þeirra.

5.2 Draga skal úr útblæstri díoxína og fúrana með þróuðustu tækniaðferðum sem völ er á. Miða skal við mörkin 0,1 mg/m^3 Sex mánuðum eftir að teknar hafa verið upp samræmdar mælingaraðferðir innan ESB, skal óheimilt að fara yfir viðmiðunarmörkin. Viðmiðunarmörkin eru skilgreind sem summa styrks einstakra díoxína og fúrana sem metinn er í samræmi við I viðauka.

5.3 Niðurstöður mælinga sem gerðar eru til að staðfesta að viðmiðunar- og leiðbeiningarmörkin sem sett eru í 4.1 til 4.5 og í þessari grein skulu umreiknaðar til samræmis við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 9.2.

5.4 Ef um er að ræða sambrennslu spilliefnaúrgangs í samræmi við 1.2 skulu ákvæði 4.5 og 5.1 til 5.3 eingöngu gilda í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka, um þann hluta rúmmáls útblásturslofts sem leggur frá brennslu spilliefnaúrgangsins. Í samræmi við II viðauka skal ákvarða hæfileg viðmiðunar- og leiðbeiningarmörk fyrir útblástur viðeigandi mengunarefna sem losuð eru með útblásturslofti frá stöðvum sem um getur í 1.2.

6.

6.1 Losun skólps frá brennslustöð er háð leyfi.

6.2 Takmarka skal eins og kostur er losun úrgangsvatns sem fellur til við hreinsun útblásturslofts. Í starfsleyfi má heimila að losa vatnsúrgang eftir sérstaka meðferð að því tilskildu að laga- og reglugerðarákvæði og allar kröfur að því er varðar viðmiðunarmörk fyrir útblástur séu uppfyllt og að massi þungmálma, díoxína og fúrana í slíkum vatnsúrgangi, í hlutfalli við magn hættulegs úrgangs sem er meðhöndlaður, sé minnkaður þannig að sá massi sem heimilt er að losa í vatn sé minni en heimilt er að losa út í andrúmsloftið.

6.3 Svæði brennslustöðva ásamt geymslusvæðum fyrir hættulegan úrgang sem tengjast þeim skulu hönnuð og starfrækt þannig að komið verði í veg fyrir að mengunarefni berist í jarðveg og grunnvatn í samræmi við tilskipun 80/68/ESB um verndun grunnvatns gegn mengun af völdum tiltekinna hættulegra efna. Enn fremur skal sjá fyrir geymsluaðstöðu fyrir afrennsli regnvatns frá svæði brennslustöðva eða mengað vatns sem á rætur að rekja til leka eða slökkvistarfa. Þessi geymsluaðstaða skal nægja til að tryggja að hægt sé að prófa og meðhöndla slíkan úrgang áður en hann er losaður ef þurfa þykir.

7.

7.1 Leifar sem til falla við starfsemi brennslustöðvar skulu endurheimtar eða þeim fargað í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Það kann að fela í sér formeðferð leifanna. Ber að varðveita slíkar leifar þannig að þær séu innbyrðis aðgreindar þar til mat liggur fyrir um endurvinnslu eða förgun. Beita skal viðeigandi tækniaðferðum til að auðvelda þetta frekar.

7.2 Flytja skal og geyma til bráðabirgða þurrleifar í formi ryks, t.d. ketilryk og þurrleifar, sem falla til við meðferð útblásturslofts, í lokuðum ílátum.

7.3 Áður en ákveðið er hvernig farga á eða endurheimta leifar sem falla til við brennslu skal gera prófanir til að ákvarða eðlisfræðilega þætti og efnafræðilega samsetningu og hugsanlega mengunarhættu af völdum hinna ýmsu brunaleifa. Greiningin skal einkum taka til uppleysanlegs hluta og þungmálma.

8.

8.1 Í samræmi við 9.1 til 9.3 skal í leyfi mælt fyrir um mælingarkröfur vegna eftirlits með færibreytunum, skilyrðunum og styrk mengunarefna sem tengjast brennsluferlinu og þeim skilyrðum sem fylgja leyfinu sem gefið er út skv. 8. kafla þessarar reglugerðar. Reglubundnar mælingar skulu ákveðnar í samræmi við III. viðauka.

8.2 Leyfið skal því aðeins veitt að umsókn sýni að fyrirhuguð mælitækni séu í samræmi við III. viðauka. Öryggismörkin (95%) sem ákvörðuð eru sem viðmiðunarmörk fyrir útblástur og eru gefin upp í a-lið 4.5 og 5.1, 5.2, 5.3 og 5.5 mega ekki fara yfir þau gildi sem gefin eru upp í 4. lið III. viðauka. Viðeigandi búnaður og starfsemi sjálfvirks eftirlitsbúnaðar skal sæta eftirliti og gangast undir árlegar eftirlitsprófanir.

8.3 Aðferðir við sýnatöku sem beitt er í því skyni að uppfylla skilyrði um reglubundnar mælingar hvers loftmengunarefnis um sig og staðsetning sýnatöku og mælingarstaða skulu tilgreindar í starfsleyfi.

9.

9.1 Eftirtaldar mælingar skulu gerðar í brennslustöðinni í samræmi við III. viðauka:

a) stöðugar mælingar á efnunum sem um getur í 4.5 og a- og b-lið 5.1,

b) stöðugar mælingar á eftirtöldum færibreytum sem varða vinnsluna:
   - á hita eins og um getur í 4.2,
   - á styrk súrefnis, þrýstingi, hita og vatnsgufu í útblásturslofti.

c) minnst tvær mælingar á ári á efnunum sem um getur í c-lið 5.1 og 5.2, ein mæling á tveggja mánaða fresti skal hins vegar gerð fyrstu 12 mánuði starfseminnar,

d) nauðsynlegt er að staðfesta með viðeigandi hætti dvalartíma, lágmarkshita og súrefnisinnihald í útblásturslofti eins og tilgreint er í 4.2, að minnsta kosti einu sinni þegar brennslustöðin er tekin í notkun og við óhagstæðustu starfsskilyrði sem búast má við.

Sleppa má stöðugum mælingum á vetnisflúor (HF) ef vetnisklór (HCl) er meðhöndlað þannig að tryggt sé að ekki sé farið yfir viðmiðunarmörkin fyrir útblástur samkvæmt 3. tölul. á a-lið 5.1 og 3. tölul. í b-lið 5.1.

Ekki er nauðsynlegt að mæla stöðugt innihald vatnsgufu að því tilskyldu að sýni útblásturslofts sé þurrkað áður en útblásturinn er greindur.

Ekki er nauðsynlegt að gera mælingar á mengunarefnum sem skráð eru í 5.1, að því tilskildu að samkvæmt leyfinu sé eingöngu heimilt að brenna þeim spilliefnum sem geta ekki orsakað að meðalgildi fyrir þessi mengunarefni fari yfir 10% af viðmiðunarmörkum fyrir útblástur sem sett eru í 5.1.

9.2 Niðurstöður mælinganna sem gerðar eru til að staðfesta að farið sé að viðmiðunar- og leiðbeiningarmörkum um útblástur sem sett eru fram í 4.1 og 5.4 skulu umreiknuð til samræmis við eftirfarandi kröfur:
- hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 11% súrefni, þurrgas,
- hiti 273 K, þrýstingur 101,3 kPa, 3% súrefni, þurrgas.

9.3 Viðmiðunarmörk fyrir útblástur eru uppfyllt ef:
- öll dagleg meðalgildi fara ekki yfir viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í a-lið 4.5 og a-lið 5.1 og
- annaðhvort öll 30 mínútna meðalgildi yfir árið fara ekki yfir viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í A-dálki b-liðar 5.1, eða 97% af 30 mínútna meðalgildum yfir árið fara ekki yfir viðmiðunarmörk fyrir útblástur sem mælt er fyrir um í B-dálki b-liðar 5.1, öll meðalgildi á sama tímabili og mælt er fyrir um í c-lið 5.1 fara ekki yfir viðmiðunarmörk fyrir útblástur sem mælt er fyrir um í þeirri undirgrein.
- farið er að ákvæðum b-liðar 4.5.

Meðalgildin sem ákvörðuð eru innan tímabilsins sem um getur í 10.2 eru ekki tekin með í reikninginn þegar metið er hvort viðmiðunarmörkin fyrir útblástur séu virt.

Ákvarða skal 30 og 10 mínútna meðalgildi á virkum starfstíma (þar með talinn ræsingar- og stöðvunartími) miðað við mæld gildi þegar búið er að draga frá gildi öryggismarkanna sem tilgreind eru í 4. lið III. viðauka. Dagleg meðalgildi skulu ákvörðuð út frá þessum viðurkenndu meðalgildum.

10.

10.1 Ef mælingar sem gerðar eru sýna að farið sé yfir viðmiðunarmörk skal tilkynna Hollustuvernd ríkisins um það án tafar. Stöðin sem um ræðir skal hætta að taka við spilliefnum, ef hún uppfyllir ekki viðmiðunarmörk fyrir útblástur, og stöðin má ekki taka á ný við slíkum úrgangi fyrr en Hollustuvernd ríkisins leyfir það.

10.2 Í starfsleyfi skal mæla fyrir um hve lengi óumflýjanleg stöðvun af tæknilegum orsökum, röskun eða minni háttar bilun á hreinsibúnaði eða mælingarbúnaði má vara og styrkur mengandi efna sem losuð eru út í andrúmsloftið má fara yfir viðmiðunarmörk. Stöðin má, við þessi skilyrði, aldrei halda áfram að brenna úrgangi í meira en fjórar klukkustundir í senn án hléa. Enn fremur má starfsemi við þessi skilyrði á einu ári ekki vera meiri en 60 klukkustundir samanlagt. Ef um er að ræða alvarlega bilun skal stjórnandi brennslustöðvarinnar draga úr eða hætta starfsemi eins fljótt og auðið er þar til stöðin getur hafið eðlilega starfsemi á ný. Í stöðvum sem fjallað er um í 1.2 skal hætt að taka við spilliefnum. Heildarinnihald ryks mengunarefnanna skal aldrei fara yfir 150 mg/m^3, táknað sem 30 mínútna meðaltal. Ennfremur má ekki fara yfir viðmiðunarmörk fyrir útblástur sem mælt er fyrir um í 2. tölul. í a-lið 1. og 2. tölul. í b-lið 5.1. Uppfylla skal öll önnur skilyrði sem um getur í 4.1. til 4.5.

I. VIÐAUKI.

Jafngildisstuðlar fyrir díoxín og díbensófúrön.

Til að ákvarða samanlagt gildi sem um getur í 5.2 skal margfalda styrk eftirfarandi díoxína og díbensófúrana með eftirfarandi jafngildisstuðlum áður en lagt er saman.

Efni		Jafngildisþáttur
2,3,7,8	-Tetraklóródíbensódíoxín (TCDD)	1
1,2,3,7,8	-Pentaklóródíbensódíoxín (PeCDD)	0,5
1,2,3,4,7,8	-Hexaklóródíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,7,8,9	-Hexaklóródíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,6,7,8	-Hexaklóródíbensódíoxín (HxCDD)	0,1
1,2,3,4,6,7,8	-Heptaklóródíbensódíoxín (HpCDD)	0,01
	-Oktaklóródíbensódíoxín (OCDD)	0,001
2,3,7,8,	-Tetraklóródíbensófúran (TCDF)	0,1
2,3,4,7,8	-Pentaklóródíbensófúran (PeCDF)	0,5
1,2,3,7,8	-Pentaklóródíbensófúran (PeCDF)	0,05
1,2,3,4,7,8	-Hexaklóródíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,7,8,9	-Hexaklóródíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,6,7,8	-Hexaklóródíbensófúran (HxCDF)	0,1
2,3,4,6,7,8	-Hexaklóródíbensófúran (HxCDF)	0,1
1,2,3,4,6,7,8	-Heptaklóródíbensófúran (HpCDF)	0,01
1,2,3,4,7,8,9	-Heptaklóródíbensófúran (HpCDF)	0,01
	-Oktaklóródíbensófúran (OCDF)	0,001

II. VIÐAUKI.
Ákvörðun viðmiðunarmarka fyrir útblástur og leiðbeiningarmörk fyrir brennslu hættulegs úrgangs.

Reikna skal út viðmiðunarmörk eða leiðbeiningarmörk fyrir hvert einstakt mengunarefni og kolmónoxíð í útblásturslofti sem myndast við brennslu hættulegs úrgangs sem hér segir:

$$C = Vúrg. * Cúrg. + Vvinnsl. * Cvinnsl. / Vúrg.+ Vvinnsl.$$

Vúrg Magn útblásturslofts sem myndast við brennslu hættulegs úrgangs sem aðeins er ákvarðað út frá úrgangi með lægsta varmagildi sem er tilgreint í starfsleyfi og staðlað við aðstæður sem tilgreindar eru í 9.2.
Ef magn hitalosunar við brennslu hættulegs úrgangs er minni en 10% af heildarhitalosun í stöðinni skal Vúrg. reiknað út frá (ímynduðu) magni úrgangs sem við brennslu myndi samsvara 10% af samanlagðri hitalosun.

Cúrg. Viðmiðunarmörk fyrir stöðvar sem einungis er ætlað að brenna hættulegan úrgang (að minnsta kosti viðmiðunarmörk fyrir útblástur og leiðbeiningarmörk fyrir mengunarefni og kolmónoxíð eins og mælt er fyrir um í 5.1, 5.2 og 4.5).

Vvinnsl. Útblástursloft sem myndast við vinnslu stöðvarinnar, þar með talin brennsla leyfilegs eldsneytis sem venjulega er notað í stöðinni (að undanskildum spilliefnum) sem er ákvarðað á grundvelli súrefnisinnihalds. Ef engin ákvæði eru til um þessa gerð stöðvar verður að nota raunverulegt súrefnisinnihald í útblástursloftinu án þess að þynna það með viðbótarlofti, sem er ekki nauðsynlegt fyrir vinnsluna. Umreikninga vegna annarra skilyrða er að finna í 9.2.

Cvinnsl. Viðmiðunarmörk fyrir útblástur viðeigandi mengunarefna og kolmónoxíða í slíkum stöðvum þegar þær brenna eldsneyti sem venjulega er leyft (að undanskildum hættulegum úrgangi). Ef engar upplýsingar af þessu tagi eru fyrir hendi skal nota viðmiðunarmörk um útblástur sem mælt er fyrir um í starfsleyfi.

C Samanlögð viðmiðunar- eða leiðbeiningarmörk fyrir kolsýring (CO) og viðeigandi mengunarefni sem koma í stað viðmiðunar- eða leiðbeiningarmarka sem mælt er fyrir um í 4.5 og í 1. og 5.1 til 5.2. Heildarsúrefnisinnihald sem koma á í stað súrefnisinnihalds með hliðsjón af umreikningunum sem um getur í 4.1 til 5.4 er reiknað út á grundvelli ofangreinds innihalds með hliðsjón af hluta rúmmálsins. Ekki skal taka tillit til mengunarefna og kolsýrings sem ekki stafar beint frá brennslu spilliefna eða frá brennslu eldsneytis (t.d. efna sem eru nauðsynleg fyrir framleiðslu eða framleiðsluvara) auk kolsýrings sem myndast við slíka brennslu, ef
- nauðsynlegt er vegna framleiðsluferilsins að kolsýringsstyrkur í brunalofttegundum sé meiri, og ef
- Cúrg (samkvæmt skilgreiningu hér að framan) fyrir díoxín og fúrön eru uppfyllt.

Miðað við það að leyfilegt er að sambrenna spilliefni skulu samanlögð viðmiðunarmörk fyrir útblástur reiknuð út þannig, að útblástur mengunarefna út í umhverfið sé í lágmarki.

III. VIÐAUKI.

Mælingaraðferðir.

1. Mælingar sem gerðar eru til að ákvarða styrk loftmengunarefna í gasleiðslum skulu vera dæmigerðar fyrir aðrar mælingar.
2. Sýnataka og greining allra mengunarefna, þar með talið díoxína og fúrana og viðmiðunarmæliaðferðir til að kvarða sjálfvirkt mælikerfi skulu framkvæmdar eins og tilgreint er í CEN-stöðlum. Innlendir staðlar gilda þar til samningu CEN-staðla hefur verið lokið.
3. Einungis er hægt að hafa eftirlit með díoxínum og fúrönum ef greiningarmörk fyrir sýnatöku og greiningu einstakra díoxína og fúrana eru nægilega lág til að fá marktæka niðurstöðu að því er varðar eiturhrifajafngildi.
4. 95% öryggismörkin sem ákvörðuð eru sem viðmiðunarmörk fyrir útblástur mega ekki fara yfir eftirfarandi hundraðshlutföll af viðmiðunarmörkum fyrir útblástur.

Karbonmónoxíð (a-liður 4.5):	10%
Brennisteinsdíoxíð (5. tölul. í a-lið 5.1):	20%
Heildarmagn ryks (1. tölul. í a-lið 1.1):	30%
Heildarmagn lífræns kolefnis (2. tölul. í a-lið 5.1):	30%
Vetnisklóríð (3. tölul. a-lið 5.1):	40%

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, og með hliðsjón af 3. tl. I. kafla II. viðauka og 2 a, 21 b, 27. og 32. tl. XX. viðauka EES-samningsins (tilskipanir nr. 94/67/EBE, 86/278/EBE, 94/12/EBE, 93/59/EBE og 91/156/EBE svo og ákvörðun nr. 94/741).

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 536/1994.

Umhverfisráðuneytinu, 3. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

1. júlí 1996 Nr. 395

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi.

1. Hámarkshraði í Marbakka- og Sæbólshverfi þ.e. á Marbakkabraut, Huldubraut, Helgubraut og Sæbólsbraut verði 30 km/klst.
2. Hámarkshraði í Fífuhjalla, Fagrahjalla og Furuhjalla verði 30 km/klst.
3. Að Stöðvunarskylda verði á Dalsmára gagnvart Fífuhvammsvegi.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn í Kópavogi, 1. júlí 1996.

Þorleifur Pálsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Sauðárkróks.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín.lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín.lítra.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:
Vatnsgjald kr. 891,20 á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál)		Heimæðargjald	
400 - 2000 m^3	=	97.870,00 kr. f. 400 m^3	75,00 kr/m^3 þar yfir
2000 - 6000 m^3	=	221.732,00 kr. f. 2000 m^3	69,00 kr/m^3 þar yfir
6000 - 10000 m^3	=	492.122,00 kr. f. 6000 m^3	66,00 kr/m^3 þar yfir
Meira en 10000 m^3	=	740.942,00 kr. f. 10000 m^3	47,00 kr/m^3 þar yfir

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkv. kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera kr. 40,60.

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

Fyrir mæla 3/4"	kr.	370,00 pr. mán.
Fyrir mæla 1" - $2^1/_2$"	kr.	830,00 pr. mán.
Fyrir mæla 3" og stærri	kr.	1.684,00 pr. mán.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirrætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín.lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Við gjaldskrána bætist virðisaukaskattur.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. ágúst 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 121, 21. febrúar 1996.

Iðnaðarráðuneytinu, 9. júlí 1996.

F. h. r.
Þorkell Helgason.

Steinunn Bjarman.

REGLUGERÐ

um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun þvottavéla til heimilisnota.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Rafknúnum þvottavélum til heimilisnota, sem nefnd eru tæki hér á eftir, skulu við markaðssetningu og tilboð um sölu eða leigu fylgja upplýsingar um orkunotkun samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerðin gildir ekki um tæki sem geta ekki undið, tæki með aðskildum rýmum fyrir þvott og vindingu eða sambyggðar þvottavélar og þurrkara.

Reglugerðin gildir heldur ekki um tæki sem nota aðra orkugjafa en raforku og hún nær ekki til endursölu notaðra tækja eða tækja sem hætt er að framleiða við gildistöku hennar.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Birgðasali: Framleiðandi tækja, viðurkenndur fulltrúi framleiðanda á Evrópska efnahagssvæðinu, innflytjandi tækja eða sá sem markaðssetur tækin á efnahagssvæðinu.

Seljandi: Smásöluaðili eða annar sem selur, leigir eða sýnir notendum tæki.

III. KAFLI
Merkingar og upplýsingar.

3. gr.

Tæki skal merkt með merkimiða sem sýnir orkunotkun þess o.fl. Merkimiðinn skal vera með þeim hætti sem tilgreint er í I. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EBE með síðari breytingum í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/96, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar. Skal miðanum komið fyrir utanvert á framhlið eða ofan á tæki sem boðið er til sölu eða leigu eða er til sýnis þannig að hann sjáist greinilega og ekkert skyggi á hann.

Á þeim tækjum, sem dreift er á Íslandi, skulu merkimiðarnir vera á íslensku.

Aðra merkimiða, merki, tákn eða áletranir en skv. 1. mgr. má ekki setja á tæki ef slíkt kann að vera villandi.

4. gr.

Birgðasali skal sjá til þess að tækjum fylgi upplýsingablað sem veiti staðlaðar upplýsingar um viðkomandi tæki. Blaðið skal setja inn í kynningarrit frá birgðasala. Séu slík rit ekki fyrir hendi hjá birgðasala skal upplýsingablaðið vera sérstakt skjal. Blaðið skal vera í samræmi við II. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EBE með síðari breytingum í ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/96, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

Upplýsingablöð um tæki, sem dreift er á Íslandi, skulu vera á íslensku.

5. gr.

Upplýsingar á merkimiðum skv. 3. gr. og upplýsingablöðum skv. 4. gr. skulu byggðar á tæknilegum gögnum um viðkomandi tæki.

Tæknilegu gögnin skulu hafa að geyma:

1. nafn og heimilisfang birgðasala;
2. almenna lýsingu á tækinu sem nægir til að bera kennsl á það;
3. upplýsingar, þar með talið teikningar eftir þörfum, um helstu hönnunareinkenni gerðar, einkum atriði sem hafa afgerandi áhrif á orkunotkun hennar;
4. skýrslur um viðeigandi mælingarpróf sem gerð hafa verið á grundvelli staðla skv. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EBE;
5. leiðbeiningar um notkun ef þær eru fyrir hendi.

6. gr.

Upplýsingar um hávaða, sem berst frá tæki, ber að meta í samræmi við reglugerð nr. 524/1994 um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum.

IV. KAFLI
Skyldur birgðasala og seljanda.

7. gr.

Birgðasali skal sjá til þess að merkimiðar, upplýsingablöð og tæknileg gögn skv. 3.-6. gr. séu fyrir hendi.

Birgðasali skal hafa til reiðu öll tæknileg gögn sem nægja til að leggja mat á nákvæmni upplýsinga vegna hugsanlegrar skoðunar á tæki næstu fimm árin eftir að það var síðast framleitt.

8. gr.

Birgðasali skal láta seljanda í té merkimiða á íslensku án endurgjalds.

9. gr.

Seljandi, sem stillir tæki út til sýnis, skal festa merkimiða skv. 3. gr. við tækið.

Seljandinn skal gefa kaupanda kost á að kynna sér upplýsingablað um tækið skv. 4. gr.

10. gr.

Séu tæki boðin til sölu eða leigu og þeim komið á framfæri með prentaðri orðsendingu, svo sem póstpöntunarlista, verðlista eða öðrum hætti þar sem hugsanlegur kaupandi getur ekki séð tækið útstillt og neytendur eru hvattir til að panta tækið til afhendingar beint, skal orðsending hafa að geyma allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í III. viðauka (Póstverslun og önnur fjarsala) við tilskipun 95/12/EBE , sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

V. KAFLI
Eftirlit.

11. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd reglugerðar þessarar. Ráðherra getur falið öðrum aðilum að annast eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé fylgt. Kallast þeir aðilar eftirlitsaðilar.

12. gr.

Eftirlitsaðilar geta farið fram á að birgðasalar afhendi þeim merkimiða skv. 3. gr., upplýsingablöð skv. 4. gr. og orðsendingar skv. 10. gr. varðandi tæki.

Seljandi skal gefa eftirlitsaðilum upplýsingar um það frá hvaða birgðasala tækið sé ef þess er óskað.

13. gr.

Telji eftirlitsaðilar að upplýsingar þær sem veittar hafa verið séu rangar er þeim heimilt að krefja birgðasala og seljanda um öll gögn, m.a. tæknileg gögn, sem nauðsynleg eru við eftirlit.

Ef upplýsingar þær sem veittar hafa verið eru ekki taldar byggjast á fyrirliggjandi gögnum getur eftirlitsaðilinn krafist þess að birgðasalinn endurskoði merkimiðann, upplýsingablaðið og önnur gögn innan ákveðins frests.

14. gr.

Verði birgðasali ekki við kröfu eftirlitsaðila skv. 2. mgr. 13. gr. er eftirlitsaðilum heimilt að krefjast þess að birgðasali leggi án endurgjalds fram tæki til skoðunar. Skal birgðasalinn greiða kostnað við skoðunina nema upplýsingar hans hafi reynst réttar.

Birgðasali skal bera kostnað af eftirliti.

15. gr.

Hafi iðnaðarráðuneytið falið öðrum aðila eftirlit með ákvæðum reglugerðar þessarar getur birgðasali kært ákvörðun þess eftirlitsaðila til ráðuneytisins. Kæran skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að ákvörðunin var tilkynnt. Að öðru leyti gildir 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um kærufresti.

VI. KAFLI
Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 8. gr., sbr. 2 . gr., laga nr. 72/1994 um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Reglugerðin er sett á grundvelli eftirfarandi ákvæða EES-samningsins, sbr. IV. kafla II. viðauka við samninginn:

1. tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum sem greina frá notkun þeirra á orku og öðrum auðföngum (tilskipunin er birt í 3. bók sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB á árinu 1994, bls. 1);
2. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EBE frá 23. maí 1995 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota (tilskipunin verður birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB á árinu 1996);
3. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/96 frá 31. maí 1996 um breytingar á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (ákvörðunin verður birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB á árinu 1996).

Um framkvæmd reglugerðarinnar vísast að öðru leyti í viðkomandi gerðir sem framkvæma skal hér á landi í samræmi við ákvæði EES-samningsins, m.a. bókun 1 við samninginn um altæka aðlögun.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 8. júlí 1996.

Finnur Ingólfsson.

Þorkell Helgason.

REGLUGERÐ

um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun þurrkara til heimilisnota.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Rafknúnum þurrkurum til heimilsnota, sem nefndir eru tæki hér á eftir, skulu við markaðssetningu og tilboð um sölu eða leigu fylgja upplýsingar um orkunotkun samkvæmt reglugerð þessari.

Reglugerðin gildir ekki um sambyggðar þvottavélar og þurrkara.

Reglugerðin gildir heldur ekki um tæki sem nota aðra orkugjafa en raforku og hún nær ekki til endursölu notaðra tækja eða tækja sem hætt er að framleiða við gildistöku hennar.

II. KAFLI
Skilgreiningar.

2. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Birgðasali: Framleiðandi tækja, viðurkenndur fulltrúi framleiðanda á Evrópska efnahagssvæðinu, innflytjandi tækja eða sá sem markaðssetur tækin á efnahagssvæðinu.

Seljandi: Smásöluaðili eða annar sem selur, leigir, eða sýnir notendum tæki.

III. KAFLI
Merkingar og upplýsingar.

3. gr.

Tæki skal merkt með merkimiða sem sýnir orkunotkun þess o.fl. Merkimiðinn skal vera með þeim hætti sem tilgreint er í I. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/13/EBE með síðari breytingum í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/96, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar. Skal miðanum komið fyrir utanvert á framhlið eða ofan á tæki sem boðið er til sölu eða leigu eða er til sýnis þannig að hann sjáist greinilega og ekkert skyggi á hann.

Á þeim tækjum, sem dreift er á Íslandi, skulu merkimiðarnir vera á íslensku.

Aðra merkimiða, merki, tákn eða áletranir en skv. 1. mgr. má ekki setja á tæki ef slíkt kann að vera villandi.

4. gr.

Birgðasali skal sjá til þess að tækjum fylgi upplýsingablað sem veiti staðlaðar upplýsingar um viðkomandi tæki. Blaðið skal setja inn í kynningarrit frá birgðasala. Séu slík rit ekki fyrir hendi hjá birgðasala skal upplýsingablaðið vera sérstakt skjal. Blaðið skal vera í samræmi við II. viðauka við tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/13/EBE með síðari breytingum í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/96, sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

Upplýsingablöð um tæki, sem dreift er á Íslandi, skulu vera á íslensku.

5. gr.

Upplýsingar á merkimiðum skv. 3 gr. og upplýsingablöðum skv. 4. gr. skulu byggðar á tæknilegum gögnum um viðkomandi tæki.

Tæknilegu gögnin skulu hafa að geyma:

1. nafn og heimilisfang birgðasala;
2. almenna lýsingu á tækinu sem nægir til að bera kennsl á það;
3. upplýsingar, þar með talið teikningar eftir þörfum, um helstu hönnunareinkenni gerðar, einkum atriði sem hafa afgerandi áhrif á orkunotkun hennar;
4. skýrslur um viðeigandi mælingarpróf sem gerð hafa verið á grundvelli staðla skv. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 95/13/EBE;
5. leiðbeiningar um notkun ef þær eru fyrir hendi.

6. gr.

Upplýsingar um hávaða, sem berst frá tæki, ber að meta í samræmi við reglugerð nr. 524/1994 um hávaða sem berst í lofti frá heimilistækjum.

IV. KAFLI
Skyldur birgðasala og seljanda.

7. gr.

Birgðasali skal sjá til þess að merkimiðar, upplýsingablöð og tæknileg gögn skv. 3.-6. gr. séu fyrir hendi.

Birgðasali skal hafa til reiðu öll tæknileg gögn sem nægja til að leggja mat á nákvæmni upplýsinga vegna hugsanlegrar skoðunar á tæki næstu fimm árin eftir að það var síðast framleitt.

8. gr.

Birgðasali skal láta seljanda í té merkimiða á íslensku án endurgjalds.

9. gr.

Seljandi, sem stillir tæki út til sýnis, skal festa merkimiða skv. 3. gr. við tækið.

Seljandinn skal gefa kaupanda kost á að kynna sér upplýsingablað um tækið skv. 4. gr.

10. gr.

Séu tæki boðin til sölu eða leigu og þeim komið á framfæri með prentaðri orðsendingu, svo sem póstpöntunarlista, verðlista eða öðrum hætti þar sem hugsanlegur kaupandi getur ekki séð tækið útstillt og neytendur eru hvattir til að panta tækið til afhendingar beint, skal orðsending hafa að geyma allar þær upplýsingar sem tilgreindar eru í III. viðauka (póstverslun og önnur fjarsala) við tilskipun 95/13/EBE sbr. 16. gr. reglugerðar þessarar.

V. KAFLI
Eftirlit.

11. gr.

Iðnaðarráðherra fer með framkvæmd reglugerðar þessarar. Ráðherra getur falið öðrum aðilum að annast eftirlit með því að ákvæðum reglugerðarinnar sé fylgt. Kallast þeir aðilar eftirlitsaðilar.

12. gr.

Eftirlitsaðilar geta farið fram á að birgðasalar afhendi þeim merkimiða skv. 3. gr., upplýsingablöð skv. 4. gr. og orðsendingar skv. 10. gr. varðandi tæki.

Seljandi skal gefa eftirlitsaðilum upplýsingar um það frá hvaða birgðasala tækið sé ef þess er óskað.

13. gr.

Telji eftirlitsaðilar að upplýsingar þær sem veittar hafa verið séu rangar er þeim heimilt að krefja birgðasala og seljanda um öll gögn, m.a. tæknileg gögn, sem nauðsynleg eru við eftirlit.

Ef upplýsingar þær sem veittar hafa verið eru ekki taldar byggjast á fyrirliggjandi gögnum getur eftirlitsaðilinn krafist þess að birgðasalinn endurskoði merkimiðann, upplýsingablaðið og önnur gögn innan ákveðins frests.

14. gr.

Verði birgðasali ekki við kröfu eftirlitsaðila skv. 2. mgr. 13. gr. er eftirlitsaðilum heimilt að krefjast þess að birgðasali leggi án endurgjalds fram tæki til skoðunar. Skal birgðasalinn greiða kostnað við skoðunina nema upplýsingar hans hafi reynst réttar.

Birgðasali skal bera kostnað af eftirliti.

15. gr.

Hafi iðnaðarráðuneytið falið öðrum aðila eftirlit með ákvæðum reglugerðar þessarar getur birgðasali kært ákvörðun þess eftirlitsaðila til ráðuneytisins. Kæran skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að ákvörðunin var tilkynnt. Að öðru leyti gildir 27. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um kærufresti.

VI. KAFLI
Gildistaka.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 8. gr., sbr. 2. gr., laga nr. 72/1994 um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl.

Reglugerðin er sett á grundvelli eftirfarandi ákvæða EES-samningsins, sbr. IV. kafla II. viðauka við samninginn:

1. tilskipun ráðsins 92/75/EBE frá 22. september 1992 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum sem greina frá notkun þeirra á orku og öðrum auðföngum (tilskipunin er birt í 3. bók sérstakrar útgáfu EES-viðbætis við Stjórnartíðindi EB á árinu 1994, bls. 1);
2. tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/13/EBE frá 23. maí 1995 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar þurrkara til heimilsnota (tilskipunin verður birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB á árinu 1996);
3. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/96 frá 31. maí 1996 um breytingar á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (ákvörðunin verður birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB á árinu 1996).

Um framkvæmd reglugerðarinnar vísast að öðru leyti í viðkomandi gerðir sem framkvæma skal hér á landi í samræmi við ákvæði EES-samningsins, m.a. bókun 1 við samninginn um altæka aðlögun.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 8. júlí 1996.

Finnur Ingólfsson.

Þorkell Helgason.

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Tálknafjarðarhrepps.

I. KAFLI
Um skipan hreppsnefndar og verkefni hennar.

1. gr.

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps er skipuð 5 hreppsnefndarmönnum kjörnum skv. III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. 1. mgr. 10. gr. og 11. gr. sömu laga.

2. gr.

Starfstímabil hreppsnefndar hefst 15 dögum eftir kjördag í sveitarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Hreppsnefnd fer með stjórn Tálknafjarðarhrepps samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hreppsnefnd með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum hreppsins, að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Hreppsnefnd skal gæta hagsmuna hreppsins og vera í fyrirsvari fyrir hann og vinna að sameiginlegum velferðarmálum hreppsbúa.

5. gr.

Hreppsnefnd annast þau verkefni, sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum.

Þá getur hreppsnefnd ákveðið að hreppurinn taki að sér verkefni sem varðar íbúa hreppsins sérstaklega, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna hreppsnefndar Tálknafjarðarhrepps eru:

1. Að kjósa oddvita og varaoddvita hreppsnefndar og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. V. kafla samþykktar þessarar, og skoðunarmenn til að annast endurskoðun ársreikninga hreppsins skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga. Ennfremur að ráða sveitarstjóra og aðra fasta starfsmenn hreppsins skv. VII. kafla fyrrnefndra laga sbr. og VI. kafla þessarar samþykktar.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum hreppsins, stofnana hans og fyrirtækja skv. VIII. kafla sveitarstjórnarlaga sbr. og II. kafla samþykktar þessarar.

II. KAFLI
Um fjármálastjórn hreppsins.

7. gr.

Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal hreppsnefnd semja þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál hreppsins og skal þessi þriggja ára áætlun vera til leiðbeiningar við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar hans. Áætlunina skal endurskoða árlega í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunarinnar og skal þá framlengja áætlunina um eitt ár.

8. gr.

Hreppsnefnd skal afgreiða fjárhagsáætlun hreppssjóðs, fyrirtækja og stofnana hreppsins fyrir lok janúar ár hvert að undangengnum tveimur umræðum í hreppsnefnd, sbr. 24. gr. samþykktar þessarar.

Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. skal hreppsnefnd sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreikninga hreppsins og skal greint á milli rekstraráætlunar, fjárfestingaráætlunar og áætlunar um fjármagnshreyfingar.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur hreppsnefnd ákvarðanir um nýtingu tekjustofna hreppssjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár, ef um það er að ræða, og um ráðstöfun fjármagns á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af veltufjárstöðu hreppssjóðs í byrjun fjárhagsárs og áætla fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegt er talið að gera á veltufjárstöðunni.

9. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 8. gr. skal vera meginregla um fjármálastjórn hreppsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr hreppssjóði nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af hreppsnefnd.

Samþykki hreppsnefnd fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé.

10. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst verulega, svo sem ef verðlagsbreytingar hafa orðið verulega meiri en ráð var fyrir gert, er hreppsnefnd heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir hreppsnefnd við eina umræðu, enda hafi breytingartillögurnar verið kynntar hreppsnefndarmönnum á sannanlegan hátt og í tæka tíð.

11. gr.

Hreppsnefnd skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga hreppssjóðs, fyrirtækja hans og stofnana eigi síðar en í júnílok ár hvert skv. 88. gr. sveitarstjórnarlaga. Eintak af ársreikningum skal senda Hagstofu Íslands og félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert. Viðurlög skv. 2. mgr. 88. gr. sveitarstjórnarlaga liggja við vanrækslu hreppsnefndar á afgreiðslu og skilum ársreikninga.

III. KAFLI
Um fundarsköp hreppsnefndar.

12. gr.

Hreppsnefnd heldur reglulega fundi fyrsta miðvikudag hvers mánaðar.

Hreppsnefndarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 20.30. Heimilt er að fella niður fundi í hreppsnefnd í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Aukafundi skal halda í hreppsnefnd eftir því sem þörf krefur að mati oddvita hreppsins og sveitarstjóra og skylt er að halda aukafund í hreppsnefnd ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna krefst þess.

13. gr.

Aldursforseti nýkjörinnar hreppsnefndar kveður hreppsnefndina saman til fyrsta fundar að afloknum hreppsnefndarkosningum, eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, sbr. 2. gr. samþykktar þessarar, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Aldursforseti getur falið sveitarstjóra að boða fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar.

14. gr.

Sveitarstjóri, sbr. þó 13. gr. samþykktar þessarar, boðar hreppsnefndarfundi og ákveður jafnframt fundarstað, hafi hreppsnefnd ekki gert það.

Hreppsbúum skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær hreppsnefndarfundir eru haldnir.

15. gr.

Sveitarstjóri semur dagskrá hreppsnefndarfundar í samráði við oddvita.

Á dagskrá hreppsnefndarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningar oddvita hreppsnefndar, kosningar nefnda, ráða og stjórna svo og kosningar eða ráðningar sveitarstjóra og annarra starfsmanna hreppsins.
2. Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins, ef, eða að svo miklu leyti, sem hreppsnefnd þarf að samþykkja ályktanir sem í þeim felast, sbr. 55. gr. samþykktar þessarar.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið hreppsnefndar og sveitarstjóri ákveður að taka á dagskrá eða einhver hreppsnefndarmaður óskar að tekin verði á dagskrá. Hreppsnefndarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar skal tilkynna það sveitarstjóra skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá hreppsnefndarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta hreppsnefndarfundar.

16. gr.

Sveitarstjóri skal í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir hreppsnefndarfund hafa boðsent hreppsnefndarmönnum fundarboð ásamt dagskrá og fundargögnum.

17. gr.

Sveitarstjóri skal boðsenda hreppsnefndarmönnum fundarboð aukafundar í hreppsnefnd ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund, nema þörf krefji annars.

18. gr.

Aldursforseti hreppsnefndar setur fyrsta fund nýkjörinnar hreppsnefndar og stýrir honum uns oddviti hreppsnefndar hefur verið kjörinn.

Oddviti hreppsnefndar skal kjörinn til fjögurra ára.

Sá er rétt kjörinn oddviti sem fengið hefur atkvæði meirihluta hreppsnefndarmanna. Verði þeim atkvæðafjölda eigi náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri hreppsnefndarmenn fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn oddviti hreppsnefndar sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn skal hlutkesti ráða kosningu.

Oddviti hreppsnefndar stjórnar kjöri varaoddvita hreppsnefndar og skal sömu aðferð

beitt við kosningu hans, sbr. næstu málsgrein hér að framan. Varaoddviti skal kjörinn til jafnlangs tíma og oddviti.

Sé hvorki oddviti né varaoddviti á fundi gegnir aldursforseti oddvitastörfum, nema hreppsnefnd ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef oddviti deyr eða verður varanlega forfallaður frá oddvitastörfum skal kjósa oddvita í hans stað til loka kjörtímabils.

19. gr.

Hreppsnefndarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

20. gr.

Hreppsnefndarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Hreppsnefnd getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum, svo sem viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál, sem æskilegt er vegna hagsmuna hreppsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur hreppsnefnd ákveðið að hreppsnefndarfundur, þar sem eingöngu er fjallað um slík mál, verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í hreppsnefnd.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í hreppsnefnd.

21. gr.

Hreppsnefndarfundur er lögmætur ef meira en helmingur hreppsnefndarmanna er á fundi. Hreppsnefnd getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

22. gr.

Oddviti hreppsnefndar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans og stjórnar umræðum og afgreiðslu mála, sér um að fundargerðir séu færðar og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Oddviti úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar hreppsnefndar. Oddviti sér um að allt fari skipulega og löglega fram á hreppsnefndarfundum og er hreppsnefndarmönnum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur oddviti vísað honum úr fundarsal. Leyfi oddvita þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á hreppsnefndarfundum.

23. gr.

Mál skulu tekin til meðferðar á hreppsnefndarfundi í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema oddviti eða hreppsnefnd ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á hreppsnefndarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá, ef 2/3 viðstaddra hreppsnefndarmanna samþykkja slíkt afbrigði.

24. gr.

Hreppsnefnd afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlun hreppsins.
2. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.

4. Áætlanir fyrir hreppinn sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulagsáætlanir.
5. Beiðni um fjárhagsaðstoð skv. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

25. gr.

Hreppsnefndarmanni er skylt að sækja hreppsnefndarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé hreppsnefndarmaður forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra sem boðar þá varamann á fund.

Hreppsnefndarmanni sem forfallast um stundarsakir er heimilt að ákveða hver varamanna hans skuli taka sæti á hreppsnefndarfundi ella tekur varamaður sæti samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

Sveitarstjóri skal sitja fundi hreppsnefndar með málfrelsi og tillögurétt, en ekki hefur hann atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn hreppsnefndarmaður.

Hreppsnefnd getur heimilað að maður utan hreppsnefndar kveðji sér hljóðs á hreppsnefndarfundi.

26. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti af því. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að skýra oddvita hreppsnefndar frá því.

Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræðu og afgreiðslu þess.

27. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar. Hreppsnefndarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar oddvita. Að jafnaði skulu hreppsnefndarmenn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra eða hreppsnefndarmann sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri hreppsnefndarmenn kvatt sér hljóðs samtímis ákveður oddviti í hvaða röð þeir skuli tala.

28. gr.

Hreppsnefndarmaður skal beina máli sínu til oddvita. Þegar til umræðu er fundargerð nefndar, ráðs eða stjórnar skal hreppsnefndarmaður taka fram, hvaða lið eða liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Hreppsnefndarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó hreppsnefndarmanni að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd við fundarsköp. Sveitarstjóri eða flutningsmaður tillögu mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má hreppsnefndarmaður lesa upp prentað mál við umræður nema með leyfi oddvita.

29. gr.

Beri hreppsnefndarmaður aðra menn brigslum skal oddviti víta hann. Oddviti getur lagt til við hreppsnefnd að hreppsnefndarmaður, sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi, verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist hreppsnefndarmaður ekki úrskurði oddvita eða hreppsnefndar eða ef óregla kemur upp á fundi skal oddviti gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

30. gr.

Telji oddviti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers hreppsnefndarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver hreppsnefndarmaður getur borið fram slíkar tillögur. Hreppsnefnd afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir, ef einhver hreppsnefndarmaður kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

31. gr.

Hreppsnefndarmaður getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar, ef oddviti óskar. Oddviti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

32. gr.

Mál er afgreitt í hreppsnefnd með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá hreppsnefnd eða vísa því til afgreiðslu nefndar, ráðs eða stjórnar eða sveitarstjóra. Máli sem hreppsnefnd ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra.

Þá er hreppsnefnd heimilt að fresta afgreiðslu máls, nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

33. gr.

Atkvæðagreiðsla á hreppsnefndarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Oddviti biður þá hreppsnefndarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hægri hönd sína. Að því búnu leitar oddviti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir oddviti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að oddviti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Oddviti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber oddvita að láta fara fram nafnakall, ef a.m.k. þriðjungur hreppsnefndarmanna óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá hreppsnefndarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða hreppsnefndarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal oddviti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar hreppsnefndarmaður, þegar oddviti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu, ef hreppsnefndarmaður óskar og hreppsnefnd samþykkir. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

34. gr.

Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti fellur það.

Kosningar sem fram fara í hreppsnefnd skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 16. og 17. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þegar kjósa skal einn fulltrúa eða ráða starfsmann úr hópi margra, sem tillögur hafa komið fram um, skal kosning fara fram með sama hætti og kosning oddvita hreppsnefndar, sbr. 3. mgr. 18. gr. þessarar samþykktar.

35. gr.

Hreppsnefnd getur ráðið sérstakan fundarritara utan hreppsnefndar til að annast ritun fundargerða í gerðabók hreppsnefndar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvaða afgreiðslu þau fá. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda, nægir að skrá í fundargerð hreppsnefndar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölulíða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi sbr. 3. mgr. 20. gr. samþykktar þessarar skal skrá sem trúnaðarmál.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem til meðferðar er í hreppsnefnd.

Oddviti skal hafa eftirlit með því að fundargerðir séu skipulega og rétt færðar.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir hreppsnefndarmenn undirrita hana nema hreppsnefnd ákveði annað.

Hreppsnefndarmaður sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Hreppsnefnd getur ákveðið að umræður á hreppsnefndarfundum skuli hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal hreppsnefnd setja um það nánari reglur.

IV. KAFLI
Um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanns.

36. gr.

Hreppsnefndarmaður á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá hreppsnefndarfundar, enda tilkynni hann það oddvita eða sveitarstjóra skriflega a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

37. gr.

Hreppsnefndarmanni er bæði rétt og skylt að sækja fundi hreppsnefndar nema lögmæt forföll hamli, sbr. 25. gr. samþykktar þessarar. Hreppsnefndarmaður er skyldur til að taka að sér þau störf sem hreppsnefnd felur honum og varða verkefni hreppsnefndar, svo sem oddvitastörf og störf í nefndum á vegum hreppsnefndar. Þó getur sá, sem verið hefur oddviti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í nefnd sama tímabil, skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

38. gr.

Nú telur hreppsnefndarmaður sig ekki geta gegnt skyldum sínum í hreppsnefnd án óhæfilegs álags og getur hreppsnefnd þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

39. gr.

Hreppsnefndarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum hreppsnefndar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Hreppsnefndarmanni er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem hreppsnefnd er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur oddviti ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu, ef minna en helmingur hreppsnefndarmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

40. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að gegna störfum sínum í hreppsnefnd af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna hreppsins, en í störfum sínum er hreppsnefndarmaður einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

41. gr.

Hreppsnefndarmaður á aðgang að bókum og skjölum hreppsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum hans á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

42. gr.

Hreppsnefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara með vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum, eðli máls eða sérstakri ákvörðun hreppsnefndar.

43. gr.

Hreppsnefndarmanni ber að víkja sæti við umræður og afgreiðslu máls þegar það varðar hann sjálfan, skyldmenni eða nána venslamenn hans svo mjög að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju eða öllu leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Hreppsnefnd sker umræðulaust úr hvort mál er svo vaxið. Hreppsnefndarmaður sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt. Hreppsnefndarmanni sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli oddvita hreppsnefndar á því. Hreppsnefndarmaður sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal hreppsnefndar við umræður um málið og afgreiðslu þess.

44. gr.

Hreppsnefndarmaður skal fá þóknun fyrir störf sín í hreppsnefnd. Hreppsnefndarmaður sem þarf að fara um langan veg milli heimilis og fundarstaðar hreppsnefndar skal auk þess fá greiddan ferðakostnað.

Takist hreppsnefndarmaður á hendur ferð á vegum hreppsins samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar, á hann rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar og greiðslu vegna vinnutaps samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni.

45. gr.

Haga skal fundum hreppsnefndar þannig að hreppsnefndarmaður eigi möguleika á að taka sér orlof árlega, sbr. 12. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Geti hreppsnefndarmaður ekki sótt hreppsnefndarfund/fundi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum tekur varamaður sæti hans meðan þannig hagar til skv. 25. gr. samþykktar þessarar.

47. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur hreppsnefndarmanna gilda einnig um varamenn sem sitja hreppsnefndarfundi.

V. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

48. gr.

Hreppsnefnd kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar, bundnar hlutfallskosningar, ef einhver hreppsnefndarmanna óskar þess.

Forstöðumenn og stjórnendur fyrirtækja og stofnana hreppsins eru ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana sem þeir starfa hjá.

49. gr.

Oddviti hreppsnefndar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Á þeim fundi skal kjósa formann, varaformann og ritara nefndar, nema lög kveði á um annað.

Formaður nefndar boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

50. gr.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr hreppnum, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega, tekur varamaður hans sæti nema hreppsnefnd ákveði að kjósa aðalmann að nýju.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi fulltrúa einnig tilnefna varamann hans, sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 35. gr. sveitarstjórnarlaga.

51. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn hreppsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

52. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum hreppsins, eftir því sem við á.

53. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum hreppsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum hreppsnefndar.

Hreppsnefnd getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið hreppsnefnd til ákvörðunar.

54. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir hreppsins skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari nefndar skal færa fundargerð í gerðabók. Nefnd getur þó ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar. Í fundargerð skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji hann. Þá skal skrá

í fundargerð einstök mál sem tekin eru fyrir á fundi, dagsetningu þeirra, nöfn aðila, meginefni og hvaða afgreiðslu þau hljóta. Í fundarlok skal fundargerð lesin upp og allir viðstaddir nefndarmenn undirrita hana.

55. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna hreppsins skulu að jafnaði teknar á dagskrá hreppsnefndar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi.

Ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar sem hefur í för með sér útgjöld skal ætíð lögð fyrir hreppsnefnd til endanlegrar afgreiðslu.

56. gr.

Hreppsnefnd kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Tveir aðalmenn, hreppstjóri er sjálfkjörinn formaður, og þrír til vara skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.

B. **Til tveggja ára.**

1. *Fulltrúar á þing Fjórðungssambands Vestfirðinga* skv. samþykktum samtakanna. Auk þess eiga setu sömu fulltrúar í fulltrúaráði Gjaldheimtu Vestfjarða skv. samþykktum Gjaldheimtu Vestfjarða. Kosnir eru tveir fulltrúar.
2. *Fulltrúar á aðalfund Orkubús Vestfjarða* skv. samþykktum félagsins. Kosnir eru tveir fulltrúar.

C. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi nýkjörinnar hreppsnefndar:

1. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978. Byggingarnefnd er falið að annast störf umferðarnefndar skv. lögum nr. 50/1987.
2. *Hafnarstjórn.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 23/1994.
3. *Heilbrigðisnefnd.* Einn fulltrúi í nefndina skv. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
4. *Félagsmálaráð.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, sbr. 5. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmálaráð annast störf þau sem áfengisvarnarnefnd og barnaverndarnefnd eru falin skv. lögum nr. 82/1969 og 58/1992. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn og rekstur leikvalla, dagvista, öldrunarmála og almenningsbókasafns skv. lögum nr. 78/1994, 82/1989 og 50/1976.
5. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar.* Tveir aðalmenn, hreppstjóri er sjálfkjörinn formaður, og þrír til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
6. *Skólanefnd grunnskóla og tónlistarskóla.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og lögum nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
7. *Atvinnumálanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin skal vera hreppsnefnd til ráðuneytis í atvinnumálum. Fulltrúar í atvinnumálanefnd eru jafnframt stjórnarmenn í stjórn vinnumiðlunar, sbr. lög nr. 18/1985.
8. *Fjallskilanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara samkvæmt reglugerð um fjallskil Vestur-Barðastrandarsýslu.
9. *Hafnasamband sveitarfélaga.* Einn fulltrúi og annar til vara á aðalfund sambandsins skv. samþykktum þess.
10. Einn *búfjáreftirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.

11. *Samband íslenskra sveitarfélaga.* Einn fulltrúi og annar til vara á landsþing samtakanna.
12. *Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu.* Tveir fulltrúar og tveir til vara skv. 6. gr. II. kafla samþykkta um héraðsnefnd Barðstrendinga.
13. Einn *varaúttektarmaður* skv. 39. gr. ábúðarlaga nr. 64/1976. Hreppstjóri er aðalúttektarmaður.

57. gr.

Hreppsnefnd getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður þegar liðin eru fjögur ár frá því nefndin var kosin og fyrr ef verkefni nefndar er lokið.

Hreppsnefnd getur þó afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VI. KAFLI

Um framkvæmdastjórn og starfslið hreppsins.

58. gr.

Hreppsnefnd ræður sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af hreppsnefnd.

59. gr.

Sveitarstjóri er framkvæmdastjóri hreppsins. Hann undirbýr fundi hreppsnefndar, semur dagskrá og boðar til funda, sbr. 13. gr. samþykktar þessarar. Hann á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn fulltrúi í hreppsnefnd. Hann hefur rétt til setu á fundum nefnda hreppsins með sömu réttindum. Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana hreppsnefndar og hreppsmálefna að svo miklu leyti sem hreppsnefnd hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjóri er prókúruhafi hreppssjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna hreppsins, lántökur og aðrar skuldbindingar.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs hreppsins.

Hreppsnefnd ákveður hver skuli gegna störfum sveitarstjóra í forföllum hans.

60. gr.

Hreppsnefnd ræður starfsmenn hreppsins og veitir þeim lausn frá störfum. Þetta á þó ekki við um lausráðna verkamenn, afleysingamenn og aðra þá starfsmenn sem eigi eru ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti.

61. gr.

Fastráðnir starfsmenn hreppsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 70/1996, eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest, sbr. 1. mgr., svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

62. gr.

Um ráðningu verkamanna, afleysingamanna og annarra starfsmanna sem eigi eru ráðnir með þriggja mánaða uppsagnarfresti fer eftir reglum sem hreppsnefnd setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. júlí 1996.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

10. júlí 1996 Nr. 400

AUGLÝSING

um breytingu á fjallskilasamþykkt nr. 9/1989 fyrir Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 25. gr. samþykktarinnar:

a. Við upptalningu á aukaréttum í 1. mgr. bætist eftirfarandi:
6. Beinakeldurétt.

b. 2. mgr. orðist svo:
Aðalréttardagar skulu vera sem hér er ákveðið:
Í upprekstrarfélögum Skaga-, Höfða-, Engihlíðar- og Vindhælishrepps og Hlíðarrétt í Bólstaðarhlíðarhreppi, sé fyrri rétt sunnudag í 22. viku sumars. Beri þann dag upp á 18. september eða síðar, skulu réttir færast fram á sunnudag í 21. viku sumars. Síðari rétt sé þar viku seinna. Fyrri Stafnsrétt sé laugardag í 22. viku sumars. Beri þann dag upp á 18. september eða síðar, skulu réttir færast fram á laugardag í 21. viku sumars. Síðari Stafnsrétt sé viku seinna. Aðalfjárréttir í Auðkúlu- og Undirfellsréttum séu laugardag í 22. viku sumars. Beri þann dag upp á 16. september eða síðar, skulu réttir færast fram á laugardag í 21. viku sumars. Seinni rétt sé sunnudag tveimur vikum seinna. Hross skulu réttuð sunnudaginn í 23. viku sumars. Heimilt er hreppsnefndum að ákveða smalanir á tilteknum svæðum fyrir venjulegar leitir, ef þurfa þykir, og rétta það fé í viðkomandi réttum. Úr slíkum réttum skal úrtíningi komið í góðan haga til næstu réttar. Á afréttum vestan Blöndu skulu þriðju göngur fara fram samtímis og vera lokið fyrir fjárskil. Heimilt er að nota flugvélar til leitar.

2. gr.

Samþykkt þessi sem héraðsnefnd Austur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar.

I. KAFLI
Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi tekur til allra afréttar- og fjallskilamála í Árnessýslu vestan vatna, Gullbringusýslu, Kjósarsýslu og öllum kaupstöðum í Kjalarnesþingi, þ.e. allra sveitarfélaga eða hluta sveitarfélaga vestan Ölfusár, Sogs, Þingvallavatns, þjóðgarðsgirðingar og varnarlína í Hvalfjörð (Landnámshólf).

2. gr.

Fjallskilaumdæmi og fjallskiladeildir.

Hver sýsla er fjallskilaumdæmi sem skiptist í fjallskiladeildir eftir sveitarfélögum. Kaupstaður telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu sem kaupstaðarlandið hefur áður legið undir.

Héraðsnefndir hafa á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála, hver á sínu svæði. Sveitarstjórnir annast stjórn og framkvæmd þessara mála, hver í sínu sveitarfélagi, eða í samvinnu tvær eða fleiri saman þar sem henta þykir. Heimilt er sveitarstjórnum að fela öðrum, svo sem félögum sauðfjáreigenda, framkvæmd fjallskilamála, að einhverju eða öllu leyti.

3. gr.

Fjallskilanefnd.

Eigi fleiri en eitt sveitarfélag sameiginlegt afréttarsvæði eða upprekstrarlönd þar sem fé þeirra gengur saman, skulu viðkomandi sveitarstjórnir eða fulltrúar þeirra kjósa fjallskilanefnd til að sjá um lögboðin fjallskil svo og aðrar smalanir og fjárleitir í upprekstarlöndum. Fjallskilanefnd starfar í umboði viðkomandi sveitarstjórna og skal hún skipuð minnst einum manni úr hverju sveitarfélagi, kjörnum til fjögurra ára í senn. Aldursforseti nefndarinnar boðar til fyrsta fundar hennar og skal þá kosinn formaður sem annast síðan stjórn og boðun funda. Einstökum sveitarstjórnum er einnig heimilt að kjósa fjallskilanefndir.

4. gr.

Samráðsnefnd.

Héraðsnefndir skulu kjósa fimm manna samráðsnefnd til fjögurra ára í senn sem skal fylgjast með framkvæmd fjallskilamála í Landnámi Ingólfs Arnarsonar og gera tillögur til héraðsnefnda og sveitarstjórna um úrbætur eftir því sem þörf krefur hverju sinni. Skulu þrír nefndarmanna vera úr Árnessýslu vestan vatna og tveir úr Kjalarnesþingi. Aldursforseti nefndarinnar boðar til fyrsta fundar hennar og skal þá kosinn formaður sem annast síðan stjórn og boðun funda.

II. KAFLI
Notkun upprekstrarlanda o.fl.

5. gr.

Upprekstrarlönd og notkun þeirra.

Upprekstrarlönd eru afréttir og þau heimalönd sem leituð eru félagslega samkvæmt ákvæðum um fjallskil, sbr. 11. og 12. gr. V. kafla þessarar samþykktar. Skulu þau eingöngu nýtt til sumarbeitar. Upprekstur hrossa í afrétti er óheimill og skulu þau undanþegin fjallskilum.

Enginn má hafa til sérnota fyrir sig félagslegt upprekstrarland án leyfis sveitarstjórnar. Eigi má heldur færa fénað í heimalönd eða upprekstrarlönd né ónáða þar án leyfis landráðenda eða sveitarstjórnar. Ennfremur er einstaklingum óheimilt að taka fénað til upprekstrar í félagslegt upprekstrarland nema með leyfi sveitarstjórnar.

Enginn má taka búfé í heimalönd sín nema girt sé öruggri gripheldri girðingu eða með samþykki allra nágrannabænda og sveitarstjórnar. Landráðandi ber fulla ábyrgð á þeim fénaði sem hann tekur í hagagöngu.

Á svæðum þar sem í gildi er vörsluskylda eða bann gegn lausagöngu búfjár skal ætíð halda allt búfé í öruggum gripheldum girðingum.

Eigi skal upprekstur leyfður fyrr en gróður er nægur að mati sveitarstjórnar eða fjallskilanefndar. Komi upp ágreiningur er heimilt að leita álits gróðurverndarnefndar viðkomandi sýslu. Enginn má smala upprekstrarlönd fyrir leitir nema með leyfi viðkomandi sveitarstjórnar eða fjallskilanefndar. Óheimilt er að sleppa aftur fé úr haustréttum á afrétti.

6. gr.

Vorsmölun.

Sveitarstjórn eða fjallskilanefnd er heimilt að hlutast til um vorsmölun vegna rúnings eftir því sem þörf krefur og aðstæður leyfa.

7. gr.

Smölun ágangsfénaðar.

Sveitarstjórn skal ætíð láta smala saman ágangsfénaði eða handsama ef þörf krefur og færa þangað sem hann á að vera.

III. KAFLI
Bygging og viðhald rétta.

8. gr.

Lögréttir.

Sveitarstjórnir og fjallskilanefndir skulu auglýsa í Lögbirtingablaðinu byggingar skilarétta á nýjum stað eða flutning þeirra.

Sveitarstjórnir og fjallskilanefndir annast byggingu og viðhald skilarétta og sundurdráttarrétta. Kostnaður við nýbyggingu, endurbyggingu og viðhald skilarétta og sundurdráttarrétta greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeilda. Landeigandi á rétt á bótum fyrir jarðrask vegna réttarbyggingar að mati dómkvaddra manna.

Skylt er að sjá utansveitarmönnum fyrir nægilegu dilkrými og aðstaða skal vera til að einangra sjúkar kindur. Ómerkingum, óskilafé og línubrjótum skulu ætlaðir sérstakir dilkar.

IV. KAFLI
Búfjármörk og skráning marka.

9. gr.

Búfjármörk.

Til búfjármarka teljast eyrnamörk, brennimörk, plötumerki og frostmerkingar. Hver búfjáreigandi er skyldur að merkja greinilega allt sauðfé, geitfé og hross en um merkingar nautgripa fer eftir reglum sem einstakar sveitarstjórnir geta sett í samráði við markavörð.

Allt sauðfé og geitfé skal eyrnamarka, lömb og kið fyrir lok 12. viku sumars. Rétt er að brennimerkja allt hyrnt sauðfé og geitfé, veturgamalt og eldra, með númeri bæjar eða eiganda, sýslu eða kaupstaðartákni og númeri sveitarfélags, á hægra horn. Nota skal plötumerki í eyru fyrir allt kollótt fé og einnig fyrir hyrnt fé sem ekki er brennimerkt,

áletruð með sama hætti og að framan greinir fyrir brennimörk. Á hinni hlið eyrnamerkisins skal skráð númer gripsins og skal merkið vera svart að lit nema á þeim stöðum þar sem notaður er rauður litur vegna sauðfjárveikivarna. Hross sem ekki eru eyrnamörkuð skal frostmerkja samkvæmt viðurkenndu kerfi. Um frostmerkingar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar nr. 579/1989 með áorðnum breytingum nr. 410/1992.

Aðeins er heimilt að nota þau eyrnamörk sem tilgreind eru í reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk o.fl., sbr. einnig upplýsingar um eyrnamörk og markaheiti í markaskrá. Skal markavörður gæta þess að þeim reglum sé fylgt. Einnig skal hann gæta þess að ekki séu tekin upp eða notuð mikil særingarmörk og mega mörk ekki vera meira en átta hnífsbrögð alls. Aðeins tvö undirmörk má nota sömu megin á eyra. Á hross er rétt að nota ekki áberandi yfirmörk.

Sammerking, þ.e. að tveir eða fleiri markeigendur eigi sama mark, er óheimil fyrir sauðfé og geitfé innan Landnáms Ingólfs Arnarsonar. Sammerkingar stórgripa eru óheimilar innan fjallskilaumdæma og óæskilegar innan Landnáms Ingólfs Arnarsonar. Auk þess gilda eftirfarandi reglur, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 579/1989 um búfjármörk o.fl.:

a) Árnessýsla vestan vatna má ekki hafa sammerkt við Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Húnavatnssýslur nema hreppa norðan Vatnsneslínu í Vestur-Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu vestan Héraðsvatna nema hreppana norðan Seyluhrepps að undanskildu Eyhildarholti í Rípurhreppi. Auk þess eru bannaðar sammerkingar við Rangárvallasýslu vestan Markarfljóts.
b) Gullbringusýsla, Kjósarsýsla og allir kaupstaðir í Kjalarnesþingi mega ekki hafa sammerkt við Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu og Árnessýslu austan vatna.

Í Landnámi Ingólfs Arnarsonar skulu notuð eftirtalin sýslu- eða kaupstaðatákn og númer sveitarfélaga, eða hluta þeirra, á brennimörk og plötumerki:

A 1	Selvogur (hluti Ölfushrepps)
A 2	Ölfushreppur (utan Selvogs)
A 3	Grafningshreppur
A 4	Þingvallahreppur
A 17	Hveragerðisbær
A 18	Selfoss
G 5	Bessastaðahreppur
G 6	Garðabær
G 7	Vatnsleysustrandarhreppur
G 9	Gerðahreppur
G 10	Sandgerðisbær
Gv	Grindavíkurbær
HF	Hafnarfjörður
K1	Kjósarhreppur
K 2	Kjalarneshreppur
K 3	Mosfellsbær
K 4	Seltjarnarnes
K 5	Kópavogur
Kv	Reykjanesbær - Keflavík
Njv	Reykjanesbær - Njarðvík
RF	Reykjavík - Fjárborg
Rvík	Reykjavík (utan Fjárborgar)

10. gr.

Markaskráning.

Héraðsnefndir skulu ráða markavörð, að fenginni tillögu samráðsnefndar, til að annast söfnun marka og útgáfu markaskrár fyrir Landnám Ingólfs Arnarsonar eigi sjaldnar en á átta ára fresti svo og upptöku nýrra marka og eigendaskipti marka á milli þess að markaskrár eru prentaðar. Héraðsnefndum er heimilt að kjósa allt að fimm menn, þrjá úr

Árnessýslu vestan vatna og tvo úr Kjalarnesþingi að fenginni tillögu samráðsnefndar, til að aðstoða markavörð við útgáfu og dreifingu markaskráa.

Allir sem vilja birta búfjármark í markaskrá eða í Lögbirtingablaðinu á milli þess að markaskrár eru prentaðar skulu greiða markaverði markagjald um leið og þeir senda eða afhenda honum markið. Héraðsnefndir ákveða markagjaldið að fenginni tillögu markavarðar. Skal gjaldið ætíð vera svo hátt að það nægi fyrir öllum kostnaði við söfnun marka, útgáfu markaskrár og önnur störf markavarðar svo og aðstoðarmanna eftir því sem þörf krefur. Markaskrána skal prenta í svo mörgum eintökum að hver markeigandi geti fengið eitt eintak og einnig skal henni dreift til hreppstjóra, lögreglustjóra, sláturhússtjóra, vörslumanna búfjár, markavarða aðliggjandi fjallskilaumdæma og annarra sem málið varðar.

Vilji einhver taka upp nýtt mark, nota aðflutt mark eða skrá nýjan eiganda að marki á milli útgáfa markaskráa skal hann fá til þess samþykki markavarðar sem annast auglýsingu marksins í Lögbirtingablaðinu. Er það þá heimilt til notkunar. Komi upp álitamál varðandi skráningu marka skal markavörður hafa samráð við Bændasamtök Íslands sem halda tölvuskrá um öll búfjármörk í landinu og hafa eftirlit með útgáfu markaskráa, sbr. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 579/1989 um búfjármörk o.fl.

V. KAFLI
Göngur og réttir.

11. gr.
Fjallskil.

Allir, sem jörð hafa til ábúðar eða umráða, og allir sem sauðfé eiga eða hafa undir höndum eru fjallskilaskyldir samkvæmt fyrirmælum sveitarstjórna eða fjallskilanefnda. Hver maður er fjallskilaskyldur í því sveitarfélagi þar sem hann notar upprekstrarland fyrir fé sitt eða á land. Til leita í hverju upprekstrarlandi ber einkum að skipa þá er það nýta. Fjallskilakostnaði má jafna niður og leggja á í vinnu eða peningum í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds sauðfjár. Þó er heimilt að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Undanþiggja má fjallskilum að einhverju eða öllu leyti fénað sem sannanlega gengur ætíð í öruggum girðingarhólfum eða í eyjum.

Fjallskilasjóður skal vera í hverri fjallskiladeild og skulu reikningar hans endurskoðaðir á sama hátt og sveitarsjóðsreikningar. Fjallskilagjöld má taka lögtaki. Að jafnaði skal miða reksturinn við að tekjur sjóðsins standi undir kostnaði. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að sérstakir kostnaðarliðir fjallskila greiðist úr sveitarsjóði, svo sem vegna réttarbyggingar sbr. 8. gr. III. kafla þessarar samþykktar.

Sveitarstjórn eða fjallskilanefnd boðar með fjallskilaseðli þrem vikum fyrir haustleitir öllum þeim sem hlut eiga að máli, hvaða fjallskil þeim ber að inna af höndum, og er sérhverjum skylt að hlíta þeim fyrirmælum án undandráttar. Vanræki maður að vinna tilskilin fjallskil má kaupa mann í stað þess er vantar á kostnað þess sem skipaður var. Fyrir gangnarof skal greiða sem svarar allt að einu og hálfu dagsverki.

Hver bóndi er skyldur að smala heimaland sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla þó að þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirmælum sveitarstjórnar ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati hennar, nema honum sé meinað að nota land sitt til sumarbeitar eða leigja það. Heimilt er sveitarstjórn að veita þeim aðstoð sem erfiðastar hafa aðstæður og mest landrými til smölunar og greiðist sá kostnaður úr sveitarsjóði. Gangi meirihluti fjár í heimalöndum á sumrum getur sveitarstjórn ákveðið að haustsmölun heimalanda verði metin til fjallskila að meira eða minna leyti.

Sveitarstjórn eða fjallskilanefnd skipar leitarstjóra, safngæslumenn, tvo marklýsingamenn og réttarstjóra. Leitarstjórar skipa fyrir um leitir og ber leitarmönnum að hlýða þeim í hvívetna. Leitarstjórar ráða yfir safni sínu uns komið er til réttar og safngæslumenn taka við. Leitarstjórar sjá um að leitarmenn séu viðhlítandi útbúnir og að öðru leyti starfa sínum

vaxnir. Séu sendir í leitir vanbúnir liðléttingar sem að dómi leitarstjóra fái ekki unnið fullt gagn telst slíkt sem vanrækt fjallskil. Skipa skal menn í útréttir eftir þörfum, svo markglögga sem kostur er, og ber þeim að hirða allan fénað úr sveitarfélagi sínu og koma til rétta eða bæja í fjallskiladeildinni. Marklýsingamenn skulu kunna góð skil á búfjármörkum.

Þess skal gætt að fara vel með fénað við smölun, rekstur, gæslu, sundurdrátt og flutning. Við rekstur skal gæta þess að valda ekki tjóni á fénaði eða löndum sem rekið er um eða áð í.

12. gr.

Haustleitir.

Aðalhaustleitir skulu vera tvennar. Þá skal smala allt land þar sem fénaður hefur gengið á sumarbeit, sem mest á sama tíma. Sérstaklega skal þess gætt að göngur fari fram samtímis á samliggjandi leitarsvæðum svo að eigi verði misgöngur. Skulu leitarstjórar hafa samráð um þá tilhögun sem best er talin henta til að tryggja samræmingu við smölun. Skal safnið réttað sem fyrst eftir hverja leit. Þess skal þó gætt að hvíla það vel eftir langan rekstur. Leitarstjóri skal sjá til þess að vanheilar kindur sem ekki rekast til réttar séu fluttar þangað.

Verði misbrestur á framkvæmd haustleita skal samráðsnefnd tilkynna viðkomandi sveitarstjórn, ef um einstaklinga er að ræða, en héraðsnefnd, ef sveitarfélag á í hlut. Leitað skal úrbóta án tafar í samræmi við V. kafla laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl.

Skilaréttir í Landnámi Ingólfs Arnarsonar skulu vera þessar, taldar upp í tímaröð, sú fyrri í 22. viku sumars og sú seinni tveim vikum síðar:

Réttir	**Fyrri 22. vika sumars**	**Seinni 24. vika sumars**
Heiðarbæjarrétt fyrir Þingvallahrepp	laugardagur	laugardagur
Húsmúlarétt fyrir Ölfushrepp o.fl. (sundurdráttur)	laugardagur	laugardagur
Lönguhlíðarrétt fyrir Bessastaðahrepp, Garðabæ og Hafnarfjörð	laugardagur	laugardagur
Nesjavallarétt fyrir Grafningshrepp	laugardagur	laugardagur
Vatnsleysustrandarrétt fyrir Vatnsleysustrandarhrepp	laugardagur	laugardagur
Þórkötlustaðarétt fyrir Grindavíkurbæ	laugardagur	laugardagur
Brúsastaðarétt fyrir Þingvallahrepp	sunnudagur	sunnudagur
Dalsrétt fyrir Mosfellsbæ	sunnudagur	sunnudagur
Eldborgarrétt fyrir Grindavíkurbæ	sunnudagur	sunnudagur
Fossvallarétt fyrir Kópavog, Reykjavík og Seltjarnarnes	sunnudagur	sunnudagur
Kjósarrétt fyrir Kjósarhrepp	mánudagur	mánudagur
Kollafjarðarrétt fyrir Kjalarneshrepp	mánudagur	mánudagur
Selflatarrétt fyrir Grafningshrepp	mánudagur	mánudagur
Selvogsrétt fyrir Selvog (hluta Ölfushrepps)	mánudagur	mánudagur
Ölfusrétt fyrir Ölfushrepp (utan Selvogs), Hveragerðisbæ og Selfoss (vestan Ölfusár)	þriðjudagur	þriðjudagur

Sundurdrátt má hafa þar sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveða og skal færa til skilaréttar það fé sem ekki er dregið upp í sundurdráttarrétt.

Komi fram óskir um að göngur og réttir fari fram á öðrum tíma en hér er ákveðið skal samráðsnefnd tilkynnt það a.m.k. fjórum vikum fyrir fyrstu haustleitir. Skal hún kanna málavöxtu og ákveða hvort og með hvaða hætti unnt er að verða við óskinni. Komi upp ágreiningur úrskurða héraðsnefndir. Heimild um breytingu gildir að jafnaði fyrir eitt skipti í senn nema öðruvísi sé ákveðið.

13. gr.

Réttarstörf.

Réttarstjórar skulu sjá um að réttarstörf gangi sem greiðast og skulu réttarmenn hlíta fyrirskipunum þeirra í hvívetna. Réttarstjórum er heimilt að kveða til aðstoðarmenn eftir þörfum. Skylt er hverjum þeim sem fjárvon á í skilarétt að mæta þar á réttum tíma til sundurdráttar eða gera ráðstafanir til að féð sé hirt.

Réttarstjórar sjá um að allir ómerkingar séu einangraðir í sérstökum dilkum og réttarmönnum síðan gefinn kostur á að láta mæður helga sér afkvæmi sín. Sömuleiðis skulu línubrjótar og óskilafé dregið í sér dilk og sjúkar kindur settar í einangrun.

Þegar ástæða er talin til að hefja töfludrátt skal réttarstjóri kalla marklýsingamenn til starfa. Á sauðfé og geitfé er brennimark rétthæst, þá löggild plötumerki og síðast eyrnamörk. Á hrossum er löggild frostmerking rétthæst. Marklýsingamenn og hreppstjóri, eða réttarstjóri í hans stað, úrskurða um búfjármörk. Ómerkingum og óskilafé sem ekki finnast eigendur að, svo og línubrjótum, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri eða réttarstjóri um að svo sé gert.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Aukasmalanir og eftirleitir.

Auk þeirra tveggja lögboðnu haustleita sem að framan greinir getur sveitarstjórn eða fjallskilanefnd ákveðið aukasmölun, eina eða fleiri, ef þurfa þykir. Skal þá sjá til þess að öll upprekstrarlönd og heimalönd séu smöluð samtímis, eða því sem næst, sem fyrst eftir seinni haustleit í 24. viku sumars.

Nú verður vart fjár í afrétti eða öðru upprekstrarlandi eftir 24. viku sumars og skal þá sveitarstjórn eða fjallskilanefnd láta handsama féð og flytja til byggða. Kostnaður við eftirleitir greiðist úr fjallskilasjóði. Sömu ákvæði gilda um fé sem finnst í ógöngum eða ósjálfbjarga.

Nú verður vart aðkomufénaðar í heimalandi eftir 24. viku sumars og er þá viðkomandi bónda eða landeiganda skylt að smala heimalandið og greiða fyrir skilum á þeim fénaði annarra sem þar kann að finnast. Verði einhver uppvís að því að smala heimaland sitt slælega eða alls ekki er sveitarstjórn heimilt að láta smala landið á kostnað viðkomandi bónda eða landráðanda hafi áminning ekki borið árangur.

15. gr.

Óskilafénaður.

Sveitarstjórn skal láta handsama lausagönguféná hvenær árs sem er og gripir sem eru í óskilum skulu afhentir hreppstjóra, lögreglustjóra eða vörslumanni búfjár í viðkomandi sveitarfélagi.

Óskilafé, sem ekki finnast eigendur að, skal lógað í sláturhúsi en óskilahross skal hreppstjóri eða lögreglustjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti. Um

meðferð graðpenings sem ekki er í öruggri vörslu vísast til ákvæða 6. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.

16. gr.

Gildistaka o.fl.

Brot gegn fyrirmælum þessarar samþykktar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum refsiheimildum, og renna sektir í fjallskilasjóð þeirrar fjallskiladeildar sem brot er framið í.

Samþykkt þessi, sem héraðsnefndir Árnessýslu, Kjósarsýslu og Suðurnesja hafa samþykkt, og er sett samkvæmt heimildum í lögum nr. 6 21. mars 1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl., staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld Fjallskilareglugerð fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð nr. 121 1. júní 1965 og Fjallskilasamþykkt fyrir Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð nr. 304 3. júní 1988.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 402 15. júlí 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 362, 27. júní 1996, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

5. tl. 3. gr. breytist og orðist svo:

5. Innfjarðaræjka samtals	8.200	lestir
þ.a. Eldey	1.600	lestir
þ.a. Arnarfjörður	500	lestir
þ.a. Ísafjarðardjúp	1.800	lestir
þ.a. Húnaflói	1.700	lestir
þ.a. Skagafjörður	1.000	lestir
þ.a. Skjálfandaflói	700	lestir
þ.a. Axarfjörður	900	lestir

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. júlí 1996.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Þórður Eyþórsson.

Stjórnartíðindi B 53, nr. 387–402. Útgáfudagur 19. júlí 1996.

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1996

19. júlí 1996 1081 Nr. 403

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 291/1995, um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Þeir sem hafa skotvopnaleyfi eða eru handhafar veiðiréttar eða hlunninda skv. 18. gr. laga nr. 64/1994, eiga rétt á veiðikorti skv. 4. gr. án þess að taka veiðipróf sæki þeir um slíkt fyrir 31. ágúst 1996. Að öðrum kosti gilda um þá ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisráðuneytinu, 19. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

12. júlí 1996 Nr. 404

AUGLÝSING

um hreindýraveiðar árið 1996.

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 268 hreindýr á tímabilinu 1. ágúst til 15. september 1996, auk hreindýrakálfa skv. 3. gr. Þó má hefja veiðar á törfum 20. júlí, en þess skal vandlega gætt að þær veiðar trufli hvorki kýr né kálfa.

Hreindýraveiðar eru óheimilar fyrir 15. ágúst 1996 á svæði sem afmarkast af austurbakka Jökulsár í Fljótsdal að Laugará, með Laugará að Hölkná, og þaðan í beinni línu í topp á Urgi, í Tungusporð, Búrfellstopp og að ósi Dysjarár. Vesturmörk fylgja síðan Jökulsá á Brú að Jökli.

Gutenberg

B 75

2. gr.

Veiðiheimildir skiptast sem hér segir eftir veiðisvæðum og kyni dýra:

	Tarfar	Kýr	Samtals
Svæði 1	9	12	21
Svæði 2	32	38	70
Svæði 3	13	22	35
Svæði 4	7	9	16
Svæði 5	12	14	26
Svæði 6	20	22	42
Svæði 7	12	16	28
Svæði 8	12	10	22
Svæði 9	8	0	8
Alls:	**125**	**143**	**268**

Hreindýraráð skiptir veiðiheimildum milli sveitarfélaga á veiðisvæðum sbr. 4. gr. með hliðsjón af ágangi hreindýra.

3. gr.

Tarfaveiði miðast við tveggja vetra og eldri tarfa en veturgamlir tarfar eru alfriðaðir.

Auk ofangreindra veiðiheimilda er ætlast til að kálfar, sem fylgt hafa felldum kúm, séu einnig felldir, sé þess kostur.

4. gr.

Veiðisvæðin ná yfir eftirtalin sveitarfélög:

Svæði 1
Öxarfjarðarhreppur
Skeggjastaðahreppur
Vopnafjarðarhreppur
Hlíðarhreppur
Jökuldalshreppur norðan Jökulsár á Brú

Svæði 2
Jökuldalshreppur austan Jökulsár á Brú
Fljótsdalshreppur
Fellahreppur
Tunguhreppur
Skriðdalshreppur vestan Grímsár, Geitdalsár, Hrútár og línu úr Hrútárpollum í Hornbrynju
Vallahreppur vestan Grímsár

Svæði 3
Hjaltastaðahreppur
Borgarfjarðarhreppur
Eiðahreppur

Svæði 4
Seyðisfjarðarkaupstaður
Mjóafjarðarhreppur
Egilsstaðabær
Vallahreppur austan Grímsár
Reyðarfjarðarhreppur

Svæði 5
Neskaupstaður
Eskifjarðarbær

Svæði 6
Skriðdalshreppur austan Grímsár, Geitdalsár, Hrútár og línu úr Hrútárpollum í Hornbrynju
Búðahreppur
Fáskrúðsfjarðarhreppur
Stöðvarhreppur
Breiðdalshreppur

Svæði 7
Djúpavogshreppur

Svæði 8
Bæjarhreppur
Hornafjarðarbær austan Hornafjarðarfljóts (áður Nesjahreppur og Höfn í Hornafirði).

Svæði 9
Hornafjarðarbær vestan Hornafjarðarfljóts (áður Mýrahreppur).

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. geta Hreindýraráð og Veiðistjóraembættið heimilað veiðar á hreindýrum skv. veiðiheimildum svæða 1, 4, 6 og 7 á svæði 2 með þeim takmörkunum er hér greinir enda telji þessir aðilar ástæðu til að ætla að hreindýr hafi fært sig milli veiðisvæða í samræmi við það.

Heimila má veiðar skv. veiðiheimildum svæðis 1 á þeim hluta svæðis 2 sem Jökuldalshreppur nær til.

Heimila má veiðar skv. veiðiheimildum svæðis 4 á þeim hluta svæðis 2 sem Vallahreppur nær til.

Heimila má veiðar skv. veiðiheimildum svæðis 6 á þeim hluta svæðis 2 sem er austan Kelduár í Fljótsdalshreppi.

Heimila má veiðar skv. veiðiheimildum svæðis 7 á þeim hluta svæðis 2 í Fljótsdalshreppi sem er austan Kelduár að Flatarheiði.

6. gr.

Heimild þessi er veitt skv. 6. gr. reglugerðar nr. 402/1994 um stjórn hreindýraveiða frá 13. júlí 1994, sbr. og 14. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Umhverfisráðuneytinu, 12. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Sigurður Á. Þráinsson.

12. júlí 1996 Nr. 405

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990-2010, staðgreinireitur 1.817.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 12. júlí 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, 1990-2010 að því er tekur til landnotkunar á staðgreinireit 1.817.

Breytt er landnotkun þannig að íbúðasvæði verður að hluta stofnanasvæði.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 12. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Þórður H. Ólafsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, nr. 372 25. október 1976.

1. gr.

1. málsl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 8.400, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 700.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1997.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 417 12. október 1993.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. júlí 1996.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

Nr. 407 12. júlí 1996

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Vestmannaeyja eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Vestmannaeyjum:

1. Bifreiðastöður eru óheimilar austanmegin Heiðarvegar frá gatnamótum Heiðarvegar og Strandvegar að Heiðarvegi nr. 5.
2. Felld er úr gildi ákvörðun um einstefnu til austurs á Foldahrauni milli húsa nr. 24 til 34.
3. Biðskylda skal vera á Básaskersbryggju ofan Geirseyrar á gatnamótum við Tangagötu.

Breytingar þessar taka þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Vestmannaeyjum sem brjóta í bága við efni auglýsingar þessarar.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 12. júlí 1996.

Georg Kr. Lárusson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 55 – 1996

10. júlí 1996 1085 Nr. 408

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Árnessýslu austan vatna.

I. KAFLI

Um afrétti og heimildir fyrir notkun þeirra.

1. gr.

Gildissvið.

Fjallskilasamþykkt þessi tekur til allra afrétta- og fjallskilamála í Árnessýslu austan vatna, þ.e. allra sveitarfélaga austan Ölfusár, Sogs, Þingvallavatns, þjóðgarðsgirðingar og varnarlínu þaðan í Hvalfjörð. Þar með eru taldir þeir bæir í Þingvallasveit er liggja austan Þingvallavatns.

2. gr.

Um afrétti.

Þeir eiga afrétti sem að fornu hafa átt. Er hér fyrst nefndur sá hluti afréttar Þingvallahrepps sem liggur austan Þingvallavatns, þjóðgarðsins og sauðfjárvarnagirðingar sem liggur í Þórisjökul við Hrúðurkarla. Afréttur Grímsneshrepps afmarkast af Hrafnabjörgum, Hlíðargjá og Gatfelli í Hrúðurkarla sem vesturmörk, en að austan ráða Skefilfjöll í Sköflung um Langafell í Klakk í Langjökli. Afréttur Laugardalshrepps afmarkast af Skefilfjöllum í Klakk að vestan og að austan frá Brúarárskörðum um eldborgir í Hagafell í Langjökli. Afréttur Biskupstungnahrepps úr Brúarárskörðum að vestan um Eldborgir í Hagafell um Langjökul og síðan að norðan svo langt sem vötn ráða, en að austan úr Hofsjökli um Jökulfall og Hvítá. Afréttur Hrunamannahrepps er að vestan milli Jökulfalls og Hvítár í Hofsjökul og úr jöklinum bein lína um Eystra-Rjúpnafell í Laxárdrög og ræður svo Stóra-Laxá austurmörkum. Afréttur Flóa- og Skeiðamanna afmarkast að vestan af áðurnefndri línu milli hans og Hrunamannaafréttar, en að austan ræður Fossá og síðan drög hennar og lína um Öræfahnjúk og Flóamannaöldu í hæstu gnípu Arnarfells. Afréttur Gnúpverja afmarkast að vestan af sömu línu, en af Þjórsá að austan. Að öðru leyti fara mörk afréttanna eftir landamerkjaskrám og fornri venju. Austasti hluti af afrétti Flóa- og Skeiðamanna er sérstaklega nefndur Skeiðamannaafréttur.

3. gr.

Um ágang af fé sem heima er á sumri.

Eigendum búfjár er skylt að gæta þess að það gangi ekki öðrum til tjóns og hafa það í tryggum girðingum. Nú verður eigandi eða ábúandi jarðar fyrir ágangi af fé sem heima er á sumri og fer inn á afgirt svæði, og getur hann þá snúið sér til hreppsnefndar með umkvörtun, en hún aðvarar hlutaðeiganda. Sinni eigandi ekki slíkri viðvörun, getur hreppsnefnd látið reka féð á afrétt eða heim til hans. Kostnað af slíkum upprekstri má innheimta hjá eiganda á sama hátt og fjallskil og er eindagi sá sami.

4. gr.

Um upprekstrarbann.

Nautpening og hross er óheimilt að reka til afréttar, nema til komi samþykki hlutaðeigandi hreppsnefndar og/eða stjórnar afréttarmálafélags. Enginn má reka sauðfé annarra manna inn fyrir afréttargirðingu án leyfis eiganda, nema alrúið sé og markað.

5. gr.

Um gróðurvernd, uppgræðslu og ítölu á afrétti.

Hreppsnefndir og/eða stjórn afréttarmálafélags hafa í samvinnu við Landgræðslu ríkisins og gróðurverndarnefnd sýslunnar eftirlit með notkun afréttar og beitarþoli. Eftirlitið skal við það miðað að land sé nytjað, svo að eigi valdi rýrnun eða eyðingu landkosta og að landspjöll séu ekki unnin að óþörfu.

Nú telur landgræðslustjóri þörf á að láta fara fram rannsókn á beitarþoli afréttar og hún leiðir í ljós að hætta sé á gróðurrýrnun eða eyðingu lands sökum ofbeitar eða náttúruhamfara og skal þá hreppsnefnd og/eða stjórn afréttarmálafélags leita samkomulags við landeigendur um úrbætur. Náist ekki samkomulag er skylt að krefjast ítölu í löndin samkvæmt lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Heimilt er hreppsnefnd og/eða stjórn afréttarmálafélags að leggja fram fé til að græða upp eydd og vangróin lönd og til að bæta gróið land. Einnig skal leita álitsgjörðar landgræðslustjóra um að þess sé þörf og fyrirheit gefin um fjárframlög frá Landgræðslu ríkisins.

Telji hreppsnefnd og/eða stjórn afréttarmálafélags að afréttir þeirra verði fyrir ágangi sauðfjár af nærliggjandi afréttarlandi er þeim rétt að óska eftir rannsókn Landgræðslu ríkisins á tjóninu. Nú næst ekki samkomulag um bætur og á þá tjónþoli rétt á að sýslumaður skipi nefnd þriggja óvilhallra manna til að skera úr málinu.

6. gr.

Um yrkingu afréttar og hlunnindi.

Réttur landeiganda til að nota afréttarland sitt nær aðeins til beitar að sumrinu, en til annarra nytja afréttar og til að ljá öðrum ítölu sína þarf leyfi hreppsnefndar og/eða stjórnar afréttarmálafélags.

Hreppsnefnd og/eða stjórn afréttarmálafélags sjá um að hlunnindi á afrétti, svo sem veiði, námur og jarðhiti, séu nýtt að eðlilegum hætti, enda gangi leigan sem greidd er fyrir notin í viðkomandi fjallskilasjóð eða sveitarsjóð.

II. KAFLI
Um upprekstra til afrétta.

7. gr.

Um rekstrartíma.

Eigi má reka fé á afrétt fyrr en hreppsnefndir og/eða stjórn afréttarmálafélags leyfa.

8. gr.

Um reksturinn.

Reka skal hægt og gætilega og æja svo oft sem þörf gerist. Eigi má að óþörfu reka yfir engjar og aldrei æja í slægjulöndum. Eigi má skilja fé eftir í heimalöndum sem um er farið, nema brýn þörf sé til sökum þess að fé sýkist á leiðinni, en þá skal látið vita um það og beðið fyrir það á næstu bæjum. Eigi má heldur hleypa óviðkomandi fé saman við rekstra. Fari fé saman við reksturinn og rekstrarmenn geti ekki skilið það frá, skal leita aðstoðar af næstu bæjum, ef í byggð er, og er öllum skylt að veita rekstrarmönnum slíkt

lið ókeypis ef unnt er. Hreppsnefndum ber, hverri í sinni sveit, að greiða fyrir rekstrum haust og vor með útvegun áningarstaða og rekstrarleiða.

9. gr.

Um eftirskilið fé í heimalöndum.

Ef rekstrarmenn eða þeir sem flytja fé á bílum eða vögnum skilja fé eftir af rekstrinum í heimalöndum án ráðstöfunar, taka hlutaðeigandi bændur það til gæslu og tilkynna það jafnframt hreppsnefnd sinni. Ráðstafar hún þá fénu. Rétt er að hún láti reka féð á réttan afrétt á kostnað þeirra er féð skildu eftir, ef það hefur verið skilið eftir að nauðsynjalausu. Liggur sá reikningur undir úrskurð sýslumanns og heimtar hann endurgjaldið af hlutaðeigendum, svo og ákveður sekt ef þurfa þykir.

III. KAFLI
Um fjallskil.

10. gr.

Um skyldur til fjallskila.

a. Allir sem jörð hafa til ábúðar eða umráða, og allir sem hafa sauðfé undir höndum, eru skyldir til að inna af höndum fjallskil eftir fyrirmælum sveitarstjórnar.

b. Hreppsnefnd eða stjórn afréttarmálafélags reiknar út fjallskilakostnaðinn ár hvert með því að leggja í dagsverk og/eða meta til verðs vinnu þá sem þarf til smölunar afréttar og annan kostnað, fjallskilum tilheyrandi, sem hún telur nauðsynlegan. Fjallskilaseðill skal sendur út með dreifibréfi á öll lögbýli sveitar fyrir fjallferð eða kynntur gjaldþegum í tæka tíð á einhvern sannanlegan hátt.

c. Hreppsnefndaroddvitar skulu hafa tilbúnar skýrslur ár hvert, þar sem skráð er landverð allra jarðeigna í hreppnum eftir gildandi fasteignamati, að frádregnum hlunnindum og ræktun, ásamt tölu vetrarfóðraðs sauðfjár samkvæmt upplýsingum búfjáreftirlitsmanns.

Oddvitar í afréttarmálafélagi Skeiða- og Flóahreppa skulu einnig leggja fram á aðalfundi félagsins skýrslu um tölu vetrarfóðraðs fjár, ásamt vottorði hreppsnefndar um tölu þess fjár sem hver einstakur bóndi hefur, öðrum að meinalausu, í heimahögum.

d. Af heildarfjallskilakostnaði skal a.m.k. 1/3 lagður á landverð jarða, sbr. c-lið, er greiðist af ábúanda eða umráðanda sé um eyðijörð að ræða. Allt að 2/3 fjallskilakostnaðarins skal jafnað niður á fjallskilaskyldan búpening, sem er allt vetrarfóðrað sauðfé.

Ef hreppsnefnd telur sannað að sauðfjáreigandi reki ekki fé á afrétt, má hún undanþiggja fé hans fjallskilum allt að 1/3 á fjallskilaskyldan búpening. Bundið skal það þeim skilyrðum að féð valdi ekki öðrum jarðeigendum tjóni.

e. Hver sá sem fjallskilaskyldur er samkvæmt d-lið er skyldur til að taka þátt í fjallskilum eftir því og á þann hátt sem hreppsnefnd skipar fyrir um, hvort sem um fjallferðir, vinnuframlög eða peningagreiðslur er að ræða. Er hver húsráðandi skyldur til að inna fjallskil af hendi fyrir heimamenn. En heimilt er honum að bera upp við hreppsnefndina aðfinningar um hvernig fjallskilum er jafnað niður á aðra eða sjálfan hann, eða einhverjum hafi ranglega verið sleppt. Skal slík kæra koma bréflega til oddvita innan fjögurra vikna frá fjallskilafundi. Sveitarstjórn leggur síðan úrskurð á kæruna. Úrskurði sveitarstjórnar um fjallskilakæruna má skjóta til héraðsnefndar og skal gera það skriflega innan ársloka. Héraðsnefnd leggur síðan á næsta fundi fullnaðarúrskurð á málið.

Hafi fjallskil ekki verið greidd fyrir 15. desember, falla á þau dráttarvextir á sama hátt og útsvör. Fjallskilagjöld eru aðfararhæf.

Enginn sá sem fjallskil eru lögð á getur komist hjá að inna þau af hendi fyrir eindaga, þótt hann hafi kært yfir þeim og lagt það mál undir úrskurð.

Ef héraðsnefndin lækkar fjallskilin skal endurgjalda gjaldþegni það er hann hafði greitt fram yfir þá upphæð er sveitarstjórnin gerði honum að greiða.

11. gr.

Um undirbúning fjallskila.

Sveitarfélög á Skeiðum og í Flóa skulu vera eitt afréttarmálafélag, eins og verið hefur, og mynda oddvitar sveitanna eða fulltrúar kjörnir af þeim stjórn þess.

Stjórn þess heldur afréttarmálafund í ágústmánuði ár hvert og oftar ef þurfa þykir. Skulu fjallkóngar mæta á fundinum. Í stað oddvitanna má þó senda aðra menn sem hlutaðeigandi sveitarfélag kýs. Boða skal oddvita Hrunamanna- og Gnúpverjahreppa á fundinn. Verkefni afréttarmálafundar eru:

a. Að kjósa tvo menn, formann og gjaldkera. Skal formaður boða til funda í félaginu.
b. Að ákveða tölu fjallmanna og útvega menn til þeirra starfa sem sveitarstjórnirnar taka ekki að sér að sjá um.
c. Gera áætlun um kostnað við smölun afréttarins, hirðingu fjár í útréttum, viðhald rétta og afréttagirðinga o.fl.
d. Jafna niður kostnaðinum, sbr. 10. gr., b- og c-liði. Þegar fjallskilum hefur verið jafnað niður milli sveita skulu oddvitar greiða til gjaldkera niðurjafnað gjald, að svo miklu leyti sem það er ekki innt af höndum í fjallskilum. Skal greiðsla koma til gjaldkera fyrir 31. desember ár hvert.

12. gr.

Um fjallkónga.

Hreppsnefndir og/eða stjórn afréttarmálafélags ráða fjallkónga eða umsjónarmenn leitanna, einn eða fleiri, eftir því sem hagar á hverjum stað, og getur enginn sem til þess er fær skorast undan slíkum starfa. Fjallkóngar fara eftir fyrirskipunum sveitarstjórna, það er þær ná, en í afrétti hafa þeir öll ráð og umsjón á hendi um allt er að leitunum lýtur. Þeir skipa í leitir og stjórna leitum og rekstri fjárins til rétta. Þeir hafa og, með ráði sveitarstjórna og hreppstjóra, umsjón við réttarhöldin í aðalréttum. Ef menn sýkjast í fjallleitum, ef slys verða, ef óvenjulegar hættur koma fyrir eða einhvern vanda ber að höndum, ráða fjallkóngar hvað til bragðs skuli taka, með ráði þeirra fjallmanna sem þeir treysta best. En eigi bera fjallkóngar ábyrgð á ráðstöfunum sínum nema varði við lög. Rétt er að fjallkóngar fái þóknun af sveitarsjóði eða fjallskilasjóði. Hreppsnefndir eða fjallkóngar ráða aðra umsjónarmenn við fjallsöfn, eftir því sem á stendur, og hafa þeir sömu skyldur og völd sem fjallkóngar, það sem verkahringur þeirra nær. Ef fjallkóngur eða leitarforingi fatlast svo í leit að hann getur ekki tilnefnt mann í sinn stað, þá kjósa leitarmenn annan. Ef ágreiningur verður þá ræður afl atkvæða og er sá rétt kjörinn sem fær flest atkvæði.

13. gr.

Um fjallmenn.

Sérhver maður sem sendur er í fjallleitir þarf að vera með fullri heilsu og verkgreind og vel útbúinn að öllu leyti. Á fjallskilafundinum eða fyrir fjallferð skulu allir þeir, sem menn eiga að leggja til fjalleita, segja til um hvern mann þeir láti fara. Segir þá fjallkóngur til ef sá maður þykir eigi gildur, en sveitarstjórn sker úr ef á greinir. Vilji hlutaðeigandi ekki láta duglegri mann, ef kostur er á að fá hann, þá kaupir sveitarstjórn fjallmann á hans kostnað.

14. gr.

Um skyldur fjallmanna.

Skylt er hverjum fjallmanni að vera þar í leit, sem fjallkóngur skipar honum, sé hann til þess fær, og smala vandlega svæði það er hann skal leita. Skylt er fjallmönnum að sýna fjallkóngi sínum og öðrum þeim sem yfir þá eru skipaðir, tregðulausa hlýðni í öllu því er þeir geta. Geri þeir sig seka í óhlýðni eða einhverju ósæmilegu framferði, þá getur fjallkóngur, með ráði fjallmanna sinna, gert þá ræka. Er þá svo á að líta sem hlutaðeigandi bóndi hafi engin fjallskil gert. Komi þetta fyrir borgi sá, er slíkan mann hefur sent, fjallskilin fullu verði.

IV. KAFLI
Um fjallleitir.

15. gr.

Um skyldu til fjallleita.

Skylt er hverju sveitarfélagi að láta fara fram tvær leitir á afrétti sínum á hverju hausti: Fjallsafn og eftirsafn.

Nú leikur grunur á að fé sé eftir á afrétti að eftirsafni loknu og getur þá hreppsnefnd eða stjórn afréttarmálafélags látið fara fram eftirleit á kostnað hlutaðeigandi fjallskilasjóðs.

16. gr.

Um tilhögun á fjallleitum.

Ekki má breyta til um leitir nema hlutaðeigandi hreppsnefndum eða afréttarmálafélagi, sbr. 11. gr., þyki ástæða til, en þó mega þær breytingar eigi koma í bága við samþykkt þessa né við hagmuni annarra sveitarfélaga. Svo skal leitum hagað, þar sem því verður við komið, að sem minnstar misgöngur verði afrétta á milli.

17. gr.

Um leitartímann.

Í leitir skal farið svo snemma að leitarmenn, að öllu stórforfallalausu, verði komnir í aðalréttir og skilaréttir á þeim tíma, þá er þær á að halda.

18. gr.

Um leitarsvæði.

Þá staði skal leita sem að fornu hafa verið, en þó má leita víðar ef hlutaðeigandi sveitarstjórnir telja þess þörf, og er enda skylt ef víðar er von kindastöðva.

19. gr.

Um samsmölun Gnúpverja, Skeiða- og Flóamanna.

Landið fyrir innan Fjórðungssand og Norðurleitina, milli Dalsár og Kisu, smala Skeiða- og Flóamenn sameiginlega með Gnúpverjum. Tölu fjallmanna á þessu svæði ákveður afréttarmálafundur, sbr. 11. gr., í samráði við Gnúpverja, enda kosti þeir hana að jöfnum hlutum. Á þessu svæði stjórna Gnúpverjar leitum. Á sama hátt kosta Skeiða- og Flóamenn á móti Gnúpverjum eftirsafnið í heild að 1/4 hluta.

20. gr.

Um meðferð á annkrömuðu fé.

Þá er veikt fé eða annkramað finnst í fjallleitum, skulu þeir er fjallkóngur ákveður, koma því lifandi til byggða, ef unnt er. Að öðrum kosti skal farga því þegar í stað og dysja. Sé minnsti grunur um smitsjúkdóma í fé, skal ekki flytja það með öðru fé, og kalla skal dýralækni til eins fljótt og kostur er.

21. gr.

Um mörkun dilka á afréttum og í heimalöndum.

Hver sá sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama svo fljótt sem verða má, ómerkinga sem vart kann að verða og auðkenna þá ef þeir fylgja móður.

22. gr.

Um björgun og bjarglaun.

Nú verður vart fjár í ógöngum, og er þeim þá skylt er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags og/eða formanni afréttarmálafélags. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanna, er skylt að skjóta féð sé það unnt.

23. gr.

Um leitarmannahús.

Svo skulu vera mörg hús til skýlis fjallmönnum á afrétti hverjum og svo útbúin, sem vanir fjallmenn og aðrir kunnugir menn álíta nauðsynleg. Sveitarstjórnir og/eða stjórn afréttarmálafélags annast um byggingu og viðhald húsa og skal sá kostnaður sem af því leiðir tekinn úr fjallskilasjóði eða leitað verði til sveitarsjóða þeirra sveitarfélaga sem afréttinn eiga. Hver sem um hús gengur skal loka því tryggilega er hann fer þaðan. Ef það verður sannað á einhvern að hann hafi gengið hirðuleysislega um hús, eða skemmt það á einhvern hátt, án brýnna nauðsynja, skal sá hinn sami bæta það að fullu.

V. KAFLI
Um réttir og réttarhöld.

24. gr.

Um skiptingu á réttum.

Réttir (lögréttir) eru þrenns konar: 1. aðalréttir, 2. skilaréttir og 3. aukaréttir. Aðalréttir eru þær sem rekin eru til fjallsöfn úr fyrstu leit. Skilaréttir eru þær sem rekin eru til eftirsöfn eða fjársöfn úr fleiri hreppum. Aukaréttir eru þær sem rekin eru til fjársöfn úr smölunum í hverri sveit, og skal sveitarstjórn sjá um byggingu og viðhald þeirra.

25. gr.

Aðalréttir og skilaréttir.

Aðalréttir og skilaréttir eru: Fyrir Þingvallasveit austan vatna og girðinga, Grímsneshrepp og Laugardalshrepp: Kringlumýrarrétt. Fyrir Grímsneshrepp: Klausturhólaréttir. Fyrir Laugardalshrepp: Efstadalsrétt og Laugardalsrétt. Fyrir Biskupstungnahrepp: Tungnaréttir og Hlíðarétt. Fyrir Hrunamannahrepp: Hrunaréttir. Fyrir Gnúpverjahrepp: Skaftholtsréttir. Fyrir Skeið og Flóa: Reykjaréttir.

Aukaréttir eru: Fyrir Þingvallasveit: Miðfellsrétt. Fyrir Grímsneshrepp að Klausturhólum. Fyrir Biskupstungnahrepp í Tunguréttum. Fyrir Hrunamannahrepp í Hrunaréttum. Fyrir Gnúpverjahrepp í Skaftholtsréttum, Skeiðahrepp í Reykjaréttum, Villingaholtshrepp hjá Dalsmynni, Gaulverjabæjarhrepp hjá Gaulverjabæ, Hraungerðishrepp að Skeggjastöðum, Sandvíkurhrepp og Selfoss að Litlu-Sandvík, Stokkseyrarhrepp í skilarétt syðst í Stokkseyrarmýri og Eyrarbakkahrepp í skilarétt í landi Einarshafnar.

26. gr.

Um viðhald á réttum.

Viðhald aðalrétta skal kostað af sjóðum viðkomandi sveitarfélaga. Til þess að réttir séu í góðu ástandi heyrir, að þær séu nægilega rúmgóðar og löglegar, veggir vel stæðilegir og nægilega háir, og að ekki standi vatn í þeim, þótt rigningar gangi, sér í lagi ekki í almenningsréttinni, svo og að þar sé í nánd nothæft vatnsból. Dilkar séu einig í sama standi. Grind sé í almenningsdyrum og hurð á öllum dilkdyrum. Við hverjar aðalréttir og skilaréttir skulu utansveitarmenn, þeir er eiga þar fjárvon, eiga dilka, rúmgóða og vel úr garði gerða. Skemmdir á réttum varða bótum og sektum. Verði ágreiningur um not dilka, skal hreppsnefnd eða stjórn viðkomandi fjallskilafélags skera úr.

27. gr.

Um réttatímann.

Aðalskilaréttir skulu fara fram að fjallsafni loknu sem hér segir:

Fyrir Þingvallahrepp austan vatna og girðinga, Laugardal og Grímsneshrepp: Kringlumýrarrétt á mánudegi á tímabilinu 13.-19. september.

Fyrir Grímsneshrepp: Klausturhólaréttir á miðvikudegi á tímabilinu 15.-21. september.

Fyrir Laugardalshrepp: Efstadalsrétt á mánudegi á tímabilinu 13.-19. september og Laugarvatnsrétt daginn eftir.

Fyrir Biskupstungnarétt: Tungnaréttir á laugardegi á tímabilinu 11.-17. september og Hlíðarétt á laugardegi viku síðar.

Fyrir Hrunamannahrepp: Hrunaréttir á föstudegi á tímabilinu 10.-16. september.

Fyrir Gnúpverjahrepp: Skaftholtsréttir á föstudegi á tímabilinu 10.-16. september.

Fyrir Flóa og Skeið: Reykjaréttir á laugardegi á tímabilinu 11.-17. september.

Önnur skilarétt í Tungnaréttum og Reykjaréttum skal fara fram að eftirsafni loknu að morgni sunnudags hálfum mánuði eftir aðalskilaréttir, en í Hrunaréttum og Skaftholtsréttum degi áður. Stjórn fjallskilafélags er heimilt að seinka skilaréttardegi ef þannig stendur á.

Stjórn afréttarmálafélags og hreppsnefndum er heimilt að láta taka fé frá afréttargirðingu fyrir tilsettan leitartíma, ef stjórnin eða hreppsnefnd telur það nauðsynlegt.

28. gr.

Um smölun til rétta.

Smala skal vandlega heimalönd allra jarða fyrir aðra skilarétt og koma úrgangsfé til rétta. Smölun fer fram daginn fyrir aðra skilarétt.

29. gr.

Um réttun afréttarfjár og byggðasafna.

Undir eins og fé kemur af afrétti skal rétta því:

1. Aðalsafni af afréttum Þingvellinga austan vatna og girðinga í Kringlumýrarrétt fyrst, en síðan í Klausturhólaréttum, sbr. 27. gr.
2. Aðalsafni af afrétti Laugdæla í Efstadalsrétt fyrst en síðan í Laugarvatnsrétt.
3. Aðalsafni af afrétti Biskupstungnahrepps í Tungnaréttum.
4. Aðalsafni af afrétti Hrunamannahrepps í Hrunaréttum.
5. Aðalsafni af afrétti Gnúpverjahrepps í Skaftholtsréttum ásamt safni úr austurleit Skeiða- og Flóamanna. Þó má réttun austurleitarsafnsins ekki taka lengri tíma en tvær klukkustundir.
6. Aðalsafni af afrétti Skeiða- og Flóamanna í Reykjaréttum.
7. Eftirsmölun af afrétti Þingvellinga austan vatna í Miðfellsrétt.
8. Eftirsmölun af Lyngdalsheiði og annar úrgangur í Klausturhólarétt.

9. Eftirsmölun af afrétti Biskupstungnahrepps í Tungnaréttum.
10. Eftirsmölun af afrétti Hrunamannahrepps í Hrunaréttum.
11. Eftirsmölun af afréttum Gnúpverja, Skeiða- og Flóamanna, ásamt byggðasafni Gnúpverja, fyrst í Skaftholtsréttum en síðan í Reykjaréttum.

Á sama hátt skal rétta því fé, er sótt kynni að vera til afréttar fyrr en á venjulegum tíma, sbr. 27. gr.

Austurleit Skeiða- og Flóamanna er áskilin rekstrarleið fyrir fjallsafnið niður með Þverá um Fossnes, á þjóðveginn, þar sem skemmst er og minnst til baga.

30. gr.

Um dráttarskyldu í réttum.

Skylt er hverjum fjáreiganda, eða þeim sem á fjárvon í réttum, að hafa þar nægilega marga menn til að draga fé sitt, bæði í aðalréttum og skilaréttum, og hirða þar að loknum réttum það fé er þeir eiga.

31. gr.

Um lögreglu í réttum.

Allir sem til þess eru kvaddir að sjá um að draga og hirða fé í réttum, skulu vinna að því verki trúlega og kappsamlega, en ekki mega þeir draga meðan inn er rekið. Allir sem í réttir koma skulu hegða sér þar siðsamlega á allan hátt og engar óspektir gera, svo og varast að tefja þá sem þar eiga að starfa að því að hirða féð, nema brýna nauðsyn beri til.

Fjallkóngar í aðalréttum og hreppsnefndir, eða þeir hreppsnefndarmenn sem sérstaklega hafa slíkt á hendi, skulu sjá um að allt er lýtur að hirðingu fjárins fari fram með reglu, en önnur umsjón hvílir á lögreglu og hreppstjórum.

32. gr.

Um úrgangsfé úr réttum.

Úrgangsfé úr öllum réttum láta hlutaðeigandi hreppstjórar slátra í sláturhúsi, þegar að loknum réttum.

33. gr.

Um ómarkað sauðfé í réttum.

Ómerkinga alla er koma af afréttum eða sem koma fyrir í byggð, skal reka til allra lögrétta. Þar skal vera til sérstök rétt til þess að draga þá í. Réttarbændur skulu gæta þeirra á meðan á réttum stendur, nema öðruvísi sé um samið. Gera skal þar með umsjón hreppstjóra tilraunir til þess að lambamæður helgi sér ómarkaða dilka. Þeim ómerkingum, eldri sem yngri, sem enginn getur helgað sér eða sannað eignarrétt sinn á með óbrigðulum einkennum, skal slátra í sláturhúsi að loknum réttum og rennur andvirðið í fjallskilasjóð, nema öðruvísi sé um samið. Um kalineyrt fé fer sem annað óskilafé, og sömuleiðis um ómerkinga er koma fyrir eftir veturnætur.

VI. KALFI
Um fjármörk og marklýsingar á óskilafénaði.

34. gr.

Um fjármörk.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á fénaði þurfa eigendur að hafa lögheimil mörk á honum. Fjármörk eru: Eyrnamörk, brennimörk og plötumerki. Eyrnamörk skulu vera á öllu fé, en plötumerki og brennimörk því aðeins að eigendur vilji.

Erfðamark gengur fyrir gjafamarki, gjafamark fyrir kaupamarki og kaupamark fyrir gerðarmarki, sbr. 68. gr. laga nr. 6/1986. Öll eyrnamörk í sýslunni skal rita á skrá og prenta hana svo oft sem landslög ákveða. Annast héraðsnefnd um það og tekur borgun fyrir hvert

mark er hún telur að nægja muni fyrir útgáfukostnaði. Rennur það í héraðssjóð, en hann ber kostnaðinn af prentun skrárinnar. Allir fjáreigendur skulu hafa sýslubrennimark og hreppsbrennimark á fé sínu, eftir því sem héraðsnefnd segir fyrir um, og lætur hún prenta þau í markaskránni. Skal hver fjáreigandi hafa brennimerkt hverja hyrnda kind, áður en henni er sleppt eftir hinn fyrsta vetur sem hún er fóðruð, með brennimarki þess hrepps sem hann býr í. Ekki má taka upp mörk né auglýsa mörk þeirra sem flytja inn í sýsluna, án leyfis héraðsnefndar eða þess manns er hún setur til að hafa umsjón með mörkum milli þess að markaskrá er prentuð. Lætur markavörður auglýsa mörkin í Lögbirtingablaði gegn hæfilegu gjaldi frá markeiganda.

35. gr.

Um markalýsingar.

Hreppstjórar skulu semja markalista yfir allt það óskilafé sem þeir hafa látið slátra á hausti og ekki spurst til eiganda að. Markalistann senda þeir til markavarðar sem héraðsnefndin hefur tilnefnt, en hann annast um að markalistinn sé birtur í einu lagi í Lögbirtingablaðinu, eigi síðar en fyrir árslok.

36. gr.

Um meðferð á óskilahrossum.

Almenn hrossasmölun skal fara fram laugardaginn í 5. viku vetrar og óskilahrossum réttað í aukarétt hvers hrepps. Þau hross sem ekki ganga þar út skal hreppsnefnd setja í gæslu gegn hæfilegri þóknun er greiðist af eiganda þeirra eða andvirði. Hreppstjóri skal þegar skrifa upp mörk á þeim og senda í þá hreppa sem helst geta verið líkur til að hrossin séu úr. Séu þau ekki gengin út eftir þrjár vikur skal hreppstjóri selja þau við almennt uppboð er auglýst sé í víðlesnu blaði með nægilegum fyrirvara. Að sölu lokinni lýsir hreppstjóri þeim í Lögbirtingablaði með lit, auðkennum og marki, ef mörkuð eru. Þau óskilahross sem finnast kunna á öðrum tíma árs og eigandi þekkist ekki að, eða hirðir ekki um, þótt þekktur sé, má afhenda hreppsnefndinni til ráðstöfunar, og lætur hún ef henni svo sýnist, fara með þau sem önnur óskilahross.

Um andvirði óskilahrossa sem enginn getur helgað sér, innan þess tímamarks sem ákveðið er í 38. gr., fer á sama hátt og andvirði óskilafjár.

37. gr.

Um innlausnarrétt og andvirðisgreiðslu óskilafjár.

Tólf vikna innlausnarfrestur er á seldum hrossum, en enginn á sauðfé. Hross falla eiganda meðan útlausnarfresturinn stendur yfir. Andvirði sauðfjár og hrossa fá eigendur allt að 10 mánuðum frá sláturdegi sauðfjár og söludegi hrossa, að frádregnum öllum kostnaði.

38. gr.

Um ómarkað fé og illa markað.

Eigi þarf að lýsa ómerkingum þeim sem fyrir koma eftir aðalréttir og skilaréttir, né heldur því fé sem er svo kalineyrt eða brunnið á eyrum, soramarkað eða að öðru leyti svo illa markað, að markglöggir menn geta ekki gert úr markinu, og skal því slátrað sem óskilafé. En gefi eigandi sig fram og geti glögglega sannað eign sína, fær hann hana eða andvirði hennar, að kostnaði frádregnum. Sama gildir um ómörkuð eða illa mörkuð hross sem sauðfé.

39. gr.

Um haustsmalanir.

Fyrir 1. nóvember ár hvert skal almenn smölun fara fram í öllum sveitarfélögum og eigendur látnir vita um óskilafénað sem þeir skulu nálgast innan sólarhrings.

40. gr.

Um leifar andvirðis óskilafjár.

Andvirði óskilafjár, sem enginn getur helgað sér innan hins ákveðna tíma og eigi hefur gengið í marklýsingarkostnað, rennur í fjallskilasjóði hlutaðeigandi hreppa nema í Flóa og á Skeiðum. Þar skal óskipt andvirði óskilafjár, er á því svæði kemur fyrir, renna í sjóð Afréttarmálafélags Flóa og Skeiða.

VII. KAFLI
Um skil og meðferð á fénaði.

41. gr.

Um skil á fénaði.

Hverjum bónda ber að hreinsa vel heimalönd sín af öllum óskilum við hverja almenningssmölun og halda öllu fé annarra sem best til skila. Bregðist fyrirskipuð smölun hjá einhverjum, án þess að lögmæt forföll komi til, varðar það sektum. Verði einhver ber að því að smala illa heimalönd sín við almenningssmölun, hefur hreppsnefnd vald til að setja tilsjónarmann við smölun hans, eða þá að láta framkvæma hana, hvort tveggja á hans kostnað. Sé einhver svo mannfár að hann geti ekki af eigin rammleik smalað heimaland sitt, þá er boðið er, ber hreppsnefnd að útvega honum styrk til þess, ef fáanlegur er, á hans kostnað, nema því aðeins að sveitarfélagið vilji styrkja til þess ókeypis. Öll vísvitandi vanskil á fénaði varða sektum, nema þau séu svo vaxin að þyngri refsing liggi við.

42. gr.

Um meðferð á fénaði.

Þess skal jafnan vandlega gæta hvenær sem fé er smalað eða rekið á milli, réttað eða geymt, að fara svo vel með féð sem framast er unnt, eigi handleika það eða kvola meir en þörf gerist, eigi láta það standa inni í svelti nema sem skemmst, eigi láta vera of þröngt um það, né fara svo með það á annan hátt, sem getur hrjáð það fram yfir þörf. Allar slíkar óþarfa pyntingar ber að meta sem illa meðferð á skepnum.

43. gr.

Um óþrif í fénaði.

Ef vart verður við einhver ískyggileg óþrif eða veikindi í fénaði, skal þegar taka það frá öðrum fénaði og tafarlaust tilkynna það dýralækni, ef hætta þykir á ferðum.

VIII. KAFLI
Almenn ákvæði.

44. gr.

Um úrskurðarvald.

Í öllum þeim atriðum sem eigi er minnst á í þessari reglugerð, en eru samkyns eða skyld að efni, skulu sveitarstjórnir ráða því er snertir þeirra eigin sveitarfélög, þó svo að það komi ekki í bága við landslög eða samþykkt þessa, né skerði skýlausan rétt annarra sveitarfélaga. Bera skulu sveitarstjórnir þau atriði er að þessu lúta, og þær hafa ástæðu til

að ætla að almenning varði, undir sveitunga sína, og ber þeim að taka sem mest tillit til óska almennings, ef þær eru á rökum byggðar, en skera verða sveitarstjórnir úr sjálfar ef á greinir.

Héraðsnefnd ræður í þeim atriðum er hagsmunir tveggja sveitarfélaga eða fleiri koma í bága hver við önnur. Þá getur hún veitt leyfi til að hér að lútandi mál, sem að lögum skal bera undir hana, séu lögð í gerð.

45. gr.

Um viðurlög.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Sektarfé rennur í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps eða fjallskilafélags sem brot er framið í. Ef brotið er framið á afrétti, skal líta svo á sem brotið sé í þeirri sveit eða sveitum sem afréttinn eiga.

46. gr.

Gildistaka.

Fjallskilasamþykkt þessi, sem héraðsnefnd Árnessýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin fjallskilareglugerð nr. 380/1975 fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) og þær jarðir í Biskupstungnahreppi sem liggja sunnan Hvítár í Árnessýslu og Fjallskilareglugerð nr. 163/1979 fyrir hreppana vestan Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

16. júlí 1996 Nr. 409

AUGLÝSING

um umferð á Akranesi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Akraness eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

Gangbrautir verði yfir akbrautir á eftirtöldum stöðum:

1. Þjóðbraut. móts við lóð Þ.Þ.Þ.
2. Dalbraut, móts við lóð Akranesveitu.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akranesi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akranesi, 16. júlí 1996.

Kristrún Kristinsdóttir, fulltrúi.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 310/1992, um tollmeðferð póstsendinga, með áorðnum breytingum.

1. gr.

2. málsliður 2. mgr. 1. tl. 1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Slíkar smásendingar má flokka saman í tollskrárnúmerin 9801.1001 til 9801.1028 þegar um innflutning er að ræða en í tollskrárnúmerin 9901.1001 til 9901.1028 þegar um útflutning er að ræða.

2. gr.

Fylgiskjal I. við reglugerðina orðist svo:

Fylgiskjal I.

Tollflokkun og sundurliðun aðflutningsgjalda af smásendingum, sbr. 1. gr. reglugerðarinnar.

Tollskrárnúmer	*Vöruheiti*	*Tollur*		*Gjöld*
		A	E	X
		%	%	
9801.1001	– Sælgæti, þó ekki súkkulaði	20	0	65 kr./kg
9801.1002	– Ilmvötn og snyrtivörur, þó ekki hárþvottalögur	10	0	15%
9801.1003	– Bækur á íslensku, dagblöð, tímarit og landsmála- og héraðsfréttablöð	0		
9801.1004	– Bækur á öðru tungumáli en íslensku, bæklingar; hljóðfæranótur	0		
9801.1005	– Fatnaður, þ.m.t. skór	15	0	
9801.1006	– Sængurlín, borðlín, baðlín o.þ.h.; hárþvottalögur; skrautvörur, skartgripir; búsáhöld, ekki rafknúin; húsgögn; ljósmyndir; hljómplötur, segulbönd, tölvuleikir o.þ.h.	10	0	
9801.1007	– Kranar, hanar, lokar o.þ.h.	0		15%
9801.1008	– Rofar, lampafalir, klær o.þ.h.	0		15,1%
9801.1009	– Kúlupennar, pennar o.þ.h	7,5	0	20%
9801.1011	– Tollfrjálsar vörur til manneldis, þ.e. vörur undanþegnar öllum öðrum aðflutningsgjöldum en virðisaukaskatti	0		
9801.1012	– Ávaxtasafi	20	0	9 kr./l
9801.1013	– Aðrar drykkjarvörur, þó ekki úr mjólkurafurðum né heldur vín eða þrúguþykkni með meiri vínanda en 0,5% að rúmmáli	20	0	9 kr./l
9801.1019	– Aðrar tollfrjálsar vörur, þ.e. vörur undanþegnar öllum öðrum aðflutningsgjöldum en virðisaukaskatti	0		
		A	E	V
9801.1021	– Öl með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		300 kr./l
9801.1022	– Vín með allt að 15% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		600 kr./l
	Aðrir áfengir drykkir:			
9801.1023	– Með 22% af hreinum vínanda að rúmmáli eða minna	0		1.200 kr./l
9801.1024	– Með yfir 22% til og með 32% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		1.800 kr./l
9801.1025	– Með yfir 32% til og með 40% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		2.400 kr./l
9801.1026	– Með yfir 40% til og með 50% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		3.000 kr./l
9801.1027	– Með yfir 50% til og með 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		3.600 kr./l
9801.1028	– Með yfir 60% af hreinum vínanda að rúmmáli	0		7.000 kr./l

Tolldálkur merktur A gildir fyrir allar innfluttar vörur, nema annað komi fram í dálki merktum E. Dálkur merktur E gildir fyrir vörur sem fluttar eru til landsins samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið svo og vörur sem njóta tollfrelsis

samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamninga sem Ísland er aðili að. Við útfyllingu aðflutningsskýrslu skal gefa upp gjaldalykla sem eiga við upprunaland vöru, sbr. reit 33 í aðflutningsskýrslu E-1 og reit 4 í póstaðflutningsskýrslu E-3. Dálkur X kveður á um vörugjald af innfluttum vörum samkvæmt lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, auk 0,1% eftirlitsgjalds af rafföngum í tollskrárnúmeri 9801.1008, sbr. reglugerð nr. 543/1993. Dálkur V kveður á um áfengisgjald af innfluttu áfengi til eigin nota samkvæmt lögum nr. 96/1995 um gjald af áfengi, með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 477/1995 um áfengisgjald, með síðari breytingum.

Á vörur í tollskrárnúmeri 9801.1013 og einnig í tollskrárnúmerum 9801.1021 til 9801.1028 í einnota umbúðum úr málmi, gleri eða plastefni skal lagt skilagjald (5,91 króna á hverja umbúðaeiningu), sbr. lög nr. 52/1989, um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, með síðari breytingum og reglugerð nr. 282/1994, um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur.

Auk aðflutningsgjalda sem tilgreind eru í fylgiskjali þessu skal greiða 14% virðisaukaskatt af vörum í tollskrárnúmeri 9801.1003 og 9801.1011 en 24,5% af vörum í öðrum framangreindum tollskárnúmerum, sbr. lög nr. 50/1989, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Við útflutning skal vöruliður framangreindra tollskrárnúmera byrja á 9901 í stað 9801.

Ríkistollstjóra er heimilt að bæta vörum eða vöruflokkum við upptalningu í einstökum tollskrárnúmerum hér að ofan, enda beri vörurnar sömu tolla og gjöld og þar um ræðir eða bæta við nýjum tollskrárnúmerum, enda beri vörurnar sem undir þau flokkast sömu aðflutningsgjöld lögum samkvæmt.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 107. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 16. júlí 1996.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.

10. júlí 1996 Nr. 411

AUGLÝSING

um breytingu á viðaukum I og II við reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, sbr. breytingu með reglugerð nr. 410/1992.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á viðauka I við reglugerð nr. 579/1989 um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár, sbr. breyt. með rg. nr. 410/1992:

Í stað litsins ljósbrúnn á varnarsvæði nr. 26 (Héraðshólf) kemur: Appelsínugulur.

2. gr.

Viðauki II með reglugerð nr. 410/1992 um breytingu á rg. nr. 579/1989 breytist til samræmis við þá breytingu sem kveðið er á um í 1. gr. þessarar auglýsingar og verður viðauki II með reglugerðinni þannig:

Viðauki II:

Varnarsvæði:

1. Landnámshólf
2. Borgarfjarðarhólf syðra
3. Borgarfjarðarhólf nyrðra
4. Mýrahólf
5. Hnappadalshólf
6. Snæfellsnesshólf
7. Dalahólf syðra
8. Dalahólf nyrðra
9. Steingrímsfjarðarhólf
10. Reykjanesshólf
11. Miðvestfjarðahólf
12. Vestfjarðahólf
13. Rauðasandshólf
14. Arnarfjarðarhólf
15. Miðfjarðarhólf
16. Vatnsnesshólf
17. Húnahólf
18. Skagahólf
19. Skagafjarðarhólf
20. Eyjafjarðarhólf vestra
21. Eyjafjarðarhólf eystra
22. Skjálfandahólf
23. Öxarfjarðarhólf
24. Sléttuhólf
25. Norðausturlandshólf
26. Héraðshólf
27. Austfjarðahólf
28. Suðurfjarðahólf
29. Suðursveitarhólf
30. Öræfahólf
31. Síðuhólf
32. Skaftártunguhólf
33. Álftavershólf
34. Mýrdalshólf
35. Rangárvallahólf
36. Árnesshólf

Litamerking búfjár á Íslandi

Svæðaskipting



Tilraunastöðin á Keldum og Sauðfjárveikivarnir.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í IX. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 10. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

22. júlí 1996 Nr. 412

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 251/1992, um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, áfengisgjald, tóbaksgjald o.fl., með áorðnum breytingum.

1. gr.

Í stað orðanna „16 ár“ í 2. mgr. 3. gr. kemur: 18 ár.

2. gr.

Í stað orðanna „er viðkomandi þó heimilt að halda til viðbótar allt að þreföldu því magni sem þar greinir“ í 1. mgr. 7. gr. kemur: er viðkomandi þó heimilt að flytja inn það magn sem umfram er.

3. gr.

3. mgr. 7. gr. fellur brott.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 4. og 5. tl. 5. gr. og 20. tl. 1. mgr. 6. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með áorðnum breytingum, og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 63 28. maí 1969, með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 22. júlí 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Bergþór Magnússon.

REGLUR

um skyldu til að upplýsa embættismenn um skipunarkjör.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um þá starfsmenn ríkisins sem teljast embættismenn skv. 22. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og eru skipaðir eða settir skv. 23. og 24. gr. sömu laga.

2. gr.

Lágmarksákvæði um skipunarkjör.

Þegar embættismaður er skipaður til starfa skal á sérstöku fylgiblaði upplýsa með skriflegum hætti a.m.k. um eftirfarandi:

1. Deili á aðilum.
2. Vinnustaður. Sé ekki um fastan vinnustað að ræða, eða stað þar sem vinnan fer jafnaðarlega fram, skal koma fram að embættismaður sé skipaður til starfa á mismunandi vinnustöðum.
3. Titill, staða, eðli eða tegund embættis sem viðkomandi er skipaður til, eða stutt útlistun eða lýsing á starfinu.
4. Fyrsti starfsdagur.
5. Lengd skipunar.
6. Orlofsréttur.
7. Frestur til að biðjast lausnar.
8. Mánaðarlaun, t.d. með vísan til launataxta, úrskurðar Kjaradóms eða kjaranefndar, og aðrar greiðslur, svo og greiðslutímabil launa.
9. Lengd venjulegs vinnudags eða vinnuviku.
10. Lífeyrissjóður.
11. Eftir atvikum tilvísun til úrskurðar Kjaradóms, kjaranefndar eða gildandi kjarasamnings hlutaðeigandi stéttarfélags.

Upplýsingar skv. 6. - 9. tl. er heimilt að veita með vísan til laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða kjarasamninga.

3. gr.

Störf erlendis.

Sé embættismanni, öðrum en embættismanni utanríkisþjónustu, falið að starfa í öðru landi í einn mánuð eða lengur, skal hann fyrir brottför fá skriflega staðfestingu á eftirfarandi skipunarkjörum:

1. Áætlaður starfstími erlendis.
2. Í hvaða gjaldmiðli laun eru greidd.
3. Uppbætur eða hlunnindi sem tengjast starfi erlendis.
4. Eftir atvikum skilyrði þess að embættismaður geti snúið aftur til heimalandsins.

Upplýsingar skv. 2. og 3. tl. má gefa með vísan til laga, stjórnvaldsfyrirmæla eða kjarasamninga.

4. gr.

Afmarkaðar breytingar á skipunarkjörum.

Verði breytingar á skipunarkjörum, skv. 2. og 3. gr., umfram það sem leiðir af lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða kjarasamningum, skal staðfesta breytingarnar með skriflegum hætti, eigi síðar en mánuði eftir að þær komu til framkvæmda.

5. gr.

Sérákvæði varðandi fyrri skipanir.

Óski embættismaður, sem skipaður er fyrir gildistöku laga nr. 70/1996, skriflegrar staðfestingar skipunar í samræmi við reglur þessar, skal láta honum í té slíka staðfestingu innan tveggja mánaða frá því beiðnin er fram komin.

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 5. júlí 1996.

Davíð Oddsson.

Birgir Guðjónsson.

24. júlí 1996 Nr. 414

AUGLÝSING

um kynbótamat úrvalskynbótagripa og gjald á útflutningshross.

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur hrossaræktarnefnd, sem starfar skv. 4. og 5. gr. laga nr. 84 30. maí 1989 um búfjárrækt, ákveðið eftirfarandi mörk kynbótamats fyrir hross, þannig að þau teljist úrvalskynbótagripir:

1. Stóðhestar:

Ógelt hesttryppi yngri en fjögurra vetra og aðrir stóðhestar sem ekki hafa einstaklingsdóm: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Stóðhestar með einstaklingsdóm: 120 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

2. Hryssur:

Hryssur yngri en fjögurra vetra og aðrar hryssur sem ekki eru einstaklingsdæmdar: 125 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Hryssur með einstaklingsdóm: 115 stig í kynbótamati aðaleinkunnar.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 161 31. desember 1994 um útflutning hrossa hefur verið ákveðið að gjald fyrir hvert útflutt hross skuli vera kr. 8.000. Greiðist útflutningsgjaldið í sérstakan sjóð í vörslu landbúnaðarráðuneytisins og er ætlað að standa undir kostnaði við skoðun á útflutningshrossum o. fl.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld auglýsing um sama efni nr. 226/1995.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. júlí 1996.

F. h. r.

Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnars Þorvarðarsonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ragnars Þorvarðarsonar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Grétu Ólafsdóttur, móður Ragnars, frá árinu 1991 kr. 145.000 og framlag Skákfélags Akureyrar kr. 125.000. Þá renna þátttökugjöld í barna- og unglingaskákmótum í sjóðinn, tekið hefur verið við frjálsum framlögum og arður af sölu minningarkorta hefur runnið í sjóðinn.

Eignir sjóðsins eru nú þannig kr. 453.000 og skal það fé haldast óskert.

Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir sjóðsins. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt, þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best.

3. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera:

A) Vextir og arður af eignum sjóðsins.
B) Frjáls framlög sem sjóðnum kunna að berast.
C) Fé og annað verðmæti sem safnast hefur og mun safnast í nafni sjóðsins.
D) Annað fé sem sjóðnum hlotnast.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja efnilega skákmenn, 16 ára og yngri, til að sækja skákmót utan Akureyrar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Formaður Skákfélags Akureyrar skal vera formaður stjórnar sjóðsins og gjaldkeri Skákfélags Akureyrar skal vera gjaldkeri sjóðsins og skal hann hafa í hendi vörslu fjármuna sjóðsins. Einn stjórnarmaður sjóðsins skal vera utan stjórnar Skákfélags Akureyrar og skal hann valinn til eins árs í senn af stjórn Skákfélags Akureyrar þannig að hann tengist unglingastarfi félagsins eða hefur áður verið virkur í félaginu en gefur ekki kost á sér til annars á vegum félagsins.

Stjórn sjóðsins skiptir að öðru leyti með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins skal vera sammála um úthlutun úr sjóðnum. Stjórnin skal við úthlutanir úr sjóðnum gæta þess að höfuðstóll sjóðsins skerðist ekki. Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera frá 1. júní ár hvert og til 31. maí árið eftir. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða málefnum ungra skákmanna til hagsbóta. Breytingartillögur skulu hljóta einróma samþykki stjórnar sjóðsins.

9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Skákfélags Akureyrar. Einróma samþykki stjórnar þarf til að leggja sjóðinn niður.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. júlí 1996.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

Nr. 416

REIKNINGUR

Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1995.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1995.

Tekjur

Vextir af bankainnstæðum	kr.	4.932,51
		4.932,51

Gjöld

Tekjur umfram gjöld	kr.	4.932,51
		4.932,51

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1995

Eignir

Bankainnstæður	kr.	111.516,69
		111.515,69

Skuldir

Hrein eign pr. 1. jan. 1995	kr.	106.584,18	
Hreinar tekjur árið 1995	kr.	4.932,51	kr. 111.516,69

Samgönguráðuneytinu, 16. júlí 1996.

F. h. r.
Halldór S. Kristjánsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Líknarsjóð Harðar Þorgeirssonar og Unnar Guðmundsdóttur.

Hörður Þorgeirsson, kt. 150717-4699 og eiginkona hans Unnur Guðmundsdóttir, kt. 300721-2069, til heimilis að Stigahlíð 88, Reykjavík stofna hér með líknarsjóð með eftirfarandi skipulagsskrá.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Líknarsjóður Harðar Þorgeirssonar og Unnar Guðmundsdóttur.

2. gr.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnendur leggja fram stofnfé sjóðsins 7.000.000, skrifa sjö milljónir króna í peningum og skuldabréfum.

4. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera arður af stofnfé, gjafir og arfur.

5. gr.

Hlutverk sjóðsins skal vera að styrkja hvers konar líknarstarfsemi á Íslandi eftir nánari ákvörðun sjóðsstjórnar. Heimilt er að verja hvers konar tekjum sjóðsins í þessu skyni og hluta af höfuðstól hans, en stofnfé má ekki skerða nema skv. 8. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fjórir menn. Í fyrstu stjórn sjóðsins skulu vera Unnur Guðmundsdóttir, Stigahlíð 88, Reykjavík, formaður, Hörður Þorgeirsson, Stigahlið 88, Reykjavík, Guðmundur H. Sigmundsson, kt. 040735-3219 til heimilis að Ljárskógum 1, Reykjavík og Eyjólfur Guðni Sigurðsson, kt. 020442-4419, til heimilis að Austurbergi 8, Reykjavík.

Falli stjórnarmaður frá eða láti af störfum skulu þeir sem eftir eru í stjórninni tilnefna mann í hans stað. Skiptir stjórnin þá sjálf með sér verkum.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

Um bókhald sjóðsins og reikningshald skal fara eftir gildandi lögum um bókhald og góðum reikningsskilavenjum. Reikningsskilum skal lokið fyrir 15. mars ár hvert og skal ársreikningur endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda. Ársreikning skal senda ríkisendurskoðanda og skulu niðurstöður hans birtar í B-deild Stjórnartíðinda.

8. gr.

Ef unnið er að sérstöku stórverkefni á sviði líknarmála og sjóðsstjórn verður um það sammála má verja öllum eignum sjóðsins til þessa verkefnis og leggja sjóðinn þannig niður. Sömuleiðis má breyta skipulagsskrá þessari, ef sjóðsstjórn verður um það sammála.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Ennfremur skal leita staðfestingar dómsmálaráðherra, ef beita skal ákvæði 8. gr.

Reykjavík, 30. júní 1996.
Unnur Guðmundsdóttir
Hörður Þorgeirsson
Eyjólfur Sigurðsson
Guðmundur Sigmundsson.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 9. júlí 1996.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

Nr. 418

REIKNINGUR

Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1995.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1995.

Tekjur

Vextir af bankainnstæðum	kr.	2.814,40
		2.814,40

Gjöld

Tekjur umfram gjöld	kr.	2.814,40
		2.814,40

Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1995

Eignir

Bankainnstæður	kr.	53.219,60
		53.219,60

Skuldir

Höfuðstólsreikningur:			
Hrein eign pr. 1. jan. 1955	kr.	50.405,20	
Hreinar tekjur árið 1995	kr.	2.814,40	kr. 53.219,60
			53.219,60

Samgönguráðuneytinu, 16. júlí 1996.

F. h. r.
Halldór S. Kristjánsson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menntunarsjóð bílgreina.

Bílgreinasambandið og Bíliðnafélagið hafa stofnað sjóð til að sinna fræðslumálum bílgreina. Um sjóðinn gildir eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Menntunarsjóður bílgreina. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru Bílgreinasambandið og Bíliðnafélagið. Stofnfé sjóðsins er kr. 453.000, – fjögur hundruð fimmtíu og þrjú þúsund 00/100, og skal það mynda höfuðstól sjóðsins. Rekstrartekjur geta verið m.a. vaxtatekjur, frjáls framlög m.a. í formi tækja, búnaðar og kennslugagna ásamt söluhagnaði eigna.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styðja fræðslustarf í bílgreinum m.a. með því að leggja til tæki, búnað og kennslugögn sem notuð verða við starfsnám.
2. Að hafa umsjón með framlagi sjóðsins til starfsnáms í bílgreinum.
3. Að stuðla að aukinni menntun í bílgreinum.
4. Að styrkja rannsóknir og nýjungar tengdar bílum.
5. Að efla starfsemi, sem eykur tengsl skóla og atvinnulífs.
6. Að styrkja efnilega nemendur til framhaldsnáms og veita viðurkenningu þeim, sem skara fram úr í námi í bílgreinum.
7. Að styrkja verkefni, sem stuðla að bættu umferðaröryggi og umferðarmenningu.

4. gr.

Stjórn sjóðsins er skipuð 4 mönnum. Stjórn Bílgreinasambandsins kýs 2 fulltrúa til tveggja ára og stjórn Bíliðnafélagsins kýs aðra 2 til tveggja ára. Í fyrsta sinn er annar fulltrúi þessara tveggja aðila kosinn til eins árs og hinn til tveggja ára. Stjórnin kýs sér formann og ritara. Stjórnin heldur fundi svo oft, sem þörf krefur þegar formaður eða tveir stjórnarmenn óska þess.

Varastjórnendur skulu tilnefndir með sama hætti og aðalstjórnendur.

Fundur stjórnar telst lögmætur ef meirihluti stjórnar situr fund og til hans hefur verið boðað með lögmætum hætti.

Færa skal til bókar alla ákvarðanir stjórnarinnar. Fjöldi atkvæða ræður úrslitum allra mála, sem stjórninni er falið að ráða.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjármunum, rekstri og stjórnun sjóðsins og er í forsvari fyrir hann út á við.

Stjórnin tekur ákvarðanir um fjárfestingar, ráðstöfun úr sjóðnum og mótar stefnu sjóðsins á hverjum tíma í samræmi við stofnskrá þessa, ásamt því að setja sér starfsreglur að öðru leyti.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, sem stýrir daglegri starfsemi í umboði stjórnar og starfar samkvæmt starfslýsingu, sem stjórnin setur honum.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Endurskoðandi sjóðsins skal vera löggiltur endurskoðandi. Reikningana skal leggja fyrir stjórnir Bílgreinasambandsins og Bíliðnafélagsins, þeir staðfestir af stjórn sjóðsins og sendir Ríkisendurskoðun fyrir 30. júní ár hvert.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal leitast við að ávaxta sjóðinn með bestu fáanlegum kjörum á hverjum tíma.

7. gr.

Styrkjum úr sjóðnum skal úthluta samkvæmt ákvörðun stjórnar í samræmi við tilgang stofnunarinnar og starfsreglur stjórnar. Stjórnin getur ákveðið að auglýsa eftir umsóknum til einstakra verkefna.

8. gr.

Kostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

9. gr.

Óheimilt er að breyta skipulagsskrá þessari þannig að í bága fari við yfirlýstan tilgang og markmið sjóðsins en að öðru leyti verða breytingar á skipulagsskránni aðeins gerðar með samþykki stjórnar sjóðsins og stjórna Bílgreinasambandsins og Bíliðnafélagsins að undangenginni umsögn Ríkisendurskoðunar og samþykki dómsmálaráðherra.

10.gr.

Ákveði stjórn sjóðsins, með samþykki Bílgreinasambandsins og Bíliðnafélagsins, að leggja Menntunarsjóð bílgreina niður skulu þeir aðilar, sem tilnefna stjórnarmenn, skipa skilanefnd til að annast uppgjör á sjóðnum og slit hans. Við uppgjörið skal þess gætt að eignir sjóðsins nýtist áfram í sama tilgangi og getið er í skipulagsskrá þessari.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. júlí 1996.

F. h. r.
Ólafur W. Stefánsson.

Jón Thors.

REGLUGERÐ

um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla.

1. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna grunnskóla.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eftir yfirfærslu grunnskólans skulu nema 0,74% af útsvarsstofni. Við skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga skv. lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal jafnframt gera Jöfnunarsjóði skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu. Ríkisbókhald skal sjá um útreikning á tekjum þessum og skiptir innheimtri staðgreiðslu hvers mánaðar milli ríkis, sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs. Tekjur sjóðsins skulu reiknaðar af þeim stofni sem staðgreiðsla hvers mánaðar er greidd af.

Ennfremur skal Ríkisbókhald sjá um útreikning á hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvari vegna tekna sem skattlagðar eru eftir á við álagningu og ekki hefur verið greidd staðgreiðsla af. Í uppgjöri staðgreiðslu sveitarfélaga við álagningu útsvars skal Ríkisbókhald, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, taka tillit til hlutdeildar Jöfnunarsjóðs og gera sjóðnum skil á henni.

2. gr.

Framlög.

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla skiptast í almenn framlög, framlög vegna sérkennslu fatlaðra nemenda, vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa kennara, vegna nýbúafræðslu, vegna Skólabúða að Reykjum, vegna Barnarverndarstofu og önnur framlög. Framlögin skulu greidd mánaðarlega.

Fyrir hvert fjárhagsár skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gera áætlanir um jöfnunarframlög skv. 1. mgr. Í desember skal senda sveitarfélögum upplýsingar um áætluð jöfnunarframlög næsta árs og greiðsludreifingu þeirra eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Almenn framlög.

Fjármagn til almennra jöfnunarframlaga skal vera jafnhátt tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. 1. gr. að frádregnum framlögum skv. 4.-9. gr. reglugerðar þessarar, hlutdeild í rekstrarkostnaði Jöfnunarsjóðs og hlut Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. 12. gr. laga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Almenn framlög skulu reiknuð á grundvelli kennslustunda í sveitarfélagi samkvæmt reiknilíkani og vægi sveitarfélaga í útsvarsstofni. Framlögin skulu greidd til sveitarfélaga að undanskilinni Reykjavíkurborg sem nýtur ekki framlaga samkvæmt þessari grein.

Reiknilíkanið er eftirfarandi:

$$Y = 2{,}02992 - 25{,}4726/X^2 + 43{,}8693/X - 0{,}000902069X$$

Reiknilíkaninu er ætlað að lýsa sem best hagkvæmni grunnskólanna miðað við fjölda nemenda í viðkomandi skóla. Líta má á niðurstöðu reiknilíkansins fyrir hvern grunnskóla sem útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda vegna almennrar kennslu og afsláttar stjórnenda. Nemendafjöldi hvers grunnskóla er breyta reiknilíkansins, þ.e. stærð sem hefur breytilegt gildi.

Útreikningi framlaganna skal haga með eftirfarandi hætti:

A.

Nemendafjöldi hvers grunnskóla skal settur inn í reiknilíkanið. Niðurstaðan sýnir útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda í viðkomandi grunnskóla.

Undantekningar frá þessari reglu skulu vera:

1. Breyta reiknilíkansins skal aldrei taka lægra gildi en sem svarar 15 nemendum fyrir hvern grunnskóla.
   Á sama hátt skal breytan aldrei taka hærra gildi en sem svarar 550 nemendum fyrir hvern grunnskóla.
   Grunnskóli með útibú skal reiknaður sem ein heild. Samanlagður nemendafjöldi aðalskólans og útibúsins skal því notaður við útreikning kennslustundafjölda.
2. Rekstraraðilar grunnskóla með færri en 15 nemendur geta óskað eftir því við ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að tekið sé tillit til aðstæðna þeirra við útreikning framlaganna. Verði nefndin við beiðni rekstraraðila grunnskóla skal finna útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda hjá viðkomandi skóla á grundvelli vinnureglna sem ráðgjafarnefnd setur.
   Vegna sérstakra aðstæðna geta rekstraraðilar grunnskóla með útibú sótt um til Jöfnunarsjóðs að aðalskóli og útibúið verði reiknuð hvort í sínu lagi. Verði fallist á það skal finna útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda hjá viðkomandi útibúi á grundvelli vinnureglna sem ráðgjafarnefnd setur.
3. Þar sem fleiri en einn grunnskóli er rekinn í sama sveitarfélagi skal finna útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda samkvæmt reiknilíkaninu fyrir hvern skóla fyrir sig og finna síðan út vegið meðaltal fyrir sveitarfélagið. Það meðaltal skal síðan notað í áframhaldandi útreikningi, sbr. B- og C-lið.
4. Ef í sama sveitarfélagi eru reknir tveir til fjórir grunnskólar með mismunandi skólagerð skal litið á þá grunnskóla sem taka við hver af öðrum sem einn heildstæðan grunnskóla, sbr. dæmi 1 í fylgiskjali 1.

Þar sem reiknilíkanið gefur ávallt niðurstöðu eins og um skóla með 1.-10. bekk væri að ræða skal leiðrétta hana m.t.t. til skólagerðar viðkomandi grunnskóla. Niðurstaða reiknilíkansins skal því margfölduð með stuðli sem þannig er fundinn:

Meðalvikustundir á hvern árgang í viðkomandi grunnskóla deilt með meðalvikustundum í árgangi hjá heildstæðum skólum.

Miða skal við meðalvikustundir samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga hverju sinni, sbr. dæmi 2 í fylgiskjali 1.

Ef árgangar í efri bekkjum heildstæðra viðtökuskóla eru verulega stærri en í yngri bekkjum skólans er ráðgjafarnefnd heimilt að reikna stuðul skólagerðar út frá vegnum meðalstundum grunnskólans, sbr. dæmi 3 í fylgiskjali 1.

Þá skal einnig leiðrétta niðurstöðuna vegna mismunandi aldursafsláttar kennara og meðallauna í viðkomandi grunnskólum. Þeir skólar þar sem meðalgrunnlaun eru umfram meðaltal landsins skulu fá leiðréttingu til hækkunar en skólar þar sem meðalgrunnlaunin eru undir meðaltali landsins skulu fá leiðréttingu til lækkunar. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skal setja nánari vinnureglur um útreikning slíkra leiðréttinga.

B.

1. Finna skal, á grundvelli niðurstaðna í A-lið, útreiknaðan heildarkennslustundafjölda í viðkomandi sveitarfélagi. Byggja skal þann útreikning á fjölda íbúa á grunnskólaaldri er lögheimili hafa í viðkomandi sveitarfélagi samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá Hagstofu Íslands.
2. Athuga skal í hvaða grunnskóla viðkomandi grunnskólaárgangar í sveitarfélagi fara. Fjöldi íbúa sveitarfélags í viðkomandi árgöngum samkvæmt þjóðskrá skulu því næst merktir viðeigandi grunnskóla. Til að finna útreiknaðan heildarkennslustundafjölda í sveitarfélagi skal niðurstaða reiknilíkansins fyrir viðeigandi grunnskóla, sbr. A-lið margfaldaður með fjölda þeirra íbúa er merktir hafa verið þeim grunnskóla.

Ef fleiri en einn grunnskóli er í sveitarfélagi, sbr. 3. tölul. 2. mgr. A-liðar, og ekki er hægt að merkja ákveðna árganga viðeigandi skóla skal heildaríbúafjöldi sveitarfélags á grunnskólaaldri samkvæmt þjóðskrá margfaldaður með vegnu meðaltali útreiknaðs kennslustundafjölda á hvern nemanda allra grunnskóla sveitarfélagsins.

3. Ef árgangur í sveitarfélagi sækir fleiri en einn grunnskóla og í einum þeirra eða fleirum eru nemendur úr öðrum sveitarfélögum skal aflað upplýsinga hjá viðkomandi sveitarfélagi um fjölda slíkra grunnskólanemenda og heiti grunnskóla sem þeir sækja. Nauðsynlegt er að hér sé um hóp nemenda að ræða og að sveitarfélagið hafi ákveðið þetta skipulag vegna hagræðingar eða landfræðilegra aðstæðna. Fjöldi þessara nemenda skal síðan notaður til að finna útreiknaðan heildarkennslustundafjölda í sveitarfélagi fyrir þessa grunnskóla. Þrátt fyrir að upplýsingar um fjölda nemenda komi frá sveitarfélagi skal heildarnemendafjöldinn ávallt vera jafn fjölda íbúa á grunnskólaaldri samkvæmt þjóðskrá. Ef vafi leikur á hvernig útreikningi skuli háttað hjá einstaka sveitarfélagi skal ráðgjafarnefnd Jöfnunarjóðs sveitarfélaga skera úr um slíkt.

C.

1. Þegar útreiknaður kennslustundafjöldi liggur fyrir hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig, sbr. A- og B-lið, skal fundið hlutfall útreiknaðs kennslustundafjölda hvers sveitarfélags af samanlögðum útreiknuðum kennslustundafjölda landsins.
2. Hlutfall útsvarstofns viðkomandi sveitarfélags af samanlögðum útsvarsstofni alls landsins skal einnig fundið. Útsvarsstofn skal vera álagningarstofn útsvars næstliðins tekjuárs. Heimilt er að nota útsvarsstofn næstliðins tekjuárs sem leiðréttur hefur verið á grundvelli staðgreiðslustofns yfirstandandi árs. Staðgreiðslu- og útsvarsstofn skulu byggjast á upplýsingum embættis ríkisskattstjóra.
3. Hlutfall útsvarsstofns fyrir hvert sveitarfélag skv. 2. tölul. skal margfaldað með ákveðnum hundraðshluta sem skal vera sá sami fyrir öll sveitarfélögin. Hundraðshluti þessi skal fundinn fyrir hvert fjárhagsár þannig:

   $A / (A + B)$

   A = Hækkun útsvarsprósentu sem reiknað er með að renni beint til sveitarfélaga.

   B = Heildarframlög samkvæmt grein þessari sem hlutfall af útsvarsstofni.

   Heimilt er ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að hækka eða lækka hlutfall þetta um allt að 5% til að útreiknuð jöfnunarþörf verði sem mest í samræmi við raunverulega jöfnunarþörf.
4. Hlutfall hvers sveitarfélags skv. 3. tölul. skal dregið frá hlutfalli skv. 1. tölul. Ef niðurstaðan er jöfn eða minni en 0 gefur það til kynna að sveitarfélagið telst ekki hafa þörf fyrir almennt jöfnunarframlag og fær því ekki framlag samkvæmt þessari grein. Niðurstaða hærri en 0 gefur til kynna að sveitarfélagið telst hafa þörf fyrir jöfnunarframlag.
5. Til að finna hlut viðkomandi sveitarfélaga í því heildarfjármagni sem til skiptanna er í almenn jöfnunarframlög samkvæmt grein þessari skal finna hlutfall jákvæðrar niðurstöðu hvers sveitarfélags skv. 4. tölul. af samanlagðri jákvæðri niðurstöðu landsins. Hlutfall þannig fundið fyrir hvert sveitarfélag skal notað til að skipta fjármagni sem til ráðstöfunar er.

4. gr.

Sérkennsla fatlaðra nemenda.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal greiða framlög til sveitarfélaga vegna fatlaðra nemenda á grunnskólaaldri.

Eftirfarandi tvö skilyrði eru fyrir greiðslu framlaga til viðkomandi sveitarfélaga:

a. Að viðkomandi nemandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu og hafi verið greindur fatlaður af Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Sjónstöð Íslands eða öðrum aðila sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins viðurkennir.
b. Að fötlunin falli undir viðmiðun Jöfnunarsjóðs er kalli á verulega sérkennsluþörf.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skal setja vinnureglur um viðmiðunarstig fötlunar eftir tegund hennar. Sú tegund fötlunar sem fellur undir viðmiðunarstig verður að kalla á þörf fyrir sérkennslu.

Framlög til sveitarfélaga vegna fatlaðra nemenda skulu vera mishá eftir viðmiðunarstigum. Sama fjárhæðin á hvern nemanda í viðkomandi viðmiðunarstigi skal greidd sveitarfélagi þrátt fyrir að sérkennsluþörf þeirra innbyrðis geti verið mismunandi.

Jöfnunarsjóður skal fyrir hvert fjárhagsár gera áætlun um heildarframlög samkvæmt grein þessari.

Framlög samkvæmt grein þessari skulu veitt á grundvelli umsókna sveitarfélaga vegna fatlaðra nemenda er lögheimili eiga í sveitarfélaginu óháð því hvar nemendurnir fá kennslu. Til að umsókn verði tekin til greina verður greining aðila skv. a-lið 2. mgr. að liggja fyrir.

Við framkvæmd ákvæða greinar þessarar skal ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga leita aðstoðar sérfræðinga eftir því sem við á. Hún skal einnig sjá um að setja nánari vinnureglur varðandi grein þessa ef þurfa þykir.

5. gr.

Framlög vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa kennara.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal greiða þeim sveitarfélögum framlög þar sem kostnaður vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa kennara í grunnskólum er verulega hár.

Ef árlegur kostnaður vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa í sveitarfélagi fer yfir 0,368% af útsvarsstofni næstliðins tekjuárs skal greiða framlag sem nemur 85% af þeim kostnaði sem umfram er.

Framlagið skal greitt í tvennu lagi, 15. janúar og 15. júlí. Raunkostnaður vegna þessara forfalla fram að hálfum mánuði fyrir greiðsludag skal lagður til grundvallar framlaginu ásamt útsvarsstofni næstliðins tekjuárs fyrir sömu mánuði. Heimilt er ráðgjafarnefnd að leiðrétta útsvarsstofn ef verulegur munur er á honum milli árshelminga.

Þar sem skólar eru í samrekstri skal kostnaði vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa skipt niður á viðkomandi sveitarfélög samkvæmt samningi aðildarsveitarfélaganna um kostnaðarskiptingu kennslulauna.

Heimilt er í undantekningartilvikum að fyrirframgreiða framlag samkvæmt þessari grein vegna veikindaforfalla og/eða barnsburðarleyfa kennara.

Um áramót skal skoða kostnað vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa miðað við allt undangengið ár og bera hann saman við viðmiðun útsvarsstofns. Greiðslan 15. janúar skal því vera lokagreiðsla vegna ársins á undan. Ef í ljós kemur að sveitarfélag hafi fengið ofgreidd framlög vegna forfalla ársins á undan skal ofgreiðslan dregin frá öðrum framlögum Jöfnunarsjóðs til sveitarfélagsins á yfirstandandi ári.

6. gr.

Framlög vegna nýbúafræðslu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal greiða öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg framlög til nýbúafræðslu á grunnskólastigi þar sem um slíkt er að ræða. Sveitarfélög sem ekki reiknast með jöfnunarframlög skv. 3. gr. fá þó ekki framlög samkvæmt þessari grein.

Fyrir hvert fjárhagsár skal Jöfnunarsjóður gera áætlun um umfang nýbúafræðslu á landinu utan Reykjavíkurborgar. Áætlunin skal unnin í samstarfi við námsstjóra í nýbúafræðslu.

Embætti námsstjóra í nýbúafræðslu skal leggja fyrir Jöfnunarsjóð eigi síðar en 1. október ár hvert upplýsingar um þá nýbúa á grunnskólaaldri sem þurfa á sérstakri íslenskukennslu að halda og vitað er að njóta munu fræðslu næsta skólaár. Í upplýsingunum skal koma fram heimasveitarfélag nýbúans og upprunaland.

Á grundvelli þessara upplýsinga skal Jöfnunarsjóður greiða framlag beint til viðkomandi heimasveitarfélags næsta fjárhagsár. Framlagið skal vera 70.000 kr. á hvern nýbúa á ári miðað við einstaklingskennslu. Þar sem mögulegt er að mati námsstjórans að kenna saman fleiri nemendum, lækkar framlagið á hvern nemanda um 7.000 kr. á ári vegna hvers viðbótarnemanda, en verður þó aldrei lægra en 35.000 kr. á hvern nemanda.

Námsstjóri í nýbúafræðslu skal hafa aðsetur í Reykjavík samkvæmt sérstökum samningi milli Reykjavíkurborgar, Jöfnunarsjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Reykjavíkurborg greiðir laun námsstjórans og leggur honum til húsnæði og annan nauðsynlegan búnað en Jöfnunarsjóður greiðir hlutdeild í kostnaði af störfum hans, sbr. áðurnefndan samning.

Námsstjóri nýbúafræðslu skal leggja fyrir Jöfnunarsjóð fjárhagsáætlun embættis síns fyrir 1. desember ár hvert. Námsstjórinn skal einnig skila ársreikningi vegna embættisins til Jöfnunarsjóðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar.

7. gr.

Skólabúðir að Reykjum.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal veita framlag til reksturs skólabúða að Reykjum í Hrútafirði. Framlagið skal ákveðið í sérstökum samningi milli Jöfnunarsjóðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneytisins og viðkomandi rekstraraðila skólabúðanna.

Framlagið skal greitt til rekstraraðila með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

8. gr.

Börn vistuð af Barnaverndarstofu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal veita Barnaverndarstofu framlag er nemur 4.500.000 kr. árlega vegna almennrar kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barnaverndarstofu og stunda þar grunnskólanám. Fjárhæðin skal endurskoðuð árlega að fenginni reynslu. Jöfnunarsjóður skal ekki veita framlög vegna barna er lögheimili eiga í Reykjavíkurborg eða öðrum sveitarfélögum sem ekki fá jöfnunarframlög skv. 3. gr.

Barnaverndarstofa skal sjá um að greiða grunnskólakostnað vegna barna sem hún vistar. Vegna barna úr Reykjavíkurborg og þeim sveitarfélögum sem ekki fá jöfnunarframlög skv. 3. gr. skulu þau sveitarfélög greiða grunnskólakostnaðinn sjálf.

Jöfnunarsjóður skal sjá um að draga fjárhæð er nemur kennslukostnaði viðkomandi nemenda frá jöfnunarframlögum viðeigandi heimasveitarfélags. Fjárhæð greiðslunnar skal byggjast á kennslumagnsþörf nemendanna samkvæmt upplýsingum Barnaverndarstofu sem Jöfnunarsjóður samþykkir. Ef kennslukostnaður sem hér um ræðir verður verulega íþyngjandi fyrir viðkomandi heimasveitarfélag getur ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ákveðið hámark þeirrar fjárhæðar sem dregin verður frá framlögum sveitarfélagsins.

Barnaverndarstofu er skylt að láta Jöfnunarsjóði í té upplýsingar um nemendur sem vistaðir hafa verið af Barnaverndarstofu, sem nauðsynlegar eru við framkvæmd ákvæða greinar þessarar.

9. gr.
Önnur framlög.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal taka frá fjármagn er nýtast skal til framlaga vegna ófyrirséðra tilvika við kennslu í grunnskólum. Til að sveitarfélag geti fengið framlag samkvæmt þessari grein verður að vera um tilvik að ræða sem hefur í för með sér kostnað sem er verulega íþyngjandi fyrir viðkomandi sveitarfélag.

Rekstraraðilar grunnskóla skulu sækja um framlög skv. 1. mgr. til Jöfnunarsjóðs og gera grein fyrir umfangi og aðstæðum.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skal fjalla um hverja umsókn sérstaklega og ákveða hvort og þá hversu hátt framlag eðlilegt sé að veita. Samþykki ráðgjafarnefnd að veita framlag skal það greitt viðkomandi sveitarfélagi/sveitarfélögum.

Í undantekningartilvikum er ráðgjafarnefnd heimilt að veita framlög til annarra en sveitarfélaga fyrir tímabundin verkefni er snerta grunnskóla á landsvísu. Ráðgjafarnefnd setur nánari vinnureglur um úthlutun slíkra framlaga.

10. gr.
Fylgiskjöl.

Með reglugerð þessari birtast tvö fylgiskjöl, fylgiskjal 1 með einstökum viðmiðunardæmum og fylgiskjal 2 með úthlutun ríkissjóðs til einstakra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og skulu þau teljast hluti reglugerðar þessarar. Fylgiskjal 2 skal notað við úthlutun skv. 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I.

11. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. ágúst 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.
I.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga mánuðina ágúst til desember 1996 vera samtals 754,7 millj. kr. er ríkissjóður greiðir með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Ríkissjóður skal inna greiðslurnar af hendi 1. hvers mánaðar.

Tímabilið ágúst 1996 til og með desember 1996 skal ríkissjóður einnig greiða sveitarfélögum um 1.979,3 millj. kr. vegna grunnskólaverkefna sem færast frá ríki til sveitarfélaga. Hvert sveitarfélag skal fá 1,853% af áætluðum útsvarsstofni mánaðanna júlí til nóvember 1996, sem ríkissjóður skal greiða viðkomandi sveitarfélögum með jöfnum mánaðarlegum greiðslum frá ágúst til desember 1996, 1. hvers mánaðar. Greiðslur ríkissjóðs til hvers sveitarfélags skulu vera í samræmi við fylgiskjal 2 með reglugerð þessari.

Að auki skal ríkissjóður greiða Jöfnunarsjóði og sveitarfélögum sem hér segir:

a. 1. janúar 1997 fjárhæð til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er nemur 0,716% af staðgreiðslustofni í desember 1996.
   Ríkissjóður skal einnig greiða hverju sveitarfélagi fjárhæð 1. janúar 1997 er nemur 1,934% af staðgreiðslustofni þeirra í desember 1996.
   Liggi staðgreiðslustofn í desember ekki fyrir á ofangreindum greiðsludegi skulu greiðslur miðast við áætlaðan staðgreiðslustofn sveitarfélaga. Leiðrétta skal greiðslurnar þegar upplýsingar um staðgreiðslustofninn liggja fyrir.
b. Mánuðina ágúst til desember 1997 með jöfnum greiðslum fjárhæð til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er nemur 0,716% af þeim útsvarsstofni sem skattlagður er eftir á við álagningu útsvars árið 1997 vegna tekjuársins 1996 og ekki var innheimt staðgreiðsla af. Inna skal greiðslurnar af hendi fyrsta hvers mánaðar.

Ríkissjóður skal einnig greiða hverju sveitarfélagi fjárhæð, fyrsta hvers mánaðar, mánuðina ágúst til desember 1997, er nemur 1,934% af útsvarsstofni sem skattlagður er eftir á við álagningu útsvars árið 1997 vegna tekjuársins 1996 og ekki var innheimt staðgreiðsla af.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema 0,73% af álagningarstofni útsvars tekjuárið 1997.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða til rekstraraðila sérskóla og sérdeilda á landsvísu framlög til reksturs þeirra skólaárið 1996-1997.

Um er að ræða eftirtalda sérskóla og sérdeildir:

- Öskjuhlíðarskóli
- Safamýrarskóli
- Dalbrautarskóli
- Hvammshlíðarskóli
- Einholtsskóli
- Vesturhlíðarskóli
- Sérdeild fyrir einhverf börn í Digranesskóla
- Sérdeild fyrir sjónskert börn
- Sérdeild fyrir hreyfihamlaða
- Sérdeildir fyrir einhverf börn í Reykjavík

Framlagið skal miðast við áætlaðan kostnað við rekstur þessara stofnana á grundvelli nemendafjölda og annarra þátta er skipt geta máli um kostnað. Gera skal sérstakan samning milli Sambands íslenskra sveitarfélaga, Jöfnunarsjóðs og viðkomandi rekstraraðila sérskóla/sérdeilda þar sem m.a. komi fram hvaða skóla og sérdeildir er um að ræða, hversu hátt framlagið skuli vera og hvenær það skuli greitt.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eingöngu greiða framlag mánuðina ágúst 1996 til júlí 1997 vegna sérkennslu fatlaðra nemenda á grunnskólaaldri er stunda nám í heimaskóla. Jöfnunarsjóður skal ekki greiða framlag til sveitarfélaga ef viðkomandi fatlaður nemandi stundar nám í sérskóla eða sérdeild, sbr. ákvæði til bráðabirgða II. Reykjavíkurborg nýtur ekki framlaga samkvæmt ákvæði þessu.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal embætti námsstjóra í nýbúafræðslu leggja fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eigi síðar en 1. ágúst 1996 upplýsingar um þá nýbúa á grunnskólaaldri, sem þurfa á sérstakri íslenskukennslu að halda og vitað er að munu njóta fræðslu næsta skólaár. Í upplýsingunum skal koma fram heimasveitarfélag nýbúans og upprunaland.

Á grundvelli þessara upplýsinga skal Jöfnunarsjóður greiða framlag beint til viðkomandi heimasveitarfélags frá ágúst til desember 1996. Framlagið skal vera 70.000 kr. á hvern nýbúa á ári miðað við einstaklingskennslu. Þar sem mögulegt er að mati námsstjórans að kenna saman fleiri nemendum, lækkar framlagið á hvern nemanda um 7.000 kr. á ári vegna hvers viðbótarnemanda, en verður þó aldrei lægra en 35.000 kr. á hvern nemanda.

Námsstjóri nýbúafræðslu skal fyrir 1. ágúst 1996 senda Jöfnunarsjóði fjárhagsáætlun fyrir embætti sitt fyrir tímabilið ágúst til desember 1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. júlí 1996.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

Fylgiskjal 1.

Dæmi 1.

Sýnidæmi I.
Skóli A, 1.-7. b. Skóli B, 8.-10. b. Skóli C, 1.-7. b.

Nemendur úr skóla A og skóla C fara í skóla B. Litið skal á skóla A, B og C sem einn skóla.

Sýnidæmi II.
Skóli A, 1.-7. b. Skóli B, 1.-10. b. Skóli C, 8.-10. b.

Ef nemendur úr skóla A fara í eldri bekkina í skóla C skal líta á skóla A og C sem einn skóla. Ef nemendur úr skóla A fara í eldri bekkina í skóla B skal líta á alla skólana sem sjálfstæða.

Dæmi 2.

Forsenda:
Meðalvikustundir m.v. skóla með 1.-10. b. eru: 309/10 = 30,9

Sýnidæmi I.
Grunnskóli með 1.-7. b. ==> Meðalvikustundir 204/7 = 29,14 stundir

Stuðull: 29,14/30,9 = **0,9431**

Sýnidæmi II.
Grunnskóli með 1.-4. b. ==> Meðalvikustundir 138/5 = 27,6 stundir

Stuðull: 27,6/30,9 = **0,8932**

Sýnidæmi III.
Grunnskóli með 8.-10. b. ==> Meðalvikustundir 105/3 = 35,0 stundir

Stuðull: 35,0/30,9 = **1,1327**

Dæmi 3.

Bekkjar-deildir	Kennslust. í bekkjard. skv. lögum	Nem.fj.	Kennslust. * nem.fj.
1	27	10	270
2	27	10	270
3	27	10	270
4	27	10	270
5	30	10	300
6	32	10	320
7	34	10	340
8	35	20	700
9	35	30	1050
10	35	40	1400
10	309	160	5190

Vegið meðaltal vikustunda er því: 5190/160 = 32,44

Stuðull vegna þessarar skólagerðar er því: 32,44/30,9 = 1,0498

Fylgiskjal 2.

Skipting beingreiðslna ríkissjóðs milli sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs vegna yfirfærslu grunnskólans.

		Áætlaður útsvarsstofn vegna júlí-nóv. 1996	Samtals beingreiðslur ríkissjóðs ágúst-desember 1,853% af stofni	Mánaðarleg greiðsla
0000	Reykjavíkurborg	43.008.685.430	797.019.515	159.403.903
1000	Kópavogskaupstaður	7.183.269.586	133.117.439	26.623.488
1100	Seltjarnarneskaupstaður	2.154.374.344	39.923.992	7.984.798
1300	Garðabær	3.646.927.747	67.583.386	13.516.677
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	6.601.674.034	122.339.546	24.467.909
1603	Bessastaðahreppur	457.633.836	8.480.685	1.696.137
1604	Mosfellsbær	1.886.855.253	34.966.436	6.993.287
1605	Kjalarneshreppur	179.796.357	3.331.913	666.383
1606	Kjósarhreppur	40.788.138	755.869	151.174
2000	Reykjanesbær	4.215.295.549	78.116.148	15.623.230
2300	Grindavíkurkaupstaður	918.613.894	17.023.380	3.404.676
2503	Sandgerðisbær	513.215.102	9.510.694	1.902.139
2504	Gerðahreppur	397.041.735	7.357.816	1.471.563
2506	Vatnsleysustrandahreppur	248.690.626	4.608.634	921.727
3000	Akraneskaupstaður	2.096.671.047	38.854.657	7.770.931
3501	Hvalfjarðarstrandarhreppur	57.380.498	1.063.352	212.670
3502	Skilmannahreppur	50.446.137	934.847	186.969
3503	Innri-Akraneshreppur	47.064.792	872.186	174.437
3504	Leirár- og Melahreppur	40.573.647	751.894	150.379
3505	Andakílshreppur	82.926.274	1.536.756	307.351
3506	Skorradalshreppur	21.463.309	397.749	79.550
3507	Lundarreykjadalshreppur	20.250.487	375.274	75.055
3508	Reykholtsdalshreppur	69.953.091	1.296.342	259.268
3509	Hálsahreppur	21.766.960	403.376	80.675
3601	Hvítársíðuhreppur	18.431.179	341.559	68.312
3602	Þverárhlíðarhreppur	20.043.761	371.443	74.289
3605	Borgarhreppur	42.396.015	785.666	157.133
3607	Álftaneshreppur	22.985.268	425.954	85.191
3609	Borgarbyggð	733.439.407	13.591.802	2.718.360
3701	Kolbeinsstaðahreppur	25.069.573	464.579	92.916
3709	Eyrarsveit	374.198.651	6.934.498	1.386.900
3710	Helgafellssveit	20.217.434	374.661	74.932
3711	Stykkishólmsbær	531.522.817	9.849.965	1.969.993
3712	Skógarstrandarhreppur	8.714.552	161.495	32.299
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	31.807.947	589.452	117.890
3714	Snæfellsbær	752.869.008	13.951.863	2.790.373
3809	Saurbæjarhreppur	25.860.199	479.231	95.846
3811	Dalabyggð	219.324.836	4.064.439	812.888
4200	Ísafjarðarbær	2.121.549.984	39.315.704	7.863.141
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	459.479.457	8.513.960	1.702.792
4502	Reykhólahreppur	105.805.254	1.960.740	392.148
4604	Tálknafjarðarhreppur	126.833.509	2.350.427	470.085
4607	Vesturbyggð	527.523.869	9.775.858	1.955.172
4803	Súðavíkurhreppur	115.456.038	2.139.584	427.917

		Áætlaður útsvarsstofn vegna júlí-nóv. 1996	Samtals beingreiðslur ríkissjóðs ágúst-desember 1,853% af stofni	Mánaðarleg greiðsla
4901	Árneshreppur	26.806.931	496.775	99.355
4902	Kaldrananeshreppur	56.783.226	1.052.284	210.457
4904	Hólmavíkurhreppur	207.716.483	3.849.318	769.864
4905	Kirkjubólshreppur	15.804.972	292.891	58.578
4908	Bæjarhreppur	38.233.905	708.535	141.707
4909	Broddaneshreppur	28.003.382	518.947	103.789
5000	Siglufjarðarkaupstaður	707.949.005	13.119.424	2.623.885
5100	Sauðárkrókskaupstaður	1.012.308.782	18.759.696	3.751.939
5501	Staðarhreppur V-Hún.	26.716.319	495.096	99.019
5502	Fremri-Torfustaðahreppur	11.736.474	217.496	43.499
5503	Ytri-Torufstaðarhreppur	59.008.745	1.093.526	218.705
5504	Hvammstangahreppur	248.360.035	4.602.507	920.501
5505	Kirkjuhvammshreppur	24.216.204	448.765	89.753
5506	Þverárhreppur	19.452.435	360.485	72.097
5507	Þorkelshólshreppur	36.287.700	672.469	134.494
5601	Áshreppur	22.115.913	409.843	81.969
5602	Sveinsstaðahreppur	26.705.777	494.901	98.980
5603	Torfalækjahreppur	35.154.492	651.469	130.294
5604	Blönduósbær	416.791.876	7.723.818	1.544.764
5605	Svínavatnshreppur	31.065.711	575.697	115.139
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	25.607.538	474.549	94.910
5607	Engihlíðarhreppur	22.313.629	413.507	82.701
5608	Vindhælishreppur	10.425.427	193.200	38.640
5609	Höfðahreppur	318.869.144	5.909.154	1.181.831
5610	Skagahreppur	12.661.480	234.637	46.927
5701	Skefilsstaðahreppur	12.359.512	229.041	45.808
5702	Skarðshreppur	33.105.613	613.500	122.700
5703	Staðarhreppur Skag.	31.514.105	584.007	116.801
5704	Seyluhreppur	95.092.692	1.762.219	352.444
5705	Lýtingsstaðahreppur	64.149.268	1.188.788	237.758
5706	Akrahreppur	57.711.405	1.069.484	213.897
5707	Rípurhreppur	18.083.857	335.123	67.025
5708	Viðvíkurhreppur	17.176.219	318.303	63.661
5709	Hólahreppur	42.075.793	779.732	155.946
5710	Hofshreppur	112.892.292	2.092.074	418.415
5715	Fljótahreppur	40.304.758	746.911	149.382
6000	Akureyrarkaupstaður	5.832.633.547	108.087.999	21.617.600
6100	Húsavíkurkaupstaður	1.024.983.597	18.994.580	3.798.916
6200	Ólafsfjarðarkaupstaður	513.889.302	9.523.188	1.904.638
6300	Dalvíkurkaupstaður	609.950.020	11.303.346	2.260.669
6501	Grímseyjarhreppur	48.772.361	903.830	180.766
6502	Svarfaðardalshreppur	64.678.060	1.198.588	239.718
6504	Hríseyjarhreppur	107.641.934	1.994.777	398.955
6505	Árskógshreppur	135.400.890	2.509.194	501.839
6506	Arnarneshreppur	69.922.653	1.295.778	259.156
6507	Skriðuhreppur	27.849.003	516.086	103.217
6508	Öxnadalshreppur	11.522.285	213.526	42.705
6509	Glæsibæjarhreppur	77.108.285	1.428.939	285.788
6513	Eyjafjarðarsveit	287.047.064	5.319.440	1.063.888
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	120.276.244	2.228.911	445.782
6602	Grýtubakkahreppur	159.081.717	2.948.038	589.608
6604	Hálshreppur	50.633.010	938.310	187.662

		Áætlaður útsvarsstofn vegna júlí-nóv. 1996	Samtals beingreiðslur ríkissjóðs ágúst-desember 1,853% af stofni	Mánaðarleg greiðsla
6605	Ljósavatnshreppur	54.874.796	1.016.917	203.383
6606	Bárðdælahreppur	36.266.740	672.081	134.416
6607	Skútustaðahreppur	160.700.165	2.978.030	595.606
6608	Reykdælahreppur	97.947.800	1.815.129	363.026
6609	Aðaldælahreppur	92.622.318	1.716.439	343.288
6610	Reykjahreppur	31.773.186	588.808	117.762
6611	Tjörneshreppur	21.774.057	403.508	80.702
6701	Kelduneshreppur	36.382.516	674.226	134.845
6702	Öxarfjarðarhreppur	137.308.892	2.544.553	508.911
6705	Raufarhafnarhreppur	170.092.969	3.152.094	630.419
6706	Svalbarðshreppur	33.383.409	618.648	123.730
6707	Þórshafnarhreppur	197.773.671	3.665.061	733.012
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	348.958.130	6.466.751	1.293.350
7100	Neskaupstaður	729.297.542	13.515.046	2.703.009
7200	Eskifjarðarkaupstaður	444.867.017	8.244.095	1.648.819
7501	Skeggjastaðarheppur	76.161.597	1.411.396	282.279
7502	Vopnafjarðarhreppur	329.584.769	6.107.731	1.221.546
7503	Hlíðarhreppur	18.640.986	345.447	69.089
7504	Jökuldalshreppur	37.245.927	690.226	138.045
7505	Fljótsdalshreppur	23.088.517	427.867	85.573
7506	Fellahreppur	136.690.255	2.533.088	506.618
7507	Tunguhreppur	23.334.530	432.426	86.485
7508	Hjaltastaðahreppur	13.752.936	254.864	50.973
7509	Borgarfjarðarhreppur	56.270.207	1.042.777	208.555
7601	Skriðdalshreppur	15.917.944	294.985	58.997
7602	Vallahreppur	46.298.396	857.983	171.597
7603	Egilsstaðabær	572.448.949	10.608.392	2.121.678
7604	Eiðahreppur	42.848.542	794.052	158.810
7605	Mjóafjarðarhreppur	8.341.444	154.580	30.916
7609	Reyðarfjarðarhreppur	270.690.291	5.016.323	1.003.265
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	24.860.107	460.697	92.139
7611	Búðahreppur	317.403.262	5.881.989	1.176.398
7612	Stöðvarhreppur	103.045.866	1.909.604	381.921
7613	Breiðdalshreppur	112.107.837	2.077.537	415.507
7617	Djúpavogshreppur	206.029.021	3.818.046	763.609
7701	Bæjarhreppur	12.289.081	227.736	45.547
7705	Borgarhafnarhreppur	30.574.667	566.597	113.319
7706	Hofshreppur	28.441.863	527.073	105.415
7707	Hornafjarðarbær	877.544.545	16.262.300	3.252.460
8000	Vestmannaeyjabær	2.280.390.736	42.259.276	8.451.855
8100	Selfossbær	1.545.377.245	28.638.304	5.727.661
8508	Mýrdalshreppur	168.545.938	3.123.425	624.685
8509	Skaftárhreppur	151.462.088	2.806.834	561.367
8601	Austur-Eyjafjallahreppur	42.906.721	795.130	159.026
8602	Vestur-Eyjafjallahreppur	38.122.258	706.466	141.293
8603	Austur-Landeyjarhreppur	34.503.711	639.409	127.882
8604	Vestur-Landeyjarhreppur	36.106.560	669.112	133.822
8605	Fljótshlíðarhreppur	45.254.346	838.635	167.727
8606	Hvolhreppur	279.253.932	5.175.021	1.035.004
8607	Rangárvallahreppur	284.301.675	5.268.563	1.053.713
8610	Ásahreppur	37.693.295	698.517	139.703
8611	Djúpárhreppur	63.775.982	1.181.871	236.374

		Áætlaður útsvarsstofn vegna júlí-nóv. 1996	Samtals beingreiðslur ríkissjóðs ágúst-desember 1,853% af stofni	Mánaðarleg greiðsla
8612	Holta- og Landsveit	95.380.387	1.767.551	353.510
8701	Gaulverjabæjarhreppur	28.013.445	519.134	103.827
8702	Stokkseyrarhreppur	188.254.913	3.488.664	697.733
8703	Eyrarbakkahreppur	211.506.275	3.919.549	783.910
8704	Sandvíkurhreppur	30.622.001	567.475	113.495
8706	Hraungerðishreppur	42.729.827	791.852	158.370
8707	Villingaholtshreppur	35.995.723	667.058	133.412
8708	Skeiðahreppur	61.260.357	1.135.252	227.050
8709	Gnúpverjahreppur	84.244.358	1.561.182	312.236
8710	Hrunamannahreppur	152.940.479	2.834.231	566.846
8711	Biskupstungnahreppur	139.091.600	2.577.589	515.518
8712	Laugardalshreppur	72.941.520	1.351.723	270.345
8713	Grímsneshreppur	92.423.099	1.712.747	342.549
8714	Þingvallahreppur	13.350.342	247.403	49.481
8715	Grafningshreppur	15.728.821	291.480	58.296
8716	Hveragerðisbær	557.969.386	10.340.062	2.068.012
8717	Ölfushreppur	645.130.526	11.955.297	2.391.059
		106.804.700.000	1.979.261.384	395.852.277
	Til viðbótar:			
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga		754.738.616	150.947.723
	Samtals		2.734.000.000	546.800.000

22. júlí 1996 Nr. 421

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 347/1996, um breyting á reglugerð nr. 449/1990, um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. gr. reglugerðarinnar:

B. liður 1. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 22. júlí 1996.

F. h. r.
Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

um útflutning á kindakjöti.

I. KAFLI
Útflutningskylda framleiðenda og sláturleyfishafa.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til útflutnings á kindakjöti sem framleitt er á árinu 1996 að meðtalinni framleiðslu dilkakjöts í desembermánuði 1995, sem ekki var talin með í greiðslumarksuppgjöri verðlagsársins 1995/96.

Eigendum sláturfjár, hvort sem þeir eru beingreiðsluhafar eða ekki, er skylt að taka þátt í útflutningi og sæta útflutningsuppgjöri fyrir framleiðslu sína árið 1996 í því hlutfalli sem landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 1. september 1996. Heimilt er að ákveða mismunandi hlutfall útflutnings fyrir dilkakjöt og fyrir kjöt af fullorðnu fé. Útflutningshlutfall skal reikna af allri framleiðslu viðkomandi aðila eftir gæðaflokkum, með þeim undantekningum sem reglugerð þessi kveður á um.

Sláturleyfishafi, sem tekur á móti sauðfé til slátrunar, er ábyrgur fyrir því að útflutningsskil eigenda sláturfjár fari fram eftir ákvörðun ráðherra um útflutningshlutfall. Annist sláturleyfishafi slátrun án þess að sjá um sölu afurðanna, skal hann krefja eiganda sláturfjár um tryggingu fyrir útflutningsgjaldi sem eigandanum ber að greiða samkvæmt 7. gr., ella skal hann afhenda sláturleyfishafa það magn kjöts sem nemur útflutningsskyldu hans.

Sláturleyfishafa er skylt að tilkynna Framleiðsluráði landbúnaðarins um slátrun hvers mánaðar eigi síðar en 10. næsta mánaðar. Í tilkynningunni skal koma fram hver sé eigandi sláturfjár, fjöldi þess, magn í kg og skipting í gæðaflokka ásamt upplýsingum um hvort sláturleyfishafi annist sölu afurða eða ekki, skv. nánari reglum sem Framleiðsluráð setur.

Lokauppgjör á beingreiðslum almanaksárið 1996 fer ekki fram fyrr en útflutningsuppgjöri er lokið.

2. gr.

Undanþegin útflutningsskyldu og/eða útflutningsgjaldi er:

a. Framleiðsla til heimanota allt að 60 kg á hvern heimilismann á viðkomandi lögbýli skv. þjóðskrá í ágúst 1996 eða 180 kg á búfjáreiganda í þéttbýli sem á sauðfé skv. forðagæsluskýrslu.

b. Framleiðsla á lögbýlum, sem hafa staðfestingu búfjáreftirlitsmanns á að framleiðendur hafi ekki fleiri en 0,7 vetrarfóðaðar kindur á hvert ærgildi greiðslumarks skv. talningu í apríl 1996 enda hafi framleiðandi skuldbundið sig skriflega til að leggja aðeins inn afurðir þess fjár.

c. Framleiðsla dilkakjöts sem á sér stað fyrir 1. september 1996 eða eftir 31. október 1996, enda sé framleiðslan sett fersk á markað innanlands eða flutt á erlendan markað.

3. gr.

Hafi framleiðandi fjölgað sauðfé frá haustinu 1994 skal útflutningsskylda hans aukin sem nemur fjölguninni. Framleiðsluráð landbúnaðarins ber saman fjölda sauðfjár skv. forðagæsluskýrslu 1994/95 við fjölda sauðfjár skv. talningu í apríl 1996. Aukin útflutningskylda skal vera það hlutfall af framleiðslu haustið 1996 sem nemur hlutfallslegri fjölgun sauðfjár

og kemur til viðbótar hinni almennu útflutningsskyldu, sem er reiknuð á framleiðslu haustið 1996 að frádreginni aukningu vegna fjölgunar. Framleiðsluráð landbúnaðarins tilkynnir hverjum framleiðanda sérstaklega um aukna útflutningsskyldu.

Undanþegnir ákvæðum 1. mgr. eru þeir aðilar sem skorið hafa niður sauðfé að opinberum fyrirmælum að því marki að þeir fjölgi ekki fé umfram þann fjölda fjár, sem þeir höfðu við niðurskurð eða umfram eina kind fyrir hvert ærgildi greiðslumarks, hvor talan sem hærri er. Fjölgun þar umfram fer eftir ákvæðum 1. mgr. Einnig þeir bændur, sem flytja bústofn ásamt greiðslumarki milli jarða, og þeir sem hafa látið greiðslumark í mjólk og fengið greiðslumark í sauðfé í staðinn. Þeim aðilum er heimilt að fjölga fé milli ára sem svarar einni kind fyrir hvert ærgildi greiðslumarks, sem bætist við, án þess að útflutningskylda þeirra aukist. Þá eru undanþegnir aukinni útflutningsskyldu þeir aðilar sem hafa ekki fleiri en 0,7 vetrarfóðaðar kindur á hvert ærgildi greiðslumarks sbr. b-lið 2. gr.

4. gr.

Útreikningur á skiptingu magns hvers eiganda sláturfjár til sölu innanlands, til heimanota eða til útflutnings skal fara fram í lok sláturtíðar, þó eigi síðar en 1. desember 1996.

Sláturleyfishöfum er skylt að flytja út kindakjöt að jafnvirði þess kjöts sem þeir hafa tekið til útflutnings af eigendum sláturfjár, metið eftir verði til framleiðenda, sbr. þó ákvæði 8. gr. Skal það annarsvegar reiknað fyrir dilkakjöt og hinsvegar fyrir kjöt af fullorðnu. Við kjötskipti skal útflutningsskyldan reiknuð á sama hátt.

Framleiðsluráð landbúnaðarins reiknar út og skráir útflutningskyldu eða greiðsluskyldu afurðastöðva og eigenda sláturfjár og annast uppgjör við þá og hefur jafnframt eftirlit með framkvæmd útflutningsins.

II. KAFLI
Gjöld og nýting markaða.

5. gr.

Greiða skal sérstakt gjald, sem nemur kr. 30 á kg af magni kjöts sem hverjum framleiðanda er skylt að taka þátt í útflutningi með, sbr. ákvæði 1.-3. gr. þessarar reglugerðar. Hver afurðastöð er ábyrg fyrir greiðslu gjaldsins, sem dregst frá því verði sem afurðastöð greiðir til framleiðenda en skal innheimt með sláturkostnaði sé um verktakaslátrun að ræða. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu og vörslu gjaldsins. Gjalddagi er 25. dag næsta mánaðar eftir útflutningsmánuð fyrir það kjöt sem er innlagt, en 25. dag næsta mánaðar eftir slátrun þegar um verktakaslátrun er að ræða.

6. gr.

Uppgjör á endurgreiðslu gjalds sem innheimt er samkvæmt 5. gr. fer fram þegar lokið er útflutningi/sölu á því magni kindakjöts sem er útflutningsskylt. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurgreiðir gjaldið eftir þessum reglum:

a. Á kjöt sem hefur lífræna eða vistræna vottun, ferskt kjöt og unnið kjöt ferskt eða frosið endurgreiðist gjaldið að öllu leyti án tafar. Sama á við um kjöt sem er undanþegið útflutningsskyldu skv. 7. gr. Skal miðað við hlutfall verðmæta og magns af heilum skrokki skv. meðalverði á unnum kjöthlutum og áætlunum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins gerir. Til að kjöt, sem fellur undir 2. kafla tollskrár teljist unnið, skal það vera úrbeinað eða meira unnið. Kjöt, sem unnið hefur verið í neytendaumbúðir telst hér með

svo og kjötvörur í 16. kafla tollskrár. Framleiðsluráð landbúnaðarins staðfestir verðmætamat og hvort vinnsla kjötsins gerir það endurgreiðsluhæft skv. þessum ákvæðum.

b. Á kjöt sem flutt er út óunnið skal greiða uppbót á skilaverð þannig að jafnaður verði með sama hlutfalli, sá munur sem er milli meðalverðs fyrir útflutning og verðs þess útflutnings sem nær ekki meðalverði.

c. Sé um útflutning á sundurhlutuðu kjöti að ræða skal miða við hlutfall verðmæta og magns af heilum skrokki skv. meðalheildsöluverði kjöthlutanna skv. verðtöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

d. Í stað jöfnunar milli sláturhúsa eftir markaðsmöguleikum við útflutning, getur landbúnaðarráðherra ákveðið, að fegnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins, að greiða framlag til jöfnunar á flutningskostnaði sláturfjár, sem nemur allt að kr. 0,80 á kind á km sem flutt er umfram 100 km vegalengd, sé flutt í næsta sláturhús með ESB eða USA leyfi. Ákvörðun þessi getur gilt fyrir ákveðin sláturhús eða landsvæði.

7. gr.

Landbúnaðarráðherra auglýsir fyrir 1. september 1996 að fengnum tillögum framkvæmdanefndar búvörusamninga, útflutningsgjald sem sláturleyfishöfum eða eigendum sláturfjár ber að greiða af því magni sem þeir flytja ekki út en ber að flytja út skv. 1. gr. Gjaldið skal svara til mismunar á heildsöluverði og viðmiðunarverði sem miðast við meðalverð f.o.b. við útflutning á undangegnum tólf mánuðum.

Framleiðsluráð landbúnaðarins ráðstafar þeim fjármunum sem innheimtir eru skv. þessari gr. til kaupa á kindakjöti til úflutnings. Sérstakt gjald sem innheimt er skv. 5. gr. endurgreiðist á þennan útflutning að fullu.

III. KAFLI
Skipulag útflutnings.

8. gr.

Þegar ákvörðun landbúnaðarráðherra um útflutningsskyldu skv. 1. gr. liggur fyrir skal Framleiðsluráð landbúnaðarins birta sláturleyfishöfum áætlun um útflutningsþörf kindakjöts hjá hverjum þeirra, eigi síðar en 14 dögum eftir að ákvörðun ráðherra liggur fyrir.

9. gr.

Sláturleyfishafar skulu innan 14 daga frá því að þeim berst tilkynning skv. 8. gr. gera Framleiðsluráði landbúnaðarins grein fyrir því hvernig þeir ætla að afsetja það kjöt sem er skylt að flytja út. Þær tilkynningar skulu bera með sér hvort:

a. sláturleyfishafi ætli að útflutningsverka það magn sem honum ber að flytja út og annast útflutning þess. Gera skal grein fyrir þeim mörkuðum sem ætlað er að flytja á; á hvaða markaði, í hvaða formi og á hvaða verð.

b. sláturleyfishafi hafi samið við annan sláturleyfishafa um að hann uppfylli útflutningsskyldu skv. a-lið að meira eða minna leyti. Koma skulu fram sömu atriði og undir a-lið.

c. sláturleyfishafinn eigi þess ekki kost að verka kjöt til útflutnings eða semja við annan sláturleyfishafa um að uppfylla útflutningsskyldu sína og óski eftir því að greiða gjald vegna útflutningskvaðar skv. 7. gr. að hluta eða öllu leyti.

Framleiðsluráð landbúnaðarins fer yfir tilkynningar sláturleyfishafa og gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um útflutning. Telji Framleiðsluráð nauðsynlegt að skipta útflutningi

milli sláturleyfishafa eftir mörkuðum skal það tilkynna landbúnaðarráðherra um þá skiptingu og gera tillögu um leyfisveitingar. Óheimilt er að flytja til þeirra markaða, sem um ræðir, nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðherra. Á sama hátt er þeim aðilum skylt að leita leyfis, sem ætla að njóta verðjöfnunar við útflutning skv. 6. gr.

10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 70. gr. laga nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99 8. september 1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. júlí 1996.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

23. júlí 1996 Nr. 423

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar 1980 - 2000.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Búðahrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. maí 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu aðalskipulagi Fáskrúðsfjarðar frá 17. ágúst 1981.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

Gatnamót Hlíðargötu og Skólavegar flytjast um það bil 50 m til vesturs og breytt er svæði fyrir verslun og þjónustu í íbúðasvæði. Svæði fyrir opinberar stofnanir norðan Hlíðarvegar stækkar og austasti hluti gerður að íbúðasvæði.

Hreppsnefnd Búðahrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 23. júlí 1996.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

SAMÞYKKT

fyrir reynslusveitarfélagið Hafnarfjarðarbæ.

Félagslegar íbúðir.

1. gr.

Húsnæðisnefnd skal skipuð 5 aðalfulltrúum og 5 til vara, kjörnum af bæjarstjórn. Starfstími nefndarinnar skal miðast við kjörtímabil bæjarstjórnar.

Launþegasamtökum í bænum er heimilt að tilnefna tvo áheyrnarfulltrúa og tvo til vara með málfrelsi og tillögurétt. Skal annar þeirra koma frá Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar og hinn frá fulltrúaráði verkalýðsfélaganna.

2. gr.

Þegar bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar hefur tekið ákvörðun um að byggja eða kaupa félagslegar íbúðir í samræmi við áætlanir sínar, sæki hún um framkvæmdalán til húsnæðismálastjórnar í formi rammafjárveitingar til eins árs í senn.

3. gr.

Í samræmi við 2. gr. er gerður samningur milli Hafnarfjarðarbæjar og húsnæðismálastjórnar um framkvæmdalán til eins árs. Samningurinn hljóðar upp á ákveðna fjárhæð.

4. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar ákvarðar til hvers konar félagslegra íbúða (lánaflokka) láninu er varið, þ.e. félagslegra eignaríbúða, félagslegra kaupleiguíbúða, félagslegra leiguíbúða eða almennra kaupleiguíbúða.

5. gr.

Allar umsagnir um íbúðakaup eða framkvæmdir verða unnar af Hafnarfjarðarbæ. Á framkvæmdatímanum ber Hafnarfjarðarbær ábyrgð og hefur eftirlit með framkvæmdum jafnt tæknilegum sem fjárhagslegum og sendir staðfestingu á verkstöðu hverju sinni. Um stærð og gæði íbúða fer eftir almennum reglum Húsnæðisstofnunar ríkisins.

6. gr.

Að öðru leyti gilda lög um Húsnæðisstofnun ríkisins.

7. gr.

Um þóknun til Hafnarfjarðarbæjar fyrir tæknivinnu og eftirlit, sbr. 5. gr., fer eftir samningi Hafnarfjarðarbæjar og húsnæðismálastjórnar.

8. gr.

Úttektaraðili skv. 6. gr. laga um reynslusveitarfélög fylgist með framkvæmd samþykktar þessarar og metur hvernig til hafi tekist.

9. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar hefur sett með heimild í 10. gr. laga um reynslusveitarfélög, nr. 82/1994, öðlast þegar gildi og gildir til 1. janúar 2000.

Félagsmálaráðuneytinu, 16. júlí 1996.

Páll Pétursson.

Þorgerður Benediktsdóttir.

23. júlí 1996 Nr. 425

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Skúlagötu í Reykjavík, staðgreinireitur 1.1654.

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. maí 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á staðfestu deiliskipulagi Skúlagötusvæðis frá 19. september 1985.

Breytt er byggingarreit lóðarinnar með tilfærslu húseininga.

Borgarstjórn Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 23. júlí 1996.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

23. júlí 1996 Nr. 426

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Vestmannaeyja hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 22. maí 1996 staðfest breytingu, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, á aðalskipulagi Vestmannaeyja frá 2. júlí 1990.

Breytingin er sú að hluti iðnaðarsvæðis í nágrenni flugvallar verður orlofs- og sumarbústaðasvæði.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja mun bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 23. júlí 1996.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúans í Garðabæ á byggingarleyfisumsóknum.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Garðabæ afgreiðir án samþykktar byggingarnefndar eftirtalin verkefni:

1. Teikningar sem varða sérbýlishús, þ.e.a.s. einbýlis-, par- og raðhús.
2. Teikningar sem varða viðbyggingar og minni mannvirki, er uppfylla öll ákvæði laga og reglugerða.
3. Teikningar er varða breytingar á innra skipulagi mannvirkja.
4. Umsóknir um uppsetningu girðinga.
5. Umsóknir um trjáfellingar.
6. Útgáfa framkvæmdaleyfis.
7. Viðurkenning iðnmeistara.
8. Númerabreytingar á lóðum.

2. gr.

Mál, er falla undir 1. gr., afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi strax, ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða, sem við geta átt að tveimur skilyrðum uppfylltum:

1. Að meistari, sem ábyrgð ber, hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, ásamt síðari breytingum nr. 47/1990.
2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafi verið greidd.

3. gr.

Mál, sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari, skulu lögð fram á næsta fundi í byggingarnefnd og bókuð í gerðabók nefndarinnar. Í gerðabók skal koma fram, hver málsbeiðandi er, hvert erindið er og hvaða afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa. Málin skulu send bæjarstjórn Garðabæjar til staðfestingar, án þess að það fresti afgreiðslu þeirra.

4. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði III. og IV. kafla byggingarlaga nr. 54/1978, með breytingum nr. 47/1990.

5. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa, getur hann skotið málinu til byggingarnefndar, enda hafi málið eigi þegar verið lagt fram í nefndinni. Um meðferð kærumála fer samkvæmt 7. mgr. 8. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, með síðari breytingum, og samkvæmt stjórnsýslulögum nr. 37/1993.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar, sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994 um reynslusveitarfélög staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. sömu greinar, sbr. 16. gr. laganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og gildir til og með 31. desember 1999.

Umhverfisráðuneytinu, 23. júlí 1996.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Hrafn Hallgrímsson.

23. júlí 1996 Nr. 428

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarráðs Akureyrar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

1. Geislagata: Bifreiðastöður skulu bannaðar báðum megin götu á nýjum hluta Geislagötu frá Strandgötu og að suðurhlið húss nr. 7. Þaðan og að Gránufélagsgötu verða bifreiðastöður óheimilar við austurbrún götu, óbreytt frá því sem nú er.
2. Götustubbur sunnan við Geislagötu 5: Bifreiðastöður bannaðar báðum megin götu.
3. „Hólabraut" sunnan götustubbs við Geislagötu 5 (gamla Geislagata): Á „Hólabraut" frá götustubbi sunnan Geislagötu 5 og að Ráðhústorgi skal vera einstefna með akstursstefnu til suðurs og bifreiðastöður bannaðar báðum megin götu. Umferð um götuna skal víkja fyrir umferð um Ráðhústorg/Strandgötu með biðskyldu.
4. Strandgata: Bifreiðastöður skulu bannaðar báðum megin götunnar frá gatnamótum við Geislagötu/Hofsbót og að Glerárgötu.
5. Gránufélagsgata: Bifreiðastöður skulu bannaðar báðum megin götu milli Brekkugötu og Hólabrautar.
6. Kaupvangsstræti 1, skammtímastæði: Í sérstöku bifreiðastæði úr frá Kaupvangsstræti við hús nr. 1, skal hámarksstöðutími bifreiða vera 5 mínútur.

   Innakstur að bifreiðastæðinu er aðeins leyfður úr vestri frá Kaupvangsstræti og útakstur aðeins til austurs í Kaupvangsstræti. Annar inn- og útakstur er bannaður.
7. Eyrarvegur: Tvístefnuakstur er heimilaður á Eyrarvegi milli Sólvalla og Hvannavalla.
8. Oddeyrargata - Brekkugata: Beygjubönn á gatnamótum Oddeyrargötu og Brekkugötu eru felld úr gildi.
9. Krossanesbraut: Frá 150 metra fjarlægð sunnan gatnamóta við Þverholt norður að gatnamótum við Hlíðarbraut er framúrakstur bannaður.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akureyri sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 23. júlí 1996.

Björn Jósef Arnviðarson.

AUGLÝSING

um umferð í Árskógshreppi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Árskógshrepps eru hér með settar eftirfarandi reglur:

1. Aðalbraut, Öldugata, Ægisgata og Sjávargata hafi biðskyldu gagnvart Hafnarbraut (Árskógssandsvegi).
2. Lyngholt, Ásholt, Klapparstígur og Nesvegur hafi biðskyldu gagnvart Aðalgötu (Hauganesvegi).

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Árskógshreppi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 23. júlí 1996.

Björn Jósef Arnviðarson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 56 - 1996

31. júlí 1996 1129 Nr. 430

REGLUGERÐ

um tímabundin skil á greiðslum úr fóðursjóði.

1. gr.

Frá og með 1. ágúst 1996 falla niður greiðslur úr fóðursjóði til framleiðenda eftir afurðamagni.

2. gr.

Greiða skal innflytjendum fóðurs vegna birgða 1. ágúst 1996, þannig að eftirstöðvar fóðurtolls verði sem hér segir:

1. Fyrir innflutt hráefni eða fullunnið fóður til loðdýraræktar eða fiskeldis, skal greiða andvirði þess tolls sem lagður var á innflutning að fullu hafi greiðsla ekki áður farið fram.
2. Fyrir innflutt hráefni til fóðurgerðar, annarrar en fiskeldis og loðdýraræktarfóðurs, skal greiða andvirði þess tolls sem lagður var á innflutning að frádregnum kr. 0,80 á kg innfluttrar vöru.
3. Fyrir innfluttar fóðurblöndur til annars en loðdýraræktar og fiskeldis, skal greiða andvirði þess tolls sem lagður var á innflutning að frádregnum kr. 7,80 á kg innfluttrar vöru.

3. gr.

Umsókn um greiðslur úr fóðursjóði vegna birgða fóðurs og fóðurefnis 1. ágúst 1996 hjá fóðurinnflytjendum, skal hafa að geyma upplýsingar um álagða tolla, magn hráefnis í innlendum fóðurblöndum og hversu hárrar greiðslu er óskað. Umsóknin skal studd eftirfarandi gögnum:

1. Sundurliðari skýrslu um birgðir fóðurs og hráefna til fóðurgerðar þann 1. ágúst 1996, staðfestri af til þess bærum aðilum.
2. Staðfestu ljósriti af aðflutningsskýrslu sé varan ætluð til loðdýraræktar eða fiskeldis.
3. Staðfestingu aðfangaeftirlits um að varan sé ætluð til loðdýraræktar eða fiskeldis sé um fóður til þeirra nota að ræða.
4. Yfirlýsingu umsækjanda eða notanda um að varan hafi farið til loðdýrræktar eða fiskeldis sé um fóður til þeirra nota að ræða.

B 79
Gutenberg

4. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast greiðslur úr fóðursjóði til innflytjenda. Umsóknir skulu sendar Framleiðsluráði sem metur þær og afgreiðir fullgildar umsóknir til greiðslu.

Hafi innflytjanda verið veitt heimild til útgáfu á skuldaviðurkenningu til greiðslu fóðurtolls, verði skuldajafnað með greiðslu úr fóðursjóði til lúkningar greiðslu skv. skuldaviðurkenningu áður en útborgun til hans á sér stað.

5. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins lýkur uppgjöri greiðslna og innheimtu útistandandi krafna fóðursjóðs. Að lokinni endurskoðun á þessu uppgjöri skulu eftirstöðvar í fóðursjóði þann 1. ágúst 1996 greiddar Framleiðnisjóði landbúnaðarins, að fenginni staðfestingu landbúnaðarráðherrra um þessa ráðstöfun sjóðsins.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi. Jafnframt eru felldar úr gildi reglugerð nr. 222/1987 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða nautgripa, sauðfjár og hrossa ásamt rg. nr. 496/1992 og nr. 682/1995 um breytingar á henni og reglugerð nr. 32/1990 um ráðstöfun á sérstöku fóðurgjaldi vegna afurða alifugla og svína ásamt reglugerð nr. 497/1990, nr. 288/1993, nr. 677/1994, nr. 702/1995 og nr. 191/1996 um breytingar á henni.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 431 31. júlí 1996

REGLUGERÐ

um greiðslur úr fóðursjóði.

1. gr.

Landbúnaðarráðherra greiðir innflytjendum fóðurs og hráefnis í fóður, sem fellur undir tollkafla 10, 11, 12, 17 og 23, fé úr fóðursjóði sem starfar skv. lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

2. gr.

Greiðslan skal vera mishá eftir því hvort um er að ræða hráefni til fóðurgerðar eða fóðurblöndur. Greiðsla úr fóðursjóði skal vera eftirfarandi:

1. Fyrir hráefni eða fullunnið fóður til loðdýraræktar eða fiskeldis, skal greiða að fullu andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning.

2. Fyrir hráefni til fóðurgerðar, annarrar en fiskeldis- og loðdýraræktarfóðurs, skal greiða andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning, að frádregnum kr. 0,80 á kg innfluttrar vöru.
3. Fyrir fóðurblöndur til annars en loðdýraræktar og fiskeldis, skal greiða andvirði þess tolls sem lagður var á við innflutning að frádregnum kr. 7,80 á kg innfluttrar vöru.

3. gr.

Umsókn um greiðslur úr fóðursjóði vegna tiltekins innflutnings fóðurs og fóðurefnis skal hafa að geyma upplýsingar um álagða tolla, magn og hversu hárrar greiðslu er óskað. Umsóknin skal studd eftirfarandi gögnum:

1. Staðfestu ljósriti af aðflutningsskýrslu.
2. Staðfestingu aðfangaeftirlits um að varan sé ætluð til loðdýraræktar eða fiskeldis sé um fóður til þeirra nota að ræða.
3. Yfirlýsingu umsækjanda eða notanda um að varan hafi farið til loðdýraræktar eða fiskeldis sé um fóður til þeirra nota að ræða.

4. gr.

Landbúnaðarráðuneytið/ríkisféhirðir annast greiðslur úr fóðursjóði til innflytjenda. Umsóknir skulu sendar landbúnaðarráðuneytinu sem metur þær og afgreiðir fullgildar umsóknir til greiðslu.

Hafi innflytjanda verið veitt heimild til útgáfu á skuldaviðurkenningu til tryggingar greiðslu fóðurtolls, gegn tryggingum sem landbúnaðarráðuneytið metur gildar, verði skuldajafnað með greiðslu úr fóðursjóði til lúkningar greiðslu skv. skuldaviðurkenningu áður en útborgun til hans á sér stað.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 87/1995 um breytingu á lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi 1. ágúst 1996. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr 559/1995 um greiðslur úr fóðursjóði til loðdýraræktar og fiskeldis.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 1996

Nr. 432 1132 1. ágúst 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 158/1996, um greiðslur almannatrygginga í lyfjakostnaði.

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Tryggingastofnun ríkisins tekur jafnframt þátt í lyfjakostnaði sjúkratryggðra samkvæmt reglugerð þessari þegar um er að ræða lyf sem lyfjafræðingar afhenda í neyðartilfellum sbr. 1. mgr. 11. gr. lyfjalaga nr. 93/1994.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í c. lið 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. ágúst 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

Stjórnartíðindi B 57, nr. 432. Útgáfudagur 1. ágúst 1996.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 58 - 1996

26. júlí 1996 1133 Nr. 433

GJALDSKRÁ

fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins.

1. gr.

Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra farandvinnuvéla, vinnuvéla, búvéla, lyftna, eimkatla og vatnshitunarkerfa skulu árlega greiða gjald í ríkissjóð fyrir skráningu og eftirlit með slíkum vélum og tækjum samkvæmt gjaldskrá þessari. Eigendur eða umráðamenn eftirlitsskyldra atvinnufyrirtækja skulu á sama hátt greiða fyrir ýmiss konar aukaþjónustu Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

Fyrir skráningu og reglubundnar skoðanir farandvinnuvéla, vinnuvéla, lyftna, eimkatla og annarra tækja og þjónustu sem og útgáfu skírteina sem tilgreind er í viðauka 1 með gjaldskrá þessari skal greiða gjald sem reiknað er þannig að margfaldaður er saman fjöldi gjaldeininga sem tilgreindur er í viðauka 1 og gjald fyrir hverja einingu samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 715.

Fyrir aukaskoðun sem þarf að framkvæma vegna vanbúnaðar sem kemur í ljós við reglubundna skoðun eða vanrækslu á að tilkynna um úrbætur skal greiða 75% af gjaldi reglubundinnar skoðunar.

Fari fram reglubundin skoðun á farandvinnuvélum, vinnuvélum, lyftum, eimkötlum eða öðrum tækjum utan reglulegs vinnutíma samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis greiðist 50% álag á skoðunargjald skv. 1. mgr. þessarar greinar. Sé gasmæling, þrýstiraun eða önnur hliðstæð þjónusta framkvæmd utan reglulegs vinnutíma samkvæmt ósk eiganda eða umráðamanns fyrirtækis eða skips skal hann greiða þann kostnað sem af slíku hlýst.

3. gr.

Fyrir umfangsmeiri mælingar á hávaða, titringi, mengun í andrúmslofti, lýsingu vinnurýmis eða aðrar hliðstæðar athuganir skal eigandi eða umráðandi fyrirtækis greiða þann kostnað sem af mælingum hlýst samkvæmt samkomulagi við forstjóra Vinnueftirlits ríkisins.

4. gr.

Fyrir þátttöku í námskeiðum Vinnueftirlitsins um meðferð og stjórnun vinnuvéla (frumnámskeið), um meðferð og stjórnun byggingakrana og um meðferð sprengiefna skulu þátttakendur greiða gjöld sem forstjóri Vinnueftirlitsins ákveður með hliðsjón af kostnaði við framkvæmd hvers námskeiðsflokks fyrir sig.

Gutenberg

5. gr.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu gjalda samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar. Önnur gjöld innheimtir Vinnueftirlitið og getur það krafist greiðslu áður en þjónusta er látin af hendi.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá með sama heiti nr. 181/1995 ásamt auglýsingu nr. 122, dags.15. febrúar 1996 um breytingu á þeirri sömu gjaldskrá.

Félagsmálaráðuneytinu, 26. júlí 1996.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.

VIÐAUKI I.

Yfirlit yfir gjaldskylda tækjaflokka og þjónustu, ásamt gjaldeiningum hvers flokks.

Flokkur		Tækjaheiti/Þjónusta	Gjaldeiningar
1.	AB	Byggingakranar (turnkranar) > 18 tm	15.2
2.	AH	Hafnarkranar, iðnaðarkranar > 18 tm	15.2
3.	BB	Grindarbómukranar á beltum > 18 tm	15.2
4.	BG	Grindarbómukranar á hjólum > 18 tm	15.2
5.	BH	Hleðslukranar > 18 tm	7.6
6.	BS	Vökvakranar með skotbómu > 18 tm	13.2
7.	CA	Hafnarkranar < 18 tm	6.0
9.	CB	Brúkranar	10.0
8.	CD	Hlaupakettir, talíur og vöruvindur	6.0
10.	CI	Iðnaðarkranar < 18 tm	5.0
11.	DA	Farandkranar < 18 tm	10.2
12.	DK	Körfukranar	7.6
13.	DS	Steypudælukranar	7.6
14.	EA	Gröfur á hjólum m/360° snúningi	7.0
15.	EB	Gröfur á beltum	7.0
16.	EH	Gröfur á hjólum (traktorsgröfur)	7.0
17.	EK	Gröfur á hjólum, ekki fyrir umferð	7.0
18.	FB	Beltaskóflur	7.0
19.	FH	Hjólaskóflur	7.0
20.	GB	Jarðýtur	5.0
21.	GS	Borvagnar, stærri gerð	7.0
22.	HV	Vegheflar	7.0
23.	IA	Dráttartæki á flugvöllum	4.0
24.	IB	Sópar, snjóplógar, snjóblásarar	4.0
25.	ID	Dráttarvélar með tækjabúnaði	6.0
26.	II	Sérbúnar vinnuvélar í iðjuverum	5.0

Flokkur		Tækjaheiti/Þjónusta	Gjaldeiningar
27.	IM	Gröfur, ámoksturssköflur, minni gerð	6.0
28.	IS	Snjótroðarar	6.0
29.	IT	Dráttartöggar	5.0
30.	JF	Lyftitæki fjölnotatæki < 6 tm lyftigeta	5.0
31.	JL	Lyftarar < 10 t lyftigeta	4.0
32.	JV	Lyftiverkpallar á flugvöllum	6.0
33.	KG	Lyftarar > 10 t lyftigetu	7.0
34.	KL	Lyftitæki, fjölnotatæki > 6 tm lyftigeta	7.0
35.	LS	Valtarar, sjálfkeyrandi	5.0
36.	MM	Malbikunarvélar, fræsarar, sjálfkeyrandi	4.0
37.	NB	Bílalyftur	7.6
38.	NF	Fólkslyftur	7.6
39.	NF	Fólkslyftur - Úttekt á uppsetningu	11.6
40.	NG	Fólks- og vörulyftur	7.6
41.	NG	Fólks- og vörulyftur - Úttekt á uppsetningu	11.6
42.	NH	Hjólastólalyftur	4.6
43.	NM	Þjónustulyftur, burðargeta < 100 kg	4.6
44.	NR	Rúllustigar	6.6
45.	NV	Vörulyftur	6.6
46.	NV	Vörulyftur, úttekt eftir uppsetningu	10.6
47.	NL	Lyftur sérstakrar gerðar	7.6
48.	OB	Togbrautir fyrir skíðafólk	9.7
49.	OS	Stólalyftur	33.4
50.	OT	Toglyftur	14.7
51.	PH	Hleðslukranar < 18 tm	4.5
52.	RB	Borvagnar, minni gerð	5.0
53.	RM	Jarðborar, minni gerð	5.0
54.	RS	Jarðborar, stærri gerð	15.2
55.	SA	Valtarar, sópar, plógar, blásarar o.fl. dregin tæki	2.5
56.	SB	Lyfti- og vökvabúnaður ökutækja	6.0
57.	SD	Flutningatæki	4.5
58.	SE	Vélar tengdar ökutæki, minni gerð	2.0
59.	SF	Brjótar	3.0
60.	SH	Hörpur	3.0
61.	SI	Stórar hringekjur, stærri tæki	13.5
62.	SJ	Litlar hringekjur, minni tæki	7.5
63.	SK	Leiktæki, minni gerð	3.0
64.	SL	Leiktæki, minnsta gerð	1.5
65.	VA	Gámarammar	4.0
66.	VB	Lyftiverkpallar < 150 kg lyftigeta	2.0
67.	VD	Brettaskápar, herðatré	3.0
68.	VH	Körfur til að hífa fólk og lyfta fólki	2.5
69.	VL	Lyftiverkpallar > 150 kg lyftigeta og byggingalyftur	8.6
70.	VP	Hengiverkpallar	8.6
71.	ZA	Eimkatlar 1, stórskoðun	8.5
72.	ZA	Eimkatlar 1, ársskoðun	4.5
73.	ZB	Eimkatlar 2, stórskoðun	12.0
74.	ZB	Eimkatlar 2, ársskoðun	5.5

Flokkur		Tækjaheiti/Þjónusta	Gjaldeiningar
75.	ZD	Eimkatlar 3, stórskoðun	20.0
76.	ZD	Eimkatlar 3, ársskoðun	13.0
77.	ZE	Eimkatlar 4, stórskoðun	32.5
78.	ZE	Eimkatlar 4, ársskoðun	21.5
79.	ZF	Vatnshitunarkerfi	3.2
80.	ZG	Neysluvatnshylki	1.1
81.		Gasmæling, 1. geymir	4.0
82.		Gasmæling, hver geymir umfram fyrsta	1.5
83.		Vottun á þrýstiraun	4.0
84.		Átaksprófanir 0-2999 kg	2.7
85.		Átaksprófanir 3000-10000 kg	3.6
86.		Átaksprófanir yfir 10000 kg	5.3
87.		Verklegt próf á vinnuvél	2.5
88.		Verklegt próf í notkun sprengiefna	8.0
89.		Útgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla	2.4
90.		Endurútgáfa skírteina til stjórnunar farandvinnuvéla og færslu nýrra réttinda	1.2
91.		Skráning vinnuvélar	2.7
92.		Eigendaskipti vinnuvéla	1.6
93.		Útgáfa ADR - bráðabirgðavottorð um starfsþjálfun	4.0

Nr. 434 27. júlí 1996

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 616/1995 um öryggisbúnað krana og lyftibúnaðar.

Við 9. gr., Ýmis ákvæði, bætist 4. töluliður sem orðist svo:

4. Kranar sem reglugerð þessi gildir um skulu vera þannig búnir eða frá þeim gengið að óviðkomandi geti ekki gangsett þá.

Við 11. gr., Ákvæði til bráðabirgða, bætist nýr liður sem orðist svo:

Vinnueftirlit ríkisins getur í einstökum tilfellum veitt lengri frest en kveðið er á um í reglum þessum til að koma fyrir tilskyldum öryggisbúnaði í krönum. Skilyrði fyrir fresti er að eigandi eða umráðamaður viðkomandi krana sendi Vinnueftirliti ríkisins umsókn um frest ásamt staðfestingu á pöntun öryggisbúnaðar og tímasetta áætlun um ísetningu hans. Ekki er heimilt að veita lengri frest en til 31. desember 1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 27. júlí 1996.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Gylfi Kristinsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 59 – 1996

7. ágúst 1996 1137 Nr. 435

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 548, 17. október 1995, um þorskfisknet.

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar er heimilt að leggja þorskfisknet með 5 ½ þumlunga riðli (139,7 mm) fyrir Suður- og Suðvesturlandi milli lína, sem dregnar eru réttvísandi suður frá Stokksnesi og réttvísandi vestur frá Malarrifsvita.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 15. ágúst 1996.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

13. ágúst 1996 Nr. 436

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 406, 20. júlí 1995, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1995/1996.

1. gr.

Síðasti ml. 3. mgr. 3. gr. orðist svo: Veiðitímabil humars er frá og með 16. maí til og með 31. ágúst 1996.

2. gr.

1. mgr. 21. gr., sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 624/1995 orðist svo:

Útgerðum skipa með fullvinnsluleyfi er skylt að lokinni veiðiferð að skila sérstakri skýrslu um afla til Fiskistofu á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til.

Gutenberg

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. ágúst 1996.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Jón B. Jónasson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 60 - 1996

30. júlí 1996 1139 Nr. 437

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla.

1. gr.

Aðalnámskrá grunnskóla frá 28. apríl 1989 er í gildi þar til öðruvísi verður ákveðið, sjá þó 2. gr. auglýsingar þessarar.

2. gr.

Með auglýsingu þessari öðlast eftirfarandi viðbætur við aðalnámskrá grunnskóla gildi:

a. Kjarnagreinar í grunnskóla skólaárið 1996-97 skulu vera íslenska og stærðfræði.

b. Vikulegur kennslutími nemenda skal að lágmarki vera sem hér segir (miðað er við 40 mínútna kennslustundir):

	1. b.	2. b.	3. b.	4. b.	5. b.	6. b.	7. b.	8. b.	9. b.	10. b.	Samtals
1996-97	27	27	27	27	30	32	34	35	35	35	309
1997-98	28	28	28	28	31	32	34	35	35	35	314
1998-99	29	29	29	29	32	32	34	35	35	35	319
1999-00	30	30	30	30	32	32	35	35	35	35	324
2000-01	30	30	30	30	33	33	35	36	36	36	329
2001-02	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37	336

c. Kennsludagar skulu ekki vera færri en 170 á hverju skólaári. Heildarstundafjöldi nemenda á skólaári er því sem hér segir:

	1996-97	1997-98	1998-99	1999-2000	2000-01	2001-02
1. bekkur	918	952	986	1020	1020	1020
2. bekkur	918	952	986	1020	1020	1020
3. bekkur	918	952	986	1020	1020	1020
4. bekkur	918	952	986	1020	1020	1020
5. bekkur	1020	1054	1088	1088	1122	1190
6. bekkur	1088	1088	1088	1088	1122	1190
7. bekkur	1156	1156	1156	1190	1190	1190
8. bekkur	1190	1190	1190	1190	1224	1258
9. bekkur	1190	1190	1190	1190	1224	1258
10. bekkur	1190	1190	1190	1190	1224	1258

d. Skipting kennslutíma á námsgreinar og námsár skal vera sem næst því sem tilgreint er í eftirfarandi töflu:

Gutenberg

BEKKUR	1.	2.	3.	1.-3. b. samt.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	1.-10. b. samt.	
ÍSLENSKA	x	x	x		6	6	6	6	5	5	5		
STÆRÐFRÆÐI	x	x	x		4	4	4	4	4	4	5		
				30								98	38,4%
MYND- OG HANDMENNT	x	x	x		4	4	4	4	4	4			
HEIMILISFRÆÐI	x	x	x		1	1	1	2	2	2			
TÓNMENNT	x	x	x		1	1	1	1	1	1			
				15								54	21,2%
SAMFÉLAGSFRÆÐI	x	x	x			3	3	3	2	2	(2)		
KRISTIN FRÆÐI	x	x	x		4	1	1	1	1	1			
NÁTTÚRUFRÆÐI	x	x	x			2	2	2	3	3	(2)		
DANSKA							2	2	3	3	4		
ENSKA								2	3	3	4		
				9								73	28,6%
ÍÞRÓTTIR	x	x	x		3	3	3	3	3	3	3		
				9								30	11,8%
BUNDNAR STUNDIR SAMTALS	21	21	21		23	25	27	30	31	31	25	255	82,5%
TIL RÁÐSTÖFUNAR SKÓLA	6	6	6		4	5	5	4	4	4	10	54	17,5%
LÁGMARKS NEMENDASTUNDIR	27	27	27		27	30	32	34	35	35	35	309	

Skýringar við töflu:

Í 1. - 3. bekk er sýndur æskilegur stundafjöldi að meðaltali á viku í greinaflokkum. Krossar sýna að kenna skal umræddar greinar á hverju námsári. Innbyrðis hlutföll milli námsgreina í þessum bekkjum er ákvörðunarefni hvers skóla. Mælt er með því að beitt sé sveigjanlegum kennsluháttum og skólastarfið sé skipulagt þannig að möguleikar samkennslu og samþættingar nýtist sem best.

Hlutfall greinaflokka er reiknað út frá bundnum stundum samtals og miðað er við 40 mín. kennslustundir. Stundir sem tilgreindar eru á tiltekinn bekk í einstökum námsgreinum eru lágmarks viðmiðunarstundir. Lágmark nemendastunda er sá vikulegi kennslustundafjöldi sem hver nemandi á rétt á.

Áherslur í skólastarfi geta breyst frá einu ári til annars. Sé ekki haldið uppi þeirri lágmarkskennslu sem bundnar stundir segja til um í tiltekinni grein eða greinasviði eitt árið þarf að auka hana síðar. Enda þótt bundnum stundum sé dreift á námsár, er það gert til viðmiðunar. Ekki þarf að fylgja þeirri skiptingu út í æsar fyrir hvert námsár heldur er ætlast til að áherslur í grunnskólanáminu í heild eða áföngum þess séu sem næst því sem hér er tilgreint. Suma námsþætti má t.d. kenna í námskeiðsformi eða skipuleggja tveggja til þriggja ára nám í tiltekinni námsgrein á þann hátt að meginþunginn komi á eitt ár.

Stundir til sundkennslu eru meðtaldar í stundum til íþrótta.

3. gr.

Auglýsing þessi um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla er birt með vísan til 30. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla nr. 242/1989 svo og auglýsing um fjölda kennslustunda í 1.-10. bekk grunnskóla og skiptingu þeirra milli námsgreina (viðmiðunarstundaskrá) nr. 439/1995.

Menntamálaráðuneytinu, 30. júlí 1996.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

2. ágúst 1996 Nr. 438

REGLUGERÐ

um veiðieftirlitsgjald.

1. gr.

Á fiskveiðiárinu er hefst 1. september 1996 og lýkur 31. ágúst 1997 skulu útgerðir fiskiskipa greiða sérstakt gjald - veiðieftirlitsgjald - fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 með síðari breytingum, skal greiða fast gjald, 12.930 kr.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 139 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 2.300 kr.

Aflamarksskip sem stunduðu línuveiðar fiskveiðiárið 1995/1996 skulu greiða veiðieftirlitsgjald vegna þess helming landaðs afla viðkomandi skips í janúar og febrúar 1996 sem ekki taldist til aflamarks eins og aflinn er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 1. mgr. þessarar greinar og gilda ákvæði þeirrar mgr. um gjald þetta eftir því sem við getur átt.

Innheimta skal sérstakt gjald vegna afla krókabáta er veiðar stunda með línu og handfærum með þorskaflahámarki eða dagatakmörkunum. Skal gjaldið vera jafnhátt gjaldi vegna tilkynningar um aflamark skv. 1. mgr. þessarar greinar og gilda ákvæði þeirrar mgr. um gjald þetta eftir því sem við getur átt. Við útreikning á gjaldinu skal miða við landaðan afla viðkomandi krókabáts af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðiárið 1995/1996 eins og afli bátsins er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu á 6 mánaða tímabili frá 1. febrúar til 31. júlí 1996.

4. gr.

Fyrir leyfi til að veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald, 12.930 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.00, ufsi 0.60, karfi 0.80, grálúða 2.40, skarkoli 1.20, steinbítur 0.70, langlúra 1.50, rækja 1.00, humar (slitinn) 9.80, hörpudiskur 0.40, síld 0.10, loðna 0.07.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við útgáfu veiðileyfa eða afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þótt veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. ágúst 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 439 2. ágúst 1996

REGLUGERÐ

um greiðslu gjalds skv. 6. gr. l. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum fiskveiðiárið 1996/1997.

1. gr.

Útgerðir fiskiskipa er hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1996 skv. lögum um stjórn fiskveiða skulu greiða gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

Fiskiskip er fá úthlutað aflamarki 1. september 1996 skulu greiða gjald er nemur 1090 krónum -Eittþúsundogníutíu 00/100 krónur- á hverja úthlutaða þorskígildislest miðað við verðmætastuðla skv. 3. gr. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum þann 1. september 1996, 1. janúar 1997 og 1. maí 1997. Fiskiskip er fær úthlutað aflamarki á öðrum tíma innan fiskveiðiársins skal greiða jafnhátt gjald vegna þess aflamarks. Fari úthlutun fram á fyrsta ársþriðjungi fellur 1/3 hluti gjaldsins í gjalddaga við úthlutun en eftirstöðvar skulu skiptast jafnt á tvo seinni gjalddaga eins og þeir eru tilgreindir í 2. málslið þessarar greinar. Fari úthlutun fram á öðrum ársþriðjungi falla 2/3 hlutar gjaldsins í gjalddaga við úthlutun en eftirstöðvar skulu greiðast 1. maí 1997. Fari úthlutun fram á þriðja ársþriðjungi fellur allt gjaldið í gjalddaga við úthlutun.

Fiskiskip er stunda veiðar með línu og handfærum með þorskaflahámarki eða dagatakmörkunum skulu greiða 1090 kr. á hverja landaða þorskígildislest, miðað við verðmætastuðla skv. 3. gr., af þeim fisktegundum sem voru í aflamarki fiskveiðiárið 1995/1996 og viðkomandi bátur landaði á tímabilinu 1. ágúst 1995 til 31. júlí 1996 eins og aflinn er skráður í aflaupplýsingakerfi Fiskistofu. Gjaldið fellur í gjalddaga með þremur jöfnum greiðslum 1. september 1996, 1. janúar 1997 og 1. maí 1997.

2. gr.

Hafi greiðsla fyrir gjald skv. 1. gr. ekki borist innan mánaðar frá gjalddaga á þann bankareikning sem tilgreindur er á reikningi skv. 4. gr. fellur veiðileyfi viðkomandi fiskiskips niður án frekari viðvörunar. Hæstu lögleyfðir dráttarvextir reiknast á vanskil frá gjalddaga ef ekki er greitt innan mánaðar frá gjalddaga.

3. gr.

Við útreikning þorskígilda við álagningu gjalds skv. 1. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.00, ufsi 0.60, karfi 0.80, grálúða 2.40, skarkoli 1.20, steinbítur 0.70, langlúra 1.50, loðna 0.07, síld 0.10, humar (slitinn) 9.80, rækja 1.00 og hörpudiskur 0.40.

4. gr.

Fiskistofa annast innheimtu gjaldsins og sendir útgerð fiskiskips reikning vegna gjalds þessa. Á reikningi skal koma fram að um sé að ræða innheimtu á gjaldi skv. l. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem renni til Þróunarsjóðsins. Ennfremur skal koma fram úthlutað aflamark eða viðmiðunarafli viðkomandi fiskiskips, gjald á þorskígildislest, heildarfjárhæð gjaldsins, gjalddagar gjaldsins og aðrir greiðsluskilmálar ásamt númeri bankareiknings sem greiða ber inn á. Gjaldið er ekki endurkræft enda þótt úthlutað aflamark verði ekki nýtt. Útgerð fiskiskips er gjaldskyld vegna úthlutaðs aflamarks þótt aflamark verði framselt á annað fiskiskip.

5. gr.

Fiskistofa skal halda fjárreiðum vegna innheimtu þessarar aðgreindum frá bókhaldi sínu og skal standa Þróunarsjóði sjávarútvegsins skil á innheimtu gjaldsins eins fljótt og auðið er, þó ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Þróunarsjóður sjávarútvegsins skal greiða Fiskistofu samkvæmt reikningi kostnað vegna innheimtu þeirrar sem Fiskistofa annast skv. reglugerð þessari.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins með síðari breytingum og öðlast þegar gildi .

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. ágúst 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Eyjafjarðarsveit.

Hundahald.

1. gr.

Hundahald í Eyjafjarðarsveit sætir eftirtöldum takmörkunum:

a) Skylt er að skrá alla hunda í Eyjafjarðarsveit, þar með talda hunda á lögbýlum, á skrifstofu sveitarfélagsins.

b) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa í þéttbýlinu við Hrafnagil og Kristnes, nema minkahunda og sporhunda, þegar þeir eru í störfum í gæslu eigenda eða umráðamanna. Hundahald er óheimilt í íbúðarhúsnæði í eigu sveitarfélagsins, nema með sérstöku leyfi sveitarstjóra.
Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús, leikskóla, heilbrigðisstofnanir og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð, og/eða geymsla matvæla á sér stað.

c) Hundeigendur skulu sjá svo um að hundar valdi ekki hættu eða verði mönnum til óþæginda.
Skilyrði fyrir hundahaldi í sambýlishúsum er að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds.

d) Til að standa straum af kostnaði er leiðir af skráningu, hreinsun og eftirliti með hundum í sveitarfélaginu, skal hver hundeigandi greiða árlegt gjald fyrir hvern einstakan hund til sveitarsjóðs. Gjaldið skal greiða við hreinsun hundsins.
Upphæð gjaldsins skal ákveðin í gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir.
Fyrir hunda, sem blindir menn og sjónskertir þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, skal ekkert gjald greiða.

e) Sé hundeigandi undir 18 ára aldri verður honum eigi veitt leyfi til hundahalds nema forráðandi ábyrgist allar skyldur hans, samkvæmt samþykkt þessari, og áriti sérstaka yfirlýsingu þess efnis.

2. gr.

Fyrir minni háttar brot á samþykkt þessari skal hundeigandi sæta skriflegri áminningu og greiða allan kostnað er leiðir af brotinu. Ef um ítrekað brot er að ræða, eða meiri háttar brot hefur hundeigandi fyrirgert rétti sínum til að halda hund í Eyjafjarðarsveit. Skal hundaeigandi gjalda allan kostnað vegna brotsins og afhenda hund sinn til lögreglu sem ákveður hvað gert skuli við hundinn.

3. gr.

Heilbrigðisnefnd, eða aðili á hennar vegum, lögreglustjóri (hreppstjóri) og sveitarstjórn hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Eyjafjarðar. Kærur vegna meintra brota, á samþykkt þessari, skulu berast þessum aðilum.

4. gr.

Allir flækingshundar sem ekki eru í fylgd með eiganda eða umráðamanni, skulu teknir úr umferð. Á það jafnt við um hunda sem skráðir eru í Eyjafjarðarsveit sem og aðkomuhunda. Gefi eigandi sig ekki fram og/eða vitji hundsins innan 7 daga hefur lögreglan heimild til að lóga hundinum í samræmi við ákvæði laga nr. 15/1994 um dýravernd á kostnað hundeiganda.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur skal fjarlægja og er heimilt að lóga þeim þegar í stað.

Kattahald.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt í samráði við heilbrigðisnefnd að takmarka kattahald, ef þess er talin brýn þörf að mati heilbrigðisnefndar, heilsugæslulæknis eða viðkomandi héraðsdýralæknis. Þannig getur sveitarstjórn t.d. takmarkað fjölda fullorðinna katta á heimili við ákveðna hámarkstölu, ef ástæða þykir til.

Annað.

6. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

7. gr.

Samþykkt þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 31. júlí 1996.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

31. júlí 1996 Nr. 441

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Eyjafjarðarsveit.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Eyjafjarðarsveit, sbr. staflið d, 1. gr. samþykktar frá 31. júlí 1996 um hunda- og kattahald í Eyjafjarðarsveit, skal vera kr. 2000 á ári.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar staðfestist hér með samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 31. júlí 1996.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REIKNINGUR

Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1995.

Rekstrarreikningur árið 1995.

Tekjur:

	Kr.
Ríkisframlag	2.197.000.000
Tekjur alls	2.197.000.000

Gjöld:

Bundin framlög	661.040.346
Sérstök framlög	649.751.658
Jöfnunarframlög	850.953.381
Húsaleigubætur	129.255.545
Framlög samtals	2.291.000.930
Rekstrarkostnaður:	
Laun og launatengd gjöld	4.412.502
Önnur rekstrargjöld	4.710.495
Rekstrarkostnaður samtals	9.122.997
Gjöld alls	2.300.123.927
Tekjur umfram gjöld án fjármunatekna	(103.123.927)

Fjármunatekjur/(Fjármunagjöld):

Vaxtatekjur	28.585.015
Vaxtagjöld	(24.157)
Fjármunatekjur og (fjármunagjöld) alls	28.560.858
Rekstrarafkoma	(74.563.069)

Efnahagsreikningur 31. desember 1995.

Eignir:

Veltufjármunir:	Kr.
Bankareikningur	4.549.591
Áfallnar ógjaldf. vaxtatekjur	9.000.106
Óendurgreiddur virðisaukaskattur	319.503
Veltufjármunir alls	13.869.200
Eignir alls	13.869.200

Skuldir og eigið fé:

Skammtímaskuldir:	
Yfirdráttarheimild í L.Í.	38.000.000
Ógreiddir vextir v/yfirdráttar	20.583
Viðskiptaskuldir	142.212.349
Skammtímaskuldir samtals	180.232.932

Eiginfjárreikningur:	
Eigið fé 1. janúar	(91.800.663)
Rekstrarafkoma ársins	(74.563.069)
Eiginfjárreikningur samtals	(166.393.732)
Skuldir og eigið fé alls	13.869.200

Sjóðstreymi

Framlag rekstrar:

	Kr.
Rekstrarafkoma ársins	(74.563.069)
	(74.563.069)
Breyting liða innan hreins veltufjár:	
(Aukning) minnkun viðskiptakrafna	(9.000.106)
(Aukning) minnkun fyrirframgreiddra skatta	172.639
Aukning (minnkun) viðskiptaskulda	80.788.969
Breytingar á veltufjárreikningi	71.961.502
Lækkun á handbæru fé	(2.601.567)
Handbært fé í ársbyrjun	7.151.158
Handbært fé í árslok	4.549.591

Áritun ríkisendurskoðunar

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1995. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-11. Ársreikningurinn er á ábyrgð yfirstjórnar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og lagður fram í samræmi við lög og starfsskyldur þeirra. Ábyrgð okkar felst í því að láta í ljós álit á ársreikningnum og byggja það á endurskoðun okkkar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Við teljum að við endurskoðunina hafi fengist nægjanlega traustar upplýsingar til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1995, efnahag 31. desember 1995 og breytingum á handbæru fé, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju.

Ríkisendurskoðun, 25. júní 1996.

Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi.
Sveinn Arason skrifstofustjóri.

Staðfesting ársreiknings

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1995 með áritun sinni.

Reykjavík, 25. júní 1996.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra.
Húnbogi Þorsteinsson formaður ráðgjafarnefndar.

Nr. 443 30. júlí 1996

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Norðurár.

1. Félagið heitir Veiðifélag Norðurár í Borgarfirði. Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður á heima hverju sinni.

2. Félagið er stofnað í þeim tilgangi að gera sem arðbærasta laxveiði í Norðurá. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að selja ána á leigu til stangveiði, en koma í veg fyrir allar aðrar aðferðir við veiði í henni, nema að svo miklu leyti sem nauðsyn þykir að nota við veiði til þess að ná í klaklax. Þó skal silungsveiði heimil veiðieigendum neðan Stóru-Grafarveiða utan samningstíma leigutaka eftir ákvörðun stjórnar félagsins og veiðimálastjóra.

3. Félagssvæðið er fiskihverfi Norðurár, frá sýslumörkum á Holtavörðuheiði til óss þar sem hún fellur í Hvítá, að Gljúfurá undanskilinni.

4. Félagsmenn eru ábúendur eða eigendur allra jarða, svo og eigendur eyðijarða, ennfremur formaður Upprekstrarfélags Þverárréttar, sem veiðirétt á í Norðurá. Þessar jarðir eiga lönd að félagssvæðinu: Ferjukot, Ferjubakki I, Ferjubakki II, Ferjubakki III, Sólheimatunga, Svignaskarð, Haugar, Munaðarnes, Stóra-Gröf, Grafarkot, Litla-Skarð, Laxfoss, Hreðavatn, Brekka, Hraunsnef, Desey, Hvassafell, Dalsmynni, Klettstía, Hreimsstaðir, Dýrastaðir, Hvammur, Sanddalstunga, Fornihvammur, Afréttarland, Sveinatunga, Krókur, Hárekssstaðir, Hóll, Hafþórsstaðir, Skarðshamrar, Glitstaðir, Svartagil, Veiðilækur, Einifell, Arnarholt, Hlöðutún, Stafholt, Svarfhóll, Melkot og Flóðatangi.

5. Félagsstjórnin hefur heimild til að leigja einstökum mönnum eða félögum alla ána eða hluta af henni um tiltekið árabil, þó aldrei fyrir lengri tíma í einu en 5 ár. Í slíkum samningi skal jafnan tekið fram með hve mörgum stöngum megi veiða samtímis á hinu leigða veiðisvæði og önnur skilyrði fyrir veiðinni. Leigusamningur skal háður samþykki félagsfundar.

6. Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður og 4 meðstjórnendur. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin skal kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn, en þeir sem í henni sitja ganga úr stjórn tveir á fyrsta og öðru ári en einn á þriðja ári. Tveir varamenn í stjórn, tveir skoðunarmenn félagsreikninga og einn til vara skulu kosnir til eins árs í senn.

7. Aðalfundur félagsins skal haldinn eigi síðar en 15. júní ár hvert. Aðalfund skal boða bréflega eigi síðar en viku fyrir fundardag. Á aðalfundi skal leggja fram skrá um atkvæðisbæra félagsmenn. Nú er ráðgert að breyta samþykktum eða arðskrá og skal þess þá getið í fundarboði. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta árs til samþykktar. Þar leggur hún fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Hann kveður og á um laun stjórnar og annarra starfsmanna félagsins. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 félagsmanna.

8. Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórn félagsins skal halda gerðabók um það sem fram fer á fundum félagsins og stjórnarfundum. Í hana skal skrá samþykktir félagsins og félagaskrá á hverjum tíma. Stjórn félagsins skal sjá um að bókhald félagsins sé fært samkvæmt lögum og að meðferð eigna þess og fjármuna sé með tryggilegum hætti.

9. Stjórnin hefur á hendi umsjón með öllum framkvæmdum félagsins milli aðalfunda. Hún hefur og eftirlit með því að samþykktum félagsins og ákvörðunum félagsfunda sé hlýtt og má ráða mann sér til aðstoðar til þess að hafa eftirlit með veiðinni o.fl.

10. Arð af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefur samþykkt. Um gildistíma og endurskoðun fer eins og segir í lögum um lax- og silungsveiði. Kostnað af starfsemi félagsins skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli, sem þeir taka arð.

11. Brot á samþykkt þessari varðar sektum skv. XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 52. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

6. ágúst 1996 Nr. 444

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 690/1994 um snyrtivörur.

1. gr.

17. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum og 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr. og lög nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Einnig voru höfð til hliðsjónar þau af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í II. viðauka XVI. kafla 1. tl., tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur, ásamt breytingum í tilskipunum 79/661/EBE, 82/147/EBE, 82/368/EBE, 83/191/EBE, 83/341/EBE, 83/496/EBE, 83/574/EBE, 84/415/EBE, 85/391/EBE, 86/179/EBE, 86/199/EBE, 87/137/EBE, 88/233/EBE, 88/667/EBE, 89/174/EBE, 89/679/EBE, 90/121/EBE, 91/184/EBE, 92/8/EBE, 92/86/EBE, 93/35/EBE, 93/47/EBE, 94/32/EBE og 95/35/EBE, svo og tilskipun nr. 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE, 93/73/EBE og 95/32/EBE.

2. gr.

Viðauki 7 verði svohljóðandi:

Viðauki 7
Greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara.

Við eftirlit með samsetningu snyrtivara skulu notaðar aðferðir sem birtar eru í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 80/1335/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi nauðsynlegar greiningaraðferðir til eftirlits með samsetningu snyrtivara, ásamt breytingum í tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE, 85/490/EBE, 93/73/EBE og 95/32/EBE.

Reglugerðin, ásamt viðaukum 1 - 7, verður gefin út í sérstakri handbók sem hægt verður að fá hjá Hollustuvernd ríkisins.

Tilskipun 76/768/EBE ásamt breytingum og viðbótum í tilskipunum 79/661/EBE, 82/147/EBE, 82/368/EBE, 83/191/EBE, 83/341/EBE, 83/496/EBE, 83/574/EBE, 84/415/EBE, 85/391/EBE, 86/179/EBE, 86/199/EBE, 87/137/EBE, 88/233/EBE, 88/667/EBE, 89/174/EBE, 89/679/EBE, 90/121/EBE og 91/184/EBE eru birtar, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, í sérriti; EES-gerðir, S-19, II. viðauki: Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun, XVI. Snyrtivörur, bls. 1-121. Breytingar og viðbætur í tilskipunum 92/8/EBE, 92/86/EBE, 93/35/EBE og 93/47/EBE eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: bók 3, bls. 485-500. Breytingar og viðbætur í tilskipun 94/32/EBE eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB nr. 57, frá 31. desember 1994, bls. 109. Breytingar og viðbætur í tilskipun 95/34/EBE hafa enn ekki verið birtar í EES-viðbæti við stjórnartíðindi EB en eru birtar í „Official Journal of the European Communities", nr. L 167, frá 18. júlí 1995, bls. 19.

Tilskipun 80/1335/EBE ásamt breytingum og viðbótum í tilskipunum 87/143/EBE, 82/434/EBE, 90/207/EBE, 83/514/EBE og 85/490/EBE eru birtar, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, í sérriti; EES-gerðir, S-19, II. viðauki: Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun, XVI. Snyrtivörur, bls. 122-234. Breytingar og viðbætur í tilskipun 93/73/EBE eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: bók 3, bls. 501-520. Breytingar og viðbætur í tilskipun 95/32/EBE hafa enn ekki verið birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB en eru birtar í „Official Journal of the European Communities", nr. L 178, frá 28. júlí 1995, bls. 20.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum og 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg

efni, sbr. og lög nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinberra markaðsgæslu til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 6. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

6. ágúst 1996 Nr. 445

REGLUGERÐ

um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu, lökkum og viðarvörn.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett til þess að takmarka notkun tiltekinna efna og efnasambanda sem geta verið hættuleg heilsu manna og/eða umhverfinu.

2. gr.

Óheimilt er að flytja inn, selja eða nota málningavörur eða lökk sem innihalda eftirtalin efni, sbr. þó ákvæði 5. gr.:

Blýkarbónöt;

- $PbCO_3$ CAS-nr.[1] 598-63-0
- $2\ PbCO_3Pb(OH)_2$ CAS-nr. 1319-46-6

Blýsúlföt;

- $PbSO_4$ CAS-nr. 7446-14-2
- Pb_xSO_4 CAS-nr. 15739-80-7

Kadmíum og efnasambönd þess.

- Ef málning inniheldur mikið sink skal styrkur kadmíumleyfa vera eins lítill og kostur er og ekki undir neinum kringumstæðum meiri en 0,1% miðað við þyngd.

3. gr.

Óheimilt er að nota eftirtalin efni í efnablöndur sem ætlaðar eru til notkunar sem viðarvörn, sbr. þó ákvæði 6. gr.;

- kvikasilfurssambönd
- arsensambönd

4. gr.

Óheimilt er að nota við, sem meðhöndlaður hefur verið með pentaklórfenóli, inni í byggingum hvort sem um er að ræða íbúðarhús, sumarhús eða vinnustað. Slíkan við er einnig óheimilt að nota í ílát sem ætluð eru til ræktunar eða við framleiðslu á umbúðum, sem geta komist í snertingu við afurðir eða vörur sem ætlaðar eru til neyslu manna eða dýra.

5. gr.

Umhverfisráðherra er heimilt að veita undanþágu frá ákvörðun 2. gr. varðandi málningu sem inniheldur blýkarbónöt eða blýsúlföt. Undanþága skal vera í samræmi við samþykkt alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) nr. 13., um notkun hvíts blýs og blýsúlfata í málningu, ef slíkt er talið nauðsynlegt vegna endurbyggingar og viðhalds á listmunum.

[1] CAS nr.: Chemical Abstract Service - Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.

6. gr.

Bann við notkun arsensambanda í viðarvörn tekur ekki til notkunnar ólífrænna saltlausna (kopar-króm-arsen) í iðnfyrirtækjum sem búin eru sérstökum tækjabúnaði þar sem notaður er þrýstingur eða lofttæmi til að gegndreypa viðinn.

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglum þessum, fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og í samræmi við 4. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipunum 89/677/EBE, 91/173/EBE og 91/338/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 6. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 446 23. júlí 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um söfnun, endurvinnslu og skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvöru nr. 282/1994, sbr. reglugerð nr. 214/1995.

1. gr.

Við 1. gr. bætist nýr málsliður sem orðist svo:

Skilagjald á drykkjarvörur í einnota stálumbúðum skal nema 8 krónum á hverja umbúðaeiningu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 52/1989 um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 23. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um notkun og bann við notkun kadmíums og efnasambanda þess.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett til þess að takmarka notkun tiltekinna efna og efnasambanda sem geta verið hættuleg heilsu manna og/eða umhverfinu.

2. gr.

Óheimilt er að nota kadmíum og efnasambönd þess til litunar á fullunnum vörum sem framleiddar eru úr eftirtöldum efnasamböndum;

- pólývinýlklóríði (PVC)
- pólýúretani (PUR)
- pólýetýleni með lítilli þéttni (ld PE)
- sellulósaasetati (CA)
- sellulósaasetatbútýrati (CAB)
- epoxý resíni
- melamínformaldehýð (MF) resíni
- úreaformaldehýð (UF) resíni
- ómettuðu pólýester (UP)
- pólýetýlentertalati (PET)
- pólýbútýlentertalati (PBT)
- gagnsæju pólýstýreni
- akrýlnítrílmetýlmetakrýlati (AMMA)
- víxltengdu pólýetýleni (VPE)
- efnisþéttu pólýstýreni
- pólýprópýleni (PP)

3. gr.

Óheimilt er að nota kadmíum eða kadmíumefnasambönd sem bindiefni í eftirtaldar vörur sem framleiddar eru úr vinýlklóríðfjölliðum;

- umbúðarefni (pokar, töskur, ílát, flöskur, lok)
- hluti til nota á skrifstofum eða í skólum
- aukabúnað fyrir húsgögn, vagnasmíði eða sambærilegt
- fatnað og fylgihluti með fatnaði
- gólfdúka og veggfóður
- gegndreypt, húðuð eða lagskipt textílefni,
- leðurlíki
- hljómplötur
- rör, pípur og tengi
- vængjahurðir
- farartæki til flutninga á vegum (að innan, að utan, vagngrind)
- í húðun á stálplötum sem notaðar eru í byggingavinnu og í iðnaði
- í einangrun fyrir rafmagnsvíra

4. gr.

Óheimilt er að flytja inn eða selja vörur eða vöruhluta úr efnasamböndum sem falla undir ákvæði 2. og 3. gr. ef kadmíummagn í vöru eða hluta af vöru er meira en 0,01% miðað við þyngd.

5. gr.

Umhverfisráðherra getur heimilað undanþágu frá ákvæðum 2., 3. og 4. gr. ef nauðsynlegt er að nota kadmíum sem litarefni eða bindiefni af öryggisástæðum.

6. gr.

Óheimilt er að nota kadmíum eða kadmíumsambönd til að húða yfirborð eftirtalinna vörutegunda eða -hluta. Jafnframt er óheimilt að flytja inn eða selja slíkar vörur eða vöruhluta.

Búnaður og vélar notað;
- við matvælaframleiðslu
- í landbúnaði
- við kælingu og frystingu
- við prentun og bókhald

Búnaður og vélar notaður við framleiðslu á;
- vörum til heimilishalds
- húsgögnum
- hreinlætisvörum
- vélum fyrir miðstöðvarkyndingu og loftræstingu
- pappír og pappaspjöldum
- textílefnum og fatnaði

Búnaður og vélar notaður til framleiðslu á;
- búnaði og vélum sem notaðar eru í iðnaði
- ökutækjum
- skipum

7. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

8. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglum þessum, fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, svo og í samræmi við 4. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipunum 91/338/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 6. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um notkun og bann við notkun tiltekinna efna við meðhöndlun á textílvörum.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett til þess að takmarka notkun tiltekinna efnasambanda sem geta verið hættuleg heilsu manna.

2. gr.

Óheimilt er að nota eftirtalin eldtefjandi efni til þess að meðhöndla textílvörur svo sem föt, undirföt og lín, ef ætla má að vörurnar geti komist í snertingu við hörund;

tris(2,3-díbrómprópýl)fosfat (TRIS)	CAS-nr.[1]	126-72-7
tris(1-aziridinýl)fosfínoxíð (TEPA)	CAS-nr.	5455-55-1
pólýbrómbífenýl (PBB)	CAS-nr.	59536-65-1

3. gr.

Óheimilt er að nota kvikasilfursambönd í slitþolin textílefni og garn ætlað í framleiðslu þeirra.

4. gr.

Óheimilt er að nota trefjar og slitþolin textílefni sem gegndreypt hafa verið með pentaklórfenóli í fatnað eða til skrauts innanhúss.

5. gr

Óheimilt er að selja eða flytja inn textílvörur svo sem föt, undirföt og lín, sem ætla má að komist í snertingu við hörund, hafi vörurnar verið meðhöndlaðar með efnunum sem talin eru upp í 2. gr. Einnig er óheimilt að flytja inn eða selja textílvörur og garn sem meðhöndlaðar hafa verið með efnum sem tilgreind eru í 3. gr.

6. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

7. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á reglum þessum, fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og í samræmi við 4. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipunum 79/663/EBE og 83/264/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 6. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

[1] CAS: Chemical Abstract Service – Alþjóðleg númer efna og efnasambanda.

REGLUGERÐ

um bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

Markmið.

1. gr.

Reglugerð þessi er sett til að takmarka notkun tiltekinna efnasambanda sem geta verið hættuleg heilsu manna og/eða skaðað umhverfið.

Innflutningur, sala og notkun.

2. gr.

Óheimilt er að flytja inn, selja eða nota efni eða vörur sem innihalda 0,1% eða meira af eftirtöldum efnum sem geta valdið krabbameini, sbr. þó ákvæði 3. gr.:

bensen	CAS-nr.[1]	71-34-2
bensidín og sölt þess	CAS-nr.	92-87-5
2-naftýlamín og sölt þess	CAS-nr.	91-59-8
4-nítródífenýl	CAS-nr.	92-93-3
4-amínódífenýl og sölt þess	CAS-nr.	92-67-1
pentaklórfenól, sölt þess og esterar	CAS-nr.	87-86-5

Óheimilt er að flytja inn, selja eða nota efnið dí-μ-oxó-dí-n-bútýltinhýdroxýbóran (DBB, díbútýltinbórat), CAS nr. 75113-37-0, eða vörur sem innihalda 0,1% DBB, nema því aðeins að efnið sé notað við framleiðslu annarrar vöru þannig að innihald DBB í fullunninni vöru verði minna en 0,1%.

Undanþágur.

3. gr.

Bann samkvæmt 2. gr. varðandi bensen tekur ekki til eldsneytis, sbr. ákvæði um eldsneyti í 8. gr. reglugerðar nr. 137/1987.

Bann samkvæmt 2. gr. varðandi pentaklórfenól tekur ekki til meðhöndlunar viðar og meðhöndlunar trefja og slitþolinna textílefna í iðnaði, sbr. þó 4. gr. reglugerðar nr. 445/1996 um notkun og bann við notkun tiltekinna efna í málningu, lökkum og viðarvörn og fl. og 4. gr. reglugerðar nr. 448/1996 um bann við notkun tiltekinna efna við meðhöndlun á textílvörum. Við notkun pentaklórfenóls skal heildarmagn hexaklórbensóparadíoxíns (H_6CDD) í efninu vera minna en 4 ppm[2]. Efnið skal eingöngu markaðssett í umbúðum sem eru a.m.k. 20 lítrar.

Bann samkvæmt 2. gr. tekur ekki til efnanotkunar í iðnaði þar sem losun efnanna út í umhverfið er bundin skilyrðum sem sett eru samkvæmt ákvæðum mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994 ásamt síðari breytingum, svo og ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Efni sem notuð eru í iðnaði skulu auk annarra lögbundinna merkinga sérstaklega merkt með eftirfarandi áletrun: „Eingöngu fyrir fagmenn". Áletrunin skal vera með greinilegu óafmáanlegu letri.

Ákvæði 2. gr. eiga ekki við um úrgang. Um úrgang sem inniheldur viðkomandi efni gilda ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 48/1994, ásamt síðari breytingum.

---

[1] CAS nr.: Chemical Abstract Service - Alþjóðleg númer efna og efnasambanda

[2] ppm: Hluti af milljón

Úðabrúsar.

4. gr.

Úðabrúsar sem ætlaðir eru til sölu á almennum markaði mega ekki innihalda efni sem flokkast sem sterkt eitur (T_x) eða eitur (T) samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, nema það sé sérstaklega leyft samkvæmt öðrum reglugerðum eða lögum.

Varnarefni.

5. gr.

Óheimilt er að flytja inn, selja eða nota eftirtalin efni sem varnarefni í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra:

aldrín	CAS-nr.	309-00-2
DDT	CAS-nr.	50-29-3
1,2-díbrómetan (EDB)	CAS-nr.	106-93-4
díeldrín	CAS-nr.	60-57-1
endrín	CAS-nr.	72-20-8
heptaklór	CAS-nr.	76-44-8
hexaklórbensen	CAS-nr.	118-74-1
kamfeklór (toxafen)	CAS-nr.	8001-35-2
klórdan	CAS-nr.	57-74-9
kvikasilfurssambönd		

Eftirlit.

6. gr.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hefur eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar að öðru leyti en því sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Viðurlög.

7. gr.

Um mál er rísa kunna út af brotum á reglum þessum fer að hætti opinberra mála. Um refsingar fer samkvæmt 26. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 11., 18., 19. og 20. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum og 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og í samræmi við 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 76/769/EBE, um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna ásamt breytingum í tilskipunum 89/677/EBE og 91/173/EBE.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 6. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Laugaráss og Skálholts.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Biskupstungna hefur ráðuneytið þann 7. ágúst 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Laugaráss og Skálholts 1989-2009 frá 27. júní 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

1. Íbúðabyggð sem gert var ráð fyrir vestan við lýðháskólann færist austur fyrir staðinn. Ennfremur er gert ráð fyrir einu íbúðarhúsi hjá Skálholtsbýlinu og öðru norðan Skálholtsbúða.
2. Svæði opinberra stofnana stækkar í norður og vestur.
3. Svæði undir sumar- og orlofsbúðir stækkar í suður og vestur.
4. Svæði austan staðarins sem gert var ráð fyrir að yrði opið og óbyggt verður að grænu svæði til ákveðinna nota.
5. Gert er ráð fyrir reiðstíg meðfram þjóðvegi og að Skálholtsbýli og hestagirðingu við Skálholtsveg austan við býlið.
6. Eina aðkoman að Skálholti verður frá afleggjara um 500 m norðan staðarins. Ennfremur eru fyrirhugaðar breytingar á vegakerfi í samræmi við breytta landnotkun.

Skipulagsuppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Biskupstungnahrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 451 7. ágúst 1996

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 7. ágúst 1996, staðfest breytingar á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013 frá 19. maí 1994.

Landnotkun á lóðinni Reykjamörk 2c er breytt úr íbúðabyggð í blandaða landnotkun íbúða, verslunar og þjónustu. Ennfremur er landnotkun á lóðinni Austurmörk 23 breytt úr stofnun í blandaða notkun stofnana, verslunar og þjónustu.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012, Birkigrund 1b, Birkihlíð.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 7. ágúst 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1992-2012 er staðfest var 29. apríl 1994 og tekur til Birkigrundar 1b, Birkihlíð.

Í breytingunni felst að opnu svæði til sérstakra nota (gróðrarstöð) er breytt í íbúðarsvæði.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

7. ágúst 1996 Nr. 453

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis, Völundarlóð, Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 7. ágúst 1996, staðfest breytingu á deiliskipulagi frá 14. febrúar 1990 og tekur til lóðanna Klapparstíg 1-7 og Skúlagötu 10.

Breytt er eftirtöldum atriðum:

1. Byggingarreitur nr. 7A við Klapparstíg felldur niður vegna ákvörðunar um varðveislu gamallar spennustöðvar. Byggingarmagn er flutt á Klapparstíg 1 og íbúðarhæðum fjölgað.
2. Byggingarreitur nr. 7 við Klapparstíg fluttur til suðurs til að rýmka um inngarð og aðkomu að Klapparstíg 1, 1A og Skúlagötu 10.
3. Fjölgun íbúðahæða. Í staðfestu deiliskipulagi voru inndregnar íbúðahæðir ekki taldar með sem hæð. Þær eru taldar með í breyttu deiliskipulagi.
4. Nýtingarhlutfall lóðar verður 2.5. Nýtingarhlutfall miðað við gömlu Völundarlóð er 1.7. Leikvöllur er tekinn af lóðinni til almenningsnota.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi á hafnarsvæði Akraness.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 3. júlí 1996 staðfest breytingu á deiliskipulagi á hafnarsvæði Akraness, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að lega Faxabrautar og Akursbrautar breytast, að fyrirkomulag innkeyrslu á lóð verksmiðjunnar breytist, að fyllt verður upp í höfnina framan við fiskimjölsverksmiðju, að ákveðin er ný staðsetning hráefnisgeyma, að lýsisgeymar verða færðir að suðurhlið verksmiðjunnar og að leyfðar verða viðbyggingar við verksmiðjuhúsið á tveimur stöðum.

Bæjarstjórn Akraness hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 455 7. ágúst 1996

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992 - 2012.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akraness hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 3. júlí 1996 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 1992-2012 frá 2. júní 1995, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er legu Faxabrautar og Akursbrautar.

Bæjarstjórn Akraness hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 456 25. júlí 1996

REGLUR

fyrir skólahús og félagsheimili Hraungerðishrepps í Árnessýslu.

1. gr.

Nafn hússins er Þingborg. Eigendur félagsheimilishluta, 26.07/100 hússins, eru: Hraungerðishreppur að 92/100, Ungmennafélagið Baldur 5/100 og Kvenfélag Hraungerðishrepps 3/100.

Húsið er annars skólahúsnæði að 73.93/100.

2. gr.

Húsnefnd (framkvæmdanefnd) stjórnar rekstri hússins. Hún er þannig skipuð, að hver eignaraðili á þar einn fulltrúa og að auki sitja þar fulltrúi skólanefndar og skólastjóri fyrir hönd Þingborgarskóla.

Húsnefndin skiptir sjálf með sér verkum og heldur gerðabók um störf sín.

3. gr.

Húsnefnd heldur fundi er þurfa þykir. Skylt er henni að halda fund ef einn nefndarmanna óskar þess. Aðalfundur eigenda félagsheimilisins skal haldinn í júní, ár hvert. Skulu þangað kvaddir með hæfilegum fyrirvara stjórnendur þeirra félaga og stofnana sem aðild eiga að húsinu. Formaður húsnefndar boðar aðalfundi. Á fundinum skal húsnefnd leggja fram rekstrar- og efnahagsreikning félagsheimilisins fyrir síðastliðið ár, endurskoðaðan af endurskoðendum sveitarsjóðs. Einnig leggur hún fyrir fundinn fjárhagsáætlun yfirstandandi árs, svo nákvæma sem unnt er. Eigi má efna til verulegra útgjalda nema samþykkt hafi verið á aðalfundi, eða aukafundi aðalfundarfulltrúa. Reikninga og fjárhagsáætlun skal bera undir atkvæði fundarmanna. Atkvæðisrétt á aðalfundi hafa:

Frá Hraungerðishreppi 4 fulltrúar, þar af einn fulltrúi skólanefndar.

Frá Þingborgarskóla, 1 fulltrúi.

Frá Ungmennafélaginu Baldri, 1 fulltrúi.

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps, 1 fulltrúi.

Félagsstjórnir skýra frá því á aðalfundi hvern þær hafa valið af sinni hálfu í húsnefnd fyrir yfirstandandi ár, aðalmenn og varamenn.

Félagsheimilið skal reka sem sjálfstæða stofnun með sérstöku reikningshaldi.

Almanaksárið skal vera reikningsár þess.

4. gr.

Aðalverkefni húsnefndar eru:

a) Ráða húsvörð, setja honum starfsreglur og sjá um að þeim sé fylgt.
b) Ráða annað starfsfólk, ef aðalfundur telur það nauðsynlegt. Leita skal umsagnar húsvarðar um ráðningu starfsfólks, eigi það að vinna undir hans stjórn.
c) Hafa yfirumsjón með ráðstöfun á félagsheimilinu til afnota fyrir eigendur og aðra, með það að markmiði að nýting hússins verði sem best og hagkvæmust.
d) Ákveða gjöld fyrir afnot af húsinu og fylgjast með innheimtu þeirra.
e) Annast kaup nauðsynlegra tækja og áhalda.
f) Sjá um að viðhald og endurbætur húseignar, húsbúnaðar og áhalda fari fram.
g) Sjá um að ræsting hússins og lóðarinnar sé jafnan í góðu lagi og gætt sé ítrasta hreinlætis í umgengni.
h) Sjá um að húsið sé hæfilega hitað og lýst.
i) Sjá um að löggæsla eða önnur nauðsynleg gæsla sé á samkomum eftir því sem þörf er á.

5. gr.

Eigendur félagsheimilisins skulu greiða leigu fyrir afnot af húsinu umfram þeirra eignarhluta. Eigendum er skylt að heimila félögum sem um getur í 1. gr. laga nr. 107, 1970, innan sama byggðarlags, afnot af húsinu, gegn hæfilegu gjaldi, ef það brýtur ekki í bága við eðlilega þörf eigenda sjálfra fyrir húsið. Verði ágreiningur um rétt til afnota eða leigugjald skal hlutaðeigandi sveitarstjórn skera úr. Um þann hluta sem telst skólahúsnæði gilda grunnskólalög og hefir skólastarf þar forgang á starfstíma skóla.

6. gr.

Stefnt skal að því að leiga fyrir afnot af félagsheimilinu sé ákveðin svo há, að nægilegt fé fáist til að inna af hendi nauðsynleg gjöld, ef stofnuninni koma ekki aðrar tekjur.

7. gr.

Þess skal jafnan gætt, að húseignin, áhöld og annar búnaður sé hæfilega vátryggður.

8. gr.

Félag er heldur samkomu í félagsheimilinu, skal hafa þar gæslumann af sinni hálfu. Skal húsverði tilkynnt, áður en samkoma hefst, hver sé gæslumaður. Sé húsvörður ekki við samkomuslit, skal gæslumaður ganga á þann hátt frá húsinu sem húsvörður hefir lagt fyrir. Einnig gildir þessi regla um hópa sem stunda íþróttaæfingar í sal.

9. gr.

Húsvörður skal sjá um að húsið sé jafnan ræst og þrifið reglulega með viðeigandi ræstiefnum. Árlega skal fara fram gagnger ræsting alls hússins.

10. gr.

Ganga skal þannig frá lóð umhverfis félagsheimilið, að auðvelt sé að halda henni snyrtilegri og skal húsnefnd sjá um að hún sé jafnan vel hirt. Bifreiðastæði skal vera við félagsheimilið.

11. gr.

Húsvörður skal sjá um, að fánastöng við húsið sé jafnan í góðu lagi, fáni heill, með réttum litum og hlutföllum.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla með viðhald og viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: Málningu, fúavörn, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir, glugga, gólfklæðningar, veggklæðningar, hreinlætistæki, hitunarkerfi, raflagnir og lýsingu, vatnslagnir og krana, eldvarnarbúnað og búnað í eldhúsi.

13. gr.

Skemmdir á húseigninni, áhöldum og húsbúnaði, umfram eðlilegt slit, skal sá bæta, er húsið hefir til afnota þegar skemmdirnar eru unnar.

14. gr.

Um meðferð áfengis í húsinu gilda þar að lútandi reglur í lögreglusamþykkt Árnessýslu.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til laga um félagsheimili frá 1970 og gildandi grunnskólalaga frá 1995, voru samþykktar á aðalfundi húseigendafélags Þingborgar, 9. október 1995.

F.h. Þingborgarskóla,
Sigurgeir H. Friðþjófsson.
F.h. hreppsnefndar Hraungerðishrepps,
Guðmundur Einarsson.
Betzy Marie Davíðson.
Þuríður Einarsdóttir.

F.h. skólanefndar Hraungerðisskólahverfis,
Margrét Einarsdóttir.
F.h. Kvenfélags Hraungerðishrepps,
Jónína Einarsdóttir.
F.h. Ungmennafélagsins Baldurs,
Ingvar Hjálmarsson.

Framanskráðar reglur eru hér með staðfestar með skírskotun til 5. gr. laga um félagsheimili, nr. 107/1970 með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 25. júlí 1996.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

29. júlí 1996 Nr. 457

AUGLÝSING

um friðlýsingu Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss og nágrennis í Öxarfjarðarhreppi.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð ákveðið, að undangengnum samningaviðræðum við landeigendur Hafursstaða og Bjarmalands, svo og sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps, að friðlýsa Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss svo og næsta nágrenni þeirra austan Jökulsár á Fjöllum, og er svæðið náttúruvætti.

Mörk náttúruvættisins eru eftirfarandi: Að vestan fylgir náttúruvættið miðlínu Jökulsár á Fjöllum og austan þjóðvegi nr. 864. Að norðan takmarkast svæðið af línu sem hugsast dregin vestan úr toppi Eilífs um Syðsta Randarhól að þjóðveginum. Suðurmörk svæðisins markast af línu sem hugsast dregin af toppi Eilífs austur í topp Ytra-Norðmelsfjalls.

1. gr.

Náttúruverndarráð skal skipa fimm manna umsjónarnefnd með náttúruvættinu. Þrír fulltrúar skulu tilnefndir af landeigendum, og einn af Öxarfjarðarhreppi. Náttúruverndarráð skal tilnefna einn og er sá formaður nefndarinnar. Með sama hætti skal tilnefna fimm fulltrúa til vara. Skipunartími nefndarinnar er sá sami og kjörtímabil sveitastjórnar. Þeir sem tilnefna fulltrúa í nefndina bera kostnað þann sem af nefndarstörfum hlýst.

Hlutverk umsjónarnefndarinnar er að sjá um náttúruvættið, gefa álit um áætlanagerð sem varðar framkvæmdir innan þess, o.fl. sem við kemur rekstri og framkvæmdum.

Nú liggur mál til afgreiðslu hjá nefndinni en ekki tekst að kalla hana saman. Skal formaður hafa samband við nefndarmenn og fá samþykki meirihluta til að afgreiða mál sem ekki geta beðið næsta fundar í nefndinni. Tilkynna skal öðrum nefndarmönnum og Náttúruverndarráði bréflega um slíkar afgreiðslur án tafar.

2. gr.

Náttúruverndarráð vinnur að gerð verndaráætlunar fyrir náttúruvættið og greiðir kostnað sem hlýst af því. Stefnt skal að því að tryggja góða aðstöðu fyrir ferðamenn á svæðinu og koma upp viðeigandi mannvirkjum til þess að fengnum tillögum umsjónarnefndarinnar.

Náttúruverndarráð sér um landvörslu á svæðinu í a.m.k. 8 vikur á ári.

3. gr.

Um náttúruvættið gilda að öðru leyti eftirfarandi reglur:

1. Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi, vatnsborðshæð eða rennsli vatna er háð leyfi Náttúruverndarráðs að fenginni umsögn umsjónarnefndar um málefni náttúruvættisins.

2. Ákvæði auglýsingarinnar breyta í engu rétti landeigenda til hefðbundinna nytja innan marka náttúruvættisins og skerða ekki rétt þeirra til venjulegrar umferðar um svæðið og dvalar á því eins og verið hefur. Dýraveiðar eru óheimilar innan marka náttúruvættisins öðrum en landeigendum.
3. Landeigendum er heimil meindýraeyðing innan marka náttúruvættisins.
4. Akstur utan vega og merktra slóða er bannaður nema sérstaklega standi á. Náttúruverndarráð getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði vegna framkvæmda á svæðinu.
5. Að fenginni tillögu umsjónarnefndarinnar er Náttúruverndarráði heimilt að setja svæðisbundnar reglur um umferð á hinu friðlýsta svæði.
6. Leyfi umsjónarnefndar þarf til þess að fara með skipulagðar hestaferðir um svæðið.
7. Skylt er að ganga vel um náttúruvættið og hvorki raska jarðmyndunum né gróðri.

4. gr.

Náttúruverndarráð getur veitt undanþágu frá ákvæðum auglýsingar þessarar, sbr. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd.

5. gr.

Reglur auglýsingar þessarar skulu endurskoðaðar innan 5 ára frá gildistöku þeirra. Við endurskoðunina skal m.a. meta reynslu fyrirkomulags samkvæmt 1. gr. og annarra þátta eins og þörf krefur.

6. gr.

Brot á reglum þessum varða sektum eða varðhaldi samkvæmt lögum nr. 47/1971 um náttúruvernd.

7. gr.

Forkaupsréttur ríkissjóðs, sbr. 34. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd helst óbreyttur þrátt fyrir friðlýsinguna.

8. gr.

Frá og með 1. janúar 1997 tekur Náttúruvernd ríkisins við hlutverki Náttúruverndarráðs skv. auglýsingu þessari í samræmi við lög nr. 93/1996 um náttúruvernd. Ákvæði þeirra laga gilda og um friðlýsinguna frá og með þeim tíma.

9. gr.

Friðlýsing þessi birtist hér með samkvæmt 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, með síðari breytingum, og gildir frá birtingardegi.

Umhverfisráðuneytinu, 29. júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.



7. ágúst 1996 Nr. 458

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Vestur-Húnavatnssýslu.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., sbr. breytingu með lögum nr. 108/1988, hefur héraðsnefnd yfirstjórn allra fjallskilamála, en hreppsnefndir annast alla stjórn og framkvæmd á þeim, hver á sínu svæði.

2. gr.

Fjallskiladeildir í Vestur-Húnavatnssýslu eru:

1. Fjallskiladeild Þorkelshólshrepps.
2. Fjallskiladeild Þverárhrepps.
3. Fjallskiladeild Kirkjuhvammshrepps.
4. Upprekstrarfélag Miðfirðinga.
5. Fjallskiladeild Staðarhrepps.

Heimilt er að tvö eða fleiri sveitarfélög myndi fjallskiladeild. Fara þá viðkomandi hreppsnefndir sameiginlega með stjórn fjallskilamála í deildinni, þ.e. upprekstrarfélaginu og er ætíð við það miðað í samþykkt þessari. Nánari fyrirmæli um samstarf þetta má gera með samningi sem héraðsnefnd staðfestir.

3. gr.

Hver fjallskiladeild færir sérstakt bókhald og hefur sér sjóð, fjallskilasjóð. Til hans falla allar innborganir vegna fjallskilamála, þar með talið andvirði óskilafjár, og úr honum greiðist allur útlagður kostnaður við þau, samkvæmt samþykkt þessari og ákvæðum viðkomandi fjallskilastjórnar. Fjallskilasjóðsreikningar skulu endurskoðaðir árlega á sama hátt og sveitarsjóðsreikningar.

II. KAFLI
Um rekstur til afrétta og meðferð afréttarfjár.

4. gr.

Upprekstrarrétt eiga þeir einir sem hafa afnot af jörð eða jarðahluta innan takmarka upprekstrarfélagsins. Þessi réttur er óframseljanlegur og er öllum óheimilt að taka til upprekstrar sauðfé eða hross af öðrum, nema með samþykki viðkomandi hreppsnefndar sem tekur þá hagagjald fyrir. Þó hafa ábúendur upprekstrarrétt fyrir fjallskilaskyldan fénað heimilismanna sinna.

5. gr.

Upprekstur á afrétt hrepps eða upprekstrarfélags fari eigi fyrr fram á vorum en hreppsnefnd heimilar og með þeim takmörkunum sem hún ákveður og lög leyfa. Heimild til upprekstrar skal hreppsnefnd veita að fengnu áliti gróðurverndarnefndar. Rekstri til afréttar skal haga þannig, að sem minnstur bagi verði að í heimalöndum og þess gætt að skepnur verði ekki fyrir ónæði eða óþarfri styggð. Komi fénaður saman við rekstur, skal hann skilinn úr svo fljótt sem unnt er. Gildir það jafnt um rekstur til og frá afrétti.

6. gr.

Nú verða mikil brögð að ágangi búfjár úr afrétti í heimahaga og getur þá sá er fyrir verður gert sveitarstjórn aðvart. Skal hún þá, ef um verulegan eða óeðlilegan ágang virðist að ræða, skipa fyrir um smölun ágangspenings og rekstur til afréttar eða skilaréttar. Kostnaður greiðist úr fjallskilasjóði þess hrepps eða hreppa er afrétt þann nota er ágangspeningur kom frá. Sama gildir um kostnað við smölun og rekstur búfjár sem stendur við afréttargirðingu.

7. gr.

Eigi má ónáða fé í afréttinum að þarflausu og ekki taka þaðan búpening, nema leyfi hreppsnefndar komi til. Hreppsnefnd skal fylgjast með gróðurfari á afréttinum og njóti hún til

þess liðsinnis gróðurverndarnefndar sýslunnar. Þá ber hreppsnefnd að fylgjast með, hvort fénaður safnast svo að afréttargirðingum að tjón verði á landi. Beri það til, skal bót á ráða, með rekstri inn á afréttinn, nema mjög sé á sumar liðið, þá með smölun til réttar. Skal þá farið með eftir atvikum sem göngur væru.

III. KAFLI
Um fjallskil.

8. gr.

Hreppsnefnd skal semja skrá yfir tölu sauðfjár og hrossa í hreppnum eftir síðustu forðagæsluskýrslu og skal hún lögð til grundvallar fjallskilum að því leyti sem búfjáreign myndar fjallskilagjöld. Verði kaup eða sala á fjallskilaskyldu búfé eða verulegar breytingar á búfjártölu af öðrum orsökum skulu eigendur tilkynna það hreppsnefnd fyrir 10. ágúst. Ber að taka allt slíkt til greina í skýrslunni. Sé veittur afsláttur af fjallskilum, hvort sem er vegna hrossa eða sauðfjár, er heimilt að miða við tölu búfjár sem kemur af afrétti.

9. gr.

Fjallskilaskylt er allt sauðfé og hross, veturgömul og eldri, þó ekki brúkunarhross, allt að fimm á eiganda, enda gangi þau í heimahögum. Þó er heimilt að fella niður fjallskil ef um fleiri brúkunarhross er að ræða og skal þá eigandi sækja um það til hreppsnefndar fyrir 10. ágúst. Hver fjallskilaskyldur maður skal leggja til fjallskila á þann hátt sem hreppsnefnd ákveður. Allan fjallskilakostnað upprekstrarfélagsins skal meta til peningaverðs, þannig að jafnhátt gjald komi á hverja sauðkind og jafnhátt á öll hross. Hross skal meta jafnt og eina til sex sauðkindur. Telji hreppsnefnd að hross skuli bera meiri kostnað hlutfallslega, getur hún leitað samþykkis héraðsnefndar til þess. Heimilt er hreppsnefnd að leggja allt að helming áætlaðs kostnaðar fjallskilasjóðs á landverð allra jarða í hreppnum, þar með taldar eyðijarðir, án verðs ræktaðs lands og hlunninda, miðað við gildandi fasteignamat á hverjum tíma. Hreppsnefnd er heimilt að fella niður fjallskil á allt að 3/4 af fjallskilaskyldum peningi, sauðfé og hrossum, annarri tegundinni eða báðum, sem gengur í öruggri girðingu. Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og hreppsnefnd ákveður, ella goldin í peningum. Vinnu skal meta til peningaverðs sem næst gildandi meðalkauptaxta. Mönnum búsettum utan upprekstrarfélagsins er óheimilt að reka búfé á afrétt og ógirt heimalönd, nema með leyfi viðkomandi hreppsnefnda, eða þeir hafi þar jörð til afnota. Heimilt er hreppsnefnd að leggja allt að 50% hærra fjallskilagjald á búfé manna sem lögheimili eiga utan upprekstrarfélagsins og hafa þar ekki landsnytjar.

10. gr.

Skyldur er hver eigandi búfjár að gera full fjallskil í þann hrepp sem búfé hans er framfleytt árlangt, enda sé það skráð þar á forðagæsluskýrslu. Nú notar einhver til upprekstrar annan afrétt eða heimaland en þau lönd þar sem honum ber upprekstur og skal hann þá gera þar full fjallskil. Þó hafa upprekstrarfélög heimild til að gera um þetta sérstaka samninga. Húsráðendur skulu inna af hendi fjallskil fyrir heimafólk sitt.

11. gr.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sömu afrétti, skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir eiga fund með sér fyrir 20. ágúst til þess að semja um hvernig fjallgöngum skuli hagað. Oddviti í þeim hreppi þar sem aðalrétt stendur, kveður til þess fundar. Skal þá hver hreppsnefnd leggja

fram skýrslu um fjallskilaskyldan fénað manna í hreppnum skv. 8. gr. Verði ekki samkomulag um sameiginlega niðurjöfnun fjallskila, skal skipta þeim á milli hreppanna í réttu hlutfalli við fjallskilaskyldan fénað hvors um sig.

12. gr.

Fjallgöngur á afréttum og víðlendum heimalöndum þar sem afréttarpeningur gengur að jafnaði, skulu vera tvennar hvert haust, en þó aðeins einar eða tvennar í Vatnsnesfjalli (heimaland). Heimilt er þó hreppsnefndum í fjárskiptahólfi Miðfjarðar og Staðarhrepps að láta aðra leit fara fram með aðstoð leitarflugs. Skylt er að fjallleitir séu tryggilega framkvæmdar. Gangnadagana er bannaður allur heimrekstur og sundurdráttur á afréttarpeningi á einstökum bæjum. Gangnatíma ákveða hreppsnefndir í samráði við aðliggjandi sveitarfélög og eftir því sem nauðsyn er, vegna gróðurfars afréttanna og annarra ástæðna, en fyrri réttum skal lokið eigi síðar en síðasta laugardag fyrir 16. september, en þó verði hrossarétt í Víðidalstungurétt fyrsta laugardag í október.

13. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal hreppsnefnd jafna niður á búfjáreigendur í tæka tíð. Athugasemdir við niðurjöfnunina skal bera fram skriflega fyrir oddvita hreppsnefndar fyrir 20. október.

14. gr.

Hreppsnefnd kveður hreppsbúa með gangnaboði til fjallskila í tæka tíð fyrir göngur. Í gangnaboðinu skal tilgreina nákvæmlega, hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ef einhver vanrækir að gera fjallskil sem honum ber skal hann greiða samsvarandi kostnað, auk sektar í fjallskilasjóð, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

15. gr.

Hreppsnefndir skipa gangnastjóra fyrir hvern gangnaflokk. Hann skipar fyrir um tilhögun leitar og stjórnar henni. Skal hann sjá um að fjársöfnin séu rekin til réttar og kveðja menn til að gæta safnsins þar til fénaður er kominn í nátthaga eða vökumenn hafa tekið við honum. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum. Gangnastjóra skal greiða sanngjarna þóknun fyrir gangnastjórnina.

16. gr.

Gangnastjóri skal minna gangnamenn á að fara vel með sauðfé og hross í göngunum. Finnist sauðfé og hross sem ekki verður komið lifandi til réttar, skal gangnastjóri ákveða hverju sinni hversu með skuli fara. Óheimilt er að aflífa skepnur í leitum án fyrirsagnar gangnastjóra eða eftir umboði hans nema brýna nauðsyn beri til, svo sem ef skepna er mikið slösuð eða sjúk. Skylt er gangnastjóra að hafa meðferðis skotvopn í leitum. Hann skal sjá um að greinilega sé skráð mark þeirra kinda og hrossa sem lógað er, svo og önnur einkenni, svo sem kyn, litur og merki. Slíkri greinargerð skilar gangnastjóri til oddvita upprekstrarfélagsins þegar leitum er lokið.

17. gr.

Ef veður eða aðrar ástæður hamla göngum eða torvelda fulla gagnsemi þeirra, að dómi gangnastjóra fyrir einum eða fleiri leitarflokkum samliggjandi leitarsvæða, skal þeim frestað

yfir svæðið í heild. Skulu hreppsnefndir annast um að gangnastjórar geti haft samráð með sér, eftir því sem nauðsyn krefur, áður en göngur hefjast. Kostnaður við þær ráðstafanir greiðist úr fjallskilasjóði. Verði gangnamenn sem komnir eru saman til leita eða lagðir upp í leit frá að hverfa, ber þeim þóknun úr fjallskilasjóði, en skyldir eru þeir að mæta til gangna þegar þeir eru tilkvaddir.

18. gr.

Ef gangnastjóri telur að gangnamaður sé vanhæfur til starfsins, þá ber honum ekki skylda að taka hann gildan. Ber þeim er gangnamanninn sendi að senda annan í hans stað eða greiða fjallskilin að fullu. Ef gangnamaður reynist vanhæfur, t.d. sökum ölvunar, að mati gangnastjóra er heimilt að láta hann greiða fjallskilin að fullu. Engan má senda í göngur yngri en fimmtán ára, nema leyfi gangnastjóri komi til.

19. gr.

Ef fjallskilaskyldur maður hefur engan hæfan mann til gangna og getur ekki útvegað hann, skal hann tilkynna það skriflega hreppsnefnd minnst sex dögum áður en fjallgöngur eiga að hefjast og borgar hann þá að fullu manni þeim sem hreppsnefnd ræður til starfsins, svo og allan kostnað því samfara, þó ekki yfir hálft annað matsverð fjallskilanna.

20. gr.

Hreppsnefndir skulu sjá um að til séu á afréttinum hentugir skálar fyrir gangnamenn og hesta þeirra, þar sem þess er þörf. Séu þeir búnir nauðsynlegustu tækjum, svo sem hitunartækjum o.fl. Ber að halda skálum þessum vel við ásamt öllum tækjabúnaði, sem ætíð sé til staðar yfir gangnatímann. Kostnaður sá er af þessu leiðir greiðist úr fjallskilasjóði.

IV. KAFLI
Um réttir og réttarstörf.

21. gr.

Aðalréttir eru:
1. Víðidalstungurétt.
2. Þverárrétt.
3. Hamarsrétt.
4. Miðfjarðarrétt.
5. Hrútatungurétt.

Aukaréttir:
Valdarásrétt.

22. gr.

Stjórnir fjallskiladeilda ákveða hver á sínu svæði hvaða lönd smala skuli til hverrar réttar. Rísi ágreiningur út af þeim sker héraðsnefnd úr.

23. gr.

Hreppsnefnd er skylt að sjá um byggingu rétta og viðhald þeirra. Nú koma hlutaðeigendur sér ekki saman um hvernig jafna skal niður kostnaði við að koma upp rétt og sker þá héraðsnefnd úr. Við hverja aðalrétt skal vera ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Ennfremur skulu vera til nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum sveitarfélögum.

24. gr.

Hreppsnefnd skal með gangnaboði skipa hæfa menn til að fara í réttir annarra sveita til að hirða þar sauðfé og hross hreppsbúa. Þeir sem til eru valdir mega eigi allir yfirgefa rétt fyrr en störfum er þar að fullu lokið og úrskurðað hefur verið um óskilapening.

25. gr.

Hreppsnefndir skulu skipa réttarstjóra og tvo marklýsingarmenn við hverja aðalrétt og aukarétt. Skal greiða þeim fyrir störf þeirra úr fjallskilasjóði. Þeir skulu vera komnir í tæka tíð hvern réttardag. Réttarstjóri skipar fyrir um hvernig búfjárdrætti skal haga og heldur mönnum til starfa. Hann bannar og óreglu, er veldur hindrun við réttarstörfin. Óhlýðnist nokkur í réttinni skipunum hans varðar það sektum. Marklýsingarmenn skulu skera úr um vafamörk, skoða og úrskurða mörk á óskilapeningi.

26. gr.

Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur og kindur úr öðrum fjárskiptahólfum úr safninu strax og þeirra verður vart og einangra þær. Hann skal og annast um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin í sér dilk, svo eigendum gefist kostur á að láta lambamæður helga sér þau. Helgi hryssur eða ær sér ekki ómerkinga, eru þeir eign viðkomandi fjallskilasjóðs nema að ótvírætt vottorð óvilhallra manna liggi fyrir um eiganda.

27. gr.

Frá hverri aukarétt skulu kvaddir menn til að koma úrtíningi tafarlaust til aðalréttar svo að hann sé þangað kominn áður en sundurdrætti er lokið.

28. gr.

Í fyrstu göngum skal ásamt sauðfé smala hrossum af afréttum. Skal haga sundurdrætti og hirðingu hrossa í réttum á sama hátt og sauðfé að svo miklu leyti sem við getur átt. Á meðan á réttum stendur skal réttarstjóri gæta þess að hryssum gefist kostur á að helga sér ómörkuð folöld og kappkosta að öðru leyti að haga allri meðferð á hrossum þannig að ekki hljótist slys af. Ómörkuð folöld sem engin hryssa helgar sér skulu boðin upp og seld að aflokinni rétt. Skulu þau seld með tólf vikna innlausnarfresti.

29. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að skipa fyrir um almenna smölun og skil á hrossum ef sérstakar ástæður mæla með. Við skil á hrossum skulu hreppsnefndir, hver fyrir sig, annast um hirðingu fjallskilaskyldra hrossa úr sínu upprekstrarfélagi í nærliggjandi hreppum.

V. KAFLI

Um hreinsun heimalanda og fjárskil.

30. gr.

Ábúanda eða eiganda er skylt að smala land sitt svo oft sem hreppsnefnd fyrirskipar, þótt hann eigi ekki fjárvon sjálfur. Geri hann það ekki skal hreppsnefnd láta smala landið á kostnað eiganda. Skilarétt skal halda haust hvert og á þeim stað og tíma sem hreppsnefnd ákveður.

31. gr.

Í fjalllendi eins og Vatnsnesfjalli skal síðasta fjárhreinsun á haustin fara fram með flokkaleit er kemur þá í stað smölunar. Til leitar leggja landráðendur eftir fyrirmælum hreppsnefndar. Hafi hreppsnefndir samliggjandi sveitarfélaga samráð með sér um leitardag. Hreppsnefnd ákveður leitarsvæði og tilnefnir leitarstjóra. Stjórnar hann leitinni á sínu svæði. Leitarstjórar hafi samráð sín á milli um tilhögun leitar, svo misgöngur verði ekki milli leitarsvæða.

32. gr.

Hafi aðkomufé komið að eftir tilskipaðar réttir skal tilkynna eiganda um það og ráðstafar hann þá fé sínu. Ber landráðanda eða þeim sem smölun annast að láta eiganda búfjárins í té þá aðstoð sem unnt er. Ráðstafi eigandi ekki fé sínu skal það þá tilkynnt hreppsnefnd sem ráðstafar fénu.

33. gr.

Hreppsnefnd er heimilt, ef eigendur eða ábúendur jarða í hreppnum telja sig verða fyrir tilfinnanlegum ágangi innansveitar eða utansveitar búpenings í heimalandi eða löndum og ekkert leyfi eða heimild er fyrir, að fyrirskipa smölun á stærra eða minna svæði í sveitinni, þegar henni þykir þurfa, og reka til almenningsrétta. Þar er eigendum skylt að hirða fénað sinn. Þegar hreppsnefnd fyrirskipar slíka smölun, er hér um ræðir, skal henni skylt, áður en smölun fer fram, að birta ráðstöfun sína í nágrannahreppum, svo að búendum þar gefist kostur á að hirða fé sitt. Fénaður sem er sérstaklega áleitin við girðingar, matjurtagarða og skrúðgarða, skal eigandi hirða, þegar tilsagður er, setja í örugga vörslu eða farga honum. Sýni hann hirðuleysi í því efni, ber honum að bæta allt það tjón, sem fénaðurinn hefur valdið. Eiganda búfjár í þéttbýli er skylt að hafa fénað sinn í öruggri girðingu, sé hann innan þess svæðis sem skipulagt er.

VI. KAFLI
Um meðferð óskilapenings.

34. gr.

Þegar fjárdrætti er lokið í aðalréttum og eftir eru kindur sem teljast til úrtínings, skulu þær afhentar hreppstjóra í þeim hreppi sem aðalrétt stendur. Skal hann þá ásamt marklýsingarmönnum skoða og skrifa upp mark og einkenni á hverri kind, svo rétt og nákvæmlega sem framast má verða. Hreppstjóri skal síðan annast um að koma óskilafé sem ekki þekkist eða ekki er hirt í sláturhús.

35. gr.

Hreppstjóri kveður sér til tvo valinkunna menn til að skoða mörk og auðkenni óskilagrips eða kindar, sem fyrir kemur utan rétta, enda skal tafarlaust tilkynna hreppstjóra um allan óskilapening.

36. gr.

Komi óskilahross fyrir í réttum eða utan rétta á hvaða árstíma sem er, skal með farið eftir því sem við á samkvæmt 34. gr. Auglýsa skal hross og selja, hafi eigandi ekki gefið sig fram innan viku og sannað eignarrétt sinn. Hross skal selja með 12 vikna innlausnarfresti og jafnlöngum gjaldfresti og eru þau ekki í ábyrgð kaupanda, þótt misfarist, fyrr en að þeim

fresti liðnum, nema um sé að kenna skeytingarleysi hans eða handvömm. Hver sá sem gerir kröfu til óskilahrossa, sanni eignarrétt sinn svo að ekki verði um villst og greiði jafnframt allan áfallinn kostnað. Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um stóðhesta, sem seldir eru samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46/1991. Einnig gilda hér sömu ákvæði gagnvart nautgripum sem í óskilum eru.

37. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda greinilega lýsingu á öllu óskilabúfé sem selt hefur verið eða fargað í hreppnum á árinu til birtingar í Lögbirtingablaði. Skal hann síðan annast um greiðslu, að frádregnum kostnaði, á andvirði þess óskilabúfjár sem eigendur sanna eignarrétt sinn á. Geti enginn sannað eignarrétt sinn, fellur andvirðið til fjallskilasjóðs viðkomandi hrepps eða upprekstrarfélags. Allt óskilabúfé sem fargað er, skal lagt inn á sérreikning hreppstjóra, þannig að greiða megi verð hvers grips fyrir sig ef eigandi finnst.

VII. KAFLI
Um eftirleitir og björgunarlaun.

38. gr.

Finnist búfé eftir tilskipaðar leitir greiðist hæfileg þóknun fyrir samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar. Borgun til þeirra sem finna búfé greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi upprekstrarfélags. Fjallskilasjóður greiðir kostnað sem af því leiðir að sækja fjallskilaskyldan pening sem kemur fyrir í öðrum sveitum eftir réttir. Björgunarlaun fyrir fé sem næst úr ógöngum skal farið með eins og sagt er í VII. kafla laga um afréttamál, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.

VIII. kafli
Um mörk og markaskrár.

39. gr.

Búfé skal draga eftir mörkum. Það er skylda hvers búfjáreiganda að hafa glöggt eyrnamark á öllu fé sínu, brennimark á hyrndu fé eða plötumerki í eyra. Héraðsnefnd skal svo oft sem þurfa þykir og a.m.k. áttunda hvert ár, láta prenta markaskrá fyrir alla sýsluna. Skal sérhver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það eftir því sem héraðsnefnd ákveður en hvert heimili skal fá ókeypis eitt eintak af markaskránni. Mark helgar markeiganda eignarrétt, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi. Við sönnun á eign á búpeningi er frostmerking rétthæst, þar næst brennimark, þá löggilt plötumerki og síðast eyrnamark. Eiganda rétthærra marks er skylt að gera grein fyrir eignarrétti sínum, ef eigandi réttlægra marks krefst þess. Hross skulu eins og sauðfé hafa glöggt markeinkenni, er skráð sé í markaskrá sýslunnar.

40. gr.

Mörk ganga að erfðum. Gefa má mark, svo og selja. Taka má upp nýtt mark, gerðarmark. Tilkynni tveir eða fleiri fjáreigendur sama mark til prentunar, er erfðamark rétthæst, síðan gjafamark, svo kaupamark og síðast gerðarmark. Aðfluttur maður skal breyta marki sínu þótt erfðamark sé, ef sammerkt er eða námerkt innan sýslu.

IX. KAFLI
Almenn ákvæði.

41. gr.

Heimilt er hreppsnefndum að gera samþykktir um varnargirðingu fyrir afréttarlöndum til varnar því að afréttarpeningur gangi ofan af afrétti eða sleppi á afrétt. Ennfremur til varnar því að afréttarpeningur gangi á víxl af einum afrétti á annan. Greiðslu kostnaðar við slíkar girðingar er heimilt að haga þannig að leggja að hálfu kostnað á landverð jarða og að hálfu á fjallskilaskyldan afréttarpening eða eftir því sem viðkomandi hreppsnefnd ákveður. Nánari ákvæði skal setja með samþykktum og skal fara með þær svo sem fyrir er mælt í girðingalögum nr. 10/1965. Séu fjallskilamál eða samþykktir fyrir afréttargirðingar til umræðu á almennum sveitarfundi hafa þar atkvæðisrétt allir búendur sem þar hafa jörð eða jarðahluta til afnota.

42. gr.

Nú verður verulegur ágangur sauðfjár eða hrossa frá einu sveitarfélagi í annað og getur þá það sveitarfélag er fyrir ágangi verður óskað eftir að hitt sveitarfélagið greiði bætur fyrir áganginn eða sendi menn í göngur, ef það er talið heppilegra miðað við gangnakostnað og usla í högum. Miða skal greiðslu við fjallskilakostnað á fullorðna kind í því sveitarfélagi sem féð gengur í og séu tvær kindur, sem til réttar koma, metin ein gjaldeining. Réttarstjóri skal sjá um að telja það fé sem til réttar kemur. Verði ágreiningur um gjaldtöku skulu viðkomandi hreppar tilnefna einn mann hver og sýslumaður einn mann í nefnd til að úrskurða endanlega um ágreiningsefnið.

43. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum refsiheimildum. Renna sektir í fjallskilasjóð þess upprekstrarfélags sem brotið er framið í. Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

44. gr.

Sýslumaður sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Þá heyra undir úrskurð hans allar kærur og kröfur á hendur sveitarstjórnum, er snerta fjallskilamál. Ennfremur geta einstakir aðilar lagt slík ágreiningsmál undir úrskurð sýslumanns.

45. gr.

Samþykkt þessi sem héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Vestur-Húnavatnssýslu nr. 392/1975, svo og breytingar á henni nr. 329/1976 og 97/1986.

Landbúnaðarráðuneytinu, 7. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um skipulag og starfsemi Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík.

1. gr.

Starfrækt skal Náttúrustofa Vestfjarða í Bolungarvík. Bolungarvíkurkaupstaður og önnur sveitarfélög í Vestfjarðakjördæmi sem gerast kunna aðilar að stofunni eiga og reka hana með stuðningi ríkissjóðs.

Ríkissjóður greiðir laun forstöðumanns í fullu starfi. Framlag ríkissjóðs til stofnkostnaðar vegna húsnæðis eða leigukostnaðar eigi það við, innréttinga og bóka- og tækjakaupa getur numið allt að helmingi kostnaðar og fer eftir því sem ákveðið er á fjárlögum hverju sinni, enda liggi fyrir trygging um jafnhátt framlag frá heimaaðilum. Ríkissjóður er eigandi þess framlags sem hann leggur til stofnkostnaðar.

2. gr.

Auk framlags skv. 1. gr. hefur stofan tekjur af útseldri vinnu og annarri gjaldhæfri þjónustu. Renna þær óskiptar til stofunnar og hafa ekki áhrif á framlög ríkissjóðs og heimaaðila skv. 1. gr.

3. gr.

Þær eignir sem til stofnkostnaðar teljast skulu aðeins nýttar í þágu stofunnar nema fyrir liggi samþykki ráðuneytisins um annað.

4. gr.

Hlutverk Náttúrustofu Vestfjarða er:

a) að stunda vísindalegar rannsóknir á náttúru Vestfjarða,
b) að safna gögnum og varðveita heimildir um náttúrufar og stuðla að almennum náttúrurannsóknum og skal einkum lögð áhersla á Vestfirði og sérstöðu náttúrufars á þeim slóðum,
c) að stuðla að æskilegri landnýtingu, náttúruvernd og fræðslu um umhverfismál bæði fyrir almenning og í skólum á Vestfjörðum,
d) að veita fræðslu um náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga á Vestfjörðum,
e) að veita sveitarfélögunum á Vestfjörðum umbeðna aðstoð og ráðgjöf á verksviði stofunnar m.a. vegna nýtingar náttúrulegra auðlinda, skipulagsmála og mats á umhverfisáhrifum framkvæmda, enda komi greiðsla fyrir.

5. gr.

Heimilt er Náttúrustofu Vestfjarða með sérstökum samningi að gerast aðili að sýningarsafni en fjárhagur hennar og safnsins skal vera aðskilinn.

6. gr.

Yfir Náttúrustofu Vestfjarða skal starfa sérstök stjórn, skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Eigendur í héraði tilnefna tvo en ráðherra einn og skal hann vera formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími stjórna er milli reglulegra sveitarstjórnarkosninga. Hlutverk stjórnar er að annast rekstur stofunnar, gera fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag hennar og starfsemi.

Launa- og ferðakostnaður stjórnarmanna greiðist af tilnefningaraðilum. Annar kostnaður vegna starfa stjórnarinnar greiðist af stofunni.

7. gr.

Stjórn stofunnar ræður forstöðumann í fullt starf. Hann skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða sambærilega þekkingu. Hann stjórnar daglegum rekstri stofunnar, ræður að henni starfslið með samþykki stjórnar og er í fyrirsvari fyrir stofuna.

Forstöðumaður skal sækja lögbundna fundi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna sem unnar hafa verið á stofunni.

8. gr.

Til að sinna hlutverki stofunnar skal sérfræðingum og aðstoðarmönnum þeirra á stofunni sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna frjáls för um lönd manna en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugripi sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

Komi í ljós við rannsókn verðmæti sem áður voru ókunn ber rannsakanda að tilkynna rétthafa þess lands þar sem verðmætin eru.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 12. og 16. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 29 júlí 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

9. ágúst 1996 Nr. 460

REGLUGERÐ

um (23.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu nr. 421/1988.

1. gr.

Eftirfarandi skal bætt við viðauka 4 við reglugerðina:

Efni	Hámarksmagn og/eða takmarkanir.	Dæmi um lyf og lyfjaform er selja má án lyfseðils.	Áletrun og/eða upplýsingar á fylgiseðli, sem afhenda skal með lyfinu.
Econazolum	Skeiðarstílar. Einstakur skammtur mest 150 mg.	PEVARYL, krem og skeiðarstílar. PEVARYL DEPOT, skeiðarstílar með forðaverkun.	Texti á fylgiseðli samkvæmt ákvörðun lyfjanefndar ríkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 44. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. ágúst 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.

Nr. 461 13. ágúst 1996

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi miðbæjar í Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 13. ágúst 1996, staðfest breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Hafnarfjarðar frá 27. apríl 1990.

Breytingin er fólgin í því að á lóðinni nr. 55 við Strandgötu er heimilað að byggja þriggja hæða stafhús í stað einnar hæðar tengibyggingar.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 13. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 61 – 1996

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellsbæjar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Mosfellsbæjar, er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Hitaveitu Mosfellsbæjar, nr. 254, 8. maí 1996:

4. gr. 1. Heitt vatn um rennslismæli:

A. Fyrir hvern rúmmetra vatns hækki úr kr. 49,20 og verði kr. 50,80.

Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytinu, 22. ágúst 1996.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

Stjórnartíðindi B 61, nr. 462. Útgáfudagur 23. ágúst 1996.

B 82
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 1996

Nr. 463 1178 13. ágúst 1996

SAMÞYKKTIR

fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn.

I. Nafn sjóðsins, heimili og tilgangur.

1. gr.

Heiti sjóðsins er Íslenski lífeyrissjóðurinn. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

II. Aðild að sjóðnum. Framlag sjóðfélaga.

3. gr.

Félagar í sjóðnum geta orðið allir einstaklingar sem leggja stund á sjálfstæða starfsemi eða ber ekki lagaskylda til að vera í öðrum lífeyrissjóðum.

Aðrir einstaklingar sem skv. lögum verða að greiða í aðra lífeyrissjóði geta greitt viðbótariðgjöld í sjóðinn.

Þeir sem vilja gerast sjóðfélagar skulu afhenda stjórn sjóðsins skriflega inntökubeiðni og felst í henni yfirlýsing um að þeir vilji hlíta samþykktum sjóðsins.

Þeir sem eiga inneign í sjóðnum teljast sjóðfélagar.

4. gr.

Sjóðfélögum er frjálst að ákveða fjárhæð framlags síns til sjóðsins, en það takmarkast þó af ákvæðum laga um lágmarksgreiðslur í lífeyrissjóð á hverjum tíma.

Gerist einstaklingur sjóðfélagi í þessum sjóði, sem hefur verið sjóðfélagi í öðrum lífeyrissjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að taka við sem eingreiðslu því fé er hann kann að fá útborgað úr þeim sjóði sem hann flyst úr.

5. gr.

Fé það, sem lagt er inn í nafni sjóðfélaga, skal vera séreign hans. Auk þess skal færa til eigna hjá hverjum sjóðfélaga þær tekjur af vöxtum og verðbótum sem sjóðnum áskotnast vegna eignar hans í sjóðnum.

Sjóðfélaga er heimilt gegn skriflegri beiðni að verja hluta iðgjalda sinna til tryggingakaupa hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Þær tryggingar sem um ræðir eru: líftrygging, lífeyristrygging og sjúkra- og slysatrygging vegna tímabundinnar eða varanlegrar örorku. Tryggingaiðgjaldið dregst frá séreign sjóðfélagans.

Hreinar tekjur sjóðsins skiptast milli sjóðfélaga í hlutfalli við eign hvers um sig og færast árlega á sérreikning þeirra.

Gutenberg

III. Greiðslur úr sjóðnum.

6. gr.

Inneignir sjóðfélaga greiðast þannig:

1. Sjóðfélagi, sem orðinn er fullra 60 ára að aldri, á rétt á að fá inneign sína greidda út smám saman. Skal miða við að innstæðan greiðist með jöfnum árlegum greiðslum á eigi skemmri tíma en 10 árum. Sama rétt hefur sjóðfélagi, sem verður að hætta störfum vegna varanlegrar heilsubilunar áður en hann nær 60 ára aldri.
2. Deyi sjóðfélagi kemur inneign hans í sjóðnum í hlut erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga um lögerfðir. Hlut barna, undir 18 ára aldri, ber að skipta með jöfnum greiðslum á 10 ár eða á þau ár, sem barnið vantar í 18 ára aldur, hvort sem lengra er. Hlut eftirlifandi maka ber að skipta með jöfnum greiðslum á minnst 10 ár.

Stjórn sjóðsins er heimilt að víkja frá fyrrgreindum ákvæðum þessarar greinar ef innstæðan er svo lítil að árlegar greiðslur geti ekki náð eftirtöldum upphæðum:

a. Til sjóðfélagans, 125% þess árgjalds sem hann greiddi síðast í sjóðinn.
b. Til eftirlifandi maka, 75% af árgjaldi því sem vísað er til undir a.
c. Til hvers barns, 20% af árgjaldi því sem vísað er til undir a.

Í þeim tilvikum, sem talin eru undir stafliðum a-c, má stjórn sjóðsins dreifa greiðslum á skemmri tíma en 10 ár, en þó þannig að árlegar greiðslur fari ekki fram úr þeim upphæðum sem þar eru taldar.

Með jöfnum greiðslum er hér átt við jafnar greiðslur að tiltölu við fjölda greiðsluára, þannig að sjóðfélagi fái á hverju ári þann hluta af innstæðu sinni, að meðtöldum tekjum vegna hennar, sem svarar tölu þeirra ára er eftir standa af endurgreiðslutímanum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að greiða alla inneign sjóðfélaga í einu lagi ef hann fer úr þessum sjóði og gerist félagi í öðrum lífeyrissjóði sem hefur starfsleyfi skv. lögum. Það sama á við ef sjóðfélagi fer úr sjóðnum og kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum sem samþykktar hafa verið af fjármálaráðuneytinu. Það er skilyrði þess að greiða megi alla inneignina í einu lagi að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir hlutaðeigandi sjóðfélaga samkvæmt þeim almennu reglum sem gilda um samskipti lífeyrissjóða.

IV. Ávöxtun eigna sjóðsins.

8. gr.

Eignir sjóðsins skal ávaxta á eftirfarandi hátt:

1. Í ríkisskuldabréfum.
2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs eða stofnana ríkis og/eða sveitarfélaga.
3. Í bönkum og sparisjóðum.
4. Í skuldabréfum, tryggðum með veði í fasteignum, enda sé þess gætt að fjárhæð skuldabréfs, að meðtöldum þeim veðskuldum sem framar standa, sé innan við 60% af brunabótamati fasteignar eða markaðsverði hennar sé það álitið lægra.
5. Í skuldabréfum banka, fjárfestingarlánasjóða og annarra lánastofnana en þeirra, sem að framan eru greindar, enda starfi þær á grundvelli laga eða sérstakrar viðurkenningar Seðlabanka Íslands.
6. Í hlutabréfum íslenskra almenningshlutafélaga sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands eða a.m.k. hjá tveimur starfandi verðbréfafyrirtækjum. Þó er óheimilt að verja meira en

5% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á hlutabréfum og ennfremur er sjóðnum óheimilt að eiga meira en 5% í einstöku hlutafélagi.

7. Í öðrum markaðsverðbréfum en þeim, sem að framan eru greind, að því tilskildu að verðbréfin séu skráð á Verðbréfaþingi Íslands. Þó er óheimilt að verja meira en 20% af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins til kaupa á slíkum verðbréfum og mega verðbréf, útgefin af einstökum skuldara, aldrei nema hærri fjárhæð en 5% af heildarverðbréfaeign sjóðsins. Takmörkun þessi á þó ekki við þegar um er að ræða eignir sjóðsins í verðbréfum með ábyrgð ríkis eða banka.

V. Rekstur og stjórn sjóðsins.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð fimm mönnum, þremur skipuðum af stjórn Landsbréfa hf. og tveimur kjörnum á almennum fundi sjóðfélaga til þriggja ára í senn.

Einn varamaður skal tilnefndur af stjórn Landsbréfa hf. og annar skal kjörinn á almennum fundi sjóðfélaga. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, lögráða og fjár síns ráðandi.

Stjórn sjóðsins skal kjósa sér formann og skipta með sér verkum að öðru leyti. Formaður boðar til stjórnarfunda og skal fund halda ef einhver stjórnarmanna krefst þess. Um það sem gerist á stjórnarfundum skal haldin gerðarbók sem undirrituð skal af þeim er fundinn sitja.

Stjórn sjóðsins er ákvörðunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málið, sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum.

Stjórn sjóðsins kemur fram fyrir hönd hans og skuldbindur hann. Stjórnin getur veitt stjórnarmönnum eða öðrum heimild til þess að skuldbinda sjóðinn, sbr. 10. gr.

10. gr.

Landsbréf hf. skulu annast daglegan rekstur sjóðsins skv. sérstöku samkomulagi sem stjórn sjóðsins skal gera við stjórn Landsbréfa hf. þar að lútandi. Þetta samkomulag skal senda lífeyrissjóðaeftirliti eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til kynningar.

VI. Ársreikningur og endurskoðun hans.

11. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Endurskoðendur Landsbréfa hf., sbr. 10. gr., skulu jafnframt vera aðalendurskoðendur sjóðsins. Að auki skal almennur fundur sjóðfélaga kjósa tvo endurskoðendur sjóðsins til þriggja ára í senn og skal a.m.k. annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi, óháður endurskoðendum Landsbréfa hf.

Stjórnin semur ársreikning fyrir lok marsmánaðar næsta árs eftir reikningsárið og leggur hann fyrir endurskoðendur sjóðsins er ljúka skulu athugun hans fyrir lok næsta mánaðar. Skal ársreikningur liggja frammi á skrifstofu Landsbréfa hf. til athugunar fyrir sjóðfélaga. Ársreikningur skal einnig sendur lífeyrissjóðaeftirliti eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi til skoðunar.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju, svo og samkvæmt reglum er kunna að vera settar um ársreikning lífeyrissjóða. Endurskoðendur skulu staðfesta með áritun á ársreikninginn að reikningurinn og bókhald sjóðsins, sem hann er byggður á, sé fært eftir viðurkenndum bókhaldsreglum, svo og að öll ráðstöfun á fé sjóðsins sé í samræmi við ákvæði þessara samþykkta. Jafnframt skal í áritun endurskoðenda

felast staðfesting á því að allar þóknanir og launagreiðslur, svo og bótagreiðslur, er sjóðurinn hefur greitt, hafi verið réttilega gefnar upp til skattyfirvalda.

VII. Fundir sjóðfélaga.

12. gr.

Samþykktum þessum má breyta á almennum fundi sjóðfélaga með 2/3 greiddra atkvæða enda hafi tillögur til breytinga á samþykktum fylgt fundarboði.

Atkvæðisréttur sjóðfélaga telst eftir inneign þeirra við næstliðin áramót. Til breytingarinnar þarf jafnframt samþykki stjórnar Landsbréfa hf.

13. gr.

Skylt er stjórn sjóðsins að boða til almenns fundar sjóðfélaga á a.m.k. þriggja ára fresti, sbr. 9. gr., svo og um breytingar á samþykktum þessum eða kynningu á högum og starfsemi sjóðsins þegar þess er óskað með skriflegri beiðni sjóðfélaga er ráða yfir 10% af heildarinnstæðum í sjóðnum við næstliðin áramót.

VIII. Slit sjóðsins og önnur ákvæði.

14. gr.

Ákvörðun um slit sjóðsins skal tekin af stjórn hans ef meirihluti sjóðfélaga krefst þess eða önnur atriði réttlæta slíka ákvörðun að mati stjórnar sjóðsins. Ákvörðun um slit sjóðsins skal þegar í stað tilkynna lífeyrissjóðaeftirlitinu eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi.

Sé ákveðið að sameina sjóðinn algjörlega öðrum sjóði skal tilkynna það lífeyrissjóðaeftirlitinu eða öðru hlutaðeigandi stjórnvaldi, gefa út innköllun til lánardrottna og halda eignunum aðgreindum þar til fresturinn er útrunninn og lýstum kröfum fullnægt. Þó þarf ekki að halda eignum aðgreindum ef allir lánardrottnar samþykkja eða þeim er gefin fullnægjandi trygging.

15. gr.

Þegar ákvörðun um slit sjóðsins hefur verið tekin, skal stjórn sjóðsins tilnefna þriggja manna skilanefnd er taki við störfum stjórnar. Skilanefndarmenn skulu þegar í stað óska löggildingar á starfi sínu.

Skilanefnd skal láta birta tvisvar í Lögbirtingablaði áskorun til lánardrottna sjóðsins um að lýsa kröfum sínum innan tveggja mánaða frá fyrstu birtingu áskorunarinnar, með sömu réttaráhrifum og gildir um innköllun við gjaldþrotaskipti.

Eignum sjóðsins sem eftir standa þegar skuldir hafa verið greiddar, skal úthluta til sjóðfélaga og annarra rétthafa í hlutfalli við áunnin lífeyrissjóðsréttindi.

16. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja inneignir í sjóðnum, hvort heldur er sem heild eða hluta þeirra, svo sem einstakar útborganir.

17. gr.

Vilji sjóðfélagi (eða erfingjar sjóðfélaga) ekki hlíta úrskurði sjóðstjórnar um eitthvert atriði varðandi sjóðinn getur hann lagt málið fyrir gerðardóm. Sjóðfélagi skal þá tilkynna stjórn sjóðsins það bréflega innan mánaðar eftir að hann fékk úrskurð hennar og jafnframt skal hann tilnefna gerðardómsmann innan tveggja vikna. Þeir koma sér síðan saman um

oddamann, en takist það ekki skal hann skipaður af Lagastofnun Háskóla Íslands. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir báða aðila og verður ekki skotið til almennra dómstóla.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestast samþykktir þessar hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 13. ágúst 1996.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

Nr. 464 13. ágúst 1996

REGLUR

um auglýsingar á lausum störfum.

1. gr.

Reglur þessar gilda um þá starfsmenn ríkisins sem falla undir skilgreiningu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og teljast ekki embættismenn samkvæmt 22. gr. sömu laga.

2. gr.

Auglýsa skal laus störf, þannig að umsóknarfrestur sé a.m.k. tvær vikur frá birtingu auglýsingar.

Ekki er skylt að auglýsa störf í eftirfarandi tilvikum:

1. Störf sem aðeins eiga að standa í tvo mánuði eða skemur.
2. Störf við afleysingar, svo sem vegna orlofs, veikinda, barnsburðarleyfis, námsleyfis, leyfis til starfa á vegum alþjóðastofnana o.þ.u.l., enda sé afleysingu ekki ætlað að standa lengur en 12 mánuði samfellt.
3. Störf sem auglýst hafa verið innan síðustu sex mánaða og í þeirri auglýsingu hafi þess verið getið að umsóknin geti gilt í sex mánuði.

3. gr.

Laust starf telst nægjanlega auglýst ef auglýst er annað hvort þannig:

1. Að auglýsing birtist að minnsta kosti einu sinni í einu dagblaði sem gefið er út á landsvísu,
   eða
2. að auglýsing sé lesin eða birtist að minnsta kosti þrisvar sinnum í tengslum við hádegis- eða kvöldfréttatíma ljósvakamiðils sem nær til alls landsins.

4. gr.

Í auglýsingu um laust starf skulu að minnsta kosti vera upplýsingar um eftirfarandi:

1. Hver veitir nánari upplýsingar um starf.
2. Hvert á umsókn að berast.
3. Hvort hún eigi að vera á sérstökum eyðublöðum og ef svo er hvar sé hægt að fá þau.
4. Umsóknarfrestur.

5. Hvaða starf/starfssvið er um að ræða. Þar komi fram lýsing sem sé nægjanlega greinargóð til þess að væntanlegur umsækjandi geti gert sér glögga grein fyrir því í hverju starfið felst.
6. Starfshlutfall.
7. Hvaða menntunar- og/eða hæfniskröfur gerðar eru til starfsmanns.
8. Hvaða starfskjör eru í boði.
9. Stjórnunarleg staða starfsins innan stofnunar/ríkisfyrirtækis.
10. Hvenær starfsmaður skuli hefja störf.
11. Að öllum umsóknum verði svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 13. ágúst 1996.

Friðrik Sophusson.

Magnús Pétursson.

1. ágúst 1996 Nr. 465

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Miðskólann í Reykjavík.

I. Nafn og markmið.

1. gr.

Skólinn er rekinn sem sjálfseignarstofnun með starfsemi í Reykjavík og heitir Miðskólinn.

2. gr.

Skólinn starfar eftir reglugerðum og lögum um grunnskóla og sjálfstæðri skólastefnu sem stjórn skólans mótar. Lögð skal áhersla á eftirfarandi:

a) Kennslu nemenda í 4., 5., 6., 7. og öðrum bekkjum grunnskóla eftir því sem aðstæður leyfa.
b) Samfelldan skóladag.
c) Stuðning og aðstöðu til heimanáms.
d) Markvissa kennslu í undirstöðugreinum.
e) Fjölbreytta kennslu í söng, tónlist og öðrum listgreinum.
f) Mannúðlegt námsumhverfi.
g) Andlegt og líkamlegt heilbrigði nemenda og prúðmannlega framkomu.

3. gr.

Heimili skólans er í Reykjavík.

II. Stjórn og fjármál skólans.

4. gr.

Stjórn skólans skal skipuð fimm mönnum, þ.e. þremur aðalmönnum og að auki tveimur stjórnarmönnum, sem kjörnir eru til eins árs í senn af foreldrum, sem eiga börn í skólanum. Þegar aðalmaður hverfur úr stjórninni er nýr fulltrúi kjörinn í hans stað af þeim aðalmönnum sem fyrir eru. Stjórnin skal sjá um að skipulag og rekstur skólans sé í samræmi við lög og reglugerðir um grunnskóla.

5. gr.

Stjórn skólans ræður skólastjóra, kennara og annað starfslið. Um réttindi og skyldur skólastjóra og kennara fer eftir samkomulagi eða samningi milli Kennarafélags Miðskólans og skólastjórnar Miðskólans.

6. gr.

Stjórnendur skólans ákveða fjölda nemenda svo og hverjir skulu teknir í skólann ef fleiri umsóknir berast en fært er að sinna. Um hámarksfjölda nemenda í hverri bekkjardeild og skipan nemenda í námshópa skal fara samkvæmt ákvörðun stjórnar.

7. gr.

Fundi foreldra skal halda þegar þörf krefur að mati stjórnar skólans.

8. gr.

Skólinn er rekinn samkvæmt sérstökum efnahags- og rekstrarreikningi.

9. gr.

Eignir skólans eru samkvæmt efnahagsreikningi hans.

10. gr.

Fjár til starfsemi skólans er aflað á eftirfarandi hátt:

a) Með skólagjöldum.
b) Með opinberum styrkjum sem kunna að vera veittir.
c) Með öðrum styrkjum og framlögum sem skólanum áskotnast.

11. gr.

Stjórn skólans ákveður skólagjöld og greiðslufyrirkomulag þeirra.

12. gr.

Leita skal staðfestingar menntamálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari, sbr. 56. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.

Skipulagsskrá þessi var upphaflega samþykkt á aðalfundi Miðskólans, 4. júní 1992, en breytt í núverandi horf þann 26. júní 1996.

Staðfest með vísun til 56. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla. Jafnframt fellur úr gildi fyrri skipulagsskrá frá 4. júní 1992.

Menntamálaráðuneytinu, 1. ágúst 1996.

F. h. r.
Guðríður Sigurðardóttir.

Hrólfur Kjartansson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða, sbr. breytingu með rg. nr. 364/1990, svo og um breytingu á reglugerð nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum.

1. gr.

2. mgr. 33. gr. rg. nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða orðist svo:
Á merkimiða er heimilt að skrá númer eða annað auðkenni framleiðanda.

2. gr.

Við 33. gr. rg. nr. 188/1988 um slátrun, mat og meðferð sláturafurða komi ný málsgrein er verður svohljóðandi:
Landbúnaðarráðherra getur veitt einstökum sláturleyfishöfum heimild til að víkja frá ákvæðum um litamerkingar við gæðaflokkun skv. ákvæðum þessarar greinar og ákvæðum 17. gr.

3. gr.

4. mgr. 13. gr. rg. nr. 168/1970 um heilbrigðisskoðun á sláturafurðum orðist svo:
Merkimiða skal festa tryggilega á hvern skrokk eða hluta af skrokk. Ef afurðir eru ætlaðar til útflutnings getur landbúnaðarráðherra ákveðið sérstakar merkingar á miða þessa.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 30 28. apríl 1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 16. ágúst 1996.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

15. ágúst 1996 Nr. 467

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn úr veitukerfi sínu í heildsölu og smásölu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð hitaveitunnar.

Heildsala.

2. gr.

Fast gjald Akraness er 74.735.600,00 kr. á ári og fast gjald Borgarbyggðar er 29.400.000,00 kr. á ári.

3. gr.

Breytilegt gjald er 22,31 kr. á rúmmetra. Gjaldið leiðréttist miðað við mælt hitastig, sbr. 17. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

Smásala.

4. gr.

Fast gjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fasta gjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bifreiðageymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðar- eða atvinnuhúsnæði.

Fast gjald á mánuði = F x 11,62 kr/m^2, ef F er minna en eða jafnt 130 m^2.

Fast gjald á mánuði = 1.504 kr. + (F-130) x 7,00 kr/m^2, ef F er stærra en 130.

5. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir sem greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 87,40 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

b) Þeir sem ekki greiða fast gjald samkvæmt 4. gr.: 116,90 kr. fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. 18. gr. reglugerðar hitaveitunnar.

6. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða mánaðarlega:

Fyrir mæli með nafnrennsli undir 6 m^3/klst. : 267 kr/mán.

Fyrir mæli með nafnrennsli yfir 6 m^3/klst. : 478 kr/mán.

7. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. 21. gr. reglugerðar HAB, skal greiða gjald 3.105 kr.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða 796 kr.

8. gr.

Stofngjöld skal greiða miðað við rúmmál alls húsrýmis á lóð, samkvæmt fasteignamati. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m að lengd innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	*Stofngjald:*
allt að 250 m^3	69.880 kr.
251-500 m^3	69.880 + 166,50 kr/m^3 yfir 250 m^3
501-1500 m^3	111.570 + 97,70 kr/m^3 yfir 500 m^3
1501-6000 m^3	209.230 + 62,70 kr/m^3 yfir 1500 m^3
yfir 6000 m^3	491.415 + 49,30 kr/m^3 yfir 6000 m^3

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera 52.665 kr. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagjald. Mælagrindargjald er 15.930 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar, á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.190 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

9. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 210,85 stig.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. september 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 662 22. desember 1995.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. ágúst 1996.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

16. ágúst 1996 Nr. 468

GJALDSKRÁ

Akranesveitu.

Vegna rafmagnssölu.
A-hluti.

Akranesveita selur rafmagn á því verði sem greint er frá í B-hluta gjaldskrár veitunnar. Um sölu rafmagns á orkuveitusvæði Akranesveitu gilda auk þess eftirfarandi ákvæði og skýringar:

Ákvæði og skýringar.

A1. Til lýsingar, véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum, sjúkrahúsum, vistheimilum og öðrum stofnunum.
B1. Til notkunar á heimilum.
B2. Til véla og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla og annarra nota við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 30% ástimplaðri flutningsgetu tengla sem eru 3x63 A og 3x125 A, 380 V.
C1. Til atvinnufyrirtækja með meira en 40 kW ársafl. Gjaldstofn aflgjalds er úttekt í kílówöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl í 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkvæmt þessum taxta, að tilskildu samþykki veitustjórnar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

Hitanotkun.

Raforka til hitunar er seld til upphitunar húsnæðis og til iðnaðarhitunar.
D. Öll sala til hitunar er háð ákvörðun veitustjóra og veitustjórnar m.a. með tilliti til:
a. að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka);
b. að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið;

c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu;
d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum;
e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum veitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla;
f. að notkun sé eigi minni en 6000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni, er veitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6000 kWst. á ári eða færa notkunina yfir á D1.
g. Að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíkri notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis og notkun ekki hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.

D5. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku sem veitunni er heimilt að rjúfa að vild.
D6. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14 ½ klst. á sólarhring, en á móti sé a.m.k. jafn mikið afl órofið.

Annað.

1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Veitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi veitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskildu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.
2. Gjald samkvæmt taxta E2 miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði veitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti veitustjórnar.

   Á hesthúsa- og hafnasvæðinu er heimilt að selja rafmagn samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknast á hitataxta D1, en a.m.k. 15% notkunar reiknast á taxta B2. Slík sala er háð samþykki veitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.
3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun samkvæmt þessum lið E3.
4. Þurfi að senda út lokunartilkynningu vegna vanskila á greiðslu skal viðskiptamaður greiða aukalega innheimtugjald samkvæmt lið E4.
5. Þurfi að ósk viðskiptamanns að lesa aukalega á mæli skal hann greiða álestrargjald, nema að um flutning sé að ræða.
6. Veitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Mæla- og rofaleiga.

Veitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 7% fyrir hvert tímabil mánaðarins, sem fer niður fyrir slíkt lágmark. Ársleiga fyrir önnur mælitæki en um getur í B-hluta gjaldskrárinnar skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar.

Heimtaugar.

a. Veitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

b. Í tengigjaldi heimtaugar er innifalin 15 m löng heimtaug. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu greiðfæra leið að varkassa eða töflu. Yfirlengd bráðabirgðarheimtauga reiknast samkvæmt kostnaði.

c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvorttveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breyting er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.

d. Tengigjald vegna spennistöðvar skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi veitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notanda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi. Þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.

e. Viðskiptamaður getur fengið skammtímatengingu við dreifikerfi veitunnar (7 dagar hámark). Leggi veitan einnig til sérsmíðaða töflu skal greiða tvöfalt gjald. Auk þessa greiðist orkugjald samkvæmt B2. Ef tenging fer fram utan daglegs vinnutíma skal viðskiptamaður greiða áfallinn viðbótarkostnað.

f. Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkvæmt kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar setningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

B-hluti.

		Fastagjald kr/ár	Orkuverð kr/kWh
A1	Almenn notkun	2.281	6,11
B1	Heimilisnotkun	2.281	5,78
B2	Mannvirkjagerð og hafnarsvæði	3.401	7,00
C1	Stórnotkun (Afltaxti)	25.980	2,51
	Aflgjald kr/kW/ár	7.237	
D1	Hitun án rofs	3.975	5,72
D2	Hitun, rof 1,5 klst.	3.975	3,09
D3	Hitun, rof 2,5 klst.	3.975	2,79
D4	Næturhitun	3.975	2,01
D5	Sumarhitun	3.975	2,15
D6	Rof breytilegt	3.975	2,54
E1	Sérsamningar		
E2	Gatna- og hafnarlýsing	25.168 kr/kVA/ár	
E3	Lokun og enduropnun veitu	1.089	
E4	Innheimtugjald	525	
E5	Álestrargjald	525	

Leigugjöld		**Fastagjald kr/ár**
10	Einfasa mælir	406
11	Einfasa mælir með liða	2.092
20	Þrífasa mælir	1.581
21	Þrífasa mælir með liða	3.100
24	Þrífasa mælir með str.sp.	3.955
30	Þrífasa aflmælir	2.482
31	Þrífasa aflmælir með str.sp.	4.814

Heimtaugar

Málstærð	*Stofngjald*	*Gjald yfirlengdar*
63 A 1 fasi	32.404	1.395
63 A 3 fasa	55.260	1.704
100 A 3 fasa	79.434	2.050
200 A 3 fasa	140.441	2.865
350 A 3 fasa	230.205	4.088

Spennistöðvar

Stærð spennis	*Stofngjald*
300 kVA	267.000
500 kVA	541.000
600 kVA	622.000
800 kVA	829.000

Bráðabirgðaheimtaugar

Málstærð	*Stofngjald*
35 A einfasa	8.374
35 A þrífasa	12.030
60 A þrífasa	14.760

Tengigjald v/ skammtímanotkunar	2.616
Tengigjald við Akraneshöfn	2.081

C-hluti.

Fylgirit

Iðnaðarhiti:		**Fastagjald kr/ár**	**Orkuverð kr/kWh**
F1	Án rofs	3.975	5,72
F2	Rof 1,5 klst.	3.975	3,09
F3	Rof 2,5 klst.	3.975	2,79
F4	Rof 14,5 klst.	3.975	2,01

Mæla- og rofaleiga v/ húshitunar

1.	Einfasa	406
2.	Einfasa með liða	2.092
3.	Þrífasa	3.100

Sérsamningur v/Borgarprýði.
Orkuverð miðast við næturhitun og hækkar í sama hlutfalli en hefur 13 klst. rof. Fastagjald er samkvæmt almennri notkun og mælaleiga samkvæmt þrífasa.

Orkuverð	*Fastagjald*	*Mælaleiga*
2,47 kWh	2.267 kr/ár	1.571 kr/ár

Vegna sölu á heitu vatni.
D-hluti.

1. gr.

Akranesveita selur heitt vatn samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð.

2. gr.

Fastagjald greiðist af öllu hituðu húsnæði. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði.

Fastagjaldið reiknast út frá flatarmáli (F) samkvæmt fasteignamati. Flatarmál bílgeymslna er ekki tekið með flatarmáli íbúðarhúsnæðis, nema þær séu notaðar sem íbúðareða atvinnuhúsnæði.

Fastagjald á mánuði = F x 11,62 kr/m² ef F er minna en eða jafnt 130 m².

Fastagjald á mánuði = 1.504 kr + (F-130) x 7,00 kr/m², ef F er stærra en 130 m².

3. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er:

a) Þeir sem greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 87,40 kr.
fyrir hvern rúmmetra vatns.

b) Þeir sem ekki greiða fastagjald samkvæmt 2. gr.: 116,90 kr.
fyrir hvern rúmmetra vatns.

Gjaldið leiðréttist miðað við reiknað hitastig við húsvegg sbr. reglugerð Akranesveitu.

4. gr.

Fyrir hvern mæli skal greiða gjald mánaðarlega.

Fyrir mæla með nafnrennsli allt að 6 m³/klst.: 267 kr/mán.

Fyrir mæla með nafnrennsli yfir 6 m³/klst.: 478 kr/mán.

5. gr.

Komi til lokunaraðgerða, sbr. reglugerð Akranesveitu, skal greiða gjald kr. 3.105,00.

Fyrir aukaálestur af mæli skal greiða kr. 797,00.

6. gr.

Stofngjöld skal greiða af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðageymslur. Innifalið í stofngjaldi er heimæð allt að 25 m innan lóðarmarka og mælagrind.

Stofngjald skal vera:

Stærð húss:	**Stofngjald:**
Allt að 250 m³	kr. 69.880
251-500 m³	kr. 69.880 + 166,50 kr/m³ yfir 250 m³
501-1500 m³	kr. 111.570 + 97,70 kr/m³ yfir 500 m³
1501-6000 m³	kr. 209.230 + 62,70 kr/m³ yfir 1500 m³
yfir 6000 m³	kr. 491.415 + 49,30 kr/m³ yfir 6000 m³

Lágmarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 52.665. Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

Fyrir fleiri mælagrindur en eina skal greiða sérstakt mælagrindargjald. Mælagrindargjald er 15.930 kr/grind.

Gjald fyrir heimæðar á skipulögðum þéttbýlissvæðum, sem eru lengri en 25 m innan lóðamarka er 3.190 kr/m umfram 25 m. Utan þéttbýlis kostar hitaveitan heimæð allt að 50 m frá stofnlögn, en húseigandi greiðir það sem umfram er samkvæmt kostnaðarreikningi.

7. gr.

Hitaveitugjöld vegna heitavatns samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 210,85 stig.

Ýmis ákvæði.

Á mæla skal að jafnaði lesa einu sinni eða tvisvar á ári. Veitunni er heimilt að áætla notkun og gefa út reikninga mánaðarlega þess á milli.

Hækki innkaupsverð á raforku er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa varðandi raforku um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður veitunnar vegna almennra verðhækkana, er veitustjórn heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingakostnaðar. Fyrrnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. janúar 1993. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að komi til samþykki iðnaðarráðuneytisins. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1996 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Akranesveitu nr. 666, 27. desember 1995, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 16. ágúst 1996.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

Nr. 469 26. ágúst 1996

REGLUGERÐ

um greiðslu verðmiðlunargjalds af kindakjöti.

1. gr.

Innheimta verðmiðlunargjalds.

Greiða skal verðmiðlunargjald af kindakjöti, sem nemur kr. 7,00 af hverju kg kjöts sem selt er frá afurðastöð á innanlandsmarkað og skal tekjum af gjaldinu varið til verkefna samkvæmt 2. mgr. 19. gr. laga nr. 99/1993, með síðari breytingum.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast álagningu gjaldsins samkvæmt söluskýrslum afurðastöðva og innheimtir það mánaðarlega hjá afurðastöðvunum. Gjalddagi er 25. dag næsta mánaðar eftir sölu og eindagi 30 dögum síðar.

Verðmiðlunargjald kindakjöts er aðfararhæft.

2. gr.

Skipting tekna milli verkefna.

Framleiðsluráð landbúnaðarins og Landssamtök sláturleyfishafa gera fyrir 1. mars ár hvert tillögu til landbúnaðarráðherra um skiptingu árlegra tekna af verðmiðlunargjaldi milli eftirfarandi verkefna:

a. Jöfnunar á flutningskostnaði á sláturfé.

b. Jöfnunar á flutningskostnaði kindakjöts.

c. Markaðs- og kynningarstarfsemi.

Óheimilt er að ráðstafa umfram 80% af árlegum tekjum til verkefna samkvæmt a- og b-liðum 2. mgr. og umfram 30% til verkefna samkvæmt c-lið. Aldrei má ráðstafa meiru en árstekjum af verðmiðlunargjaldi samanlagt til ofangreindra verkefna.

3. gr.

Jöfnun flutningskostnaðar á sláturfé.

Flutningsjöfnun samkvæmt þessari grein nær aðeins til svæða þar sem meðalflutningskostnaður hefur hækkað vegna fækkunar afurðastöðva frá árinu 1987. Reikna skal hámark flutningsjöfnunar frá framleiðendum til afurðastöðva á eftirfarandi hátt:

1. Allir framleiðendur skulu sjálfir bera kostnað sem nemur kr. 6,50 pr. kg kjöts.
2. Greiða skal að hámarki 80% af þeim kostnaði sem er umfram kostnað samkvæmt 1. tl. Aldrei skal greiða hærri flutningsjöfnun en nemur 50% af flutningskostnaði.
3. Fari styrkþörf samkvæmt þessari grein fram úr ráðstöfunarfé eftir skiptingu samkvæmt 2. gr. skal lækka styrki hlutfallslega jafnt til allra aðila.

Aldrei skal jafna kostnað vegna flutninga sláturfjár lengri leið en að næstu afurðastöð. Þó er heimilt vegna förgunar haustið 1995 að jafna flutning að afurðastöðvum með ESB-leyfi.

4. gr.

Jöfnun flutningskostnaðar kindakjöts.

Reikna skal hámark flutningsjöfnunar frá sláturstað til aðalmarkaðar þannig:

1. Sláturleyfishafi ber allan kostnað við flutning kindakjöts fyrstu 100 km ef flutt er landveg og hliðstætt hlutfall ef flutt er sjóveg. Lestun og losun er innifalin í þessum kostnaði.
2. Fyrir hvern einfaldan km sem flutt er umfram 100 km greiðist flutningsjöfnun, kr. 1,15 pr. kg kjöts að meðaltali á hverja 100 km. Sama fjárhæð greiðist þótt flutt sé sjóleiðis milli sömu staða.
3. Fari styrkþörf samkvæmt þessari grein fram úr ráðstöfunarfé eftir skiptingu sem ákveðin hefur verið samkvæmt 2. gr., skal lækka styrki hlutfallslega jafnt til allra aðila.

5. gr.

Styrkir til markaðs- og kynningarmála.

Framleiðsluráð landbúnaðarins og Landssamtök sláturleyfishafa meta þörfina fyrir markaðs- og kynningarstarfsemi hverju sinni. Við mat og framkvæmd á verkefnum skal m.a. eftirfarandi gætt:

1. Velja skal að öðru jöfnu verkefni sem nýtast öllum afurðastöðvum óháð legu þeirra og stærð.
2. Nýta skal hagkvæmni stærðar til þess að ná niður kostnaði við hvert einstakt verkefni.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkæmt heimild í 27. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1996 skal tillaga skv. 2. gr. berast landbúnaðarráðherra eigi síðar en 10. september það ár.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 1996.

F. h .r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Skúlagötu, Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 27. ágúst 1996, staðfest breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 20 við Skúlagötu, sbr. staðfest deiliskipulag staðgreinireits 1.153.1 frá 19. september 1985.

Breytt er byggingarreitum og hæð húsa.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 27. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 471 27. ágúst 1996

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits 4.38, Selási, Reykjavík.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 27. ágúst 1996, staðfest breytingu á deiliskipulagi staðgreinireits 4.38, Suður-Selás (Viðarás 19 - 39), Reykjavík frá 14. desember 1984.

Breytingin felur í sér að heimilt er að byggja parhús í stað einbýlishúsa á umræddum lóðum með tilheyrandi breytingum á byggingarskilmálum.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki borgarstjórnar Reykjavíkur. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytingu þessa til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 27. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 472 27. ágúst 1996

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990-2010.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 27. ágúst 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar, er staðfest var 30. nóvember 1990 með síðari breytingum, og tekur til tjaldsvæðis og útivistarmiðstöðvar að Hömrum.

Breytt er landnotkun þannig að óbyggt svæði verður að hluta útivistarsvæði til sérstakra nota (tjaldsvæði) og svæði fyrir verslun og þjónustu.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 27. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

27. ágúst 1996 Nr. 473

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Borgarness 1977-1997.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 27. ágúst 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarness 1977 - 1997 frá 30. mars 1978 með síðari breytingum.

Breytingin er á þann veg að iðnaðarlóðir nr. 13 og 15 við Brákarbraut verða verslunar-, þjónustu- og stofnanalóðir.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Borgarbyggðar. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 27. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

27. ágúst 1996 Nr. 474

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993-2013.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra, þann 27. ágúst 1996, staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013 frá 19. maí 1994 með síðari breytingum.

Breytingin felst í lokun Skólamerkur milli Breiðamerkur og Reykjamerkur.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðis. Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt breytinguna til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 27. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 27. ágúst 1996 staðfest aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 1994-2014.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr.19/1964 mæla fyrir um. Samþykki hreppsnefndar Svalbarðsstrandarhrepps liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 27. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 63 - 1996

31. ágúst 1996 1197 Nr. 476

AUGLÝSING

um útflutningshlutfall kindakjöts og útflutningsgjald.

Samkvæmt 4. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, sbr. breytingu með lögum nr. 124/1995 og tillögu Bændasamtaka Íslands hefur verið ákveðið að neðangreint hlutfall kindakjöts af slátrun haustsins 1996 verði flutt á erlendan markað:

a. Dilkakjöt 19%.
b Kjöt af fullorðnu fé 19%.

Þá hefur verið ákveðið, samkvæmt tillögum Framkvæmdanefndar búvörusamninga, að útflutningsgjald af kindakjöti verðlagsárið 1996-1997, sbr. 5. mgr. 29. gr. laga nr. 99/1993, sbr. breytingu með lögum nr. 124/1995, verði eftirfarandi:

a. Á dilkakjöti kr. 194,83 pr. kg.
b. Á fullorðnu fé kr. 169,37 pr. kg.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 29. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 31. ágúst 1996.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Stjórnartíðindi B 63, nr. 476. Útgáfudagur 2. september 1996.

B 84
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 1996

Nr. 477 1198 3. september 1996

REGLUGERÐ

um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjöldum af kindakjöti.

1. gr.

Innheimta skal verðskerðingargjöld af öllu kindakjöti sem til fellur í sláturhúsum umfram útflutningsskyldu, þó ekki af heimteknu kjöti, sbr. a-lið 2. gr. reglugerðar nr. 422/1996.

a) Innheimta skal 8% af verði kindakjöts til framleiðanda, eins og það er skráð í verðlagsgrundvelli sauðfjárafurða.

b) Innheimta skal verðskerðingargjald af afurðarstöðvum, sem nemur 5% af slátur- og heildsölukostnaði kindakjöts, eins og hann er reiknaður af verðtöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem ráðherra staðfestir.

2. gr.

Afurðastöðvum er skylt að standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslum um alla slátrun sauðfjár og ráðstöfun kjötsins hvort sem er til innleggs, heimtöku eða annars. Framleiðsluráð reiknar verðskerðingargjöldin samkvæmt skýrslum afurðastöðvanna. Afurðastöð skal innheimta þau gjöld sem hverjum framleiðanda er skylt að greiða.

3. gr.

Verðskerðingargjöldin greiðast af afurðastöðvum. Gjalddagi verðskerðingargjalds samkvæmt a-lið 1. gr. skal vera 25. hvers mánaðar vegna næstliðins framleiðslumánaðar, fyrst 25. nóvember 1996 vegna framleiðslu í september og október. Verðskerðingargjald skv. b-lið 1. gr. greiðist með þremur jöfnum greiðslum, 25. nóvember, 25. febrúar og 25. maí ár hvert. Séu gjöldin ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal innheimta dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

4. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar afurðir þykja að mati Framleiðsluráðs ófullnægjandi eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skýrslum skv. 2. gr. skal Framleiðsluráð skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn. Fái Framleiðsluráð fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Gutenberg

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi, er Framleiðsluráði heimilt að áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri áætlun. Senda skal skriflega tilkynningu til greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins krafist þess skriflega að Framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu lokaafgreiðslu.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

5. gr.

Skylt er Framleiðsluráði að halda innheimtum verðskerðingargjöldum sérgreindum og skal gjöldunum varið til markaðsaðgerða fyrir kindakjöt, bæði hér á landi og erlendis. Framleiðsluráð skal fyrir 1. september ár hvert gera áætlun um tekjur af innheimtu verðskerðingargjalds á almanaksárinu og ráðstöfun þess. Hvers konar ráðstöfun á tekjum af verðskerðingargjaldi skal vera háð samþykki landbúnaðarráðherra.

6. gr.

Reglugerð þessi er samkvæmt heimild í 20. og 21. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. september 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

3. september 1996 Nr. 478

REGLUGERÐ

um innheimtu og ráðstöfun á verðskerðingargjaldi af hrossakjöti.

1. gr.

Innheimta skal 2% verðskerðingargjald af öllu hrossakjöti. Skal gjaldið dregið af verði til framleiðenda eins og það er ákveðið af verðlagsnefnd búvöru (sexmannanefnd), eða áætlað skv. verðtöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins, sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

2. gr.

Afurðastöðvum er skylt að standa Framleiðsluráði landbúnaðarins skil á skýrslum um alla slátrun hrossa og ráðstöfun kjötsins hvort sem er til innleggs, heimtöku eða annars. Framleiðsluráð reiknar verðskerðingargjaldið samkvæmt skýrslum afurðastöðvanna. Afurðastöð skal innheimta það gjald sem hverjum framleiðanda er skylt að greiða.

3. gr.

Verðskerðingargjaldið greiðist af afurðastöðvum. Gjalddagi skal vera 25. hvers mánaðar vegna næstliðins framleiðslumánaðar. Sé gjaldið ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal innheimta dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu reiknast hinir sömu og hjá innlánsstofnunum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

4. gr.

Ef gögn um viðskipti með gjaldskyldar afurðir þykja að mati Framleiðsluráðs ófullnægjandi eða gjaldskyldur aðili skilar ekki skýrslum skv. 2. gr. skal Framleiðsluráð skora á viðkomandi aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og gögn. Fái Framleiðsluráð fullnægjandi skýringar og gögn innan tiltekins tíma skal gjaldið ákvarðað og innheimt í samræmi við þau.

Berist svar við áskorun skv. 1. mgr. ekki innan tiltekins tíma eða ef skýringar eða gögn eru ófullnægjandi, er Framleiðsluráði heimilt að áætla gjaldið og innheimta það skv. þeirri áætlun. Senda skal skriflega tilkynningu til greiðanda gjaldsins um áætlunina. Telji greiðandi áætlunina ranga, getur hann innan 20 daga frá og með póstsendingardegi tilkynningar um áætlun gjaldsins krafist þess skriflega að Framleiðsluráð taki áætlunina til endurskoðunar. Skal sú krafa rökstudd með söluskrám eða öðrum nauðsynlegum gögnum. Framleiðsluráð skal innan eins mánaðar frá lokum þessa frests gera greiðanda skriflega grein fyrir afgreiðslu á kröfu hans. Heimilt er greiðanda að skjóta lokaafgreiðslu Framleiðsluráðs til landbúnaðarráðherra og skal skrifleg og rökstudd beiðni þar um hafa borist ráðherra innan 30 daga frá póstlagningu lokaafgreiðslu.

Beiðni um endurskoðun á áætlun gjaldsins eða deila um gjaldskyldu frestar ekki eindaga né leysir undan neinum viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu þeirra. Ef gjaldið er lækkað samkvæmt afgreiðslu Framleiðsluráðs eða úrskurði ráðherra skal endurgreiðsla þegar fara fram.

5. gr.

Skylt er Framleiðsluráði að halda innheimtu verðskerðingargjaldi sérgreindu og skal gjaldinu varið til markaðsaðgerða fyrir hrossakjöt, bæði hér á landi og erlendis. Framleiðsluráð skal fyrir 1. september ár hvert gera áætlun um tekjur af innheimtu verðskerðingargjalds á almanaksárinu og ráðstöfun þess. Hvers konar ráðstöfun á tekjum af verðskerðingargjaldi skal vera háð samþykki landbúnaðarráðherra.

6. gr.

Reglugerð þessi er samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 3. september 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um flutningaflug nr. 641/1991 með síðari breytingum.

1. gr.

Í orðaskýringum 1.0 bætist við eftirfarandi orðskýring í viðeigandi stafrófsröð:
Árekstrarvari (ACAS, Airborne Collision Aviodance System): Búnaður sem komið er fyrir í loftfari og les merki ratsjárvara annarra loftfara. Búnaðurinn segir til um hvort önnur loftför eru í nánd, hvaða hætta er á árekstri og varar flugmann við, ef þörf krefur.

2. gr.

Á eftir grein 4.5.5. bætist við ný grein 4.5.6., svohljóðandi:

4.5.6 Nú fær flugstjóri viðvörun frá árekstrar- eða jarðvara um yfirvofandi háska og er honum þá vítalaust að víkja frá flugleiðsögufyrirmælum flugumferðarstjórnar. Slík frávik skal tilkynna flugumferðarstjórn svo skjótt sem auðið er.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 188. gr. laga nr. 34/1964 um loftferðir með síðari breytingum, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 27. ágúst 1996.

Halldór Blöndal.

Jón Birgir Jónsson.

4. september 1996 Nr. 480

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Selfoss 1995-2015.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 4. september 1996 staðfest aðalskipulag Selfoss 1995-2015. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Selfoss 1987-2007 er staðfest var 29. ágúst 1988.

Skipulagsuppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um. Samþykki bæjarstjórnar Selfossbæjar liggur fyrir og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 4. september 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 65 – 1996

Nr. 481 1202 19. ágúst 1996

REGLUGERÐ

fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Akureyrarbæjar.

1. gr.

Nafn sjóðsins er Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar. Sjóðurinn var stofnaður með samþykkt bæjarstjórnar Akureyrar og tók til starfa 1. janúar 1942. Sjóðurinn er eign bæjarsjóðs Akureyrar og sjóðfélaga með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að sjá sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum fyrir lífeyri samkvæmt þeim reglum er greinir í reglugerð þessari.

3. gr.

Sjóðfélagar eru allir starfsmenn Akureyrarbæjar og stofnana hans 16 ára og eldri sem ráðnir eru hjá þessum aðilum í hálft starf eða meir í fulla tólf mánuði og falla undir reglur um réttindi og skyldur starfsmanna Akureyrarbæjar. Starfstími þarf ekki að vera samfelldur. Þeir sem njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum teljast sjóðfélagar. Þeir starfsmenn Akureyrarbæjar og stofnana hans, sem skylt er að greiða iðgjöld til annarra lífeyrissjóða sem stofnaðir eru með lögum fyrir tilteknar starfsgreinar sérstaklega, skulu ekki gerast sjóðfélagar í þessum sjóði, vegna starfa er gjaldskylda til slíkra sjóða fylgir.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa bæjarstjóri sem er formaður sjóðstjórnar tveir bæjarfulltrúar sem bæjarstjórn kýs á sama hátt og fastar nefndir til fjögurra ára og tveir sjóðfélagar tilnefndir til fjögurra ára af starfsmannafélagi Akureyrarbæjar. Fjórir varamenn skulu tilnefndir á sama hátt og til jafnlangs tíma.

5. gr.

Bæjarskrifstofur annast reiknishald sjóðsins innheimta tekjur hans og inna af hendi greiðslur úr honum samkvæmt reglugerð þessari og ákvörðunum sjóðstjórnar.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikning skal semja jafnframt ársreikningi bæjarsjóðs endurskoða hann og úrskurða á sama hátt og reikninga Akureyrarbæjar og stofnana hans.

7. gr.

Sjóðstjórnin skal halda fundi svo oft sem þörf er á. Skal hún halda gerðarbók og skrá í hana allar samþykktir sínar og það sem máli skiptir fyrir sjóðinn og sjóðfélaga.

Gutenberg

8. gr.

Stjórn sjóðsins getur fimmta hvert ár látið tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Auk þess er stjórn sjóðsins skylt að láta rannsókn fara fram á fjárhag sjóðsins hvenær sem telja má hættu á að veruleg breyting til hins verra hafi orðið á fjárhag hans frá síðustu athugun. Leiði rannsókn á sjóðnum í ljós að fjárhagur hans sé ótryggur skal tryggingafræðingurinn gera tillögur til sjóðstjórnar um á hvern hátt skuli efla sjóðinn.

9. gr.

Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og reiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna. Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum. Launagreiðendur greiða í iðgjöld til sjóðsins 6% af þeim föstu launum fyrir dagvinnu persónuuppbót og orlofsuppbót er sjóðfélagi tekur hjá þeim. Skulu þau greidd til sjóðsins samtímis iðgjöldum sjóðfélaga. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna nema hann ætli að nota 95 ára regluna sbr. 12. gr. Þó er sjóðfélaga er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta sbr. 3. mgr. þessarar greinar.

10. gr.

Bæjarsjóður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins.

11. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun á fé hans og skal það gert á eftirfarandi hátt: 1. Í ríkisverðbréfum. 2. Í skuldabréfum sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs. 3. Í skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga. 4. Í skuldabréfum fjárfestingarlánasjóða sem starfa samkvæmt lögum, þ.á.m. veðdeild banka. 5. Í bönkum og sparisjóðum sem fullnægja ákvæðum laga nr. 87/1985. 6. Í skuldabréfum tryggðum með veði í húseignum allt að 50% af brunabótamatsverði, eða sé brunabótamat ekki fyrir hendi þá af matsverði, sem ákveðið er af tveim mönnum, sem sjóðstjórn tilnefnir og allt að 75% af fasteignamatsverði lóða í kaupstöðum og kauptúnum. 7. Í hlutabréfum. Ekki skal verja meiru en 10 % af ráðstöfunarfé sjóðsins til hlutabréfakaupa, þá má hlutabréfaeign ekki nema meiru en 15% af eignum sjóðsins á hverjum tíma. Ennfremur er lífeyrissjóðnum óheimilt að eiga meira en 10% af hlutafé í hverju hlutafélagi. Til þess að fullnægjandi áhættudreifing sé tryggð, skal stjórn sjóðsins setja reglur um hvernig hlutabréfakaupum skuli háttað. Skal þar m.a. kveðið á um hámarkseign sjóðsins í einstökum hlutafélögum, samsetningu hluta í félögum sem fjárfest er í (m.t.t. t.d. fjölda hluta - alm.hlutafél. / samstæðna / skráningu á verðbréfaþingi o.fl.) og mat á verðmæti hluta. Auk ítarlegri ákvæða um hámarkseign sjóðsins í einstökum hlutafélögum. Skulu þar til hliðsjónar hafðar reglur Verðbréfaþings Íslands um skráningu hlutafélaga, eftir því sem við getur átt.

12. gr.

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins hefur rétt til eftirlauna þegar hann hefur náð 65 ára aldri enda láti hann þá af starfi sínu og skyldur er hann að láta af starfi sínu í lok þess mánaðar er hann nær 70 ára aldri. Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími sé 95 ár, hann orðinn 60 ára og lætur af störfum, á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi sem notfærir sér þessa reglu skal greiða iðgjald til sjóðsins þar

til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall en ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til taka lífeyris hefst. Notfæri sjóðfélagi sér ekki þessa reglu áður en hann nær 64 ára aldri skal um iðgjaldagreiðslu hans og lífeyrisrétt fara eftir hinni almennu reglu um lífeyri og þá endurgreiða honum iðgjaldagreiðslur umfram 32 ár. Upphæð eftirlauna er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningi er á hverjum tíma fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá eftirlaun bætist við 1% af föstum árslaunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri. Hafi sjóðfélagi gegnt hærra launuðu starfi eða störfum að minnsta kosti 10 ár fyrr á sjóðfélagstíma sínum skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið enda hafi hann gegnt því í að minnsta kosti 10 ár ella skal miða við það hærra launaða starf sem hann að viðbættum enn hærra launuðum störfum gegndi í að minnsta kosti 10 ár. Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða eftirlaunaþegum á aldrinum 65 ára til 67 ára uppbót á eftirlaun allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð trúnaðarlæknis sjóðsins um heilsufar. Á meðan starfsmaður gegnir áfram starfi eftir að hann hefur verið frá því leystur eða hann fær af öðrum ástæðum áfram greidd óskert laun sem starfinu fylgja á hann ekki jafnframt rétt til lífeyris.

13. gr.

Vaktavinnufólk það er þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem hreyfist með reglubundnum hætti skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr lífeyrissjóðnum enda sé því skylt að greiða iðgjald af vaktaálaginu til sjóðsins. Sama gildir um næturverði og það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á næturnar það er á tímabilinu frá kl. 22.00 - 9.00 og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda. Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%. Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyrinn ákvarðast af og iðgjald er metið eftir. Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlaunum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig umreikna skuli áunnin lífeyrisrétt fyrri ára. Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvaða iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum. Fyrir jafngildi hverrar 12 mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum.

14. gr.

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á engin rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum

föstum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar. Hámark örorkulífeyris miðast við áunnin lífeyrisrétt samkvæmt 12. og 13. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins á undanfarandi 12 mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunnin lífeyrisrétt samkvæmt 12. og 13. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi síðast skal þó reikna áunnin lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs og skulu áunnin lífeyrisréttindi þá reiknast af launum í því starfi sem sjóðfélaginn gegndi síðast eins og þau eru á hverjum tíma. Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50% er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75% er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1% sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meira greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki sem er metinn undir 75% nær 65 ára aldri fær hann greidd eftirlaun samkvæmt ákvæðum 12. og 13. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga. Skylt er öryrkja sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris. Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir enda hafi öryrkinn á þeim tíma sem örorkan óx ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

15. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur eftir sig maka á lífi og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum. Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Hafi hinn látni sjóðfélagi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátið eða hafið töku lífeyris úr sjóðnum fyrir andlátið hækkar makalífeyririnn um 20% af launum þeim er hann miðast við. Sama gildir hafi hinn látni sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira enda hafi hann ekki greitt iðgjöld til annars lífeyrissjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk. Sé makalífeyrir samkvæmt næstu málsgrein hér á undan lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginga skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatryggingum það sem á vantar að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim sem nefndir eru í 2. mgr. þessarar greinar.Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðin 60 ára eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi. Réttur til lífeyris skv. þessari grein fellur niður ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann. Þegar sjóðfélagi deyr sem verið hefur tvígiftur og lætur eftir sig tvo maka á lífi skiptist makalífeyririnn milli þeirra í beinu hlutfalli við þann tíma sem hvor þeirra hefur

verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju fellur allur lífeyrinn til hins en skiptist aftur sé því hjónabandi slitið enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir. Sama regla gildir ef hinn eftirlifandi maki býr samvistum með manni eða konu meðan samvistum er eigi slitið. Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka en einstæð móðir hans ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabil fyrir andlát hans þó eigi skemur en 5 ár og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélaginn lætur eftir sig barn innan 18 ára aldurs sem hann hefur átt með hinum eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsliðar um sambúðartíma eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

16. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka eftirlaun og tekur jafnframt við öðru starfi hjá bænum eða stofnunum hans er veitir aðgang að sjóðnum lægra launuðu en því er hann gegndi áður og skal þá reikna eftirlaun eftir því starfinu sem hærra er launað. Sama reglan gildir þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni en tekur við öðru léttara og lægra launuðu starfi er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á sem í þessari málsgrein ræðir um er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafist vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

17. gr.

Börn og kjörbörn sem sjóðfélaginn lætur eftir sig er hann andast og yngri eru en 18 ára skulu fá lífeyri úr sjóðnum þar til þau eru fullrar 18 ára að aldri enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn og kjörbörn er maður lætur eftir sig er naut eftirlauna eða örorkulífeyris úr sjóðnum er hann andaðist. Ef barnið á foreldri eða kjörforeldra á lífi er sér um framfærslu þess er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga. Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga er njóta eftirlauna eða örorkulífeyris úr sjóðnum þó svo að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri. Fósturbörn er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

18. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjöld til sjóðsins í 3 ár eða lengur fellur réttur til elli- örorku- og makalífeyris ekki niður þótt hann hverfi úr sjóðnum en miðast við áunnin lífeyrisrétt þó með þeirri breytingu að makalífeyrir skal þá aðeins nema 1% af launum fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár að viðbættu 1/2% af launum fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu lauk sbr. 2. mgr. 15. gr. Hafi iðgjöld verið greidd í skemmri tíma en 3 ár

flytjast þau til B-deildar sjóðsins, geymast þar og veita rétt í samræmi við reglur þeirrar deildar. Sé staða eða starf sjóðfélaga lagt niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki er staða hans var í er hún var niðurlögð. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

19. gr.

Nú flyst sjóðfélagi í starf sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði sem stofnaður er með lögum og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í sjóði er hann flyst til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til kaupa á réttindum í hinum nýja sjóði er svari til þess starfstíma er sjóðfélaginn hafði öðlast. Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu þegar sjóðfélagi flyst í annan sjóð sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun sem starfar eftir reglum sem fjármálaráðuneytið samþykkir enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris og ákveðnar eru í þessum reglum. Nú gerist maður sjóðfélagi í þessum sjóði og er þá sjóðstjórninni á tilsvarandi hátt heimilt að veita viðtöku fé því er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði tryggingarfélagi eða stofnun sem að framan greinir og veita honum réttindi í samræmi við það. Einnig getur stjórnin þegar sérstaklega stendur á heimilað réttindakaup aftur í tímann þó ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annar staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar er starfsmaður vinnur hjá að gengið sé frá réttindakaupum innan árs frá því að starfsmaður var ráðinn og að starfsmaðurinn sé eldri en 30 ára þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum. Stjórn sjóðsins ákveður eftir tillögum tryggingafræðings upphæðir þær er greiða skal fyrir réttindi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

20. gr.

Greiðslur úr sjóðnum skulu inntar af hendi mánaðarlega fyrirfram 1. hvers mánaðar.

21. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt reglugerð þessari og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak.

22. gr.

Sjóðfélagar sem fengið hafa lífeyri úr sjóðnum fyrir 1. janúar 1964 skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar frá gildistöku hennar.

23. gr.

Þeir sem orðnir voru sjóðfélagar fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og eiga betri lífeyrisrétt samkvæmt eldri reglugerð sjóðsins skulu halda honum.

24. gr.

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum eftirlaunum örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum fastráðinna bæjarstarfsmanna sbr. 12., 13., 14. og 15. gr. og endurgreiðir þá bæjarsjóður og viðkomandi stofnanir bæjarins þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum til sjóðsins.

25. gr.

Auk aðalsjóðsins sem ákvæði 1. - 24. gr. reglugerðar þessarar gilda um skal vera til sérstök deild er nefnist B-deild fyrir þá starfsmenn 16 ára og eldri sem laun taka samkvæmt kjarasamningi Akureyrarbæjar og STAK en eiga ekki aðild að sjóðnum samkvæmt 3. gr. Í B-deild geta ennfremur verið þeir sjóðfélagar aðalsjóðsins sem hafið hafa töku eftirlauna og lokið réttindavinnslu þar en halda áfram starfi hjá bænum. Ennfremur eiga aðild að B-deild þeir sjóðfélagar sem látið hafa af starfi en greitt iðgjöld til A-deildar skemmri tíma en 3 ár (sbr. 18.gr.) Aðalsjóðurinn og B-deild hans skulu hafa sameiginlegan fjárhag. Iðgjöld starfsmanna skulu vera 4% af föstum mánaðarlaunum en vinnuveitandi greiði 6%. Um lífeyrisréttindi er iðgjaldagreiðslur þessar veita skulu gilda bótaákvæði Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda samkvæmt lögum nr. 95/1980.

26. gr.

Breytingar á reglugerð þessari eru háðar samþykki bæjarstjórnar Akureyrar og STAK.

27. gr.

Reglugerð þessi gildir frá 1. maí 1996 og var gerð breyting á 24. gr. reglugerðarinnar. Fellur þá jafnframt úr gildi reglugerð sjóðsins frá 1. febrúar 1994.

Samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar og stjórn STAK,
1. maí 1996.

Með tilvísun til laga nr. 55/1980 staðfestist reglugerð þessi hér með.

Fjármálaráðuneytinu, 19. ágúst 1996.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Hermann Jónasson.

Nr. 482 28. ágúst 1996

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 261/1995 um undanþágur frá lögheimilisskilyrði sjúkratrygginga.

1. gr.

Við 2. gr. bætist nýr liður sem verði f liður og orðist svo:

f) Þegar um er að ræða einstakling sem íslenska ríkisstjórnin hefur veitt hæli sem flóttamanni.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 4. mgr. 32. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 28. ágúst 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

LÖGREGLUSAMÞYKKT

fyrir Akureyri.

I. KAFLI

Um reglu, velsæmi og almennt öryggi á almannafæri.

Regla og næði.

1. gr.

Bannað er að aðhafast nokkuð það, sem veldur ónæði eða raskar næturró manna.

2. gr.

Enginn má sýna öðrum áreitni á almannafæri eða sýna þar af sér ósæmilega hegðun.

Uppþot, áflog eða önnur háttsemi, sem raskar allsherjarreglu, má ekki eiga sér stað á almannafæri og ekki mega menn þyrpast þar saman, ef það truflar umferð eða veldur vegfarendum öðrum óþægindum.

3. gr.

Lögreglustjóri getur bannað notkun hátalara, hljómflutningstækja, hljóðfæra eða annars þess háttar, á eða við almannafæri, ef ástæða er til að ætla að hún valdi ónæði eða truflun.

4. gr.

Þegar fjölmenni safnast saman á almannafæri, við biðstöðvar almenningsvagna, miðasölur, skemmtistaði, verslanir og aðra afgreiðslustaði, skal fólk raða sér þannig að þeir, sem fyrstir koma, fái fyrst afgreiðslu.

5. gr.

Hver sá, sem staddur er á almannafæri, er skyldur að segja til nafns síns og heimilis, þegar lögreglan krefst þess.

Góðir umgengishættir og hreinlæti á almannafæri.

6. gr.

Öllum ber að gæta þess að ganga vel um á almannafæri og skemma þar ekki hluti eða færa þá úr stað, sem ætlaðir eru til almenningsnota eða prýði. Þetta á einnig við þann hluta af húsum og öðrum mannvirkjum, sem liggja að almannafæri.

Á slík mannvirki og hluti má ekki mála eða teikna og ekki festa auglýsingar, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns, sbr. og reglur um skilti nr. 412/1993.

Þess skal gætt að troða ekki ræktaða bletti, grasreiti, blómabeð og limgerði á almannafæri og bannað er að slíta þar upp gróður.

7. gr.

Enginn má án leyfis húsráðanda láta fyrir berast á eða í húsi hans, á lóðum eða á girðingum, sama á við um þessa staði og aðra sambærilega ef lögregla bannar það, enda verði það talið geta valdið óþægindum eða hættu.

Ekki má fara í híbýli manna í söluerindum, ef húsráðandi leggur við því bann.

8. gr.

Í samræmi við ákvæði heilbrigðisreglugerðar, nr. 149/1990, er bannað að skilja eftir, flytja eða geyma úrgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýti á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um smærri sem stærri hluti svo sem kerrur, bíla, bílhluta, skipsskrokka o.fl. Heimilt er að fjarlægja framangreinda hluti, þ.m.t. númerslausar bifreiðar og bílflök að undangenginni aðvörun, t.d. með álímingarmiða með aðvörunarorðum þar sem tiltekinn er ákveðinn frestur eiganda til úrbóta. Frestur þessi skal að jafnaði vera 7 dagar en þó skemmri ef hætta, mengun o.s.frv. stafar af.

Bílflökum og öðrum verðlausum hlutum er heimilt að farga strax að fresti loknum. Númerslausar bifreiðar sem þannig eru teknar, skulu vera í vörslu Akureyrarbæjar í 45 daga að fresti loknum, en þeim síðan fargað hafi eigandi ekki fyrir þann tíma leyst þær út gegn áföllnum kostnaði, svo sem dráttar- og geymslugjaldi. Liggi fyrir skrásetningarnúmer bifreiðar, vélarnúmer eða annað sambærilegt, þannig að kunnugt sé um eiganda hennar skal honum tilkynnt um förgunina með tryggilegum hætti með 15 daga fyrirvara. Þá skal viðkomandi sýslumanni, eftir atvikum bifreiðaskrá, og veðhöfum, sé um þá kunnugt, gert viðvart um förgunina með 15 daga fyrirvara.

Áfallinn kostnað vegna töku og geymslu númerslausra bifreiða er heimilt að innheimta hjá eigendum bifreiðanna skv. ákvæðum laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með áorðnum breytingum. Þá skal og heimilt að selja nýtilega hluti úr bifreiðum, sem fara skal með samkvæmt framansögðu, til þess að mæta kostnaði vegna töku og geymslu þeirra.

9. gr.

Bæjarstjórn getur sett umgengnisreglur um skemmtigarða, kirkjugarða, leikvelli, lystigarða og önnur opinber svæði, enda séu reglurnar festar upp við innganginn eða á öðrum áberandi stað.

10. gr.

Enginn má raska friði fugla á fuglatjörnum í bænum eða annars staðar í lögsagnarumdæminu.

Óheimilt er að áreita dýr eða raska friði þeirra, svo hættu eða ónæði geti valdið. Ákvæði þetta á ekki við um meindýr, varg o.fl. er sér ákvæði gilda um. Að öðru leyti vísast til ákvæða laga um verndun dýra, nú lög nr. 16/1994, og laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nú lög nr. 19/1994.

Almennar reglur um öryggi á almannafæri, skyldur húsráðenda o.fl.

11. gr.

Meðferð vatns, s.s. við þrif, er óheimil nema í frostlausu veðri, ef þrifin valda rennsli á gagnstétt eða götu eða geta valdið truflun á umferð á annan hátt. Haga skal þrifunum þannig að sem minnst ónæði stafi af þeim fyrir vegfarendur.

Í götubrunna og göturæsi má ekki hella mengandi efnum s.s. spilliefnum o.s.frv., sbr. og reglugerð um fráveitu á Akureyri nr. 87/1990.

Eiganda eða umráðamanni húss er skylt að fjarlægja af húsi sínu snjó og grýlukerti, sem fallið geta niður og valdið hættu fyrir vegfarendur.

Húseigendum er skylt að hlíta fyrirmælum bæjaryfirvalda um frágang girðinga o.þ.h. sem liggja að almannafæri. Einnig skal húsráðendum skylt að snyrta allan gróður, þ.m.t.

trjágróður, sem liggur að almannafæri þannig að umferð vegfarenda sé óhindruð. Gróður, s.s. tré, runnar o.s.frv., skulu ekki skaga út í eða út yfir gangstéttar, gangstíga eða götur, þó er heimilt að þau skagi út yfir, ef hæð þeirra er a.m.k. 2,8 m yfir gangstétt eða gangstíg, en 4,0 m yfir götu. Nánari reglur um skerðingu gróðurs skulu settar af tækni- og umhverfisdeild Akureyrarbæjar og kynntar bæjarbúum með tryggilegum hætti. Hlíti húseigandi eða lóðarhafi ekki fyrirmælum bæjaryfirvalda um frágang samkvæmt þessari grein er heimilt að láta vinna verkið á hans kostnað enda sé honum tilkynnt um það með hæfilegum fyrirvara.

12. gr.

Tilkynna skal lögreglustjóra um fyrirhugaðar hópgöngur, útifundi og því um líkt í því skyni, að hann geti gert viðeigandi ráðstafanir varðandi umferðarstjórn.

13. gr.

Á almannafæri má ekki nota skotvopn, ganga með logandi blys eða kveikja í bálköstum, nema með leyfi lögreglustjóra. Einnig skal leita leyfis lögreglustjóra til að halda flugeldasýningar, nema ef sérstaklega stendur á, s.s. um áramót eða á þrettándanum.

14. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að banna öllum óviðkomandi, sem ekki eiga brýnt erindi, umferð út í skip, sem liggja í höfninni.

15. gr.

Ef ís á Pollinum er ótryggur, getur lögreglustjóri bannað að farið sé út á hann eða sett upp viðvörunarmerki.

16. gr.

Ekki má gera jarðrask, s.s. skurði í gangstéttir, götur eða torg bæjarins né raska þeim á annan hátt, nema með leyfi bæjaryfirvalda. Að verki loknu skal færa það í samt lag, sem raskað var. Þegar gerður er skurður í gangstétt, skal sá, sem verkið vinnur, sjá um að tryggja öryggi gangandi vegfarenda og annarra, s.s. með því að sjá fyrir göngubrautum og tryggja að vegfarendur séu aðvaraðir um farartálmann, s.s. með ljósum, glitmerkjum o.þ.h., þegar dimmt er. Slík verk skulu unnin þannig, að sem minnstur farartálmi verði. Lögreglustjóri gerir þær ráðstafanir, er honum þykir þurfa til að afstýra hættu fyrir vegfarendur. Getur hann bannað umferð um götur að nokkru eða öllu leyti, meðan á verki stendur, eða skipað fyrir um, hvernig umferðinni skuli hagað. Einnig getur hann ákveðið að skurðir í götur séu byrgðir og uppgröftur fjarlægður, þannig að umferð sé óhindruð um göturnar á þeim tíma, sem ekki er unnið, svo sem að næturlagi og um helgar. Þá getur lögreglustjóri, ef hann telur framkvæmdir dragast um of, látið setja í samt lag það, sem raskað var, á kostnað þess, sem verkið átti að vinna.

17. gr.

Þegar hús er byggt, rifið, endurbyggt eða flutt, er eiganda eða verktaka skylt að leita eftir fyrirmælum lögreglustjóra, til að forðast farartálma, hættu eða óþægindi fyrir vegfarendur.

Girðingar, sem hafa verið reistar vegna mannvirkjagerðar, skal fjarlægja, þegar þeirra er ekki lengur þörf.

Þegar hús eða annað mannvirki brennur, það er fjarlægt eða rifið burt, án þess að annað sé byggt í staðinn, er eiganda skylt að ganga svo frá hússtæðinu, að ekki stafi af því hætta, óþrifnaður eða óprýði.

18. gr.

Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús eða breyta því eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki, sem áhrif hafa á útlit umhverfis, nýtingu lóða, grundvöll gjaldtöku og skatta o.s.frv., nema að fengnu leyfi byggingarnefndar, sbr. 9. gr. byggingalaga nr. 54/1978.

Framangreint bann tekur til hverskonar mannvirkja og hluta sem nýttir eru sem mannvirki eða hús. Bann þetta tekur því til lausra húsa, skúra, gáma o.s.frv., þegar notkun þeirra er augsýnilega ekki í samræmi við eðlilega notkun og tilgang þeirra eða þeirra svæða, þar sem þeim hefur verið komið fyrir.

Heimilt er að láta farga slíkum hlutum eða fjarlægja þá, á kostnað eigenda og/eða lóðarhafa, ef hann sinnir ekki fyrirmælum byggingayfirvalda um að fjarlægja þau mannvirki eða hluti, sem um ræðir í þessari grein.

II. KAFLI
Um ökutæki, umferð o.fl.

19. gr.

Vörubifreiðum, sem eru meira en 3,5 tonn að leyfðri heildarþyngd og hópbifreiðum sem eru meira en 5 tonn að leyfðri heildarþyngd, má ekki leggja á götum, einkalóðum í íbúðahúsahverfum eða almenningsbifreiðastæðum bæjarins, nema þau séu til þess ætluð. Bann þetta gildir einnig um hvers konar vinnuvélar og dráttarvélar, án tillits til þunga þeirra. Bæjarstjórn getur veitt undanþágu frá banni þessu og skal þá afmarka og merkja sérstaklega þá staði, sem undanþágan nær til. Undanþágan getur auk staðsetningar tekið til ákveðinna tímabila.

Lögreglustjóri getur bannað stöður hjólhýsa, húsbíla, báta, flutningavagna og þess háttar tækja á götum og almenningsbifreiðastæðum, ef þau þykja valda íbúum ónæði.

20. gr.

Lögreglustjóri eða bæjarstjórn getur takmarkað eða bannað umferð stórvirkra vinnuvéla, vörubifreiða eða annarra bifreiða á einstökum götum, ef slík umferð er álitin hættuleg eða til sérstakra óþæginda fyrir aðra umferð.

21. gr.

Öll umferð torfærutækja, s.s. vélsleða, snjóbíla o.þ.h. er bönnuð innan þéttbýlis í lögsagnarumdæmi Akureyrar og á öðrum þeim svæðum í umdæminu, þar sem slíkt bann kann að verða auglýst sérstaklega. Þó skal eigendum slíkra ökutækja í undantekningartilfellum og þegar aðstæður leyfa heimilt að aka frá heimilum sínum út úr bænum stystu leið og til baka aftur að lokinni ferð. Sama á við um eldsneytistöku. Við slíkan akstur í þéttbýli skal gæta ýtrustu varkárni og haga honum þannig að ekki stafi af hætta eða ónæði fyrir íbúa. Hámarkshraði torfærutækja við þessar aðstæður skal vera 30 km á klukkustund.

22. gr.

Aflvélar kyrrstæðra bifreiða og vinnuvéla sem ekki eru í annarskonar notkun, er óheimilt að hafa í gangi eða skilja eftir í gangi lengur en tvær mínútur, svo komast megi hjá ólofti og hávaða á almannafæri og annars staðar þar sem ætla má að slíkt valdi óþægindum.

23. gr.

Almennur hámarkshraði í lögsagnarumdæmi Akureyrarbæjar skal vera 50 km á klst. Utan þéttbýlis og á einstökum götum eða bæjarhverfum getur lögreglustjóri, að fengnum tillögum bæjarstjórnar, ákveðið annan hámarkshraða.

24. gr.

Þeir, sem flytja hvers konar farm um götur bæjarins, skulu gæta þess vandlega að ganga þannig frá honum, að ekki valdi óþrifnaði eða hættu. Ef eitthvað slæðist eða hrynur niður á almannafæri við flutninginn, fermingu eða losun, er stjórnanda flutningstækisins skylt að hreinsa það upp þegar í stað.

25. gr.

Afgreiðslu fyrir þjónustubifreiðir eða bifreiðasölur má einungis hafa í því húsnæði eða á þeim stað, sem bygginganefnd hefur samþykkt til slíkra afnota. Bygginganefnd getur takmarkað leyfið við tiltekinn tíma og tiltekinn fjölda bifreiða og sett önnur þau skilyrði, sem þurfa þykir.

26. gr.

Börn yngri en fjórtán ára, sem fara um á reiðhjólum, hjólabrettum, hjólaskautum, renna sér á skíðum, sleðum, skíðabrettum o.þ.h., skulu nota hlífðarhjálma og viðeigandi hlífðarbúnað.

III. KAFLI
Um götuspjöld og húsnúmer.

27. gr.

Bæjarstjórn ákveður nöfn á götum og lætur festa upp skilti með þeim, þar sem þurfa þykir, s.s. við gatnamót og á fasteignir.

Húseigendur skulu merkja hús sín með húsnúmeri og eftir atvikum bókstöfum, á götuhlið eða öðrum áberandi stað, vegfarendum og þjónustuaðilum til glöggvunar.

IV. KAFLI
Um verslun, veitingahús, skemmtanahald og knattborðs- og leiktækjastofur.

28. gr.

Utan sölubúða er sala á hvers konar varningi bönnuð með þeim undanþágum, sem hér greinir: Blöð, bæklinga, aðgöngumiða, happdrættismiða, merki og annað þessu skylt má selja á almannafæri. Bæjarstjórn getur veitt leyfi til vörusölu á torgum og öðrum stöðum, enda séu fyrirmæli um verslunarleyfi og önnur ákvæði laga því ekki til fyrirstöðu, að slík leyfi séu veitt. Skal leyfi bæjarstjórnar bundið við ákveðnar vörutegundir og er heimilt að setja leyfinu þau skilyrði, sem talin eru nauðsynleg.

29. gr.

Veitingastaði er heimilt að hafa opna frá kl. 06.00 til 03.00. Allir gestir skulu hafa farið út eigi síðar er 1/2 stundu eftir að lokað er, nema gestir á hótelum og öðrum gististöðum, sem hafa þar náttstað eftir lokunartíma.

Dómsmálaráðherra getur heimilað að skemmtanir megi standa lengur en að framan greinir, ef sérstaklega stendur á. Hið sama gildir um einkasamkvæmi á umræddum stöðum.

Bæjarstjórn getur ákveðið annan afgreiðslutíma en um ræðir í 1. mgr., til lengingar eða til styttingar.

Heimilt er að reka heimsendingarþjónustu allan sólarhringinn.

30. gr.

Óheimilt er að selja börnum innan 14 ára aðgang að leiktækjum. Miðað skal við fæðingarár. Starfsmenn leiktækja- og spilastofa skulu ekki vera yngri en 18 ára. Leiktækja-, spila- og knattborðsstofur má reka frá kl. 12.00 - 23.30 daglega.

V. KAFLI

Um staðgildi samþykktarinnar, hegningarákvæði o.fl.

31. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir lögsagnarumdæmi Akureyrar. Hana ber að túlka með hliðsjón af gildandi lögum og reglum hverju sinni, s.s. hegningarlögum, byggingalögum, umferðarlögum o.s.frv.

32. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, ef ekki liggur við þyngri hegning að lögum og skulu refsimál rekin að hætti opinberra mála.

Hagnaður sá, sem sökudólgur kann að hafa haft af athæfi sínu og enginn einstakur maður eða lögpersóna á löglegt tilkall til, skal gerður upptækur og renna, auk sekta, í ríkissjóð.

33. gr.

Lögreglusamþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum um lögreglusamþykktir nr. 36, 18. maí 1988, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er numin úr gildi lögreglusamþykkt fyrir Akureyri, nr. 44, 28. apríl 1954, með áorðnum breytingum.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 19. ágúst 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Símon Sigvaldason.

Nr. 484 30. ágúst 1996

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Austur-Skaftafellssýslu.

I. KAFLI

Um stjórn fjallskilamála o.fl.

1. gr.

Austur-Skaftafellssýsla er eitt fjallskilaumdæmi. Héraðsnefnd fer með yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í sýslunni. Hún ákveður einnig fjárleitir á öræfum.

2. gr.

Fjallskiladeildir í sýslunni skulu vera: Bæjarhreppur, Nes, Höfn, Mýrar, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Þó er hægt að hafa aðra skiptingu í fjallskiladeildir ef sveitarstjórnir viðkomandi fjallskiladeilda óska, en til þess þarf samþykki héraðsnefndar.

3. gr.

Sveitarstjórnir fara með stjórn og framkvæmd allra afréttar- og fjallskilamála í hverri fjallskiladeild eða deildum innan sveitarfélaganna. Heimilt er sveitarstjórn að fela einum eða fleiri sveitarstjórnarmönnum að hafa á hendi umsjón og framkvæmd fjallskilamála er nefnist þá fjallskilastjóri eða fjallskilanefnd. Sveitarstjórn, fjallskilanefnd eða fjallskilastjóri, skipa

fyrir um reglulegar afréttargöngur og aðrar þær smalanir er samþykkt þessi nær til, nema öræfaleitir og jafna niður fjallskilum, bæði dagsverkum og peningum.

4. gr.

Land það sem fjallskilasamþykkt þessi nær til skiptist í afrétti, heimalönd og öræfi. Það teljast afréttir sem að fornu hafa verið, hvort sem þeir eru í eigu sveitarfélaga, upprekstrarfélaga eða einstaklinga.

Almenningar eða öræfi kallast þau lönd sem óbyggðir eru og sem ekki verða talin til afrétta eða heimalanda.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að stofna sjóð er nefnist fjallskilasjóður og skal hlutverk hans aðeins vera að standa straum af fjallskilakostnaði sem ekki verður inntur af hendi með vinnuframlögum.

Tekjur hans eru þessar:

1. Andvirði óskilafjár.
2. Greiðsla í peningum skv. 3. gr.
3. Sektir vegna brota eða vanrækslu á fyrirmælum samþykktar þessarar.
4. Aðrar tekjur sem sveitarfélagið eða almennur borgarafundur samþykkir að skuli renna í sjóðinn.

Reikninga sjóðs þessa gerir sveitarstjórn samtímis reikningum sveitarsjóðs og lætur fylgja til héraðsnefndar.

6. gr.

Fjallskilum í afréttum og öðrum sumarbeitarhögum skal jafnað niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Heimilt er þó að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda. Vorsmölun skal fara fram ákveði sveitarstjórn svo.

II. KAFLI
Um rekstur á afrétti.

7. gr.

Um upprekstrarrétt á afrétti einstaklinga fer eftir fornri venju eða samningum. Í framangreint afréttarland má taka búpening til sumargöngu af utansveitarsmönnum sem eigi hafa þar upprekstrarrétt en til þess þarf leyfi sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem land liggur. Ekki má veita framangreint leyfi ef ætla má að afrétturinn sé þegar fullnýttur af innansveitarmönnum.

8. gr.

Komi í ljós við ítölu eða á annan sannanlegan hátt að afréttur upprekstarfélags er ekki fullnýttur en heimalönd jarða í samfélagi ofsetin, er sauðfjáreigendum þeirra jarða skylt að reka til afréttar þann hluta búfjárins sem er fram yfir leyfða ítölu afréttar. Verði misbrestur hér á getur sveitarstjórn látið reka fénað á kostnað eiganda. Verði ágreiningur út af grein þessari má vísa honum til úrskurðar sýslumanns.

9. gr.

Heimilt er landráðanda sem verður fyrir ágangi afréttarpenings að gera kvörtun um það til hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við 31. gr. laga nr. 6/1986.

10. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að takmarka og tímasetja rekstur til afrétta á vori.

Þegar rekið er til afréttar gegnum heimalönd manna, skal það gert á þann hátt að sem minnstur bagi verði að og er sveitarstjórn heimilt að ákveða hvaða leiðir skuli fara. Aldrei má án leyfis eiganda reka fé á afrétt nema víst sé að það eigi að vera þar.

11. gr.

Eftir að fé er sleppt í afrétt og allt til fyrstu gangna má enginn smala afrétt né gera afréttarpeningi annað sambærilegt ónæði nema sveitarstjórn leyfi.

III. KAFLI
Fjallskil.

12. gr.

Sérhver sauðfjáreigandi er skyldur til að gera fjallskil með þeim hætti sem sveitarstjórn ákveður. Sveitarstjórn getur ákveðið að smölun heimalanda skuli metin til fjallskila.

Sveitarstjórn jafnar niður öllum kostnaði við fjallskil í réttu hlutfalli við sauðfjáreign. Forðagæsluskýrslur eða skattframtöl skulu lögð til grundvallar niðurjöfnunar fjallskilakostnaðar. Eigendur eyðibýla eru skyldir til að gera fjallskil ef sveitarstjórn ákveður, skal þá fjallskilakostnaður miðast við landverð jarðar að frádregnu verði ræktaðs lands. Sveitarstjórn getur undanþegið þá menn fjallskilaskyldu sem hafa fé sitt í afgirtum heimalöndum eða eyjum.

13. gr.

Skyldur er hver maður að gera fjallskil í því sveitarfélagi sem hann á heimili í. Full fjallskil skal maður inna af höndum í því sveitarfélagi sem fénaði hans er framfleytt í árlangt, enda þótt hann eigi ekki lögheimili þar.

Nú nota einstaklingar eða upprekstarfélög til upprekstur annan afrétt eða heimaland en þeim ber. Skulu þeir aðilar þá inna af höndum full fjallskil eftir sömu reglum og heimamenn í því upprekstarfélagi sem land liggur í. Skal þá miða við fénaðarfjölda þann sem aðkomumenn reka í landið. Þó er heimilt að gera sérstakan samning um fjallskilin.

Sá sem notar land utan upprekstrarfélagsins, skal tilkynna það sveitarstjórn í því sveitarfélagi sem hann á heima í áður en tvær vikur eru af sumri.

14. gr.

Fjallgöngur skulu vera þrennar haust hvert. Skal þá einnig smala til réttar heimalönd sem afréttarfénaður gengur að jafnaði í.

Að auki skal gerð eftirleit ef fjallskilastjórn telur ástæðu til. Sveitarstjórn ákveður að hve miklu leyti smölun heimalands skuli metin til fjallskila. Sveitarstjórn skal sjá um að göngur fari sem mest saman í þeim löndum sem saman liggja.

15. gr.

Allri skylduvinnu og öðrum kostnaði við fjallskil skal fjallskilastjóri jafna niður í tæka tíð. Skal fjallskilabréf hafa borist fjallskilaskyldum aðilum eigi síðar en einni viku fyrir fyrsta gangnadag.

Kærur út af niðurjöfnun fjallskila skulu hafa borist oddvita sveitarstjórnar eigi síðar en 15. september. Náist ekki samkomulag getur aðili skotið máli sínu til úrskurðar sýslumanns.

16. gr.

Á fjallskilabréfi skal tekið nákvæmlega fram hvað hverjum ber að leggja til fjallskila það haust. Ennfremur hverjir skulu leggja menn á hvert afréttarsvæði fyrir sig, nefna til gangnastjóra, svo og þá sem sækja skulu fé í utanhrepparéttir.

Vanræki fjallskilaskyldur aðili að gera þau skil sem honum ber skal hann borga þau eins og kostar að inna þau af hendi. Að auki varðar slíkt sektum sem hækka ef brotin eru ítrekuð.

17. gr.

Sveitarstjórnir skulu skipa einn duglegan gangnastjóra eða gangnaforingja fyrir hvern gangnaflokk. Gangnastjórinn skal skipa fyrir um tilhögun gangna og hafa alla stjórn á þeim. Skal hann sjá um að fjársöfnin séu rekin með reglu til réttar og kveðja menn til að gæta safnsins þar til fénaður er kominn í rétt eða nátthaga. Hver gangnamaður er skyldur að hlýða gangnastjóra sínum.

18. gr.

Gangnastjóri skal áminna gangnamenn að fara svo vel sem unnt er að fénaði í göngum. Ef kindur koma fyrir sem ekki verður komið lifandi til réttа skal slátra þeim og tilkynna eiganda.

19. gr.

Ef fjáreigandi eða jarðeigandi hefur engan færan mann til fjallskila og getur eigi útvegað hann, skal tilkynna það sveitarstjórn eða fjallskilastjóra þrem dögum áður en skilin eiga að vinnast en þessir aðilar útvega mann eða annað sem vantar, svo sem hesta eða fæði. Borgar þá fjáreigandi sektarlaust allan þann kostnað sem af fjallskilum leiðir.

20. gr.

Fjallskilastjórnir skulu koma upp hentugum skýlum fyrir gangnamenn á afréttum, þar sem þess er þörf og skal kostnaður sá er af þessu leiðir greiðast úr sömu sjóðum og fjallskil.

IV. KAFLI
Hreinsun heimalanda.

21. gr.

Hver bóndi er skyldur til að smala heimaland sitt á haustum. Sama gildir um eigendur eyðibýla þótt þeir eigi þar ekki fjárvon.

22. gr.

Sveitarstjórn skal skipa fyrir um reglulegar smalanir heimalanda jafnframt hverjum fjallgöngum. Þar sem víðlend heimalönd liggja að afrétti skulu smalanir þessar fara fram undir umsjón manns sem hún skipar. Allan óskilafénað sem kemur fyrir skal fara með samkvæmt ákvæðum fjallskilastjórnar. Sveitarstjórn getur veitt undanþágu frá ákv. 21. og 22. gr. þar sem fé gengur í afgirtum heimalöndum eða eyjum.

23. gr.

Sveitarstjórn skal sjá um að eftir réttir á haustin séu öll heimalönd rækilega smöluð svo oft er hún telur nauðsynlegt og að fénu verði komið áfram eftir þeim leiðum er hún ákveður.

Þeir sem þurfa að smala víðáttumikil heimalönd, þar sem mikið er um afréttarpening, eiga rétt á að þau gangnaskil séu metin til fjallskila í fjallskilabréfi.

V. KAFLI
Göngur og réttir.

24. gr.

Fjárleitir á öræfum skulu ákveðnar og kostaðar af héraðsnefnd sé talin þörf á. Sveitarstjórn þess sveitarfélags er besta aðstöðu hefur er skylt að framkvæma smölunina. Heimilt er héraðsnefnd að ákveða að fé sem finnst við öræfaleit skuli lógað sama haust.

25. gr.

Réttir í Austur-Skaftafellssýslu eru sem hér segir:

Aðalréttir	*Aukaréttir*
Hvammsrétt	Setbergsrétt
Meðalfellsrétt	

Sveitarstjórnir ákveða hvenær skuli smala til hverrar réttar og skal það tilkynnt hverju sinni í fjallskilabréfi. Fjallskilabréf skal gefið út a.m.k. einni viku fyrir fyrstu smölun.

26. gr.

Fénaðareigendur eru skyldir til að kosta byggingu rétta, þ.e. almennings og dilka, eftir því sem sveitarstjórn ákveður. Nú verður ekki samkomulag um hvernig kostnaði við byggingu réttar skuli jafnað niður og sker þá héraðsnefnd úr. Við hverja aðalrétt skal byggður ómerkingadilkur og sérstakur dilkur fyrir sjúkt fé. Ennfremur skulu byggðir nægilega margir dilkar fyrir fé úr öðrum hreppum.

27. gr.

Sveitarstjórnir skulu fela sérstökum manni eftirlit með viðhaldi rétta, dilka og nátthaga. Skal hann sjá um að rétt, dilkar og nátthagar séu í góðu lagi þegar þarf að nota þá.

28. gr.

Sveitarstjórnir skulu skipa duglegan réttarstjóra við hverja rétt og má réttarstjórnin teljast með gangnaskilum. Réttarstjóri skal láta taka allar sjúkar kindur úr safninu eða réttinni og einangra þær strax og þeirra verður vart. Hann skal sjá um að ómörkuð lömb séu hirt í réttinni og dregin sér í dilk svo eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sér þau. Frá aukarétt skulu ómerkingar ganga til aðalréttar með öðru óskilafé.

Réttarstjóri kveður menn til að skoða óskil vandlega eftir markaskrá og mega þeir ekki yfirgefa þann starfa fyrr en lokið er nema með leyfi réttarstjóra. Allir fjáreigendur skulu gæta þess að fé þeirra verði ekki eftir í óskilum. Réttarstjóri skal sjá til þess að allt fé sé tekið úr réttum og komið til skila.

29. gr.

Í réttum má enginn marka fénað án þess að skýra réttarstjóra frá því hvaða heimild hann hafi til mörkunarinnar.

VI. KAFLI
Hirðing fjár úr utansveitaréttum.

30. gr.

Sveitarstjórn skal, sé þess þörf, skipa glögga og gegna menn til að fara í utansveitaréttir þar sem helst er fjárvon og þar sem fé gengur saman. Skulu þeir hirða fé úr sínu sveitarfélagi eða fjallskiladeild.

VII. KAFLI
Um meðferð óskilafénaðar.

31 gr.

Ómerkingum og óskilafé sem kemur fyrir í réttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi og sér hreppstjóri um að svo sé gert.

Öllum ómerkingum fjallskilasjóðs eða sveitarsjóðs skal lógað í sláturhúsi.

Með fé sem farið hefur yfir varnarlínur skal fara skv. 25. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Sé um óskilahross að ræða sem finnast á afréttum eða heimalöndum, skulu þau, ef enginn finnst eigandi, tilkynnt hreppstjóra. Ef þörf gerist sendir hreppstjóri lýsingar á hrossunum til sveitarstjórna nærliggjandi sveitarfélaga. Ennfremur skal hreppstjóri auglýsa óskilahrossin til sölu á uppboði með 12 vikna innlausnarfresti.

Að öðru leyti gilda reglur um lausafjáruppboð um sölu hrossanna. Skylt er landráðanda þar sem hrossin finnast að annast þau til söludags en rétt á hann á hæfilegu endurgjaldi fyrir.

32. gr.

Fyrir árslok skal sýslumaður birta í Lögbirtingablaði greinilega lýsingu á öllum óskilafénaði sem seldur hefur verið í sýslunni. Í ómakslaun og prentunarkostnað greiðist hæfilegt gjald.

33. gr.

Af andvirði óskilafénaðar greiðist:

1. Gæslukostnaður
2. Sölukostnaður (sölulaun og vottalaun)
3. Auglýsingakostnaður
4. Fundarlaun og björgunarlaun

Að öðru leyti greiðist andvirði fénaðarins til eigenda ef þeir innan septemberloka næst á eftir sanna eignarrétt sinn. Annars fellur verðið í sveitarsjóði.

VIII. KAFLI
Um eftirleit einstakra manna.

34. gr.

Þegar hinum fyrirskipuðu fjárleitum er lokið má sveitarstjórn leyfa einstökum mönnum eftirleitir á afréttum, annaðhvort fyrir ákveðna greiðslu eða á kostnað leitarmanns sjálfs. Fundarlaun fyrir fé sem finnst í slíkri eftirleit má vera 1/2 af verði fjárins.

35. gr.

Skyldur er hver búandi að hirða það fé er finnst í heimalandi hans eftir að almennum smölunum er lokið og tilkynna fjáreigendum.

IX. KAFLI
Um sveltistökur.

36. gr.

Verði gangnamenn eða aðrir varir við fé í ógöngum eða svelti, skal tilkynna það strax sveitarstjórn eða eiganda lands. Síðan skal svo fljótt sem unnt er gerð tilraun til að handsama féð og færa til skila sveitarstjórnar í því sveitarfélagi þar sem féð er teppt, sbr. 57. gr. laga nr. 6/1986. Heimilt er sveitarstjórn að krefja eiganda fjárins um kostnað við sveltistöku þó ekki meiri en andvirði fjárins nemur.

Sé mjög erfitt að ná fé úr svelti að mati sveitarstjórnar er henni skylt að láta skjóta það sé það unnt.

X. KAFLI
Um mörk og markaskrár.

37. gr.

Búfjármörk eru eyrnamörk, brennimörk, frostmerkingar og plötumerki í eyra.

Skyldur er hver fjáreigandi að hafa glöggt eyrnamark á öllu fé sínu. Sé eyrnamark óskýrt skal hyrnt fé brennimerkt á hægra horni marki fjáreiganda, en kollótt fé merkt sama marki með plötumerki í hægra eyra.

38. gr.

Allt sauðfé, veturgamalt og eldra, skal brennimerkja með hreppsmarki í vinstra horn eða merkja með sama marki á plötu í vinstra eyra.

Merki fjallskiladeilda í Austur-Skaftafellssýslu eru sem hér segir:

Bæjarhreppur	Z-1
Nes	Z-2
Höfn	Z-3
Mýrar	Z-4
Borgarhafnarhreppur	Z-5
Hofshreppur	Z-6

39. gr.

Fjármörk geta menn erft, keypt eða eignast að gjöf. Heimilt er að taka upp nýtt mark en enginn má taka upp mark er líkist svo mörkum sem fyrir eru í markaskrá sýslunnar eða nærliggjandi sýslna að hætta sé á misdrætti. Mikil særingarmörk má ekki taka upp né heldur þau mörk sem vandkvæði er á að marka svo glöggt sé. Fleiri en tvö undirben má ekki hafa saman á sama eyra.

40. gr.

Fé skal draga eftir mörkum. Mark helgar markeiganda kind sem mark ber, nema full sönnun komi fyrir að annar eigi.

Óheimilt er manni að draga sér kind sem ekki ber hans rétta mark, hversu lítið sem umfram er eða á vantar.

Ef kind er með brennimarki annars manns en þess er á eyrnamarkið skal sá talinn eigandi sem á brennimarkið. Sönnur skal eigandi brennimarks færa fyrir eignarrétti sínum ef eigandi eyrnamarks krefst þess.

Nú vill maður eigna sér kind ómarkaða, afeyraða eða með óþekkjanlegu eða vafasömu marki og skal þá sveitarstjórn kveða til tvo óvilhalla menn til að meta með sér ástæður þær

sem hlutaðeigandi hefur máli sínu til stuðnings. Komi þeim öllum saman um að mestar líkur séu til að hann eigi kindina, má hann hirða hana sem sína eign annars telst hún til óskila. Við sönnun á eign á búpeningi er frostmerking rétthæst, þar næst brennimark, þá löggilt plötumerki og síðan eyrnamark.

41. gr.

Héraðsnefnd skal láta prenta markaskrá áttunda hvert ár. Héraðsnefnd felur ákveðnum manni, markaverði, umsjón með mörkum og gerð markaskrár. Hann sér einnig um birtingu nýrra marka í Lögbirtingablaði. Markavörður safnar mörkum í markaskrár með aðstoð sveitarstjórna. Sérhver markeigandi er skyldur til að láta birta mörk sín í markaskrá og greiða gjald fyrir sem héraðsnefnd ákveður.

Markavörður skal gæta þess að ekki séu tekin upp ný mörk sem notuð eru í héruðum þar sem búast má við samgangi sauðfjár sbr. reglugerð nr. 579/1989 gr. 11.3.14 varðandi sammerkingar á sauðfé.

Nú vill einhver taka upp nýtt mark eða nota aðflutt mark milli þess sem markaskrár eru gefnar út, skal hann fá til þess samþykki markavarðar sem síðan auglýsir markið í Lögbirtingablaði.

Enginn má nota mark nema það sé birt í markaskrá eða tilkynnt í Lögbirtingablaði. Þeir sem taka upp ný mörk milli þess sem markaskrá er prentuð skulu greiða kostnað við tilkynningu þess. Sama gildir um aðflutt mörk.

Markavörður skal fá þóknun fyrir starf sitt eftir samningi af tekjum þeim sem falla til við prentun markaskrár. Markaskrána skal prenta í það mörgum eintökum að allir markeigendur geti fengið eitt eintak og að auki nokkur til vara.

XI. KAFLI
Um rekstra og flutning búfjár.

42. gr.

Svo skal rekstrum haga að sem minnstur bagi verði þeim er lönd eiga sem um er rekið eða í er áð. Varast skal að rekstrar lendi saman við annað fé.

Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja nema brýn nauðsyn sé. Eigi má leggja upp með rekstur fyrr en sauðljóst er orðið.

43. gr.

Óheimilt er að reka hóp búfjár á vegum og í þéttbýli, nema sérstakt leyfi lögreglustjóra komi til. Heimilt er lögreglustjóra að loka vegum um skemmri tíma fyrir annarri umferð en fjárrekstrum.

Utan þéttbýlis má reka búfjárhópa eftir vegum en fylgja skulu hverjum rekstri nægilega margir gæslumenn. Ef vænta má umferðar á vegum skal einn gæslumanna fara fyrir hópnum. Búfénu skal vikið fljótt og greiðlega út af veginum ef þess gerist þörf.

XII. KAFLI
Um meðferð og hirðingu búfjár og ágang.

44. gr.

Alltaf skal leitast við að fara svo vel með búfé sem unnt er. Eigi má svelta fénað við réttir, í rekstrum, í sláturhúsum eða annars staðar, frekar en unnt er.

Fé sem hýst er í sláturhúsum næturlangt skal hafa aðgang að vatni.

45. gr.

Bannað er að hundbeita fénað í rekstri eða smölun að óþörfu. Ekki má heldur misþyrma búfénaði á nokkurn annan hátt. Valdi hundar tjóni á búfé er eiganda þeirra skylt að bæta það að fullu.

46. gr.

Ef búfé annarra veldur óeðlilega miklum ágangi er eigandi þess skyldur að sækja það þá honum hefur verið tilkynnt um það. Ágangsfénaði skal eigandi koma fyrir í vörslu eða á afrétti.

Ágangsþoli getur skotið máli sínu til sveitarstjórnar skv. 31. gr. laga nr. 6/1986, sinni fjáreigandi ekki ósk hans um að koma í veg fyrir ágang.

Sá sem tekur fé í vörslu sína má ekki fara illa með það á nokkurn hátt. Hann skal sjá um að nægilegt fóður og vatn sé fært fénu.

47. gr.

Kinda sem fara fullgildar girðingar, að dómi úttektarmanna, skulu eigendur gæta svo og stórgripa sem brjóta hlið og girðingar.

Geri þeir það ekki má sveitarstjórn taka ágangspening og selja fyrir kostnaði og uslagjöldum.

XIII. KAFLI

Refsiákvæði og gildistaka.

48. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi sem héraðsnefnd Austur-Skaftafellssýslu hefur samið, staðfestist hér með, samkvæmt lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um fjallskil, meðferð á óskilafé, refaveiðar o.fl. fyrir Austur-Skaftafellssýslu nr. 34 12. mars 1951.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 485 30. ágúst 1996

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Strandasýslu.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Gildissvið.

Samþykkt þessi tekur til allra afréttar- og fjallskilamála í Strandasýslu.

2. gr.

Fjallskilaumdæmi og fjallskilanefndir.

Héraðsnefnd Strandasýslu hefir á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í sýslunni. Sveitarstjórnir annast stjórn og framkvæmd þessara mála, hver í sínu sveitarfélagi, eða í samvinnu þar sem henta þykir. Heimilt er sveitarstjórnum, einum sér eða í samvinnu, að kjósa fjallskilanefndir er sjái um framkvæmd fjallskila á viðkomandi svæði.

II. KAFLI
Notkun upprekstrarlanda o.fl.

3. gr.

Upprekstrarlönd og notkun þeirra.

Sveitarstjórn í hverju sveitarfélagi skal annast, að þeir fjáreigendur, sem ekki hafa nægilegt upprekstrarland fyrir fénað sinn, fái upprekstur annars staðar í sveitarfélaginu þar sem fjalllendi er nægilegt. Gjald til eiganda upprekstrarlands fer eftir samningi, eða ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una slíkri ákvörðun, krafist mats dómkvaddra manna um gjaldhæð.

4. gr.

Ágangur á heimalönd.

Nú verður ágangur búfjár úr einu heimalandi í annað, og getur þá sá, er fyrir ágangi verður kært til hreppstjóra. Sé um að ræða verulegan ágang fjár úr öðrum sveitarfélögum, getur sá er fyrir verður, krafið hinn aðilann um gjald fyrir eða að hann sendi mann í göngur. Um ákvörðun gjalds fer eftir ákvæðum 3. gr. samþykktar þessarar.

III. KAFLI
Bygging og viðhald rétta.

5. gr.

Bygging og viðhald rétta.

Sveitarstjórnir og fjallskilanefndir annast byggingu og viðhald skilarétta og sundurdráttarrétta. Kostnaður við nýbyggingu, endurbyggingu og viðhald rétta greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi sveitarfélags eða sveitarfélaga, eða úr viðkomandi sveitarsjóði eða sveitarsjóðum ef fjallskilasjóður er ekki til staðar. Landeigandi á rétt á bótum fyrir jarðrask vegna réttarbyggingar að mati dómkvaddra manna.

6. gr.

Dilkrými í réttum.

Dilkar í fjárréttum skulu svo rúmgóðir, að enginn þurfi að hleypa út fé fyrr en sundurdrætti er lokið. Skylt er að sjá utansveitarmönnum fyrir nægilegu dilkrými og aðstaða skal vera til að einangra sjúkar kindur. Ómerkingum, óskilafé og línubrjótum skulu ætlaðir sérstakir dilkar.

IV. KAFLI
Mörk og markaskrá.

7. gr.

Mörk.

Til búfjármarka teljast eyrnamörk, brennimörk, plötumerki og frostmerkingar. Hver búfjáreigandi er skyldur til að merkja greinilega allt sauðfé, geitfé og hross.

8. gr.

Merkingar sauðfjár.

Sérhver sauðfjáreigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark á fé sínu, ásamt plötumerki með númeri bæjar og sveitarfélags og sýslutákni. Á hinni hlið merkisins skal skráð númer gripsins, og skal litur merkisins vera í samræmi við reglugerð nr. 579/1989, með síðari breytingum.

9. gr.

Númer sveitarfélaga.

Notuð skulu eftirtalin tákn og númer fyrir sveitarfélög á brennimörk og plötumerki:

Bæjarhreppur	T - 1
Broddaneshreppur (áður Óspakseyrarhreppur)	T - 2
Broddaneshreppur (áður Fellshreppur)	T - 3
Kirkjubólshreppur	T - 4
Hólmavíkurhreppur	T - 5a
Hólmavíkurhreppur (áður Hrófbergshreppur)	T - 5
Hólmavíkurhreppur (áður Nauteyrarhreppur)	NÍ-6 eða T - 8
Kaldrananeshreppur	T - 6
Árneshreppur	T - 7

10. gr.

Markaskráning.

Héraðsnefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar svo oft sem lög mæla fyrir um og felur markaverði söfnun marka, umsjón með mörkum og gerð og útgáfu markaskráa.

11. gr.

Markagjöld.

Hver markeigandi skal greiða markagjald fyrir innfærslu marks í markaskrá. Skal gjaldið ætíð vera svo hátt að það nægi fyrir öllum kostnaði við söfnun marka, svo og skráningu, prentun og útsendingu markaskrár. Greiða skal gjaldið til markavarðar um leið og tilkynnt er um mark.

12. gr.

Upplag markaskrár.

Markaskrá skal prenta í svo mörgum eintökum að hver markeigandi geti fengið eitt eintak. Einnig skal henni dreift til oddvita, hreppstjóra, lögreglustjóra, sláturhúsa, vörslumanna búfjár, markavarða aðliggjandi fjallskilaumdæma og annarra sem málið varðar.

13. gr.

Ný mörk o.fl.

Vilji einhver taka upp nýtt mark, nota aðflutt mark eða skrá nýjan eiganda að marki á milli útgáfa markaskráa, skal hann sækja um það til markavarðar, sem annast auglýsingu marksins í Lögbirtingablaðinu. Er það þá heimilt til notkunar.

V. KAFLI
Göngur og réttir.

14. gr.
Fjallskil.

Fjallskilaskyldur er hver fjáreigandi, ábúandi eða húsráðandi, sem fé á eða hross. Einnig er hann fjallskilaskyldur fyrir börn sín, eigi þau fé, einnig fóðrafé. Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til upprekstrar eða sameiginlegs bithaga með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um fjallskil jarðarinnar eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá héraðsnefnd sjá um að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptast þannig, að eigendur bera ½, hreppar þeir, er fjárvon eiga í löndunum, ¼, og ríkið ¼. Bændasamtök Íslands úrskurða kostnaðarreikninga.

15. gr.
Undanþága frá fjallskilaskyldu.

Sá er notar land í öðru sveitarfélagi fyrir fénað sinn, eða nokkurn hluta hans, skal hafa tilkynnt það sveitarstjórn þar sem hann á heima, áður en 12 vikur eru af sumri, og er hann þá undanþeginn fjallskilaskyldu fyrir þennan fénað. Sama gildir um fénað sem sannanlega gengur ætíð í öruggum girðingarhólfum eða í eyjum.

16. gr.
Niðurjöfnun fjallskila.

Fjallskilum í sumarhögum skal jafna niður á fjallskilaskylda aðila í hlutfalli við tölu fjallskilaskylds búpenings. Fjallskil skulu innt af hendi í vinnu, eftir því sem þörf krefur og við verður komið, ella goldin í peningum eftir mati sveitarstjórna.

17. gr.
Fjallskilasjóður.

Heimilt er að mynda fjallskilasjóð fyrir hvert réttarsvæði. Skal fjallskilareikningur endurskoðast á sama hátt og sveitarsjóðsreikningar.

18. gr.
Fjallskilaseðill.

Hlutaðeigandi sveitarstjórn eða fjallskilanefnd skal árlega, í tæka tíð, semja fjallskilaseðil, þar sem hún fyrirskipar hvernig fjallskilum skuli hagað. Skal hún tilnefna einn eða fleiri leitarstjóra í sveitarfélaginu, sem stjórni göngum leitarmanna og annist að allt fari vel og skipulega fram.

19. gr.
Vanrækslа.

Nú vanrækir maður án lögmætra ástæðna að inna fjallskil af hendi, og skal hann þá, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, auk greiðslu fyrir fjallskilin eins og þau eru metin, gjalda sekt í fjallskilasjóð eða sveitarsjóð þar sem enginn fjallskilasjóður er, allt að helmingi af matsverði fjallskilanna.

20. gr.

Haustleitir.

Tvær skulu fjallgöngur á hausti. Viðkomandi sveitarstjórn eða fjallskilanefnd ákveður leitardaga á sínu svæði. Þá skal smala allt land þar sem fénaður hefur gengið á sumarbeit, sem mest á sama tíma. Sérstaklega skal þess gætt að göngur fari fram samtímis á samliggjandi leitarsvæðum svo að eigi verði misgöngur. Skulu leitarstjórar hafa samráð um þá tilhögun sem best er talin henta til að tryggja samræmingu við smölun. Sveitarstjórnir eða fjallskilanefndir geta, ef þurfa þykir, fyrirskipað þriðju leit og ákveðið leitardag.

21. gr.

Réttardagar.

Skilaréttir skulu vera þessar, taldar upp í tímaröð, sú fyrri í 22. viku sumars og sú seinni tveim vikum síðar:

Réttir	**Fyrri 22. vika sumars**	**Seinni 24. vika sumars**
Í Hrútafirði, innan Fjarðarhornslínu	laugardagur	sunnudagur
Hvalsárrétt í Hrútafirði	laugardagur	sunnudagur
Í Bitrubotni innan varnarlínu	laugardagur	laugardagur
Í Bitrufirði norðan varnarlínu	sunnudagur	laugardagur
Í Kollafirði	sunnudagur	laugardagur
Kirkjubólsrétt í Tungusveit	sunnudagur	laugardagur
Skeljavíkurrétt við Hólmavík	laugardagur	laugardagur
Staðarrétt í Steingrímsfirði	sunnudagur	sunnudagur
Heimaréttir á Langadalsströnd	sunnudagur	laugardagur
Skarðsrétt í Bjarnarfirði	laugardagur	laugardagur
Kjósarrétt og Melarétt í Árneshreppi	laugard. 21. viku	laugard. 22. viku

Sundurdrátt má hafa þar sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða fjallskilanefndir ákveða, og skal færa til skilaréttar það fé sem ekki er dregið upp í sundurdráttarrétt. Heimilt er hlutaðeigandi sveitarstjórn eða fjallskilanefnd að ákveða aðra réttardaga ef nauðsyn krefur.

22. gr.

Réttarstjórar.

Sveitarstjórnir skipa réttarstjóra. Þeir skulu sjá um að réttarstörf gangi sem greiðast, og skulu réttarmenn hlíta fyrirmælum þeirra í hvívetna. Skylt er hverjum þeim sem fjárvon á í skilarétt að mæta þar á réttum tíma til sundurdráttar eða gera ráðstafanir til að féð sé hirt.

23. gr.

Skyldur fjáreigenda.

Rétt er sveitarstjórn eða fjallskilanefnd að setja um það ákvæði í leitarseðil, ef hún telur þess þörf, hversu marga menn hver fjáreigandi skal leggja til í réttina, og má enginn sem skyldur er að gegna réttarstörfum, fara fyrr en sundurdrætti er lokið, nema réttarstjóri leyfi. Ef einhver fjáreigandi utan sveitar eða innan leggur svo illa til réttarstarfa að töf verði að, er réttarstjóra heimilt að ráða menn á hans kostnað til þess að draga fé hans.

24. gr.
Réttartollur.

Réttarbónda skal árlega gjalda réttartoll úr fjallskilasjóði, eða sveitarsjóði þar sem enginn fjallskilasjóður er, ef hann gerir kröfu til þess. Skal gjaldið fara eftir samkomulagi við sveitarstjórn eða mati dómkvaddra manna.

25. gr.
Ómerkingar.

Réttarstjóri skal sjá um að allir ómerkingar séu dregnir í sérstakan dilk og réttarmönnum síðan gefinn kostur á að láta mæður helga sér afkvæmi sín.

26. gr.
Óskilafé og línubrjótar.

Óskilafé er það fé, sem enginn finnst eigandi að, ómerkingar allir sem ær helga sér ekki, mýetið fé og annað fé með ólæsileg mörk. Réttarstjóri skal sjá um að óskilafé og línubrjótar sé dregið í sérstakan dilk og sjúkar kindar settar í einangrun. Óskilafé og línubrjótum skal þegar lógað í sláturhúsi. Réttarstjóri eða hreppstjóri sér um að þessu sé framfylgt. Af sláturverði óskilafjár, sem lógað er skv. ákvæðum þessarar greinar, greiðist áfallinn kostnaður, en viðkomandi sveitarstjórn ákveður ráðstöfun eftirstöðva.

27. gr.
Meðferð búfjár.

Skylt er hverjum manni að greiða sem best fyrir fé annarra. Skal þess gætt að fara vel með fénað við smölun, rekstur, gæslu, sundurdrátt og flutning.

28. gr.
Fjallfé eftir haustleitir.

Fjallfé, sem finnst eftir haustleitir, skal tilkynna réttum eiganda eða oddvita, sem gerir sínar ráðstafanir á tilskildum tíma, ella skal fénu slátrað. Kostnað, sem af þessu leiðir, greiðir réttur eigandi.

VI. KAFLI
Ákvæði um hross.
29. gr.
Merkingar hrossa.

Sérhver hrossaeigandi er skyldur til að hafa skýrt eyrnamark, frostmerkingu eða örmerki á öllum hrossum, veturgömlum og eldri.

30. gr.
Hrossasmölun.

Öllum hrossum, sem ekki eru í vörslu, skal smala til réttar. Sveitarstjórn eða fjallskilanefnd ákveður réttardag. Með óskilahross skal fara þannig, að þau skulu seld nauðungarsölu með þriggja vikna auglýsingarfresti. Innlausnarfrestur skal vera 12 vikur eftir söludag, án sérstakrar áskorunar til eiganda. Hross eru ekki í ábyrgð kaupanda, fyrr en innlausnarfrestur er liðinn.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

31. gr.
Refsiákvæði.

Um brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar skal fara að hætti opinberra mála.

32. gr.
Gildistaka o.fl.

Samþykkt þessi, sem héraðsnefnd Strandasýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Strandasýslu nr. 32 15. febrúar 1946.

Landbúnaðarráðuneytinu, 30. ágúst 1996.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.

Nr. 486 29. ágúst 1996

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. að hámarkshraði í Hamrahlíð á milli Háuhlíðar og Eskitorgs verði 30 km/klst.
2. að hámarkshraði verði 30 km/klst. á eftirtöldum götum í Hlíðahverfi:
   húsagötu Miklubrautar
   Eskihlíð frá Skógarhlíð að Eskitorgi
   Mjóuhlíð
   Engihlíð
   Reykjahlíð frá Miklubraut að Eskihlíð
   Barmahlíð frá Lönguhlíð að Engihlíð
   Mávahlíð frá Lönguhlíð að Reykjahlíð
   Drápuhlíð frá Lönguhlíð að Reykjahlíð
   Blönduhlíð frá Lönguhlíð að Eskihlíð
3. að biðskylda verði á Lindargötu gagnvart Klapparstíg og á Lindargötu gagnvart Vatnsstíg og að stöðvunarskylda verði á Grundarstíg gagnvart Bjargarstíg.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. ágúst 1996.

Böðvar Bragason,
e.u.
Sturla Þórðarson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 1996

12. september 1996 1229 Nr 487

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum fyrir Norðurlandi.

1. gr.

Frá og með 13. september til og með 27. september 1996 eru allar loðnuveiðar bannaðar sunnan 68°00'N milli 18°30'V og 21°00'V.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. september 1996.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 66, nr. 487. Útgáfudagur 12. september 1996.

B 86
Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 1996

Nr. 488 1230 13. september 1996

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist eftirfarandi breyting á gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja er taki gildi 15. september 1996.

Gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja nr. 9 12. janúar 1996 fyrir raforku með áorðnum breytingum. Taxti D. Hitun - hækkar um 2,14%.

Gjaldskrá Bæjarveitna Vestmannaeyja nr. 10 12. janúar 1996 fyrir heitt vatn. Allir liðir gjaldskrárinnar hækka um 2,14%.

Iðnaðarráðuneytinu, 13. september 1996.

F. h. r.
Sveinn Þorgrímsson.

Steinunn Bjarman.

Nr. 489 2. september 1996

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 361/1995, um skattrannsóknir og málsmeðferð hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðast svo ásamt fyrirsögn:

Skráning og meðferð móttekinna gagna.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal skrá gögn sem aflað er frá skattaðila er sætir rannsókn og veita honum staðfestingu um móttekin gögn. Að rannsókn lokinni ber að afhenda skattaðila þau aftur verði ekki frekar aðhafst, en ella gögn þau, sem rannsókn er ekki byggð á eða hafa ekki þá þýðingu fyrir niðurstöðu rannsóknar að þörf sé á að halda þeim, og önnur gögn, þegar þörf telst ekki lengur vera á haldi þeirra og í síðasta lagi þegar meðferð máls er endanlega lokið. Skal skattrannsóknarstjóri ríkisins gefa út skriflega kvittun fyrir afhendingu gagna.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal, svo sem frekast er kostur, leitast við að tryggja skattaðila nauðsynlegan aðgang að gögnum hans meðan á meðferð máls stendur, með tíma-

Gutenberg

Endurprentað blað.

bundinni afhendingu gagna, ljósriti af einstökum skjölum eða með því að veita skattaðila aðgang að gögnum hans, hvort heldur á embættisskrifstofu skattrannsóknarstjóra ríkisins eða á embættisskrifstofum skattstjóra utan Reykjavíkur, ef það þykir hentugra með hliðsjón af búsetu skattaðila, enda sé tryggt að slíkt spilli ekki rannsóknarhagsmunum.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins skal leiðbeina skattaðila um rétt hans til afhendingar og aðgangs að gögnum meðan á meðferð máls stendur.

2. gr.

32. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Tilkynna skal skattaðila lok málsmeðferðar hjá skattrannsóknarstjóra ríkisins og standa honum skil á gögnum í samræmi við ákvæði 1. mgr. 10. gr.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 2. september 1996.

F. h. r.
Bragi Gunnarsson.

Ragnheiður Snorradóttir.

12. september 1996 Nr. 490

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 328/1996 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Verð- og magntollar sem tilgreindir eru í 2. gr. reglugerðarinnar vegna innflutnings á eggaldinjurtum (0709.3000) breytast þannig að verðtollur verður 30% í stað 15% og magntollur 0 kr/kg í stað 58 kr/kg.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðlast þegar gildi og gildir til 1. október 1996.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. september 1996.

F. h. r.
Guðmundur Sigþórsson.

Jón Höskuldsson.

Stjórnartíðindi B 67, nr. 488–490. Útgáfudagur 13. september 1996.

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 1996

Nr. 491 1232 6. september 1996

REGLUGERÐ

um innheimtu og skil á meðlögum o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

1. gr.

Tilkynning til Innheimtustofnunar sveitarfélaga um meðlagsskyldu.

Tryggingastofnun ríkisins skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga alla meðlagsúrskurði, skilnaðarleyfisbréf og skilnaðarsamninga, sem skylda foreldris um meðlagsgreiðslur er byggð á.

Skjöl þessi, ásamt afriti af bréfi sbr. 3. mgr. þessarar greinar, skal Tryggingastofnun ríkisins eða umboðsmaður hennar senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar frá fyrstu greiðslu meðlags með barni.

Tryggingastofnun ríkisins skal tilkynna meðlagsskyldu foreldri bréflega um greiðsluskyldu þess um leið og fyrsta meðlag er greitt.

2. gr.

Innheimta meðlaga.

Að fengnum þeim gögnum, sem um ræðir í 1. gr., gerir Innheimtustofnun sveitarfélaga nauðsynlegar ráðstafanir til innheimtu meðlags hjá meðlagsskyldu foreldri, svo sem nánar er fyrir mælt í reglugerð þessari.

3. gr.

Gjalddagi meðlaga.

Meðlag skal greiða mánaðarlega fyrirfram, sbr. barnalög nr. 20/1992.

Hafi safnast fyrir skuld hjá meðlagsgreiðanda er heimilt að gefa honum kost á að greiða skuldina með jöfnum mánaðargreiðslum. Jafnan skal þó leitast við að ná fullnaðargreiðslu fyrir hver áramót.

4. gr.

Vanskil meðlaga.

Hafi meðlagsgreiðandi ekki gert skil á meðlögum þeim, sem honum ber að greiða, eftir að hafa fengið tilkynningu frá Tryggingastofnun ríkisins um greiðsluskyldu sína, skal Innheimtustofnun sveitarfélaga senda greiðsluítrekun til skuldara. Innheimtustofnun sveitarfélaga getur, ef meðlagsskylt foreldri vanrækir að einhverju eða öllu leyti að verða við innheimtukröfu, krafið launagreiðanda um að halda eftir hluta af kaupi eða aflahlut. Slíkar kröfur skulu ganga fyrir öðrum kröfum, þar á meðal kröfum sveitarsjóða og innheimtumanna ríkissjóðs að undanskilinni staðgreiðslu opinberra gjalda sbr. lög nr. 45/1987. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meiru en nemur 50% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á meðlögum sem launagreiðanda er skylt að halda eftir af launum viðkomandi.

Kröfur skv. 1. mgr. þessarar greinar skal gera innan 14 daga frá móttöku greiðslutilkynningar skv. 2. mgr. 1. gr.

Gutenberg

5. gr.

Greiðsla með skuldabréfum og tryggingar.

Heimilt er að taka verðtryggð skuldabréf, sem tryggð verði með veði í fasteign, innan 60% marka af brunabótamati eignar, til greiðslu á meðlagsskuld. Slík skuldabréf skulu þá tekin sem greiðsla miðað við gangverð þeirra. Önnur verðbréf hefur stofnunin heimild til að taka sem tryggingu fyrir skilvísri greiðslu meðlagsskuldar. Verðbréf, sem stofnunin veitir viðtöku skal hún afhenda viðskiptabanka sínum til varðveislu og innheimtu.

6. gr.

Kröfur í gjaldþrotabú og dánarbú.

Innheimtustofnun skal gera kröfu í dánarbú skuldara ef hinn látni á ólokið greiðslu samkvæmt reglugerð þessari.

Sama gildir um gjaldþrotabú, eftir því sem við á.

7. gr.

Aðför.

Vanræki meðlagsgreiðandi að verða við kröfu Innheimtustofnunarinnar um greiðslu, getur stofnunin krafist fjárnáms í eignum skuldara. Áður en til slíkrar aðfarar kemur, skal stofnunin rita skuldara bréf og tilkynna honum um fjárnámið með tveggja vikna fyrirvara.

Sama gildir, ef vanskil verða hjá launagreiðanda, eftir því sem við á.

8. gr.

Dráttarvextir vegna vanskila.

Eindagi meðlags er síðasti dagur þess mánaðar er meðlagið féll í gjalddaga, sbr. 3. gr. Nú greiðir meðlagsskylt foreldri ekki meðlag innan eins mánaðar frá því meðlagskrafa féll í eindaga samkvæmt ákvæðum skilnaðarleyfisbréfs, skilnaðarsamnings eða úrskurðar sýslumanns og skal hann þá greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er og skulu þeir vera hinir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. vaxtalög nr. 25/1987.

9. gr.

Niðurfelling dráttarvaxta.

Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að víkja frá dráttarvaxtatöku skv. 8. gr. eða fella niður dráttarvexti ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara, þ.e. við eftirfarandi aðstæður:

a) Að skuldari hafi leitað skriflega eftir samkomulagi við stjórn stofnunarinnar um greiðslu skuldarinnar og niðurfellingu dráttarvaxta.
b) Að skuldari hafi sýnt fram á, að hann hafi möguleika á, að standa við greiðslutilboð sitt, væru dráttarvextir felldir niður.
c) Að til skuldarinnar hafi verið stofnað vegna sérstakra félagslegra erfiðleika skuldara, svo sem af heilsufarsástæðum, ónógum tekjum, skertri starfsorku, mikilli greiðslubyrði, barnamergð eða af öðrum sambærilegum ástæðum.

10. gr.

Niðurfelling dráttarvaxta.

Að jafnaði skal aðeins fella niður dráttarvexti af meðlagsskuldum einu sinni hjá hverjum skuldara.

Verði samkomulag um greiðslu meðlagsskuldar vanefnt verulega eftir að dráttarvextir hafa verið felldir niður, getur stjórn stofnunarinnar lagt svo fyrir, að skuldin verði tekin til dráttarvaxtareiknings að nýju.

11. gr.

Skuld sem til fellur á mánuði nemur hærri fjárhæð en þremur barnsmeðlögum.

Stjórn Innheimtustofnunar getur heimilað, ef þess er óskað, að einungis verði innheimt, mánaðarlega, fjárhæð sem nemi þremur barnsmeðlögum hjá þeim, sem greiða meðlag er nemur hærri fjárhæð en þremur barnsmeðlögum og búa við sérstaka félagslega erfiðleika, sbr. 9. gr. Stjórn Innheimtustofnunar er og heimilt í þessum tilvikum, verði eftir því leitað, að fella niður dráttarvexti af þeim meðlagsgreiðslum sem frestað yrði að svo stöddu að innheimta.

12. gr.

Samningur um lægri upphæð en til fellur mánaðarlega.

Stjórn Innheimtustofnunar er heimilt að gera tímabundna samninga sem kveða á um greiðslu skuldara á lægri upphæð en til fellur mánaðarlega þegar til skuldarinnar hefur verið stofnað sökum félagslegra erfiðleika skuldara, sbr. c-lið 9. gr. Slíka samninga skal endurskoða reglulega og a.m.k. á sex mánaða fresti.

13. gr.

Höfuðstóll afskrifaður að hluta eða öllu leyti.

Ef um áframhaldandi félagslega og fjárhagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara, þrátt fyrir samning skv. 12. gr., og stjórnin telur fullljóst að aðstæður skuldara séu þannig að hann geti ekki greitt áfallinn höfuðstól eða hluta hans, auk meðlaga sem falla til mánaðarlega, er stjórn Innheimtustofnunar heimilt að afskrifa höfuðstól skuldara að hluta eða öllu leyti.

Heimild til niðurfellingar höfuðstóls eða hluta hans er bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við samning skv. 12. gr.

14. gr.

Barnsfaðernismál breytir meðlagsskyldu.

Stjórn Innheimtustofnunar er heimilt að afskrifa og endurgreiða höfuðstól skuldara sem stofnast hefur eftir að niðurstaða blóðrannsóknar liggur fyrir og/eða mál hefur verið höfðað til ógildingar á faðernisviðurkenningu eða til vefengingar á faðerni barns. Heimildin til afskriftar og endurgreiðslu er þó bundin því skilyrði að niðurstaða dómsmáls leiði í ljós að skuldari er ekki faðir viðkomandi barns.

15. gr.

Form umsókna og fylgiskjöl.

Óski skuldari eftir fyrirgreiðslu skv. 9.-14. gr. reglugerðar þessarar skal hann skila skriflegri umsókn til stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga ásamt staðfestu afriti af síðasta skattframtali hans. Jafnframt skulu fylgja umsókninni læknisvottorð ef við á svo og önnur gögn sem Innheimtustofnunin óskar eftir og málið varða.

Þegar umsóknir skv. 9.-14. gr. eru teknar til umfjöllunar í stjórn Innheimtustofnunar skal liggja fyrir umsögn forstjóra stofnunarinnar um þær.

16. gr.

Nauðasamningar.

Stjórn Innheimtustofnunar er heimilt að mæla með nauðasamningi þar sem fjallað er um niðurfellingu höfuðstóls og/eða dráttarvaxta að hluta eða öllu leyti, enda sé ljóst að hagsmunum stofnunarinnar verði betur borgið með nauðasamningi.

17. gr.

Gjaldþrotaskipti.

Krafa um gjaldþrotaskipti skal ekki gerð, nema til komi samþykki stjórnar stofnunarinnar.

18. gr.

Skil til Tryggingastofnunar ríkisins.

Innheimtum meðlögum samkvæmt kröfum Tryggingastofnunar ríkisins skal skilað mánaðarlega eftir á, þó eigi síðar en 3. næsta mánaðar.

Vextir, sem til falla af innheimtufé, skulu koma til frádráttar rekstrarkostnaði við Innheimtustofnunina.

19. gr.

Skil til Tryggingastofnunar ríkisins og greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Innheimtustofnun sveitarfélaga skal skila Tryggingastofnun ríkisins innheimtufé mánaðarlega eftir því sem það innheimtist og skal það ganga upp í meðlagsgreiðslur Tryggingarstofnunarinnar. Það sem á vantar að Tryggingastofnunin hafi fengið meðlög að fullu endurgreidd með slíkum skilum skal Innheimtustofnun sveitarfélaga greiða innan tveggja mánaða frá því að meðlag var greitt.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir Innheimtustofnun sveitarfélaga það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunar ríkisins, sbr. 1. mgr., og greiðslu rekstrarkostnaðar Innheimtustofnunarinnar. Greiðslur Jöfnunarsjóðs skulu inntar af hendi það tímanlega að Innheimtustofnunin geti staðið í skilum við Tryggingastofnunina á réttum gjalddögum, sbr. 1. mgr.

20. gr.

Önnur verkefni Innheimtustofnunar.

Innheimtustofnunin getur tekið að sér hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög gegn greiðslu, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi. Stofnunin getur einnig, að beiðni ráðuneyta, með sama hætti tekið að sér innheimtu meðlagsskulda erlendra ríkisborgara og meðlög sem greidd eru erlendis vegna íslenskra ríkisborgara.

Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnsmeðlags, sem hærri er en lögmæltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á meðlagsskylt foreldri, þar með talinn framfærslueyrir hjóna vegna skilnaðar samkvæmt skilnaðarleyfisbréfi, skilnaðarsamningi, úrskurði sýslumanns, dómi eða lögum.

Fyrir innheimtu þá, sem um ræðir í þessari grein, ber Innheimtustofnuninni þóknun, sem vera skal 10% af fé því, sem hún innheimtir.

21. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um innheimtu og skil á meðlögum o.fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga nr. 214/1973, sbr. rgl. nr. 549/1980, 210/1987, 136/1988, 231/1990 og 264/1993.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. september 1996.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við hjólreiðum á gangstéttum við Laugaveg frá Hlemmi að Bankastræti og á gangstéttum í Bankastræti.

Ákvörðun þessi tók gildi 10. maí 1996.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 29. ágúst 1996.

Böðvar Bragason,
e.u.
Sturla Þórðarson.

Nr. 493 6. september 1996

REGLUGERÐ

um framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til stofnframkvæmda í grunnskólum sveitarfélaga með 2.000 íbúa og þar yfir.

1. gr.

Á árunum 1997-2001 greiðir ríkissjóður allt að 265 millj. kr. á ári til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að styrkja framkvæmdir við grunnskólabyggingar. Framlagið verður greitt sjóðnum með jöfnum mánaðarlegum greiðslum fyrir 15. hvers mánaðar. Til viðbótar leggur sjóðurinn fram í sama skyni á árunum 1997-2002 135 millj. kr. á ári.

2. gr.

Framlögum þessum skal varið til að greiða allt að 20% af normkostnaði við grunnskólabyggingar í sveitarfélögum með 2.000 íbúa og þar yfir á árunum 1997-2002. Ákvörðun um normkostnað skal byggjast á reglum sem menntamálaráðherra setur á grundvelli 20. gr. laga um grunnskóla, nr. 66/1995, með síðari breytingum.

Við ákvörðun framlaga við upphaf og lok tímabilsins skal miða við byggingarstig framkvæmda 1. janúar 1997 og 31. desember 2002.

3. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga skal beita sér fyrir gerð heildaráætlunar um þörf fyrir grunnskólabyggingar við einsetningu grunnskóla. Áætlun þessi skal vera tilbúin fyrir lok október 1996.

4. gr.

Umsóknum um stofnframlög samkvæmt reglugerð þessari skal skila til félagsmálaráðuneytisins fyrir 1. september ár hvert vegna framkvæmda á næsta ári. Umsóknirnar skulu vera á eyðublöðum sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga lætur útbúa. Umsóknunum skulu fylgja málsettar grunnmyndateikningar í stærð A3, sundurliðuð kostnaðaráætlun, greinargerð um framkvæmdina og aðrar nauðsynlegar upplýsingar og fylgigögn.

5. gr.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga gerir tillögur til ráðherra um úthlutun framlaganna.

6. gr.

Úthlutuð framlög hvers árs skulu greidd sveitarfélögum í tvennu eða þrennu lagi eftir framkvæmdahraða, umfangi framkvæmdar og fjárhagsstöðu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Áður en til greiðslu kemur skulu liggja fyrir gögn frá sveitarfélagi um framkvæmdastig og framkvæmdakostnað staðfest af löggiltum endurskoðanda sveitarfélagsins. Heildarframlag skal ekki greitt fyrr en búið er að framkvæma fyrir jafnvirði þess eða hluta þess, greiðist framlagið í tvennu eða þrennu lagi, enda hafi jafnframt verið framkvæmt fyrir mótframlag sveitarfélagsins. Jöfnunarsjóðurinn lætur útbúa sérstakt eyðublað sem sveitarfélög skulu útfylla og senda sjóðnum þegar þau óska eftir greiðslum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal skila umsóknum um stofnframlög til félagsmálaráðuneytisins fyrir 15. október 1996 vegna framkvæmda á árinu 1997.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. september 1996.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

10. september 1996 Nr. 494

AUGLÝSING

um umferð á Hólmavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu sveitarstjórnar Hólmavíkurhrepps eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Hólmavík:

1. Eftirtaldar götu hafi biðskyldu gagnvart Hafnarbraut: Skeiði, Lækjarhvammur, Höfðatún, Austurtún, Skólabraut (Vitabrekka skv. aðalskipulagi), Vitabraut, Hólmavíkurhöfn (ofan og neðan hafnarvogar), Kópnesbraut og götustubbar að lóðum Vegagerðarinnar, Félagsheimilisins og KSH.
2. Brekkugata hafi stöðvunarskyldu gagnvart Hafnarbraut.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Hólmavík sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Sýslumaðurinn á Hólmavík, 10. september 1996.

Ólafur Þ. Hauksson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 310/1994, um endurgreiðslu eða niðurfellingu tolls og vörugjalds af kartöfluútsæði, græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkjuafurða.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Niðurfelling eða endurgreiðsla gjalda samkvæmt reglugerð þessari er bundin við vörur sem tilgreindar eru hér að neðan og flokkast í eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með síðari breytingum:

0602.1000	Græðlingar og gróðurkvistir, án róta.
Úr 0602.4000	Rósir, einnig ágræddar, sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar í gróðurhúsi til afskurðar.
Úr 0602.3000 0602.4000 0602.9020 0602.9030 0602.9059 0602.9070 0602.9091 og 0602.9092	Sáðplöntur, græðlingar og smáplöntur pottlausar eða í pottum eða bakkahólfum sem eru 6,5 cm í þvermál eða minni sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar í gróðurhúsi í a.m.k. 2 mánuði fyrir sölu, þó ekki stórar úrslegnar plöntur og rótarþvegnar plöntur. Hámarkspottastærð á ekki við um smávaxin afbrigði (mini-plöntur), kaktusa eða þykkblöðunga þar sem miða skal við ungplöntur. Hámarkspottastærð á ekki við um tegundina *Nertera granadensis*. Hámarkspottastærð á ennfremur ekki við um alparósir (*Azalea, Rhododendron*) sem fluttar eru inn á tímabilinu 1. september til 31. október.
Úr 0602.2000 0602.3000 0602.4000 0602.9045 og 0602.9051	Smáplöntur af garðplöntum (1/0, 0/1) sem ætlaðar eru til framhaldsræktunar á garðplöntustöð í a.m.k. eitt sumar fyrir sölu.
Úr 0701.1000	Kartöfluútsæði flutt inn á tímabilinu 1. mars til 30. apríl.
Úr 6806.1009	Steinull, sérstaklega gerð til framleiðslu garðyrkjuafurða.
Úr 8539.3900	Úrhleðsluperur, þ.e. háþrýstiperur til lýsingar í gróðurhúsum.
Úr 9405.1009	Háþrýstilampar til lýsingar í gróðurhúsum.
Úr 9406.0009	Forsmíðuð gróðurhús.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 22. tölul. 6. gr. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytinu, 10. september 1996.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

REGLUR

um efnanotkun á vinnustöðum.

I. KAFLI
Gildissvið.

1. gr.

Reglur þessar gilda um notkun efna á vinnustöðum sem falla undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Reglur þessar gilda um notkun eftirfarandi efna:

a) Efni sem flokkuð eru samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 sem eiturefni eða hættuleg efni og vörutegundir sem innihalda slík efni.
b) Efni sem hafa ákveðin mengunarmörk eða eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi efni samkvæmt reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun og vörutegundir sem innihalda slík efni.
c) Eiturefni og hættuleg efni sem notuð eru í landbúnaði og til útrýmingar meindýra, samkvæmt reglugerð nr. 50/1984.
d) Efni sem vegna efnafræði- eða eðlisfræðilegra eiginleika geta að mati Vinnueftirlits ríkisins valdið heilsutjóni eða skapað slysahættu við notkun á vinnustöðum.

Ákvæði þessara reglna gilda ekki um efni sem falla undir lög nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda, lyfjalög nr. 108/1984 og lög nr. 117/1985 um geislavarnir, nema hvað varðar aðra varasama eiginleika en geislavirkni.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

2. gr.

Vinnu skal skipuleggja þannig að tryggt sé að starfsmenn verði ekki fyrir slysi, eitrunum eða heilsutjóni vegna efnanotkunar. Meta skal bæði áhrif einstakra efna svo og heildaráhrif vegna efnanotkunar á vinnustað. Taka skal tillit til annarra atriða sem geta haft áhrif á slysa-, eitrunar- eða heilsufarshættu svo sem eld- eða sprengihættu eða hvarfgirni efna. Taka skal tillit til bæði lang- og skammtímaáhrifa efnamengunar.

Framleiðendur, innflytjendur eða seljendur efna, atvinnurekendur, verkstjórar og aðrir starfsmenn skulu framfylgja og fara eftir ákvæðum þessara reglna í samræmi við skyldur þeirra sem kveðið er á um í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. ennfremur skyldur atvinnurekenda í V. kafla þessara reglna.

Starfsmenn og/eða fulltrúar þeirra á vinnustað skulu hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um þau efni sem notuð eru á þeirra vinnustað svo sem þeim verklagsreglum og öryggisleiðbeiningum sem kveðið er á um í VI. kafla og gildandi reglum um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

III. KAFLI
Umbúðir og merkingar.

3. gr.

Efni sem geta verið varasöm, heilsuspillandi eða geta dregið úr öryggi á vinnustað skulu, ef ekki er kveðið á um annað, vera í tryggum umbúðum sem uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) Umbúðir skulu hafa þannig lögun og vera þannig lokaðar að innihaldið fari ekki úr þeim af slysni.
b) Umbúðir og lok skulu vera úr efni sem leysist ekki upp af innihaldinu eða gengur í samband við það þannig að varasöm efni geti myndast eða að dragi úr styrk umbúðanna eða loksins.
c) Umbúðir og lok skulu vera það traust að öruggt sé að efni losni ekki úr umbúðum vegna slysni. Umbúðir og lok skulu þola þá meðferð sem nauðsynleg er vegna notkunar efnanna á vinnustöðum.
d) Umbúðir skulu vera þannig gerðar að losun úr þeim að hluta eða öllu leyti sé framkvæmanleg á öruggan hátt.

Umbúðir skulu vera merktar í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni.

Umbúðir um eiturefni og hættuleg efni sem notuð eru í landbúnaði og til útrýmingar meindýra samkvæmt reglugerð nr. 50/1984 skulu vera merktar samkvæmt þeirri reglugerð.

Merkingar skulu vera bæði á ystu og innri umbúðum. Þegar ystu umbúðir eru til komnar vegna flutnings efna er nægilegt að þær séu merktar samkvæmt merkingarreglum um flutning varasamra efna.

Þegar fyrirtæki flytur sjálft inn efni eða vörutegundir eða kaupir þær af innflytjanda og notar þær eingöngu í fyrirtækinu sem hráefni við framleiðslu er nægjanlegt að merkingar séu samkvæmt merkingarreglum um flutning varasamra efna. Í slíkum tilvikum skulu vera greinilegar merkingar í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 236/1990 við geymslustað, á hillum, vörubrettum eða öðru álíka. Ef efni eru notuð við rannsóknir á rannsóknarstofum af starfsmönnum sem hafa sérþekkingu á því sviði og hafa kunnáttu um þær hættur sem eru samfara notkun efnanna er nægjanlegt að umbúðir séu merktar samkvæmt reglum Evrópusambandsins nr. 67/548 enda skilji viðkomandi starfsmaður tungumál það sem merkingarnar eru á. Í báðum tilvikum skal vera tryggt að til staðar séu verklagsreglur og öryggisleiðbeiningar á íslensku samkvæmt reglum þessum til að koma í veg fyrir hættu á heilsutjóni eða slysi.

Umbúðir aðrar en upprunanlegar umbúðir eða ílát sem varasömum efnum hefur verið hellt í til notkunar, geymslu eða sem efnaúrgangur skulu merktar á sama hátt og upprunalegu umbúðirnar.

Varúðarskilti og varúðarmerki skulu sett upp þar sem þörf er á til að hindra að varasöm efni valdi heilsutjóni.

Fastir geymar sem innihalda varasöm efni skulu vera merktir á sama hátt og umbúðir eða með skilti þar sem innihald geymisins kemur fram. Sama á við um fargeyma sem notaðir eru til flutninga. Við flutninga skal að öðru leyti fara eftir reglum um merkingar við flutninga, sbr. gr. 3.2.

Leiðslur fyrir varasamar lofttegundir og vökva skulu merktar með texta, lit og ör sem sýnir straumstefnuna og eftir þörfum hættu- eða varúðarmerkingum. Í textanum skulu koma fram upplýsingar um innihald leiðslunnar, t.d. hvaða lofttegund eða vökva um er að ræða, svo og upplýsingar um þrýsting og hitastig efnis í leiðslunni eftir því sem við á. Ef efnum er tappað af leiðslum skulu framangreindar upplýsingar koma greinilega fram við aftöppunarstaðinn. Sama á við um aftöppun af geymum. Litamerkingar á leiðslum skulu vera í samræmi við viðurkennda norræna eða alþjóðlega staðla.

IV. KAFLI
Skyldur framleiðanda og innflytjanda.

4. gr.

Framleiðandi og innflytjandi á efnum sem falla undir ákvæði þessara reglna skulu tilkynna þau til Vinnueftirlits ríkisins með þeim upplýsingum sem kveðið er á um í viðauka 1. Framleiðendur efna eða innflytjendur skulu tilkynna Vinnueftirliti ríkisins ef efni fá ný eða breytt verslunarheiti.

Komi fram nýjar upplýsingar um efni er varða þau atriði sem kveðið er á um í viðauka 1 skal framleiðandi eða innflytjandi koma þeim upplýsingum á framfæri við Vinnueftirlit ríkisins.

Vinnueftirlit ríkisins heldur skrá yfir varasöm efni sem tilkynnt eru samkvæmt gr. 4.1 og 4.2. Stjórn Vinnueftirlits ríkisins setur nánari reglur um notkun skráarinnar, þ.á.m um það hverjir skuli hafa aðgang að upplýsingum í henni.

Þegar Vinnueftirlit ríkisins fer fram á það, eða þegar aðstæður gefa að öðru leyti tilefni til þess, skal framleiðandi eða innflytjandi efna afla og veita allar nauðsynlegar upplýsingar til að hægt sé að meta hvort efnin geti verið hættuleg öryggi og heilsu.

Sá sem afhendir efni til notkunar á vinnustað skal sjá til þess að öryggisleiðbeiningar séu fyrirliggjandi, samanber gildandi reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

V. KAFLI
Skyldur atvinnurekanda.

5. gr.

Vinnu með efni skal haga þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta.

Áður en efni er tekið í notkun skal atvinnurekandi ganga úr skugga um eftirfarandi atriði:

a) Að leyfilegt sé að nota viðkomandi efni við starfsemina.
b) Hvort mögulegt sé að nota önnur hættulaus, hættuminni eða öruggari efni.
c) Að hægt sé að nota efnið þannig að það stofni ekki öryggi og heilsu starfsmanna í voða.
d) Hvort einhverjar takmarkanir eru á því hvaða starfsmenn mega vinna með efnið samkvæmt öðrum gildandi reglum.
e) Að umbúðir efna séu merktar samkvæmt reglum þessum og að til séu verklagsreglur og öryggisleiðbeiningar eftir því sem við á, sbr. VI. kafla.
f) Að starfsmönnum hafi verið kynntar nauðsynlegar verklagsreglur og öryggisleiðbeiningar.

Efni sem eru varasöm, geta dregið úr öryggi eða skapað hættu á heilsutjóni má ekki nota ef hægt er að nota önnur efni sem eru ekki eins varasöm en sambærileg að öðru leyti, sbr. þó gr. 5.4.

Við útskipti varasamra efna skal tekið tillit til tæknilegra eiginleika og kostnaðarauka, sem þeim kann að fylgja, auk eiginleika er varða öryggi og hættu á heilsutjóni.

VI. KAFLI
Verklagsreglur.
6. gr.

Þar sem unnið er með efni sem falla undir ákvæði þessara reglna skulu vera fyrir hendi öryggisleiðbeiningar fyrir hvert einstakt efni og verklagsreglur þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram eftir því sem við á.

a) Verslunarheiti efnis.
b) Notkunarsvið á vinnustaðnum.
c) Takmarkanir á notkun.
d) Kröfur um sérstaka menntun eða þjálfun þeirra sem vinna með efnið.
e) Heilsufarsleg áhrif, þar með talin einkenni við inntöku og vegna mengunar.
f) Vinnureglur við meðhöndlun efnisins, þar með taldar upplýsingar um vinnufatnað og persónulegan hlífðarbúnað og hvort óviðkomandi sé bannaður aðgangur.
g) Skyndihjálp.
h) Eiginleikar við upphitun og bruna.
i) Viðbrögð við bruna.
j) Viðbrögð við óhöppum, svo sem ef efnið hellist niður og upplýsingar um reglur um förgun efnisins.
k) Öryggisreglur um geymslu efnisins á vinnustaðnum.
l) Merkingar, samanber III. kafla.

VII. KAFLI
Geymsla efna.
7. gr.

Geyma skal eins lítið og unnt er af efnum inni í vinnurými og ekki meira en þörf er á vegna notkunar hverju sinni. Efni skal geyma í sérstökum efnageymslum þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim. Efni sem eru flokkuð sem eiturefni samkvæmt reglugerð nr. 236/1990 og vörutegundir sem innihalda slík efni og krabbameinsvaldandi efni sem eru í skrá 2 í reglum nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun skulu geymd í læstri geymslu, aðskilin frá öðrum efnum.

Loftræsta skal efnageymslur á fullnægjandi hátt með tilliti til þeirra efna sem þar eru geymd.

Við geymslu efna skal taka tillit til hvort varasamt sé að geyma ólík efni saman t.d. vegna þess að þau geti hvarfast hvert við annað og skapað hættu. Einnig skal taka tillit til áhrifa ljóss, hitastigs, raka eða vatns á efnin. Við frágang efna í geymslum skal taka tillit til hættu á falli t.d. vegna jarðskjálfta.

Ef nauðsyn krefur t.d. vegna umferðar skulu geymar og leiðslur girt af með öryggisgirðingu.

Ef starfsemi fyrirtækja er lögð niður skal koma efnum sem falla undir reglur þessar í örugga geymslu eða ganga þannig frá þeim að engin hætta skapist af völdum þeirra.

VIII. KAFLI
Persónulegur hlífðarbúnaður.
8. gr.

Starfsmenn skulu fá og nota nauðsynlegan hlífðarbúnað ef ekki er hægt á annan hátt að skipuleggja vinnu með efni þannig að fyllsta öryggis sé gætt og komið í veg fyrir hættu á heilsutjóni.

IX. KAFLI
Mengunarmörk.
9. gr.

Vinnueftirlit ríkisins setur mengunarmörk fyrir einstök efni samanber reglur nr. 401/1989 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun.

X. KAFLI
Önnur ákvæði.
10. gr.

Framkvæmd skráningar samkvæmt 1. - 3. mgr. 4. gr. skal gerð í samráði við Hollustuvernd ríkisins og Brunamálastofnun ríkisins. Þessar stofnanir skulu hafa aðgang að skrám Vinnueftirlitsins yfir varasöm efni.

Vinnueftirlit ríkisins getur gert kröfur um að atvinnurekandi tilkynni um þau efni sem notuð eru við starfsemina og falla undir reglur þessar.

Vinnueftirlit ríkisins getur þegar sérstakar ástæður mæla með því veitt undanþágu frá ákvæðum þessara reglna. Einnig getur Vinnueftirlitið ákveðið að tiltekin efni eða flokkur efna sé undanþeginn ákvæðum þessara reglna enda sé tryggt að öryggi og heilsu starfsmanna sé ekki stefnt í hættu.

XI. KAFLI
Áfrýjun úrskurða, refsiákvæði, gildistaka.
11. gr

Um áfrýjun á ákvörðunum og úrskurðum sem byggjast á þessum reglum gilda ákvæði 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

12. gr.

Brot á þessum reglum varða ákvæði 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

13. gr.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38., 39., 50. og 51. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. september 1996.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

VIÐAUKI 1

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í tilkynningu framleiðanda og innflytjenda efna til Vinnueftirlits ríkisins, sbr. gr. 4.1. Upplýsingarnar skulu vera í samræmi við öryggisleiðbeiningar, sbr. gildandi reglur um öryggisleiðbeiningar vegna efnanotkunar á vinnustöðum.

1) Söluheiti efnis eða vörutegundar, nafn, heimilisfang og sími íslensks framleiðanda, innflytjanda eða seljanda.
2) Samsetning/upplýsingar um innihald.
3) Varúðarupplýsingar.
4) Skyndihjálp.
5) Bruni/aðferðir við að slökkva eld.
6) Efnaleki.
7) Meðhöndlun og geymsla.
8) Eftirlit með mengun/persónulegur hlífðarbúnaður.
9) Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar.
10) Stöðugleiki og hvarfgirni.
11) Eiturfræðilegar upplýsingar.
12) Hættur gagnvart umhverfinu.
13) Förgun.
14) Flutningur.
15) Upplýsingar um lög, reglugerðir eða reglur sem varða notkun efnisins eða vörutegundarinnar.
16) Aðrar upplýsingar.